Kristinn Guðmundsson, dr., ambassador,  
641.  
Kristinn G. Jóhannsson, kennari, ul., sett-  
ur, 628 og 638.  
Kristinn Jónsson, skólastjóri, settur, 626  
og 636.  
Kristinn Pálsson, kennari, 637.  
Kristján Einarsson, kennari, settur, 629  
og 639.  
Kristján Geirmundsson, hamskeri, 635.  
Kristján Guðmundsson, kennari, 627 og  
639.
- Kristján Jónsson, cand. med. & chir.,  
staðgöngumaður héraðslæknis, 633;  
lækningaleyfi, 641.  
Kristján A. Jónsson, kennari, settur, 638.  
Kristján Júlíus Kristjánsson, kennari,  
settur, 629.  
Kristján Róbertsson, sóknarprestur,  
lausn, 634; kennari, gfr., settur, 637.  
Kristján Sigurðsson, héraðslæknir, 633.  
Kristjana E. Guðmundsdóttir, kennari,  
sett, 629.  
Kristjana Kristjánsdóttir, kennari, sett,  
628.  
Kristmundur Jóhannesson, skólastjóri,  
settur, 636.

## L.

- Landsbanki Íslands, reikn., 471—488.  
Landssíminn, gjsk. og r., 96—111.  
Landsspítali Íslands, sjr., 520.  
Lanfranchi, Ange, sendiráðsritari, 643.  
Lára Inga Lárusdóttir, kennari, sett, 639.  
Lárus Jóhannesson, hrl., dómari við  
Hæstarétt, 632.  
Laxárdalshreppur, heilbrigðissamþykkt,  
augl., 263—270.  
Leguizamov, Carlos Alberto, sendiherra,  
644.  
Leifur Björnsson, cand. med. & chir.,  
lækningaleyfi, 631; héraðslæknir, 635.  
Leifur Eiríksson, kennari, 627.  
Leifur Eyjólfsson, skólastjóri, settur, 626.  
Leiga skráningarskyldra ökutækja, r., 308  
—309.  
Liebé, C, sjr., 462.  
Lilja Sigurðardóttir, Viðivöllum, Skaga-  
firði, hm., 645.  
Lilja Sveinsdóttir, kennari, sett, 629.  
Linnet, Hinrik, héraðslæknir, 640.  
Lóðarsamþykkt, Flateyri, 172—173.  
Loftur Loftsson, kennari, settur, 638.  
Lokun sölubúða, Húsavík, sp., 276—277.  
Lúðvík Ingvarsson, sýslumaður, lausn,  
631.  
Lyfsöluskrá, viðaukar og breytingar, aug-  
lýsingar, 76; 93; 95 2 augl.; 163; 171;  
223 2 augl.; 262; 273; 288; 301; 346;  
372; 401; 418.  
Lög, útkomin, augl., 20; 225—226; 361—  
363; 417.  
Löggæzla, S.-Þingeyjarsýsla og Húsavík,  
rg., 271—273.

Lögreglusamþykkt, Vestmannaeyjar, augl., 93—94; Reykjavík, br., augl., 125.

## M.

Maack, María P., yfirhjúkrunarkona, Reykjavík, hm., 645.  
 MacKay, Robert A., ambassador, 644.  
 Maggi Sigurkarl Sigurðsson, kennari, settur, 629 og 639.  
 Magnús Gunnlaugsson, kennari, ul., settur, 638.  
 Magnús Jónsson, kennari, settur, 628 og 639.  
 Magnús Kristjánsson, kennari, ul., settur, 629 og 638.  
 Magnús Magnússon, M. A., prófessor, 640.  
 Magnús Þorsteinsson, cand. med. & chir., lækningaleyfi og sérfræðingur í barna-sjúkdómum, 632.  
 Margrét Guðmundsdóttir, kennari, sett, 638.  
 Margrét Kristjánsdóttir, kennari, ul., sett, 638.  
 Margrétarsjóður, sk., 279—280.  
 María Hermann Einarsdóttir, kennari, sett, 638.  
 María Magnúsdóttir, kennari, ul., sett, 638.  
 Marinó Guðmundsson, kennari, gfr., settur, 637.  
 Marinó Kristinsson, sóknarprestur, 634.  
 Markúsína Jónsdóttir, kennari, sett, 629.  
 Marteinn Steinsson, kennari, settur, 628.  
 Martin Tómasson, vararæðismaður, 643.  
 Mathey, François, safnvörður, París, hm., 646.  
 Matsui, Akira, sendiherra, 643.  
 Matthías Björnsson, kennari, gfr., settur, 627 og 637.  
 Melax, Bragi, skólastjóri, settur, 626 og 636.  
 Melax, Stanley, prestur, lausn, 631.  
 Melsted, Bogi, cand. med. & chir., héraðslæknir, settur, 633.  
 Melsted, Jón, prófastur, og frú Steinunn, sjr., 461.  
 Melsted, Sigurður, sjr., 122.  
 Melstaðarkirkjugarður, fegrunarsjóður, sk., 37.  
 Minerva Jónsdóttir, íþróttakennari, 629 og 636.  
 Minningarsjóður Vestur-Ísafjarðarsýslu, sjr., 467.

Mosfellshreppur, skipulag, augl., 301; byggingarsamþykkt, augl., 303; hol-ræsagerð, rg., 365—366.  
 Möller, Birgir, sendiráðsritari, 641.  
 Möller, Þórður, yfirlæknir, 642.

## N.

Nagel, Salóme Þ., kvennaskólakennari, sett, 638.  
 Námsgjaldeyrisleifi, undanþága, augl., 222.  
 Námskrá nemenda á fræðsluskyldualdri, augl., 410.  
 Nanna Jakobsdóttir, kennari, 627.  
 Nanna Úlfisdóttir, kennari, 627.  
 Naschitz Peter Gad, ræðismaður, 642.  
 Neskaupstaður, barnavernd, rg., 179—180; Pöntunarfélag alþýðu, sp., 301.  
 Niels P. Sigurðsson, fulltrúi, 641.  
 Nikulás Sigfússon, lækningaleyfi, 635.  
 Njarðvík, Njörður, kennari, gfr., settur, 637.  
 Njarðvíkur, rafveita, gjsk., 531—534.  
 Norðdahl, Guðmundur, kennari, settur, 628.  
 Norður-Ísafjarðarsýsla, sýsluvegasjóður, sp., 11—14; sýsluvegasjóður, sp., br., 415—416.

## O. Ó.

Oddný Guðmundsdóttir, kennari, sett, 630 og 639.  
 Oddur Guðjónsson, dr., hm., 645.  
 Oddur Ólafsson, yfirlæknir, Reykjalundi, hm., 645.  
 Oddur A. Sigurjónsson, skólastjóri, settur, 636.  
 Ófeigur Eiríksson, bæjarfógeti, 640.  
 Ólafur Haukur Árnason, skólastjóri, 626 og 635.  
 Ólafur Finnsson og Guðrún Tómasdóttir, sk., 261—262.  
 Ólafur Hólm Friðbjörnsson, kennari, settur, 629.  
 Ólafur Halldórsson, héraðslæknir, 640.  
 Ólafur Ingibjörnsson, cand. med. & chir., héraðslæknir, settur, 642.  
 Ólafur Jóhannsson, læknir, sérfræðingur í geislalækningum, 630.  
 Ólafur Jónsson, kennari, settur, 629 og 639.  
 Ólafur Jónsson, sérfræðingur í lyflæknisfræði, 635.

Ólafur P. Jónsson, héraðslæknir, 642.  
 Ólafur R. Jónsson, dómtúlkur og skjalaþýðandi, 634.  
 Ólafur Markússon, kennari, settur, 639.  
 Ólafur Pálsson, kennari, ul., settur, 628.  
 Ólafur Pálsson, sundkennari, gfr., settur, 639.  
 Ólafur Pétursson, kennari, ul., 627.  
 Ólafur Kr. Þórðarson, kennari, settur, 639.  
 Óli Þorbjörn Guðbjartsson, kennari, ul., 629 og 637.  
 Óli Kr. Guðbrandsson, kennari, settur, 638.  
 Óli Halldórsson, kennari, settur, 629 og 639.  
 Ólöf Hermannsdóttir, kennari, sett, 639.  
 Ólöf Kristófersdóttir, skólastjóri, 626.  
 Óskar Halldórsson, cand. mag., kennarskólakennari, 628 og 636.  
 Óskar Friðbjarnarson, kennari, ul., settur, 638.  
 Óskar Ólafsson, kennari, gfr., settur, 628 og 637.

**P.**

Pálína Snorradóttir, kennari, 627.  
 Páll Aðalsteinsson, skólastjóri, settur, 626.  
 Páll Þórir Ásgeirsson, aðstoðarlæknir héraðslæknis, 635.  
 Páll S. Guðmundsson, skólastjóri, 626 og 636.  
 Páll Jónsson, 2 sjr., 358.  
 Páll Garðar Ólafsson, cand. med. & chir., lækningaleyfi, 630.  
 Páll A. Pálsson, forstöðumaður Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði að Keldum, 631.  
 Páll Sigurðsson, læknir, tryggingayfirlæknir og deildarstjóri sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins, 634.  
 Páll Steingrímsson, kennari, gfr., settur, 628 og 638.  
 Páll Ásg. Tryggvason, deildarstjóri, sendiráðunautur, 633.  
 Pálmar Magnússon, kennari, gfr., settur, 638.  
 Pálmi Jónsson, kennari, settur, 629 og 639.  
 Pálmi Pétursson, kennari, gfr., settur, 627 og 637.

Pálmi Vilhelmsson, kennari, ul., settur, 629 og 638.  
 Paulson, Bjarne With, ambassador, 643.  
 Petersen, Gísli Fr., yfirlæknir, dósent, 631.  
 Petersen, Jan, dr. phil., prófessor, Stavanger, hm., 646.  
 Pétur H. Jakobsson, yfirlæknir, dósent, 631.  
 Pétur Magnússon, prestur, lausn, 631.  
 Pétur J. Ólafsson og Þorsteina Guðmundsdóttir, sk., 295—296.  
 Pétur Sumarliðason, kennari, 627.  
 Pétur Traustason, sérfræðingur í augnlækningum, 635.  
 Póst- og símamálastjórn, skipulagsbreyting, rg., br., 399—400.  
 Póstburðargjöld, gjsk., 78—82; rg., 83—85.  
 Prestsekknasjóður, sjr., 123—124.  
 Prytz Arne, vararæðismaður, 632.  
 Pöntunarfélag alþýðu, Neskaupstað, sp., 301.

### R.

Rafveita, Borgarnes, gjsk., 131—134; Akranes, gjsk., 298—300; Reykjavík, gjsk., 429—433; Keflavík, gjsk., 529—531; Njarðvíkur, gjsk., 531—534; Hafnarfjörður, gjsk., 534—536.  
 Ragna G. Þórðardóttir, kennari, sett, 639.  
 Ragna I. Jónsdóttir, kennari, gfr., sett, 628 og 637.  
 Ragnar O. Þ. Ágústsson, kennari, ul., settur, 628.  
 Ragnar Júlíusson, kennari, 627 og 637.  
 Ragnar, Sigríður Jónsdóttir, kennari, sett, 628 og 639.  
 Ragnars, Kjartan, sendiráðsritari, 641.  
 Ragnars, Ólafur, vararæðismaður, 643.  
 Ragnheiður Brynjólfsdóttir, kennari, gfr., sett, 637.  
 Ragnheiður Þorgrímsdóttir, kennari, sett, 627 og 639.  
 Rannveig Jónsdóttir, kennari, ul., 628 og 637.  
 Rasks-sjóður, sk., 401.  
 Raufarhafnarhreppur, skemmtanaskattur, rg., 200—201.  
 Reyðarfjarðarkauptún, hafnarreglugerð, 442—448.  
 Reykjavík, brunamálasamþykkt, augl., br., 9; umferð, augl., 85; lögreglusamþykkt, augl., 125; umferð, augl., 172; hitaveita, gjsk., 177—179; umferð,

- augl., 280; 359—360; holræsi, rg., 375—389; borgarstjóraembættið, sp., 405; rafmagnsveita, gjsk., 429—433.
- Reynir Bjarnason, kennari, ul., settur, 629.
- Reynir G. Karlsson, kennari, gfr., settur, 637.
- Ríkisskattanefnd, breyting á kærufresti, augl., 400; kærufrestur, augl., br., 418.
- Riseby, Elof prófessor, Kaupmannahöfn, hm., 645.
- Rithöfundasamband Íslands, ritréttur, r., 127—128.
- Rósa Guðmundsdóttir, kennari, 627.
- Rósa Pálsdóttir, kennari, 637.
- Rowold, Karl, sendiráðunautur, 644.
- Rögnvaldur Jónsson, séra, kennari, gfr., 637.
- Rögnvaldur Jónsson, skólastjóri, settur, 636.
- Rögnvaldur Sigurjónsson, tónlistarkennari, settur, 639—640.
- Rögnvaldur Þorleifsson, cand. med. & chir., lækningaleyfi, 634.
- S.
- Sala og útflutningur á vörum, rg., 260; augl., 261.
- Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, 3 reikn., 502—505.
- Samvinnufélög, ný, skrá, 539.
- Sandberg, Finn, sendiráðsritari, 644.
- Sandgerði, hafnarreglugerð, br., 412—415.
- Sandholt, Sigríður Soffía, kennari, sett, 627 og 639.
- Sauðárkrókur, sparisjóður, sp., 304—307.
- Schiöth, Birgir, kennari, gfr., 627.
- Schmid, Carlo, prófessor, varaforseti Sambandslýðveldisins Þýskalands, hm., 646.
- Schram, Garðar Ólafsson, skólastjóri, settur, 636.
- Seex, Ian M., dr., læknir, Inverness, Skotlandi, hm., 645.
- Seltjarnarneshreppur, byggingarsamþykkt, augl., 302; umferð, augl., 409.
- Sendiherrar og ræðismenn, 643—644.
- Seyðisfjarðarkaupstaður, hafnarreglugerð, br., 416.
- Shikalov, V. T., sendiráðsritari, 643.
- Sigfús Árnason og Elín Þorláksdóttir, sk., 77.
- Siglufjörður, vörubifreiðar, rg., 54.
- Signý Guðmundsdóttir, skólastjóri, sett, 626 og 636.
- Sigríður B. Einarsdóttir, kennari, gfr., sett, 637.
- Sigríður Elíasdóttir, kennari, sett, 639.
- Sigríður Gísladóttir, húsmæðrakennari, 627.
- Sigríður M. Guðjónsdóttir, kennari, gfr., sett, 637.
- Sigríður Höskuldsdóttir, kennari, sett, 639.
- Sigríður Hafdis Jóhannsdóttir, kennari, ul., sett, 638.
- Sigríður M. Jónsdóttir, kennari, sett, 639.
- Sigríður Halla Sigurðardóttir, kennari, ul., sett, 638.
- Sigríður Ingibjörg Þorgeirsdóttir, kennari, sett, 639.
- Sigrún Björgvinsdóttir, kennari, 627.
- Sigrún J. Einarsdóttir, kennari, gfr., sett, 628 og 638.
- Sigrún Guðbrandsdóttir, kennari, 627 og 637.
- Sigrún Jónsdóttir, kennari, 627 og 637.
- Sigrún Jónsdóttir, kennari, gfr., 627 og 637.
- Sigrún Ólafsdóttir, kennari, 627 og 637.
- Sigurbjörn Benediktsson, kennari, settur, 639.
- Sigurbjörn Einarsson, prófessor, hm., 645.
- Sigurbjörg Guðmundsdóttir, kennari, sett, 639.
- Sigurður Ágústsson, skólastjóri, settur, 626 og 636.
- Sigurður Greipsson, skólastjóri, Geysi, Haukadall, hm., 645.
- Sigurður Guðmundsson, ritstjóri, nefndarmaður til að skipta fjarveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna, 633.
- Sigurður Guðmundsson, skólastjóri, 626 og 636.
- Sigurður Gunnarsson, kennaraskólakennari, settur, 637.
- Sigurður Helgason, skólastjóri, 626 og 635.
- Sigurður Jósefsson, kennari, settur, 629 og 639.
- Sigurður Kristjánsson, ræðismaður, Siglufirði, hm., 645.
- Sigurður Magnússon, skipstjóri og útvegsbóndi, Eskifirði, hm., 645.



- Sigurður Oddgeirsson, kennari, gfr., settur, 628.
- Sigurður Richardsson, iðnskólakennari, 628 og 636.
- Sigurður Úlfarsson, kennari, gfr., 637.
- Sigurgeir Magnússon, kennari, settur, 639.
- Sigurgeir Ögmundsson, kennari, settur, 629.
- Sigurjón Hilariússon, kennari, ul., 627.
- Sigurlaug Björnsdóttir, kennari, sett, 629.
- Sigurlaug A. Gunnarsdóttir, kennari, sett, 639.
- Sigursteinn Guðmundsson, cand. med. & chir., staðgöngumaður héraðslæknis, settur, 630, og héraðslæknir, settur, 633.
- Sigurveig Guðmundsdóttir, kennari, sett, 639.
- Sivertsen, Jón, sk., 449.
- Sjómannanna styrktarsjóður, sjr., 468.
- Sjúkrahúslæknar, ráðning, rg., br., 363.
- Sjúkrasamlag Reykjavíkur, augl., br., 457.
- Sjúkrasamlög í sveitum og kaupúnum, augl., 223.
- Sjöfn Ásbjörnsdóttir, kennari, ul., 628 og 637.
- Skagafjarðarprófastsdæmi, prestaskipun, ráðuneytisbréf, 2.
- Skálatún, barnaheimili templara, sk., 433—436.
- Skarsúðuð tréskip, r., 148—161.
- Skattar, fyrirframgreiðsla, rg., 147—148; fyrirframgreiðsla o. fl., rg., 345.
- Skattstjórar og skattanefndir, augl., 297.
- Skeggjastaðahreppur, vinnumiðlun, augl., 53; atvinnuleysistryggingar, augl., 53.
- Skemmtanaskattur, Hveragerðishreppur, rg., 184—185; Raufarhafnarhreppur, rg., 200—201; Eyrarhreppur, rg., 201—202; Breiðdalshreppur, rg., 405—406; innheimta, augl., 422; innheimta, augl., 451.
- Skipan gjaldeyris- og innflutningsmála, rg., 193—198.
- Skipaskoðun, rg., 6—8.
- Skipaskoðunarmenn, r., 5—6; laun, augl., br., 163.
- Skipulag, Mosfellshreppur, augl., 301.
- Skipulagsskrár, staðfesting: Minningarsjóður Bjargeyjar Pétursdóttur, 1—2; Byggingarsjóður húsmæðraskóla á Akranesi, 2—3; Afmælisjóður Eiðaskóla, 4; Fegrúnarsjóður Melstaðarkirkjugarðs, 37; Minningarsjóður hjónanna Sigfúsar Árnasonar og Elínar Þorláksdóttur, Stöpum á Vatnsnesi, 77; Minningarsjóður Gunhördu Magnússon, 89—90; Minningar- og verðlaunarsjóður Friðriks Hjartar, skólastjóra, 130—131; Domus Medica, 162—163; Minningarsjóður Björgheiðar Gísladóttur, Skógargerði, 182—183; Minningarsjóður Jónu Kristínar Magnúsdóttur, 199; Minningarsjóður hjónanna Ólafs Finnssonar og Guðrúnar Tómasdóttur frá Fellsenda í Miðdölum í Dalasýslu, 261—262; Minningarsjóður Jónatans Guðmundssonar frá Víkum, 270—271; Barnaheimilissjóður Hafnarfjarðar, 278; Margrétarsjóður, 279—280; Minningarsjóður ættmenna Péturs J. Ólafssonar og Þorsteinu Guðmundsdóttur, Bolungarvík, 295—296; Minningarsjóður Stefáns Halldórssonar, 364; Rasks-sjóður, 401; Elisabetarsjóður, 421—422; Barnaheimili templara, Skálatúni, 433—434; Minningarsjóður Ragnars H. Blöndal, kaupmanns, 448; Minningarsjóður Jóns Sivertsen, 449.
- Skúli Benediktsson, kennari, ul., settur, 629 og 638.
- Skúli Gunnarsson, kennari, settur, 639.
- Skúli Magnússon, kennari, 627 og 637.
- Skúli Þórðarson, magister, kennari, msk., settur, 637.
- Skúli Þór Þorsteinsson, kennari, ul., settur, 629.
- Snorri Jóhannesson, kennari, ul., settur, 628 og 638.
- Snorri Jónsson, kennari, gfr., 628 og 636.
- Snorri Ólafsson, yfirlæknir, 642.
- Snorri Ólafsson, cand. med. & chir., aðstoðarlæknir, 633.
- Snæbjörn Einarsson, kennari, ul., settur, 628 og 638.
- Snæbjörn Hjaltason, aðstoðarlæknir héraðslæknis, 640.
- Snæbjörn Jóhannesson, kennari, gfr., settur, 638.
- Snæbjörn Jónsson, kennari, settur, 630.
- Snæbjörn Pétursson, kennari, settur, 630.
- Snælaug Alda Steinþórsdóttir, kennari, ul., sett, 628.
- Sólrun Skúladóttir, kennari, sett, 628.
- Sólveig Kolbeinsdóttir, kvennaskólakennari, sett, 638.

- Sóttvarnarsjóður ríkisins, sjr., 224.  
 Sparisjóður, vélstjóra, sp., 164—171;  
 Sauðárkrókur, sp., 304—307.  
 Stefán Guðlaugsson, formaður og útvegs-  
 bóndi, Gerði, Vestmannaeyjum, hm.,  
 645.  
 Stefán Guðnason, tryggingalæknir, 640.  
 Stefán Halldórsson, sk., 364.  
 Stefán Hallsson, skólastjóri, settur, 627  
 og 636.  
 Stefán A. Jónsson, kennari, ul., settur,  
 628 og 638.  
 Stefán Lárusson, sóknarprestur, 641.  
 Stefán A. Magnússon, kennari, ul., 629  
 og 637.  
 Steinar Lúðvíksson, kennari, settur, 629.  
 Steinar Steinsson, iðnskólakennari, sett-  
 ur, 637 og 639.  
 Steingrímur Baldursson, prófessor, 641.  
 Steingrímur Sigurðsson, kennari, msk.,  
 settur, 628 og 637.  
 Steingrímur Steinþórsson, fyrrv. forsæt-  
 isráðherra, formaður orðunefndar, 631.  
 Steinunn Kr. Gunnsteinsdóttir, kennari,  
 sett, 639.  
 Steinunn Sighvatsdóttir og Magnús Ólaf-  
 son, sjr., 465.  
 Steinunn Þórðardóttir, ritari, sett, 641.  
 Stephensen, Anna, sendiráðsritari, 642.  
 Stephensen, Ingibjörg, kennari, sett, 639.  
 Stephensen, Þórir, sóknarprestur í Sauð-  
 árkróksprestakalli, 631.  
 Stewart, Andrew Charles, aðalræðismað-  
 ur, 643.  
 Stígur, sjr., 469.  
 Stikker, Dirk U., dr., fyrrv. ambassador  
 Hollands á Íslandi, hm., 646.  
 Stórólshvolshverfi, vatnsveita, gjsk., 75  
 —76.  
 Sturla Jónsson, sjr., 224.  
 Stýrimannaskólinn í Reykjavík, rg., br.,  
 398—399.  
 Súðavíkurhreppur, vinnumiðlun, augl.,  
 375; atvinnuleysistryggingar, augl., 375;  
 hafnarreglugerð, 436—442.  
 Suðureyrarkauptún, vatnsskattar, gjsk.,  
 419—420; holræsi og holræsagjöld, rg.,  
 br., 421.  
 Suður-Þingeyjarsýsla, löggæzla, rg., 271  
 —273.  
 Summerhayes, David Michael, ræðismað-  
 ur, 643.
- Svanur Pálsson, kennari, gfr., settur, 637.  
 Svanhildur Björgvinsdóttir, kennari, ul.,  
 628 og 637.  
 Svanhildur Hermannsdóttir, skólastjóri,  
 sett, 626 og 636.  
 Svanhildur Óskarsdóttir, kennari, sett,  
 629 og 639.  
 Svavar Lárusson, kennari, gfr., 628 og  
 637.  
 Sveinbjörn Atli Magnússon, kennari, sett-  
 ur, 629.  
 Sveinn Ingólfsson, kennari, ul., settur,  
 638.  
 Sveinn V. Þórarinsson, skólastjóri, sett-  
 ur, 626 og 636.  
 Sveinn Þorvaldsson, iðnskólakennari, 628  
 og 636.  
 Sverrir Gíslason, bóndi, Hvammi, for-  
 maður Stéttarsambands bænda, hm.,  
 645.  
 Sverrir Guðmundsson, kennari, 627.  
 Sverrir Haraldsson, cand. med. & chir.,  
 lækningaleyfi, 634.  
 Sverrir Ingólfsson, kennari, gfr., settur,  
 637.  
 Sverrir Jóhannesson, cand. med. & chir.,  
 lækningaleyfi, 633.  
 Sverrir Júlíusson, framkvstj., Reykjavík,  
 formaður L. Í. Ú., hm., 645.  
 Sverrir Kolbeinsson, kennari, 627 og 637.  
 Sýsluvegasjóður N.-Ísafjarðarsýslu, sp.,  
 11—14; V.-Ísafjarðarsýslu, sp., 14—16;  
 A.-Skaftafellssýslu, sp., br., 129; N.-  
 Ísafjarðarsýslu, sp., br., 415—416; V.-  
 Ísafjarðarsýslu, sp., br., 411—412; V.-  
 Skaftafellssýslu, sp., br., 456—457.  
 Sæmundur Guðmundsson, skólastjóri, 626.  
 Söluskattur, rg., 17—20; rg., 21—36.

## T.

- Teitur Benediktsson, kennari, ul., settur,  
 628.  
 Teitur Þorleifsson, kennari, 627 og 637.  
 Tekju- og eignarskattur, rg., br., 177; rg.,  
 br., 400.  
 Theodór Danielsson, skólastjóri, settur,  
 636.  
 Thompson, Tyler, ambassador, 643.  
 Thorarensen, Oddur, sóknarprestur, 634.  
 Thorarensen, Stella K., kennari, sett, 627  
 og 639.  
 Thorkelsson, Sóffónías, fyrrv. verk-

- smiðjueigandi, Victoria, B. C., Kanada, hm., 646.
- Thorlacius, Þorleifur, deildarstjóri, 640.
- Thorlacius, Örnólfur, fil. kand., kennari, msk., settur, 642.
- Thorne, H. C., jr., Brigadier General, yfirmaður varnarliðsins á Íslandi, hm., 646.
- Thors, Ingólfur, vararæðismaður, lausn, 641.
- Thors, Richard, forstjóri, orðunefnd, 631.
- Thorsson, Joseph T., dómsforseti, Ottawa, Kanada, hm., 646.
- Thorsteinsson, Pétur, ambassador, 641.
- Timmins, David B., vararæðismaður, 643.
- Tollafgreiðsla, augl., 1.
- Tollfrjálsar verzlanir, Keflavíkurflugvöllur, rg., 396—398.
- Tollskrárlög, augl., 409.
- Tómas Árnason, deildarstjóri, lausn, 630.
- Tómas Á. Tómasson, sendiráðsritari, 640.
- Trueba, Francisco Sainz, ræðismaður, 640.
- Tryggingarsjóður sparisjóða, reikn., 488—489.
- Tryggingastofnun ríkisins, reikn., 490—501.
- Tryggvi Sveinbjörnsson, sendiráðunautur, lausn, 633.
- Tryggvi Karlsson, kennari, settur, 638.
- Tulinius, Axel V., sýslumaður, 633.
- Tulinius, Þórarinn, sjr., 467.
- Türkmen, Bechet, sendiherra, lausn, 644.
- U. Ú.
- Umferð, Reykjavík, augl., 85; Reykjavík, augl., 172; Reykjavík, augl., 280; Hafnarfjörður, augl., 371—372; Seltjarnarnes, augl., 409.
- Umferðarfræðsla, rg., 125—127.
- Unnur Bjarnadóttir, kennari, gfr., 627 og 637.
- Unnur Þorgeirsdóttir, kennari, sett, 628 og 639.
- Unwin, sir Stanley, bókaútgefandi, London, hm., 646.
- Útvegsbanki Íslands hf., reikn., 513—517.
- V.
- Valdimar Kristjánsson, kennari, gfr., 628 og 636.
- Valdimar Örnólfsson, kennari, msk., 628 og 636.
- Valgarður Runólfsson, skólastjóri, 626.
- Valgeir Gestsson, kennari, 627, 628 og 637.
- Vallholtslegat, sjr., 203—204.
- Vangefinna, styrktarsjóður, sjr., 463.
- Vatnsleysustrandarhreppur, byggingarsamþykkt, augl., 10.
- Vatnsveita, Stórólfsheverfi, gjsk., 75—76; Hrunamannahreppur, sp., 85—87; Garðahreppur, rg., 366—370; Drangnesþorp, rg., 372—374; Hafnarfjörður, rg., br., 392; Breiðdalsvík, rg., 402—403; Hellu, rg., 425—426.
- Vatnsveitufélag, Hellu, sp., 427—429.
- Vegabréf, innanlands, rg., 88—89.
- Veiðifélag, Víðidalssár, sp., 289—290 og arðskrá, 290—291; Vatnsdalssár, sp., 293—295; Eyjafjarðarár, sp., 344—345; Leirvogssár, sp., 355—356; Selár, sp., 357—358; Blöndu, sp., 392—395; Vatnsdalssár, arðskrá, 395—396.
- Veikindaforföll starfsmanna ríkisins, rg., br., 183.
- Verðlagsmál, rg., 408.
- Verðlagsskrár, 310—343.
- Vestdal, Jón E., formaður stjórnar Sementsverksmiðjunnar, lausn, 630.
- Vestmannaeyjakaupstaður, heilbrigðissamþykkt, augl., 55—75; lögreglusamþykkt, augl., 93—94.
- Vésteinn Ólason, kennari, gfr., settur, 638.
- Vestur-Húnavatnssýsla, fjallskilareglugerð, 346—355.
- Vestur-Ísafjarðarsýsla, sýsluvegasjóður, sp., 14—16; sýsluvegasjóður, sp., br., 411—412.
- Vestur-Skaftafellssýsla, sýsluvegasjóður, sp., br., 456—457.
- Vigdís Björnsdóttir, kennari, gfr., sett, 637.
- Vigfús Ólafsson, skólastjóri, 626 og 636.
- Vigbór Hrafn Jörundsson, skólastjóri, 626 og 636.
- Víkingur, Sveinn, fyrrv. biskupsritari, hm., 645.
- Viktória Ágústa Ágústsdóttir, kennari, 637.
- Vilberg Alexandersson, kennari, settur, 627.
- Vilborg Kolbeinsdóttir, kennari, sett, 628 og 639.
- Vilhjálmur Einarsson, kennari, settur, 627.

Vilhjálmur H. Pálsson, kennari, gfr., 628—629 og 637.  
 Vilhjálmur Haraldur Vilhjálmsón, kennari, ul., 629.  
 Vinnumiðlun, Skeggjastaðahreppur, N.-Múlasýslu, augl., 53; Súðavíkurhreppur, augl., 375.  
 Vísindasjóður, 2 reikn., 506—509.  
 Vitaverðir Íslands, sjr., 359.  
 Vörumerkjaauglýsingar, 546—626.

## P.

Þjóðjarðalandsetur í hinu fyrrverandi Suðuramti, 461.  
 Þjóðvegir, augl., 302—303.  
 Þór Halldórsson, cand. med. & chir., aðstoðarlæknir, 633.  
 Þórarinn Guðmundsson, kennari, gfr., 628 og 637.  
 Þórarinn Magnússon, kennari, settur, 629—630.  
 Þorbjörg Kristjánsdóttir, kennari, sett, 628 og 639.  
 Þorbjörg Þóroddsdóttir, kennari, sett, 639.  
 Þorbjörn Bjarnason, skólastjóri, 626.  
 Þórður Benediktsson, forseti S. Í. B. S., hm., 645.  
 Þórður Gunnarsson, kennari, gfr., 628 og 637.  
 Þórður Jóhannsson, skólastjóri, settur, 636.  
 Þórður Jóhannsson, kennari, gfr., 628 og 637.  
 Þórður Loftsson, skólastjóri, settur, 626 og 636.  
 Þorgeir Jónsson, sóknarprestur, lausn, 634.  
 Þorgerður Bergmundsdóttir, kennari, ul., 629 og 627.  
 Þórhallur Guttormsson, kennari, gfr., settur, 627 og 637.  
 Þórhallur Vilmundarson, prófessor, settur, 642.  
 Þórir Haukur Einarsson, skólastjóri, 626 og 636.  
 Þórir Helgason, cand. med. & chir., héraðslæknir, settur, 640 og 641.

Þórir Ólafsson, kennari, msk., settur, 637.  
 Þorkell Jóhannesson, dr. phil., háskóla- rektor, orðunefnd, 631; endurkjörinn háskóla rektor, 633.  
 Þorkell Jóhannesson, cand. med. & chir., aðstoðarlæknir héraðslæknis, 634.  
 Þórleif Kr. Sigurðardóttir, sjr., 469—470.  
 Þórólfur Friðgeirsson, skólastjóri, settur, 626 og 636.  
 Þorska- og ýsunet, útbúnaður, rg., 366.  
 Þorsteinn Eiríksson, kennari, gfr., settur, 637.  
 Þorsteinn Guðjónsson, kennari, gfr., settur, 628.  
 Þorsteinn Pálmi Guðmundsson, kennari, settur, 639.  
 Þorsteinn Gunnarsson, kennari, hsk., 628 og 637.  
 Þorsteinn Jóhannsson, kennari, settur, 629.  
 Þorsteinn Jónsson, séra, skólastjóri, settur, 627.  
 Þorsteinn Matthíasson, skólastjóri, 626 og 636.  
 Þorsteinn Sigurðsson, héraðslæknir, settur, héraðslæknir í öðru héraði ásamt sínu eigin, 632.  
 Þórunn Bjarnadóttir, kennari, gfr., sett, 637.  
 Þorvaldarminning, sjr., 460.  
 Þorvaldur Björgúlfsson, kennari, settur, 629.  
 Þorvaldur V. Guðmundsson, cand. med. & chir., aðstoðarlæknir og staðgöngumaður héraðslæknis, 633.  
 Þorvaldur Jóhannsson, kennari, settur, 639.  
 Þorvaldur Þorvaldsson, kennari, gfr., 628 og 636.  
 Þorvaldur Þorvaldsson, iðnskólakennari, settur, 637.  
 Þráinn Þórisson, skólastjóri, 635.

## Ö.

Ökukennsla og próf öikumanna, 134—147.  
 Örn Snorrason, kennari, gfr., settur, 638.  
 Örnólfur Örnólfsson, skólastjóri, settur, 627 og 636.

## Skammstafanir.

augl. = auglýsing.	rg. = reglugerð.
br. = breyting.	reikn. = reikningur.
gfr. = gagnfræðaskóli.	sjr. = sjóðsreikningur.
hm. = heiðursmerki.	sk. = skipulagsskrá.
gjask. = gjaldskrá.	stj.bréf = stjórnrráðsbréf.
hsk. = héraðsskóli.	sp. = samþykkt.
msk. = menntaskóli.	ul. = unglingskóli.
r. = reglur.	



## AUGLÝSING

1

30. jan.

## um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 2 29. jan. 1960 þannig, að tollstofnanir skuli ekki taka við skjölum til tollafgreiðslu á aðfluttum vörum þar til frumvarp það um aðgerðir í efnahagsmálum, er ríkisstjórnin hyggst leggja fyrir Alþingi næstu daga, hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu.

*Fjármálaráðuneytið, 30. janúar 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigr. Klemenzson.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Bjargeyjar Péturs- 2**  
dóttur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 4. jan. 1960. 4. jan.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Minningarsjóð Bjargeyjar Pétursdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Bjargeyjar Pétursdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Zontaklúbb Akureyrar til minningar um Bjargeyju Pétursdóttur kaupkonu, Akureyri, sem var ein af stofnendum klúbbsins og félagi til æviloka.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00. Sjóðinn skal ávaxta í banka eða sparisjóði.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að varðveita Nonnahús á Akureyri og myndun Nonnasafns þar. Auk þess að stuðla að hvers konar menningar- og mannúðarmálum, sem Zontaklúbburinn hefur á dagskrá hverju sinni.

5. gr.

Sjóðnum skal aflað tekna með sölu á minningarspjöldum. Enn fremur tekur hann við gjöfum og áheitum.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, meðan sjóðurinn starfar eftir þessari skipulagsskrá, en vexti af höfuðstól og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast, má nota jafnóðum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 konum úr Zontaklúbb Akureyrar og skulu þær kosnar á aðalfundi til tveggja ára.

B 1

2

4. jan.

Reikningsár sjóðsins skal vera almannaksárið og skulu endurskoðendur sjóðsins vera hinir sömu og Zontaklúbbs Akureyrar. Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem bókaðar eru allar ákvarðanir sjóðstjórnar og annað varðandi sjóðinn, meðal annars reikningar hans.

8. gr.

9. gr.

Leggist Zontaklúbbur Akureyrar niður skal Nonnasafn á Akureyri taka við varðveizlu sjóðsins. Markmiði sjóðsins má ekki breyta.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessarar.

Akureyri, 12. júní 1958.

Ólafía Þorvaldsdóttir. Þórhildur Steingrímsdóttir.  
Gerða Stefánsdóttir.

Stjórnartíðindi 1960, B. 2.

3

8. febr.

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um breytingu á prestskallaskipun í Skagafjarðarprófastsdæmi.**

Með vísun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 14. f. m., varðandi framkvæmd ákvæðis 1. gr. XVIII 92., 93. og 96. tölul. laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla, varðandi breytingar á skiptingu sókna milli prestakalla í Skagafjarðarprófastsdæmi þannig að Reynistaðasókn falli til Glaumbæjarprestakalls en Rípur-sókn til Sauðárkróksprestakalls, staðfestir ráðuneytið hér með, að það fellst á að framangreindar breytingar komi nú þegar til framkvæmda.

4

12. jan.

**Staðfesting forseta á skipulagsskrá fyrir Byggingarsjóð Húsmæðraskóla á Akranesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. janúar 1960.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Byggingarsjóð Húsmæðraskóla á Akranesi.

1. gr.

Sjóður þessi var upphaflega stofnaður með gjöf hjónanna Ingunnar Sveinsdóttur og Haralds Böðvarssonar, að upphæð kr. 10000.00 og að fimm árum liðnum bættu hjónin við upphæðina kr. 5000.00. Afhentu þau Kvenfélagi Akurnesinga til geymslu og ávöxtunar. Á næstu árum vann kvenfélagið að því að auka sjóð þennan með því að efna til happdrættis, halda skemmtisamkomur o. fl. til ágóða fyrir hann.



Nokkrar gjafir bárust sjóðnum, auk þess sem bæjarsjóður Akraness lagði fram 4 kr. 1000.00 á ári í tíu ár til hans. Hinn 31. des. 1958 var sjóðurinn samtals kr. 12. jan. 81037.11.

### 2. gr.

Þar eð fyrirsjáanlegt er, að ekki er tímabært að ráðast í byggingu húsmæðraskóla á Akranesi í náinni framtíð, skal upphæð sú, sem um getur í 1. gr. lögð á vöxtu þannig: 40000.00 kr. skulu lagðar í 10 ára sparisjóðsbók í Sparisjóði Akraness og afgangurinn á 6 mánaða sparisjóðsbók í sama sparisjóði. Kvenfélag Akraness hefur að öðru leyti umsjá með sjóðnum þetta árabíl eða þangað til öðruvísi um semst samkv. 5. gr.

### 3. gr.

Í lok þess tímabils, er fé þetta skal liggja óhreyft á vöxtu í Sparisjóði Akraness, skulu teknar upp umræður um, hvort nú sé kominn tími til að verja fé þessu í upphaflegum tilgangi, til byggingar húsmæðraskóla á Akranesi. Þeir aðilar, er þá skulu fjalla um málið eru: Stjórn Kvenfélags Akraness, eins og hún þá er skipuð. Sóknarpresturinn á Akranesi, skólastjóri gagnfræðaskólans, bæjarfógeti og bæjarstjóri.

### 4. gr.

Telji þeir aðilar, sem um getur í 3. gr., að nú sé tími til kominn að hefjast handa um byggingu húsmæðraskóla í bænum svo fljótt sem ástæður leyfa, er Kvenfélagi Akraness skylt að leggja fram allt það fé, sem þá er í sjóðnum til byggingarinnar, svo og að stuðla að framgangi málsins svo sem auðið er.

### 5. gr.

Nú verður niðurstaða þeirra umræðna, sem um getur í 3. gr. sú, að ekki sé enn tímabært að hyggja á byggingu húsmæðraskóla á Akranesi og heldur ekki líkur fyrir, að svo verði í bráð. Skulu þá sömu aðilar leggja fram tillögur um á hvern hátt fé þessu verði bezt varið í því skyni, að efla heilbrigða menningu æskulýðsins eða til mannúðarmála í byggðarlaginu. Nái þær tillögur samþykki Kvenfélags Akraness og bæjarstjórnar Akraness, er heimilt að verja sjóðnum samkvæmt því. Náist ekki samkomulag um síðari tillöguna, skulu allir áðurnefndir aðilar ræða málið, unz niðurstaða fæst.

### 6. gr.

Skipulagsskrá þessi er hér með samþykkt af þeim einstaklingum, er mest hafa lagt til sjóðsins, svo og Kvenfélagi Akraness og bæjarstjórn Akraness.

Akranesi, 1. desember 1959.

**Ingunn Sveinsdóttir. Haraldur Böðvarsson.**

F. h. Kvenfélags Akraness:

**Þóra Hjartar. Helena Halldórsdóttir. Svava Steingrímsdóttir.**

F. h. Bæjarstjórnar Akraness:

**Daniel Ágústínusson.**

5 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Afmælistjóðs Eiðaskóla, útgefin á venju-  
15. jan. legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. janúar 1960.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Afmælistjóðs Eiðaskóla.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Afmælistjóður Eiðaskóla.

#### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í tilefni af 75 ára afmæli Eiðaskóla 1958 með gjöf frá nemendum Eiðaskóla 1939 til minningar um skólastjórana, séra Jakob Kristinsson og Þórarinn Þórarinsson.

Stofnfé sjóðsins eru kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —, sem aldrei má skerða.

#### 3. gr.

Markmið sjóðsins er að glæða áhuga nemenda skólans fyrir íslenskum fræðum og skal verja  $\frac{1}{2}$  ársvaxta til að verðlauna þá nemendur, er bezta einkunn fá í íslenskri bókmenntasögu annað árið en Íslandssögu hitt árið við burtfararpróf úr eldri deild skólans eða þeirrar deildar, er svarar til hennar.

#### 4. gr.

Skólastjóri og kennarar í íslenskum fræðum við skólann ákveða hverjum skuli veitt verðlaun úr sjóðnum.

#### 5. gr.

Leggja skal  $\frac{1}{2}$  ársvexti við höfuðstólinn, svo og gjafir, er sjóðnum kunna að berast. Veita má verðlaun fleirum en einum nemanda ef ástæða þykir til.

#### 6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands og skal birta reikninga sjóðsins í skólaskýrslu Eiðaskóla.

#### 7. gr.

Leita skal löglegar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 19. desember 1959.

Í umboði gefenda:

Þórarinn Þórarinsson.      Jakob Kristinsson.

## REGLUR

6

15. jan.

### um laun skipaskoðunarmanna ríkisins.

Samkvæmt 55. gr. laga nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, eru hér með settar eftirfarandi reglur um laun fyrir skoðun á skipum, sem framkvæmd er af hinum lögskipuðu skipaskoðunarmönnum, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði.

#### 1. gr.

Fyrir skoðun á skipi eða opnum bát greiðir lögreglustjóri (sýslmaður eða bæjarfógeti) f. h. ríkissjóðs laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, er hann hefur fengið vottorð um að skoðunin hafi farið fram:

A. Fyrir opinn bát án vélar .....	kr. 75.00
B. Fyrir opinn bát með vél .....	— 125.00
C. Fyrir skip, minna en 15 rúmlestir með þilfari og vél .....	— 150.00

	Á rúmlest	Minnsta gjald
D. Fyrir vélskip 15— 30 rúmlestir .....	kr. 8.00	kr. 150.00
— — 30— 50 — .....	— 7.50	— 240.00
— — 50— 100 — .....	— 6.50	— 325.00
— — 100— 200 — .....	— 5.00	— 650.00
— — 200— 400 — .....	— 3.50	— 1000.00
— — 400— 800 — .....	— 2.00	— 1400.00
— — 800—1200 — .....	— 1.50	— 1600.00
— — 1200—1600 — .....	— 1.25	— 1800.00
— — 1600—2000 — .....	— 1.10	— 2000.00
— — 2000—5000 — .....	— 0.83	— 2200.00
— — 5000 og yfir — .....	— 0.57	— 4150.00

E. Ef svo ber undir, að einhver hluti skoðunar af einhverjum ástæðum getur ekki farið fram á sama stað eða um leið og skoðun fer fram, skal skipta gjaldinu þannig:

Fyrir skoðun á bolnum  $\frac{1}{2}$  hlutar skoðunargjaldsins.

Fyrir skoðun á vélinni  $\frac{1}{2}$  hlutar skoðunargjaldsins.

Fyrir skoðun á búnaðinum  $\frac{1}{2}$  hlutar skoðunargjaldsins.

Fyrir skoðun á skráfuöxli, botnlökum o. fl., ef sú skoðun ekki fer fram um leið og vélaskoðunin, skal greiða  $\frac{1}{6}$  hluta skoðunargjaldsins að auki.

Þegar botnskoðun er gerð á skipi, skal sú skoðun vera fullnaðarskoðun á bolnum í það skiptið og gjaldið eins og áður segir.

F. Fyrir skoðun á eimkatli:

Þegar vélnar eru minni en 400 hestöfl kr. 400.00.

Þegar vélnar eru 400—800 hestöfl kr. 500.00.

Þegar vélnar eru 800 hestöfl og þar yfir kr. 700.00.

Flokkuð skip skulu skoðuð af einum skipaskoðunarmanni er skoðar björgunar-tæki og allan útbúnað skipsins, eldvarnir, vistarverur og forðageymslur.

Séu tveir katlar í sama skipi, skal greiða hálf gjald fyrir síðari ketilinn, ef báðir katlarnir eru skoðaðir í sömu ferð skoðunarmannsins, annars fullt gjald.

Nú er skoðunarmaður kvaddur til að skoða skip, en ekki hægt að byrja á skoðuninni af ástæðum, sem eru skoðunarmanninum óviðkomandi, og greiðir þá útgerðarmaður hálf skoðunargjald, ásamt ferðakostnaði, sé um hann að ræða.

6 15. jan. Þurfi skoðunarmaður að fara fleiri en tvær ferðir til að skoða sama skip eða hluta þess, skal útgerðarmaður greiða kr. 100.00 fyrir hverja ferð fram yfir tvær, og ferðakostnað, sé um hann að ræða.

Fyrir flokkuð skip er gjaldið helmingi minna en tekið er fram í D-lið, haldi skipið flokki, er skoðun fer fram.

Sé skip aðeins skoðað að nokkru leyti eða einstakir hlutar þess, greiðist gjaldið að tiltölu, og ákveður skipaskoðunarstjóri þá gjaldið eftir ástæðum.

Skipaskoðunarmenn skulu fá ferðakostnað sinn endurgreiddan eftir reikningi, er skipaskoðunarstjóri samþykkir. Ríkissjóður greiðir þennan kostnað.

#### 2. gr.

Fyrir skoðun og mælingu á skipi til ákvörðunar á hleðslumerkjum þess, skal greiða skoðunarmanni  $\frac{1}{3}$  hluta gjalds þess, sem ákveðið er í reglugerð um gjöld fyrir skoðun skipa.

#### 3. gr.

Fyrir eftirlit með smíði tréskipa og óflokkaðra stálskipa innanlands skal  $\frac{1}{3}$  hluti gjaldsins, eins og það er ákveðið í reglugerð um gjöld fyrir skoðun skipa, renna í ríkissjóð, en  $\frac{2}{3}$  hlutar til þess manns, sem eftirlitið hefur, en taki hann laun úr ríkissjóði, rennur allt gjaldið í ríkissjóð.

#### 4. gr.

Með reglum þessum eru reglur nr. 191 7. sept. 1950, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, numdar úr gildi.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 15. janúar 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## 7

15. jan.

## REGLUGERÐ

### um gjöld fyrir skoðun skipa o. fl.

#### 1. gr.

Fyrir skoðun á skipi, sem eigi er í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal eigandi greiða í ríkissjóð:

Fyrir opinn bát kr. 100.00.

Fyrir opinn bát með vél kr. 150.00.

Fyrir skip, minna en 15 rúml. kr. 200.00.

						Fyrir hverja rúml.		Minnsta gjald	
Fyrir skip	15 rúml.	allt að	30 rúml.	.....	kr. 13.00	kr.	200.00		
— —	30 — — —	50 —	.....	—	12.75	—	390.00		
— —	50 — — —	100 —	.....	—	11.90	—	637.00		
— —	100 — — —	200 —	.....	—	10.40	—	1190.00		
— —	200 — — —	400 —	.....	—	7.90	—	2080.00		
— —	400 — — —	800 —	.....	—	4.70	—	3160.00		
— —	800 — — —	1200 —	.....	—	3.70	—	3760.00		

	Fyrir hverja rúml.	Minnsta gjald	7
Fyrir skip 1200 rúml. allt að 1600 rúml. ....	kr. 3.30	kr. 4440.00	15. jan.
— — 1600 — — — 2000 — .....	— 2.90	— 5280.00	
— — 2000 — — — 5000 — .....	— 2.20	— 5800.00	
— — 5000 og yfir .....	— 1.50	— 11000.00	

Hluti úr rúmlest reiknast ekki með.

Gjöldin reiknast í heilum krónum, þannig að því, sem er umfram krónu, er sleppt.

Fyrir skoðun skipa, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða hálf gjald, samkvæmt 1. og 2. mgr.

### 2. gr.

Fyrir sérstaka aukaskoðun, skal greiða  $\frac{1}{3}$  hluta árlegs skoðunargjalds.

Fyrir skoðun á búnaði skips, þegar það breytir um veiðiaðferð (t. d. frá þorskveiði til síldveiða með herpinót) skal greiða  $\frac{1}{4}$  hluta árlegs skoðunargjalds.

### 3. gr.

Fyrir fyrstu skoðun á nýsmíðuðu skipi, hvort heldur það er smíðað hér á landi eða erlendis, eða skipi innfluttu frá útlöndum, skal greiða gjald samkvæmt 1. mgr. 1. gr., að viðbættum 50%, og skiptir þá ekki máli, hvort skipið er í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi eða ekki.

### 4. gr.

1. Fyrir eftirlit með smíði tréskipa eða óflokkaðs stálskips, sem smíðað er innanlands, skal greiða fjórfalt gjald samkvæmt 1. mgr. 1. gr.
2. Fyrir eftirlit með smíði tréskips eða stálskips erlendis skal greiða kr. 10000.00 til skipaskoðunar ríkisins áður en smíði hefst. Við fyrstu skoðun skal eftirlitskostnaður gerður upp, þannig, að fyrir eftirlitið verði í heild greiddur útlagður eftirlitskostnaður hverju sinni, annar en skrifstofukostnaður, samkvæmt reikningi, að viðbættum 30% til skipaskoðunar ríkisins. Sama gildir um viðgerðir eða breytingar skips ytra.
3. Fyrir eftirlit með breytingum og verulegum viðgerðum á skipum, sbr. c-lið 35. gr. laga um eftirlit með skipum, skal greiða gjald samkvæmt 1. mgr. 1. gr., að viðbætti upphæð, er skipaskoðunarstjóri ákveður í hvert skipti, með hliðsjón af því, hve umfangsmikil breyting eða viðgerð er. Hærra en þrefalt gjald samkvæmt 1. mgr. 1. gr. má þó ekki krefjast.

### 5. gr.

Fyrir skoðun á eimkatli, skal greiða:

Skip með vél, minni en 400 hestöfl kr. 600.00.

Skip með vél, frá 400 til 800 hestöfl kr. 750.00.

Skip með vél frá 800 hestöfl og þar yfir kr. 1100.00.

### 6. gr.

Fyrir skoðun og mælingar á skipi til ákvörðunar hleðslumerkja, skal greiða:

Fyrir skip minni en 200 rúmlestir .....	kr. 1000.00
— — 200 rúml. allt að 500 rúml. ....	— 1300.00
— — 500 — — — 900 — .....	— 1650.00
— — 900 — — — 1400 — .....	— 2000.00
— — 1400 — — — 2000 — .....	— 2300.00
— — 2000 — — — 2700 — .....	— 2650.00
— — 2700 — — — 3500 — .....	— 3000.00
— — 3500 — og stærri .....	— 3350.00

7 Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis, sem gefið er út samkvæmt hleðslumerkja-  
15. jan. skírteini frá erlendu stjórnarvaldi eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða kr. 1000.00.

Fyrir skoðun á skipi til framlengingar eða endurnýjunar á hleðslumerkja-skírteini og útgáfu þess, skal greiða kr. 1000.00.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er eða ónýtt, skal greiða kr. 500.00.

#### 7. gr.

Fyrir endurskoðun á smíðauppdráttum óflokkaðs skips, sbr. 2. lið A, 35. gr. laga um eftirlit með skipum, skal greiða tvöfalt gjald það, sem um ræðir í 1. mgr. 1. gr.

Gjaldið skal miða við rúmlestatölu skips, en sé hún ekki kunn, skal miðað við áætlaða rúmlestatölu, er fæst með því að margfalda saman smíðamál skipsins í metrum og deila með 5.

Fyrir endurskoðun á skoðunarskýrslu, sbr. 4. mgr. D-liður 35. gr. laga um eftirlit með skipum, greiðist sama gjald og fyrir endurskoðun smíðauppdrátta.

#### 8. gr.

Fyrir aðrar skoðanir ber að greiða samkvæmt reikningi, eftir því sem skipa-skoðunarstjóri ákveður.

#### 9. gr.

Gjöld samkvæmt 1. gr. skulu innheimt af bæjarfógetum og sýslumönnum (í Reykjavík af tollstjóra) eftir reikningum er þessir aðilar gefa út, hver fyrir sitt undæmi.

Gjalddagi skal vera 1. apríl ár hvert.

Skoðunarmenn skipaskoðunar ríkisins gefa út reikninga yfir þá þóknun er þeim ber samkvæmt reglum um laun skipaskoðunarmanna ríkisins og senda framan-greindum innheimtumönnum í tvíriti.

#### 10. gr.

Gjöld samkvæmt 2.—6. gr. skulu innheimt af sömu aðiljum og um getur í 9. gr., eftir reikningum sem skipaskoðun ríkisins og skoðunarmenn gefa út, eftir því sem gjöldin falla til. Innheimtumenn, sbr. 9. gr., skulu nota tölusettar frumbækur í fjórríti. Á afritunum tveimur skal, auk skoðunargjaldsins vera tilgreind þóknun til skoðunarmanns.

Skal frumrit afhent sem kvittun til skipseiganda, einu afriti heldur innheimtu-maður, eitt afrit skal sent skipaskoðun ríkisins, en eitt afrit skal vera kyrrt í frumbókinni.

Skoðunarmenn skulu nota tölusettar frumbækur í þrítíti yfir þóknun sína.

Skal frumrit sent til sýslumanns eða bæjarfógeta, er greiðir þóknun til þeirra. Afrit skal sent með skýrslum til skipaskoðunar ríkisins, en eitt afrit verður eftir í frumbókinni.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu skila skoðunargjöldunum í ríkissjóð, en krefja síðan samgöngumálaráðuneytið um þóknun skoðunarmanna samkvæmt af-ritum reikninganna.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 50. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 50 31. júlí 1959, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 15. janúar 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

**AUGLÝSING****8**

17. febr.

**um breyting á reglugerð nr. 41 24. marz 1956, um happdrætti dvalarheimilis  
aldraðra sjómanna.**

**1. gr.**

1. málsgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vinningar eru samanlagt minnst 24 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 9360000.00 miðað við smásöluverð.

**2. gr.**

1. málsgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 360.00, en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 30.00.

**3. gr.**

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 10. apríl 1960.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 17 21. febr. 1956, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsingin um sama efni nr. 43 21. marz 1957.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

**AUGLÝSING****9**

19. febr.

**um breyting á brunamálasamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 144 11. júní 1953.**

**1. gr.**

Aftan við 4. málslið 2. mgr. 10. gr. bætist orðin:

og má þá vika frá framangreindu aldurshámarki, ef sérstök ástæða þykir til, en þó aldrei yfir aldurshámarmark 40 ár.

Breyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 37 1. apríl 1948, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. febrúar 1960.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

10

22. febr.

## AUGLÝSING

um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Voga í Vatnsleysustrandarhreppi.

Félagsmálaráðuneytið hefur í dag, samkvæmt lögum nr. 19/1905 og lögum nr. 55/1921, staðfest byggingarsamþykkt fyrir Voga í Vatnsleysustrandarhreppi.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1947 að öðru leyti en því, að kjörtímabil byggingarnefndarmanna í 1. mgr. 2. gr, samþykktar þessarar er fjögur ár.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

11

23. febr.

## GJALDSKRÁ

fyrir Keflavíkurflugvöll.

**1. Lendingargjöld:**

Fyrir hverja landingu skal greiða lendingargjald kr. 24.45 á hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 12.22 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn. Miða skal við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar brúttó (Aircraft Gross Weight). Minnsta gjald er kr. 40.75.

**2. Flugskýlisleiga:**

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 146.69 á hvern m<sup>2</sup> gólfplatar. Fyrir hluta úr skýli reiknast leiga kr. 20.37 á m<sup>2</sup> á mánuði, en kr. 203,73 á m<sup>2</sup> á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur.

Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins reiknast flugskýlisleiga sem hér segir:

Vænghaf flugvélar	leiga á sólarhring	leiga á mánuði
Undir 12 m	kr. 40.75	kr. 407.47
12—15 —	— 101.87	— 814.94
15—18 —	— 162.99	— 1222.41
18—21 —	— 224.11	— 1629.88
21—24 —	— 285.23	— 2037.35
24—27 —	— 325.98	— 2444.82
27—30 —	— 366.72	— 2852.20
Yfir 30 —	— 407.47	— 4074.70

**3. Stæðis- og fastagjöld:**

Stæðisgjald er ekkert fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:



Vænghaf flugvélar	leiga á sólarhring
Undir 12 m	kr. 40.75
12—18 —	— 81.49
18—24 —	— 122.24
24—30 —	— 162.99
Yfir 30 —	— 132.20

11

23. febr.

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem umfram er. Tjóðurhringir skulu vera fyrir hendi á öllum flugvélastæðum.

#### 4. Gjald af flugvélabenzíni:

Af flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvellingum eða frá honum skal greiða flugvellingum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzínlítra kr. 0.367  
 Á hvert U. S. gallon — 1.385

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn frá 26. september 1958.

*Utánríkisráðuneytið, 23. febrúar 1960.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

## S A M Þ Y K K T

12

25. febr.

um sýsluvegasjóð í Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu, greiðist úr sýsluvegasjóði.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

*Í Sléttuhreppi:*

1. Sæbólsvegur frá Sæbóli um Þverdal á Aðalvíkurveg í Hesteyrarskarði.

*Í Grunnavíkurhreppi:*

2. Nesvegur frá Jökulfjarðavegi hjá Sætúni að Nesi.

*Í Snæfjallahreppi:*

3. Snæfjallavegur frá Sandeyri að Snæfjöllum.

4. Bryggjuvegur frá Bæjabryggju á Snæfjallastrandarveg.

**12** *Í Nauteyrrarhreppi:*

25. febr. 5. Skjaldfannarvegur frá Ármúla að Skjaldfönn.  
 6. Laugaldsvegur frá Melgraseyri um Laugaland að Selá gegnt Skjaldfönn.  
 7. Bakkavegur frá Langadalsárbrú neðri að Fremri-Bakka.  
 8. Tunguvegur frá Hvannadalsárbrú að Tungu í Dalsmynni.

*Í Reykjarfjarðarhreppi:*

9. Miðhúsavegur frá Þúfnavegi að Miðhúsum.  
 10. Heydalsvegur frá Ögurvegi að Galtahrygg og Heydal.

*Í Ögurhreppi:*

11. Laugadalsvegur frá Ögurvegi að Birnustöðum og Laugabóli.  
 12. Blámýravegur frá Ögurvegi að Blámýrum.

*Í Súðavíkurhreppi:*

13. Hattardalsvegir frá Fjarðavegi að Minni- og Meiri-Hattardal.

*Í Eyrarhreppi:*

14. Hnífsdalsvegur frá Hnífsdalsbökkum að Fremri-Hnífsdal.  
 15. Bakkavegur frá Hnífsdalsbökkum að Bakka.  
 16. Hraunsvegur frá Heimabæ að Hrauni.

*Í Hólshreppi:*

17. Skálavíkuregur frá Bolungarvík að Holtabrá í Skálavík.  
 18. Syðridalsvegur frá Bolungarvíkurvegi að Gili.

Sýsluvegur nær ekki nema að heimatúni býlis. Þetta gildir þó ekki, þar sem sýsluvegur liggur gegnum tún jarðar eða býlis.

**3. gr.**

Fjárframlög til sýsluveganna skulu fara eftir ákvörðun sýslunefndar hverju sinni.

**4. gr.**

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum fasteignum innan sýslunnar. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi af ábúanda hvernjar jarðar, en eiganda hvernjar lóðar eða húseignar í kaптúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati, og ekki hærri en 12 af þúsundi, nema samþykki ráðherra komi til í hvert sinn. Vegaskattur af húseignum skal jafnan vera helmingi lægri að hlutfallstölu en ákveðið hefur verið af löndum og lóðum.

Þegar ákveðinn er vegaskattur, skal miðað við áætluð gjöld til vegabóta að viðbætti eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin að fengnum tillögum vegamálastjóra.

**5. gr.**

Vegaskatt er hreppsfélagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði að nokkru eða öllu leyti, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmetum sveitarfundi, og sé tilkynningin þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þar til fundarsamþykktin er úr gildi numin með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd

skattinn niður með útsvörum og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga. 12

25. febr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð, eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegaskattinn sem þúsundgjald af eigninni, eftir því sem hann er ákveðinn að lögum. — Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

#### 6. gr.

Í verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vegagerðar innanhrepps á því ári að minnsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði, sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefur til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkferan mann, sem lög heimila.

#### 7. gr.

Heimilt er sýslunefnd að ákveða einstökum hreppum misjafnt hundraðsgjald, er miðist við þau afnot, sem hrepparnir hafa af vegakerfi sýslunnar. Hámark hundraðsgjalds í einstökum hreppi má ekki vera meira en 30% herra en meðalgjald í sýslunni.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýslusjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fé á móti, eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

#### 8. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús og þinghús. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyjajarðir ásamt húsum og lóðum á þeim, enn fremur að ívilna að einhverju leyti jörðum, sem eru í mjög háu mati vegna sjávarhlunninda.

Á sama hátt má einnig ívilna þeim kauptúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag og hafa lítil not af vegakerfi sýslunnar.

#### 9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn.

Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegareikningnum, ásamt áætluninni, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

#### 10. gr.

Sýsluvegasjóðurinn skal fá tillög úr ríkissjóði, og fer jafnan um rétt hans til þeirra eftir því sem ákveðið er í gildandi lögum um samþykktir um sýsluvegasjóði.

#### 11. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki eftir lögum nr. 29 16. des. 1885, sbr. 12. gr. laga nr. 102 19. júní 1933.

#### 12. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt þessari skal sá, er sekur verður, greiða 10—200 kr. sekt, er rennur í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

- 12 Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefur samið og sam-  
25. febr. þykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 37 23. maí 1959, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 25. febrúar 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

- 13  
25. febr.

## S A M Þ Y K K T

### um sýsluvegasjóð í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

#### 1. gr.

Í Vestur-Ísafjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu, greiðist úr sýsluvegasjóði.

#### 2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

##### *Í Auðkúluhreppi:*

1. Mosdalsvegur, af Vestfjarðavegi við Sviná um Mosdal að Hokinsdal.
2. Stapadalsvegur, af Álftamýrarvegi hjá Álftamýri að Stapadal.

##### *Í Þingeyrarhreppi:*

3. Hofsvegur, af Haukadalsvegi utan Sandár að Hofi.
4. Bakkavegur, af Hofsvegi hjá Múla um Bakka á Þingeyrarveg í Brekkudal.

##### *Í Mýrahreppi:*

5. Hjarðardalsvegur, af Dýrafjarðarvegi að Fremri Hjarðardal.
6. Klukkulandsvegur, af Núpsvegi að Klukkulandi.
7. Lækjarvegur, af Núpsvegi að Læk.
8. Arnarnesvegur, af Ingjaldssandsvegi að Arnarnesi.
9. Brekkuvegur, af Ingjaldssandsvegi að Brekku.
10. Hraunsvegur, af Ingjaldssandsvegi að Hrauni.
11. Ingjaldssandvegur, frá Sæbóli á Ingjaldssandi fyrir Hrafnaskálanúp að Dals-sjó í Valþjófsdal.
12. Hálsvegur, af Ingjaldssandsvegi að Hálsi.

##### *Í Mosvallahreppi:*

13. Hólsvegur, af Ísafjarðarvegi að Hóli.
14. Vaðlavegur, af Hjarðardalsvegi að Vöðlum.
15. Bryggjuvegur, af Hjarðardalsvegi að hafskipabryggju.
16. Þórustaðavegur, af Hjarðardalsvegi að Þórustöðum.
17. Ytri-Hjarðardalsvegur, af Hjarðardalsvegi að Ytri-Hjarðardal.
18. Tunguvegur frá Dalssjó að Tungu í Valþjófsdal.
19. Dalshúsvegur, af Tunguvegi um Kirkjuból að Dalshúsum.

##### *Í Flateyrarhreppi:*

20. Eyrarhjallavegur frá Flateyri að Klofningshrygg.
21. Breiðadalsvegur, af Flateyrarvegi að Fremri-Breiðadal.

*Í Suðureyrarhreppi:*

13

22. Vatnadalsvegur, af Suðureyrarvegi að Vatnadal.

25. febr.

Sýsluvegur nær ekki nema að heimatúni býlis. Þetta gildir þó ekki, þar sem sýsluvegur liggur gegnum tún jarðar eða býlis.

## 3. gr.

Fjárframlög til sýsluvega skulu fara eftir ákvörðun sýslunefndar hverju sinni.

## 4. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum fasteignum innan sýslunnar. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi, af ábúanda hverrar jarðar, en eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kauptúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati, og ekki hærri en 12 af þúsundi. Vegaskattur af húseignum skal jafnan vera helmingi lægri að hlutfallstölu en ákveðið hefur verið af löndum og lóðum.

Þegar ákveðinn er vegaskattur, skal miðað við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbætti eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

## 5. gr.

Vegaskatt er hreppsfélagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði að nokkru eða öllu leyti, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi og sé tilkynningin þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl.

Gildir sú skipun þar til fundarsamþykktin er úr gildi numin með sama hætti. Jafnan þá hreppsnefndin skattinn niður með útsvörum og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga. Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð, eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegaskattinn sem þúsundgjald af eigninni, eftir því sem hann er ákveðinn að lögum. Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

## 6. gr.

Í verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vegagerðar innanhrepps á því á ári að minnsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði, sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefur til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

## 7. gr.

Heimilt er sýslunefnd að ákveða einstökum hreppum misjafnt hundraðsgjald, er miðist við þau afnot, sem hrepparnir hafa af vegakerfi sýslunnar. Hámark hundraðsgjalds í einstökum hreppi má ekki vera meira en 30% herra en meðalgjald í sýslunni.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýslusjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fé á móti, eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

13

25. febr.

8. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús og þinghús. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyjajarðir ásamt húsum og lóðum á þeim, enn fremur að ívilna að einhverju leyti jörðum, sem eru í mjög háu mati vegna sjávarhlunninda.

Á sama hátt má einnig ívilna þeim kaupúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag og hafa lítil not af vegakerfi sýslunnar.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegareikningum, ásamt áætluninni, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

10. gr.

Sýsluvegasjóðurinn skal fá tillög úr ríkissjóði, og fer jafnan um rétt hans til þeirra eftir því, sem ákveðið er í gildandi lögum um samþykktir um sýsluvegasjóði.

11. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki eftir lögum nr. 29 16. des. 1885, sbr. 1. gr. laga nr. 102 19. júní 1933.

12. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt þessari skal sá, er sekur verður, greiða 10—200 kr. sekt, er rennur í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 37 23. maí 1959, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 25. febrúar 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynj. Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

14

23. marz

## um söluskatt af innfluttum vörum.

## 1. gr.

Af innfluttum vörum, sem tollafgreiddar eru frá og með 24. marz 1960, skal greiða 16.5% söluskatt og er það:

1. 7% — sjö af hundraði — samkvæmt 17. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, og
2. 8% — átta af hundraði — samkvæmt a-lið bráðabirgðaákvæðis nefndra laga, samtals 15% — fimmtán af hundraði — af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —, og tekur gjaldskyldan einnig til gjafa, sýnishorna og þess háttar, svo og til véla, sem settar eru í íslensk skip erlendis, enda sé ekki um nýbyggingu skips að ræða.

Nú hefur innflytjandi fyrir 24. marz 1960 afhent til tollmeðferðar aðflutnings-skjöl, sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess, að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi sendingu þegar í stað, og skal þá ekki heimta af henni 8.8% viðbótarskatt þann, sem um getur í 2. tölulið næstu málsgreinar hér á undan, en þó því aðeins, að sendingin sé tollafgreidd í síðasta lagi 30. marz 1960.

Undanþegnar söluskatti af innfluttum vörum eru vörur þær, sem 2. gr. tollskrálaganna tekur til, viðgerðir á skipum og flugvélum framkvæmdar erlendis, svo og vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. hér á eftir.

Í 1. málsgr. 10. gr. tollskrárlaga segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru.

## 2. gr.

Eftirtaldar vörur skulu undanþegnar söluskatti við innflutning, auk þeirra, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaga:

1. Grænmeti, nýtt og þurrkað.
  - a. Laukur (tollskrá 7/3a).
  - b. Kartöflur (tollskrá 7/4a).
  - c. Matbaunir (tollskrá 7/6).
2. Eldsneyti, brennsluoliur, smurningsoliur og smurningsfeiti:
  - a. Steinkol og brúnkol (tollskrá 27/1).
  - b. Koks (tollskrá: 27/2).
  - c. Steinolía, óhreinsoð (hráolía) (tollskrá: 27/14).
  - d. Flugvélabenzín (tollskrá: 27/15 a—b).
  - e. Aðrar brennsluoliur til véla, ót. a. (tollskrá: 27/17).
  - f. Smurningsoliur (tollskrá: 27/18).
  - g. Vélaáburður og annar þvilíkur áburður úr feiti og feitum sýrum (tollskrá: 32/6).
3. Farartæki o. þ. h.:
  - a. Gúmmibjörgunarbátar (tollskrá: 39B/19b).
  - b. Snjóþífreiðar (tollskrá: 75/3).
  - c. Flugvélar og tilheyrandi (tollskrá: 76/1).
  - d. Fallhlífar og tilheyrandi (tollskrá: 76/1a).
  - e. Skip og bátar 10 tonn og stærri (tollskrá: 76/2—3).
  - f. Herpinótabátar (tollskrá: 76/4).
4. Fóðurvörur:
  - a. Hveiti, ómalað (tollskrá: 10/1).
  - b. Bygg, ómalað (tollskrá: 10/4).
  - c. Hafrar, ómalaðir (tollskrá: 10/5).

14  
23. marz

- d. Maís, ómalaður (tollskrá: 10/6).
  - e. Mjöl úr byggi (tollskrá: 11/4).
  - f. Mjöl úr maís (tollskrá: 11/6).
  - g. Kurlaður maís (tollskrá: 11/12a).
  - h. Klíð (tollskrá: 11/22).
  - i. Glútin (tollskrá: 11/23).
  - j. Lucernemjöl (tollskrá: 12/5a).
  - k. Melassi (tollskrá: 17/9).
  - l. Fóðurmjöl úr fiski og fiskúrgangi, einnig þótt í því séu jurtaefni (tollskrá 23/2).
  - m. Olíukökur og mjöl úr þeim (tollskrá: 23/3—10).
  - n. Melassifóður (tollskrá: 23/11).
  - o. Blöndur af korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður (tollskrá: 23/12).
  - p. Kalsíumkarbónat, fellt (tollskrá: 28/39a).
  - q. Krít, þvegin (tollskrá: 30/8).
5. Umbúðir og efni í þær:
- a. Umbúðablöð og hólkar úr plasti, ólitað, einnig áletrað, ef áletrunin ber það með sér, að það sé ætlað utan um íslenzkar afurðir til útflutnings (tollskrá: 39A/2).
  - b. Tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar úr trjáviði (tollskrá: 40/21).
  - c. Spons úr trjáviði (tollskrá: 40/22).
  - d. Siglugjarðir úr trjáviði (tollskrá: 40/23).
  - e. Annað tilnsniðið tunnuefni úr trjáviði (tollskrá: 40/24).
  - f. Trékassar, hálfunnir og tilnsniðnir (tollskrá: 40/26).
  - g. Aðrir trékassar (tollskrá: 40/27).
  - h. Síldartunnur (tollskrá: 40/28).
  - i. Strámottur til umbúða (tollskrá: 42/2).
  - j. Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, áprentaður eða óáprentaður, sem vegur allt að 100, g/m<sup>2</sup> (tollskrá: 40/17).
  - k. Mottur til umbúða (tollskrá: 49/16).
  - l. Umbúðastrigi úr jútu (tollskrá: 49/22).
  - m. Fiskimjölspokar, þ. e. stórir jútupokar undir fiskimjöl, ull o. þ. h. (tollskrá: 52/30a).
  - n. Gjarðajárn (tollskrá: 63/11).
  - o. Fiskkörfur úr járn, stáli eða öðrum járnlegeringum (tollskrá: 63/26a).
  - p. Fiskkassar úr alúmíníum og alúmíníumlegeringum (tollskrá: 66/10).
  - q. Málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt og með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um íslenzkar afurðir (tollskrá: 71/25).
6. Veiðarfæri og efni í þau:
- a. Netjatjara og netjalitur (tollskrá: 28/58a).
  - b. Barkarlitur (tollskrá: 30/2).
  - c. Saltaðar og blásteinslitar nautshúðir í botnvörpur (tollskrá: 36/1a).
  - d. Plastflot til netjagerðar (tollskrá: 39A/6a).
  - e. Netjakúluur (tollskrá: 39A/11a, 60/15, 63/97 og 66/6).
  - f. Botnrúllur (bobbingar) úr trjáviði (tollskrá: 40/46).
  - g. Botnvörpuhlerar úr trjáviði (tollskrá: 40/47).
  - h. Korkplötur, óunnar (tollskrá: 41/1).
  - i. Netja- og nótakorkur alls konar (tollskrá: 41/6).
  - j. Óspunnir nylonþræðir til netjagerðar (tollskrá: 46B/1a).



- k. Netjagarn úr nylon, einlitt (tollskrá: 46B/5).
  - l. Netjagarn úr baðmull (tollskrá: 48/6).
  - m. Hampur (tollskrá: 49/2).
  - n. Netjagarn úr hör eða ramí (tollskrá: 49/5).
  - o. Netjagarn úr hampi (tollskrá: 49/8).
  - p. Botnvörpugarn úr hampi (tollskrá: 49/9).
  - q. Færi og linur til fiskveiða (tollskrá: 50/12).
  - r. Öngultaumar (tollskrá: 50/13).
  - s. Grastóg (tollskrá: 50/17).
  - t. Kaðlar, einnig þótt í þeim sé málmþráður (tollskrá: 50/18).
  - u. Fiskinet og fiskinetjaslöngur (tollskrá: 50/19).
  - v. Netjateinungar (tollskrá: 50/21).
  - w. Lóðarbelgir (tollskrá: 50/22).
  - x. Virkaðlar (tollskrá: 63/27).
  - y. Vörpujárn, „bobbingar“ og aðrir botnvörpuhlutar úr járn, ót. a. (tollskrá: 63/92).
  - z. Veiðarfæralásar og hringar í herpinætur o. þ. h. (tollskrá: 64/13).
  - þ. Blýlóð (sökku) og nótablý (tollskrá: 67/5).
  - æ. Hvalveiðibyssur og hlutar til þeirra (tollskrá: 80/4).
  - ö. Hvalveiðiskutlar (tollskrá: 81/6).
  - aa. Fiskiönglar (tollskrá: 84/9).
  - 7. Tilbúinn áburður (tollskrá: 35/1—10).
  - 8. Aðrar vörur:
    - a. Síldarkrydd, blandað (tollskrá: 9/16a).
    - b. Drúfuvin, brennd vín og aðrir áfengir vökvar, ót. a. (tollskrá: 22/6—38a).
    - c. Borðsalt (tollskrá: 25/9).
    - d. Annað salt (tollskrá: 25/10).
    - e. Dagblaðapappír (tollskrá: 44/11).
    - f. Erlendar bækur, blöð og tímarit (tollskrá: 45/3).
    - g. Frímerki og önnur slík merki (tollskrá 45/6 og 87/2).
    - h. Peningaseðlar, hlutabréf, skuldabréf og önnur þvilík verðbréf (tollskrá: 45/8).
    - i. Mynt (tollskrá: 62/1).
    - j. Heiðursmerki (tollskrá: 62/2).
    - k. Röntgentæki og hlutar til þeirra (tollskrá: 73/78).
    - l. Radartæki, dýptarmælar og fisksjár (tollskrá: 77/16a).
    - m. Gervilimir og tæki fyrir lamað fólk (tollskrá: 77/35).
    - n. Listaverk (tollskrá: 87/1).
    - o. Safnmunir til opinberra safna (tollskrá: 87/3).
- Heimilt er að endurgreiða innflutningsssöluskatt af efni í skip, veiðarfæri og umbúðir um íslenzkar afurðir til útflutnings.

### 3. gr.

Söluskatt af innfluttum vörum skal greiða til tollyfirvaldanna — tollstjórans í Reykjavík, bæjarfógeta í öðrum kaupstöðum, sýslumanna í sýslum og sérstakra lögreglustjóra í Bolungarvík og á Keflavíkurflugvelli — með öðrum aðflutningsgjöldum.

Söluskattur af innflutningi nýtur sömu lögverndar og aðflutningsgjöld. Að þessu og öðru leyti gilda ákvæði laga um tollskrá o. fl. (lög nr. 90/1954 og síðari breytingar á þeim) og ákvæði laga um tollheimtu og tolfefirlit (lög nr. 68/1956) eftir því, sem við á um söluskatt af innfluttum vörum.

14

4. gr.

23. marz

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr 10/1960, um söluskatt, öðlast þegar gildi.

Innheimta á 3% viðskiptasöluskatti þeim, sem samkvæmt j-lið 4. gr. söluskattslaga nr. 10/1960 skal við tollafgreiðslu greiða af vörum til eigin neyzlu eða nota innflytjenda, kemur ekki til framkvæmda fyrr en 1. apríl 1960.

*Fjármálaráðuneytið, 23. marz 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzon.*

Stjórnartíðindi 1960, B. 4.

### Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1960.

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör, undirskrifuð af forsetanum 13. janúar 1960, nr. 1.*

*Lög um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu, undirskrifuð af forsetanum 29. janúar 1960, nr. 2.*

*Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1960, undirskrifuð af forsetanum 12. febrúar 1960, nr. 3.*

*Lög um efnahagsmál, undirskrifuð af forsetanum 20. febrúar 1960, nr. 4.*

*Lög um framlenging á gildi laga nr. 66 1959, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960, undirskrifuð af forsetanum 29. febrúar 1960, nr. 5.*

*Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Monaco, undirskrifuð af forsetanum 26. febrúar 1960, nr. 6.*

*Lög um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 3. marz 1960, nr. 7.*

*Lög um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör, undirskrifuð af forsetanum 11. marz 1960, nr. 8.*

*Lög um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 9.*

*Lög um söluskatt, undirskrifuð af forsetanum 22. marz 1960, nr. 10.*

*Auglýsing um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Sovétríkjanna, undirskrifuð af utanríkisráðherra 18. febrúar 1960, nr. 11.*

*Fjárlög fyrir árið 1960, undirskrifuð af forsetanum 31. marz 1960, nr. 12.*

*Lög um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 13.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, undirskrifuð af forsetanum 30. marz 1960, nr. 14.*

*Lög um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., undirskrifuð af forsetanum 6. apríl 1960, nr. 15.*

*Auglýsing um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Ungverjlands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 22. janúar 1960, nr. 16.*

# REGLUGERÐ

## um söluskatt.

15

31. marz

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt:

- a. af innlendum viðskiptum eins og nánar er fyrir mælt í II.—VI. kafla reglugerðar þessarar.
- b. af innfluttum vörum til eigin neyzlu eða nota innflytjenda, samkvæmt VII. kafla í reglugerð þessari.
- c. af innfluttum vörum eins og ákveðið er í VIII. kafla í þessari reglugerð.

#### 2. gr.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga einn fimmta hluta þess skatts, sem um ræðir í a- og b-liðum 1. gr. og 2. tölulið 25. gr. reglugerðar þessarar.

### II. KAFLI

#### Um skattskyldu.

#### 3. gr.

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu skal greiða 3% söluskatt, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari.

Hver sá, sem selur eða afhendir í atvinnuskyni vöru eða verðmæti, og hver sá, sem innir af höndum vinnu og þjónustu, skal með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í reglugerð þessari, innheimta söluskatt skv. 1. málsg. og standa skil á honum í ríkissjóð.

#### 4. gr.

Söluskattskylda af seldri vöru eða vinnu skal almennt bundin við síðasta stig viðskipta, það er sölu til neytanda. Neytandi telst sá, sem ekki endurselur vöru eða vinnu í atvinnuskyni, sbr. 5. gr.

#### 5. gr.

Sé eigi annað fram tekið í reglugerð þessari, er sala á vöru skattfrjáls til aðila, sem ekki er neytandi, enn fremur til aðila, er kaupir hana sem efni í vöru, er hann hefur atvinnu af að framleiða og selja. Skilyrði fyrir því að heimilt sé skv. framan-sögðu að selja vöru eða vinnu til aðila án söluskatts er, að hann hafi atvinnu af að selja samskonar vöru, eða að hann noti sams konar vöru sem efni í vörur, er hann framleiðir og selur í atvinnuskyni, en hið síðara tekur þó eigi til neins konar óvaranlegra rekstrarvara eða hjálparefna, sbr. 6. gr., heldur einvörðungu til hráefna eða hálfunninnar vöru, sem tekin er til aðvinnslu eða úrvinnslu, og vöru sem myndar efnisþátt eða hluta í nýrri vöru, svo og umbúða.

Eigi má selja vöru án söluskatts skv. þessari grein til annarra en þeirra, er tilkynnt hafa starfsemi sína skv. 15. gr. og sýna heimildarskirteini frá skattýfirvaldi um, að þeir hafi tilkynnt, að þeir hafi með höndum starfsemi sem endurseljendur eða framleiðendur vöru í viðkomandi starfsgrein og heimild til að kaupa vörur án söluskatts.

Með sama hætti og með sömu skilyrðum er skattfrjáls sala á vinnu, sem aðili, er stundar sjálfstæða starfsemi, innir af hendi við framleiðslu vöru fyrir annað atvinnufyrirtæki, sem endurselur verðmæti vinnunnar með vörinni.

15

31. marz

## 6. gr.

Ávallt skal innheimta söluskatt af orku, orkuvörum, óvaranlegum rekstrarvörum og hjálparefnum, sem eyðast við framleiðslu annarrar vöru eða við aðra notkun, sbr. 1. mgr. 5. gr., nema um sé að ræða sölu til verzlunar, sem innheimtir söluskatt af smásöluverði vörunnar.

Ákvæði 1. mgr. taka m. a. til eftirtalinna vörutegunda:

**Orka og efni til orkuframleiðslu.**

Rafmagn, jarðgufa og hitaorka frá jarðhitaverum, brennsluoliur (fuel oils), dieseloliur (gasoil), benzín, steinoliur, gas, kol, koks, viðarkol, mór og mótöflur.

**Vörur vegna vélareksturs og verkstæða.**

Smurningsoliur hvers konar, skurðoliur, boroliur, smurningsfeiti hvers konar, tvistur, hreinsiefni, rafsuðuvír, logsuðuvír, lóðtin, lóðningarfeiti, o. fl., reimaoliur og reimavax, sandur vegna málmsteyppugerðar, slípiefni hvers konar, þar með talinn sandpappír, fljótandi og föst fægiefni, stálull o. s. frv.

**Vörur til þvotta og hreinsunar.**

Sápur, þvottaefni föst og fljótandi, vökvar til notkunar við fatahreinsun, þvottasóði, vítissóði, sóttgreinsunarefni, mineral oliur (white spirit), ræstiduft.

**Efnavörur ýmiss konar.**

Efnavörur til ljósmyndagerðar, ljósprentunar, sítunar, málmhúðunar, litunar, prentmyndagerðar, litprentunar, sterkar sýrur og basar, kemisk sölt og önnur efni, sem notuð eru við iðnað og framleiðslu, enda myndi þau ekki efnisþátt vörunnar, enn fremur sprengiefni, karbít, bleikiefni, bleikijörð, siuleir (filter aid) o. fl.

**Ýmsar vörur.**

Hvellhettur, kveikipræðir, ketilzink, herzluduft, prentmyndamót, leturmót, dekkpappír, límbönd, umbúðapappír, stensilpappír, filmur til offset- og lithografprentunar (ultraphan), svo og önnur þau efni, sem að dómi skattýfirvalda falla undir skilgreiningu reglugerðarinnar.

## 7. gr.

Til skattskyldrar sölu og þjónustu telst meðal annars:

- a. Sala eða afhending frá smásala eða smásölufyrirtæki, þar með talin hvers konar pöntunarfélög, lausaverzlun, sveitaverzlun, tilboðasöfnun, sala vara í umboðs-sölu og sala við frjáls uppboð. Einnig sala eða afhending frá heildsala eða heildsölufyrirtæki til neytenda.
- b. Afhending vöru til greiðslu á vöru, vinnu, þjónustu eða öðru, sem láta á eða látið hefur verið í té.
- c. Sala eða önnur afhending vara, vinna eða þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum eða iðju- og iðnaðarfyrirtækjum, þar með talin afhending vöru, sem framleidd er eða unnið er að eftir pöntun, sbr. þó 10. gr.
- d. Sala eða önnur afhending vara, vinnu eða þjónustu annarra aðila, sem stunda sjálfstæða starfsemi.
- e. Úttekt úr eigin fyrirtæki, hvort heldur til einkanota eigandans eða til nota í atvinnufyrirtækinu sjálfu. Gildir þetta bæði um aðkeyptar vörur og vörur, sem eru framleiddar eða sæta aðvinnslu í fyrirtækinu, svo og vinnu og þjónustu. Þetta tekur þó eigi til vöru, vinnu eða þjónustu, sem undanþegin er sölu-skatti.
- f. Þjónusta viðgerðarverkstæða vegna eigin rekstrar.
- g. Hvers konar sala, afhending eða þjónusta látin í té í matsölu-, veitinga- og gistihúsum, þvottahúsum, efnalaugum, hárgreiðslustofum, rakarastofum og öðr-

um snyrtistofum, flutningastarfsemi sem ekki er sérstaklega undanþegin, kvik- **15**  
 myndaleiga, véla- og önnur lausafjárleiga, afgreiðslu- og stöðvargjöld, upp- **31. marz**  
 skipunar- og útskipunargjöld, fyrirgreiðslustarfsemi ferðaskrifstofa og önnur  
 slík starfsemi, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum og hvers konar skemmti-  
 starfsemi, og tekur þetta einnig til sölu, afhendingar og þjónustu fyrir hina  
 skattskyldu aðila sjálfa.

Til skattskyldrar flutningastarfsemi teljast fólksflutningar með skipum og  
 flugvélum, bæði innanlands og milli Íslands og annarra landa á siglingaleiðum  
 íslenzkra skipa eða flugvéla, enda sé farseðill seldur á Íslandi fyrir íslenzkan  
 gjaldeyri. Þá eru fólksflutningar með bifreiðum skattskyldir, sbr. þó 10. gr.

Til skattskyldra sýninga í kvikmyndahúsum eða leikhúsum teljast hvers  
 konar sýningar, þar sem aðgangseyrir er greiddur, annaðhvort við inngang eða  
 sem hluti af félagsgjöldum. Skiptir ekki máli, þótt sýningar þessar séu ekki  
 fyrir almenning.

Til skemmtistarfsemi teljast hvers konar samkomur fólks, þar sem að-  
 gangseyrir er greiddur annað hvort við inngang eða sem hluti af félagsgjaldi,  
 svo sem söng- og annar tónlistarflutningur, fyrirlestrahald, dansleikir og fjöl-  
 leikasýningar. Skiptir ekki máli, þótt samkomur þessar séu ekki opnar fyrir  
 almenning.

Af þeim skemmtunum, sem skemmtanaskattur er greiddur af, skal greiða  
 söluskatt um leið og skemmtanaskattinn, sbr. 19. gr. b.

h. Afnotagjöld útvarps og gjöld fyrir útvarpsauglýsingar.

i. Leiga gistihúsa og samkomuhúsa.

Þegar gisti- eða samkomuhús er selt á leigu til aðila, sem rekur það sam-  
 fellt um tiltekinn tíma og greiðir söluskatt af þeim rekstri, skal eigi greiða  
 söluskatt af leigutekjum leigusala.

j. Sala á raforku og heitu vatni frá rafmagnsveitum og hitaveitum.

Eigi skiptir máli, hvort rafmagnsveita fær orku frá vatns- eða gufuafllstöð  
 eða mótorrastöð. Heitt vatn frá hitaveitu er skattskýlt, þótt nokkur hluti hins  
 heita vatns sé eigi jarðhitavatn.

k. Sala hvers konar váttrygginga, sem lög nr. 20/1954 taka til, að undanteknum  
 líftryggingum skv. III. kafla laganna.

l. Sala hvers konar auglýsinga, einnig hjá þeim aðilum, sem um ræðir í 11.  
 tölulið 9. gr.

## 8. gr.

Söluskattskyldir eru:

a. Allir þeir aðilar, sem skattskyldir eru samkv. lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt  
 og eignarskatt, og hafa með höndum einhvern þann atvinnurekstur eða starf-  
 semi, sem skattskyld er skv. reglugerð þessari og ekki eru sérstaklega undan-  
 þegnir söluskattskyldu.

b. Allir þeir aðilar, sem skattfrjálsir eru skv. fyrrgreindum lögum um tekju-  
 skatt og eignarskatt, eða sérstökum lögum, ef þeir hafa með höndum sams konar  
 eða svipaða starfsemi eða viðskipti og þeir aðilar, sem skattskyldir eru skv.  
 a-lið þessarar greinar, einnig opinber fyrirtæki, enda þótt starfsemi þeirra sé  
 ekki sama eðlis.

c. Umboðsmenn og aðrir aðilar, sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila, sem hafa  
 hér á landi söluskattskylda starfsemi eða viðskipti.

III. KAFLI  
Undanþágur.

## 9. gr.

Sala á eftirtöldum vörum og verðmætum er undanþegin söluskatti:

1. Vörur, sem seldar eru til útflutnings.  
Undanþágan tekur aðeins til útflutningsvörunnar sjálftrar, en ekki til vinnu eða þjónustu við hana, sem skattskyld kann að vera samkv. öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, sbr. einnig 6. gr.
2. Sala á nýmjólk, súrmjólk og undanrennu. Þetta gildir þó ekki, ef um er að ræða sölu á mjólk í veitingahúsum, matsölum, veitingatjöldum eða öðrum greiðasölustöðum. Sala á öðrum mjólkurafurðum er söluskattskyld, svo sem rjóma, smjöri, skyri, ostum, mysu og þurrmjólk.
3. Fiskumbúðir og kjötpokar.
4. Veifaræri þau, sem talin eru í 6. tölulið 26. gr. þessarar reglugerðar, enn fremur efni til veifaræragerðar og viðgerðar veifaræra, sem þar er talið, enda sé um að ræða sölu til aðila, sem framleiðir eða gerir við veifaræri, eða til aðila, sem stundar útgerð. Þessi ákvæði taka þó ekki til sportækja og efnis í þau.
5. Salt, þó ekki ef það er selt í smásöluumbúðum.
6. Beita, en þar til telst auk beitusildar önnur beita úr dýraríkinu.
7. Tilbúinn áburður, þó ekki ef hann er seldur í smásöluumbúðum og innihald með umbúðum vegur eigi yfir 5 kg.
8. Grasfræ.
9. Innlent fóðurmjöl og hey, svo og fóðurvörur þær, sem undanþegnar eru innflutningssöluskatti skv. 4. tölulið 26. gr.
10. Flugvélaeldsneyti, þar með talið methanol og eimað vatn til blöndunar þess.
11. Sala innlendra dagblaða og hliðstæðra blaða svo og tímarita, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni.
12. Fasteignir, skip, flugvélar, flugvélavarahlutir og verðbréf. Undanþágan tekur aðeins til sölu á nefndum verðmætum, en ekki til sölu á efni, sem notað er til byggingar þeirra eða smíða, nema að undanþegið sé sérstaklega.
13. Lausafé, sem seljandi hefur notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, enda geti salan ekki talizt til atvinnurekstrar.  
Með þessu ákvæði er t. d. undanþegin sala á notuðum munum einstaklinga, enn fremur sala véla og áhalda atvinnufyrirtækja, sem notuð hafa verið í atvinnurekstri, ef salan getur talizt eðlilegur þáttur í endurnýjun og viðhaldi þeirra eða ef fyrirtæki hættir starfsemi. Sé sala nefndra fjármuna meiri eða örari en eðlilegt getur talizt með tilliti til aðstæðna hverju sinni, verður að líta svo á að um skattskylda starfsemi sé að ræða.
14. Heimilisnotkun framleiðenda landbúnaðar- og sjávarafurða á eigin framleiðsluvörum.
15. Heimilt er að endurgreiða söluskatt af efni, vinnu, vélum, og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á rúmlest.
16. Heimilt er að endurgreiða söluskatt af efni til flokkunaraðgerða skipa, svo og af efni til meiri háttar viðgerða skipa og skipsvéla.

## 10. gr.

Eftirtalin starfsemi og þjónusta er undanþegin söluskatti:

1. Vinna við húsbýggingar og aðra mannvirkjagerð, enn fremur vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Á þetta við um hvers konar mannvirki, og skiptir ekki máli hver lætur vinnuna í té. Undanþágan á þó ekki við um

vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara, sem fram fer í verksmiðju, **15** verkstæði eða starfstöð, heldur tekur hún einungis til þeirrar vinnu, sem unnin **31. marz** er á byggingarstað.

Nú fer aðvinnsla á efni eða vöru að einhverju leyti fram á verkstæði eða í verksmiðju og að öðru leyti á byggingarstað, og er þá sú vinna, sem fram fer á byggingarstað, skattfrjáls, samanber þó næstu málsgrein.

Þegar settar eru upp vélar á eða í byggingarstað til aðvinnslu á vörum eða efni til mannvirkis, sem að jafnaði er unnið á verkstæði eða í verksmiðju, skal sú vinna eða aðvinnsla teljast skattskyld.

Uppsetning véla eða tækja í verksmiðju eða verkstæði skal teljast sölu-skattskyld, þótt vinnan fari fram á byggingarstað.

2. Vinna við skip- og flugvéla viðgerðir, hvort sem hún er framkvæmd af verkstæðum, verktökum, einstökum iðnaðarmönnum eða öðrum. Á þetta bæði við viðgerðir á skips- eða flugvéla skrokk, föstum vélum, tækjum og munum, sem telja má venjulegt fylgifé með skipum eða flugvélum. Undanþágan tekur aðeins til vinnu við skipaviðgerðir en ekki til sölu eða afhendingar efnis í sambandi við þær. Undanþágan á ekki við um önnur skip en þau, sem notuð eru til fiskveiða, vöru- og fólksflutninga eða til opinberra þarfa.
3. Vinna við viðgerðir veiðarfæra, þó ekki sporttækja.
4. Vöruflutningar, svo og fólksflutningar almennra leigubifreiða. Undanþágan tekur til vöruflutninga bæði á sjó og landi og í lofti.
 

Akstur almennra leigubifreiða, 6 farþega og minni, til fólksflutninga frá bifreiðastöðvum er skattfrjáls, enda sé ekki ekið eftir fyrir fram fastákveðnum leiðum, svo og akstur hliðstæðra bifreiða, þótt eigi sé ekið frá bifreiðastöð. Enn fremur akstur sjúkrabifreiða, enda sé ekki um atvinnufyrirtæki að ræða. Skattskyldir eru hins vegar fólksflutningar með strætisvögnum, langferða- og hópferðabifreiðum, svo og bifreiðum, sem annast fólksflutninga á sérleyfisleiðum.
5. Húsaleiga, þó ekki leiga gistihúsa og samkomuhúsa. Undanþágan á við um húsaleigu almennt, hvort heldur er til íbúðar eða atvinnurekstrar.
6. Útfararþjónusta.
7. Rekstur sjúkrahúsa, fæðingarheimila, heilsuhæla og annarra þvilíkra stofnana. Undanþágan nær aðeins til þeirrar þjónustu, sem nefndar stofnanir láta í té, en ekki til vara, vinnu eða þjónustu, sem þær sjálfar þurfa að kaupa.
 

Til hliðstæðra stofnana í þessu sambandi teljast elliheimili, vöggustofur, barnaheimili svo og hæli fyrir drykkjusjúklinga og lamaða og fatlaða.
8. Sala fasteigna, skipa, flugvéla, verðbréfa og annarra þvilíkra verðmæta, en þar til teljast einkaleyfi, hlutabréf og hvers konar kröfur svo og húsaleigumiðlun. Undanþágan tekur til miðlaraþóknunar eða umboðspóknunar til fasteigna-, skipa- og verðbréfasala eða miðlara fyrir þá þjónustu, sem nefndir aðilar inna af hendi.
9. Lækningar og lögfræðistörf og önnur hliðstæð þjónusta. Til lækninga í þessu sambandi teljast ljós- og nuddlækningar, störf ljósmæðra og hjúkrunarkvenna, þjónusta sálfræðinga og uppeldisfræðinga, tannsmíði og tannviðgerðir svo og framleiðsla gervilima og umbúða um lamað fólk. Þá teljast hér til þjónusta endurskoðenda, verkfræðinga, arkitekta, presta og hliðstæðra aðila.
10. Sala listamanna sjálfra á eigin verkum. Enn fremur sala á einkarétti eða höfundarrétti að uppfinningu eða hugverki. Undanþágan á eingöngu við um sölu höfundar á frumverkinu.
11. Sala neyzluvatns.
12. Póst- og símaþjónusta svo og þjónusta banka og sparisjóða. Sama gildir um stofnanir og sjóði, sem hafa með höndum hliðstæða starfsemi, enda hafi þeir fengið opinbera viðurkenningu.

- 15 13. Mötuneyti skólafólks og starfsmannahópa, svo og fæðissala atvinnurekenda til starfsmanna þeirra.
31. marz 14. Skipa- og flugvélaeiga greidd af erlendum aðilum og í erlendum gjaldeyri.
15. Prentun bóka, blaða og timarita. Öll önnur prentun er skattskyld.
16. Hafnar-, vita- og lendingargjöld.

#### IV. KAFLI

#### Um tilhögun viðskipta, gjaldstofn og tilkynningarskyldu.

##### 11. gr.

Reki aðili margþætta starfsemi þannig, að sumir þættir hennar séu skattskyldir, en aðrir skattfrjálsir, er það skilyrði fyrir því, að þau viðskipti, sem stafa af hinni skattfrjálsu starfsemi, geti við framtal og skattútreikning komið til frádráttar heildarveltu aðila, að hin skattfrjálsu og skattskyldu viðskipti séu greinilega aðgreind bæði í bókhaldi hans og í framtali, svo að fullnægjandi sé talið að dómi skattfirvalda.

Bókhaldi umræddra aðila skal hagað þannig:

- A. Þeir, sem skyldir eru til að færa tvöfalt bókhald samkvæmt lögum nr. 62/1938, skulu auk þess, sem þar er fyrir mælt, nota fyrir fram tölusettar frumbókar- eða sölunótur í framhaldandi töluröð.

Á slíkar frumbókar- eða sölunótur skal færa allar sölur til endurseljenda og vörusölu, sem undanþegin er samkv. 3.—10. lið 9. gr., þar með taldar sölur gegn staðgreiðslu, ef selt er án söluskatts.

Á frumbókar- eða sölunótu skal greina: dagsetningu, nafn og heimili kaupanda, vörumagn, tegund og verð. Einnig skal þar tekið fram, að söluskattur sé ekki innifalinn í verðinu, t. d. með orðunum „án söluskatts“. Þá skal og kaupandi eða starfsmaður hans kvitta á nótuna fyrir móttöku vörunnar. Ef starfsmaður kvittar fyrir móttökunni, skal hann undirrita þannig: „f. h. N. N.“ og síðan undirskrift starfsmanns.

Seljandi skal halda eftir tveimur afritum af umræddum frumbókar- eða sölunótum. Skulu afrit þessi geymd og raðað, annars vegar í töluröð og hins vegar eftir stafrófsröð kaupenda.

Færa skal sérstakan sölureikning yfir skattfrjálsa sölu, þ. e. sölu til endurseljenda og sölu á vöru, sem undanþegin er söluskatti samkv. 3.—10. tölulið 9. gr.

Það, sem segir um vörur, gildir einnig um vinnu og þjónustu, eftir því sem við á.

- B. Aðilar, sem reka söluskattskylda starfsemi og ekki eru skyldir til að færa tvöfalt bókhald samkvæmt lögum nr. 62/1938 skulu, að því er varðar rekstur þeirrar starfsemi, færa a. m. k. eftirfarandi bækur:

1. Sjóðbók.
2. Aðalbók með efnahagsreikningi (eða aðalbók og efnahagsbók).
3. Viðskiptamannabók eða reikningskort um skuldir og útlán.

Sjóðbók og aðalbók, einnig efnahagsbók, skulu vera innbundnar og tölusettar áður en þær eru teknar í notkun. Það sem skrifað er í bækurnar eða á kortin má ekki gera ólæsilegt. Bannað er að taka blöð út úr bókum.

Í sjóðbók skal færa daglega allar innborganir og útborganir. Allt, sem tekið er út til eigin neyzlu eða nota, skal fært í einkareikning. Sjóðbókin skal gerð upp mánaðarlega og niðurstöður færðar í aðalbók. Sá sem verzlur með vörur skal færa sérstakan sölureikning yfir skattfrjálsa sölu, sbr. A-lið 5. málsg. Í árslok skal gera rekstrar- og efnahagsreikning og vörubirgðatalningu.



Allar reikningsbækur og reikningskort ásamt öllum tilheyrandi fylgiskjölum skal geyma í skipulegri röð í 5 ár.

C. Ef heildarvelta aðila, sem talin er undir B-lið, var minni en kr. 100000.00 á næsta ári á undan, er honum ekki skylt að færa bækur þær, sem taldar eru undir tölulíðum 2 og 3 í B-lið, en þá skal færa aftast í sjóðbók eða sérstaka bók mánaðarlegar niðurstöðutölur í sjóðbók og einkareikningi. Um sjóðbók og fylgiskjöl, færslu og geymslu gildir að öðru leyti það sama og segir í B-lið.

15

31. marz

#### 12. gr.

Eigi er seljanda vöru eða þjónustu heimilt að falla frá innheimtu söluskatts, nema óyggjandi sé, að ekki sé um sölu til neytanda að ræða. Þetta gildir þó ekki, þegar um er að ræða vörur, sem aðeins að litlu leyti eru ætlaðar til einkanota kaupandans. Heimilt er þá að selja þær án söluskatts, en kaupanda ber þá að telja fram sem skattskylda einkaúttækt það, sem hann notar af vörunni.

Sala söluskattskylds verðmætis án söluskatts er aldrei heimil, nema kaupandi hafi tilkynnt starfsemi, sem endurseljandi þeirrar vöru eða vinnu, sem seld er, og hafi í höndum skírteini, sbr. 16. gr.

Nú hefur endurseljandi keypt vöru, vinnu eða þjónustu og greitt af því sölu-skatt, og er honum þá heimilt að draga innkaupsverðið frá söluskattskyldri veltu sinni, sbr. 17. gr. B. 3. Hafi hann hins vegar enga söluskattskylda veltu fram að telja eða söluskattskyld velta hans nemur lægri fjárhæð en nefnd innkaup, þá skal hann fá endurgreiddan þann söluskatt, sem hann þannig hefur ofgreitt. Endurgreiðsla kemur þó eigi til greina, nema hinn ofgreiddi söluskattur sé minnst kr. 1000.00 á ári.

#### 13. gr.

Söluskattur miðast við heildarendurgjald eða heildarandvirði vöru, starfsemi og þjónustu án frádráttar nokkurs kostnaðar eða þjónustugjalds, án tillits til þess í hverju greiðsla er fólgin og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Söluskattur skv. II.—VI. kafla telst þó ekki með heildarandvirðinu.

Sé um að ræða skipti á vöru eða þjónustu, gjafir, afhending vara án endurgjalds, úttækt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum.

Við sölu vara í umboðssölu skal skatturinn reiknast af heildarandvirði vörunnar. Framreiðsla á veitingastöðum telst ekki umboðssala.

Af skemmtunum, sem aðgangur er seldur að, skal söluskatturinn reiknaður af söluverð aðgöngumiða að meðtöldum skemmtanaskatti. Sé aðgangur ekki seldur, skal skatturinn miðast við veltu sem svarar til raunverulegs kostnaðar við skemmtunina.

#### 14. gr.

Verð vöru, vinnu og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur.

Nú vanrækir aðili að taka söluskatt af vöru, vinnu eða annarri þjónustu, sem skattskyld er skv. reglugerð þessari, ber honum eigi að síður að standa skil á skattinum.

#### 15. gr.

Hver sá, sem í eigin nafni eða í umboði annarra rekur viðskipti með skattskyldar vörur, svo og hver sá, sem stundar sjálfstæða starfsemi eða selur einhverja þá þjónustu, sem ekki er sérstaklega undanþegin söluskatti skv. 10. gr., skal ótilkvaddur senda skattstjóra eða skattanefnd þar, sem hann er heimilisfastur, tilkynningu um atvinnurekstur sinn eða starfsemi.

Tilkynningu þessa skal senda fyrir hinn 1. maí 1960. Þeir, sem hefja tilkynningarskylda starfsemi síðar, skulu senda tilkynningu, áður en starfsemin hefst.

15 Tilkynningar þessar skal senda á þar til gerðum eyðublöðum, sem fást hjá 31. marz skattstjórum og skattanefndum. Í tilkynningu skal greina nafn og heimilisfang aðila, firmanafn atvinnu, ef það er notað, hvers konar rekstur sé um að ræða, hver eða hverjir séu eigendur og hver eða hverjir stjórnendur, framkvæmdastjóri eða prókúruhafi. Einnig skal gefa upplýsingar um önnur atriði, sem tilgreind eru á eyðublöðunum.

Ef einhver rekur fjölþætta starfsemi, þá skal hann senda sérstaka tilkynningu fyrir hvern þann þátt starfseminnar, sem talin verður sjálfstæð starfsemi eða sérstök atvinnugrein.

Skattstjórar og skattanefndir skulu gera skrá um alla þá, sem tilkynnt hafa starfsemi sína, og fengið skirteini, er veita þeim heimild til að kaupa vöru, vinnu og þjónustu án söluskatts, sbr. 16. gr. Eintak af skráum þessum skal sent til skattstjórans í Reykjavík.

#### 16. gr.

Sá, sem tilkynnt hefur starfsemi sína, skal fá sérstakt skirteini, og veitir það heimild til kaupa á vörum og vinnu til endursölu án söluskatts, samkv. því sem nánar er fyrir mælt og með þeim takmörkunum sem gerðar eru í 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar.

Slík skirteini veita ekki heimild til að kaupa til endursölu án söluskatts:

- a. Vörur, sem seldar eru í smásölu, sbr. 19. gr. a.
- b. Vörur þær, sem Tóbakseinkasala ríkisins selur, sbr. 19. gr. c.
- c. Benzín og oliur, sbr. 19. gr. d.
- d. Vörur, sem seljandi telur vafa leika á, hvort heimilt sé að selja handhafa skirteinis án söluskatts. Í þeim tilfellum er seljanda óheimilt að falla frá innheimtu söluskatts, sbr. 12. gr.

Skirteini þessi skulu gefin út til ákveðins tíma, en falla þó jafnskjótt úr gildi og aðili hættir starfsemi þeirri sem þau taka til, enda ber honum þegar í stað að tilkynna það viðkomandi skattyfirvöldum. Einnig skal aðili tilkynna skattyfirvöldum um breytingar á starfsháttum og heimilisfangi. Ef starfsemi hættir vegna andláts eða gjaldþrots, þá skal skilanefnd eða skiptaráðandi tilkynna slíkt.

## V. KAFLI

### Um framtöl söluskatts, innheimtu, kærur og úrskurði.

#### 17. gr.

Skattskyldir aðilar skulu ótilkvaddir, á þar til gerðum eyðublöðum, senda skattstjóra eða skattanefnd þar, sem þeir eru heimilisfastir, skýrslu um heildarveltu sína á hverjum ársfjórðungi, þar með talin úttekt til eigin nota, ásamt upplýsingum um skattfrjálsa sölu. Skýrslan skal hafa borizt skattyfirvöldum í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.

Ef sami aðili rekur fjölþætta starfsemi, þá skal hann senda sérstaka skýrslu fyrir hvern þátt starfseminnar, sem talin verður sjálfstæð starfsemi eða sérstök atvinnugrein.

Skattstjóri eða skattanefnd geta þó heimilað þeim, sem reka smávægileg viðskipti, að telja fram í einu lagi alla ársveltu sína innan 15 daga frá árslokum, enda sé heildarvelta að frádræginni skattfrjálsri sölu venjulega minni en kr. 100000.00 á ári.

#### A. Á söluskattsskýrslu skal greina:

1. Heildarandvirði allra seldra vara, þar með skattfrjálsra vara svo og seldrar vinnu og þjónustu án frádráttar nokkurs kostnaðar og að meðtöldum söluskatti.

2. Úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki, þar með taldar þær vörur, vinna og 15 þjónusta, sem út er tekin til afnota fyrirtækisins sjálf. Skattverðið miðast 31. marz við almennt söluverð á staðnum.
3. Annað: svo sem verðmæti vöru eða vinnu, sem látin er í skiptum fyrir vörur eða sem greiðsla fyrir vinnu eða þjónustu.
- B. Á söluskattsskýrslu skal færa til frádráttar:
1. Söluverð þeirra vara, sem undanþegnar eru söluskatti skv. 3.—10. tölulið 9. gr., skv. sölunótum, sbr. 11. gr. svo og söluverð nýmjólkur, sbr. 2. tölulið 9. gr. Söluverð nýmjólkur skal reiknað skv. innkaupareikningum miðað við útsöluverð.
  2. Söluverð skattskyldra vara, sem seldar eru til endurseljenda án söluskatts skv. sölunótum, sbr. 11. gr.
  3. Innkaupsverð þeirra vara, vinnu og þjónustu, sem endurseljandi kynni að hafa keypt til endursölu með söluskatti, t. d. í smásölu, sbr. 19. gr., eða vegna þess að seljandi hafi eigi talið sér heimilt að falla frá innheimtu söluskatts, sbr. 12. gr.
  4. Annar frádráttur, t. d.:
    - a. Útsöluverð á tóbaksvörum og benzíni og olíum, sbr. 19. gr., þ. e. til frádráttar heildarveltu á hverjum ársfjórðungi, skal færa það söluverðmæti, sem Tóbakseinkasala ríkisins og innflytjendur benzíns og olíu hafa gert aðila að greiða skatt af á sama ársfjórðungi.
    - b. Söluverð aðgöngumiða, sem söluskattur hefur verið greiddur af með skemmtanaskatti, sbr. 19. gr., sé um aðra veltu að ræða.
    - c. Vinnu við húsbýggingar, skipa- og flugvéla viðgerðir, einnig innborganir fyrir vöruflugninga, sbr. 1., 2. og 4. tölulið 10. gr., eða aðra skattfrjálsa sölu, sem kynni að vera innifalin í heildarveltu og ekki er talin hér áður.
    - d. Ef frádráttur samkv. B-liðum er einhvern ársfjórðung hærrí en samanlögð velta samkv. A-liðum, þá skal það, sem umfram er, dregið frá veltu næsta eða eftir atvikum næstu ársfjórðunga, eða endurgreitt samkv. síðustu málsg. 12. gr.

Þeim, sem taldir eru í C. lið 11. gr., er þó ekki skylt að gefa upp heildarveltu heldur aðeins skattskylda veltu, ef skattstjóri eða skattanefnd samþykkja slíkt.

Skattskyldur aðili skal til viðbótar því, sem skýrslueyðublöðin gefa tilefni til, skýra frá öðrum atriðum, sem kunna að skipta máli um skattlagninguna. Einnig er skattskyldum aðila skylt að láta skattyfirvöldum í té í því formi, sem óskað er, nánari sundurliðun á skattfrjálsri sölu og öðrum frádráttarliðum, svo og styðja þá gögnum, ef þess er óskað.

Skattstjóri eða skattanefnd skal rannsaka skýrslurnar og leiðrétt skattinn, ef hann er rangt fram talinn.

Einnig skulu skattstjórar eða skattanefnd áætla söluskatt af viðskiptum þeirra aðila, sem ekki senda skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef framtali er ábótavant.

Skattálagningu skal lokið innan mánaðar eftir lok hvers ársfjórðungs og skattupphæðin tilkynnt innheimtumanni og skattgreiðanda.

#### 18. gr.

Skattskyldir aðilar skulu í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs greiða til innheimtumanna ríkissjóðs söluskatt þann, sem þeim ber að standa skil á fyrir ársfjórðunginn. Síðasti dagur framtalsfrestsins, sbr. 17. gr., telst gjald-dagi alls skattsins fyrir þann ársfjórðung, hvort sem hin skattskyldu viðskipti eru talin fram eða ekki.

- 15 Hafi einhver, sem greiða skal söluskatt, eigi skilað honum innan mánaðar frá  
 31. marz gjalddaga, skal hann greiða  $1\frac{1}{2}\%$  í dráttarvexti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá  
 gjalddaga. Þá má innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur hans, þar  
 til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, skrifstofur, útsölur, tæki og  
 vörur undir innsigli.

## 19. gr.

Eftirfarandi sérákvæði gilda um innheimtu söluskatts af neðantalinni starfsemi og viðskiptum:

- Seljendur skulu innheimta söluskatt af verði allrar söluskattskyldrar vöru og þjónustu, sem seld er í smásölu, og skiptir þá ekki máli, hvort um er að ræða sölu til neytanda eða endurseljenda. Þó skal ekki innheimta söluskatt af sölu á tímberi, trjávörum, steypustyrktarjárnri og sementi til endurseljenda.
- Söluskattur af aðgangseyri að skemmtunum skal innheimtur með skemmtana-skatti, nema um fastan rekstur kvikmyndahúss eða leikhúss sé að ræða.
- Af vörum þeim, sem Tóbakseinkasala ríkisins selur, skulu þeir aðilar, sem hafa með höndum smásölu slíkra vara, greiða einkasölnni söluskatt af þeim vörum, um leið og þeir greiða kaupverð varanna, og skal skatturinn miðaður við smásöluverð.
- Innflytjendur olíu og benzíns skulu taka söluskatt við sölu eða afhendingu þessara vara til umboðsmanna sinna eða annarra aðila. Skatturinn skal miðast við smásöluverð.
- Ef ársvelta nemur eigi meiru en kr. 1000.00, skal söluskattur ekki innheimtur.

## 20. gr.

Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á söluskatti, geta kært hann til þeirra innan innan 10 daga frá því að skattur var ákveðinn. Skattstjóri eða skattanefnd skal kveða upp úrskurð um kærana og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi innan 10 daga frá lokum kærufrests.

Úrskurðum þeirra má áfrýja til Ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

Kærufrestur til Ríkisskattanefndar skal vera 15 dagar frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra eða skattanefndar, og úrskurðarfrestur Ríkisskattanefndar jafnlangur.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að skjóta ákvörðunum skattstjóra eða skattanefndar til Ríkisskattanefndar án tillits til kærufresta.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, og ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal endurgreiða það, sem lækkininni nemur.

## 21. gr.

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, en það skal þó gert innan 6 mánaða frá því Ríkisskattanefnd úrskurðaði málið.

## VI. KAFLI

## Um eftirlit og upplýsingaskyldu.

## 22. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af þeim, sem telja má gjaldskylda, allra nauðsynlegra gagna til skýringar á framtali. Enn fremur er skatt-yfirvöldum heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldsgögnum aðila, samningum, verzlunarbréfum og öðrum slíkum skjölum, til athugunar og endurskoðunar. Á sama hátt er heimilt að krefja skattþegn og ábyrga forstöðumenn skattskyldra fyrirtækja

eða stofnana um nauðsynlegar upplýsingar svo og, að þeir veiti eftirlitsmönnum eða 15  
endurskoðendum skattyfirvalda aðgang að skrifstofum, vinnustöðvum, vörugeymslu- 31. marz  
húsum og öðrum þess háttar stöðum til birgðakönnunar og annars eftirlits með  
viðskiptum hlutaðeigenda.

Þá hafa skattstjórar og skattanefndir rétt til þess að krefjast upplýsinga af þeim, er hafa keypt af söluskattskyldum aðila eða selt honum vörur eða haft við hann önnur viðskipti, þar með krefja húseigendur um upplýsingar um atvinnurek- endur og aðra, sem hafa verzlun, verkstæði, skrifstofur eða aðra starfsstöð í húsum þeirra. Einnig skulu félög og félagasamtök atvinnurekenda, iðnaðarmanna og annarra viðkomandi aðila skyld að gefa upplýsingar um meðlimi sína og atvinnu þeirra.

Opinberar stofnanir skulu veita aðgang að öllum gögnum, er að dómi skatt- stjóra og skattanefnda eru nauðsynleg til endurskoðunar framtals og ákvörðunar skatts, og er forstöðumönnum og starfsmönnum nefndra stofnana skylt að láta skattstjóra, skattanefnd eða starfsmönnum þeirra í té alla nauðsynlega aðstoð og upplýsingar, sem óskað er eftir og unnt er að veita.

### 23. gr.

Eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra hefur skattstjórinn í Reykjavík á hendi eftirlit og rannsókn hjá söluskattskyldum aðilum utan Reykjavíkur, og við þá rann- sókn og eftirlit getur hann gert viðkomandi aðilum að greiða söluskatt, en ætíð skal hann gera aðilum aðvart áður en hann leggur söluskatt þannig á eða breytir hon- um. Aðili getur og kært slíka álagningu og hækkun til skattstjóra og Ríkisskatta- nefndar, og gilda þá jafnlangir kærufrestir og úrskurðarfrestir og við hina ársfjórð- ungslegu álagningu, sbr. 18. og 20. gr.

## VII. KAFLI

### Um viðskiptasöluskatt af innflutningi til eigin nota.

#### 24. gr.

Nú er vara, sem skattskyld er samkvæmt II.—VI. kafla þessarar reglugerðar, flutt inn til eigin nota eða neyzlu, og skal þá sá, sem flytur inn vöruna, greiða af henni við tollafgreiðslu 3% söluskatt þann, sem um getur í 3. gr. þessarar reglu- gerðar. Skal skatturinn þá reiknaður af tollverði vöru, að viðbættum innflutn- ingssöluskatti samkvæmt 25. gr. hér á eftir, innflutningsgjaldi og öðrum aðflutn- ingsgjöldum, að viðbætti 10% áætlaðri álagningu. Tekur gjaldskyldan til gjafa, sýnishorna og þess háttar, svo og til véla, sem settar eru í íslensk skip erlendis, enda sé ekki um nýbyggingu skips að ræða.

Undanþegnar viðskiptasöluskatti samkvæmt 1. málsgrein hér á undan eru vörur þær, sem getur í 9. gr. þessarar reglugerðar, og auk þess vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaga.

Ef fluttar eru inn vörur, sem ætlaðar eru til sölu, skal innflytjandi áður en hann afhendir innflutningsskjölin til tollmeðferðar hafa tilkynnt skattyfirvöldun- um (skattstjóra eða skattanefnd) um starfsemi sína og hafa fengið hjá þeim númerað skirteini, sem sýnir, að tilkynningarskyldunni hafi verið fullnægt. Þá skal inn- flytjandinn einnig áður en hann afhendir innflutningsskýrslurnar til tollmeðferðar hafa ritað á þær eftirfarandi yfirlýsingu og skal hafa með í yfirlýsingunni annað- hvort: „til endursölu“ eða: „sem efnivöru í söluvöru“ eftir því, hvort við á hverju sinni:

15  
31. marz

*Því er hér með lýst yfir, að í sendingu þessari eru eingöngu vörur, sem eru fluttar inn til endursölu, sem efnivörur í söluvörur, og á ég því ekki að greiða af sendingunni viðskiptasöluskatt við innflutning, sbr. skirteini skattstjóra (skattanefndar) nr. ....*

.....  
(Staður og dagsetning)

.....  
(Undirskrift)

Um söluskatt samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 3. málsgr. 25. gr. og 27. gr. eftir því, sem við á.

### VIII. KAFLI

#### Um söluskatt af innfluttum vörum.

##### 25. gr.

Af innfluttum vörum skal við tollafgreiðslu greiða söluskatt sem hér segir:

1. 7% — sjö af hundraði — samkvæmt 17. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, og
2. 8% — átta af hundraði — samkvæmt a-lið bráðabirgðaákvæðis nefndra laga, samtals 15% — fimmtán af hundraði — af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —, og tekur gjaldskyldan einnig til gjafa, sýnishorna og þess háttar, svo og til véla, sem settar eru í íslensk skip erlendis, enda sé ekki um nýbyggingu skips að ræða.

Undanþegnar söluskatti af innfluttum vörum eru vörur þær, sem 2. gr. tollskrárlaga tekur til, viðgerðir á skipum og flugvélum framkvæmdar erlendis, svo og vörur þær, sem taldar eru í 26. gr. hér á eftir.

Í 1. málsgr. 10. gr. tollskrárlaga segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru.

##### 26. gr.

Eftirtaldar vörur skulu undanþegnar söluskatti við innflutning, auk þeirra, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaga:

1. Vörur til manneldis:
  - a. Laukur (tollskrá: 7/3).
  - b. Kartöflur (tollskrá: 7/4).
  - c. Þurrkaðar baunir, ertur og linsur og aðrir þurrkaðir belgávextir (tollskrá: 7/6).
  - d. Kaffi, óbrennt (tollskrá: 9/1).
  - e. Kaffi, brennt eða brennt og malað (tollskrá: 9/2).
  - f. Rúgur, ómalaður (tollskrá: 10/2).
  - g. Rís með hýði eða án ytra hýðis (tollskrá: 10/3).
  - h. Hveitimjöl (tollskrá: 11/1).
  - i. Rúgmjöl (tollskrá: 11/2).
  - j. Rísmjöl (tollskrá: 11/3).
  - k. Haframjöl (tollskrá: 11/5).
  - l. Bókhveitimjöl og annað kornmjöl í nr. 7 í 11. kafla.
  - m. Hveitigrjón (tollskrá: 11/8).
  - n. Bygggrjón (tollskrá: 11/9).
  - o. Hafragrjón (tollskrá: 11/10).
  - p. Rísgrjón (tollskrá: 11/11).
  - q. Kartöflumjöl og maíssterkja (tollskrá: 11/15).
  - r. Sagógrjón, þar með talin tapióka, einnig tilbúin (tollskrá: 11/20).
  - s. Strásykur (tollskrá: 17/1).
  - t. Molasykur (tollskrá: 17/2).

2. Eldsneyti, brennsluoliur, smurningsoliur og smurningsfeiti:
- a. Steinkol og brúnkol (tollskrá: 27/1).
  - b. Koks (tollskrá: 27/2).
  - c. Steinolía, óhreinsuð (hráolía) (tollskrá: 27/14).
  - d. Flugvélabenzín (tollskrá: 27/15 a—b).
  - e. Turbofuel J. P. 1 og J. P. 4 (tollskrá: 27/16a).
  - f. Aðrar brennsluoliur til véla, ót. a. (tollskrá: 27/17).
  - g. Smurningsoliur (tollskrá: 27/18).
  - h. Vélaáburður og annar þvilíkur áburður úr feiri og feitum sýrum (tollskrá: 32/6).
3. Farartæki o. þ. h.:
- a. Gúmmíbjörgunarbatar (tollskrá: 39B/19b).
  - b. Snjóþreifreiðar (tollskrá: 75/3).
  - c. Flugvélar og tilheyrandi (tollskrá: 76/1).
  - d. Fallhlífar og tilheyrandi (tollskrá: 76/1a).
  - e. Skip og bátar 10 tonn og stærri (tollskrá: 76/2—3).
  - f. Herpinótabátar (tollskrá: 76/4).
4. Fóðurvörur:
- a. Hveiti, ómalað (tollskrá: 10/1).
  - b. Bygg, ómalað (tollskrá: 10/4).
  - c. Hafrar, ómalaðir (tollskrá: 10/5).
  - d. Más, ómalaður (tollskrá: 10/6).
  - e. Mjöl úr byggi (tollskrá: 11/4).
  - f. Mjöl úr más (tollskrá: 11/6).
  - g. Kurlaður más (tollskrá: 11/12a).
  - h. Klíð (tollskrá: 11/22).
  - i. Glútin (tollskrá: 11/23).
  - j. Lucernemjöl (tollskrá: 12/5a).
  - k. Melassi (tollskrá: 17/9).
  - l. Fóðurmjöl úr fiski og fiskúrgangi, einnig þótt í því séu jurtaefni (tollskrá: 23/2).
  - m. Oliukökur og mjöl úr þeim (23/3—10).
  - n. Melassifóður (tollskrá: 23/11).
  - o. Blöndur af korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður (tollskrá: 23/12).
  - p. Kalsíumkarbónat, fellt (tollskrá: 28/39a).
  - q. Kritt, þvegin (tollskrá: 30/8).
5. Umbúðir og efni í þær:
- a. Umbúðablöð og hólkar úr plasti, ólitað, einnig áletrað, ef áletrunin ber það með sér, að það sé ætlað utan um íslenzkar afurðir til útflutnings (tollskrá: 39A/2).
  - b. Tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar úr trjáviði (tollskrá: 40/21).
  - c. Spons úr trjáviði (tollskrá: 40/22).
  - d. Siglugjardir úr trjáviði (tollskrá: 40/23).
  - e. Annað tilsníðið tunnuefni úr trjáviði (tollskrá: 40/24)
  - f. Trékassar, hálfunnir og tilsníðnir (tollskrá: 40/26).
  - g. Aðrir trékassar (tollskrá: 40/27).
  - h. Síldartunnur (tollskrá: 40/28).
  - i. Strámottur til umbúða (tollskrá: 42/2).
  - j. Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, áprentaður eða óáprentaður, sem vegur allt að 100, g/m<sup>2</sup> (tollskrá: 40/17).
  - k. Mottur til umbúða (tollskrá: 49/16).

15

31. marz

- l. Umbúðastrigi úr jútu (tollskrá: 49/22).
- m. Fiskimjölspokar, þ. e. stórir jútupokar undir fiskimjöl, ull o. þ. h. (tollskrá: 52/30a).
- n. Gjarðajárn (tollskrá: 63/11).
- o. Fiskkörfur úr jární, stáli eða öðrum járnlegeringum (tollskrá: 63/26a).
- p. Fiskkassar úr alúmíníum og alúmíníumlegeringum (tollskrá: 66/10).
- q. Málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt og með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um íslenskar afurðir (tollskrá: 71/25).
6. Veiðarfæri og efni í þau:
  - a. Bambus (tollskrá: 14/3).
  - b. Netjatjara og netjalitur (tollskrá: 28/58a).
  - c. Barkarlitur (tollskrá: 30/2).
  - d. Saltaðar og blásteinslitar nautshúðir í botnvörpur (tollskrá: 36/1a).
  - e. Plastflot til netjagerðar (tollskrá: 39A/6a).
  - f. Netjakúlur (tollskrá: 39A/11a, 60/15, 63/97 og 66/6).
  - g. Botnrúllur (bobbingar) úr kátsjúki (tollskrá: 39B/19a).
  - h. Botnrúllur (bobbingar) úr trjáviði (tollskrá: 40/46).
  - i. Botnvörpuhlerar úr trjáviði (tollskrá 40/47).
  - j. Korkplötur, óunnar (tollskrá: 41/1).
  - k. Netja- og nótakorkur alls konar (tollskrá: 41/6).
  - l. Óspunnir nylonpræðir til netjagerðar (tollskrá: 46B/1a).
  - m. Netjagarn úr nylon, einlitt (tollskrá: 46B/5).
  - n. Netjagarn úr þaðmull (tollskrá: 48/6).
  - o. Hampur (tollskrá: 49/2).
  - p. Netjagarn úr hör eða ramí (tollskrá: 49/5).
  - q. Netjagarn úr hampi (tollskrá: 49/8).
  - r. Botnvörpugarn úr hampi (tollskrá: 49/9).
  - s. Færi og línur til fiskveiða (tollskrá: 50/12).
  - t. Öngultaumar (tollskrá: 50/13).
  - u. Grastóg (tollskrá: 50/17).
  - v. Kaðlar, einnig þótt í þeim sé málmþráður (tollskrá: 50/18).
  - w. Fiskinet og fiskinetjaslöngur (tollskrá: 50/19).
  - x. Netjateinungar (tollskrá: 50/21).
  - y. Lóðarbelgir (tollskrá: 50/22).
  - z. Netjadrekar (tollskrá: 63/23a).
  - þ. Vírkaðlar (tollskrá: 63/27).
  - æ. Vörpujárn, „bobbingar“ og aðrir botnvörpuhlutar úr jární, ót. a. (tollskrá: 63/92).
  - ö. Veiðarfæralásar og hringar í herpinætur o. þ. h. (tollskrá: 64/13).
  - aa. Blýlóð (sökku) og nótablý (tollskrá: 67/5).
  - bb. Duflaljóskei (tollskrá: 73/58a).
  - cc. Hvalveiðibyssur og hlutar til þeirra (tollskrá: 80/4).
  - dd. Hvalveiðiskutlar (tollskrá: 81/6).
  - ee. Fiskiönglar (tollskrá: 84/9).
7. Tilbúinn áburður (tollskrá: 35/1—10).
8. Aðrar vörur:
  - a. Sildarkrydd, blandað (tollskrá: 9/16a).
  - b. Drúfuvín, brennd vín og aðrir áfengir vökvar, ót. a. (tollskrá 22/6—38a).
  - c. Borðsalt (tollskrá: 25/9).
  - d. Annað salt (tollskrá: 25/10).
  - e. Dagblaðapappír (tollskrá: 44/11).



- f. Erlendar bækur, blöð og tímarit (tollskrá: 45/3).
  - g. Frímerki og önnur slík merki (tollskrá: 45/6 og 87/2).
  - h. Peningaseðlar, hlutabréf, skuldabréf og önnur þvilík verðbréf (tollskrá: 45/8).
  - i. Mynt (tollskrá: 62/1).
  - j. Heiðursmerki (tollskrá: 62/2).
  - k. Röntgentæki og hlutar til þeirra (tollskrá: 73/78).
  - l. Radartæki, dýptarmælar og fisksjár (tollskrá: 77/16a).
  - m. Gervilímur og tæki fyrir lamað fólk (tollskrá: 77/35).
  - n. Listaverk (tollskrá: 87/1).
  - o. Safnmunir til opinberra safna (tollskrá: 87/3).
- Heimilt er að endurgreiða innflutningssöluskatt af efni í skip, veiðarfæri og umbúðir um íslenskar afurðir til útflutnings.

#### 27. gr.

Söluskatt af innfluttum vörum skal greiða til tollyfirvaldanna — tollstjórans í Reykjavík, bæjarfógeta í öðrum kaupstöðum, sýslumanna í sýslum og sérstakra lögreglustjóra í Bolungarvík og á Keflavíkurflugvelli — með öðrum aðflutningsgjöldum.

Söluskattur af innflutningi nýtur sömu lögverndar og aðflutningsgjöld. Að þessu og öðru leyti gilda ákvæði laga um tollskrá o. fl. (lög nr. 90/1954 og síðari breytingar á þeim) og ákvæði laga um tollheimtu og tolleftirlit (lög nr. 68/1956) eftir því, sem við á um söluskatt af innfluttum vörum.

### IX. KAFLI

#### Viðurlög.

#### 28. gr.

Ef söluskattsskýrsla er ekki send eða berst ekki skattstjóra eða skattanefnd innan tilskilins tíma og skattur því áætlaður, skal ekki lækka skatt aðila, þótt hann kæri, nema hann sanni, að skattskyld velta hans hafi verið áætluð meira en 10% hærrí en hún var í reynd. Sé hin áætlaða upphæð meira en 10% hærrí, skal reikna skatt af hinum raunverulegu upphæðum að viðbættum 10%. Sé mismunur minni en 10%, skal greiða skatt af þeirri upphæð, sem áætluð var.

Ef söluskattsskýrslu er ábótavant og skattur hefur verið áætlaður af þeim sökum, skal ekki lækka skattinn nema aðili hafi komið með fullnægjandi skýringar á þeim atriðum, sem vafi gat leikið á um. Heimilt er að beita ákvæðum fyrstu málsgreinar, ef ekki er bætt úr ágöllum á framtalsskýrslu innan tilskilins kærufrests. Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að áætla söluskatt aðila, ef í ljós kemur, að söluskattsskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald skv. 11. gr. reglugerðar þessarar. Enn fremur er heimilt að áætla söluskatt aðila, ef ekki eru lögð fram gögn þau eða bókhaldsbækur, sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannprófunar framtali aðila.

EKKI þarf að beita ákvæðum fyrstu málsgreinar, ef skattaðili færir gildar ástæður sér til afsökunar, og skal það metið hverju sinni eftir aðstæðum, hvað teljast skuli gildar ástæður í þessu sambandi.

Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan, má gera aðila að greiða söluskatt 5 ár aftur í tímann.

#### 29. gr.

Skatt- og tollyfirvöldum, starfsmönnum þeirra og erindrekum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þessi þagnarskylda og ábyrgð hennar helzt, þó að hlutaðeigandi starfsmenn láti af starfi sínu.

15

31. marz

Nú skýrir skattskyldur aðili af ásetningi eða stórfelldu gáleysi rangt frá því, er máli skiptir um söluskatt hans, og skal hann þá greiða sekt, sem skal eftir málavöxtum ákveðin allt að tífaldri þeirri söluskattsupphæð, sem tapast hefur við vanrækslu hans eða rangfærslu, og auk þess greiði hann hinn vantalda söluskatt. Fjármálaráðherra ákveður sektina, nema hann eða sá, sem í hlut á, óski eftir að málinu sé vísað til dómstólanna.

31. gr.

Brot þau, sem um ræðir í 30. gr., ef málum út af þeim er vísað til dómstólanna, misnotkun skirteina þeirra, sem um ræðir í 16. gr., vanræksla söluskattskylds aðila á því að tilkynna starfsemi sína, svo sem fyrir er mælt í 15. gr., vanræksla eða tregða á að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð eða gögn, varðar sektum í ríkissjóð allt að kr. 100000.00 eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggji við skv. öðrum heimildum.

Refsiákvæðum reglugerðar þessarar skal beita gegn eigendum, stjórnendum eða framkvæmdastjórum fyrirtækis eða atvinnurekstrar.

Sektir skv. grein þessari má innheimta með aðför.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu rekin að hætti opinberra mála.

## X. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

32. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru sérstök ákvæði í reglugerð þessari, fer skv. lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, og reglugerð nr. 147/1955 eftir því, sem við á.

33. gr.

Skattheimta samkvæmt II.—VI. kafla reglugerðar þessarar kemur til framkvæmda 1. apríl 1960.

Smásalar og umboðssalar, sem að kvöldi hins 31. marz 1960 eiga óseldar einhverjar þær vörur, sem um getur í d-lið 19. gr., skulu innheimta söluskatt af verði þessara vara og standa skil á honum í ríkissjóð.

Á árinu 1960 skal þó eigi greiða söluskatt af iðgjöldum þeim, sem iðgjaldskattur er greiddur af skv. 14. gr. laga nr. 4/1960.

Hafi verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku hennar og sala eða afhending sams konar vöru, vinnu og þjónustu verður skattskyld samkvæmt reglugerð þessari, þá skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar söluskattinum, nema sannað sé, að skatturinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

34. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 14, 23. marz 1960, um söluskatt af innfluttum vörum.

35. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, öðlast gildi hinn 1. apríl 1960.

*Fjármálaráðuneytið, 31. marz 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Fegrunarsjóð Melstaðarkirkjugarðs, 16  
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. febr. 1960. 23. febr.  
 Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fegrunarsjóð Melstaðarkirkjugarðs.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Fegrunarsjóður Melstaðarkirkjugarðs, hann er stofnaður af ættingjum og vinum til minningar um Þuríði Þorvaldsdóttur, prests Bjarnarsonar á Melstað.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að fegra og prýða kirkjugarðinn að Melstað, meðal annars á þann hátt að hlúa að og fegra gróður í kirkjugarðinum og einnig að lagfæra legsteina, hirða legstaði, sem engir nánir aðstandendur eru til þess að sjá um.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 6000.00 og má þann höfuðstól aldrei skerða. Sjóðurinn skal varðveitast í Sparisjóði Vestur Húnavatnssýslu eða í ríkistryggðum skuldabréfum. Tekjur sjóðsins skal leggja við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00. Eftir það skal verja hálfum vöxtum samkvæmt 2. grein, en leggja afgang vaxta við sjóðinn unz hann er orðinn kr. 20000.00. Eftir það skal verja öllum vöxtum sjóðsins samkvæmt annari grein, en gjafir og áheit, og annað það er sjóðnum kann að áskotnast leggist við höfuðstól, unz sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00.

### 4. gr.

Aldrei má nota fé sjóðsins til þess að gera girðingu eða viðhalda girðingu utan um kirkjugarðinn, eða til þess að stækka hann.

### 5. gr.

Tekjur sjóðsins auk vaxta eru hvers konar gjafir, áheit og annað það fé er sjóðnum kann að hlotnast.

### 6. gr.

Sóknarnefnd Melstaðarsóknar hefur á hendi stjórn og reikningshald sjóðsins. Skal ársreikningur hans jafnan fylgja reikningi kirkjugarðsins á Melstað. Tekjum sjóðsins skal varið samkvæmt annari grein, þó er sjóðstjórn heimilt að leggja tekjurnar að nokkru eða öllu við höfuðstól, er þá geymast til framkvæmda síðar ef henta þykir.

Skipulagsskránni má breyta ef hún nær ekki tilgangi sínum, og skulu þá gera það umsjónarmaður kirkjugarða, formaður sóknarnefndar Melstaðarsóknar, sóknarprestur og prófastur Húnavatnsprófastsdæmis.

### 7. gr.

Skipulagsskrá þessi óskast staðfest af forseta Íslands og birt í B deild Stjórnartíðinda.

Svarðbæli, 1. des. 1958.

Í sóknarnefnd Melstaðarsóknar:

Björn G. Bergmann (formaður).      Bjarni Sigurðsson.      Gunnar Jónasson.

B 5

17  
29. febr.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Garðahrepp.

#### I. KAFLI

##### A. Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Garðahrepps, þó sérstaklega fyrir þéttbýli í hreppnum, en fyrir sveitarbýlin eftir því, sem við verður komið.

##### 2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar með leyfi heilbrigðisnefndarinnar, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðslæðna eða staðháttá.

##### 3. gr.

Heilbrigðisnefnd er skipuð 3 mönnum. Er hreppsstjóri sjálfkjörinn í nefndina og er jafnframt formaður hennar. Ef héraðslæknir er ekki búsettur í umdæmi nefndarinnar, skipar hreppsnefnd nefndarmann í hans stað eftir tillögum hans. Þriðja nefndarmann kys hreppsnefnd úr sínum hópi.

##### 4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda svo oft, sem þurfa þykir. Honum er skylt, að kveðja nefndina á fund, ef héraðslæknir eða heilbrigðisfulltrúi æskir þess.

##### 5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók, og skulu í hana skráðar fundargerðir svo og kærur, er nefndinni berast. Senda skal hreppsnefnd eftirrit af hverri fundargerð.

##### 6. gr.

Formaður sér um, að fyrirmæli heilbrigðisnefndar séu framkvæmd. Þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal málinu þá skotið til hreppsnefndar. Ef hún samþykkir fyrirmælin, er formanni skylt að sjá um framkvæmd þeirra.

##### 7. gr.

Ef ágreiningur rís milli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, skal leita úrskurðar heilbrigðisstjórnar. Þá getur einnig héraðslæknir skotið máli sínu til hennar, ef hann fær ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, er hann telur nauðsynlegar.

##### 8. gr.

Hreppsnefnd ræður heilbrigðisfulltrúa eftir tillögum heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisfulltrúi starfar samkv. erindisbréfi, er heilbrigðisnefnd setur honum. Hann skal sitja fundi heilbrigðisnefndar.

##### 9. gr.

Á fjárhagsáætlun hreppsins skal jafnan, í samráði við heilbrigðisnefnd, veitt nokkur fjárhæð, er heilbrigðisnefnd getur ráðstafað til nauðsynlegra heilbrigðis-

framkvæmda. Að öðru leyti skal ávallt leita samþykkis hreppsnefndar áður en framkvæmdir eru hafnar, er hafa útgjöld í för með sér.

17  
29. febr.

*B. Um hlutverk og valdsvið heilbrigðisnefndar.*

10. gr.

Heilbrigðisnefnd sér um, að haldin séu ákvæði þessarar reglugerðar, svo og annarra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta.

Nefndin hefur eftirlit með öllu því, er varðar þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti á samþykktarsvæðinu og setur um það, í samræmi við lög og reglur, fyrir-mæli, sem öllum hlutaðeigendum er skylt að hlíta. Skal nefndinni heimilt að láta rannsaka allt það, er þessi samþykkt fjallar um, svo og annað er að þrifnaði og hollustuháttum lýtur, utan húss og innan.

- a. Nefndin hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utan húss og lætur fara fram almenna hreinsun á lóðum og lendum á hverju vori og endranær eftir þörfum. Nefndin getur krafizt lagfæringa og viðgerða á lóðum og portum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar.
- b. Nefndin hefur eftirlit með vatnsveitu og vatnsbólum og lætur taka af vatninu sýni til rannsóknar, þegar ástæða þykir til. Nefndin getur bannað notkun vatns úr vatnsveitu eða öðrum vatnsbólum ef hún telur þess þörf. Nefndin hefur eftirlit með allri fráræslu og getur bannað notkun á skolpræsum, vatns- og sorprenum ef hún telur þess þörf.
- c. Nefndin lítur eftir meðferð á sorpi úr húsum.
- d. Nefndin gerir ráðstafanir til upprætingar hvers konar meindýra úr húsum og húbólum og getur bannað afnot húsnæðis, unz dýrin hafa verið upprætt. Nefndin getur krafizt þess, að hús séu gerð rottuheld.
- e. Nefndin hefur eftirlit með leiguibúðum, kjallaraibúðum og öllum lélegum íbúðum og gengst árlega fyrir skoðun á þeim. Nefndin getur bannað afnot íbúða, ef hún telur þær hættulegar heilsu og lífi íbúa.
- f. Nefndin hefur eftirlit með öllum stofnunum, fyrirtækjum og rekstri, sem um er fjallað í VII.—XIX. kafla þessarar samþykktar og getur krafizt endurbóta og lagfæringar á húsnæði, tækjum, aðbúnaði og frágangi, svo og hreinsunar og hreingerningar, ef hún telur þess þörf. Nefndin getur bannað afnot húsnæðis, sem um ræðir í þessari grein, ef hún telur það hættulegt heilsu og lífi þeirra, sem við eiga að búa.
- g. Nefndin getur gert ráðstafanir til útrýmingar hvers konar óskiladýra.
- h. Nefndin heldur skrá yfir allar þær stofnanir, fyrirtæki og rekstur, sem um er fjallað í samþykkt þessari.
- i. Nefndin aðstoðar héraðslækni við hvers konar sóttvarnir, eftir því, sem hann telur þörf á. Ef nauðsyn ber til, er henni heimilt að ráða starfsfólk til bráða-birgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar, en leita skal hún þó samþykkis hreppsnefndar, svo fljótt sem auðið er.
- j. Nefndin hefur heimild til að gera rikari kröfu til tryggingar þrifnaði og hollustuháttum en beinlínis er fyrir mælt í samþykkt þessari, að því er varðar hvert einstakt atriði, en jafnan skulu þær kröfur vera í samræmi við ákvæði samþykktarinnar um hliðstæð atriði eða almennt viðurkenndar þrifnaðar- og heilbrigðisreglur.
- k. Nefndin tilkynnir hlutaðeigendum þau ákvæði þessarar samþykktar, almennra laga og annarra reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta og þá varða. Sama máli gegnir um ákvæði, er hún setur samkvæmt heimild í j-lið þessarar greinar.

## C. Ýmis ákvæði.

## 11. gr.

Ekki má setja á stofn neina þá stofnun eða fyrirtæki né hefja neinn þann rekstur, sem um er fjallað í VII.—XVII. og XIX. kafla þessarar samþykktar, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til að sinni hálfu og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er varðar hollustuhætti. Slíkt leyfi þarf einnig til fyrirhugaðra breytinga á húsakynnum eða rekstri.

Öllum hlutaðeigendum er skylt að veita nefndinni eða umboðsmönnum hennar nauðsynlegan aðgang til eftirlits að stofnun þeirri, fyrirtæki eða rekstri, er þeir stýra.

## 12. gr.

Starfsfólk þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII. og X.—XVII. kafla þessarar samþykktar, skal sanna árlega með læknisvottorði, og oftast ef þurfa þykir, að það sé ekki haldið neinum þeim sjúkdómi, kvilla eða óþrifum, sem öðrum getur stafað hætta af eða vakið getur ógeð þeirra, er við það eiga skipti. Það skal í starfi sínu gæta svo rækilega hreinlætis sem auðið er, ganga þokkalega og hreinlega til fara, sápuþvo sér um hendur hverju sinni, eftir að það hefir gengið til salernis, og endranær eftir þörfum. Starfsfólk í neyzluvörubúðum, rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofum skal klæðast sérstökum, hreinum hlífðarfötum við starf. Stúlkur í neyzluvörubúðum skulu hafa hreina kapp á höfði.

## 13. gr.

Húsakynni þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII. og X.—XVII. kafla þessarar samþykktar, skulu fullnægja þessum almennu skilyrðum: vera rúm-góð, björt, hæfilega hituð og vel loftræst og að öllu leyti sæmilegur dvalarstaður mönnum.

Í húsakynnum þeim, sem um er fjallað í VIII. og X.—XV. kafla þessarar samþykktar, skulu gólf lögð gólfdukk eða öðru jafngildi, loft máluð og veggir málaðir eða á annan hátt þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til húsakynna, sem um er fjallað í XVI. kafla 78—82. og 89. gr.

## 14. gr.

Í stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem um er fjallað í VIII. og X.—XVII. kafla þessarar samþykktar, skal starfsfólk eiga greiðan aðgang að fatageymslu, rennandi vatni, hæfilega mörgum salernum, svo og þvagstæðum ef þurfa þykir, handlaugum, hreinum handklæðum eða pappírspurrkum og öðrum nauðsynlegum hreinlætis-gögnum. Gestum skal séð fyrir sams konar þægindum á öllum stöðum, sem þeim eru ætlaðir til afnota, og skulu konur vera sér um salerni og karlar sér.

## 15. gr.

Húsakynnum þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII.—XVII. kafla þessarar samþykktar, skal haldið svo hreinum og snyrtilegum sem auðið er. Þar, sem einhvers konar starfsemi fer fram að staðaldri, skulu gólf þvegin daglega og oftast, ef þurfa þykir. Ekki má sópa gólf. Áhöld og innanstokksmuni, lausa og fasta, skal þvo eða hreinsa á viðeigandi hátt eftir þörfum. Allsherjar hreingerning skal fara fram a. m. k. einu sinni á ári.

Ekki má hleypra hundum, köttum eða húsdýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í þessari grein.

## II. KAFLI

## Um hreinlæti og þrifnað utan húss.

17

29. febr.

16. gr.

Gæta skal ákvæða 10. gr. a og 17—20 gr., að því er varðar hreinlæti og þrifnað utan húss og eftirlit með því.

17. gr.

Girðingar kringum hús og lóðir skulu þannig gerðar, að rottur og mýs geti ekki gert sér hreiður í þeim.

Eigendum er skylt að greiða kostnað af lagfæringum og viðgerðum á lóðum sínum og portum, svo og af hreinsun á þeim.

18. gr.

Ekki má fleygja á almanna færi, í læki, höfn innan hafnargarða né í fjörur neins konar rusli eða úrgangi. Ekki má heldur skilja eftir á almanna færi, grjótt, mól, timbur eða annað byggingarefni, né neins konar rusl eða úrgang.

19. gr.

Öll flutningatæki, er fara um götur í umdæmi hreppsins skulu þannig gerð, að flutningurinn valdi ekki óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður við flutninginn, skal þeim, er flytur skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

20. gr.

Bannað er með öllu, að bera salernaáburð í garða, hvort heldur um er að ræða matjurta- eða skrudgarða. Sorphaugar, opnar safngryfjur eða forir mega ekki vera á þettbyggðum svæðum í hreppnum.

## III. KAFLI

## Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

21. gr.

Gæta skal ákvæða 10. gr. b, að því er varðar vatnsból, vatnsveitu og frárennsli og eftirlit með því.

22. gr.

Þegar hreppurinn hefur komið upp sameiginlegri vatnsveitu fyrir samþykktar-svæðið eða hluta af því, skulu öll hús taka neyzluvatn úr henni eftir því, sem við verður komið, og staðhættir leyfa.

23. gr.

Kveðja skal heilbrigðisnefnd og héraðslækni til ráða, ef vatnsveita er lögð. Sama máli gegnir, ef leyfð er notkun annarra vatnsbóla.

24. gr.

Lagningu allra holræsa á samþykktarsvæðinu skal bera undir heilbrigðisnefnd.

25. gr.

Þar sem skolpi verður ekki veitt í götuholræsi, skal veita því eftir vatnsheldum holræsum gegnum rotþrær og leita um það fyrirmæla heilbrigðisnefndar hverju sinni.

26. gr.

Ef skolp er mengað daunillum efnnum eða öðru, er þarfnast sérstakrar meðferðar, skal farið með það hverju sinni eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

17

29. febr.

Þar, sem því verður við komið og ekki veldur óþrifnaði, skal leiða öll skolpræsi til sjávar, og skulu þau ná út fyrir stórstraumsfjöruborð, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.

27. gr.

## IV. KAFLI

## Um salerni og meðferð sorps.

28. gr.

Öll salerni á samþykktarsvæðinu skulu vera vatnssalerni, þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef það telst óhjákvæmilegt, en hlíta skal fyrir mælum hennar um frágang salerna af annarri gerð.

29. gr.

Hverju íbúðarhúsi skulu fylgja nægilega mörg sorpílát úr málm, að stærð og gerð eftir fyrirmynd, sem heilbrigðisnefnd lætur í té. Í þau skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsinu, og mega þau aldrei standa opin. Ílátin skulu jafnan tæmd, áður en þau fyllast, og sorpið flutt burt.

Ekki má leggja skarnrennur í hús, nema heilbrigðisnefnd fallist á frágang þeirra.

30. gr.

Hreppsnefnd lætur annast brottflutning sorps og tiltekur hvert það skuli flutt. Sorpræsi skal afgirt og þannig frá því gengið, að fýla eða annar óþverri berist ekki til mannabyggða. Við sorpflutning má einungis nota lokaða vagna, er skulu þannig gerðir, að auðvelt sé að tæma ílátin beint í þá.

## V. KAFLI

## Um veggjalús, kakalaka, rottu og önnur meindýr.

31. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður meindýra í húsum þeirra, hvort sem þau eru notuð til íbúðar, geymslu eða einhvers konar rekstrar.

Óheimilt er að leigja íbúðir, þar sem meindýrs verður vart, fyrr en þau hafa verið upprætt. Enginn má flytja úr þess háttar íbúð í aðra, nema gerðar sé ráðstafanir, er heilbrigðisnefnd metur gildar, til þess að meindýr berist ekki með honum. Skylt er húsráðanda að uppræta meindýr úr húsum sínum og hlíta um það fyrir mælum heilbrigðisnefndar í hvívetna. Ef einhver vanrækir að gera slíkar ráðstafanir innan þess tíma, er nefndin hefur tiltekið, getur hún látið framkvæma þær á hans kostnað.

32. gr.

Að öðru leyti skal gæta ákvæða 10. gr. d.

## VI. KAFLI

## Um íbúðarhúsnæði.

33. gr.

Um íbúðir og íbúðarherbergi í kjöllum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 57 14. júní 1929, um íbúð í kjöllum), svo og eftir byggingarsamþykkt hreppsins.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og byggingarsamþykkt skal gætt ákvæða 10. gr. og 34.—36. gr.



## 34. gr.

Eigendum er skylt að halda leiguíbúðum vel við.

17

29. febr.

## 35. gr.

Ekki má nota kjallara til íbúðar, ef gólf íbúðarinnar er meira en 30 cm undir yfirborði jarðvegs við gluggahlið.

## 36. gr.

Húseigendum er skylt að halda húsum sínum hreinum utan sem innan. Bárujárn skal mála, svo oft sem þurfa þykir.

## VII. KAFLI

## Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks.

## 37. gr.

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks, þar með taldar verbúðir, verkamannaskýli og þess háttar, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og væntanlegar reglugerðir samkvæmt þeim, reglugerð nr. 10 16. febr. 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð nr. 95 30. júní 1941).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11. og 38. gr.

## 38. gr.

Þeir, sem reka iðju eða iðnað eða aðra atvinnu á sérstökum vinnustöðvum, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd og láta fylgja tilkynningunni nákvæma lýsingu á vinnustöð sinni og allri tilhögun þar.

## VIII. KAFLI

## Um skrifstofur, lesstofur, afgreiðslustofur og verzlunarbúðir, sem ekki lúta sérstökum fyrirmælum í samþykkt þessari.

## 39. gr.

Lofthæð í skrifstofum, lesstofum, afgreiðslustofum og verzlunarbúðum skal vera a. m. k. 2,5 m og loftrými á hvern starfsmann a. m. k. 10 m<sup>3</sup>.

Vélknúin loftræstingartæki skulu sett, þar sem slíks þykir þörf, svo sem í verzlunarbúðir, er verzla með ryksæla vöru.

## 40. gr.

Áklæði, vefnaðarvörustranga og annað af því tagi skal hreinsa öðru hverju með ryksugu.

## 41. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr.

## IX. KAFLI

## Um vöruskemmur.

## 42. gr.

Vöruskemmur skulu vel loftræstar, rakalausar og rottuheldar.

17  
29. febr.

43. gr.  
Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. 11. og 15. gr.

## X. KAFLI

### Um skóla og aðra kennslustaði.

#### 44. gr.

Um skólahúsnæði og heilbrigðiseftirlit í skólum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni. (sbr. lög nr. 61 8. júní 1957, um heilsuvernd í skólum, og reglugerð nr. 214 22. jan. 1958, um heilsuvernd í skólum, 9. gr. berklavarnalaga nr. 66 30. des. 1939, og 11. gr. laga nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. 11.—15. og 45.—53. gr.

#### 45. gr.

Lofthæð í stofum, sem notaðar eru til kennslu, skal vera a. m. k. 3 m og gólf-flötur á hvern nemanda a. m. k. 1,4 m<sup>2</sup>. Ljósflötur glugga skal vera a. m. k. 1/6 gólfflatar, og gluggar mega ekki vita móti norðri.

Birta skal falla á vinstri hönd. Hiti í kennslustofum skal vera a. m. k. 18° C. Hitamælir skal vera í hverri stofu.

#### 46. gr.

Kennsluborð og sæti skulu hæfa nemendum. Þau mega hvorki vera rifin né sprungin og auðvelt skal vera að halda þeim hreinum.

#### 47. gr.

Hver nemandi skal eiga aðgang að sérstökum fatasnaga og sérstöku hólfi til geymslu á hlífðar- og útiskófatnaði. Ekki má geyma fatnað í kennslustofum og ekki ganga þangað inn á útiskóm.

#### 48. gr.

Ekki mega nemendur nota sameiginleg drykkjarker, og jafnan skal drykkjarbúnaður þannig, að ekki þurfi að snerta hann með vörum, þegar drukkið er.

#### 49. gr.

Ætla skal hverjum 20 stúlkum eitt salerni og hverjum 35 piltum eitt. Auk þess skulu piltar hafa aðgang að þvagstæðum.

#### 50. gr.

Hverjum skóla skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum tækjum til íþróttar og leikiðkana.

#### 51. gr.

Skólahúsnæði má ekki lána til annarra nota, nema með leyfi heilbrigðisnefndar.

#### 52. gr.

Skólalæknir hefur eftirlit með heilsufari og þrifum nemenda og sér um, að fylgt sé fram í skólum fyrir mælum heilbrigðisnefndar, þessarar samþykktar og almennra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta. Skólalæknir lætur heilbrigðisnefnd í té skýrslur um þann þátt starfs síns, er hana varðar.

#### 53. gr.

Nemandi, sem haldinn er kláða eða öðrum óþrifum, má ekki sækja skóla. Sama máli gegnir um starfsmenn skólans.

## XI. KAFLI

## Um sjúkrahús, elliheimili, lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.

17

29. febr.

## 54. gr.

Um heilbrigðisstofnanir og tilhögun þeirra fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. sjúkralög nr. 93 31. des. 1953, og væntanlegar reglugerðir samkvæmt þeim).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr.

## XII. KAFLI

## Um dagvistarheimili barna.

## 55. gr.

Húsakynni dagvistarheimila barna skulu vera a. m. k. tvær rúmgóðar stofur, auk eldhúss, búrs, þvottaklefa með nægilega mörgum þvottaskálum, salerna og fatageymslu.

## 56. gr.

Hverju dagvistarheimili skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum leiktækjum.

## 57. gr.

Leita skal álits heilbrigðisnefndar, þegar ráðinn er forstöðumaður dagvistarheimilis. Læknir, sem til þess er ráðinn, skal hafa eftirlit með heilsufari, þrifum, meðferð og aðbúnað barnanna, og hann láti heilbrigðisnefnd í té alla vitneskju, er hana varðar.

## 58. gr.

Ekki má taka á dagvistarheimili barn, sem haldið er næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, né heldur barn frá heimili, þar sem slíkir sjúkdómar eða kvillar eru.

Ef upp kemur næmur sjúkdómur á dagvistarheimili eða grunur leikur á, að barn, sem sækir heimilið, sé haldið slíkum sjúkdómi, skal læknir heimilisins tilkynna héraðslækni þegar í stað.

## 59. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11—15. gr.

## XIII. KAFLI

## Um gistihús, matsölur og aðra veitingastaði.

## 60. gr.

Gistihús er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn dveljast nætursakir fyrir borgun.

Svefnherbergi í gistihúsum mega ekki vera minni en svo, að 8 m<sup>3</sup> loftrými komi á hvern gest.

Sængurfatnaður skal ætíð vera þokkalegur, heill og laus við ólykt. Ávallt skal skipt á rúmfatnaði, áður en nýjum gesti er vísað til sængur. Gestir skulu hafa aðgang að baði.

## 61. gr.

Lofthæð veitingastofu skal vera a. m. k. 2,5 m og hverjum gesti skal ætla a. m. k. 1.15 m<sup>2</sup> gólfplöt. Ekki má vera innangengt milli veitingastofu og herbergja, sem rekstrinum er óviðkomandi.

17

29. febr.

62. gr.

Á veitingahúsum, þar sem heitir réttir eða drykkir eru framreiddir, skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu, uppvotta og sótthreinsunar. Í eldhúsum skulu vera vélknúin lofræstingartæki ef þurfa þykir.

Réttir, sem ekki er neytt innan 4 klst. frá tilbúningi, skal geyma í kælisrápum, þar sem hiti er undir 5° C. Þetta gildir þó ekki um heita rétti, sem geyma á í minnst 60° C hita, unz þeirra er neytt.

63. gr.

Ekki má bera gestum skörðótt eða sprungin matar- eða drykkjarilát og matreiðslu- og uppvottatæki skulu heil. Ílát og borðfæri skal þvo úr heitu sápuvatni og sjóða eða sótthreinsa í hæfilega virkum sótthreinsunarlegi hverju sinni eftir notkun, og þurrkur og þvottakústa skal sjóða hverju sinni eftir notkun. Búr, hillur og þess konar ber að þvo einu sinni í viku hið minnsta.

Í veitingastofu má ekkert geyma, sem ekki er ætlað til daglegra nota.

64. gr.

Herbergi, sem sjúkur maður hefur legið í, ber að sótthreinsa áður en það er notað að nýju, nema héraðslæknir telji óþarft. Sama máli gegnir um rúmfatnað og aðra muni, sem hinn sjúki hefur notað.

65. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr.

#### XIV. KAFLI

##### Um rakara- hárgreiðslu- og snyrtistofur.

66. gr.

Ekki má vera innangengt milli rakara-, hárgreiðslu-, eða snyrtistofu og íbúðarherbergja eða annarra herbergja, sem rekstrinum eru óviðkomandi.

67. gr.

Öll áhöld, sem notuð eru við þjónustu á rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofum, skulu vandlega hreinsuð og sótthreinsuð hverju sinni eftir notkun, og hverjum gesti skal ætla hrein handklæði og hreina dúka. Á höfuðbrik stóla skal jafnan vera hreinn pappír.

Rafmagnstæki skulu viðurkennd af rafmagnseftirlitinu.

68. gr.

Ekki má veita þjónustu fólki, sem víst er um eða grunur leikur á, að haldið sé næmum sjúkdómum, og fólki með húðsjúkdóma í hársverði eða andliti má ekki veita þjónustu, nema sannað sé með læknisvottorði, að öðrum stafi ekki hætta af.

Ef uppvíst verður eftir á, að gesti með slíkan sjúkdóm hefur verið veitt þjónusta, skal tafarlaust leita fyrir mæla héraðslæknis um sótthreinsun á þeim tækjum, er við hann hafa verið notuð.

69. gr.

Nú telur gestur, að hann hafi orðið fyrir smitun eða fengið á sig óþrif á rakara-, hárgreiðslu- eða snyrtistofu, og ber honum þá tafarlaust að tilkynna það héraðslækni eða heilbrigðisnefnd.

70. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr.

## XV. KAFLI

## um kirkjur og önnur samkomuhús.

17

29. febr.

## 71. gr.

Veggir, gólf og loft í kirkjum og öðrum samkomuhúsum skal þannig gert, að auðvelt sé að halda því hreinu. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur slíks þörf.

## 72. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr.

## XVI. KAFLI

## Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neyzluvöru.

## 73. gr.

Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neyzluvöru fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni. (sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt þeim lögum, einkum reglugerð nr. 49 15. júlí 1936 og reglugerð nr. 17 22. febr. 1939, reglugerð nr. 157 4. sept. 1953, um mjólkurvörur, bráðabirgðareglur nr. 57 12. marz 1941, um framleiðslu og sölu á rjómaís með eða án bragðbætandi efna, lög nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., auglýsingu nr. 185 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr kjöti, og reglugerð nr. 155 8. sept. 1949, um kjötmat o. fl.).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. 11.—15. gr. og 74.—89. gr.

## A. Almenn ákvæði.

## 74. gr.

- a. Ekki má vera innangengt milli neyzluvörubúða eða neyzluvörugeymslna og íbúðarherbergja eða annarra herbergja, sem rekstrinum eru óviðkomandi.
- b. Lofthæð húsakynna skal vera a. m. k. 2.5 m. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur þörf á.
- c. Búðir og matvælagarðahús skal verja fyrir rottum, músum, flugum og öðrum meindýrum.
- d. Aldrei má handfjatla óumbúna vöru, sem ætluð er til neyzlu, eins og hún kemur úr búð, en nota til afgreiðslu á henni spaða, skeiðar, gaffla eða tengur, sem til slíks er gert.
- e. Til umbúða má einungis nota hreinan umbúðapappír eða annað jafngildi.

## B. Um mjólk og mjólkurvöru.

## 75. gr.

Í mjólkurbúðum má einungis geyma og selja gerilsneydda mjólk.

## 76. gr.

Heilbrigðisnefnd getur leyft framleiðendum að selja neytendum ógerilsneydda mjólk milliliðalaust, ef fylgt er öllum ákvæðum þeirra laga og reglugerða, sem vísað er til í 73. gr. Aldrei má þó mjólk, sem seld er á þennan hátt, vera sambland mjólkur frá tveimur eða fleiri framleiðendum (heimilum).

17 Heimilt er að selja gerilsneydda mjólk, svo og mjólkurvöru, á matsölu- og  
29. febr. veitingastöðum til neyzlu þar.

Ekki má selja mjólk eða mjólkurvöru á götum úti, nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til.

*C. Um rjómaís og mjólkurís.*

77. gr.

Fitumagn rjómaíss, sem seldur er til neyzlu í hreppnum, má ekki vera minna en 15% og mjólkuríss ekki minna en 6%.

Hvers konar blanda, sem notuð er í ísfrauð, skal gerilsneydd.

*D. um brauðgerðarhús, brauðbúðir, heimabakstur o. fl.*

78. gr.

Öll óumbúin vara skal geymd í luktum skápum. Brauð, sem ekki verða afgreidd með sérstökum tækjum (sbr. 76. gr. d), skulu geymd og afhent í sérstökum umbúðum.

79. gr.

Vöru, sem seld er í brauðbúð, má ekki neyta þar inni, nema húsakynni og annar búnaður sé til þess gerður og heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til.

80. gr.

Heimabakaða brauðvöru má ekki selja, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er máli skiptir.

81. gr.

Brauðvöru má ekki selja á götum eða torgum, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til, og ekki má ganga með hana milli húsa til framboðs.

82. gr.

Brauðvöru skal flytja milli brauðgerðarhúsa og búða í hreinum lokuðum og rykheldum kössum.

*E. Um meðferð og sölu kjötvöru.*

83. gr.

Kjöt og kjötvöru til daglegrar neyzlu má einungis selja í sérstökum kjötbúðum. Í kjötbúðum má einnig selja harðfisk í umbúðum, frystan fisk í umbúðum, fiskfars, lax, silung, síld, niðursuðuvörur, feitmeti, álag, osta, egg, kartöflur, rófur, grænmeti svo og aðra vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu á þar.

Um kjötbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- a. Gólf kjötbúðar skal vera vatnshelt og lagt flisum eða öðru jafngildi, rás skal úr gólfi niður í skolpræsi, veggir skulu flísalagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi, en búðin að öðru leyti máluð.
- b. Botn búðarborða skal vera a. m. k. 15 cm frá gólfi. Borð skulu lögð gleri, marmara eða öðru jafngildi. Matvæli, sem standa á borðum, skulu varin gleri.
- c. Kjötkrókar og kjötstengur skal vera gljáð, höggstokkar, ef notaðir eru, úr hörðum víði og eggjárn öll óryðguð.
- d. Vara, sem ætluð er til neyzlu, eins og hún kemur úr búð, skal geymd í luktum glerskápum.
- e. Kæliklefi eða kælikápur skal vera í hverri kjötbúð.

*F. Um meðferð og sölu á fiski.*

17

29. febr.

## 84. gr.

Með þeim undantekningum, er getur í 83. og 85. gr., skal selja óunninn neyzlufisk í sérstökum fiskbúðum. Í fiskbúðum má einnig selja niðursuðuvöru, sjófugl, hval, sel, hákarl, harðfisk í umbúðum og aðra þá vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu á þar.

Um fiskbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- a. Gólf skal vera úr terrazzo eða öðru jafngildi, með niðurfalli og hæfilegum halla að því.
- b. Gengið skal þannig frá veggjum, að auðvelt sé að hreinsa þá.
- c. Búðarborð skulu vera skúffalaus og klædd ryðfrium stálplötum eða öðru jafngildi. Skal þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim.
- d. Geymsluklefi skal fylgja hverri búð.
- e. Sérstakur upphitaður klefi skal ætlaður starfsfólki til fataskipta og dvalar.
- f. Í búð eða geymsluklefa skal vera þvottaker með rennandi vatni til fiskþvottar. Þar skal einnig vera lokað ílát undir fiskúrgang, og þer að hreinsa það daglega.
- g. Í búðinni skulu vera trog eða bakkar undir fisk. Ef trog eru notuð skulu þau græn máluð utan, en ljósmáluð innan og göt á botni.
- h. Kassar, sem notaðir eru til flutnings á fiski úr fiskbúðum til neytenda, skulu vera með loki, græn málaðir utan, en ljósmálaðir innan og á þá málað nafn eða merki eiganda.
- i. Ekki má láta fisk liggja á gólfi í búð eða geymslu.

## 85. gr.

Heimilt er sjómönnum að selja eigin afla úr bát, á lendingarstað eða á götu. Við götusölu skal nota hreinlega, málaða vagna, og segir heilbrigðisnefnd til um gerð þeirra. Hverjum vagni skal fylgja lokað ílát undir úrgang.

## 86. gr.

Frá 1. maí til septemberloka má ekki selja óslægðan fisk, og aldrei má selja fisk, sem hefur ekki verið slægður, áður en sólarhringur er liðinn, frá því hann var deyddur.

## 87. gr.

Allur neyzlufiskur skal vera hreinn, óskemmdur, ómarinn og að öllu leyti óaðfinnanlegur.

## 88. gr.

Við flutning á fiski skal ætíð gætt fyllsta hreinlætis. Aldrei má leggja óumbúinn fisk frá sér úti við, nema breitt sé undir hann.

Neyzlufiskur, sem fluttur er landveg til hreppsins, skal fluttur í lokuðum kössum, er taka mest 50 kg. Heilagfiski og skötu þarf þó ekki að flytja í kössum, en flytja skal fiskinn í heilu lagi og búa þannig um, að ryk komist ekki að.

*G. Um meðferð og sölu annarrar neyzluvöru.*

## 89. gr.

Kornvöru, kex, sykur og aðra neyzluvöru, sem ekki eru sérstök ákvæði um í samþykkt þessari og veginn er eða mæld jafnóðum og sala fer fram, skal geymd í vel luktum skúffum eða ílátum, er aldrei mega standa opin.

Smjör, smjörlíki og ost skal geyma í luktum glerskápum.

17  
29. febr.

## XVII. KAFLI

### A. Um baðstaði.

#### 90. gr.

Baðstaðir skulu valdir þannig, að ekki sé hætt á, að neins konar saurindi berist í sjóinn (vatnið). Nægilega mörg salerni skulu vera í grennd við slíka staði og þannig um frárennsli búið, að sjórinn saurgist ekki af því.

#### 91. gr.

Ef baðstaðir eru fjölsóttir, skal rannsaka vatnið öðru hverju og leyfa því aðeins notkun þeirra, að gerlafjöldi sé ekki úr hófi.

#### 92. gr.

Baðgestum er skylt, að ganga þrífalega um baðströnd og ekki mega þeir saurga vatnið á neinn hátt.

Ef uppvíst verður, að sundgestur hefur næman sjúkdóm eða óþrífakvilla, opin sár, rennsli úr augum, eyrum eða nefi (áberandi kvef) niðurgang eða aðra kvilla, sem borizt geta manna á milli, ber að synja honum aðgangs að baðstað.

Ef grunur leikur á, að sundgestur sé haldinn einhverjum slíkum kvilla, skal synja honum aðgangs, nema læknisvottorð komi til.

#### 93. gr.

Sérstakur gæzlumaður skal annast eftirlit á baðstað, og skylt er að hafa þar björgunartæki.

### B. Um íþróttahús.

#### 94. gr.

Gluggar skulu vera á gagnstæðum hliðum íþróttahúsa og ljósflötur þeirra helzt ekki minni en  $\frac{1}{5}$  gólfplatlar. Gólf skulu þannig gerð, að slysaætta verði sem minnst. Leitast skal við að gera dýnur og önnur áhöld þannig úr garði, að þau safni ekki í sig ryki.

#### 95. gr.

Auk æfingarsalar(-sala) skulu vera í hverju íþróttahúsi eitt eða fleiri búningsherbergi, baðherbergi með steypuböðum, salerni og áhaldaherbergi eða skápur fyrir ræstitæki.

Haga skal húsmunum þannig, að gengið sé í leikfimisal úr búningsklefa, og aldrei má fara þangað inn nema á sérstökum skóm.

#### 96. gr.

Íþróttahús má ekki nota örara en svo, að nægur tími sé til nauðsynlegrar hreingerningar og loftræstingar.

Um lán á íþróttahúsum gilda ákvæði 51. gr.

### C. Um íþróttavelli.

#### 97. gr.

Íþróttavellir skulu þannig úr garði gerðir, að sem minnst rykist upp af þeim. Þeir skulu hreinsaðir eftir þörfum, og aldrei má safnast þar fyrir rusl. Slíkum völlum skulu jafnan fylgja salerni, búningsklefar og böð.



*D. Um útileikvelli barna.*

17

29. febr.

## 98. gr.

Heilbrigðisnefnd getur sett sérstakar reglur um útileikvelli barna.

## 99. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr. eftir því sem við getur átt, að því er snertir starfsemi þá, er þessi kafli fjallar um.

## XVIII. KAFLI

## Um eftirlit með skipum, bátum og bifreiðum.

## 100. gr.

Um eftirlit með skipum og bátum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, svo og reglur nr. 11 20. jan. 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, sótt-varnarlög nr. 34 12. apríl 1954 og lög nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.)

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 101. og 104. gr.

## 101. gr.

Vistarverum skipshafna og farþega, svo og bifreiðum, skal haldið eins hreinum og auðið er. Um meðferð matvæla í skipum og bátum gilda sömu reglur sem á veitingahúsum, eftir því sem við verður komið.

## 102. gr.

Ekki má flytja með skipum eða bátum sjúklinga með næma sjúkdóma nema með leyfi héraðslæknis, er hefur um það samráð við landlækni, þegar mikið er í húfi.

## 103. gr.

Ef vart verður meindýra í skipi eða bát, sömuleiðis lúsar, kláða eða annarra óþrifa á skipverjum, skal skipstjóri tilkynna það heilbrigðisnefnd þegar í stað, og ber að hlíta fyrir mælum hennar um upprætingu.

## 104. gr.

Skipstjórar og útgerðarmenn, bifreiðarstjórar og eigendur bifreiða bera ábyrgð á, að farið sé að fyrir mælum héraðslæknis og heilbrigðisnefndar um allt, er lýtur að þrifnaði, sóttvörnum og heilsugæzlu í skipum, bátum og bifreiðum.

Kyrrseta má skip og taka bifreið úr umferð, ef brotið er í bága við fyrir mæli héraðslæknis eða heilbrigðisnefndar.

## XIX. KAFLI

## Um peningshús, búrekstur og skepnuhald.

## 105. gr.

Gæta skal ákvæða 10. gr. f. 11. og 106.—110. gr., um peningshús, búrekstur og skepnuhald.

## 106. gr.

Ekki má reisa peningshús, haughús, áburðarhús eða safngryfjur nema í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktarinnar, enda skulu slíkar framkvæmdir tilkynntar heilbrigðisnefnd.

17

29. febr.

107. gr.  
Peningshús má ekki standa nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en 10 m og ekki má það standa nær vatnsbóli en 15 m og því aðeins svö nærri, að jarðvegi halli frá vatnsbóli.

108. gr.

Peningshús skulu vera björt og loftgóð, gólf og flór úr steinsteypu og húsin að öðru leyti þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau. Skulu þau kólkuð eða þrífín viðlíka vel a. m. k. einu sinni á ári.

Gengið skal þannig frá haug- og áburðarhúsum og safngryfjum, að ekki berist frá þeim til mannabyggða ódaunn eða óþverri og mönnum og skepnum stafi ekki hætta af, þótt yfir þau sé gengið.

109. gr.

Hundahald er bannað á samþykktarsvæðinu. Þó getur hreppstjóri leyft mönnum, er stunda búrekstur að hafa smalahunda, ef heilbrigðisnefnd veitir samþykki til.

110. gr.

Búpeningur má ekki ganga laus á samþykktarsvæðinu, og ekki má reka hann gegnum íbúðarhverfi. Undanþegin eru þó útflutningshross á leið til skips, enda skulu þau rekin undir stjórn lögreglu.

## XX. KAFLI

## Lokaákvæði.

111. gr.

Hreppsnefnd skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, er að heilbrigðismálum lúta.

112. gr.

Ef einhver vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur mælt fyrir um samkvæmt samþykkt þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna það á kostnað hans. Skal þá greiða kostnaðinn úr sveitarsjóði til bráðabirgða, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda, með lögtaki, ef þörf gerist.

113. gr.

Ef einhver brýtur ákvæði samþykktar þessarar eða vanrækir að hlýðnast í tæka tíð fyrirmælum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, skal hann sæta sektum allt að 5000 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum, og rennur sektarféð í sveitarsjóð.

114. gr.

Með mál, er rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

115. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi, jafnskjótt og hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940 um heilbrigðisnefndir og heilbrigðis-samþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest framanrituð heilbrigðis-

samþykkt fyrir Garðahrepp í Gullbringusýslu, er hreppsnefnd Garðahrepps hefur samþykkt. 17  
29. febr.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. febrúar 1960.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

18

um vinnumiðlun í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu. 1. marz

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956 um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið að vinnumiðlun skuli starfrækt í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956 um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. marz 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

19

um að lög nr. 29 7. apríl. um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu. 1. marz

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 29/1956 um atvinnuleysistryggingar hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. marz 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

### um hámarkstölu vörubifreiða á Siglufirði.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn getur, að fengnum tillögum bílstjóradeildar Þróttar og með samþykki samgöngumálaráðuneytisins, ákveðið hámarkstölu þeirra vörubifreiða á Siglufirði, sem nota má til aksturs fyrir almenning gegn borgun.

#### 2. gr.

Aður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, samkv. 1. gr. skal félagið láta henni í té skýrslu um atvinnuhorfur stéttarinnar, og skal þar einnig greint frá, hvort fækkað hafi í stéttinni á s. l. 12 mánuðum, og ef svo er, þá um hve marga og hve margar inntökubeiðnir hafa borizt félaginu, svo og öðru því, er máli skiptir. Enn fremur skal félagið láta bæjarstjórn í té rökstudda tillögu um hámarkstölu vörubifreiða á næsta tímabili, sbr. 3. gr.

Aður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, skal hún leita álits samtaka útvegsmanna og vinnuveitenda um málið.

#### 3. gr.

Í októbermánuði ár hvert tekur bæjarstjórn ákvörðun um, hver hámarkstala skuli vera, og má hún aldrei vera lægri en tala starfandi vörubifreiða hjá bílstjóradeild Þróttar, Siglufirði, 1. þess mánaðar. Ákvörðun skv. 1. mgr. gildir í eitt ár í senn, frá 1. nóvember til jafnlengdar næsta ár.

#### 4. gr.

Stjórn félagsins er skylt að veita bæjarstjórn allar þær upplýsingar, sem bæjarstjórnin telur nauðsynlegar í sambandi við framkvæmd reglugerðar þessarar.

Ef atvinnuástand breytist verulega á tímabilinu, getur bæjarstjórn breytt ákvörðun um hámarkstölu, að fengnum tillögum þeirra aðila, er getur um í 2. gr., og samþykki samgöngumálaráðuneytisins.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða né vörubifreiða, sem eru í eign einstakra atvinnufyrirtækja og hafa ekki afgreiðslu á vörubílstöð bílstjóradeildar Þróttar, Siglufirði. Ef ágreiningur ris um, hvort bifreið skuli teljast vörubifreið eða sendiferðabifreið samkvæmt reglugerð þessari, sker bæjarráð úr því.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 40 29. maí 1957 um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 7. marz 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

21

14. marz

#### I. KAFLI

##### A. Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Vestmannaeyjakaupstaðar.

##### 2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðstæðna eða staðhátta.

##### 3. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 3 menn. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er lögreglustjóri formaður hennar. Þriðja nefndarmann kýs bæjarstjórn úr sínum hópi og einn til vara. Nefndin kýs sér fundarritara.

##### 4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda svo oft, sem þurfa þykir þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Honum er skylt að kveðja nefndina á fund, ef héraðslæknir eða heilbrigðisfulltrúi æskja þess.

##### 5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók og skulu í hana ritaðar fundargerðir og skrá um kærur, er nefndinni berast. Senda skal bæjarstjórn eftirrit af hverri fundargerð. Enn fremur heldur nefndin bréfabók.

##### 6. gr.

Formaður sér um, að fyrirmæli heilbrigðisnefndar séu framkvæmd. Þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal málinu þá tafarlaust skotið til bæjarstjórnar. Ef hún samþykkir fyrirmælin, er formanni skylt að sjá um framkvæmd þeirra.

##### 7. gr.

Ef ágreiningur rís milli heilbrigðisnefndar og bæjarstjórnar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, má leita úrskurðar heilbrigðisstjórnar. Þá getur héraðslæknir einnig skotið máli sínu til heilbrigðisstjórnar, ef hann fær ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, er hann telur nauðsynlegar.

##### 8. gr.

Bæjarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa, einn eða fleiri, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisfulltrúar starfa samkvæmt erindisbréfi, er bæjarstjórn setur þeim. Þeir skulu sitja nefndarfundi heilbrigðisnefndar.

##### 9. gr.

Á fjárhagsáætlun bæjarins skal jafnan í samráði við heilbrigðisnefnd veitt nokkur fjárhæð, er nefndin getur ráðstafað til nauðsynlegra heilbrigðisframkvæmda. Að

21 öðru leyti skal leita samþykkis bæjarstjórnar, áður en hafnar eru framkvæmdir, 14. marz sem hafa útgjöld í för með sér.

*B. Um hlutverk og valdsvið heilbrigðisnefndar.*

10. gr.

Heilbrigðisnefnd sér um, að haldin séu ákvæði þessarar reglugerðar svo og annarra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta.

Nefndin hefur eftirlit með öllu því, er varðar þrifnað, heilbrigði og hollustu-hætti á samþykktarsvæðinu, og setur um það, í samræmi við lög og reglur, fyrirmæli, sem öllum hlutaðeigendum er skylt að hlíta. Skal nefndinni heimilt að láta rannsaka allt það, er þessi samþykkt fjallar um, svo og annað, er að þrifnaði og hollustu-háttum lýtur, utan húss og innan.

- a. Nefndin hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utan húss og lætur fara fram almenna hreinsun á lóðum og lendum á hverju vori og endranær eftir þörfum.

Nefndin getur krafizt lagfæringar og viðgerða á lóðum og portum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar.

- b. Nefndin hefur eftirlit með sjóveitu, vatnsbólum og húsbrunnum og vatnsveitu, ef henni verður komið upp, sömuleiðis með vatni og sjó á sund- og baðstöðum og lætur taka sýni til rannsóknar, þegar ástæða þykir til.

Nefndin getur bannað notkun vatns úr sjóveitu eða vatnsveitu eða brunnum og öðrum vatnsbólum og látið loka sund- og baðstöðum, ef hún telur þess þörf. Nefndin hefur einnig eftirlit með vatnsrennum og húspökum.

- c. Nefndin hefur eftirlit með almenningssalernum, þvagstæðum, skolpræsum og meðferð á sorpi úr húsum og ennfremur sorprenum í húsum. Hún getur bannað notkun á skolpræsum og sorprenum, ef hún telur þess þörf.

- d. Nefndin gerir ráðstafanir til upprætingar hvers konar meindýra úr húsum, vörugeymslum og hibýlum og getur bannað afnot húsnæðis, unz dýrin hafa verið upprætt. Nefndin getur krafizt þess, að hús séu gerð rottuheld.

- e. Nefndin hefur eftirlit með leiguíbúðum, kjallaraíbúðum og öllum lélegum íbúðum og gengst árlega fyrir skoðun á þeim. Nefndin getur bannað notkun íbúða, ef hún telur þær hættulegar heilsu og lífi manna.

- f. Nefndin hefur eftirlit með öllum stofnunum, fyrirtækjum og rekstri sem um er fjallað í IX.—XIII. kafla þessarar samþykktar, og getur krafizt endurbóta og lagfæringar á húsnæði, tækjum, aðbúnaði og frágangi, svo og hreinsunar og hreingerningar, ef hún telur þess þörf.

Nefndin getur bannað afnot húsnæðis, sem um ræðir í þessari grein, ef hún telur það hættulegt heilsu og lífi þeirra, sem við eiga að búa.

- g. Nefndin getur gert ráðstafanir til útrýmingar hvers konar óskiladýra, þar með taldir fuglar, t. d. dúfur og mávar, sem spillt gætu neyzluvatni af þökum.

- h. Nefndin heldur skrá yfir allar þær stofnanir, fyrirtæki og rekstur, sem um er fjallað í samþykkt þessari.

- i. Nefndin aðstoðar héraðslækni við hvers konar sóttvarnir, eftir því sem hann telur þörf á. Ef nauðsyn ber til, er henni heimilt að ráða starfsfólk til bráða-birgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar, en leita skal hún þá samþykkis bæjarstjórnar, svo fljótt sem auðið er.

- j. Nefndin hefur heimild til að gera rikari kröfur til tryggingar þrifnaði og hollustuháttum en beinlínis er fyrir mælt í samþykkt þessari, að því er varðar hvert einstakt atriði, en jafnan skulu þær kröfur vera í samræmi við ákvæði samþykktarinnar um hliðstæð atriði eða almennt viðurkenndar þrifnaðar- og heilbrigðisreglur.

k. Nefndin tilkynnir hlutaðeigendum þau ákvæði þessarar samþykktar, almennra 21  
 laga og annarra reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta og þá varða. Sama 14. marz  
 máli gegnir um ákvæði, er hún setur samkvæmt heimild j-liðs þessarar greinar.

### C. Ýmis ákvæði.

#### 11. gr.

Ekki má setja á fót neina þá stofnun eða fyrirtæki né hefja neinn þann rekstur, sem um er fjallað í IX.—XXI. og XXIII. kafla þessarar samþykktar, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til af sinni hálfu og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er varðar hollustuhætti. Slíkt leyfi þarf einnig til fyrirhugaðra breytinga á húsakynnum eða rekstri.

Öllum hlutaðeigendum er skylt að veita nefndinni eða umboðsmönnum hennar nauðsynlegan aðgang til eftirlits að stofnun þeirri, fyrirtæki eða rekstri, er þeir stýra.

#### 12. gr.

Starfsfólk þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í X., XII.—XIX. kafla þessarar samþykktar, skal sanna árlega með læknisvottorði og oft, ef þurfa þykir, að það sé ekki haldið neinum þeim sjúkdómi, kvilla eða óþrifum, sem öðrum getur stafað hættu af eða vakið getur ógeð þeirra, er við það eiga skipti. Það skal í starfi sínu gæta svo rækilega hreinlætis sem auðið er, ganga þokkalega og hreinlega til fara, sápuþvo sér um hendur hverju sinni, eftir að það hefur gengið til salernis, og endranær eftir þörfum. Starfsfólk í neytluvörubúðum, rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofum, baðhúsum og sundlaugum skal klæðast sérstökum, hreinum hlífðarfötum við starf. Stúlkur í neytluvörubúðum skulu hafa hreina kappu á höfði.

#### 13. gr.

Húsakynni þeirra stofnanna og fyrirtækja, sem um er fjallað í X. og XII.—XX. kafla þessarar samþykktar, skulu fullnægja þessum almennu skilyrðum: vera rúm-göð, hjórt, hæfilega hituð og vel loftræst og að öllu leyti sæmilegur dvalarstaður mönnum.

Í húsakynnum þeim, sem um er fjallað í X. og XII.—XVII. kafla þessarar samþykktar, skulu gólf lögð gólfdukk eða öðru jafngildi, loft máluð og veggir málaðir eða á annan hátt þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til húsakynna, sem um er fjallað í XVIII. kafla, 93.—97. og 104. gr. Í stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem um er fjallað í X. og XII.—XX. kafla þessarar samþykktar, skal starfsfólk eiga greiðan aðgang að fatageymslu, rennandi vatni, hæfilega mörgum salernum að dómi heilbrigðisnefndar, svo og þvagstæðum, ef þurfa þykir, handlaugum, hreinum handklæðum eða pappírþurrkum og öðrum nauðsynlegum hreinlætisgögnum. Gestum skal séð fyrir sams konar þægindum á öllum stöðum, sem þeim eru ætlaðir til afnota, og skulu konur vera sér um salerni og karlar sér.

#### 14. gr.

Húsakynnum þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í X.—XX. kafla þessarar samþykktar, skal haldið svo hreinum og snyrtilegum sem auðið er. Þar sem einhvers konar starfsemi fer fram að staðaldri, skulu gólf þvegin daglega og oft, ef þurfa þykir. Ekki má sópa gólf. Áhöld og innanstokksmuni, lausa og fasta, skal þvo eða hreinsa á viðeigandi hátt eftir þörfum. Allsherjar hreingerning eða málun skal fara fram a. m. k. einu sinni á ári.

Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum húsdýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í þessari grein.

21

14. marz

## II. KAFLI

## Um hreinlæti og þrifnað utan húss.

15. gr.

Umfram það, sem fyrir er mælt í lögreglusamþykkt bæjarins, skal gæta ákvæða 10. gr. a. og 16.—21. gr. samþykktar þessarar, að því er varðar hreinlæti og þrifnað utan húss og eftirlit með því.

16. gr.

Girðingar kringum hús og lóðir skulu þannig gerðar, að rottur og mýs geti ekki gert sér í þeim hreiður.

Eigendum er skylt að greiða kostnað af lagfæringum og viðgerðum á lóðum sínum og portum, svo og hreinsun á þeim.

17. gr.

Ekki má fleygja á almannaferi, í höfnina innan hafnargarða né í fjörur neins konar rusli eða úrgangi.

Ekki má heldur skilja eftir á almannaferi grjót, mól, timbur eða annað byggingarefni né neins konar rusl eða úrgang.

18. gr.

Öll flutningstæki, sem fara um götur bæjarins, skulu þannig gerð, að flutningurinn valdi ekki óþrifnaði.

Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður við flutning, skal þeim, er flytur, skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

Áburð og annað, sem óþef getur lagt af, má einungis flytja um bæinn á tilteknum tímum og eftir tilteknum götum samkvæmt nánari fyrirmælum.

19. gr.

Fatnað, ábreiður og annað þess konar má ekki dusta eða berja á svölum eða út um glugga, sem vita að götum eða torgum, ef húsin standa nær þeim en 8 metra.

20. gr.

Sorphaugar, opnar safngryfjur eða forir og annað þess konar má ekki vera á samþykktarsvæðinu. Bannað er að bera salernisáburð í garða. Þar sem slóg er horið í garða, skal þegar í stað grafa það niður eða svo fljótt sem unnt er fyrir klaka í jörð. Þó er bannað að bera slóg á húslóðir og garða við íbúðarhús.

21. gr.

Götur bæjarins, torg, hafnarbakka, fjörur, ræsi og annað þess konar skal hreinsa á kostnað bæjarins, svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

## III. KAFLI

## Um vatnsból, húsbrunna og sjóveitu.

22. gr.

Umfram það, sem fyrir er mælt í lögreglusamþykkt og byggingarsamþykkt bæjarins, skal gætt ákvæði 10. gr. b. og 23.—33. gr. samþykktar þessarar, að því er varðar húsbrunna, vatnsból og sjóveitu og eftirlit með því.

23. gr.

Meðan ekki er vatnsveita lögð í bæinn, skulu brunnar fylgja hverju húsi, hæfilega stórir til að fullnægja þörfum íbúanna vegna neyzluvatns og vegna baða og



annarra hreinlætistækja. Brunnar skulu að jafnaði geta geymt 40—50 lestir af vatni **21** að minnsta kosti. Þeir skulu vera í tveim hölfum og auðvelt að komast í þá að utan **14. marz** til hreinsunar.

24. gr.

Áður en brunnar eru gerðir, skal leita álits heilbrigðisnefndar um stærð og frágang.

25. gr.

Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað, að hafðar séu síur í brunnum eða aðrennslisæðum til vatnshreinsunar.

26. gr.

Brunnar skulu gerðir úr sterkri steinsteypu, vatnsheldir og traustlega yfirbyggðir. Ofan á brunnum skal vera hreinsunarop, sem auðvelt sé fyrir menn að fara um í bæði hólf til hreinsunar. Opin skulu vera með þéttu, öruggu loki og séu a. m. k.  $\frac{1}{2}$  m upp úr jörð. Frágangur skal allur vera þannig, að öruggt sé, að engin óhreinindi geti borizt í brunninn utan frá.

27. gr.

Húseigendum skal vera skylt að sjá um, að þakrennur og aðrennslispipur séu jafnan í lagi og þannig um búíð, að hægt sé að taka rennur úr sambandi við brunninn, fyrst eftir þurrka eða á öðrum tímum, þegar þess gerist þörf vegna hreinsunar á þökum.

28. gr.

Brunnar skulu hreinsaðir svo oft sem þurfa þykir. Heilbrigðisnefnd getur lagt fyrir húseigendur að sjá um, að brunnar þeirra séu hreinsaðir, ef henni finnst ástæða til.

29. gr.

Til þess að taka vatn úr brunnum skal nota dælur og krana. Bannað er að sækja vatn í brunna með því að sökkva fötum í þá.

30. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með flutningi neyzluvatns. Eigi má nota önnur tæki til neyzluvatnsflutninga en þau, sem heilbrigðisnefnd samþykkir.

31. gr.

Öll vatnsból, sem neyzluvatn er tekið úr, skulu vera varin fyrir hvers konar óhreinindum og sérstaklega hreinlega gengið um næsta umhverfi þeirra. Skal svo frá vatnsbólum gengið, að frá þeim halli þannig, að yfirborðsvatn renni ekki að þeim. Þau skulu hvergi vera nær sorpi, áburði, fiskúrgangi eða öðru, sem óhollusta getur valdið, en 20 m.

32. gr.

Kveðja skal heilbrigðisnefnd til ráða, ef vatnsveita eða sjóveita er lögð eða breytt. Sama máli gegnir, ef leyfð er notkun annarra vatnsbóla.

33. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með sjóveitu bæjarins. Öll skip skulu taka sjó úr sjóveitu bæjarins til þvotta á fiskilestum, en bannað er að nota til þess sjó úr höfninni.

21

14. mæz

## IV. KAFLI

## Um reyk og mengaðar gufur.

34. gr.

Húseigendum skal skylt að halda kyndingartækjum sínum í því lagi, að þau reyki ekki eða valdi sótnmyndun.

Í sambandi við verksmiðjur og iðnað, þar sem reykur eða daunillar gufur myndast, getur heilbrigðisnefnd sett reglur um hæð reykháfa og annan útbúnað til að koma í veg fyrir, að óþrifnaður og óhollusta hljótist af.

## V. KAFLI

## Um salerni, þvagstæði og skolpveitur.

35. gr.

Öll salerni á samþykktarsvæðinu skulu vera vatnssalerni. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef það telst óhjákvæmilegt, en hlíta skal fyrirmælum hennar um frágang salerna af annarri gerð.

36. gr.

Almenningssalerni og þvagstæði skulu reist, þar sem þurfa þykir, og ber að hlíta fyrirmælum heilbrigðisnefndar um gerð þeirra og notkun.

37. gr.

Lagningu allra holræsa á samþykktarsvæðinu skal bera undir heilbrigðisnefnd.

38. gr.

Þar, sem skolpi verður ekki veitt í göturæsi, skal veita því eftir vatnsheldum holræsum gegnum rotþrær og leita um það fyrirmæla heilbrigðisnefndar hverju sinni.

39. gr.

Ef skolp er mengað daunillum efnum eða öðru, er þarfnast sérstakrar meðferðar, skal farið með það hverju sinni eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

40. gr.

Þar, sem því verður við komið og ekki veldur óþrifnaði, skal leiða öll skolpræsi til sjávar, og skulu þau ná út fyrir stórstraumsfjöruhæð. Að svo miklu leyti, sem framkvæmanlegt er, skal veita skolpi utan hafnar.

## VI. KAFLI

## Um meðferð sorps.

41. gr.

Hverju íbúðarhúsi og matstofum skulu fylgja nægilega mörg sorpílát úr málmni að stærð og gerð eftir fyrirmynd, sem heilbrigðisnefnd lætur í té. Í þau skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsinu, og mega þau aldrei standa opin. Ílátin skulu jafnan tæmd, áður en þau fyllast, og sorpið flutt burtu.

Ekki má leggja sorprennur í hús, nema heilbrigðisnefnd fallist á frágang.

42. gr.

Bæjarstjórn lætur annast brottflutning sorps og tiltekur, hvert það skuli flutt. Frá sorpstæði skal þannig gengið, að fýla eða annar óþverri berist ekki til manna-

byggða. Við sorpflutning má einungis nota lokaða vagna, er skulu þannig gerðir, að auðvelt sé að tæma ílátin beint í þá.

21  
14. marz

Afbeitu skal útgerðarmönnum skylt að flytja daglega frá beituskúrum sínum.

## VII. KAFLI

### Um veggjalús, kakalaka, rottur og önnur meindýr.

#### 43. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður meindýra í húsum þeirra, hvort sem þau eru notuð til íbúðar, geymslu eða einhvers konar rekstrar.

Óheimilt er að leigja íbúðir, þar sem meindýra verður vart, fyrr en þau hafa verið upprætt. Enginn má flytja úr þess háttar íbúð í aðra, nema gerðar séu ráðstafanir, er heilbrigðisnefnd metur gildar, til þess að meindýr berist ekki með honum. Skylt er húsráðanda að uppræta meindýr úr húsum sínum og hlíta um það fyrir-mælum heilbrigðisnefndar í hvívetna. Ef einhver vanrækir að gera slíkar ráðstafanir innan þess tíma, er nefndin hefur tiltekið, getur hún látið framkvæma þær á kostnað hans.

#### 44. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr.

## VIII. KAFLI

### Um íbúðarhúsnæði.

#### 45. gr.

Um íbúðir og íbúðarherbergi í kjöllum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 57 14. júní 1929 um íbúð í kjöllum), svo og eftir byggingarsamþykkt bæjarins.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og byggingarsamþykktum, skal gætt ákvæða 10. gr. e. samþykktar þessarar og 46.—51. gr.

#### 46. gr.

Eigendum er skylt að halda leiguíbúðum vel við, enda skulu þær fullnægja eftirtöldum lágmarkskröfum:

- a. 1. að hæfileg forstofa fylgi íbúðinni;
2. að greiður aðgangur sé að salerni og baðklefa með baðtækjum;
3. að nægilegt og gott neyzluvatn sé tiltækt í íbúðinni svo og frárennsli;
4. að aðgangur sé að þvottahúsi;
5. að hæfileg geymsla sé fyrir matvæli, og skal hún vera kæld, vel loftræst og varin fyrir ryki og flugum;
6. að aðstaða sé til að sjóða mat og matreiða.
- b. Sérhverjum húseiganda skal ennfremur skylt að sjá um eftirfarandi:
  1. að viðhaldið sé skolpræsum, salernisskálum, handlaugum, baðtækjum og eldhúsvöskum í húsi sínu;
  2. að allar innanhússlagnir frárennslis séu í góðu lagi;
  3. að hæfileg birta fáiast um glugga, sem hægt sé að opna beint út, enda sé stærð glugganna eigi minni en  $\frac{1}{2}$ — $\frac{1}{10}$  af gólfplatarmáli herbergis, sem þeim er ætlað að lýsa;
  4. að hæfileg loftræsting sé beint út frá hverju salerni og gluggastærð salernis sé eigi minni en 2 ferfet;

21  
14. marz

5. að sérhvert bað, eldunarpláss, gangur og stigi fái hæfilega loftræstingu og birtu;  
6. að haldið sé vel við sérhverjum stiga og hann búinn hæfilegum handriðum.

47. gr.

Ekki má nota kjallara til íbúðar, ef gólf íbúðarinnar er meira en 30 cm undir yfirborði jarðvegs við gluggahlið.

48. gr.

Eftir 12 ára aldur skulu piltum og stúlkum ætluð herbergi sér.

49. gr.

Lágmarksfjöldi íbúðarherbergja miðað við íbúa skal vera sem hér segir:

1 herbergi	2 íbúar
2 —	3 —
3 —	5 —
4 —	7½ —
5 —	10 —

Herbergi, sem er minna en 5 fermetrar að gólfflatarmáli, reiknast ekki íbúðarherbergi.

Lágmarksherbergjastærð miðað við íbúafjölda skal vera sem hér segir:

12 fermetrar hæfa	2 íbúum
10 —	1½ —
8 —	1 —
5 —	½ —

Barn á aldrinum 1—10 ára telst hálfur íbúi. Ekki er hér tekið tillit til yngri barna en 1 árs.

50. gr.

Húseigendum er skylt að halda húsum sínum hreinum utan sem innan. Bárujárn skal mála svo oft, sem þurfa þykir.

51. gr.

Bannað er að byggja íbúðarhús svo nærri klettum, að grjóthrap geti náð til þeirra.

## IX. KAFLI

### Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks.

52. gr.

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks, þar með taldar verbúðir, verkamannaskýli og þess háttar, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 52 20. maí 1955, um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og væntanlegar reglugerðir skv. þeim, reglugerð nr. 10 16. febr. 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð nr. 95 30. júní 1941).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 53. gr. samþykktar þessarar.

## 53. gr.

21

Peir, sem reka iðju eða iðnað eða aðra atvinnu á sérstökum vinnustöðvum, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd og láta fylgja tilkynningunni nákvæma lýsingu á vinnustöð sinni og allri tilhögun þar.

14. marz

## X. KAFLI

Um skrifstofur, lesstofur, afgreiðslustofur og verzlunarbúðir, sem ekki lúta sérstökum fyrirmælum í samþykkt þessari.

## 54. gr.

Lofthæð í skrifstofum, lesstofum, afgreiðslustofum og verzlunarbúðum skal vera a. m. k. 2.5 m og loftrými á hvern starfsmann a. m. k. 10 m<sup>3</sup>. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett, þar sem slíks þykir þörf, svo sem í verzlunarbúðir, er verzla með ryksæla vöru.

## 55. gr.

Áklæði, vefnaðarvörustranga og annað af því tagi skal hreinsa öðru hverju með ryksugu.

## 56. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr. reglugerðar þessarar.

## XI. KAFLI

Um vöruskemmur.

## 57. gr.

Vöruskemmur skulu vera vel loftræstar, rakalausar og rottuheldar.

## 58. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. 11. og 15. gr. reglugerðar þessarar.

## XII. KAFLI

Um skóla og aðra kennslustaði.

## 59. gr.

Um skólahúsnæði og heilbrigðiseftirlit í skólum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 61 8. júní 1957 um heilsuvernd í skólum, og reglugerð nr. 214 22. jan. 1958, 9. gr. berklavarnarlagar nr. 66 30. des. 1939, og 11. gr. laga nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. 11.—15. gr. og 60.—68. gr. reglugerðar þessarar.

## 60. gr.

Lofthæð í stofum, sem notaðar eru til kennslu, skal vera a. m. k. 3 m og gólfhlötur á hvern nemanda a. m. k. 1.4 m<sup>2</sup>. Ljósflötur glugga skal vera a. m. k. 1/6 gólfplatar, og gluggar mega ekki vita móti norðri. Birta skal falla á vinstri hönd. Hiti í kennslustofum skal vera a. m. k. 18° C. Hitamælir skal vera í hverri stofu.

## 61. gr.

Kennsluborð skulu hæfa nemendum. Þau mega hvorki vera rifin né sprungin, og auðvelt skal vera að halda þeim hreinum.

21

14. marz

Hver nemandi skal eiga aðgang að sérstökum fatasnaga og sérstöku hólfi til geymslu á hlífðarfötum og útiskófatnaði. Ekki má geyma fatnað í kennslustofum og ekki ganga þangað inn á útiskóm.

62. gr.

63. gr.

Ekki mega nemendur nota sameiginleg drykkjarker, og jafnan skal drykkjarbúnaður þannig, að ekki þurfi að snerta hann með vörum, þegar drukkið er.

64. gr.

Ætla skal hverjum 20 stúlkum eitt salerni og hverjum 35 piltum eitt. Auk þess skulu piltar hafa aðgang að þvagstæðum.

65. gr.

Hverjum skóla skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum tækjum til íþrótt- og leikiðkana.

66. gr.

Skólahúsnæði má ekki lána til annarra nota, nema með sérstöku leyfi heilbrigðisnefndar.

67. gr.

Skólalæknir hefur eftirlit með heilsufari og þrifum nemenda og sér um að fylgt sé fram í skólanum fyrir mælum heilbrigðisnefndar, þessarar samþykktar og almennra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta. Skólalæknir lætur heilbrigðisnefnd í té skýrslur um þann þátt starfs síns, er hana varðar.

68. gr.

Nemandi, sem haldinn er kláða eða öðrum óþrifum, má ekki sækja skóla. Sama máli gegnir um starfsmenn skólans.

### XIII. KAFLI

#### Um sjúkrahús, elliheimili, lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.

69. gr.

Um heilbrigðisstofnanir og tilhögun þeirra fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. sjúkrahúsalög nr. 93 31. des. 1953, og væntanlegar reglugerðir samkvæmt þeim).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—14. gr. samþykktar þessarar.

### XIV. KAFLI

#### Um dagvistarheimili.

70. gr.

Húsakynni dagvistarheimila barna skulu vera a. m. k. tvær rúmgóðar stofur, auk eldhúss, búrs, þvottaklefa með nægilega mörgum þvottaskálum, salerna og fatageymslna.

71. gr.

Hverju dagvistarheimili skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum leiktækjum.

72. gr.

Leita skal álits heilbrigðisnefndar, þegar ráðinn er forstöðumaður dagvistarheimilis. Læknir, sem til þess er ráðinn, skal hafa eftirlit með heilsufari, þrifum,

meðferð og aðbúnaði barnanna, og skal hann láta heilbrigðisnefnd í té alla vitneskju, **21**  
er hana varðar.

14. marz

## 73. gr.

Ekki má taka á dagvistarheimili barn, sem haldið er næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, né heldur barn frá heimili, þar sem slíkir sjúkdómar eða kvillar eru.

Ef upp kemur næmur sjúkdómur á dagvistarheimili eða grunur leikur á, að barn, sem sækir heimilið, sé haldið slíkum sjúkdómi, skal læknir heimilisins tilkynna héraðslækni þegar í stað.

## 74. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. 11.—14. gr. samþykktar þessarar.

## XV. KAFLI

## Um gistihús, matsölur og aðra veitingastaði.

## 75. gr.

Gistihús er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn dveljast nætursakir fyrir borgun.

Svefnherbergi í gistihúsum mega ekki vera minni en svo að 8 m<sup>3</sup> loftrými komi á hvern gest.

Sængurfatnaður skal ætíð vera þokkalegur, heill, hreinn og laus við ólykt. Ávallt skal skipt á rúmfatnaði, áður en nýjum gesti er vísað til sængur.

Gestir skulu hafa aðgang að baði.

## 76. gr.

Veitingastofa er hvert hús eða húshluti, þar sem menn geta fengið neyzluvörur til neyzlu á staðnum gegn borgun, þar með taldar ölstofur.

Lofthæð veitingastofu skal vera að m. k. 2.5 m og hverjum gesti skal ætla a. m. k. 1.15 m<sup>2</sup> gólfhlöt. Ekki má vera innangengt milli veitingastofu og herbergja, sem rekstrinum er óviðkomandi.

## 77. gr.

Á veitingahúsum, þar sem heitir réttir eða drykkir eru framreiddir, skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu, uppþvottar og sótthreinsunar. Í eldhúsum skulu vera vélknúin loftræstingartæki, ef þurfa þykir.

Rétti, sem ekki er neytt innan 4 klst. frá tilbúningi, skal geyma í kælikápum, þar sem hiti er undir 5° C. Þetta gildir þó ekki um heita rétti, sem geyma á í minnst 60° hita, unz þeirra er neytt.

## 78. gr.

Ekki má bera gestum skörðött eða sprungin matar- og drykkjarilát, og matreiðslu- og uppþvottatæki skulu heil. Ílát og borðfæri skal þvo úr heitu sápuvatni og sjóða eða sótthreinsa í hæfilega virkum sótthreinsunarlegi hverju sinni eftir notkun, og þurrkur og þvottakústa skal sjóða iðulega. Borðdúkar skulu heilir og hreindir. Dúklau borð skal þvo hverju sinni eftir notkun. Búr, hillur og þess konar ber að þvo einu sinni í viku hið minnsta.

Í veitingastofu má ekkert geyma, sem ekki er ætlað til daglegra nota.

## 79. gr.

Herbergi, sem sjúkur maður hefur legið í skal sótthreinsa, áður en það er notað að nýju, nema héraðslæknir telji óþarft. Sama máli gegnir um rúmfatnað og aðra muni, sem hinn sjúki hefur notað.

Að öðru leyti skal gæta ákvæða 10. gr. f. og 11.—14. gr. samþykktar þessarar.

## XVI. KAFLI

### Um rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofur.

#### 81. gr.

Ekki má vera innangengt milli rakara-, hárgreiðslu- eða snyrtistofu og íbúðarherbergja eða annarra herbergja, sem rekstrinum eru óviðkomandi.

#### 82. gr.

Öll áhöld, sem notuð eru við þjónustu á rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofum, skulu vandlega hreinsuð og sótthreinsuð hverju sinni eftir notkun, og hverjum gesti skal ætíð ætla hrein handklæði og hreina dúka.

Á höfuðbrik stóla skal jafnan vera hreinn pappír.

Rafmagnstæki skulu viðurkennd af rafmagnseftirlitinu.

#### 83. gr.

Ekki má veita þjónustu fólki, sem víst er um eða grunur leikur á, að haldið sé næmum sjúkdómum og fólki með húðsjúkdóma í hársverði eða andliti má ekki veita þjónustu, nema sannað sé með læknisvottorði, að öðrum stafi ekki hætta af. Ef uppvist verður eftir á, að gesti með slíkan sjúkdóm hafi verið veitt þjónusta, skal tafarlaust leita fyrirmæla héraðslæknis um sótthreinsun á tækjum þeim, er við hann voru notuð.

#### 84. gr.

Nú telur gestur, að hann hafi orðið fyrir smitun eða fengið á sig óþrif á rakarastofu, hárgreiðslu- eða snyrtistofu, og ber honum þá tafarlaust að tilkynna það héraðslækni eða heilbrigðisnefnd.

#### 85. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—14. gr. samþykktar þessarar.

## XVII. KAFLI

### Um kirkjur og önnur samkomuhús.

#### 86. gr.

Veggir gólf og loft í kirkjum og öðrum samkomuhúsum skal þannig gert, að auðvelt sé að halda því hreinu. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett, þar sem heilbrigðisnefnd telur þess þörf.

#### 87. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—14. gr. samþykktar þessarar.

## XVIII. KAFLI

### Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neyzluvöru.

#### 88. gr.

Um meðferð og sölu matvæla og annarra neyzluvöru fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og reglugerðir,



sem settar hafa verið samkvæmt þeim lögum, einkum reglugerð nr. 49 15. júlí 21 1936 og reglugerð nr. 17 22. febr. 1939, reglugerð nr. 157 4. sept. 1953 um mjólk og 14. marz mjólkurvörur, bráðabirgðareglur nr. 57 12. marz 1941, um framleiðslu og sölu á rjómaís með eða án bragðbætandi efna, lög nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., auglýsingu nr. 185 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr kjöti, og reglugerð nr. 155 8. sept. 1949, um kjötmat o. fl.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. 11.—14. gr. og 89.—104. gr. samþykktar þessarar.

#### A. Almenn ákvæði.

##### 89. gr.

- a. Ekki má vera innangengt milli neyzluvörubúða eða neyzluvörugeymslna og íbúðarherbergja eða annarra herbergja, sem rekstrinum er óviðkomandi.
- b. Lofthæð húsakynna skal vera a. m. k. 2.5 m. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett, þar sem heilbrigðisnefnd telur þörf á.
- c. Búðir og matvælagarðarhús skal verja fyrir rottum, músum, flugum og öðrum meindýrum.
- d. Aldrei má handfjatla óumbúna vöru, sem ætluð er til neyzlu, eins og hún kemur úr búð, heldur nota til afgreiðslu á henni spaða, skeiðar, gaffla eða tengur, sem til slíks er gert.
- e. Til umbúða má einungis nota hreinan umbúðapappír eða annað jafngildi.

#### B. Um mjólk og mjólkurvörur.

##### 90. gr.

Í mjólkurbúðum má einungis geyma og selja gerilsneydda mjólk.

##### 91. gr.

Heilbrigðisnefnd getur leyft framleiðendum að selja neytendum ógerilsneydda mjólk milliliðalaust, ef fylgt er öllum ákvæðum þeirra laga og reglugerða, sem vísað er til í 88. gr. Aldrei má þó mjólk, sem seld er á þann hátt, vera sambland mjólkur frá tveimur eða fleiri framleiðendum (heimilum).

Heimilt er að selja gerilsneydda mjólk, svo og mjólkurvöru, á matsölu- og veitingastöðum til neyzlu þar.

Ekki má selja mjólk eða mjólkurvöru á götum úti, nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til.

#### C. Um rjómaís og mjólkurís.

##### 92. gr.

Fitumagn rjómaíss, sem seldur er til neyzlu í bænum, má ekki vera minna en 15% og mjólkurís ekki minna en 6%.

Hvers konar blanda, sem notuð er í ísfrauð, skal gerilsneydd.

#### D. Um brauðgerðarhús, brauðbúðir, heimabakstur o. fl.

##### 93. gr.

Öll óumbúin brauðvara skal geymd í luktum skápum. Brauð, sem ekki verða afgreidd með sérstökum tækjum (sbr. 89. gr. d.), skulu geymd og afhent í sérstökum umbúðum.

##### 94. gr.

Vöru, sem seld er í brauðbúð, má ekki neyta þar inni, nema húsakynni og annar búnaður sé til þess gert og heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til.

21

14. marz

Heimabakaða brauðvöru má ekki selja, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til, og ekki má ganga með hana milli húsa til framboðs.

95. gr.

Brauðvöru má ekki selja á götum eða torgum nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til þess.

96. gr.

Brauðvöru má aðeins flytja milli brauðgerðarhúsa og búða í hreinum lokuðum og rykheldum kössum.

### *E. Um meðferð og sölu kjötvöru.*

98. gr.

Kjöt og kjötvöru til daglegrar neyzlu má einungis selja í sérstökum kjötbúðum. Í kjötbúðum má einnig selja harðfisk í umbúðum, frystan fisk í umbúðum, fiskfars, lax, silung, niðursuðuvöru, feitmeti, álegg, osta, egg, kartöflur, rófur og grænmeti, svo og aðra vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu þar á.

Um kjötbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- a. Gólf kjötbúðar skal vera vatnshelt og lagt flisum eða öðru jafngildi, rás úr gólfi niður í skolpræsi, veggir skulu flisalagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi, en búðin að öðru leyti máluð.
- b. Botn búðarborða skal vera a. m. k. 15 cm frá gólfi. Borð skulu lögð gleri, marmara, eða öðru jafngildi. Matvæli, sem standa á borðum, skulu varin gleri.
- c. Kjötkrókar og kjötstengur skulu vera gljád, höggstokkar, ef notaðir eru, úr hörðum viði og eggjárn öll óryðguð.
- d. Vara, sem ætluð er til neyzlu eins og hún kemur úr búð, skal geymd í luktum glerskápum.
- e. Kæliklefi eða kælikápur skal vera í hverri kjötbúð.

### *F. Um meðferð og sölu á fiski.*

99. gr.

Með þeim undantekningum, er getur í 98. og 100. gr. skal selja óunninn neyzlufisk í sérstökum fiskbúðum. Í fiskbúðum má einnig selja niðursuðuvöru, sjófugl, hval, sel, hákarl, harðfisk í umbúðum og aðra þá vöru, ef heilbrigðisnefnd leyfir sölu þar á.

Um fiskbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- a. Gólf skal vera úr terrasso eða öðru jafngildi, með niðurfalli og hæfilegum halla að því.
- b. Gengið skal þannig frá veggjum, að auðvelt sé að hreinsa þá.
- c. Búðarborð skulu vera skúffulaus og klædd ryðfríum stálplötum eða öðru jafngildi. Skal þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim.
- d. Geymsluklefi skal fylgja hverri búð.
- e. Sérstakur upphitaður klefi skal ætlaður starfsfólki til fataskipta og dvalar.
- f. Í búð eða geymsluklefa skal vera þvottaker með rennandi vatni til fiskþvottar. Þar skal einnig vera lokað ílát undir fiskúrgang og ber að hreinsa það daglega.
- g. Í búðinni skulu vera trog eða bakkar undir fisk. Ef trog eru notuð, skulu þau græn máluð utan, en ljósmáluð innan og göt á botni.
- h. Kassar, sem notaðir eru til flutnings á fiski úr fiskbúðum til neytenda, skulu vera með loki, græn málaðir utan, en ljósmálaðir innan og á þá málað nafn eða merki eigandans.
- i. Ekki má láta fisk liggja á gólfi í búð eða geymslu.

## 100. gr.

Heimilt er sjómönnum að selja eigin afla úr bát á lendingarstað eða á götum úti. Við götusölu skal nota hreinlega, málaða vagna, og segir heilbrigðisnefnd fyrir um gerð þeirra. Hverjum vagni skal fylgja lokað ílát undir úrgang.

21

14. marz

## 101. gr.

Frá 1. maí til septemberloka má ekki selja óslægðan fisk, og aldrei má selja fisk, sem hefur ekki verið slægður, áður en sólarhringur er liðinn frá því, er hann var deyddur.

Allur neyzlufiskur skal vera hreinn og óskemmdur, ómarinn og að öllu leyti óaðfinnanlegur.

Við flutning á fiski skal ætíð gætt fyllsta hreinlætis.

## 102. gr.

Í fiskverkunarhúsum skal vera steinsteypt gólf með hæfilegu frárennsli. Veggir skulu kalkaðir eða málaðir, nema heilbrigðisnefnd leyfi aðra tilhögun. Vatns- eða sjóleiðsla skal vera um allt húsið.

## 103. gr.

Fiskhjallar til þurrkunar á skreið mega ekki vera nær íbúðarhúsum en 500 metra.

*G. Um meðferð og sölu annarrar neyzluvöru.*

## 104. gr.

Kornvöru, kex, sykur og aðra neyzluvöru, sem ekki eru sérstök ákvæði um í samþykkt þessari og vegin er eða mæld jafnóðum og sala fer fram, skal geyma í vel luktum skúffum eða ílátum, er aldrei mega standa opin.

Smjör, smjörlíki og ost skal geyma í luktum glerskáp.

## XIX. KAFLI

Um baðhús, sundlaugar (sundhallir), baðstaði (sundstaði), íþróttahús, íþróttavelli (íþróttasvæði), útileikvelli barna og útiskemmtistaði.

*A. Um baðhús.*

## 105. gr.

Gólf baðherbergja skulu vera flísalögð og veggir flísalagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi í 1.80 m hæð.

*B. Um sundlaugar.*

## 106. gr.

Sundlaugar skulu vera úr steinsteypu og svo sléttar innan, að auðvelt sé að þvo gólf og vegg. Barmar skulu hærri en gólfið í kring. Meðfram innanverðum börnum, ofan vatnsborðs, skulu vera vatnsheldar rennur eða ílát, er sundgestir geti hrækt í.

## 107. gr.

Vatn eða sjór, sem notað er í sundlaug skal vera hreint og gerlagróður þess ekki meiri en drykkjarvatns.

Gerlafjöldi í sundlaugarvatni má ekki fara yfir 1000 í 1 cm<sup>3</sup>, og saurgerlar (B. coli) mega ekki finnast að staðaldri í 1 cm<sup>3</sup>. Taka skal sýni af vatni til rannsókna ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði.

Sundlaugar skal tæma og hreinsa svo oft, sem þurfa þykir.

21

14. marz

108. gr.  
Hverri sundlaug skulu fylgja hæfilega margir búningsklefar, baðklefar með steypiböðum, salerni og þvagstæði. Húsakynnum skal haga þannig, að sundgestir komast ekki í sundlaugina nema úr baðklefa. Skylt er að hafa björgunartæki í sundlaugum.

109. gr.

Sundgestum er skylt að sápuþvo sig vandlega, áður en þeir fara í sundlaug. Bannað er að hrækja eða snýta sér í sundlaug eða saurga hana á annan hátt, og er heimilt að vísa sundgestum burt, ef þeir verða uppvísir að slíku.

110. gr.

Ekki má hleypa fleiri gestum í sundlaug í senn en svo, að a. m. k. 3 m<sup>2</sup> af yfirborði vatnsins komi á hvern mann.

111. gr.

Ef uppvíst verður, að sundgestur hefur næman sjúkdóm eða óþrifakvilla, opin sár, rennsli úr augum, eyrum eða nefi, áberandi kvef, niðurgang eða aðra kvilla, sem borizt geta manna á milli, ber að synja honum um aðgang að sundlaug.

Ef grunur leikur á, að sundgestur sé haldinn einhverjum slíkum kvilla, skal synja honum aðgangs, nema læknisvottorð komi til.

112. gr.

Ef grunur leikur á, að smitandi sjúkdóm, t. d. fótamyglu (epidermophytosis interdigitalis plantarum), megi rekja til smitunar í sundlaug, skal tafarlaust gera héraðslækni viðvart og hlíta fyrirmælum hans um varúðarráðstafanir.

113. gr.

Baðföt, handklæði, bursta og annað, sem lánað er sundlaugargestum til afnota, skal sjóða eftir notkun hverju sinni eða leggja í sóthreinsunarlög eftir nánari fyrirmælum héraðslæknis.

114. gr.

Starfsfólk sundlaugar skal hafa sérstaka skó á fótum, er það notar einungis á því svæði, sem sundgestir ganga um, eftir að þeir hafa afklæðzt og þvegið sér, og engir aðrir mega ganga um það svæði nema á sérstökum skóm.

### C. Um baðstaði.

115. gr.

Baðstaðir skulu valdir þannig, að ekki sé hætt á, að neins konar saurindi berist í sjóinn (vatnið). Nægilega mörg salerni skulu vera í grennd við slíka staði og þannig um frárennsli gengið, að sjórinn saurgist ekki af því.

116. gr.

Ef baðstaðir eru fjölsóttir, skal rannsaka vatnið öðru hverju og leyfa því að eins notkun þeirra, að gerlafjöldi sé ekki úr hófi.

117. gr.

Baðgestum er skylt að ganga þrifalega um baðströnd, og ekki mega þeir saurga vatnið á neinn hátt.

Um aðgangsleyfi að baðstöðum gilda ákvæði 111. gr. samþykktar þessarar.

## 118. gr.

21

Sérstakur gæzlumaður skal annast eftirlit á baðstað, og skylt er að hafa þar 14. marz  
þjörgunartæki.

*D. Um íþróttahús.*

## 119. gr.

Gluggar skulu vera á gagnstæðum hliðum íþróttahúsa og ljósflötur þeirra helzt ekki minni en  $\frac{1}{5}$  gólfplatnar. Gólf skulu þannig gerð, að slysaætta verði sem minnst. Leitast skal við að gera dýnur og önnur áhöld þannig úr garði, að þau safni ekki í sig ryki.

## 120. gr.

Auk æfingasalar (sala) skulu vera í hverju íþróttahúsi eitt eða fleiri búningsherbergi, baðherbergi með steypiböðum, salerni og áhaldaherbergi eða skápur fyrir ræstitæki.

Haga skal húsakynnum þannig, að gengt sé í leikfimissal úr búningsklefa, og aldrei má fara þangað inn nema á sérstökum skóm.

## 121. gr.

Íþróttahús má ekki nota örara en svo, að nægur tími sé til nauðsynlegrar hreingerningar og loftræstingar.

Um lán á íþróttahúsum gilda ákvæði 66. gr.

*E. Um íþróttavelli.*

## 122. gr.

Íþróttavellir skulu þannig úr garði gerðir, að sem minnst rykist upp af þeim. Þeir skulu hreinsaðir eftir þörfum, og aldrei má safnast þar fyrir rusl. Slíkum völlum skulu jafnan fylgja salerni, búningsklefar og böð.

*F. Um útileikvelli barna.*

## 123. gr.

Heilbrigðisnefnd getur sett sérstakar reglur um útileikvelli barna.

*G. Um útiskemmtistaði.*

## 124. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með útiskemmtistöðum. Þeim, sem útiskemmtun heldur, skal skylt að hafa samráð við heilbrigðisnefnd um, að gætt sé hreinlætis og góðrar umgengni á samkomusvæði og þar sé komið upp nægilegum salernum og þvagstæðum og séð fyrir nægjanlegu og góðu neyzluvatni.

## 125. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—14. gr., eftir því sem við á eða getur átt, að því er varðar starfsemi þá, er þessi kafli fjallar um.

## XX. KAFLI

## Um fangelsi og vistarverur handtekinna manna.

## 126. gr.

Um sængurfatnað í fangelsum og vistarverum handtekinna manna skal gætt ákvæða 75. gr.

21

14. marz

127. gr.

Ef uppvíst verður eða grunur leikur á, að einhver vistmanna sé haldinn næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, skal einangra hann, en leita síðan fyrirmæla héraðslæknis um meðferð hans og um hreinsun á herbergi og rúmfatnaði.

128. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. 11. og 13.—14. gr., eftir því sem við getur átt.

## XXI. KAFLI

## Um kirkjugarða, líkhús og líkgeymslur.

129. gr.

Um kirkjugarða og meðferð líka fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 64 23. júní 1932, reglugerð nr. 83 25. júlí 1934, hvort tveggja um kirkjugarða, lög nr. 42 10. nóv. 1913 og reglugerð nr. 24 1. apríl 1936, hvort tveggja um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum).

Um flutning líka milli sókna fer eftir ákvæðum laga nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, með áorðinni breytingu samkvæmt lögum nr. 28 27. júní 1941 og ákvæðum reglugerðar nr. 159 27. sept. 1941, um flutning líka.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. 11. og 130.—137. gr. samþykktar þessarar.

130. gr.

Í kirkjugörðum eða við þá skal reisa verkamannaskýli handa þeim, er í görðunum vinna.

131. gr.

Vatnsból, önnur en steyptir brunnar, mega ekki vera nær kirkjugarði en 200 m og því aðeins svo nærri, að jarðvegi halli ekki að vatnsbóli.

132. gr.

Líkkistur má ekki grafa grynna en svo, að 1.25 m sé frá kistuloki að grafarbarmi.

Leyfa má, að grafir séu gerðar úr steinsteypu, en þó skulu þær vera neðanjarðar og a. m. k. 0.5 m þykkt jarðvegslag ofan á. Í botni slíkra grafa skal vera sandur eða mól eða þannig frá honum gengið á annan hátt, að gröf haldist þurr.

Ekki má opna slíkar grafir, nema héraðslæknir veiti samþykki til og farið sé að fyrirmælum hans í hvívetna.

133. gr.

Líkhús skulu vera úr steinsteypu og þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Gluggar skulu vita í norður. Rás skal úr gólfi niður í holræsi. Í líkhúsum skal vera rennandi vatn og handlaugar.

134. gr.

Líkhús skulu þrífín svo oft sem þurfa þykir og ávallt þegar í stað, eftir að þar hafa verið geymd ókistulögð lík.

Leita sal fyrirmæla héraðslæknis um sóttgreinsun, ef í líkhúsi hefur verið geymt lík manns, sem dáíð hefur úr næmum sjúkdómi.

135. gr.

Héraðslæknir getur mælt svo fyrir, að lík manns, er dáíð hefur úr næmum sjúkdómi, skuli kistulagt þegar í stað og flutt í líkhús.

136. gr.

21

Fundin eða sjórekin lík skal ætíð flytja í líkhús þegar í stað.

14. marz

137. gr.

Ef sett er á stofn bálstofa á samþykktarsvæðinu, setur heilbrigðisnefnd sérstakrar reglur um hana.

## XXII. KAFLI

## Um eftirlit með skipum, bátum og bifreiðum.

138. gr.

Um eftirlit með skipum og bátum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, svo og reglur nr. 11 20. jan. 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, sóttvarnarlög nr. 34 12. apríl 1954 og lög nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 139.—142. gr. samþykktar þessarar.

139. gr.

Vistarverum skipshafna og farþega, svo og bifreiðum, skal haldið eins hreinum og auðið er. Um meðferð matvæla í skipum og bátum gilda sömu reglur sem á veitingahúsum, eftir því sem við verður komið.

140. gr.

Ekki má flytja með skipum og bátum sjúklinga með næma sjúkdóma, nema með leyfi héraðslæknis, er hefur um það samráð við landlækni, þegar mikið er í húfi.

141. gr.

Ef vart verður meindýra í skipi eða bát, sömuleiðis lúsar, kláða eða annarra óþrifa á skipverjum, skal skipstjóri tilkynna það heilbrigðisnefnd þegar í stað, og ber að hlíta fyrirmælum hennar um upprætingu.

142. gr.

Skipstjórar og útgerðarmenn, bifreiðarstjórar og eigendur bifreiða bera ábyrgð á, að farið sé að fyrirmælum héraðslæknis og heilbrigðisnefndar um allt, er lýtur að þrifnaði, sóttvörnum og heilsugæzlu í skipum, bátum og bifreiðum.

Kyrrsetja má skip og taka bifreið úr umferð, ef brotið er í bága við fyrirmæli héraðslæknis eða heilbrigðisnefndar.

143. gr.

Heilbrigðisfulltrúi skal að jafnaði eigi sjaldnar en einu sinni á ári skoða vistarverur skipverja á bátum og skipum, sem hér eiga heimahöfn, og halda skrá yfir skipin.

144. gr.

Bannað er að skrá háseta í skiprúm, nema hann leggi fram læknisvottorð, eigi eldra en tveggja mánaða, um að hann sé eigi haldinn neinum næmum sjúkdómi né óþrifakvilla. Að jafnaði skal krafizt röntgenskyggingar á lungum, þar sem því verður við komið.

Bifreiðarstjórar leigubifreiða skulu leggja fram sams konar heilbrigðisvottorð um leið og bifreiðarskoðun fer fram.

21

14. marz

## XXIII. KAFLI

## Um peningshús, búrekstur og skepnuhöld.

145. gr.

Umfram það, sem fyrir er mælt í lögreglusamþykkt bæjarins, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 146.—151. gr., að því er varðar peningshús, búrekstur og skepnuhöld.

146. gr.

Ekki má reisa peningshús, haughús, áburðarhús, safnhús, safngryfjur né hefja búrekstur innan hins skipulagða íbúðarhúsasvæðis kaupstaðarins.

147. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og mannaíbúðir. Peningshús má ekki standa nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en 10 m og ekki má það standa nær vatnsbóli en 20 m og því aðeins svo nærri, að jarðvegi halli frá vatnsbóli.

148. gr.

Peningshús skulu vera björt og loftgóð, flór úr steinsteypu og húsin að öðru leyti þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau. Skulu þau kólkuð eða þrífín viðlíka vel a. m. k. einu sinni á ári.

Gengið skal þannig frá haug- og áburðarhúsum og safngryfjum, að ekki berist frá þeim til mannabyggða ódaunn eða óþverri og mönnum eða skepnum stafi ekki hætta af, þótt yfir þau sé gengið.

149. gr.

Loðdýr (dýr, sem alin eru vegna feldarins) og tamda fugla, aðra en stofufugla í búrum, má ekki hafa á hinu skipulagða íbúðasvæði kaupstaðarins, nema gild ástæða þyki til og heilbrigðisnefnd samþykki.

150. gr.

Hundahald er bannað á samþykktarsvæðinu.

151. gr.

Búpeningur má ekki ganga laus á samþykktarsvæðinu, og ekki má reka hann gegnum íbúðarverfi.

## XXIV. KAFLI

## Lokaákvæði.

152. gr.

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, er að heilbrigðismálum lúta.

153. gr.

Ef einhver vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur mælt fyrir um samkvæmt samþykkt þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna það á kostnað hans. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda með lögtaki, ef þörf gerist.

Einnig getur heilbrigðisnefnd gert þeim, sem vanrækir að vinna verk eða lætur eitthvað hjá líða, sem heilbrigðisnefnd hefur mælt fyrir um samkvæmt samþykkt-inni, að greiða dagsektir, allt að kr. 500.00 á dag, unz fullnægt hefur verið því, sem vanrækt var. Dagsektir renna í bæjarsjóð og má innheimta með lögtaki.



Enn fremur er lögreglustjóra heimilt eftir beiðni heilbrigðisnefndar, að gefinni **21** viðvörðun, að stöðva starfsemi, er fellur undir samþykkt þessa um stundarsakir, ef **14. marz** ekki er bætt úr ágöllum.

154. gr.

Ef einhver brýtur ákvæði samþykktar þessarar eða vanrækir að hlýðnast í tæka tíð fyrir mælum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, skal hann sæta sektum allt að 5000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum, og rennur sektarféð í bæjarsjóð.

155. gr.

Mál er rísa út af brotum á samþykkt þessari skulu rekin að hætti opinberra mála.

156. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi, jafnskjótt sem hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum. Jafnframt er úr gildi numin heilbrigðissamþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 81 28. okt. 1925.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðis-samþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest framanrituð heilbrigðis-samþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað, er bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. marz 1960.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## G J A L D S K R Á

fyrir vatnsveitu Stórolfshvolshverfis í Rangárvallasýslu.

**22**

28. febr.

1. gr.

Vatnsskatt greiði notendur veitunnar árlega samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Fyrirtæki svo sem sláturhús, frystihús, almenningsþvottahús og þvottastöðvar bifreiða greiði vatnsskatt, sem hreppsnefnd Hvolhrepps ákveður fyrir eitt ár í senn.
- b. Aðrir, sem fá vatn frá veitunni, greiði skattinn af öllum húsum sínum samkvæmt gildandi fasteignamati og sé skatturinn 3% af þeim húsum, sem metin eru allt að 100.000.00 krónur, en af þeim húsum, sem metin eru hærra, sé skatturinn 2%. Auk þess skal greiða fastagjald 200.00 krónur fyrir venjuleg íbúðarhús, en sé vatnið einnig notað til brynningar nautgripa, skal fastagjaldið vera 300.00 krónur. Vatnsskattur má þó aldrei lægri vera en 300.00 krónur.

Séu tvær eða fleiri fjölskyldur (íbúðir) í sama húsi, verður vatnsskattur fyrir hverja eigi lægri en 300.00 krónur.

Ofanefnd gjöld getur vatnsveitunefnd sem leggur á skattinn hækkað eða lækkað árlega um allt að 50%.

22

28. febr.

Gjaldldagi vatnsskattsins skal vera 1. marz ár hvert, nema árið 1960 skal hann vera 1. apríl.

2. gr.

3. gr.

Af húsum sem tengd eru við vatnsveitukerfið eftir gildistöku gjaldskrár þessarar, skal greiða tengigjald eða stofngjald 500.00 krónur. Gjald þetta skal greiðast áður en húsið er tengt við vatnsæð.

4. gr.

Húseigandi ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu, sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt húsaleigan hafi áður verið ákveðin.

5. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi húseignum næstu tvö árin eftir gjaldldaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammings- og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps í Rangárvallasýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi 29. febr. 1960, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 204 30. des. 1958 fyrir vatnsveitu Stórólshvolshverfis í Rangárvallasýslu.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1960.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

---

*Hallgrímur Dalberg.*

23

21. marz

## AUGLÝSING

### um verðlagningu sérlyfja, samkvæmt lyfsöluskrá II.

Þar til gefin verður út ný lyfsöluskrá II, sem nú er í undirbúningi, skal verðlagningu sérlyfja samkvæmt lyfsöluskrá II hagað þannig, að heildsöluálagning verði eigi hærri en 16% (umboðslaun innifalin, söluskattur í tolli án álagningar), en smásöluálagning verði eigi hærri en 40% á heildsöluverð.

Innflytjendur sérlyfja skulu láta lyfjaverðskrárnefnd í té staðfesta vöru-reikninga og verðútreikninga í tvíriti um innflutning vara sem falla undir tollskrár nr. 28/57 og 28/58, áður en sala verður hafin samkvæmt verðútreikningum á smásöluverði, sem birtir verða sem breytingar á lyfsöluskrá II er þeir liggja fyrir samkvæmt framansögðu.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt heimild í konungsúrskurði frá 14. jan. 1897, sbr. augl. 15. janúar 1897, og birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. marz 1960.*

Ingólfur Jónsson.

---

*Baldur Möller.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigfúsar 24  
 Árnasonar og Elínar Þorláksdóttur, Stöpum á Vatnsnesi, útgefin á venjulegan 23. marz  
 hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. marz 1960.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigfúsar Árnasonar og Elínar Þorláksdóttur,  
 Stöpum á Vatnsnesi.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Sigfúsar Árnasonar og Elínar  
 Þorláksdóttur, Stöpum á Vatnsnesi, og er hann stofnaður með gjöf nefndra hjóna  
 að upphæð kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur —.

### 2. gr.

Sjóðurinn er eign heimagrafreitsins að Stöpum. Tekjur hans eru vextir, gjafir  
 og aunað, sem honum kann að áskotnast.

### 3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en vöxtum og öðrum tekjum hans skal  
 verja til viðhalds, fegrunar eða endurbyggingar grafreitsins, eftir því sem stjórn  
 sjóðsins telur rétt. Annars skulu vextir og gjafafé lagt við höfuðstólinn.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þessir aðilar: Ábúandinn á Stöpum, formaður sóknar-  
 nefndarinnar í Tjarnarsókn og sóknarpresturinn í Tjarnarprestakalli. Skal ábú-  
 andinn á Stöpum vera formaður stjórnarinnar.

### 5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu eða annarri þeirri  
 peningastofnun, sem stjórnin telur örugga. Skal hún halda gerðabók, þar sem inn-  
 færðir séu reikningar sjóðsins svo og ákvarðanir, sem teknar eru varðandi fé hans.

### 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans endurskoðaðir  
 af þeim aðilum, sem endurskoða kirkjureikning.

### 7. gr.

Skipulagsskrá þessi er samhljóða óskum stofnenda sjóðsins, sem undirrita  
 hana og skal leita staðfestingar forseta Íslands á henni.

Stöpum, 19. marz 1960.

Sigfús Árnason.

Elín Þorláksdóttir.

# G J A L D S K R Á

## um póstburðargjöld.

Samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31 frá 12. febrúar 1940, er hér með sett eftirfarandi gjaldskrá um póstburðargjöld.

### 1. Burðargjöld.

Fyrir a. Bréfa- sendingar	Innanlands				Til Danmerkur (Færeyja, Grænland), Finnlands, Noregs (Svalbarða) og Svíþjóðar				Til annarra landa			
	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd- armörk g	Burðargj. aur.		Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd- armörk g	Burð- argj. aur.	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd- armörk g	Burð- argj. aur.	Þyngd- armörk g	
			staðar	ríkis							hver	yfir
Bréf	Lengd + breidd + þykkt 90 cm. Mesta lengd 60 cm. í ströngum: lengd + tvöfalt þvermál 1 m. Mesta lengd 80 cm 2000 g. Fyrir bréf yfir 500 g er ríkistaxti sami og „Til annarra landa“.	20 100 300 500	250	300	Sama og innanlands Fyrir bréf yfir 500 g sama burðargjald og „Til annarra landa“.	20	300	Sama og innanlands	20	350	hver 20 þar yfir	20
			400	500		100	500					
Bréfsþjöld einf. tvöf.	Mest 15×10.5 cm Minnst 10×7 cm	200 hver 50 þar yfir	150	200	Sama og innanlands	200 hver 50 þar yfir	300	Sama og innanlands	200	400	Sama og innanlands	200 hver 50 þar yfir
			300	400								
Verzlunar- skjöl	Stærð sama og bréfa Þyngd 2000 g	200 hver 50 þar yfir	250	300	Sama og innanlands Þyngd 2000 g	200 hver 50 þar yfir	300	Sama og innanlands Þyngd 2000 g	200	350	Sama og innanlands Þyngd 2000 g	200 hver 50 þar yfir
			50	60								
Prent	Stærð sama og bréfa Þyngd 3000 g	50 hver 50 g eða minna fram- yfir	100	120	Stærð og þyngd sama og „Til annarra landa“. Fyrir prent yfir 1000 g sama burðargjald og til annarra landa.	50 hver 50 g eða minna fram- yfir	120	Stærð sama og bréfa Þyngd 3000 g Einstök bindi þó 5 kg. Fyrir prent, sem er opið eða saman brotið spjald, gildir sama stærð og fyrir bráferisgjöld	50 hver 50 g eða minna fram- yfir	140	Sama og innanlands Þyngd 2000 g	50 hver 50 g eða minna fram- yfir
			50	60								

Sýnishorn	Stærð sama og bréfa Þyngd 500 g	50 hver 50 g eða minna fram- yfir	100	120	Stærð og þyngd sama og „Til annarra landa“.	50 hver 50 g eða minna fram- yfir	120	Stærð sama og bréfa Þyngd 500 g	50 hver 50 g eða minna fram- yfir	140
<b>b. Innrituð blíð og fímarit</b> (sbr. sér- staka reglugerð þar um).	Stærð sama og bréfa. Þyngd 20 kg í hverri sendingu. a) Til umboðsmanns (minnst 50 eint. til hvers í einu), hver sending. b) Sent beint til áskrifanda hvert eint.	500 hver 500 g þar yfir	100 25 40	200			60			70
<b>c. Bökkar (Innanlands):</b> Hámark þyngdar og stærðar: Þyngd 20 kg mest. Stærð 1.25 m mest á einhvern veg eða að rúmmáli 60 dm <sup>3</sup> 5 kg eða minna, 80 dm <sup>3</sup> yfir 5 kg, en ekki yfir 10 kg. 100 dm <sup>3</sup> yfir 10 kg, en ekki yfir 15 kg og 120 dm <sup>3</sup> yfir 15 kg. Burðargjald (Ríkistaxti): Fastagjald: kr. 5.00 á böggul. Burðargjald eftir þyngd: kr. 4.00 fyrir hvert kg eða minna Staðartaxti: Hálfur ríkistaxti. Um burðargjald fyrir böggla til útlanda fást upplýsingar á póst- húsumum.										
<b>d. Ávís- anir</b> Póst- ávisanir	Hámarksupphæð: kr. 25.000,00 til kaup- staða, kr. 10.000,00 til annarra staða. a. Fastagjald b. Fyrir hverjar 100 kr. eða minna ..	250 50	250 50		Hámarksupphæð: 5.000,00 kr.	250 50		Hámarksupphæð: Jafngildi 5000 gullfr.		250 50
<b>Póst- kröfur</b>	Hámarksupphæð sama og póstaðvísana a. Burðargjald sendingar eftir tegund, (ekki eyðublið). b. Fastagjald. c. Fyrir hverjar 100 kr. eða minna ..	350 50	350 50			350 50				350 50

25  
29. febr.

	Innanlands		Til Danmerkur (Færeyja, Grænland), Finnlands, Noregs (Svalbarða og Svíþjóðar		Til annarra landa	
	Burðargj. aur.	staðar rúls	Burð- argj. aur.	Burð- argj. aur.	Burð- argj. aur.	Burð- argj. aur.
Póstinn- heimtur	a. Burðargjald: sama og fyrir skrásett bréf. . .	250	300			
	b. Innheimtu eða sýningargjald . .	250	300			300
	c. Burðargjald fyrir innheimta upphæð sama og fyrir póstávis- anir . . . . .					
e. Verð- bréf og böggjar	a. Burðargjald, sama og fyrir sömu tegund venjulegrar sendingar.					
	b. Skrásetningar- gjald.	300	300			300
	c. Abyrgðargjald: Fyrir hverjar 100 kr. eða minna.	50	50			50
Loftréf	Söluverð kr. 4.00. Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.					
Blindra- prent	Nýtur frígengis innanlands og til útlanda.					

2. Ýmis önnur gjöld.

	Innanlands	Til Danmerkur (Færeyja, Grænl.), Finnlands, Noregs (Svalbarða) og Svíþjóðar	Til annarra landa
Skrásetningargjald	300 aurar	300 aurar	300 aurar
Afturköllun sendingar Breyting á áritun Lækkun póströfuupphæðar Fyrirspurn um sendingu	350 aurar	350 aurar	500 aurar
Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynn- ingar um böggla með sérstök- um sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðun- arþósthús). Þar sem er daglegur útburður, 1 km frá pósthúsi:	700 aurar	700 aurar	700 aurar
Móttökukvittun:	400 aurar	400 aurar	500 aurar

Talning í verðbréfi: Kr. 10.00 hver sending. Í bréfum til útlanda mega póstmenn ekki telja.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð kr. 5.00. Skiptiverð í frimerkjum kr. 3.50.

Skilrikisspjöld: Kr. 7.00.

Fyrirframreiðsla eftir frankóseðli: Kr. 5.00.

Tollmeðferð böggla: Kr. 5.00.

Staðfesting á innihaldi bréfs: Kr. 1.50 fyrir hverjar 10 línur, minnst kr. 7.50.

Afhending ábyrgðarsendinga með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan kr. 2.50.

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir skrásettar sendingar og verðsendingar er sem hér segir:

1. Bréf og böggjar með tilgreindu verði: Allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Skrásett bréf og almennir böggjar:
  - a. kr. 300.00 fyrir glatað skrásett bréf.
  - b. kr. 50.00 fyrir hvert kg bögguls, sem glatast.Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafizt innan árs, frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 og gengur í gildi 1. marz 1960.  
Samtímis fellur úr gildi fyrri gjaldskrá um póstburðargjöld frá 28. júní 1958.

*Póst- og stamánálaráðherrann, 29. febrúar 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

G. Briem.



## REGLUGERÐ

26

29. febr.

um blöð og tímarit, sem flutt eru samkvæmt 1. gr. h í póstlögum (nr. 31/1940) og njóta sérstakra kjara um burðargjald umfram venjulegt prent.

### 1. gr.

Til blaða og tímarita, sem geta notið sérstakra kjara um burðargjald umfram venjulegt prent, telst sérhvert blað eða rit, prentað eða gefið út á Íslandi, sem menn skrifa sig fyrir, kemur út nokkurn veginn reglulega í að minnsta kosti 1000 eintökum í einu, og einu sinni eða oftar á ári í eintökum eða heftum, sem hafa sam-  
eiginlegan titil og vega ekki yfir 500 g hvert.

### 2. gr.

Hámarksþyngd einstakra umboðssendinga eða áskriftarsendinga (sbr. 5. gr.) má ekki fara yfir 20 kg, og verður að vera innan sömu takmarka og bréf samkvæmt fyrir-  
mælum Alþjóðapóstsamningsins. Á fyrstu síðu blaðsins eða tímaritsins skal prentað fullt nafn þess, árgangur, tölublað eða hefti. Ekkert laust fylgiblað, sem eigi er heinlínis tilheyrandi blaðinu að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, t. d. sérprentaðar aug-  
lýsingar o. þl., má senda með blaðinu eða tímaritinu, þótt á sé prentað eða stimplað nafn blaðsins eða tímaritsins, og getur brot gegn þessu ákvæði varðað stöðvun  
sendingar og missi réttar til póstflutnings samkvæmt þessari reglugerð.

Póst- og símamálastjórnin getur krafizt þess, að áskriftarsendingum sé raðað af sendanda, þannig að vinna á pósthúsi við sundurlestur og röðun verði sem minnst.

### 3. gr.

Til þess að blað eða tímarit sé flutt með pósti samkvæmt 1. gr. þarf það að full-  
nægja settum skilyrðum og vera innritað hjá póst- og símamálastjórninni, en til þess að það verði gert, þarf útgefandi eða þeir, sem ábyrgð skulu bera gagnvart póst-  
og símamálastjórninni að gefa henni eftirfarandi upplýsingar:

1. Ósk um að blaðið eða tímaritið verði flutt samkvæmt 1. gr. h í póstlögunum, og hvort til umboðsmanns eða beint til áskrifenda eða að hluta til hvors.
2. Nafn blaðsins eða tímaritsins, ábyrgðarmanns og aðsetursstaðar.
3. Hve oft blaðið eða tímaritið komi út.
4. Á hvaða pósthús blaðinu verði skilað til flutnings.
5. Áætlaða þyngd hvers eintaks.
6. Áætlað magn í hvert skipti til umboðsmanna annars vegar, og beint til áskrifenda hins vegar. Enn fremur skal póst- og símamálastjórninni afhent eitt eintak af blaðinu eða tímaritinu sem sýnishorn, og innritunargjald greitt þegar innritun fer fram í fyrsta skipti, og síðan í byrjun janúar hvers árs, þar sem blaðinu eða tímaritinu er skilað til flutnings.

### 4. gr.

Innritunar- og burðargjald fyrir blöð og tímarit, svo sem að ofan greinir, skal ákveðið í gjaldskrá um pósturburðargjöld, sem ráðherra setur.

Í hvert skipti sem blaði eða tímariti er skilað til flutnings á þennan hátt, skal greiða burðargjaldið í peningum og taka kvittun fyrir. Póstmaður, sem tekur við blaðinu eða tímaritinu til flutnings skal rita í póstkvittanabók fyrir blöð og tímarit nafn þess, árgang, tölublað eða hefti, dag og stund þegar það er afhent, þyngd hverrar sendingar, svo og fjölda þeirra eintaka í henni, er hafa sérstaka utanáskrift.

26

29. febr.

## 5. gr.

Blað eða tímarit, sem hér um ræðir, má flytja sem umboðssendingu, þ. e. beint til umboðsmanna í minnst 50 eintökum í einu til hvers, eða sem áskriftarsendingu, þ. e. beint til áskrifenda.

Blað eða tímarit, sem kemur út oftár en einu sinni í viku má ekki senda sem áskriftarsendingu til áskrifanda, sem dvelur á útgáfustað, ef þar er bréfburður oftár en einu sinni í viku, nema í einstakt skipti með leyfi póst- og símamálastjórnarinnar.

## 6. gr.

Blöð og tímarit, sem flutt eru samkvæmt reglugerð þessari og ekki er unnt að koma til viðtakanda, skulu eyðilögð á ákvörðunarpósthúsi, nema sendandi hafi óskað endursendingar þeirra og þá gegn sama burðargjaldi og fyrir venjulegt prent.

## 7. gr.

Eigi mega önnur pósthús taka við blöðum eða tímaritum til flutnings í pósti samkvæmt þessari reglugerð, en þau pósthús, sem útgefandi hefur tiltekið að þeim yrði skilað á.

## 8. gr.

Alþingistiðindi, Stjórnartiðindi og Lögbirtingablaðið má taka til póstflutnings með sömu kjörum og blöð og tímarit samkvæmt þessari reglugerð, þótt þau fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum þessarar reglugerðar.

## 9. gr.

Að öðru leyti gilda um þessar sendingar sömu reglur og um venjulegar prentendingar.

## 10. gr.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að veita afslátt frá gjaldskrá um burðargjald fyrir blöð og tímarit, ef einhverjum eða öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. ef útgefandi afhendir blöðin eða tímaritin ítarlega sundurlesin og röðuð, þannig að mannaflí sparist á pósthúsinu,
2. ef blöðin eða tímaritin eiga að flytjast með landpóstum í bréfhirðingar eða dreifast í bréfast hjá mjólkurpöllum, en ekki að berast út í kaupstað eða kaптúni,
3. ef aðeins er um bílflutning tiltölulega stutta leið að ræða,
4. ef fleiri tölublöð í röð eru í sendingu til sama áskrifanda.

Enn fremur er póst- og símamálastjórninni heimilt að taka aukaburðargjald, ef útgefandi óskar að blöð séu flutt loftleiðis, en þó ekki hærra en sem nemur 50% af greiðslu póstsins til flugfélagsins.

Við ákvörðun afsláttarins skal þess gætt, að fjárhagsútkoma póstsins verði ekki lakari vegna þess heldur en fjárlög gera ráð fyrir, og enn fremur að sami afsláttur verði veittur aðilum, sem eins stendur á um.

Póst- og símamálastjórnin getur sett nánari reglur um þær póstsendingar, sem um getur í þessari reglugerð.

## 11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. marz 1960, og falla þá úr gildi ákvæði 23. gr. reglugerðar nr. 13/1925 um notkun pósta.

## 12. gr.

26

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. póstlaga nr. 31/1940 og varða brot gegn henni sömu viðurlögum og brot gegn póstlögum. 29. febr.

*Póst- og simamálaráðherrann, 29. febrúar 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

G. Briem.

## AUGLÝSING

27

um umferð í Reykjavík.

16. marz

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðastöður verið bannaðar í eftirgreindum götum:

1. Smiðjustíg milli Hverfisgötu og Lindargötu.
2. Vesturgötu norðan megin götunnar milli Norðurstígs og Ægisgötu.
3. Tjarnargötu milli Kirkjustrætis og Vonarstrætis.

Enn fremur hefur umferð vörubifreiða, sem eru yfir ein smálest að burðarmagni, og fólksbifreiða, 10 farþega og þar yfir, annarra en strætisvagna, verið bönnuð um Laugaveg frá Snorrabraut, Skólavörðustíg neðan Bergstaðastrætis, Bankastræti og Austurstræti kl. 16—18 á virkum dögum öðrum en laugardögum, en þá gildir bannið kl. 10—12.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. marz 1960.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## SAMÞYKKT

28

fyrir vatnsveitufélagið Straumur, Hrunamannahreppi.

19. marz

## 1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélagið Straumur. Heimili þess og varnarþing er í Hrunamannahreppi, Árnassýslu.

## 2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

## 3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna:

Grafarbakki I, Grafarbakki II, Hverabakki, Reykjabakki og Akurgerði.

Hver stofnandi greiði fimm hundruð krónur sem stofngjald og telst hann eigi fullgildur félagsmaður, fyrr en það stofngjald er greitt. Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús, er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús.

28 Félagsskylda samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að  
19. marz ábúanda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til umráða.

#### 4. gr.

Ef býlum fjölgar á félagssvæðinu má taka ábúendur þeirra í félagið með samþykki lögmaets félagsfundar. Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvila til jafns við aðra félagsmenn, frá því er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess, að hann geti notað mannvirki félagsins.

#### 5. gr.

Kostnað af upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar skal að jöfnum hlutum greiða fyrir hvert býli á félagssvæðinu. Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna, þar sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kynni að vera til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni.

Skal félagsstjórnin tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins.

Eignir félagsins stönda til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

#### 6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, er fjórir félagar, eða tveir stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

#### 7. gr.

Félagsfundur er lögmaetur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréflega, eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

#### 8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega.

Aðalfundur er lögmaetur, ef  $\frac{3}{4}$  félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmaetur, hver sem fundarsóknin er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn.

Lagði önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

#### 9. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð.

Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmaetir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð 28  
í lok hvers fundar og undirrita hana, ásamt formanni, þegar hún hefur verið 19. marz  
samþykkt.

## 10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar  
og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli  
og aðalleiðslu. Viðhald heimtauga og umbúnað í húsum, annast félagsmenn hver  
há sér.

## 11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna  
verið getið í fundarboði og sé að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923,  
til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. marz 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

### um framboð og kjör forseta Íslands.

29

19. marz

Kjör forseta Íslands skal fram fara sunnudaginn 26. júní 1960.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu, ásamt  
samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um  
að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna, en mest  
3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr **Sunnlendingafjórðungi** (V.-Skaftafellssýslu—Borgarfjarðarsýslu, að báðum  
meðtöldum) séu minnst 995 meðmælendur, en mest 2000.

Úr **Vestfirðingafjórðungi** (Mýrasýslu—Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu  
minnst 150 meðmælendur, en mest 295.

Úr **Norðlendingafjórðungi** (V.-Húnavatnssýslu—S.-Þingeyjarsýslu, að báðum  
meðtöldum) séu minnst 245 meðmælendur, en mest 490.

Úr **Austfirðingafjórðungi** (N.-Þingeyjarsýslu—A.-Skaftafellssýslu, að báðum  
meðtöldum) séu minnst 110 meðmælendur, en mest 215.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36 12, febrúar 1945, um framboð  
og kjör forseta Íslands.

*Forsætisráðuneytið, 19. marz 1960.*

**Ólafur Thors.**

*Birgir Thorlacius*

30

25. marz

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 86 6. júlí 1956, um breyting á reglugerð nr. 74 7. des. 1923, um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa.

1. gr.

Í stað: „500 krónur“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi: 1150 krónur.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarmálaráðuneytið, 25. marz 1960.*

Ingólfur Jónsson.

Páll Pálmason.

31

29. marz

## REGLUGERÐ

um útgáfu og notkun vegabréfa innanlands.

1. gr.

Allir unglingar á aldrinum 12 til 18 ára, sem búsettir eru í Vestmannaeyjum, eða dveljast þar 4 vikur eða lengur, skulu ávallt bera á sér vegabréf, er lögreglustjóri gefur út.

2. gr.

Skylt er að sýna vegabréf þessi hvenær sem löggæzlumenn krefjast. Einnig geta viðkomandi eftirlitsmenn, svo sem dyraverðir og afgreiðslufólk veitingastaða eða samkomuhúsa og annarra sölustaða, sem opnir eru eftir lokunartíma sölubúða, krafizt þess, að vegabréf sé sýnt, ef tiltekinn aldur eða hæfileiki er skilyrði fyrir komu eða dvöl á þeim stað.

3. gr.

Í vegabréfi skulu vera þessar upplýsingar um vegabréfshafa:

1. Fullt nafn hans.
2. Staða eða atvinna.
3. Fæðingardagur og ár.
4. Fæðingarstaður.
5. Heimilisfang.
6. Mynd hans.
7. Nafn hans, ritað eigin hendi.

4. gr.

Lögreglustjóri skal halda spjaldskrá um vegabréf, sem gefin verða út. Spjaldskráin skal geyma allar sömu upplýsingar og vegabréfið um vegabréfshafa, þ. á m. mynd hans, svo og aðrar upplýsingar, er lögreglustjóri telur nauðsynlegar.

Hver, sem vegabréf skal bera, er skyldur til að gefa sig fram í skrifstofu lögreglustjóra til að fá bréfið afhent. Skal hann þá afhenda 2 myndir af sér, er

lögreglustjóri tekur gildar, til afnota á vegabréfið og spjaldskrána. Hann skal og gefa allar þær upplýsingar, sem lögreglustjóri telur nauðsynlegar við útgáfu vegabréfsins og samning spjaldskrárinnar. 29. marz 31

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 10 15. maí 1942, um notkun vegabréfa innanlands, og eftir tilmælum bæjarstjórnar Vestmannaeyja, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. marz 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð frú Gunhördu Magnússon, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 31. marz 1960. 31. marz 32  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Gunhördu Magnússon.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður frú Gunhördu Magnússon.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Ingólfi Magnússyni, Hvanneyri, Andakílshreppi, eiginmanni frú Gunhördu, og börnum þeirra með minningargjöf að upphæð kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur — til kvenfélagsins 19. júní í Andakíl í Borgarfjarðarsýslu. Gunharda var fædd í Noregi 22. júní 1896 og andaðist 24. jan. 1959.

3. gr.

Sjóðurinn er eign félagsins, en með sérstöku reikningshaldi, og er hann undanþeginn öllum fjárhagsskuldbindingum félagsins.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

5. gr.

Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af endurskoðendum félagsins og lagður fram til samþykktar á aðalfundi félagsins.

6. gr.

Fastar tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstóli. Sjóðinn skal efla með frjálsum framlögum, gjöfum og áheitum, sölu minningarspjalda og heillaóskaskeyta, sem stjórn sjóðsins lætur gera. Enn fremur skal efla sjóðinn á hvern þann hátt, er

**32** sjóðstjórn telur tilhlýðilegt hverju sinni. Á hverju minningar- eða heillaóskaspjaldi  
**31. marz** skal tiltekið, að gjöf hafi verið afhent Minningarsjóði frá Gunhördu Magnússon.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabækur fyrir sjóðinn og færa í þær skipulagsskrána, gjafir til sjóðsins, styrkveitingar, fundarsamþykktir, ársreikninga og annað, sem varðar starfsemi sjóðsins.

**7. gr.**

Tilgangur sjóðsins er að styrkja eða gleðja þær félagskonur, sem verða fyrir erfiðleikum eða fjárhagstjóni vegna langvarandi veikinda, slysa, dauðsfalls innan fjölskyldu þeirra eða öðrum örðugleikum af þeim óviðráðanlegu orsökum.

**8. gr.**

Ábendingar eða umsóknir um styrki úr sjóðnum skal senda sjóðstjórn fyrir 1. desember ár hvert, og útborgun styrkja fari fram eigi síðar en um miðjan desember.

**9. gr.**

Til styrkveitinga er heimilt að verja öllum vaxtatekjum sjóðsins ár hvert. Eftir að sjóðurinn hefur náð kr. 10000.00 — tíu þúsund krónum —, er auk þess heimilt að verja allt að helmingi annarra tekna til styrkveitinga, þó þannig, að heildarstyrkurur ár hvert sé ekki hærri en sem svarar  $\frac{1}{10}$  hluta af eign sjóðsins við síðasta reikningsuppgjör. Sé eitthvert ár ekki notuð heimiluð upphæð til styrkveitinga, skal hún eða eftirstöðvar hennar lagðar við höfuðstól.

**10. gr.**

Fé sjóðsins skal ávaxtað á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í bönkum og sparissjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.

**11. gr.**

Til þess að taka út fé sjóðsins, þarf undirskrift formanns og gjaldkera sjóðstjórnar.

**12. gr.**

Stjórn sjóðsins skipa þrjár félagskonur, sem kosnar eru á aðalfundi félagsins til þriggja ára í senn, og skal ein ganga úr eftir hlutkesti á ári. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

**13. gr.**

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera, að þær hafi verið samþykktar með  $\frac{3}{4}$  hluta greiddra atkvæða á aðalfundi kvenfélagsins 19. júní.

**14. gr.**

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.



## REGLUR

33

15. mæz

### fyrir félagsheimili Hjaltastaðahrepps í Norður-Múlasýslu.

#### 1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Hjaltalundur. Lóðin er leigulóð, leigð af jarðeigna-  
deild ríkisins, samkv. leigusamningi staðfestum af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu  
31. ág. 1945. Lóðarstærðin er 21 ha. Lóðamörk eru samkv. leigusamningi.

Eigendur félagsheimilisins eru þessir:

Hjaltastaðahreppur að  $\frac{3}{8}$  hlutum, Ungmennafélagið Fram að  $\frac{3}{8}$  hlutum og  
Kvenfélagið Björk að  $\frac{1}{8}$  hlutum.

#### 2. gr.

Húsnefnd kjörin árlega stjórnar félagsheimilinu. Hún er þannig skipuð, að  
stjórn hvers félags, sem er meðeigandi í félagsheimilinu, kýs einn mann í nefndina.  
Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún  
skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið heftir störfum, skal  
afhenda gerðabækurnar héraðsbókasafni Austurlands, ef stofnað verður, annars  
þjóðskjalasafninu, til vörzlu.

#### 3. gr.

Húsnefnd heldur fund er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund ef einn  
nefndarmanna æskir þess.

Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal vera ár hvert. Skulu þangað kvaddir,  
með hæfilegum fyrirvara, stjórnendur allra þeirra félaga, sem eru eigendur félags-  
heimilisins. Á fundinum skal húsnefnd leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning  
félagsheimilisins, endurskoðaðan af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga eða  
löggitum endurskoðanda. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir  
félagsheimilið á yfirstandandi ári.

Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra  
útgjalda nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti  
eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnukostnað. Reikninga  
og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Atkvæðisrétt á aðalfundi  
hafa 3 menn frá hverjum eignaraðila félagsheimilisins, þó ekki húsnefndarmenn.

Félagsstjórnir skýra frá því á aðalfundi hvern þær hafa valið í húsnefnd af  
sinni hálfu næsta ár.

Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilaskjóði.

Félagsheimilið skal reka sem sjálfstæða stofnun með sérstöku reikningshaldi.  
Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

#### 4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar er:

- a. Að ráða húsverð, sé þess þörf að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur  
og sjá um, að þeim sé fylgt.
- b. Að ráða annað starfsfólk ef aðalfundur telur það nauðsynlegt. Leita skal um-  
sagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn.
- c. Að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra.
- d. Að ákveða gjöld fyrir afnot hússins.
- e. Að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda.
- f. Að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda.

33  
15. marz

- g. Að sjá um ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni.  
h. Að sjá um að húsið sé hæfilega hitað og lýst.  
i. Að sjá um að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins. Skytt er þeim að heimila félögum, sem greinir í 1. gr. laga nr. 77 1947 um félagsheimili svo og breytingum á þeim lögum frá 29. maí 1957, innan sama byggðarlags, afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins, skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fái, til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma ekki aðrar tekjur.

7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega váttryggt.

8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn eða ekki við, þegar samkomu líkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loks loka vel gluggum og hurðum.

9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess, þ. á m. að gólf séu þvegin úr sápuvatni, salerni hreinsuð vandlega með sótthreinsandi efni, fatageymslur og búningsherbergi ræst.

Árlega skal fram fara gagngerð ræsting alls hússins.

10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðin skal vera girt traustri, gripheldri girðingu, er haldið sé vel við. Hesthús og bifreiðarstæði skal vera í námunda við félagsheimilið.

11. gr.

Fánastöng skal komið fyrir á húsinu eða við það. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúra skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt að notaður sé fáni með réttum litum og hlutföllum.

12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir, dyrumbúnaði, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu á veggjum, hreinlætistæki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

## 13. gr.

Skemmdir á húseigninni, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta, sem skemmdum valda. 15. marz

## 14. gr.

Á opinberum samkomum, sem haldnar eru í félagsheimilinu, má hvorki veita áfengi né neyta þess, Húsnefnd getur svipt þá, sem gegn þessu brjóta aðgangi að félagsheimilinu um tiltekin tíma.

## 15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, öðlast gildi þegar þær hafa verið samþykktar af stjórn félagsheimilisins og þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Framanritaðar reglur staðfestast hér með.

*Í menntamálaráðuneytinu, 15. marz 1960.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Ásgeir Pétursson.*

## AUGLÝSING

34

## um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II. 29. marz

Frá og með 30. marz 1960 ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 29. marz 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Baldur Möller.*

## AUGLÝSING

35

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglu-samþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 31. marz 1928, sbr. auglýsingu frá 15. janúar 1951. 29. marz

## 1. gr.

2. málslíður 1. mgr. 20. gr. í lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 31. marz 1928 orðist svo:

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að almennum knattborðsstofum, dansstofum og öldrykkjustöðum. Þeim er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 20.00, nema í fylgd með full-orðnum, sem ber ábyrgð á þeim. Öll afgreiðsla um söluop til barna, eftir að úti-vistartíma þeirra er lokið, er óheimil. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglíngarnir fái þar ekki aðgang né hafist þar við, fram yfir það, sem leyfilegt er.

**35** Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20.00 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí og ekki seinna en kl. 22 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með fullorðnum.

Börn frá 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22.00 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí og ekki seinna en kl. 23.00 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með fullorðnum.

Þegar sérstaklega stendur á, getur bæjarstjórn sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna allt að 16 ára.

Foreldrar og húsbændur barnanna skulu, að viðlögðum sektum, sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem ætlað er til almenningsnota, svo sem leikvelli, sölutorg, bryggjur, bólvirki o. s. frv.

Um veitingastaði, almennar knattborðsstofur, afgreiðslustaði, bifreiðar o. þ. h., kvikmyndahús, leikhús og önnur samkomuhús, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. marz 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

**36**

1. apríl

## REGLUGERÐ

### um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga.

Árið 1960 skulu iðgjöld samkvæmt 27. og 29. gr. almannatryggingalaga nr. 24/1956, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkv. 27. gr. laga nr. 24/1956:

a. Hjón:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 1400.00
- 2. —	— 1090.00

b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 1273.00
- 2. —	— 991.00

c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 955.00
- 2. —	— 743.00

2. Félagsmenn sérsjóða samkv. 85. gr. laga nr. 24/1956 skulu árið 1960 greiða iðgjald sem hér segir:

a. Hjón:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 420.00
- 2. —	— 327.00

## b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 382.00
- 2. — .....	— 297.00

36

1. apríl

## c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 287.00
- 2. — .....	— 223.00

## 3. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 29. gr. laga nr. 24/1956 skulu árið 1960 vera þessi:

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 11.50 á viku
- 2. — .....	— 8.95 —

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956 um almanna-  
tryggingar, sbr. lög nr. 6 3. marz 1960 og lög nr. 13 31. marz 1960, um breyting á  
þeim lögum, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. apríl 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## AUGLÝSING

## um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

37

1. apríl

Frá og með 2. apríl 1960 ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag á  
lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. apríl 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Baldur Möller.*

## AUGLÝSING

## um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

38

8. apríl

Frá og með deginum í dag að telja ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar  
í dag á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. apríl 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Baldur Möller.*

39  
24. febr.

## GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir Landssímamann.

### I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar stöðvar (nú allar stöðvar utan Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Akureyrar og Keflavíkur) sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

#### A. Stofngjald.

1. Fyrir 1 línu með 1 venjulegu talfæri .....	kr. 2000.00
2. — hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð .....	— 800.00
3. — aukabjöllu (venjulega) .....	— 400.00
4. — tengil .....	— 300.00

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en hinar venjulegu, sem að framan greinir.

Ofanefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Stofngjöld greiðist fyrir fram, að jafnaði helmingur, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

#### Afnotagjöld á ársfjórðungi.

##### I. Fyrir hverja símalínu með venjulegu talfæri.

Stöðvar	Afgreiðslutími		2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
	á v. degi	klst.		
3. fl. ....	2	200	160	120
2. fl. ....	6	325	270	200
1. fl. B .....	10	360	300	225
	14	400	320	250
	24	450	360	270

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því, sem að ofan getur, bætast kr. 10.00 við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja viðbótar klukkustund.

##### II. Fyrir aukabúnað.

1 Fyrir hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð .....	kr. 120.00
2. — — — — annars staðar í sama húsi .....	— 150.00
3. — — — — í öðru húsi, verður ákveðið í hverju tilfalli með hliðsjón af línulengd og kostnaði.	

- |  |           |           |
|--|-----------|-----------|
| 4. Fyrir hverja venjulega aukabjöllu í sama húsi ..... | kr. 18.00 | 39        |
| 5. — hvern tengil (með rafvökum) .....                 | — 30.00   | 24. febr. |

Afnotagjöld þau, sem talin eru í 2., 3., 4. og 5. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

### III. Almenn ákvæði.

Ofannefnd afnotagjöld fyrir 1 línu með 1 talfæri og fyrir aukatalfæri hækka um 50% hjá hvers konar atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum og hjá einstökum atvinnurekendum og öðrum mönnum, sem að álitni símstjóra nota símann sérstaklega mikið. Þessi hækkun gildir þó ekki við 3. fl. stöðvar.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Afnotagjöld fyrir miðstöðvarborð og tilheyrandi lagnir, svo og annan símabúnað en að framan greinir, eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

#### C. Gjald fyrir flutning á venjulegum talsímatækjum.

- |  |             |
|--|-------------|
| 1. Milli húsa við sömu símstöð, fyrir hvert talfæri með línu ..... | kr. 1000.00 |
| 2. Innanhúss, á aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:                |             |
| a. Í sömu íbúð eða innan 20 m fjarl. á sömu hæð .....              | — 200.00    |
| b. Annars staðar í sama húsi .....                                 | — 400.00    |

Ofannefnd gjöld, sem nefnd eru undir B og C, eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsima, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Flutningsgjöld greiðist fyrir fram áður en verkið er hafið.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhúslögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið niður í allt að kr. 600.00.

#### D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús og taki við síma af öðrum manni án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald greiðist þó ekki, þegar sonur eða dóttir notandans tekur við símanum.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

#### E. Tengigjald.

Fyrir hvert talsímaáhalð á einkalínu, sem stendur í sambandi við landssímastöð, greiðist tengigjald kr. 500.00 á ári í kaupúnum og kr. 360.00 í sveitum, þar sem fleiri en einn eru á sömu línu.

39

## F. Leigutími og uppsögn.

24. febr.

1. Skemmsti leigutími talsímataekja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

## II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar stöðvar (nú í Reykjavík, Hafnarfirði, Akureyri og Keflavík).

## A. Stofngjald.

1. Fyrir 1 línu með talfæri .....	kr. 2800.00
2. — 1 venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð (ekki hægt að tala á milli) —	700.00
3. — 1 venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi með snara (hægt að tala á milli) .....	— 1000.00
4. — venjulega aukabjöllu .....	— 400.00
5. — tengil .....	— 300.00

Stofngjöld fyrir aukatalfæri í öðrum húsum og fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en að framan greinir með hliðsjón af línulengd og kostnaði.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símastöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur, — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Þegar handvirkum síma er breytt í sjálfvirkan síma, má krefjast aukastofngjalds, sem svarar hálfum mismun á stofngjaldi við sjálfvirkan og handvirkan síma.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

## B. Afnotagjald.

Afnotagjöldin greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og miðast þau að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má þegar sérstaklega stendur á, vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

1. Ársfjórðungsgjöldin eru þessi eftir útförnum samtalfjöldi á hverri línu, eins og teljarar í stöðinni sýna:
  - a. Fyrir heimilissíma kr. 450.00, þar í innifalin 600 samtöl, og 70 aurar fyrir hvert samtal þar fram yfir.



- b. Fýrir verzlunar- og atvinnusíma kr. 650.00, þar í innifalin 600 samtöl, og 70 39  
aurar fyrir hvert samtöl þar fram yfir.

24. febr.

Hjá notendum, sem hafa 2 eða fleiri línur í miðstöðvarborðsreit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalsamtalafjölda á línunum. Þeir, sem hafa tvö eða fleiri samfelld númer í miðstöðvarborðsreit, en ekkert miðstöðvarborð, greiða aukagjald, sem póst- og símamálastjórnin ákveður.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símastöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Útan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða að loka sínum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, getur stofnunin krafizt þess, að notandinn fallist á lagfæringar eða greiði aukagjald.

Notendur mega ekki selja afnot af sínum þeim, er þeir hafa, án sérstaks leyfis frá póst- og símamálastjórninni, sem ákveður gjaldið.

## 2. Ársfjórðungsgjald.

Fýrir 1 venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð (ekki hægt að tala á milli)	kr. 70.00
— 1 venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi með snara (hægt að tala á milli)	— 150.00
— 1 venjulegt aukatalfæri í öðru húsi verður ákveðið í hverju tilfelli með hliðsjón af línulengd og kostnaði.	
— 1 tengill	— 12.00
— venjulega aukabjöllu	— 20.00

## 3. Afnotagjöld fyrir þá notendur, sem hafa miðstöðvarborð, reiknast ársfjórðungslega þannig:

a. Línugjald eftir samtalafjölda samkvæmt ákvæðum í 1. lið.

b. Miðstöðvarborðsgjald fyrir hvert númer í borðinu:

kr. 45.00 fyrir handvirk borð (CB).

— 100.00 fyrir sjálfvirk borð (PABX).

Gjöld þessi eru miðuð við venjulega gerð miðstöðvarborða.

Fýrir sérstakar gerðir fer eftir samningi í hvert skipti.

c. Talfæragjald: kr. 125.00 fyrir hvert talfæri í sama húsi, annars bætast við línuleiga.

Afnotagjöld þau, sem talin eru í B. 1., 2. og 3. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

## 4. Afnotagjöld fyrir önnur tæki, línur og sérbúnað en að framan greinir, verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

### C. Flutningsgjald.

- Milli húsa, fyrir hvert venjulegt talfæri ..... kr. 1400.00  
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.)
- Innanhúss, á aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:
  - Milli herbergja í sömu íbúð eða innan 20 m fjarlægðar á sömu hæð — 200.00
  - Annars staðar í sama húsi ..... — 400.00

**39** Sé um óvenjulega kostnaðarsaman innanhússflutning að ræða, eða önnur áhöld, 24. febr. sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist kostnaðurinn samkvæmt reikningi. Flutningsgjald miðast við sama svæði og stofngjöldin, en þegar farið er út fyrir svæðið, bætist aukagjald við, sem verður ákveðið í hvert skipti.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhúslögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað má lækka flutningsgjaldið niður í allt að kr. 600.00, ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 1000.00, ef 6—12 mánuðir liða á milli.

#### D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús og taki við síma af öðrum manni án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu. Viðtökugjald greiðist þó ekki, þegar sonur eða dóttir notandans tekur við símanum.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

#### E. Leigutími og uppsögn.

1. Skemmsti leigutími talsimatækja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

### III. KAFLI

#### Notendasímar landssímans í sveitum.

Um notendasíma landssímans í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1. Stofngjald fyrir hvern síma er kr. 1300.00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveðst stofngjaldið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
2. Landssíminn viðheldur og rekur símana, en símanotendur greiði til landssímans ársfjórðungslega sem hér segir:

Fyrir hvern síma í sambandi við:

3. fl. landssímastöð	.....	kr. 100.00
2. fl.	—	— 160.00
1. fl. B.	—	sem er opin 10 klst. á dag ..... — 200.00
	— — —	allan sólarhringinn ..... — 225.00

3. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða til landssímans.
4. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi. Þegar um flutning vegna nýbyggingar er að ræða, getur þó komið til mála, að landssíminn beri nokkurn hluta kostnaðarins.
5. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka símann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur byggð eða ábúendaskipti verði.

6. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skips- **39**  
hlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar. **24. febr.**
7. Símanotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símatekja og starfrækslu notendasíma.
8. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga sínum út frá notendasímalínunum eða í framhaldi af þeim.
9. Stofngjöld greiðist fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjöld greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

10. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kaптúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu; en um síma þeirra fer eftir ákvæðum I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumar- bústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, héraðsskólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verzlunum o. s. frv. samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

## IV. KAFLI

### Radíótæki.

#### A. Almenn ákvæði.

1. Hver, sem óskar að starfrækja radiótæki, skal senda póst- og símamálastjórninni umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Þetta gildir þó ekki um viðtæki fyrir útvarp, sem er skráð hjá ríkisútvarpinu.

Verði leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem m. a. er tekið fram, hve lengi leyfið gildi og hin sérstöku skilyrði, sem sett eru fyrir leyfinu.

Fyrir hvert leyfisbréf skal greiða kr. 200.00, ef það felur í sér senditæki með 100 watta afl í loftneti eða meira, en kr. 100.00, ef aflið er minna. Fyrir önnur leyfisbréf, sem ekki fela í sér senditæki, skal greiða kr. 25.00 í leyfisbréfastgjald.

2. Landssíminn sér um eftirlit með notkun tækjanna og lætur að jafnaði skoða þau einu sinni á ári. Fyrir þetta skal greiða árlegt eftirlitsgjald, sem er kr. 600.00 fyrir stöð með senditæki samanlagt yfir 100 wött í loftneti, kr. 300.00 fyrir senditæki með 20—100 watta afl og kr. 100.00 fyrir minni senditæki.
3. Ef einstökum aðila er veitt leyfi til þess að starfrækja radióstöð á landi til viðskipta við skip varðandi erindi við hann eða fyrirtæki hans má krefjast sérstaks viðskiptagjalds, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.
4. Þegar um senditæki er að ræða, er að jafnaði aðeins veitt leyfi til starfrækslu tækja, sem landssíminn á, en lætur á leigu til starfrækjanda. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur póst- og símamálastjórnin þó heimilað, að starfrækjandi eigi tækin gegn sérstökum skilyrðum.

## B. Radiótæki á leigu.

### a. Farstöðvar.

1. Skipseigandi eða útgerðarfélag, sem óskar að taka á leigu loftskýtastöð eða talstöð í íslenskt skip, sendi skriflega umsókn um það til póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út leyfisbréf fyrir stöðina og önnur skirteini.
2. Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki (með lömpum) af þeirri gerð tækja, sem eru til leigu á hverjum tíma og umsækjandi óskar eftir. Tækin eru eign landssímans, og leigir hann skipseiganda þau til afnota í skipinu. Landssíminn annast uppsetningu tækjanna, sem skipseigandi greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmíðavinnu og aðra vinnu en rafmagns- uppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki kaupa rafgeyma, rafhlöður og hleðsluspjöld fyrir stöðina og kosta lögn frá rafgeymum til hleðsluspjalda.
3. Leigutaka ber að sjá um, að enginn starfræki stöðina nema sá, sem hefur fengið skirteini frá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum að gæta slíkrar stöðvar (skirteini loftskýtamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón skipstjóra, sem liti eftir, að stöðin sé vel með farin og geymd.
4. Bæði stöðvarverði og skipstjóra er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana úr skipinu.
5. Landssíminn annast viðhald vegna eðlilegs slits sendi- og viðtækja, að undanskildu viðhaldi loftneta, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar, straumbreytis og lampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhírðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu hans.
6. Óski leigutaki, að viðgerðarvinna fari fram utan venjulegs dagvinnutíma, ber hann aukakostnað vegna þess.
7. Öll radiótæki á leigu frá landssímanum skulu vera vátryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni og á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir. Landssíminn annast vátryggingu tækjanna í skipum og bátum öðrum en farþega- og varðskipa og/eða vöruflutningaskipum stærri en 500 rúmlesta, enda skal leigutaki sjálfur annast vátryggingu tækjanna í þeim skipum. Vátryggingariðgjöld fyrir tæki, sem landssíminn annast vátryggingu á, skal leigutaki greiða landssímanum samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og leigunni.
8. Leigutaki er skyldur að koma tækjunum til skoðunar til eftirlitsmanna landssímans í Reykjavík að minnsta kosti einu sinni á ári, eða annars staðar, ef það verður að samkomulagi. Gjaldið fyrir hina árlegu stöðvarskoðun er innifalið í leiguupphæðinni.
9. Leigutaki skal greiða stofngjald fyrir radiótækin áður en uppsetningu þeirra er lokið, svo og leigu og vátryggingariðgjald til næsta gjalddaga. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár, og reiknast brot úr ári sem heilt ár, nema fyrsta árið, þá skal brot úr ársfjórðungi reiknað sem einn ársfjórðungur. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir loftskýtastöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta eða minni, en 3 ár fyrir stærri stöðvar.

Að þeim tíma liðnum er uppsagnarfrestur á leigunni 3 mánuðir, og ber leigutaki ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar, þar til uppsagnarfrestur

er liðinn. Þó má stytta þennan minnsta leigutíma, er nýr eigandi verður að skipinu innan tveggja ára, sem óskar að tækin verði þar áfram með honum sem leigutaka. Hinn nýi leigutaki fær þá helmings afslátt frá venjulegu stofngjaldi, og nefnist gjaldið þá viðtökugjald. 24. febr. 39

Sé ársleiga og váttryggingariðgjöld ekki greidd fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleiga og váttryggingariðgjöld ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmánaðar, getur landssíminn lokað senditækjunum þannig, að aðeins megi nota þau í neyð. Verði þrátt fyrir það leiga og váttryggingariðgjöld ekki greidd innan eins mánaðar þar á eftir, getur landssíminn tekið hin leigðu tæki úr skipinu. Sama gildir, ef reikningar fyrir uppsetningu og aðgerðir á radióbúnaði í skipum, sem framkvæmdar eru af landssímanum eru ekki greiddar innan eins mánaðar eftir að aðgerð fór fram. Fyrir endurofnun innsiglið greiðist opnunargjald kr. 100.00, og fyrir að flytja stöðina aftur í skipið greiðist raunverulegur kostnaður þó minnst kr. 200.00. Heimilt er að innheimta nefnd talstöðva- og loftskeyta-stöðvargjöld með símareikningum hlutaðeigandi aðila að viðlagðri lokun símans.

Stofngjöld, leiga og váttryggingarupphæðir fyrir aðrar gerðir radiótækja ákveður póst- og símamálastjórnin í hvert skipti.

10. Stöðvar þær og tæki, er landssíminn lætur á leigu, eru að sjálfsögðu háðar hinum almennu reglum, innlendum og alþjóðlegum, er gilda um slíkar stöðvar og rekstur þeirra á hverjum tíma, og getur landssíminn afturkallað leyfisbréf stöðvar, lokað henni og tekið úr skipinu, ef settar reglur eru ekki haldnar.
11. Samskonar reglur og fyrir stöðvar í skipum gilda um radiótæki í öðrum farartækjum.

#### b. Firðtalstöðvar á afskekktum stöðum.

1. Sá, sem óskar að taka á leigu firðtalstöð til afnota á afskekktum bæ, sendi skriflega umsókn til póst- og símamálastjórnarinnar og tilgreini þar nauðsyn þess og aðrar aðstæður.
2. Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum af þeirri gerð tækja, sem leigð eru á hverjum tíma. Leigutaki kostar uppsetningu tækjanna samkvæmt fyrirsögn landssímans, svo og uppsetningu loftnets og jarðsambands. Enn fremur skal leigutaki sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum og kosti rafhlöður, rafgeyma og hleðslubúnað þeirra.
3. Leigutaka eða þeim, sem á að starfrækja stöðina, er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu eftir fyrirmælum landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru eða settar kunna að verða, um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað starfræksluleyfi stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana burtu.
4. Leigutaka ber að sjá um, að vel sé með stöðina farið og henni haldið þurri og hreinni.
5. Landssíminn ber kostnað af viðgerðarvinnu og efni til stöðvarinnar vegna eðlilegs slits, að undanskildu viðhaldi loftnets, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar og viðtökulampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhvirðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu hans, svo og ferðalagi viðgerðarmanns, ef viðgerðar er þörf fljótlega.
6. Öll radiótæki á leigu frá landssímanum skulu vera váttryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni og á landssíminn beinan rétt til váttryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir. Landssíminn annast tryggingu tækjanna, enda greiði leigutaki landssímanum váttryggingariðgjöld samtímis leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og leigunni.

- 39 7. Firðtalstöð leigutaka skal afgreiða einungis við þá eða þær talstöðvar lands-  
24. febr. símans, sem póst- og símamálastjórnin ákveður og á þeim stöðum, sem póst-  
og símamálastjórnin tiltekur, og má ekki, — nema um neyðarráðstöfun sé að  
ræða, — hafa viðskipti við aðrar stöðvar, hvort heldur fastastöðvar eða far-  
stöðvar.
8. Gjöld fyrir simtöl og símskeyti, sem afgreidd eru milli stöðvar leigutaka og  
þeirrar stöðvar landssímans, sem afgreitt er við, eru þau sömu og gilda fyrir  
talsímanotanda frá sömu landssímastöð.
- Gjöldin fyrir simtöl og símskeyti, sem afgreidd eru milli stöðvar leigutaka,  
annarra en leigutaka á afskekktum sveitabýlum, og þeirrar stöðvar, sem afgreitt  
er við, ákveður póst- og símamálastjórnin hverju sinni.
9. Ársleiga greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir 1. apríl ár hvert. Minnsti leigutími  
er 2 ár.

### c. Stofngjöld, leiga og váttryggingarupphæðir.

Stofngjöld, leiga og váttryggingarupphæðir fyrir helztu gerðir radiótækja eru  
sem hér segir, nema öðruvísi sé um samið:

Gerð	Tæki	Leiga (með skoð-		Váttrygging
		Stofngjald	unargjaldi)	
		kr.	kr.	kr.
A-190	Loftskeyta- og talstöð, uppsett eftir 1/3 '60 uppsett fyrir 1/3 '60	31 000	24 800 16 500	155 000 155 000
ART-13	Loftskeyta- og talstöð .....	5 000	4 500	25 000
E	Talsendir .....	2 000	1 320	9 500
F	Talsendir .....	1 500	1 100	7 500
FF-3	Talsendir og viðtæki .....		3 000	15 000
FLB	Talsendir og viðtæki .....	900	660	4 500
FO	Talsendir og viðtæki .....	1 600	1 320	8 000
GV	Talsendir .....	1 200	880	6 000
GVA	Talsendir .....	1 800	1 200	9 000
GVV	Talsendir og viðtæki .....	1 500	1 100	8 000
H-45	Talsendir ..... uppsett eftir 1/3 '60 uppsett fyrir 1/3 '60	5 000	3 800 2 650	24 000 24 000
H-75	Talsendir ..... uppsett eftir 1/3 '60 uppsett fyrir 1/3 '60	7 000	5 600 4 000	35 000 35 000
H-100	Talsendir ..... uppsett eftir 1/3 '60 uppsett fyrir 1/3 '60	8 500	6 700 5 500	42 000 42 000
B-236	Viðtæki .....	1 200	880	6 000
B-285-K1	Viðtæki ..... uppsett eftir 1/3 '60 uppsett fyrir 1/3 '60	3 000	2 600 1 650	16 000 16 000
B-285-S	Viðtæki ..... uppsett eftir 1/3 '60 uppsett fyrir 1/3 '60	3 000	2 200 1 400	14 000 14 000
B-310	Viðtæki ..... uppsett eftir 1/3 '60 uppsett fyrir 1/3 '60	5 000	4 000 3 000	25 000 25 000
B-312	Viðtæki .....	2 500	2 000	12 500
VE	Viðtæki .....	1 000	700	5 000
VES	Viðtæki .....	1 500	1 200	8 000
VF	Viðtæki .....	1 000	700	4 600
VF-1	Viðtæki .....	1 000	800	5 000
VFS	Viðtæki .....	1 400	900	7 200
VK	Viðtæki .....	600	530	3 000
236/VEM2	Miðunarstöð .....	2 500	2 000	12 500

Gerð	Tæki	Leiga (með skoð-		Vátrygging	24. febr.
		Stofngjald	unargjaldi)		
		kr.	kr.	kr.	
VEM-1	Miðunarbúnaður .....	400	330	2 200	
VEM-2	Miðunarbúnaður .... uppsett eftir 1/3 '60	1 700	1 350	8 500	
	uppsett fyrir 1/3 '60		900	8 500	
VFF	Miðunarbúnaður .....	300	240	1 600	
L-1	Lorantæki .....	3 000	1 400	10 000	
V-1	Straumbreytir .....	450	350	2 200	
VA	Straumbreytir .....	650	480	3 200	
VR	Straumbreytir .....	650	480	3 200	
V-220	Straumbreytir .....	450	350	2 200	
V-220/20	Straumbreytir .....	550	420	2 700	
	Stýritafla I .....	1 100	970	5 300	
	Stýritafla II .....	1 300	1 150	6 500	
	Stýritafla III .....	700	620	3 500	
EOK-15	Mótorrafall ..... uppsett eftir 1/3 '60	1 000	800	5 000	
	uppsett fyrir 1/3 '60		620	5 000	
EOK-20	Mótorrafall ..... uppsett eftir 1/3 '60	1 200	1 100	6 700	
	uppsett fyrir 1/3 '60		800	6 700	
ECK	Mótorrafall ..... uppsett eftir 1/3 '60	900	880	4 500	
	uppsett fyrir 1/3 '60		550	4 500	

Þegar um tæki er að ræða, sem eru ekki sett upp í skipunum erlendis, heldur flutt inn og sett upp hér, bætast aðflutningsgjöld við stofngjald tækjanna, nema samkomulag náist um að reikna hærri leigu í þess stað.

Þegar um er að ræða talstöðvar á afskekktum bæjum, sem teljast til þess flokks, er um getur í III. kafla 10, lækkar stofngjald og leiga niður í sömu upphæð og greitt er fyrir notendasíma í sveitum.

## V. KAFLI

### Símtalagjöld

#### A. Símtalagjöld innanlands

eru sem hér segir fyrir hvert 3 mínútna viðtalsbil. Hvert byrjað viðtalsbil telst sem heilt.

##### 1. Venjuleg símtöl:

Um	0— 10 km	linulengd	.....	kr.	6.00
—	10— 25	—	.....	—	8.00
—	25—100	—	.....	—	11.00
—	100—225	—	.....	—	15.00
—	225—350	—	.....	—	17.00
	Yfir 350	—	.....	—	21.00

Þegar linulengd milli sírstöðva er innan 6 km, getur póst- og símamála-stjórnin þó, þegar línukerfið leyfir og aðstæður eru hagstæðar, sett sérstaka gjaldskrá með lægra viðtalsbilagjaldi en að ofan greinir fyrir símtöl milli þessara stöðva, eða látið vissan fjölda viðtalsbila milli stöðvanna vera fólgin í tilteknu fastagjaldi símanotenda.

Ofanefnd símtalagjöld gilda ekki, þegar um alveg sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva símtöl.

- 39 2. Hraðsím-töl: þrefalt venjulegt símtalagjald.  
 24. febr. 3. Forgangshraðsím-töl: tífalt venjulegt símtalagjald.  
 4. Kvaðning: kr. 2.00.  
 5. Boðsending: kr. 7.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra út frá símastöðinni. Boðsendingargjaldið greiðist, hvort sem nokkuð verður úr símtalinu eða ekki.

### B. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa

fara eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og síma-málastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

### C. Radió-sím-töl við skip og báta í hafi.

- Gjald fyrir sím-töl um íslenzkar strandarstöðvar er fyrir íslenzk skip samanlagt:
- Venjulegt símtalagjald milli strandarstöðvarinnar og þess, sem talar í landi, þó minnst 6.00 krónur fyrir viðtalsbilið.
  - Strandargjald kr. 10.00 fyrir hvert byrjað viðtalsbil.
  - Skipsgjald. Engin önnur íslenzk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er kr. 2.00 fyrir viðtalsbilið. Gjöld fyrir radió-sím-töl við erlend skip eru tilgreind í alþjóðagjaldskrá fyrir skip og strandarstöðvar.

## VI. KAFLI

### Símskeytagjöld.

#### A. Gjald fyrir innanlandsskeyti

er sem hér segir:

- Venjuleg símskeyti: 125 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 12.50.
- Innanbæjarskeyti: 75 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 7.50.
- Blaðskeyti: 20 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 6.00.
- Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 25.00.
- Veðurskeyti: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
- Simapóstávisanir: Gjald kr. 20.00 án tillits til orðafjölda.
- Heillaskeyti: Sama gjald og fyrir venjulegt símskeyti, en auk þess greiðist auka-gjald fyrir skrauteyðublöð, kr. 15.00.

Jóla- og nýjársskeyti með ákveðnum textum kosta kr. 20.00 milli stöðva, en innanbæjar kr. 12.00.

- Samúðarskeyti: Ekkert gjald til landssímans. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann greiðir, og rennur upphæðin óskorin til Landsspítalásjóðs.
- Loftskeyti og talskeyti: Gjald fyrir loftskeyti og talskeyti um íslenzkar strandarstöðvar við íslenzk skip er samanlagt:
  - Venjulegt símskeytagjald innanlands.
  - Strandargjald, 75 aurar fyrir orðið. (Strandargjald við erlend skip er 0.60 gullfrankar.)
  - Skipsgjald. Engin önnur íslenzk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er nú 20 aurar fyrir orðið. Erend skip taka yfirleitt 10 til 40 gullcentimes skipsgjald fyrir orðið.

Fyrir loftskeyti er ekkert ákveðið lágmarksgjald.

- Afhending símskeyta í talsíma frá talsímanotanda kostar kr. 3.00 fyrir hver 100 orð eða færri, þó nær þetta ákvæði ekki til einkasíma í sveitum.
- Afturköllun á símskeyti kostar kr. 1.50, ef ekki er farið að senda það frá afhendingarstöðinni.



12. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru yfirleitt send ókeypis allt að 1 kílómetra frá símastöð. Ef símskeyti eiga að sendast lengra, skal greiða kr. 7.00 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilegt burðargjald, er ákveðið verður í hvert skipti.
13. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
14. Margar nafnkveðjur (TM): Afritunargjald fyrir hverja utanáskrift fram yfir þá fyrstu, er kr. 5.00 fyrir hver 50 textaorð eða færri, en kr. 2.00 fyrir hver 50 orð eða færri þar fram yfir. Fleiri en eina nafnkveðju er aðeins hægt að nota til einnar og sömu símastöðvar.
15. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.
16. Viðtökuskírteini símleiðis (PC): Gjaldið er sama og fyrir 7 orða símskeyti í viðskiptum við útlönd og 10 orða símskeyti í innanlandsviðskiptum. Fyrir viðtökuskírteini, sem sendast á í pósti (PCP), er gjaldið sama og póstburðargjald undir einfalt bréf.

### B. Símskeytagjöld til útlanda

ákveðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og síma-málastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

## VII KAFLI

### Afnót landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1. Fyrir afnót landssímalína til skákkeppni greiðist  $\frac{1}{4}$  venjulegs samtalgjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21.00—08.00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil. Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt samtalgjaldskrá landssímans (sbr. V. kafla).
2. Umsóknir um afnót landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

## VIII. KAFLI

### Önnur tæki og línur.

#### I. Stofngjald.

Fyrir hverja venjulega fjarritvél án línu ..... kr. 9000.00

#### II. Afnotagjald á ársfjórðungi (viðhald innifalið, en ekki pappír).

a. Vélin aðeins notuð venjulegan skrifstofutíma ..... — 2250.00

b. Vélin notuð allan sólarhringinn og í Reykjavík ..... — 2700.00

c. Vélin notuð allan sólarhringinn utan Reykjavíkur (ef leyft verður) ..... — 3500.00

Framangreind stofngjöld og afnotagjöld eru miðuð við venjulegustu gerð fjarritvéla. Í afnotagjöldunum er fólgin váttrygging tækjanna. Hverri fjarritvél fylgja við uppsetningu 4 rúllur af pappír, en upp frá því kostar notandi pappírinn.

Stofngjöld og afnotagjöld fyrir aðrar tegundir fjarritvéla eru ákveðin í hvert skipti.

**39** Stofngjaldið greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber 24. febr. að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald fyrir síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning. Stytzti leigutími er eitt ár. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir og er hann gagnkvæmur.

Fyrir utanhúslínur milli fjarritvéla greiðast gjöld samkvæmt kafla B hér á eftir. Fyrir innanhúslagnir og flutninga greiðist stofngjald og afnotagjald eins og fyrir talfæri.

### B. Línur.

Séu línur látnar á leigu, skal stofngjaldið ákveðið í hvert skipti, en ársfjórðungsleiga á hvern km vera þessi (minnsta gjald miðað við 100 km):

1. Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0.6—0.7 mm .....	kr. 150.00 hver km
2. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0.9 mm .....	— 225.00 — —
3. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 1.4—1.7 mm .....	— 300.00 — —
4. Fyrir loftlínu, sem strengd er á stauraröð, sem fyrir er ....	— 225.00 — —

Skemmstur leigutími sé ákveðinn með samningum í hvert skipti, en uppsagnarfrestur sé 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

## IX. KAFLI

### Skrásetning símnafna.

Fyrir skrásetningu símnafna greiðist kr. 200.00 á ári. Sé sama símnafni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 40.00 fyrir hverja skrásetningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

## X. KAFLI

### Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni.

Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 35.00. Sé auk aðalsímanotanda einn eða fleiri aukantendur að sama síma, ber að greiða kr. 80.00 fyrir hvern aukantanda. Aukasímanotendur geta ekki öðlzt aðalsímanotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans. Breytir engu í þessu þó að aukasímanotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

### Skrásetning í stafrófsskrána.

1. Breytt letur í skrá, hver lína .....	kr. 60.00
2. Aukanafn í skrá .....	— 80.00
3. Aukalínur í skrá, hver lína .....	— 35.00
4. Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 80.00 + 60.00 .....	— 140.00

Aukalínur eru taldar: Ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna **39**  
 í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímanotandi **24. febr.**  
 og ekki skráður í skránni sem aukasímanotandi annars staðar en undir nafni fyrir-  
 tækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 80.00 sem aukanafn.

### Skrásetning í atvinnuskrána.

#### A. Ókeypisskrásetning.

Hver símanotandi, sem rekur atvinnu- eða verzlunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skrásetningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímanotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

#### B. Skrásetning gegn borgun.

Ef símanotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 25.00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 35.00. Auglýsingalína kostar kr. 30.00.

## XI. KAFLI

### Almennir skilmálar.

1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða fá breytt sambandi eða aukið samband, er hann hefur áður fengið, tilkynni það forstjóra símastöðvarinnar, og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símanna.
2. Landssíminn kemur venjulega ekki á símasambandi við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Landssíminn getur og krafizt, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
3. Póst- og símamálastjórnin ákveður við hvaða símastöð talsímanotandi skuli tengjast og um númer hans og nánara fyrirkomulag, og getur síðar breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur landssíminn því rofið innanbæjarsímtöl vegna afgreiðslu langlínusímtala, ef þörf krefur.
4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á símasamböndum eða flytja síma-  
búnað úr stað. Öll slík verk lætur landssíminn framkvæma eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kaupsímanum eru eign landssímans, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn landssímans hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.
5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með öll símatæki og lagnir, er þeir hafa til afnota, og bera þeir ábyrgð á öllum skemmdum á tækjum, er ekki stafa af eðlilegu sliti svo og ef þau glatast. Brunatrygging venjulegra símtækja er fólgin í leigunni.

Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða útbúnað í samband við tæki landssímans, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur landssíminn að sjálf-  
sögðu rétt til að taka allan slíkan útbúnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum,  
ef ástæða þykir til. Enn fremur er bannað án sérstaks leyfis frá landssímanum  
að láta aðra en landssímann annast sóttþreinsun talfæra.

- 39 6. Ef eitthvað verður að talfærum, ber þegar í stað að tilkynna það símastjóranum, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Landssíminn ber ekki ábyrgð á því, þótt sími slitni eða verði ónothæfur um stund, nema það sé beinlínis honum að kenna eða óþarfur dráttur verði á viðgerð símans. Má þá krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
7. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans, nema með leyfi landssímans. Sé það engu að síður gert hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur landssíminn slitið sambandinu og tekið tækin burtu fyrirvaralaust, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt því upp.
8. Ef sími eða annar fjarSKIPTABÚNAÐUR, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur staðið ónotaður í 1 ár eða lengur, er póst- og símamálastjórninni heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leiguhafi vilji greiða áfram afnotagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði.
9. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á sínum eða tækjum símans, sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

#### A. Greiðsluskilmálar.

1. Gjald fyrir símtöl í sambandi við langlínur landssímans greiðist landssímanum eftir reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á greiðslunni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um samtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafizt.
2. Sé eitthvert gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi 10 dögum eftir gjalddaga, má slíta talsímasambandinu, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða gjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið, að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitið, svo og kostnað við lokun og enduroppnun, ef hún hefur ferðakostnað í för með sér. Séu símagjöldin eigi greidd á réttum tíma, má taka þau lögtaki samkvæmt 1. gr. laga 16. desember 1885.

#### B. Leigutími.

Engin símatæki verða leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs eftir að símasambandið er fullgert. Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlöð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur landssíminn krafizt, að skemmstur leigutími sé lengri.

#### C. Uppsögn.

Að skemmstum leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um ársfjórðungsmót með 1 mánaðar fyrirvara, nema þar, sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

#### D. Flutningur.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann skriflega tilkynna það símastjóranum, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

## E. Símaskráin.

39

Landssíminn leggur hverjum leigusíma til 1 eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Landssíminn ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni. 24. febr.

## XII. KAFLI

Ákvæði um stofnun og rekstur landssímastöðva, annarra en 1. fl. A. stöðva, og samband þeirra við talsímanotendur o. fl.

Þegar landssímastöðvar eru stofnsettar, gilda að jafnaði eftirfarandi ákvæði um rekstur þeirra:

1. Landssímastöðvum þeim, er hér um ræðir, er skipt í 3 flokka, 1. flokk B, 2. flokk og 3. flokk, og eru þær venjulega opnar eftir flokkum 10, 6 og 2 stundir hvern virkan dag.
2. Stöðvarstjórinn sér stöðinni fyrir húsnæði, ljósi, eldsneyti, ræstingu, samkvæmt nánari reglum þar um, nema öðruvísi sé um samið, svo og starfrækslu, er póst- og símamálastjórnin tekur gilda, enda sé leitað samþykkis hennar á ráðningu afgreiðslumanna.
3. Skuldbindingin um starfræksluna, nær til allra þeirra símasambanda, er póst- og símamálastjórnin kann að leggja út frá símastöðinni.
4. Stöðvarstjórar eru skyldir til, þegar þess er krafizt, að fara sjálfir eða láta fara með símalínunum til að bæta skemmdir, er orðið hafa á þeim, gegn venjulegu tímakaupi.
5. Kostnaður við flutning stöðvar verður því aðeins goldinn af landssímanum, að hann fari fram vegna landssímans sjálfs.
6. Stöðvarstjóra ber að senda símskeyti, sem berast til stöðvarinnar, án sérstaks endurgjalds allt að einum kílómetra frá stöðinni. Ef skeyti eiga að fara lengra, greiðir sendandi kr. 7.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra fjarlægðarinnar. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilegan burðareyri, sem ákveðinn er eftir fyrirspurn í hvert einstakt skipti. Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, ber stöðvarstjóra að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan hátt.

Ef senda þarf eftir mönnum til viðtals í talsíma innan eins kílómetra frá stöðinni, greiðir símtalsbeiðandi kr. 7.00 fyrir sendiferðina. Ef vegalengdin er meiri en 1 kílómetri, greiðist sama gjald og fyrir útburð símskeyta.

7. Ekki mega aðrir afgreiða símtöl eða símskeyti en þeir, er undirskrifað hafa hið lögboðna þagnarheit símamanna.
8. Stöðvarstjórar skulu mánaðarlega gera reikningsskil innan 15. dags næsta mánaðar á eftir og að öðru leyti hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem póst- og símamálastjórnin setur.

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941 um fjarskipti og gengur í gildi 1. marz 1960. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir umframsímtöl aðeins af símtölum, sem fara fram 1. marz 1960 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur frá 26. júní 1958.

*Póst- og símamálaráðherrann, 24. febrúar 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

G. Briem.

## REIKNINGUR

Hins almenna kirkjusjóðs árið 1959.

## A. Rekstrarreikningur.

## Tekjur:

1. Vextir af lánum kirkna .....	kr. 138 874.82
2. Vextir af skuldabréfum .....	— 27 177.00
3. Vextir af innstæðu í Landsbanka Íslands .....	— 27 040.09

---

 Kr. 193 091.91

## Gjöld:

1. Sjóðvarzla .....	kr. 7 800.00
2. Tekjuafgangur .....	— 185 291.91

---

 Kr. 193 091.91

## B. Efnahagsreikningur.

## Eignir:

1. Í lánum kirkna .....	kr. 3 200 395.26
2. Skuldabréf .....	— 547 616.72
3. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 653 639.87

---

 Kr. 4 401 651.85

## Skuldir:

1. Eignir kirkna 1. jan. 1959 .....	kr. 4 002 511.96
Innlög á árinu .....	kr. 266 560.69
Vextir .....	— 182 415.53

---

 Kr. 448 976.22

÷ Úttekið af innstæðum .....	— 114 957.19
------------------------------	--------------

---

 — 334 019.03

---

 Eignir kirkna 31. des. 1959 .....
 kr. 4 336 530.99 |

## 2. Tekjuafgangur:

a. Frá f. árum .....	kr. 62 244.48
b. — árinu 1959 .....	— 2 876.38

---

 — 65 120.86

---

 Kr. 4 401 651.85

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1960.*

**Sigurbjörn Einarsson.**

## SKÝRSLA

41

## um eignir kirkna í Hinum almenna kirkjusjóði árið 1959.

Kirkjur	Eign í árs- lok 1958 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1959 Kr.
<b>N.-Múlaprófastdæmi:</b>					
1. Skeggjastaðakirkja ...	11599.67	—	—	521.99	12121.66
2. Hofteigskirkja .....	5739.10	—	—	258.25	5997.35
3. Kirkjubæjarkirkja ....	13334.12	—	—	600.03	13934.15
4. Hjaltastaðarkirkja ....	5583.83	—	—	251.26	5835.09
5. Eiðakirkja .....	1303.45	—	—	58.65	1362.10
6. Ásskirkja .....	70020.45	—	—	3150.92	73171.37
7. Möðrudalskirkja .....	5503.61	—	—	247.65	5751.26
8. Valbjófsstaðarkirkja ..	6070.33	—	—	273.16	6343.49
9. Hofskirkja í Vopnaf. .	4602.23	—	—	207.09	4809.32
10. Húsavíkurkirkja .....	1831.77	—	—	82.42	1914.19
11. Sleðbrjótskirkja .....	2261.46	—	—	101.75	2363.21
12. Bakkagerðiskirkja ....	37.18	—	—	1.66	38.84
13. Njarðvíkurkirkja .....	1102.87	—	—	49.62	1152.49
14. Klyppstaðakirkja .....	1433.36	—	—	64.49	1497.85
15. Seyðisfjarðarkirkja ...	135.29	—	—	6.08	141.37
	<b>130558.72</b>	—	—	<b>5875.02</b>	<b>136433.74</b>
<b>S.-Múlaprófastsdæmi:</b>					
16. Djúpavogskirkja .....	189.81	—	—	8.53	198.34
17. Vallanesskirkja .....	14.10	—	—	0.63	14.73
18. Þingmúlakirkja .....	1498.40	—	—	67.42	1565.82
19. Mjóafjarðarkirkja ....	3.40	—	—	0.14	3.54
20. Norðfjarðarkirkja ....	528.04	—	—	23.76	551.80
21. Stöðvarkirkja .....	31.82	—	—	1.42	33.24
22. Hofskirkja í Álftafirði	1241.00	—	—	55.84	1296.84
23. Fáskrúðsfjarðarkirkja	599.15	—	—	26.95	626.10
24. Berufjarðarkirkja .....	189.50	—	—	8.52	198.02
25. Berunesskirkja .....	189.50	—	—	8.52	198.02
26. Hallormsstaðarkapella	142.96	—	—	6.42	149.38
	<b>4627.68</b>	—	—	<b>208.15</b>	<b>4835.83</b>
<b>A.-Skafafellsprófastsd.:</b>					
27. Stafafellskirkja .....	10548.04	—	—	474.66	11022.70
28. Einholtskirkja .....	1.73	—	—	0.07	1,80
29. Kálfafellsstaðarkirkja .	129.32	3.75	—	5.81	138.88
30. Hofskirkja í Örafum .	11384.40	—	—	512.29	11896.69
31. Bjarnanesskirkja .....	1872.74	—	—	84.27	1957.01
32. Kirkjubýgg.sj., Höfn ..	69050.29	—	—	3107.26	72157.55
	<b>92986.52</b>	<b>3.75</b>	—	<b>4184.36</b>	<b>97174.63</b>

41	Kirkjur	Eign í árs- lok 1958 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1959 Kr.
<b>V.-Skafafellsprófastsd.:</b>						
33.	Prestsbakkakirkja . . . .	2882.35	—	2000.00	108.70	991.05
34.	Reyniskirkja . . . . .	3967.66	—	—	178.53	4146.19
35.	Grafarkirkja . . . . .	6854.43	100.00	—	309.56	7263.99
36.	Kálfafellskirkja . . . . .	10989.51	—	—	494.52	11484.03
37.	Langholtskirkja . . . . .	16138.35	—	—	726.22	16864.57
38.	Skeiðflatarkirkja . . . . .	4158.22	—	—	187.11	4345.33
39.	Pykkvabæjarkirkja . . . .	4384.75	—	—	197.31	4582.06
40.	Víkurkirkja . . . . .	249.10	—	—	11.20	260.30
		49624.37	100.00	2000.00	2213.15	49937.52
<b>Rangárvallaprófastsd.:</b>						
41.	Hábæjarkirkja . . . . .	120.10	—	—	5.40	125.50
42.	Árbæjarkirkja . . . . .	158.96	—	—	7.14	166.10
43.	Stórólshvolskirkja . . . .	1046.67	—	—	47.09	1093.76
44.	Oddakirkja . . . . .	256.02	—	—	11.52	267.54
45.	Kálfholtskirkja . . . . .	105.90	—	—	4.75	110.65
46.	Krosskirkja . . . . .	7185.96	—	—	323.35	7509.31
47.	Akureyjarkirkja . . . . .	2020.01	—	—	90.90	2110.91
48.	Ásólfskálakirkja . . . . .	171.83	—	—	7.72	179.55
49.	Eyvindarhólakirkja . . . .	19966.25	1000.00	20340.75	374.50	1000.00
50.	Breiðabólstaðarkirkja . . .	1297.49	—	—	58.38	1355.87
51.	Hlíðarendakirkja . . . . .	2816.14	—	—	126.72	2942.86
52.	Skarðskirkja . . . . .	29660.50	1500.00	6500.00	1310.87	25971.37
53.	Marteinstungukirkja . . . .	84.06	—	—	3.78	87.84
54.	Hagakirkja . . . . .	5.18	—	—	0.22	5.40
55.	Stóradalskirkja . . . . .	962.37	—	—	43.30	1005.67
56.	Byggingarsj. Keldnak. . . .	3784.47	—	—	170.29	3954.76
57.	Voðmúlstaðakapella . . . .	6043.53	—	—	271.95	6315.48
		75685.44	2500.00	26840.75	2857.88	54202.57
<b>Árnessprófastsdæmi:</b>						
58.	Mosfellskirkja, Grímsn. . . .	244.54	—	—	11.00	255.54
59.	Búrfellskirkja . . . . .	284.26	—	—	12.79	297.05
60.	Þingvallakirkja . . . . .	2979.31	—	—	134.06	3113.37
61.	Úlfhljótsvatnskirkja . . . .	909.68	—	—	40.92	950.60
62.	Strandarkirkja . . . . .	2997140.59	255377.30	1494.70	139567.85	3390591.04
63.	Haukadalskirkja . . . . .	1081.70	—	—	48.66	1130.36
64.	Torfastaðakirkja . . . . .	795.95	—	—	35.80	831.75
65.	Gaulverjabæjarkirkja . . . .	675.26	—	—	30.38	705.64
66.	Bræðratungukirkja . . . . .	1100.20	—	—	49.50	1149.70
67.	Hraungerðiskirkja . . . . .	2981.13	—	—	134.14	3115.27
68.	Laugardælakirkja . . . . .	958.51	—	—	43.13	1001.64
69.	Stokkseyrarkirkja . . . . .	1449.38	—	—	65.21	1514.59
70.	Villingaholtskirkja . . . . .	3009.92	1200.00	—	157.93	4367.85
71.	Ólafsvallakirkja . . . . .	2632.40	—	—	118.45	2750.85
72.	Stóra-Núpskirkja . . . . .	379.03	—	—	17.05	396.08



Kirkjur	Eign i árs- lok 1958 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign i árs- lok 1959 Kr.	41
73. Miðdalskirkja .....	9078.48	1105.51	—	416.81	10600.80	
74. Hrepphólakirkja .....	379.03	—	—	17.05	396.08	
75. Eyrarbakkakirkja ....	8719.93	—	—	392.38	9112.31	
76. Hrunakirkja .....	2046.81	—	—	92.10	2138.91	
77. Kotstrandarkirkja ....	77.44	—	—	3.47	80.91	
78. Tungufellskirkja .....	2046.81	—	—	92.10	2138.91	
79. Úthlíðarkirkja .....	11033.19	—	—	496.48	11529.67	
80. Hjallakirkja .....	41.09	—	—	1.84	42.93	
81. Stóruborgarkirkja ....	393.99	2000.00	—	17.71	2411.70	
82. Skálholtskirkja .....	37751.24	1190.06	—	1719.07	40660.37	
83. Selfosskirkja .....	554.19	—	—	24.93	579.12	
	<b>3088744.06</b>	<b>260872.87</b>	<b>1494.70</b>	<b>143740.81</b>	<b>3491863.04</b>	

**Kjalarnessprófastsd.:**

84. Landakirkja .....	347.77	—	—	15.64	363.41	
85. Grindavíkurkirkju ....	2143.35	—	—	96.44	2239.79	
86. Brautarholtskirkja ....	998.28	—	—	44.92	1043.20	
87. Reynivallakirkja .....	67843.57	—	67600.00	1283.88	1527.45	
88. Lágafellskirkja .....	772.49	—	—	34.75	807.24	
89. Viðeyjarkirkja .....	160.93	—	166.07	5.14	0.00	
90. Útskálakirkja .....	429.16	—	—	19.30	448.46	
91. Hvalsnesskirkja .....	2561.23	220.00	—	116.47	2897.70	
92. Keflavíkurkirkja ....	368.10	—	—	16.56	384.66	
93. Kálfatjarnarkirkja ....	381.94	—	—	17.17	399.11	
94. Bessastaðakirkja .....	141.65	—	—	6.36	148.01	
95. Hafnarfjarðarkirkja ..	2921.22	—	—	131.44	3052.66	
96. Saurbæjarkirkja Kjal. .	169.68	—	—	7.62	177.30	
	<b>79239.37</b>	<b>220.00</b>	<b>67766.07</b>	<b>1795.69</b>	<b>13488.99</b>	

**Reykjavíkurprófastsd.:**

97. Dómkirkjan .....	40937.06	—	—	1842.16	42779.22	
	<b>40937.06</b>	<b>—</b>	<b>—</b>	<b>1842.16</b>	<b>42779.22</b>	

**Borgarfjarðarprófastsd.:**

98. Húsafellskapella .....	252.81	—	—	11.37	264.18	
99. Saurbæjarkirkja .....	5348.81	—	—	240.69	5589.50	
100. Leirárkirkja .....	758.06	—	—	34.11	792.17	
101. Hallgrímsk. í Saurbæ .	984.73	1000.00	1084.73	2.81	902.81	
102. Reykholtskirkja .....	447.47	—	—	20.12	467.59	
103. Stóra-Ásskirkja .....	909.69	—	—	44.57	954.26	
104. Lundarkirkja .....	2744.76	—	—	123.51	2868.27	
105. Hvanneyrarkirkja ....	483.62	—	—	21.75	505.37	
106. Bæjarkirkja .....	119.70	—	—	5.37	125.07	
107. Fitjakirkja .....	2723.34	—	—	122.54	2845.88	

41

	Kirkjur	Eign í árs- lok 1958 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1959 Kr.
108.	Gilsbakkakirkja .....	3501.81	—	300.00	157.57	3359.38
109.	Síðumúlakirkja .....	118.31	—	—	5.32	123.63
		18393.11	1000.00	1384.73	789.73	18798.11

**Mýrprófastsdæmi:**

110.	Stafholtskirkja .....	142.74	—	—	6.42	149.16
111.	Hjarðarholtskirkja ...	9.14	—	—	0.40	9.54
112.	Hvammsk., Norðurárdal	12231.64	—	—	550.42	12782.06
113.	Norðtungukirkju .....	759.98	—	—	34.18	794.16
114.	Borgarkirkja .....	261.88	—	—	11.77	273.65
115.	Álftanesskirkja .....	2423.05	—	—	109.03	2532.08
116.	Álftártungukirkja ....	308.88	150.00	—	13.89	472.77
117.	Akrakirkja .....	3089.17	—	—	139.00	3228.17
118.	Borgarnesskirkja ....	952.37	—	926.36	37.18	63.19
		20178.85	150.00	926.36	902.29	20304.78

**Snæfellsnessprófastsd.:**

119.	Miklaholtskirkja .....	2572.58	—	—	115.78	2688.36
120.	— viðhaldssjóður ....	1516.13	—	—	68.22	1584.35
121.	Breiðabólstaðarkirkja	9705.06	—	—	436.72	10141.78
122.	Narfeyrarkirkja .....	2803.49	—	—	126.14	2929.63
123.	Fáskrúðarbakkakirkja	116.74	—	—	5.25	121.99
124.	Ytra-Rauðamelskirkja .	8160.08	—	—	367.20	8527.28
125.	Kolbeinsstaðakirkja ...	234.66	—	—	10.55	245.21
126.	Ólafsvíkurkirkja .....	1364.53	—	—	61.40	1425.93
127.	Ingjaldshólskirkja ....	61.94	—	—	2.77	64.71
128.	Brimilsvallakirkja ....	1364.53	—	—	61.40	1425.93
129.	Helgafellskirkja .....	1785.24	—	—	80.32	1865.56
130.	Bjarnarhafnarkirkja ..	252.66	—	—	11.36	264.02
131.	Setbergskirkja .....	415.62	—	—	18.69	434.31
132.	Kirkjub.sj. Grafarness	125617.60	—	—	5652.78	131270.38
133.	Staðastaðarkirkja .....	1364.53	—	—	61.40	1425.93
134.	Búðakirkja .....	238.34	—	—	10.72	249.06
135.	Stykkishólmskirkja ...	252.67	—	—	11.36	264.03
		157826.40	—	—	7102.06	164928.46

**Dalaprófastsdæmi:**

136.	Stóra-Vatnshornskirkja	163.26	—	—	7.34	170.60
137.	Kvennabrekkukirkja ..	361.40	—	—	16.25	377.65
138.	Snóksdalskirkja .....	11167.33	—	—	502.52	11669.85
139.	Hjarðarholtskirkja ....	2937.54	—	—	132.18	3069.72
140.	Hvammskirkja .....	2201.14	—	—	99.04	2300.18
141.	Dagverðarnesskirkja ..	2122.61	—	—	95.51	2218.12
142.	Staðarhólskirkja .....	284.96	—	—	12.81	297.77
143.	Staðarfellskirkja .....	2122.61	—	—	95.51	2218.12

Kirkjur	Eign í árs- lok 1958 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1959 Kr.
144. Skarðskirkja .....	5003.34	—	—	225.14	5228.48
145. Garpsdalskirkja .....	5003.34	—	—	225.14	5228.48
	31367.53	—	—	1411.44	32778.97

41

**Barðastrandarprófastsd.:**

146. Bildudalskirkja .....	355.00	—	—	15.97	370.97
147. Selárdalskirkja .....	9279.16	—	—	417.55	9696.71
148. Saurbæjarkirkja .....	2658.32	—	—	119.62	2777.94
149. Sauðlauksdalskirkja ..	113.28	—	—	5.09	118.37
150. Breiðavíkurkirkja ....	2658.32	—	—	119.62	2777.94
151. Staðarkirkja á Reykjan.	6201.41	—	—	279.05	6480.46
152. Flateyjarkirkja .....	472.34	—	—	21.25	493.59
153. Gufudalskirkja .....	1383.28	—	—	62.24	1445.52
154. Brjánslækjarkirkja ...	1171.05	—	—	52.69	1223.74
155. Hagakirkja .....	1137.11	200.00	—	57.91	1395.02
156. Reykhólakirkja .....	4156.63	—	—	187.04	4343.67
157. Patreksfjarðarkirkja ..	850.42	—	—	38.26	888.68
	30436.32	200.00	—	1376.29	32012.61

**V.-Ísafjarðarprófastsd.:**

158. Flateyrarkirkja .....	424.52	—	—	19.10	443.62
159. Holtskirkja .....	11.52	—	—	0.51	12.03
160. Kirkjubólaskirkja .....	424.52	—	—	19.10	443.62
161. Mýrakirkja .....	37.36	50.00	—	2.23	89.59
162. Sæbólaskirkja .....	295.36	—	—	13.28	308.64
163. Staðarkirkja, Sög. ....	190.49	—	—	8.56	199.05
164. Hraunskirkja .....	10085.97	—	—	453.85	10539.82
165. Núpaskirkja .....	2307.29	—	—	103.82	2411.11
166. Þingeyrarkirkja .....	567.07	—	—	25.51	592.58
167. Álftamýrarkirkja .....	57.46	—	—	2.57	60.03
	14401.56	50.00	—	648.53	15100.09

**N.-Ísafjarðarprófastsd.:**

168. Ísafjarðarkirkja .....	8046.27	—	—	362.08	8408.35
169. Nauteyrarkirkja .....	3550.35	—	—	159.76	3710.11
170. Vatnsfjarðarkirkja ...	336.68	—	—	15.14	351.82
171. Hólskirkja .....	1743.62	—	—	78.45	1822.07
172. Ögurkirkja .....	4684.92	100.00	—	211.01	4995.93
173. Eyrarkirkja .....	4684.92	—	—	210.81	4895.73
174. Staðarkirkja í Aðalvík	140.66	—	—	6.32	146.98
175. Melgraseyrbænhús ..	1122.22	—	—	50.49	1172.71
	24309.64	100.00	—	1094.06	25503.70

41	Kirkjur	Eign í árs- lok 1958 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1959 Kr.
<b>Strandaprófastsdæmi:</b>						
176.	Staðarkirkja í Steingr.f.	12210.77	—	12000.00	511.98	722.75
177.	Prestsbakkakirkja ....	69.86	—	—	3.13	72.99
178.	Staðarkirkja í Hrutaf. .	450.33	—	—	20.26	470.59
179.	Árnesskirkja .....	9671.39	—	—	435.20	10106.59
180.	Óspakseyrarkirkja ....	129.71	—	—	5.82	135.53
		22532.06	—	12000.00	976.39	11508.45
<b>Húnavatnsprófastsd.:</b>						
181.	Staðarbakkakirkja ....	317.22	—	—	14.26	331.48
182.	Kirkjuhvammaskirkja ..	189.49	—	—	8.51	198.00
183.	Hofskirkja á Skagastr.	689.59	—	—	31.02	720.61
184.	Bergsstaðakirkja .....	213.67	—	—	9.60	223.27
185.	Höskuldsstaðakirkja ..	249.20	—	—	11.20	260.40
186.	Efra-Núpskirkja .....	240.80	—	—	10.83	251.63
187.	Bólstaðarhlíðarkirkja .	1854.76	—	—	83.46	1938.22
188.	Blönduósskirkja .....	2406.49	—	—	108.28	2514.77
189.	Holtastaðakirkja .....	1854.76	—	—	83.46	1938.22
190.	Skagastrandarkirkja ..	35.33	—	—	1.58	36.91
191.	Þingeyrakirkja .....	404.31	—	—	18.19	422.50
192.	Tjarnarkirkja .....	5.94	—	—	0.25	6.19
193.	Undirfellskirkja .....	404.31	—	—	18.19	422.50
194.	Auðkúlukirkja .....	5369.90	—	—	241.63	5611.53
195.	Svínavatnskirkja .....	1516.15	—	—	68.22	1584.37
196.	Breiðabólsstaðarkirkja	719.95	—	—	32.38	752.33
197.	Víðidalstungukirkja ..	719.95	—	—	32.38	752.33
		17191.82	—	—	773.44	17965.26
<b>Skagafjarðarprófastsd.:</b>						
198.	Sauðárkróskirkja ....	1921.72	—	—	86.47	2008.19
199.	Reynistaðarkirkja ....	950.26	—	—	42.76	993.02
200.	Rípurkirkja .....	400.69	—	—	18.02	418.71
201.	Glaumbæjarkirkja ....	670.99	—	—	30.18	701.17
202.	Reykjakirkja .....	848.27	—	—	38.17	886.44
203.	Mælifellskirkja .....	440.30	—	—	19.80	460.10
204.	Barðskirkja .....	5850.95	—	—	263.28	6114.23
205.	Hólakirkja .....	1388.17	—	—	62.46	1450.63
206.	Ábæjarkirkja .....	848.27	—	—	38.17	886.44
207.	Silfrastaðakirkja .....	960.20	—	—	43.20	1003.40
208.	Miklabæjarkirkja .....	471.45	—	—	21.20	492.65
209.	Flugumýrarkirkja ....	1012.76	—	—	45.57	1058.33
210.	Ketukirkja .....	2010.12	—	—	90.45	2100.57
211.	Viðvíkurkirkja .....	2234.32	—	—	100.54	2334.86
212.	Hvammaskirkja í Laxárd.	1038.36	—	—	46.72	1085.08
213.	Knappsstaðakirkja ....	2160.71	—	—	97.22	2257.93
214.	Hofskirkja .....	568.55	—	—	25.58	594.13
215.	Fellskirkja .....	33.56	—	—	1.50	35.06

Kirkjur	Eign í árs- lok 1958 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1959 Kr.	41
216. Viðimýrarkirkja .....	879.12	-	-	39.55	918.67	
217. Hofsstaðakirkja .....	379.02	-	-	17.05	396.07	
	25067.79	-	-	1127.89	26195.68	

**Eyjafjarðarprófastsd.:**

218. Grímseyjarkirkja .....	233.90	-	-	10.50	244.40	
219. Hólakirkja .....	284.26	-	-	12.79	297.05	
220. Kaupangskirkja .....	303.16	-	-	13.63	316.79	
221. Grundarkirkja .....	284.26	-	-	12.79	297.05	
222. Saurbæjarkirkja .....	13991.16	-	-	629.59	14620.75	
223. Möðruvallakirkja .....	284.26	-	-	12.79	297.05	
224. Munkaþverárkirkja ...	230.25	-	-	10.36	240.61	
225. Akureyrarkirkja .....	171.04	1250.00	-	16.44	1437.48	
226. Lögmannshlíðarkirkja .	2270.35	-	-	102.16	2372.51	
227. Bakkakirkja .....	1080.26	-	-	48.61	1128.87	
228. Bægisárkirkja .....	516.14	-	-	23.22	539.36	
229. Urðakirkja .....	2046.80	-	-	92.10	2138.90	
230. Vallakirkja .....	244.12	-	-	10.98	255.10	
231. Upsakirkja .....	2046.80	-	-	92.10	2138.90	
232. Stærra-Árskógskirkja .	23.71	-	-	1.05	24.76	
233. Siglufjarðarkirkja ....	51.87	-	-	2.32	54.19	
234. Hríseyjarkirkja .....	2147.56	-	-	96.63	2244.19	
235. Möðruvallakl.kirkja ...	8527.31	-	-	383.72	8911.03	
	34737.21	1250.00	-	1571.78	37558.99	

**S.-Þingeyjarprófastsd.:**

236. Laufáskirkja .....	178.31	114.07	-	9.73	302.11	
237. Svalbarðskirkja .....	229.27	-	-	10.31	239.58	
238. Hálskirkja .....	3120.18	-	-	140.40	3260.58	
239. Ljósavatnskirkja .....	2031.63	-	-	91.41	2123.04	
240. Þóroddsstaðarkirkja ..	2564.13	-	-	115.38	2679.51	
241. Lundarbrekkukirkja ..	2031.63	-	-	91.41	2123.04	
242. Skútustaðakirkja .....	5239.56	-	-	235.77	5475.33	
243. Reykjahlíðarkirkja ....	5571.12	-	2544.58	208.71	3235.25	
244. Flateyjarkirkja .....	399.31	-	-	17.96	417.27	
245. Illugastaðarkirkja ....	25.91	-	-	1.15	27.06	
246. Einarstaðakirkja ....	975.40	-	-	43.88	1019.28	
247. Grenjaðarstaðarkirkja .	7523.39	-	-	338.54	7861.93	
248. Grenivíkurkirkja .....	2298.54	-	-	103.43	2401.97	
249. Þönglabakkakirkja ....	8440.18	-	-	379.80	8819.98	
250. Þverárkirkja .....	975.40	-	-	43.88	1019.28	
251. Nesskirkja .....	70.72	-	-	3.17	73.89	
	41674.68	114.07	2544.58	1834.93	41079.10	

41	Kirkjur	Eign í árs- lok 1958 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1959 Kr.
	<b>N-Dingeyjarprófastsd.:</b>					
252.	Skinnastaðarkirkja ..	131.53	—	—	5.91	137.44
253.	Snartarstaðakirkja ....	883.11	—	—	39.73	922.84
254.	Raufarhafnarkirkja ...	326.37	—	—	14.68	341.05
255.	Svalbarðskirkja .....	180.39	—	—	8.11	188.50
256.	Víðihólskirkja .....	55.05	—	—	2.47	57.52
257.	Sauðanesskirkja .....	415.32	—	—	18.68	434.00
		1991.77	—	—	89.58	2081.35
		4002511.96	266560.69	114957.19	182415.53	4336530.99

Sé vaxtaafgangsupphæðinni, kr. 65 120.86, bætt við ofangreinda upphæð, kr. 4 336 530.99, verður eign sjóðsins í árslok eins og segir í aðalreikningnum, kr. 4 401 651.85.

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 20. janúar 1960.*

**Sigurbjörn Einarsson.**

42

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1959.

### Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	1000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	11982.19	
			kr. 12982.19
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr.	50.00	
b. Af innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	721.17	
			— 771.17
			Kr. 13753.36

### Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	1000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	12753.36	
			kr. 13753.36
			Kr. 13753.36

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 15. janúar 1960.*

**Sigurbjörn Einarsson.**

**REIKNINGUR**

43

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1959.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Verðbréf .....	kr.	22600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	—	28901.93	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	20363.91	
			kr. 71865.84
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum .....	kr.	1517.50	
b. Af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	—	1589.60	
c. Af innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	1098.67	
			— 4205.77
			<b>Kr. 76071.61</b>

## Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Verðbréf .....	kr.	22100.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	—	30491.53	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	23480.00	
			kr. 76071.61
			<b>Kr. 76071.61</b>

*Biskupinn yfir Íslandi. Reykjavík, 15. janúar 1960.***Sigurbjörn Einarsson.****REIKNINGUR**

44

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1959.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
Innstæða í Landsbanka Íslands .....	kr.	5216.63	
2. Vextir af innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	260.80	
			Kr. 5477.43

## Gjöld:

Eign í árslok:			
Innstæða í Landsbanka Íslands .....	kr.	5477.43	
			Kr. 5477.43

*Biskupinn yfir Íslandi. Reykjavík, 15. janúar 1960.***Sigurbjörn Einarsson.**

45

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsted árið 1959.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	1000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	7227.75	kr. 8227.75
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr.	25.00	
b. Af innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	495.12	
			— 520.12
			<u>Kr. 8747.87</u>

## Gjöld:

Eign í árslok:			
Innstæða í Landsbanka Íslands .....	kr.	8747.87	
			<u>Kr. 8747.87</u>

*Biskupinn yfir Íslandi. Reykjavík, 15. janúar 1960.*

Sigurbjörn Einarsson.

46

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Guttormslegats árið 1959.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr.	38685.69	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	9512.62	
			kr. 48198.31
2. Vextir:			
a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	kr.	2127.71	
b. Af innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	570.72	
			— 2698.43
			<u>Kr. 50896.74</u>

## Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr.	40813.40	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	10083.34	
			kr. 50896.74
			<u>Kr. 50896.74</u>

*Biskupinn yfir Íslandi. Reykjavík, 15. janúar 1960.*

Sigurbjörn Einarsson.



## REIKNINGUR

47

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Ingunnar Knútsdóttur og  
Sigríðar Kristjánsdóttur árið 1959.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 58880.78		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 624.58		
			kr. 59505.36
2. Vextir:			
a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	kr. 3238.44		
b. Af innstæðu í Landsbanka Íslands .....	— 31.20		
			— 3269.64
			Kr. 62775.00

## Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 62119.22		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 655.78		
			kr. 62775.00
			Kr. 62775.00

*Biskupinn yfir Íslandi. Reykjavík, 15. janúar 1960.*

**Sigurbjörn Einarsson.**

## REIKNINGUR

48

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1959.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun .....		kr. 301163.40
2. Vextir:		
a. Af verðbréfum .....	kr. 4415.00	
b. Af skuldabréfum .....	— 425.00	
c. Af innstæðu í Söfnunarsj. ....	— 9137.33	
d. Af innstæðu í Landsbanka Íslands .....	— 2750.50	
		— 16727.83
3. Gjafir .....		— 7240.00
4. Greitt af skuldabr. ....		— 13500.00
5. Útdregin verðbréf .....		— 6000.00
6. Til jafnaðar við gjaldal. 2 .....		— 26000.00
7. Framlag frá ríkissjóði .....		— 120000.00
		Kr. 490631.23

48

## Gjöld :

1. Úthlutað frv. prestum og prestsekkjum .....	kr. 123000.00
2. Keypt verðbréf .....	— 26000.00
3. Til jafnaðar við tekjul. 4 .....	— 13500.00
4. Til jafnaðar við tekjul. 5. ....	— 6000.00
5. Áður útfærð áv. endurnýjuð .....	— 750.00
6. Eign í árslok:	
a. Veðdeildarbréf .....	kr. 61100.00
b. Skuldabréf .....	— 35000.00
c. Innstæða í Söfnunarsj. ....	— 175270.74
d. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 50010.49
	<hr/>
	— 321381.23
	<hr/>
	Kr. 490631.23

*Biskupinn yfir Íslandi. Reykjavík, 15. janúar 1960.*

**Sigurbjörn Einarsson.**

49

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Hjálmars kaupmanns Jónssonar  
1. september 1958—31. ágúst 1959.

## Tekjur :

1. Eign 1. september 1958:	
a. Veðdeildarbréf .....	kr. 2000.00
b. Vísitölubréf .....	— 24000.00
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 8711.41
	<hr/>
	kr. 34711.41
2. Vextir:	
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr. 75.00
b. — vísitölubréfum .....	— 1680.00
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	— 459.72
	<hr/>
	— 2214.72
3. Útdregin bréf:	
a. Veðdeildarbréf .....	kr. 1000.00
b. Vísitölubréf .....	— 10000.00
	<hr/>
	— 11000.00
	Kr. 47926.13

## Gjöld :

1. Til jafnaðar við tekjulið 3 .....	kr. 11000.00
2. Eign í lok reikningsárs:	
a. Veðdeildarbréf .....	kr. 1000.00
b. Vísitölubréf .....	— 14000.00
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 21926.13
	<hr/>
	— 36926.13
	<hr/>
	Kr. 47926.13

*Biskupinn yfir Íslandi. Reykjavík, 15. janúar 1960.*

**Sigurbjörn Einarsson.**

## AUGLÝSING

50

14. maí

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lög-reglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. jan. 1930.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890 sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, lög nr. 88 11. júní 1938 og lög nr. 111 30. maí 1940, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

## Samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.

## 1. gr.

Á eftir 1. mgr. 41. gr. samþykktarinnar komi ný málsgrein, svohljóðandi:  
Sama gildir eftir því sem við á um sölustaði, þar sem seldar eru notaðar bifreiðir (bifreiðasölur).

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. maí 1960.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

51

8. apríl

um umferðarfræðslu í skólum.

## 1. gr.

Tilgangur umferðarfræðslu í skólum er:

1. Að gera nemendum ljósa þá hættu, sem af umferð stafar.
2. Að kenna umferðarreglur þær, sem gilda á hverjum tíma. Skal fræðslu hagað í samræmi við þroska hinna ýmsu aldursflokka nemenda.
3. Að kenna nemendum að fara eftir settum reglum og notfæra sér fræðslu samkvæmt 1. og 2. tölulið, þannig að þeir valdi ekki sér eða öðrum óþarfa hættu.

## 2. gr.

Á barnaheimilum, í leikskólum og smábarnaskólum skal börnum leiðbeint um einföldustu reglur, sem fótgangendum ber að fylgja í umferð, eftir því sem við verður komið.

Fræðslan skal einkum beinast að því, að börnin fái hugmynd um þá varúð, er þeim ber að sýna, þegar þau eru á ferð eða að leik á almannafæri.

Forráðamönnum stofnana þeirra, sem að framan greinir, ber að sjá þeim fyrir nauðsynlegum gögnum til kennslunnar.

B 16

51

8. apríl

Í barna- og unglingaskólum skal umferðarfræðsla vera einn þáttur skyldu-námsins.

4. gr.

Umferðarfræðslu barna á aldrinum 7—9 ára annast bekkjarkennari þeirra, eða sá kennari, sem skólastjóri kveður til.

Fræðslan skal fara fram bæði innanhúss og utan.

Innanhúss skal umferðarfræðsla samtvinnuð öðrum námsgreinum, eftir því sem hæfa þykir, en einkum þó kennslu í áttthagafræði, íslenzku, teikningu og leikfimi. Brýna skal fyrir börnum hattu þá, sem stafar af umferð, bæði almennt og sérstakar hættur í byggðarlaginu. Þeim skal gerð grein fyrir þeirri skyldu að sýna varúð og taka tillit til annarra, læra að þekkja helztu umferðarmerki, svo og kenndar helztu reglur um umferð fótgangenda.

Utanhúss skal fræðslan einkum beinast að því að kynna börnunum umferðarreglur, bæði á afmörkuðum svæðum og alfaravegum. Skal það gert munnlega og með æfingum.

Til umferðarfræðslu utanhúss skal verja nokkrum kennslustundum árlega og eigi færri en 6 stundir fyrir börn á 8—9 ára aldri.

5. gr.

Börn 10—12 ára skulu njóta kennslu í umferðarreglum og umferðarmenningu tvær kennslustundir á mánuði til jafnaðar á meðan skóli starfar.

Kennslu annast kennari, sem tekið hefur þátt í námskeiði til undirbúnings þeirrar kennslu, sbr. 9. gr. Sé ekki völ slíks kennara, skal kennslu þessa hafa á hendi maður, er fræðslumálastjóri telur til þess hæfan.

Kennslan skal vera bæði fræðileg og æfingakennsla, innanhúss og utan. Rifjað skal upp og æft það, sem þegar hefur verið lært í umferðarmálum. Auk þess skal kenna aðalreglur um umferð ökutækja, bæði vélknúinna og vélarlausra. Börnunum skal kennt að þekkja helztu umferðarmerki, þýðingarmestu sérákvæði um umferð í byggðarlagi, þar sem skóli er, og hvers gæta beri í sambandi við dýr á alfaravegum.

Við kennsluna skal nota myndir, bækur, áhöld og annað það, er að gagni má koma og völ er á. Leggja skal áherzlu á æfingakennslu úti við, eftir því sem kostur er.

Í kaupstöðum og annars staðar, þar sem löggæzlumanna er kostur, skal sérþjálfaður lögreglumaður eða bifreiðaeftirlitsmaður annast æfingakennslu utanhúss. Við kennsluna skal löggæzlumaðurinn vera klæddur einkennisbúningi sínum.

6. gr.

Nemendur, sem lokið hafa prófi úr 11 ára bekk og sýnt hafa sérstakan áhuga, árvekni, dugnað og hæfni á umferðaræfingum, skulu, ef þeir vilja og foreldrar samþykkja, vera kennurum til aðstoðar við umferðarfræðslu og stjórna umferð innan skólalóðar eftir nánari ákvörðun skólastjóra.

Þeim nemendum, sem falin eru störf samkvæmt 1. mgr., skal fengið einkenni, er þeir beri vinstra megin á brjósti, hvítt belti og axlarband. Þessi auðkenni skulu nemendur bera, þegar þeir eru að skyldustörfum og aðeins þá. Auðkennin eru eign skólans og skulu geymd þar.

7. gr.

Í unglingaskólum, miðskólum og gagnfræðaskólum skal fara fram umferðar-kennsla í 1. og 2. bekk.

Kennslu skal hagað líkt og um getur í 5. gr., en námsefnið aukið. Sérstaklega skal á það lögð áherzla, að nemendur þekki meginreglur umferðarlaga og reglu-gerðar um umferðarmerki.

Ef aðstæður leyfa, skal nemendum kenndur akstur og meðferð reiðhjóla og dráttarvéla, en annars leiðbeint um það. 51

Fyrir lokapróf skyldunáms skal unglingum fenginn leiðarvisir í umferðarmálum, sbr. 1. mgr. 82. gr. umferðarlaga nr. 26 1958. 8. apríl

#### 8. gr.

Við brottfararpróf úr barnaskólum í kaupstöðum og annars staðar, þar sem því verður við komið, skulu nemendur ganga undir umferðarpróf. Einnig skulu nemendur í 2. bekk þeirra skóla, sem um getur í 7. gr., ganga undir umferðarpróf. Skólunum skulu send prófverkefni hverju sinni. Gefa skal einkunn við prófið.

#### 9. gr.

Í Kennaraskóla Íslands og Íþróttakennaraskóla Íslands skal umferðarfræðsla vera skyldunámsgrein.

Halda skal námskeið fyrir þá kennara, sem réttindi vilja öðlast til að kenna börnum og unglingum umferðarmál. Þeir sem sótt hafa slík námskeið og sýnt, að þeir séu hæfir til kennslu, skulu öðrum fremur hafa hana á hendi.

Námskeiðin skulu haldin, þegar þurfa þykir, og skal fræðslumálastjóri hafa yfirumsjón með þeim.

#### 10. gr.

Ríkisútgáfa námsbóka lætur gera námsbækur í umferðarmálum, er hæfa þeim aldursflokkum, sem námsskyldu hafa samkvæmt reglugerð þessari.

#### 11. gr.

Menntamálaráðherra getur, ef þörf þykir, ráðið sérfróðan mann um stundarsakir til þess að hafa umsjón með umferðarfræðslu í skólum landsins í samráði við fræðslumálastjóra og til þess að stjórna námskeiðum samkvæmt 9. gr.

#### 12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 83. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, öðlast gildi þegar í stað.

*Menntamálaráðuneytið, 8. apríl 1960.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

## REGLUR

### Rithöfundasambands Íslands um hagsmunagæzlu fyrir rithöfunda og aðra eigendur ritréttar.

#### 1. gr.

Rithöfundasamband Íslands gætir hagsmuna íslenzkra og erlendra rithöfunda og annarra eigenda ritréttar að því er varðar flutningsrétt á ritverkum, þýðingarétt, endurprentun ritverka í blöð og tímarit og rétt til vélrænnar upptöku.

#### 2. gr.

Sambandið hyggst ná tilgangi sínum skv. 1. gr. með því að semja við Ríkisútvarpið og aðra aðila um gjöld fyrir opinberan flutning ritverka og vélræna upp-

**52** töku þeirra, og þýðendur eða bókaútfendur um þýðingarrétt svo og eigendur 8. apríl blaða og tímarita um endurprentun (reproduktion) ritverka í blöð og tímarit. Getur sambandið sett taxta um gjöld þessi og innheimt gjöldin svo og framkvæmt hvað annað, er hentugt þykir og hér að lýtur, þ. á m. málshöfðanir til gæzlu og verndar hagsmunum þessum.

3. gr.

Meðlimir í Rithöfundasambandi Íslands skulu gefa sambandinu umboð til hagsmunagæzlu fyrir sig skv. 1. og 2. gr. samþykktá þessara, þá skal sambandið og leita eftir umboðum annarra íslenskra og erlendra rithöfunda, erfingja látinna höfunda, útgefenda og annarra eigenda ritréttar.

4. gr.

Stjórn sambandsins ber ábyrgð á rekstri þessum og fjárreiðum og skal haga rekstrinum á þann hátt, að sem minnstur kostnaður leggist á höfundabóknanir þær, sem sambandið innheimtir fyrir umbjóðendur sína.

5. gr.

Ársreikningar sambandsins varðandi starfsemi þessa, gagnrýndir af löggiltum endurskoðanda, skulu sendir menntamálaráðuneytinu fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

6. gr.

Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytisins á samþykktum þessum.

7. gr.

Samþykktum þessum má eigi breyta nema á aðalfundum sambandsfélaganna og með minnst  $\frac{3}{4}$  atkvæða fundarmanna og hafi þess þá verið getið í fundarboði, að breytingar á samþykktum þessum yrðu teknar til meðferðar.

**Bráðabirgðaákvæði.**

Reglur þessar, sem taka gildi þegar við staðfestu, eru settar til bráðabirgða af núverandi stjórn sambandsins, og skal leggja þær fyrir næsta aðalfund sambandsfélaganna til endanlegrar samþykktar.

Reykjavík, 2. apríl 1960.

Stjórn Rithöfundasambands Íslands.

**Björn Th. Björnsson.**                      **Guðm. Gíslason Hagalín.**                      **Einar Bragi Sigurðsson.**  
**Friðjón Stefánsson.**                      **Stefán Júlíusson.**

Reglur þessar staðfestast hér með, að því tilskildu að leita skal staðfestingar ráðuneytisins á breytingum og viðaukum, er á þeim kunna að verða gerðar.

*Menntamálaráðuneytið, 8. apríl 1960.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius*

**SAMÞYKKT**

53

11. apríl

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Austur-Skaftafellssýslu,  
nr. 9 5. febr. 1959.

1. gr.

Við 2. gr. samþykktarinnar bætist í upptalningu vega:

Í Hafnahreppi:

Vegur yfir víkina norðan Hafnarþorps.

Í Nesjahreppi:

Vegur frá brú á Hoffellsá að ferju á Hornafjarðarfljóti.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 37 23. maí 1959, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 11. apríl 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUGERÐ**

54

11. apríl

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Borgarneskaupþún, nr. 12 20. febr. 1930,  
sbr. auglýsingu nr. 4 6. jan. 1948.

1. gr.

Öll skipagjöld samkvæmt reglugerðinni hækki um 100% og öll vörugjöld um 50%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 11. apríl 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

- 55 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningar- og verðlaunasjóð Friðriks  
 11. apríl Hjartar, skólastjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra  
 11. apríl 1960.  
 Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningar- og verðlaunasjóð Friðriks Hjartar, skólastjóra.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningar- og verðlaunasjóður Friðriks Hjartar, skólastjóra.

### 2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af frú Þóru Hjartar til minningar um Fririk Hjartar, mann hennar, á sjötugasta afmælisdegi hans hinn 15. sept. 1958. Friðrik hóf kennslu í barnaskóla Suðureyrar við stofnun hans haustið 1907 og var þar síðar skólastjóri í 23 ár.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur —.

### 4. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheitum þeirra manna, er styrkja vilja starfsemi hans, og skulu þær fjárhæðir leggjast við höfuðstól sjóðsins, nema gefandinn ákveði annað.

### 5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggum opinberum sjóðum eða á annan öruggan hátt að dómi stjórnar sjóðsins.

### 6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.  $\frac{4}{5}$  hluta ársvaxta sjóðsins skal verja til verðlauna samkvæmt skipulagsskrá þessari, en  $\frac{1}{5}$  leggjast við höfuðstólinn.

### 7. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita pilti og stúlku verðlaun fyrir beztan árangur í íslenzku á lokaprófi skyldunámsins í barnaskóla Suðureyrar. Að jafnaði skulu verðlaunin vera góð íslenzk bók, en þó getur stjórn sjóðsins ákveðið önnur verðlaun, ef það þykir réttara. Rita skal nafn nemandans á verðlaunin og fyrir hvað þau eru veitt.

Verðlaun skulu veitt úr sjóðnum í fyrsta sinn vorið 1959.

### 8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn:

Skólastjóri barnaskóla Suðureyrar, formaður skólanefndar og sóknarprestur. Skipi sami maður tvö framangreindra embætta, skipar hreppsnefnd Suðureyrarhrepps þriðja manninn í nefndina, er starfi meðan einhver stjórnenda gegnir tveim fyrrgreindra embætta.

Nefndin skiptir með sér verkum.

### 9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, verðlaunaveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur



sjóðsins. Stjórninni ber enn fremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld hans og færa í hana ársreikninga sjóðsins. 55  
11. apríl

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Suðureyrarhrepps.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Akranesi, 18. jan. 1960.

Þóra Hjartar.

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Borgarness.

56  
12. apríl

### I. KAFLI

#### RAFORKUSALA

Rafveita Borgarness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### I. Almenn notkun.

(1) Um kwst.mæli á 63 auru hverja kwst., auk fastagjalds, er reiknast þannig:

##### A(1). Til lýsingar.

85 aurar á mánuði af hverjum m<sup>2</sup> gólflatar í rúmi því, sem lýsa skal. — Þó skal aðeins reikna helming gólflatar til gjalda í geymslum og göngum o. þ. h.

##### B(1). Til heimilisnotkunar.

7 krónur á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup> skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

##### C(1). Til véla.

16 krónur á mánuði fyrir hvert kw. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla.

(2) Um kwst.mæli, án fastagjalds, þannig:

A(2). Til lýsingar og til ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar.

250 aurar fyrir hverja kwst.

##### B(2). Til véla og til vinnulagna í byggingum í smíðum.

140 aurar fyrir hverja kwst. Ársnotkun umfram 300 kw. á hvert kw. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla greiðist með 63 aorum hver kwst.

##### C(2). Til véla í matvælaíðnaði.

42 aurar fyrir hverja kwst. enda sé uppsett rafafli fastra véla yfir 40 kw. og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kwst. á hvert uppsett kw.

56  
12. apríl

þeirra. — Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. um hádegið, á tíma mesta álags.

### D(2). Til götu- og hafnarlýsingar.

88 aurar fyrir hverja kwst.

### II. Hitanotkun.

Um kwst.mæli á:

E(1).	52	aura/kwst.,	án	rofs.					
- (2).	28	—	—	með	allt	að	1½	klst.	rofi
- (3).	26	—	—	—	—	—	2½	—	—
- (4).	21	—	—	—	—	—	4½	—	—
- (5).	15	—	—	—	—	—	14½	—	—

Gjaldið breytist með útsöluverði á kolum og dieselolíu í Reykjavík á hverjum tíma, en miðast hér við grunnverðin 900 kr. á kolatonn og 1.40 kr. oliulíttra, þó þannig, að gjaldið miðast við það eldsneytisverð, sem er lægra hlutfallslega miðað við grunnverðin. — Gjaldið standi jafnan á heilum eða hálfum eyri.

### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar) að dómi rafveitustjóra.
- Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum rofa, og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum samkvæmt II. kafla.
- Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
- Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kwst. á ári.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.

## II. KAFLI

### MÆLA- OG ROFALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi:

1.	af	einfasa	kwst.mælum,	allt	að	30	amp.	.....	kr.	2.50	á	mánuði.
2.	—	—	—	50	amp.	og	minni	.....	—	5.00	—	—
3.	—	—	—	yfir	50	amp.	til	200	amp.	.....	—	12.00
4.	—	—	—	yfir	200	amp.	.....	—	18.00	—	—	—

Af klukkurofum skal notandinn greiða leigu sem hér segir:

1.	Af	ein-	eða	tvíþóla	klukkurofa	40	amp.	og	minni	.....	kr.	16.00	á	mánuði.
2.	—	þríþóla	klukkurofa	60	amp.	og	minni	.....	—	20.00	—	—	—	
3.	—	—	—	yfir	60	amp.	til	200	amp.	.....	—	25.00	—	—
4.	—	—	—	—	200	—	.....	—	32.00	—	—	—	—	
5.	—	fjarstýrandi	klukkurofa	.....	—	5.00	—	—	—	—	—	—	—	

Af öðrum mælitækjum og rofum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal árs-<sup>56</sup> leigan vera sem næst 20% af verði tækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald 12. apríl fyrir raforkuna.

### III. KAFLI HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við rúmmál húss, utanmál, á þann hátt sem hér segir:

Rúmmál húss í ten.metrum	Heimtaugargjald jarðstrengs
Frá 0 allt að 100 .....	kr. 900
— 100 — — 150 .....	— 1040
— 150 — — 200 .....	— 1170
— 200 — — 250 .....	— 1300
— 250 — — 300 .....	— 1430
— 300 — — 350 .....	— 1560
— 350 — — 400 .....	— 1700
— 400 — — 450 .....	— 1820
— 450 — — 500 .....	— 1950
— 500 — — 550 .....	— 2080
— 550 — — 600 .....	— 2200
— 600 — — 650 .....	— 2340
— 650 — — 700 .....	— 2470
— 700 — — 750 .....	— 2600
— 750 — — 800 .....	— 2730
— 800 — — 850 .....	— 2860
— 850 — — 900 .....	— 3000
— 900 — — 1000 .....	— 3180
— 1000 — — 1200 .....	— 3500
— 1200 — — 1500 .....	— 3900
— 1500 — — 2000 .....	— 4300
— 2000 og þar yfir .....	— 4800

Fyrir loftlínu skal greiða heimtaugargjald, er nemur 70% af gjaldinu fyrir jarðstreng.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir. Ef sérstök heimtaug er lögð í útihús á byggingarlóð íbúðarhúss, telst hún aukaheimtaug í húsið.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu taugar er lokið.

### IV. KAFLI OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 25 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 25 króna gjald í skrifstofu rafveitunnar.

- 56 Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla 12. apríl þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Rafveitu Borgarness nr. 144 30. júlí 1951, ásamt breytingu á þeirri gjaldskrá nr. 65 12. apríl 1956.

*Atvinnumálaráðuneytið, 12. apríl 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

- 57  
12. apríl

## REGLUGERÐ

um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.

### I.

Undirbúningur að ökuþrófi.

#### 1. gr.

Hver sá, sem vill fá almenn réttindi til að stjórna ökutæki, skal sækja um það til lögreglustjóra í heimasveit sinni. Umsókn skal rituð á eyðublað, sem lögreglustjóri lætur í té. Umsókn má einnig senda lögreglustjóra umdæmis þess, sem umsækjandi dvelur í, og getur hann veitt leyfi til próftöku, ef sérstaklega stendur á, að fengnu samþykki lögreglustjóra í heimasveit.

#### 2. gr.

Með umsókn skal senda:

1. Aldursvottorð.
  2. Tveir skýrar andlitsmyndir af umsækjanda, berhöfðuðum. Stærð myndar skal vera 35×45 mm. Hún skal vera á endingargóðum ljósmyndapappír, merkja- og stimplalaus og eigi eldri en tveggja ára.
  3. Sakavottorð.
  4. Vottorð lækni um að umsækjandi hafi sjón og heyrn, eins og krafizt er í 5. gr. og sé svo andlega og líkamlega hraustur sem þar greinir.
  5. Vottorð löggilts ökukennara, sbr. 10. gr., um að nemandi sé hæfur, að hans dómi, til að taka próf.
  6. Samþykki lögreglustjóra í heimasveit umsækjanda, ef umsókn er send öðrum lögreglustjóra.
- Gögn þau, sem talin eru í 3.—6. tölulið, mega ekki vera eldri en eins mánaðar. Umsókn til prófs samkvæmt 36. og 37. gr. þurfa þó eigi að fylgja gögn þau, sem talin eru í 2. og 5. tölulið.

#### 3. gr.

Læknisvottorð skal rituð á eyðublað, sem gert er eftir fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins. Vottorðið skal sent lögreglustjóra í lokuðu umslagi.

## 4. gr.

57

12. apríl

Umsækjandi skal fullnægja þessum lágmarkskröfum um heilbrigði:

1. *Sjón*: Að hann hafi án gleraugna eða með gleraugum, er hann venjulega notar, minnst sjónskerpuna 6/12 á betra auga, en 6/24 á hinu. Sjónsviðið skal prófa með hendinni og vera eðlilegt á hvoru auga um sig.

Heimilt er að leyfa manni próftöku, þótt hann sé blindur á öðru auga, eða sjónskerpa sé minni en 6/24 á því, ef hitt augað er óskemmt og með eigi minni sjónskerpunni en 6/9 með eða án gleraugna, enda hafi umsækjandi verið með skerta sjón í meira en hálf t. Þetta gildir þó ekki um próf til aksturs leigubifreiða til mannflutninga, fólksbifreiða fyrir fleiri en 16 farþega eða vörubifreiða, sem skráðar eru fyrir 5 smálesta farm eða meira.

2. *Heyrn*: Að hann hafi heyrn svo góða, að hann heyri orð töluð venjulegum rómi í 8 m fjarlægð, og ekki minni heyrn á verra eyra en að hann heyri þau úr tveggja metra fjarlægð.

3. *Önnur líkamshreysti*: Að hann geti notað báða handleggja og fætur til þess að stýra ökutækinu, hemla og gefa merki. Að hann sé ekki haldinn flogaveiki eða öðrum sjúkdómi, sem ástæða er til að ætla að valdi meðvitundarleysi snögglega.

Mat á líkamshreysti skal miðað við, að umsækjandi geti örugglega stjórnað ökutæki því, sem hann vill fá leyfi til að stjórna.

4. *Andleg heilbrigði*: Að andleg heilbrigði umsækjanda og andlegur þroski sé með þeim hætti, að hann geti örugglega stjórnað ökutæki því, sem umsókn miðast við.

## 5. gr.

Lögreglustjóri metur, hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum til próftöku. Nú telur lögreglustjóri vafa á því, hvort umsækjandi fullnægi kröfum þeim, sem gerðar eru í 4. gr. um heilbrigði eða andlegan þroska, og skal hann þá fá umsögn sérfræðings um vafaatriðið.

Nú telur lögreglustjóri áreiðanleik, samvirkusemi eða reglusemi umsækjanda vafasama samkvæmt framlögðum gögnum eða öðrum upplýsingum, og skal hann þá því aðeins veita heimild til próftöku, að umferðaröryggi verði ekki talin sérstök hættu búin, þótt umsækjandi fái ökuskipteini.

Dómsmálaráðherra getur leyft, að sérstök ökuskipteini séu veitt mönnum, enda þótt þeir fullnægi ekki almennum kröfum um líkamshreysti, og setur þá hverju sinni nánari reglur um kennslu, próf og efni skirteinis.

Hver sá, sem vill fá ökuskipteini samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar, sendir lögreglustjóra umsókn um það, ásamt fylgiskjölum, sbr. 2. gr. Lögreglustjóri leitar álits bifreiðaeftirlits ríkisins og sendir síðan dómsmálaráðherra umsóknina ásamt umsögn sinni og fylgiskjölum.

## 6. gr.

Telji lögreglustjóri skilríki þau, sem umsókn fylgja, fullnægjandi, sendir hann þau til prófdómanda með áritun um próftökuheimild.

## II. Um ökukennslu.

## A. Löggiltir ökukennarar.

## 7. gr.

Rétt til þess að hafa á hendi kennslu undir almennt próf í akstri og meðferð bifreiða, hafa þeir einir, sem til þess hafa fengið löggildingu dómsmálaráðherra.

57

Engum má veita ökukennararéttindi, nema hann:

12. apríl

1. Sé orðinn 25 ára gamall.
2. Hafi óflekkað mannorð.
3. Hafi eigi gerzt sekur um alvarleg eða ítrekuð brot á umferðarlögum eða alvarleg brot á áfengislögum.
4. Hafi réttindi til að aka leigubifreið til mannflutninga og hafi stundað akstur að staðaldri eigi skemur en tvö ár eftir að hann öðlaðist þau réttindi.
5. Hafi staðizt sérstakt ökukennarapróf.

Prófgreinar eru:

1. Umferðarlög og reglugerðir, settar samkvæmt þeim.
2. Ökukennsla. Skal próftaki kosta ökutæki til prófsins.
3. Þau efni, sem kennd eru á námskeiðum fyrir bifreiðastjóra á leigubifreiðum til mannflutninga, sbr. 14. gr. a-k.

Prófefni samkvæmt þessum lið skal valið af prófnefnd og því gerð skil í ritgerð, sem rituð skal undir eftirliti prófnefndar. Til samningar ritgerðar skal próftaki fá 2 klst. og eigi afnot hjálpargagna.

Próf skulu haldin eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Við prófið skal gefa einkunnir 0—10. Til þess að standast próf, þarf próftaki að fá minnst 6 fyrir hverja prófgrein. Standist próftaki ekki prófið, skal a. m. k. eitt ár líða þar til hann fær að þreyta próf að nýju.

Ökukennararéttindi falla niður 5 árum eftir útgáfu leyfisbréfs, ef það hefur ekki verið endurnýjað.

Dómsmálaráðherra getur, hvenær sem er, svipt mann ökukennararéttindum, ef ástæða er til. Skal það ávallt gert, ef ökukennari missir skilyrði til að öðlast ökukennararéttindi, svo og ef veruleg brögð verða að því, að ökukennari veiti ökumannaefnum, sem eigi standast próf, vottorð, skv. 5. tölulið 2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði greinar þessarar skal veita ótímabundin ökukennararéttindi, án gjalds, þeim, sem lokið höfðu hinn 31. des. 1950 prófi til aksturs leigubifreiða til mannflutninga, ef þeir uppfylla skilyrði 2.—3. töluliðs 2. mgr. Ákvæði greinar þessarar um sviptingu ökukennararéttinda gilda jafnt um þá, sem fá löggildingu án prófs.

## 8. gr.

Kennsla í akstri bifhjóla má aðeins fara fram undir stjórn og umsjón löggilts ökukennara. Rétt til þess að kenna á bifhjól hafa þeir einir, sem til þess hafa fengið löggildingu dómsmálaráðherra. Skulu þeir uppfylla skilyrði 1.—4. töluliðs 2. mgr. 7. gr. og auk þess hafa staðizt próf hjá bifreiðaeftirlitsmanni í ökukennslu og meðferð bifhjóla.

## B. Kennslubifreiðar.

## 9. gr.

Eigi má nota bifreið til ökukennslu, fyrr en bifreiðaeftirlit ríkisins hefur löggilt hana. Aftan og framan á bifreiðinni skulu vera greinileg spjöld með áletrun: KENNSLUBIFREIÐ. Óheimilt er þó að nota spjöldin, þegar bifreiðin er notuð til annars en kennslu. Bifreiðaeftirlit ríkisins ræður gerð kennsluspjalda og hefur sölu þeirra með höndum.

Bifreið verður því aðeins löggilt til kennslu, að hún sé búin tækjum, er kennari geti beitt án aðstoðar nemanda til þess að gefa merki, hemla bifreið, stöðva vél og rjúfa tengsli. Við sæti ökukennara skal komið fyrir hemlunartæki, tengt við fóthemla bifreiðarinnar. Í kennslubifreið skal vera sérstakur baksýnisspegill og þurrka á

framrúðu fyrir ökukennara. Eigi má nota til ökukennslu bifreið með sjálfvirkum 57 eða hálfsjálfvirkum tengslum eða gangskiptingu. Eigin þyngd kennslubifreiðar má 12. apríl eigi vera minni en 900 kg. Heimilt er þó að nota léttari bifreið til kennslu, ef bil milli öxla er 2.10 m eða meira.

### C. Kennsla í akstri bifreiða og bifhjóla.

#### 10. gr.

Ökukennslu skal miða við, að nemandi geti staðizt próf skv. IV. kafla.

Æfingaakstur má ekki fara fram á vegum, þar sem umferð er mikil, fyrr en nemandi hefur náð þeirri leikni í akstri, að eigi stafi sérstök hættu af. Ökukennsla skal fara fram á vegum bæði í þéttbýli og utan þess. Ökukennari skal tilgreina í kennsluvottorði, hvenær og í hve margar klukkustundir kennt hafi verið í þéttbýli og utan þess.

Gjald fyrir ökukennslu skal ekki vera hærra en sem nemur gjaldi að degi til fyrir leigubifreiðar á þeim stað, sem kennslan fer fram á, ásamt 25% álagi.

### D. Kennsla í meðferð og stjórn leigubifreiða til mannflutninga og 5 smálesta vörubifreiða.

#### 11. gr.

Halda skal í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum og kauptúnum, þar sem ástæða þykir til, námskeið fyrir þá, sem öðlast vilja réttindi til að stjórna leigubifreiðum til mannflutninga og vörubifreiðum, sem skráðar eru fyrir 5 smálesta farm eða meira. Dómsmálaráðherra skipar forstöðumann námskeiðanna og löggildir staðgöngumenn hans utan Reykjavíkur.

Námskeið skal jafnaðarlega halda haust og vor, ef þátttakendur eru nægilega margir.

Forstöðumaður hefur á hendi alla umsjón með námskeiðum. Hann ræður stundakennara og sér um útvegum á því, sem til námskeiðs þarf, eftir því, sem dómsmálaráðuneytið ákveður nánar.

#### 12. gr.

Umsóknir um þátttöku í námskeiði skal senda bifreiðaeftirliti ríkisins, sem annast afgreiðslu þeirra til forstöðumanns.

Þáttökuskilyrði eru þessi:

- a. 19 ára aldur.
- b. Almenn réttindi til bifreiðaaksturs.
- c. Að umsækjandi hafi ekið bifreið að staðaldri ekki skemur en 6 mánuði og þar af ekki skemur en 3 mánuði á undanförunum 12 mánuðum.
- d. Að umsækjandi hafi ekki á undanförunum 12 mánuðum verið sviptur ökuskirteini né gerzt brotlegur við ákvæði um neyzlu eða meðferð áfengra drykkja.
- e. Að umsækjandi hafi óflekkað mannorð, ef um er að ræða réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- f. Að umsækjandi hafi staðizt ökuþróf skv. c-lið 33. gr.

Umsókn skal fylgja aldursvottorð, ökuskirteini, vottorð tveggja valinkunnra manna um skilyrði c-liðar, læknisvottorð samkv. 4. tölulið 2. gr. og sakavottorð.

#### 13. gr.

Námskeið skulu að jafnaði standa 4—6 vikur og kennslustundir vera um 180 samkvæmt stundaskrá, er forstöðumaður semur. Fyrir þátttöku í námskeiði greiði hver nemandi kennslugjald, er ákveða skal, áður en námskeið hefst, og miða við,

57 að gjöldin hrökkvi til greiðslu kostnaðar við það. Kennslugjald greiðist fyrir fram  
12. apríl til forstöðumanns eða staðgöngumanns hans.

## 14. gr.

Kennsla á námskeiði skal vera bæði verkleg og munnleg.

Kennslan skal einkum fjalla um:

- a. Hvernig þau tæki vinna, sem stjórnar er úr sæti bifreiðarstjóra og hvernig skuli beita þeim.
- b. Rafmagnskerfi.
- c. Kælivatnskerfi.
- d. Smurningskerfi.
- e. Benzínkerfi ásamt benzínjölf.
- f. Gerð og starfsháttu vélar að öðru leyti.
- g. Tengsli, skiptihjólakassa og mismunadrif.
- h. Hemla.
- i. Stýrisbúnað.
- j. Viðgerðir á algengum smábilunum.
- k. Hvað gera skuli, er vanda ber að höndum, svo sem ef eldur kemur upp í bifreið eða slys verða.
- l. Umferðarlög og reglur samkvæmt þeim.
- m. Réttu aksturshætti.

## 15. gr.

Forstöðumaður getur undanþegið nemanda frá tímasókn í einstökum námsgreinum, ef sannað er, að hann hafi sérmenntun í þeim.

Skýlt er nemendum að hlýða þeim reglum, sem forstöðumaður setur til að styðja að reglu og aga á námskeiðum, að viðlagðri brottvisun, ef nemandi lætur eigi skipast við áminningu.

E. *Æfingaakstur á reiðhjólum með hjálparvél.*

## 16. gr.

Nám í akstri reiðhjóls með hjálparvél má fara fram án kennara. Æfingaakstur má ekki fara fram, fyrr en fengin hefur verið til hans heimild hjá lögreglustjóra og ekki fyrr en 14 dögum áður en próf skal þreytt.

Meðan á æfingaakstri stendur, skal ökumaður hafa með sér sönnunargögn um, að hann hafi fengið heimild til æfingaaksturs. Lögreglustjóri getur ákveðið, hvar æfingaakstur má fara fram.

Heimilt skal lögreglustjóra að krefjast þess, að umsækjandi taki þátt í stuttu námskeiði í umferðarreglum, akstri og meðferð reiðhjóla með hjálparvél.

F. *Æfingaakstur á dráttarvélum.*

## 17. gr.

Nám í akstri dráttarvéla skal fara fram undir eftirliti manns, sem leyfi hefur til að stjórna dráttarvél á alfaravegi. Námi skal haga þannig, að eigi stafi sérstök hættu af.

III. *Prófdómendur.*

## 18. gr.

Bifreiðaeftirlitsmenn eru prófdómendur við almennt bifreiðarstjórpróf og próf í akstri bifhjóla.

Dómsmálaráðherra getur löggilt aðra hæfa menn til prófdómendastarfa. Prófdómendur mega ekki stunda ökukennslu.



## 19. gr.

57

12. apríl

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna prófnefnd við próf samkv. 32. gr. og skal forstöðumaður námskeiðs skv. 11. gr. vera formaður hennar. Annar hinna prófnefndarmanna skal hafa sérþekkingu í vélfræði, en hinn vera bifreiðaeftirlitsmaður. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun prófnefndar.

Forstöðumanni er heimilt að ráða sérfræðinga til prófdómendastarfa í einstökum greinum. Formaður prófnefndar skiptir verkum með nefndarmönnum, þannig að einn prófdómandi dæmi með kennara í hverri prófgrein, en í prófakstri skulu vera 2 prófdómendur.

Prófdómendur við próf samkv. 35. gr. skulu vera 2 bifreiðaeftirlitsmenn, sem forstöðumaður bifreiðaeftirlitsins kveður til þess.

## 20. gr.

Bifreiðaeftirlitsmenn eða aðrir, sem lögreglustjórar telja til þess hæfa, eru prófdómendur við próf í akstri reiðhjóla með hjálparvél.

Lögreglustjórar fela bifreiðaeftirlitsmönnum eða öðrum þeim, sem hafa bifreiðarstjóraréttindi og reynslu í akstri dráttarvéla, að vera prófdómendur við próf í akstri dráttarvéla.

## 21. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna prófnefnd til að annast próf skv. 7. gr. og ákveður þóknun hennar. Einn nefndarmanna skal vera lögfræðingur og tveir bifreiðaeftirlitsmenn.

## IV. Ökupróf.

## A. Almenn bifreiðarstjórapróf.

## 22. gr.

Þegar prófdómanda hefur borizt umsókn um próftöku samkvæmt 6. gr., ákveður hann, hvenær próf skuli haldið. Skal það gert svo fljótt sem ástæður leyfa. Skal prófið fara fram á þeim tíma, og á þeim vegum, að verulega reyni á ökuhæfni próftaka.

Umsækjanda ber að gefa sig fram til prófs, áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því að lögreglustjóri áritaði próftökuheimild. Nú gefur umsækjandi sig ekki fram innan þess tíma og verður hann þá ekki prófaður nema ný áritun lögreglustjóra sé fengin.

Nú hefur umsækjandi eigi mætt til prófs, er það skyldi haldið, og ber honum þá að greiða prófgjald að nýju, ef hann vill reyna próf, nema hann sanni lögmæt forföll.

## 23. gr.

Við próf skal nota kennslubifreið, sbr. 9. gr., og greiðir próftaki kostnað af notkun hennar við prófið.

## 24. gr.

Próf skal vera fræðilegt og verklegt og skal prófa í hvoru um sig. Fræðilega prófinu skal ljúka fyrst og er það munnlegt. Standist umsækjandi það ekki, má hann eigi reyna verklega prófið að því sinni. Fræðilega prófið missir gildi, ef verklega prófið er ekki tekið innan eins mánaðar.

Nú kemur það fram við verklegt próf, að þekkingu próftaka í þeim efnum, sem fræðilega prófið fjallar um, er mjög áfátt, og skal þá vísa próftaka til fræðilegs prófs að nýju.

- 57** Að jafnaði skal fræðilega prófið standa í a. m. k. 15 mínútur og hið verklega  
 12. apríl eigi skemur en hálf klukkustund. Hætta ber þó prófi fyrr, ef ljóst er, að próftaki  
 standist ekki prófið.

Verklegt próf skal haldið eins fljótt og við verður komið að fræðilegu prófi  
 loknu.

Standist umsækjandi ekki annað hvort prófið, má hann ekki reyna próf að  
 nýju, fyrr en að 2 vikum liðnum. Undanþágu getur lögreglustjóri þó veitt, ef ástæður  
 mæla með.

#### 25. gr.

Í hinu fræðilega prófi skal þekking próftaka á gerð bifreiðar og meðferð reynd  
 þannig, að hann geri grein fyrir:

- a. Hvernig nota má einfaldar aðferðir til þess að komast að raun um, hvort  
 gallar séu á stýrishúnaði:
  1. Með því að athuga, hvort óeðlilegt hlaup sé í stýri.
  2. Með því að athuga, hvort stýri verði beitt hljóðlega og á auðveldan hátt í  
 akstri.
  3. Með því að athuga, hvort bifreiðin rási eða taki í stýrið.
- b. Hvernig komast má að raun um, hvort hemlar eru eins og vera ber og hverjar  
 séu hemlunarvegalengdir, enda geri hann grein fyrir:
  1. Hvernig reyna skuli, hvort hemlar séu í lagi með því að stíga á hemlafetil  
 og taka í handfang stöðuhemla.
  2. Hver hemlunarvegalengd megi mest vera, ef ekið er á 30, 60 eða 70 km hraða  
 á klst. miðað við, að hemlum sé beitt á fjögur hjól. Próftaka ber og að vita,  
 að hemlunarvegalengdin er næstum helmingi meiri, þegar hemlum er beitt á  
 tvö hjól, svo og að færð, halli vegar, gerð hans og ástand skiptir máli.  
 Hann verður að þekkja meginreglur um vegalengdir, sem vænta má, að  
 bifreið fari milli þess, sem ökumaður skynjar þörf hemlunar og framkvæmdar  
 hennar.
- c. Ákvæðum umferðarlaga og reglugerða um ljósabúnað bifreiða, þ. á m. um  
 glitaugu og notkun ljósa.
- d. Ákvæðum um merkjataki og notkun þeirra.
- e. Hættu af kolsýrlingseitrun.
- f. Bruna- og sprengihættu af uppgufun eldfimra efna.
- g. Hvað beri að gera til að komast hjá óþarfa hávaða í akstri með réttum  
 akstursháttum og réttri meðferð og viðhaldi ökutækis.

#### 26. gr.

Tilgangur prófs samkvæmt 25. gr. a-d er að komast að raun um, hvort próf-  
 taki hafi þá þekkingu á gerð og búnaði bifreiða, að hann geti fundið galla eða  
 bilanir, er fram kunna að koma, og verulegu máli skipta um öryggi. Eigi ber að  
 leggja áherzlu á tæknileg heiti einstakra hluta eða smíðislag bifreiða.

#### 27. gr.

Sá hluti fræðilega prófsins, er fjallar um umferðarlöggjöf, skal einkum beinast  
 að:

- a. Umferðarreglum laga nr. 26/1958 (IV. kafli).
- b. Ákvæðum umferðarlaga um ábyrgð ökumanna og skyldur, einkum ef þeir eru  
 miður sín, þreyttir, svefnlitlir eða með áhrifum áfengis eða deyfilyfja.
- c. Reglum um umferðarmerkingar og umferðarstjórn lögreglumanna.

## 28. gr.

57

12. apríl

Þegar próftaki er reyndur í meðferð ökutækis og umferðarreglum, skal prófa þekkingu hans á hættum þeim, sem sérstök atvik valda, og ökutækni hans, er þannig ber við, t. d. þegar ekið er í roki, rigningu, hrið, myrkri eða á snjó, lausamöl eða hálfu.

## 29. gr.

Við verklegt próf skal prófdómandi sitja við hlið próftaka. Prófdómandi skal því aðeins hafa afskipti af stjórn bifreiðar, að umferðaröryggi krefjist. Hann skal, eftir því sem unnt er, láta próftaka afskiptalausan, en fylgjast vel með akstursháttum hans, gæta að, hvort hann fer eftir umferðarreglum, hvort hann aki eðlilega miðað við aðstæður, hvort hann búi sig undir snögg viðbrögð, þar sem búast má við hættu (vegamót, börn að leik o. s. frv.), hvort hann sýni öðrum vegfarendum tillitsemi, hvort hann beiti stjórnækjum bifreiðarinnar rétt og með nægjanlegri leikni og hvort hann sýni stillingu og dómgreind við aksturinn. Jafnframt ber honum að kynna sér eftir föngum, hvort próftaki sé búinn því andlega og líkamlega atgervi, sem tilskilið er.

Nauðsynlegar ábendingar og fyrirmæli ber prófdómanda að gefa greinilega og í tæka tíð, þannig að próftaka gefist ráðrúm til að skilja þær og framkvæma. Eigi má prófdómandi gefa fyrirmæli, sem leiða myndu til umferðarbrota, ef hlýtt væri.

Í upphafi prófs lætur prófdómandi próftaka gera stuttlega grein fyrir stjórnækjum, öryggistækjum, mælum og öðrum þeim tækjum, sem beitt er frá öikumannsæti, og prófar hann í notkun þeirra.

## 30. gr.

Próftaki skal ræsa hreyfil bifreiðarinnar. Prófdómandi skal gæta þess, að próftaki hafi, áður en hann ræsir hreyfil, gengið úr skugga um, að ökutækið sé í hlutlausu gangstigi og stöðuhemill í hemlunarstöðu.

Prófa skal í hemlun og snöggri hemlun samkvæmt skipun. Einnig skal prófa hæfni próftaka í að aka af stað, aka í beygjum, hemla í brekkum, leggja ökutæki, snúa því og aka aftur á bak. Próftaki skal sýna við prófraunir þessar, að hann geri sér grein fyrir stærð ökutækis og útlínun þess, svo og fjarlægð hjóla frá brún akbrautar, þegar beygt er. Hann skal sýna, að hann skynji rétt fjarlægðir og hraða, að hann kunni að beita hemlum rétt, þegar ekið er af stað í halla og geti dregið úr hraða ökutækis með gangstigabreytingu. Próftaki skal sýna, að hann taki nægjanlegt tillit til annarra vegfarenda.

## 31. gr.

Aksturspróf skal ávallt halda á vegum bæði í þéttbýli og utan þess. Prófi skal haga þannig, að próftaki sýni hæfni í akstri úr lítilli umferð í meiri umferð og akstri um vegamót samkvæmt settum reglum. Prófdómandi skal gæta þess, hvort próftaki aki hæfilega hratt eftir aðstæðum, hvort hann aki á réttum stað á akbraut og hvort hann aki fram úr öðrum ökutækjum á öruggan og réttan hátt. Hann skal athuga, hvort próftaki beiti stjórnækjum og öðrum öryggistækjum réttilega meðan ekið er, þ. á m. rúðupurrkum, ljósabúnaði og merkjatakjum eftir því, sem við á.

*B. Próf í meðferð og stjórn leigubifreiða til mannflutninga og vörubifreiða fyrir 5 smálesta farm og meira.*

## 32. gr.

Að loknu námskeiði, samkvæmt 11. gr., skal halda próf. Þó skal próf í akstri hafa farið fram, áður en námskeið hefst.

- 57 Óski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðs, að ganga undir próf, skal hann 12. apríl senda umsókn um það til forstöðumanns námskeiðs eigi síðar en mánuði áður en próf byrjar. Umsókn skal fylgja vottorð um, að umsækjandi fullnægi inntöku-skilyrðum á námskeið, sbr. 12. gr., og auk þess vottorð um, að hann hafi lokið sveinsprófi í bifvélavirkjun eða hlotið svipaða undirbúningsmenntun, sem prófnefnd tekur gilda, eða prófnefndin telur hann færán um að ganga undir prófið vegna sérkunnáttu hans eða hæfni.

## 33. gr.

Próf er bæði fræðilegt og verklegt. Fræðilega prófið er munnlegt og skriflegt. Við próf skal gefa einkunn fyrir:

- Þekkingu á aflvélum bifreiða, rafmagns-, kælivatns-, eldsneytis- og smurningskerfum þeirra, svo og orsökum gangtruflana.
- Þekkingu á aflfærslutækjum bifreiða, svo sem tengslum, skiptihjólakassa og mismunadrifi. Ennfremur hemlum, stýrisbúnaði og smurningsaðferðum.
- Prófakstur. Við prófið skal nota vörubifreið fyrir 5 smálesta farm eða meira og skal hver próftaki prófaður í minnst eina klukkustund við mismunandi aðstæður, svo glöggt komi fram hæfni hans og leikni í bifreiðastjórn. Prófnefnd getur veitt væntanlegum próftaka heimild til æfingaaksturs á bifreið af framangreindri stærð í allt að tvær vikur fyrir próf. Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, svo sem ef próftaki uppfyllir ekki kröfur um líkamshreysti, getur dómsmálaráðuneytið veitt undanþágu til þess að nota megi við prófið 5—6 manna bifreið. Veitir prófið þá ekki réttindi til aksturs stærri bifreiða. Skal athugasemd um það rituð á prófskirteini og ökuskirteini.
- Þekkingu á umferðarlöggjöf, slysaþjálf og hvað gera skuli, ef sérstök vandkvæði ber að höndum.

Við prófið skal gefa einkunnir 0—10. Lægsta meðaleinkunn, sem þarf til að standast prófið, er 6 og má einkunn í prófakstri ekki vera lægri.

## 34. gr.

Próftakar skulu mæta stundvíslega á tilteknum stað til prófsins og mega ekki án leyfis vika þaðan, meðan prófið stendur yfir.

Gangi próftaki frá prófi vegna sjúkleika og sanni síðar með læknisvottorði, að hann hafi haft forföll, má prófa hann í því, sem eftir var, svo fljótt sem því verður við komið, þó eigi síðar en innan 6 mánaða. Er þá fullgildur sá hluti prófsins, sem lokið var, þegar hann forfallaðist.

Próftaki, sem staðizt hefur próf, fær prófskirteini.

Að loknu námskeiði og prófi semur forstöðumaður skýrslu um prófið. Þar skal geta nafna nemenda og próftaka, fæðingardaga, fæðingarstaða og verkefna við prófið. Prófnefnd ritar einkunnir í prófbók, dagsetur hana og staðfestir með undirskrift sinni.

Prófbók skal geyma í vörzlum bifreiðaeftirlitsins í Reykjavík, en endurrit skal senda dómsmálaráðuneytinu. Jafnframt skal senda lögreglustjóra þeim, sem hlut á að máli, nöfn þeirra, er staðizt hafa prófið.

*C. Próf í akstri fólksbifreiða fyrir fleiri en 16 farþega.*

## 35. gr.

Til þess að öðlast ökuskirteini til aksturs fólksbifreiða, er flytja mega fleiri en 16 farþega, skal ljúka sérstöku prófi. Skilyrði til próftöku er, að umsækjandi hafi réttindi til aksturs leigubifreiða til mannflutninga.

Próf skulu haldin í Reykjavík og á Akureyri ár hvert í fyrri hluta apríl- og

septembermánaða. Umsókn um próftöku skal senda bifreiðaeftirliti ríkisins fyrir 57  
1. apríl eða 1. september. Með umsókn skulu fylgja prófskírteini, samkvæmt 34. 12. apríl  
gr., læknisvottorð og sakavottorð.

### 36. gr.

Prófa skal aksturshæfni og þekkingu á sérreglum um gerð og búnað almennings-  
bifreiða og skipulag fólksflutninga með bifreiðum. Aksturspróf skal fara fram á  
vegum í þéttbýli þar sem umferð er mikil og utan þéttbýlis við mismunandi að-  
stæður. Við prófið skal nota bifreið, sem flutt getur 40 farþega. Skal prófakstur  
standa yfir í a. m. k. 1 klst.

Við próf þetta skal ekki gefa einkunnir, heldur aðeins meta, hvort próftaki  
sé hæfur eða ekki.

Próftaki greiði fyrirfram kostnað við próf.

## D. Próf í akstri bifhjóla.

### 37. gr.

Hinn fræðilegi hluti prófsins skal vera í samræmi við reglurnar í 25. gr., eftir  
 því sem við á. Próftaki skal ennfremur gera grein fyrir þeim mun, sem er á því  
 að stýra og hemla bifhjóli, eftir því hvort ekið er með farþega eða ekki. Hann skal  
 einnig gera grein fyrir notkun handhemils.

Verklegt próf skal halda þar sem prófdómandi getur fylgzt með akstrinum. Því  
 prófi skal haga á sama hátt og prófi bifreiðarstjóra með þeim breytingum, sem  
 leiða af eðli ökutækjanna.

## E. Próf í akstri reiðhjóla með hjálparvél.

### 38. gr.

Reyna skal aksturskunnáttu próftaka, þekkingu þeirra á umferðarreglum og  
 hæfileika að öðru leyti til að aka reiðhjóli með hjálparvél.

## E. Próf í akstri dráttarvéla á alfaraleiðum.

### 39. gr.

Reyna skal aksturskunnáttu próftaka, þekkingu þeirra á umferðarreglum og  
 hæfileika þeirra að öðru leyti til að aka dráttarvél. Skal próftaki gera grein fyrir  
 þeim sérstöku hættum, sem fylgja notkun dráttarvéla m. a. vegna gerðar þeirra og  
 notkunarmöguleika.

## V. Ökuskírteini.

### A. Útgáfa ökuskírteina.

#### 40. gr.

Að prófi loknu tilkynnir prófdómandi próftaka, hvort hann hafi staðizt próf.  
 Óski próftaki, sem ekki hefur staðizt próf, að fá að vita ástæður þess, skal það  
 upplýst. Jafnframt endursendir prófdómandi lögreglustjóra prófgögn með áritun  
 um prófið.

Komist prófdómandi að því við próf, að andlegri eða líkamlegri hreysti próf-  
 taka sé að einhverju áfátt, skal hann geta þess í tilkynningu til lögreglustjóra,  
 hvort sem próftaki hefur staðizt próf eða ekki.

Hafi próftaki staðizt próf og uppfylli að öðru leyti skilyrði til að fá ökurétt-  
 indi, veitir lögreglustjóri honum ökuskírteini. Sé ökuskírteini veitt með sérstökum  
 skilyrðum, skulu skilyrðin skráð á það.

## B. Form og efni ökuskirteinis.

## 41. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur gera eyðublöð fyrir ökuskirteini til aksturs bifreiða og bifhjóla.

Í ökuskirteini skal greina:

1. Númer skirteinis.
  2. Fullt nafn, fæðingardag, fæðingarár og heimili skirteinishafa.
  3. Hvar og hvenær skirteini er fyrst útgefið.
  4. Gildistíma skirteinis.
  5. Hvers konar réttindi skirteini veitir. Áritun skal gerð í skirteini um aukin réttindi samkvæmt 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26 1958.
  6. Takmarkanir, ef réttindi eru takmörkuð skv. 29. gr. umferðarlaga.
- Í skirteini skal vera mynd af skirteinishafa, stimpluð af lögreglustjóra.

## 42. gr.

Heimild til aksturs dráttarvéla eða reiðhjóla með hjálparvél skal rituð á öftustu síðu innlends vegabréfs, svo hljóðandi: Vegabréfshafi hefur heimild til að stýra dráttarvél, eða: Vegabréfshafi hefur heimild til að stýra reiðhjóli með hjálparvél, eða: Vegabréfshafi hefur heimild til að stýra dráttarvél og reiðhjóli með hjálparvél. Áritun þessi skal vera dagsett og undirrituð af lögreglustjóra.

## 43. gr.

Heimild til aksturs leigubifreiða, stórra vörubifreiða og fólksbifreiða, sem flytja mega fleiri en 16 farþega, skv. 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26 1958, skal skrá í ökuskirteini að afloknu hverju prófi.

## C. Erlend ökuskirteini.

## 44. gr.

Sá, sem dvelur hér á landi um stundarsakir og hefur eigi íslenzkt ökuskirteini, má stjórna ökutæki hér á landi eins og í heimalandi samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að.

Heimilt er lögreglustjóra að gefa út íslenzkt ökuskirteini til þeirra, sem dvelja hér á landi og hafa erlent ökuskirteini, án þess að umsækjandi gangi undir ökuþróf, enda fullnægi hann öðrum skilyrðum til þess að öðlast íslenzkt ökuskirteini. Umsókn skulu fylgja gögn samkvæmt 1.—4. tölulið 2. gr., svo og vottorð löggilts ökukennara um að umsækjandi sé hæfur ökumaður og hafi næga þekkingu á íslenzkum umferðarreglum. Telji lögreglustjóri hæfni umsækjanda vafasama, skal ekki gefa út ökuskirteini, nema umsækjandi standist ökuþróf. Þeir, sem hafa gilt danskt, finnskt, norskt eða sænskt ökuskirteini, þurfa þó eigi að leggja fram vottorð ökukennara né taka ökuþróf.

Ákvæði greinar þessarar ná ekki til réttinda samkvæmt 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26 1958.

## D. Um glötuð ökuskirteini o. fl.

## 45. gr.

Hafi ökuskirteini glatazt, skemmt eða eyðilagzt, má gefa út samrit þess, er veiti sömu réttindi og hið glataða skirteini og til jafnlangs tíma. Eigi þarf þá að leggja fram ný vottorð, en rannsaka skal í sakaskrá, hvort viðkomandi hafi enn rétt til að stýra ökutæki. Finnist glatað skirteini, skal tafarlaust skila því til

lögreglustjóra. Skemmt ökuskrirteini, sem samrits er beiðst af, skal afhenda lög- 57  
reglustjóra.

12. apríl

### E. Endurnýjun og afturköllun ökuskrirteinis.

#### 46. gr.

Ökuskrirteini gildir í 5 ár frá útgáfudegi. Ökuskrirteini fyrir mann, sem er orðinn 70 ára, má þó gefa út til skemmri tíma. Sama gildir, þegar vafi er um reglusemi umsækjanda eða vænta má, að andlegt eða líkamlegt atgervi hans breytist að mun á næstu 5 árum. Leita skal umsagnar héraðslæknis, áður en ákvörðun er tekin samkvæmt síðastgreindu ákvæði.

Sá, sem óskar endurnýjunar ökuskrirteinis, skal senda lögreglustjóra, sbr. 1. gr., umsókn um endurnýjun ásamt 2 myndum, læknisvottorði og sakavottorði, sbr. 2. mgr. 2. gr. Jafnframt skal afhenda lögreglustjóra ökuskrirteini það, sem óskast endurnýjað. Skal hið endurnýjaða ökuskrirteini bera hið upphaflega númer. Lög-  
reglustjóri getur krafizt þess, að umsækjandi gangi undir próf að nýju og skal það að jafnaði gert, ef meira en tvö ár eru liðin frá því að ökuréttindi umsækjanda féllu niður. Eigi er skylt að nota löggilta kennslubifreið við próf samkvæmt þessari málsgrein.

Hið nýja ökuskrirteini gildir frá útgáfudegi þess.

#### 47. gr.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem er, afturkallað ökuskrirteini, ef skirteinishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum til að öðlast það. Lögreglustjóri getur sett það skilyrði fyrir endur afhendingu skirteinis, að lögd séu fram gögn, sem hann tekur gild, svo sem læknisvottorð, sakavottorð og, ef ástæða þykir til, vottorð um að umsækjandi hafi staðizt ökumannspróf að nýju. Eigi þarf þá að nota löggilta kennslubifreið við prófið.

Lögreglustjóri getur veitt ökumanni kost á að leysa sig frá prófi samkvæmt þessari grein með því að taka þátt í stuttu námskeiði í umferðarreglum, ef vanþekking hans í umferðarreglum er aðalástæða afturköllunar. Námskeið þessi skulu haldin á vegum lögreglustjóra.

## VI. Skrá um ökuskrirteini.

### A. Bifreiðastjórar.

#### 48. gr.

Við hvert lögreglustjóraembætti skal haldin skrá um veitt ökuskrirteini. Skrá þessi skal færð á spjöld, sem dómsmálaráðuneytið lætur gera, og raðað í starfrófs-  
röð. Auk þess skal bókfæra útgáfu ökuskrirteina í tímaröð og greina þar full nöfn skirteinishafa og númer ökuskrirteina.

Á spjaldskrá skal greina:

1. Númer ökuskrirteinis.
2. Nafn, fæðingardag fæðingarár og fæðingarstað skirteinishafa.
3. Heimili skirteinishafa.
4. Hvar skirteini er fyrst útgefið og hvenær.
5. Gildistíma ökuskrirteinis.
6. Endurnýjanir og dagsetningar þeirra.
7. Hver réttindi veitt eru.
8. Svíptingu eða afturköllun ökuleyfis. Flytja skal spjöld í sérstaka skrá meðan ökuleyfissvípting eða afturköllun varir.
9. Annað það, er máli skiptir.

**57** Á skrána skal festa mynd skirteinishafa, sams konar og í ökuskirteini hans 12. apríl og tekinni á sama tíma.

Fylgiskjöl með umsóknnum um ökuskirteini skal geyma við embætti þar, sem ökuskirteini var gefið út. Sama gildir um endurnýjanir. Fylgiskjöllum skal raðað í tímaröð.

**49. gr.**

Taka skal spjöld af aðalspjaldskrá og raða á aukaskrá eftir sömu reglum, ef:

1. Skirteinishafi er látinn.
2. Skirteinishafi hefur verið sviptur ökuleyfi ævilangt.
3. Endurnýjunar hefur eigi verið beiðst í 10 ár.

**50. gr.**

Ef lögreglustjóri endurnýjar ökuskirteini, sem upphaflega er gefið út í öðru umdæmi eða veitir aukin réttindi samkv. 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26 1958, skal hann tilkynna það bréfluga lögreglustjóra þeim, sem upphaflega gaf skirteinið út, og getur hann þá breytingarinnar á spjaldskrá sinni.

**B. Stjórnendur annarra ökutækja.**

**51. gr.**

Halda skal sérstakar skrár um veitt réttindi til að stýra bifhjóli, dráttarvél, reiðhjóli með hjálparvél og vélknúnum ökutækjum fyrir sjúklinga, sbr. 3. mgr. 5. gr.

**VII. Um gjöld.**

**52. gr.**

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu vera:

**A. Prófgjöld**

1. Almenn bifreiðarstjóraþróf .....	kr. 150.00
2. Bifhjólþróf .....	— 100.00
3. Próf skv. 38. gr. (reiðhjól með hjálparvél) .....	— 35.00
4. Próf skv. 39. gr. (dráttarvél) .....	— 75.00
5. Ökukennarapróf .....	— 500.00

**B. Skirteinagjöld:**

1. Leyfisbréf til ökukennslu .....	kr. 150.00
2. Ökuskirteini bifreiðastjóra .....	— 75.00
3. Skirteini til aksturs bifhjóls .....	— 50.00
4. Leyfi til að stýra reiðhjóli með hjálparvél .....	— 25.00
5. Leyfi til að stýra dráttarvél .....	— 25.00

Um gjöld fyrir endurnýjun skirteina fer samkvæmt B-lið 1.—5.

**53. gr.**

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt VII. kafla umferðarlaga nr. 26 1958.

**54. gr.**

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð nr. 178 13. des. 1948 um kennslu og próf bifreiðastjóra með áorðnum viðaukum og breytingum, svo og öll önnur ákvæði, er brjóta í bága við reglugerð þessa.



## 55. gr.

57

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast gildi þegar í stað. 12. apríl

*Í dómsmálaráðuneytinu, 12. apríl 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

58

### um fyrirframgreiðslu skatta o. fl.

15. apríl

## 1. gr.

Tollstjóranum í Reykjavík og lögreglustjórum er heimilt að innheimta hjá hverjum gjaldanda upp í skatta yfirstandandi árs með fjórum jöfnum greiðslum, er falli í gjalddaga 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, fjárhæð jafnháa helmingi þeirra þinggjalda, er honum bar að greiða næstliðið ár.

Eftirstöðvar þinggjalda hinn 1. ágúst ár hvert er heimilt að innheimta hjá hverjum gjaldanda með fjórum jöfnum greiðslum, er falli í gjalddaga 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember.

Nú hefur gjaldandi ekki lokið greiðslu þess hluta þinggjaldsins, sem honum bar að ljúka, áður en 15 dagar eru liðnir frá gjalddaga hans, og er þá allt þinggjaldið þegar fallið í gjalddaga.

## 2. gr.

Nú hafa tekjur gjaldanda á skattárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög að vænta megi þess, að mun lægri skattar verði lagðir á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á fyrirframgreiðslunni samkvæmt 1. gr. reglugerðar þessarar.

Viðkomandi skattyfirvöld ákveða lækkunina.

## 3. gr.

Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta er lokið, að gjaldandi hafi þegar greitt meira en álögðum skatti nemur, skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt er ásamt  $\frac{1}{2}\%$  vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlu innheimtumanna rikissjóðs.

## 4. gr.

Um greiðslu samkvæmt reglugerð þessari gilda ákvæði tekju- og eignarskattlaga svo og reglugerðar nr. 147/1955, um dráttarvexti, skyldu kaupgreiðanda til að halda eftir af kaupum launtaka upp í skattana, svo og önnur ákvæði eftir því sem við á.

Fyrirframgreiðsluna má taka lögtaki.

## 5. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar koma til framkvæmda frá og með þinggjöldum ársins 1960, samanber þó 6. gr.

## 6. gr.

Að því er varðar þinggjöld ársins 1960, þá er heimilt að innheimta upp í þau fyrirfram hjá hverjum gjaldanda með tveimur jöfnum greiðslum, er falla í gjald-

**58** daga 1. maí og 1. júní. Skal gjaldandi í hvort sinn greiða sem næst 1/5 hluta þeirra  
15. apríl gjalda, sem ætla má að honum beri að greiða samtals á árinu, miðað við að tekjur hans hafi verið þær sömu á árinu 1959 og þær voru árið 1958.

Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðarinnar um innheimtuna.

#### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 45. gr. 1. nr. 46/1954, um tekju- og eignarskatt, sbr. 2. málsgr. 102. gr. reglugerðar nr. 147/1955, um tekju- og eignarskatt. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerðir nr. 103 og 115 frá 1957.

#### 8. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 15. apríl 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

**59**

20. apríl

## REGLUR

### um smíði skarsúðaðra tréskipa.

Samkvæmt lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, eru settar eftirfarandi reglur:

#### 1. gr.

Við hvaða skip reglurnar eiga.

Skarsúðuð tréskip, sem smíðuð eru til skráningar (6 metra og lengri), skulu fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í 2.—45. grein þessara reglna. Stærð skipanna sé ekki meiri en svo að  $L \times B \times D : 5$  verði minna en 10, og dýptin ekki meira en 41% af breiddinni. Ef  $L \times B \times D : 5$  verður minna en 6, má dýptin ekki vera meira en 39% af breiddinni. Stafnrís skal að minnsta kosti vera 4½% af lengdinni, L.

#### 2. gr.

##### Uppdráttur og smíðalýsing.

Þegar smíða á skip til skráningar eftir þessum reglum, skal senda skipaskoðunarstjóra 3 miðbandsupprætti af skipinu til athugunar og samþykktar, í ekki minni mælikvarða en 1 : 10, áður en byrjað er á smíðinni.

Á uppráttinn skal greinilega áletra öll efnismál, og skal honum einnig fylgja almenn smíðalýsing af skipinu í þremur eintökum.

Þegar skipaskoðunarstjóri hefur skoðað upprættina og gert sínar athugasemdir um, hvernig smíði og útbúnaði skuli hagað, ritar hann á uppráttinn samþykki sitt.

Skal senda skipasmíðnum eitt eintak og lýsingu, eftirlitsmanni annað eintak og lýsingu, en skipaskoðunarstjóri heldur eftir einu eintaki og lýsingu.

#### 3. gr.

##### Verkvöndun.

Reglurnar eru miðaðar við það, að öll vinna sé ágætlega af hendi leyst. Þess vegna verður skipaskoðunarmaður sá, sem eftirlit hefur með smíðinni, að gæta

þess, að verkið sé vandað, og að sérhver galli á efni eða óvönduð vinna sé endurbætt, áður en það fær viðurkenningu hans.

59  
20. apríl

#### 4. gr.

##### Aðgæzla við fermingu.

Í reglum þessum er gert ráð fyrir því, að farið sé með skipið eins og góðra sjómanna er venja. Skal þess þá sérstaklega gætt, að þungum hlutum sé raðað í skipið á réttan hátt, að kjölfestu og eldsneyti sé komið rétt fyrir, að aðgæzla sé viðhöfð, þegar skipið er látið standa við bryggju o. s. frv.

#### 5. gr.

##### Skýringar og vísitala.

Þar sem ekki er öðruvísi ákveðið í reglum þessum er lengd, breidd og dýpt skips talin í metrum.

Lengd skips, L, skal mæld í beinni línu frá þeim stað er framhaldslína neðri brún þramar sker þá línu, er táknað fremri brún framstefnis, að tilsvarendi skurðarpunkti við aftari brún afturstefnis. Ef um gafllát er að ræða skal mælt frá afturhlið á gaffli.

Breidd skips, B, er bein lína milli ytri brúna banda, þar sem skipið er breiðast (súðin ekki meðtalin).

Dýpt skips, D, er mæld þar sem skipið er grynnt frá efri brún kjalar (þar sem kjölur og yfirkjölur — kjalbekkur — mætast) að neðri hlið þramar við súðina, mælt lóðrétt.

$$\text{Vísitala er } \frac{L \times B \times D}{5}$$

#### 6. gr.

##### Efnistegundir.

**Eik:** Kjölur, innri kjölur (kjalbekkur), kjalbak, framstefni, afturstefni, gaffl, drag, öll hné, öll bönd, undirstöður vélar, neðsti planki á vélar og lúkarreisn, ásamt hornstoðum, lúkuumgerð, þröm, meginþilja, skjólborðsstoðir, öldustokkur (sjá handrið úr stálpípum), bjálkasúð, rimarborð (efsta súðarborð), húfsýjur innan.

**Fura:** Skarsúð, þilfar, reisarþak, þilfarsbitar.

**Fura eða greni:** Innsúð, reisarhliðar og gaflar, siglur og seglásar, skjólborð, innrétting, skiljur og skilrúm, kappapak og hliðar.

#### 7. gr.

##### Kjölur.

Hæð og þykkt kjalar sé samkvæmt töflu I.

Þegar kjölur er settur saman, má hann ekki vera úr fleiri en tveim hlutum. Aftari hlutinn sé að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  hlutar af allri lengdinni L. Skörunin á kilinum sé að lengd 6 sinnum kjalhæðin. Þar sem kjölur er skeyttur, séu settir tveir skrúfboltar, hvor sínum megin við miðlínu hans, á hvern  $\frac{1}{3}$  hluta úr lengdarmetra samsetningarinnar. Þvermál skararboltanna sé sem næst  $\frac{5}{8}$  af þvermáli kjalboltanna. Kjöllinn má ekki veikja með því að greypa í hann afturstefni. Svölujárn að aftan má ekki greypa í kjöllinn, nema að  $\frac{1}{3}$  þykktar þess. Kjalræsi séu báðum megin við innri kjöllinn (kjalbekkinn).

## 8. gr.

**Innri kjölur (kjalbekkur).**

Breidd og þykkt innri kjalar sé samkvæmt töflu I, negldur í kjölinn með tveim galv. spikurum í hvert bandabil sinn hvorum megin við miðju. Lengd spíkaranna sé um 2% sinnum þykkt innri kjalar.

## 9. gr.

**Járndrag og spillykkja.**

Stærð járndrags fer eftir töflu II. Gildleiki kjalbolta sé samkvæmt töflu II. Skulu þeir vera með haus eða hring að ofan og nái gegnum kjalbak, botnbita og kjöl, niður að þykku járndragi. Boltarnir skulu vera stífrenkir.

Járndrag kemur í stað trédrags. Kjalboltar að gildleika samkv. töflu II skulu vera með innfelldum skrúfróm neðan á kjölnum. Dragboltar 12 til 16 mm, með 33 til 50 cm millibili, og skrúfró ofan á innri kjölnum. Járndragið nái frá stýriskrök og að spillykkju. Festing dragsins framan og aftan fer eftir staðháttum. Spillykkjan sé sett á undirstefnið og skal hún hljóta sérstaka skoðun og viðurkenningu skoðunarmanns.

## 10. gr.

**Framstefni og hné.**

Breidd og þykkt framstefnis og hnés sé samkvæmt töflu I. Lengdin á hnénu, hvorum megin við stúfskeyti kjalarins og stefnisins sé minnst þrisvar sinnum kjalhæðin. Skrúfboltarnir séu um 3 mm digrari en kjalboltarnir, og séu þeir 2 hvorum megin við skeytið. Aftan á stefnið í bilið milli hnésins og júdasareyranna skal vera eikarstykki, vel fest með skrúfboltum við stefnið; skal þykktin vera sem næst 3/5 af stefniþykktinni, og breiddin það mikil, að negling fáið í það aftan við neglingu í enda súðarborðanna, sem nái minnst 3 súðarþykktir fram á stefnið. Ef stefnið sjálft er ekki nógu breitt vegna fellingar júdasareyranna, verður að skrúfbolta áfellur aftan á stefnið og skulu þær ná upp að öldustokk. Ef vísitalan er undir 7 þarf ekki júdasareyru, en þá verður að setja keðjuhjól á stefnið og þykka klossningu, vel festa með skrúfboltum, innan á stefnið neðan við bóghné. Ætlað er til, að efstu súðarborðin séu vel negld í klossninguna.

## 11. gr.

**Afturstefni, hné og skuttré.**

Breidd afturstefnis sé hvergi minni en kjalhæðin samkvæmt töflu I. Þykktin sé ekki minni en kjalþykktin og ekki má vera minna af óskertu efni utan við öxulgatið en tvisvar sinnum súðarþykktin, áður en spónfarið er gert.

Gera má afturstefni, upp að stýrisás, og hné í einu lagi. Ef hnéd er sér í lagi skal það ekki vera þynnra en skrúfustefnið, breidd armsins við afturstefnið og hæð armsins á kilinum sé ekki minni en stefniþykktin. Lengd hnésins á kilinum sé ekki minni en 3 sinnum skrúfustefnið, og armur hnésins, sem liggur framan á stefninu, nái 1½ sinnum skrúfustefni þykktina upp fyrir efri rönd á öxulgatinu. Hnénu skal fest með 6 gegnumreknnum skrúfboltum, er séu um 3 mm digrari en kjalboltarnir. Í kilinum skulu vera 3 hnéboltar, fremsti boltinn sé fremst í hnénu lóðrétt niður úr kilinum, neðri kverkarboltinn sé með um 45° halla aftur og niður úr kilinum, miðboltinn í kilinum sé mitt á milli hinna tveggja. Efri kverkarboltinn komi neðst í stefnið aftanvert, miðboltinn neðan við öxulgatið og efsti boltinn ofan við öxulgatið. Ef vísitalan er undir 7 þarf ekki nema 2 bolta í hvorn arm.

Gert er ráð fyrir að skutur skarsúða skips sé svipaður stuttum krussaraskut. **59**  
 Þá skal stefnið ofan og aftan við stýrisásinn vera jafn þykkt skrúfustefninu. **20. apríl**  
 Skuttrén, hvort sínum megin á hliðum afturstefnisins, nái frá þróm og niður á móts  
 við fremri rönd skrúfustefnis. Áður en súðin er lögð á skutinn skal höggva vatns-  
 ræsi, hvort sínum megin við miðju hans. Þykktin á skuttrjánnum sé  $\frac{3}{8}$  af kjalþykkt-  
 inni, breiddin eða hæðin neðan frá og upp fyrir stýriskistu sé 2 sinnum þykktin,  
 en við þrömina  $1\frac{1}{4}$  sinnum breiddin á skjólborðsstoðum (út og inn) á þessum stað  
 samkvæmt töflu I.

Skuttrjánnum sé fest með gegnreknum skrúfboltum af sama gildleika og kjal-  
 boltarnir, 3 í skrúfustefnið og 3 í hvert skeyti þar fyrir ofan, eða 2, ef fullnægjandi  
 er að mati skoðunarmanns.

Bil milli samskeyta á skutstefni og skuttrjám sé ekki minna en  $\frac{1}{8}$  partur af  
 skipsbreiddinni.

Ef hafður er venjulegur skutur með stýri aftan á stefninu og engin skuttré á  
 hliðum þess, verður að hafa klossningu innan á stefninu, svipað því sem um getur í  
 niðurlagi 10. greinar.

## 12. gr.

### Svölujárn.

Gildleiki svölujárna framan og aftan sé samkvæmt töflu II, randbeygt eftir  
 stefninu að framan en I-formuð að aftan, þverstykkið á kjölnum sé mun stærra en  
 það, sem er á stefninu. Framan séu að minnsta kosti 2 hnoðboltar í hvorum enda og  
 að minnsta kosti 3 að aftan, og hagað sem bezt eftir atvikum.

## 13. gr.

### Böndin.

Á þessum skipum skulu öll botnbönd (botnbitar) höggvin í skarir, þar fyrir ofan  
 eru svigabönd, sjá teikningar. Efnisstærðir skulu vera samkvæmt töflu I.

Ef betur þykir henta má breyta breidd og þykkt sviganna í samráði við eftir-  
 litið, enda sé þverskurðarflatarmál bandsins ekki minna eftir en áður.

Á hálfri lengd skipsins miðskips skulu svigaböndin ná 2 borðbreiddir (3 skarir)  
 á misvíxl við botnbitana. Á hvorum  $\frac{1}{4}$  parti skulu svigabönd ná eina borðbreidd á  
 misvíxl við botnböndin, það er samnegling í 2 skarir.

Bandabilið skal vera 33 cm frá miðju á miðju, hnoðnegld í hverja skör sviga-  
 banda og endanagla botnbita. Aðrar botnbitaskarir mega vera rígnegldar. Í hverju  
 bandabili skulu vera 2 skararnaglar (naglabil um 11 cm). Þvermál borsins sé hið  
 sama og ferkantur naglanna á miðju. Þar sem böndin leggjast á snið framan og  
 aftan, er gert ráð fyrir meðal bandabili 33 cm. Þar af leiðandi verður að fjölga skara-  
 nøglum milli banda að ofan og fækka þeim að neðan. Hæð botnbita upp í síðuna sé  
 þannig, að þegar skipið leggst á hliðina, þá mæði þunginn á botnbitunum. Júdasar-  
 eyrun séu sem næst jafnþykk og skjólborðsstoðirnar út og inn við þrömina, og nái  
 að minnsta kosti jafnlangt niður og skjólborðsstoðirnar og upp frá þilfari eftir töflu  
 I. Breiddin sé þannig, að góður styrkur sé eftir í trénu aftan við keðjuhólkana.

## 14. gr.

### A. Skjólborðsstoðir.

Stoðabil, hæð, breidd og þykkt sé samkvæmt töflu I og nái þær álíka langt  
 niður (að minnsta kosti negldar í 3 skarir, hnoðnagli neðst) og upp fyrir þrömina.  
 Stoðirnar séu hornréttar á súðina milli banda. Stoðirnar skulu vel negldar í bjálka-  
 súðina.

- 59 Skjólborðsstoðir eru ætlaðar í annað hvort bandbil, svo stoðabilið verður frá miðju til miðju 66 cm miðskipa. Vegna staðsetningar bandanna framan og aftan má stoðabilið vera 70 cm og að sjálfsögðu má það vera minna en 66 cm.

### B. Handrið.

Ef handrið er gert úr pípum, skal stoðabil vera um 60 cm (á hverjum bita), sama hæð og á tréstoðum. Á efri enda stoðanna skal vera járnþípa, og önnur á miðri hæð. Við neðri enda stoðanna skal soðin þríhyrnd járnplata. Eitt hornið snýr inn á meginþiljuna með  $\frac{1}{2}$ " skrúfbolta gegnum bita innan við bjálkasúðina og með tveim tréskrúfum (eða boltum) í hin hornin niður í þröminna. Efnisstærðir skulu vera eftir töflu II. Reiðajárnunum skal festa með skrúfboltum gegnum band og bjálkasúð. Miðjan á járnstoðunum ætti að vera um 10 cm frá ytri brún rimarborðs.

#### 15. gr.

##### Kjalbak.

Öll skip hafi kjalbak, breidd og hæð samkv. töflu I, er nái frá hné við framstefni, að hné við afturstefni, og sé vel felld á böndin. Skeyti þess mega ekki vera á sama stað og skeyti kjalarins, og ekki aftan við  $\frac{2}{3}$  skips lengdar. Lengdin á kjalbakskeytinu sé 5 sinnum hæð þess og boltað saman með 4 skrúfboltum utan við miðju. Ekki má skerða kjalbakið vegna vélar eða annars.

#### 16. gr.

##### Bjálkasúð.

Stærðir samkv. töflu I, nái milli stafna. Lengdin á samskeytum sé þreföld breiddin á bjálkasúðinni, þar sem hún er skeytt. Hvert skeyti sé sett saman með 2 skrúfboltum auk nagla í sporðana. Ef vísitala er undir 6 þá þarf ekki nema 1 skrúfbolta í hvert skeyti. Ef mikil bugða er á skut eða framstafni og þess vegna erfitt að beygja bjálkasúð, má fletta bjálkasúðarendunum á svo sem 1 metra lengd, svo auðveldara verði að beygja og fyrirbyggja brot. Bjálkasúðin festist með tveim  $\frac{3}{8}$ " skrúfboltum í hvert band. Má vera  $\frac{1}{4}$ " á litlum bátum að mati skoðunarmanns. Undirfellur séu settar á böndin til samræmis við þykkt skjólborðsstoðanna við þröminna.

#### 17. gr.

##### Þilfarsbitar og langstykki.

Bitabugðan sé 22 mm fyrir hvern lengdarmetra af skipsbreiddinni B. Stærð og bil er tilgreint í töflu I. Greipt sé upp í bitana um 1 cm fyrir bjálkasúðinni (en ekki niður í bjálkasúðina fyrir bitunum). Þar sem bitar koma á band, sé endi bitans fast að bandinu, en þar sem hann kemur milli banda, á að vera 1 cm bil út að súðinni. Hver bitaendi, líka hálfbitar, neglist ofan í bjálkasúðina með einum stúfbolta. Í 4 cm bjálkasúð með 10 mm og í fletta bjálkasúð með  $6\frac{1}{2}$  mm boltum. Langstykkinn við op í þilfarinu, þar sem hálfbitar eru greiptir í þau séu jafn breið bitunum, og hæðin jöfn bitunum, á þeim stað sem þau eru greipt í þá. Hálfbitarnir séu jafnbreiðir og háir hinum bitunum á bjálkasúðinni í báða enda. Á öllum skipum séu sett langstykki alla leið milli bitanna undir tróðrauf meginþiljunnar og þilfarsins, þannig að um 2 cm breidd af stykkinu nái inn undir þilfarið. Breidd og hæð þessara langstykkja sé um  $5 \times 4$  cm. Greyping langstykkjanna inn í bitana sé sem minnst til þess að veikja þá ekki um of.

18. gr.  
Bitahné.

59  
20. apríl

Bitahné sé fyrir framan og aftan hvert op í þilfarinu, og á öðrum hverjum heilbitaenda. Lengdin á hvorum armi hnésins sé þreföld á við breidd bitans við lúkuop. Þykktin á hnénu sé að minnsta kosti  $\frac{3}{4}$  hlutar af bitahæðinni og breidd armsins, mæld hnéþykktinni frá enda hans, sé eigi minni en hnéþykktin. Hverju hné skal fest í bitann með skrúfbolta og spíkara, og gegnum súð og band með skrúfbolta og einum spíkara í annað band eða bjálkasúð eftir staðháttum. Ef vísitalan er 6 eða meira skulu skrúfboltarnir vera 12 mm, en ef vísitalan er undir 6 skulu boltarnir vera 9 mm.

19. gr.  
Stafn- og skutband.

Á öllum skipum sé stafnband og skutband, ofan við bjálkasúðina rétt undir þilfarinu. Lengdin á hvorum armi sé 4 föld bitabreiddin við þilfarsop, en þykktin sú sama og á bitaendunum. Hnjánum skal fest með 5 skrúfboltum, miðboltinn gangi gegnum stefnið, en hinir gegnum böndin og byrðinginn.

Gildleiki boltanna sé hinn sami og í bitahnjám.

20. gr.  
Þilfarið.

Þykkt þilfarsþiljanna heflaðra sé ekki minni en tilgreint er í töflu I og breidd ekki yfir 13 cm, þær séu vel þurrar, og snúi merghliðin niður að bitanum. Þiljumætin gangi sem mest á misvíxl. Forðast skal skeyti á þiljum þar sem þilfarið er mikið sundurskorið af vélarreislun eða lúkuopi.

Ef vísitalan er undir 6 má nota plægð borð í þilfarið. Bera skal þykka blýhvítu í plæginguna en hamphétta hana ekki, en þverskeyti og annað skal hamphéttast með tveim þráðum eins og óplægt þilfar.

Tróðrauf skal gerð á venjulegan hátt, þar sem um óplægð þilför er að ræða, og hamphéttað með 2 þráðum.

Hver þilja sé negld með tveim nöglum í hvern bita, og hver þiljuendi með tveim nöglum. Hausarnir skulu vera niðurfelldir um  $\frac{3}{10}$  af þiljuþykktinni og þilfarstöppunum dýft í tjöru eða þykka málningu áður en þeir eru settir í götin yfir naglahausana. Þar sem þilfarið er 35 mm eða meira skal nota 75 mm spíkara en 65 mm í skeyti, en þar sem þilfarið er undir 35 mm skal nota 65 mm spíkara í skeyti og annars staðar.

Til þess að fyrirbyggja þilfarsraka skal tjarga eða oliubera þilfarið að ofan strax og bikun og skrópun er lokið og mála það eða oliubera að neðan. Plægt þilfar 29 mm, má negla með 75 mm galv. stiptum og kitta yfir hausana.

21. gr.  
Þröm og meginþilja.

Þröm og meginþilja (skandek og vaterborð) sé jafnþykkt og þilfarið var óheflað. Þó ekki þynnra en 35 mm. Breidd meginþiljunnar (innan við skjólborðsstoðirnar) sé samkvæmt töflu I. Milli hverra tveggja stoða sé þröm og meginþilja boltuð saman með tveim stúfboltum. Gildleiki boltanna sé 9 mm (í 29 mm meginþilju notist  $6\frac{1}{2}$  mm boltar). Þeir séu með stórum haus, eða sterkum hnoðhring utan á rimarborðinu (efsta borðinu), sem nær upp á efri brún þramar. Auk þess sé borðið neglt inn í þrömina, og sé bilið milli naglanna ekki meira en 4 föld þiljuþykktin.

59 Hver meginþilja er negld ofan í hvern bita með þrem nöglum og ofan í hvert hné  
20. apríl með tveim nöglum og tappað yfir alla hausa.

Þar sem pípuhandrið eru notuð, er meginþilja og þröm í einu lagi. Þykktin er 38 mm en breiddin sóm og breidd meginþiljunnar að viðbættri breidd skjólborðsstoðarinnar (út og inn). Negling og boltun er hin sama, en setja þarf 2 um 10 cm nagla á rönd ofan í rimarborðið útaf hverri stoð.

Utan á þrömina allt um kring er sett kúpt járn, um 38 mm breitt. Bilið milli naglanna sé sem næst 15 cm. Þetta á við hvort sem stoðir og handrið eru úr tré eða járn.

#### 22. gr.

##### Súðin (byrðingurinn).

Þykkt súðarinnar sé samkvæmt töflu I og er þar átt við efnisþykktina þegar búið er að heflla efnið. Breidd borðanna sé ekki meira en 20 cm. Gera skal spónfar í kjöl og stefni, en ekki gera snið á borðin. Rimarborð á  $\frac{1}{2}$  L miðskipa sé samkv. töflu I að breidd og þykkt. Ef svo stendur á má borðið mjökka í báða enda og þynnast í samræmi við endaborðin.

Skörun sé  $1\frac{1}{2}$  sinnum súðarþykktin (þó skal ekki miða við þykkt rimarborðsins miðskipa).

Skarafflisar skal setja milli súðar og banda á allt rimarborðið og á 2 næstu borð við á  $\frac{1}{2}$  L miðskipa.

Súðarskeytin nái sem mest á misvíxl og ekki minna en 2 bandabil, ef eitt borð er á milli þá 1 bandabil og í sama bandabili má skeyta, ef 2 borð eru á milli.

Gert er ráð fyrir að stúfskeyta borðin með klampa að innan, lengd hans sé um 8-föld borðþykktin.

Blýhvítu eða annað jafngott efni, sem eftirlitsmaður viðurkennir, má nota í allar vatnsheldar fellingar, en þverskeyti á borðum, tróðrauf meðfram kjöl og stefnum o. fl. skal þetta með hampi eða baðmull og bika með heitu biki yfir. Nota má gott kitti ofan við sjólinu.

#### 23. gr.

##### Húfsýjur innan.

Þegar vísitalan er yfir 5 skal setja eina húfsýju á  $\frac{1}{2}$  L miðskipa í hvora síðu á enda botnstokkanna, og neglist í þá með hæfilega stórum nöglum, og sé þess gætt að naglarnir rífi ekki botnstokkana. Húfsýjurnar séu úr eik og fer breidd þeirra og þykkt eftir töflu I. Ef með þarf, til að draga húfsýjurnar að böndunum, skal setja 1 galv. skrúfbolta í hvern bandenda.

#### 24. gr.

##### Innsúð.

Innsúð skal setja í þessi skip þegar vísitalan er orðin 8.5. Ekki er skylt að leggja innsúð í minni skip nema í vistarverur skipsmanna og í lestinni svo að kjalaræsi ekki stiflist, sé hún heldur þynnri en súðin utan, með tilliti til þess að nota megi svo litla nagla að þeir ekki skemmi böndin.

Að öðru leyti er þetta á valdi eiganda skipsins.

Um hæfni vistarveranna dæmir skoðunarmaðurinn í hverju tilfelli.

#### 25. gr.

##### Öldustokkur.

Öldustokkurinn sé að breidd og þykkt, svo sem tilskilið er í töflu I. En þar sem skjólborðsstoðir hallast út þarf hann að vera lítilsháttar breiðari. Skeytin séu



þrefalt lengri en breidd öldustokksins miðskipa og negld með tveim skrúfboltum, 59  
 auk eins eða tveggja reknagla í hvorn enda eða sporð skeytisins. Við hverja stytta 20. apríl  
 er öldustokknum fest með einum fjaðrabolta. Stærð fjaðraboltanna sé 16 cm  $\times$   
 13 mm með tveimur nöglum í hverja stoð. Stærð skeytisbolta 9 mm. Hæð stoða-  
 tappanna sé hálf þykkt öldustokksins. Utan á öldustokkinn, allt um kring, skal  
 setja kúpt járn 32 mm. Bilið milli naglanna sé sem næst 15 cm.

#### 26. gr.

Með tilliti til þess, að þessi litlu skip innbyrða hlutfallslega meiri sjó á  
 þilfar en stærri skip, má ekki vera samfellt skjólborð nema á  $\frac{1}{4}$  parti lengdarinnar  
 fremst, þar fyrir aftan séu um 8 cm breiðir rimlar með um 3 cm millibili. Þykktin  
 skal vera samkv. töflu I.

Þetta á líka við um handrið úr pípum.

#### 27. gr.

##### Vélarreisin.

Vélarreisin sé gerð vel traust miðað við stærð skipsins, og sérstaklega skal henni  
 vel fest niður í bitana og langstykkinn til beggja hliða með skrúfboltum.

Á sama hátt skulu reisarbitarnir tengdir við stoðirnar, þar sem op er girt fyrir  
 niðurgang eða annað. Í reisarhlið eða gafli mega ekki vera minna en 40 cm frá  
 þilfari upp á þröskuld. Til varnar gegn því, að hlið reisar eða lestarops spennist  
 inn vegna hampþéttunar og þrútnunar á þilfarinu, skal setja skrúfteina með haus  
 utan á súðinni, og gangi teinarnir inn rétt undir þilfarinu, gegnum efri rönd lang-  
 stykkis, en þar sé stór járnplata sett á þá og spennit með skrúfró innan á neðri  
 rönd neðsta reisarplankans og efri rönd langstykkisins. Bil milli teinanna, að enda  
 reisarinnar eða að skilrúmi í reisininni, sé um 80 cm. Af líkum ástæðum skal  
 bolta saman á rönd 2 eða 3 yztu þiljurnar í reisarþakinu. Hliðar og þak  
 reisarinnar sé ekki þynnra en þilfar skipsins. Stoða og bitabil ekki meira en þil-  
 farsbitabilið.

#### 28. gr.

##### Stýrishús.

Stýrishúsið sé nægilega traust viðað eftir stærð skipsins og sérstaklega vel  
 tengt saman og fest við reisinna. Að minnsta kosti nái 4 hornstoðir niður jafnt  
 neðri rönd á langstykki og bita og festist þar við með skrúfboltum. Hliðar reisar-  
 innar séu negldar í stoðirnar. Aðrar stoðir festist með járnvinklum við þak og bita  
 reisarinnar. Niðurgönguop úr stýrishúsi niður í vélarúm sé tillukt með hlera, ef  
 hægt er, á umgerð ekki lægri en 10 cm. Hurð sé aftan á stýrishúsinu og opnast helzt  
 út. Handrið á stýrishúsi og vélarreisin séu allt um kring og fullnægjandi að mati  
 skoðunarmanns. Að minnsta kosti 2 rennigluggar séu framan á stýrishúsinu og auk  
 þess 1 á hvorri hlið. Gluggaumgerðir séu úr eik og glerið að minnsta kosti 5 mm  
 þykkt.

#### 29. gr.

##### Reisn yfir íbúð skipverja.

Skal vera samkvæmt fyrirmælum um vélarreisin. Hliðar og þak reisarinnar sé  
 ekki þynnra en aðalþilfarið.

Sé reisn (kappi) aðeins yfir opi því, sem gengið er um niður í skipið, verður  
 hún eigi að síður að vera traustlega gerð, og hvort heldur sem er, verða að minnsta  
 kosti að vera 40 cm frá þilfari upp á þröskuld. Fjórar hornstoðir úr eik, skulu  
 tengdar við bitana með skrúfboltum.

## 30. gr.

**Lestarop og hlerar.**

Hliðar og gaflar lestaropsins séu úr eik og þykkt þeirra  $1\frac{1}{3}$  sinnum þilfarsþykktin og ekki lægri en 40 cm frá þilfari. Lestarophlerarnir séu jafnþykkir þilfarinu. Þeim sé fest niður með einni slá, sem fest er með skrúfkrókum við gafla umgerðarinnar, eða á annan öruggan hátt. Sæti fyrir hlerana sé ekki minna en 4 cm breitt.

## 31. gr.

**Stoðir og skiljur.**

Þar sem fastar skiljur eru, þarf enga stoð. Þar sem skiljustoðir eru undir bitum, eða aðrar hliðarstoðir, þarf enga stoð undir miðja þilfarsbitana. Verið getur nauðsyn á stoð undir þilfarsvindu eða annars staðar; skal slík stoð sett ef skoðunarmaður krefst þess. Þykkt skiljanna sé: Milli vélarrúms og lestar 3 cm fyrir hvern hæðarmetra skiljunnar, en annars staðar  $2\frac{1}{2}$  cm fyrir hvern hæðarmetra. Vel negldir listar séu sinn hvorum megin við hverja skilju. Gildleiki þeirra á hvorn veg sé hinn sami og þykkt skiljunnar. Lestarstoðir og listar á þeim séu úr eik. Öllu skal svo vel fest, að það veiti öruggt viðnám, þótt skipið kastist á hliðina.

## 32. gr.

**Siglur og seglásar.**

Þvermál siglu í þilfari sé 20 mm fyrir hvern lengdarmetra siglunnar. Þvermál siglunnar við reiðastallinn sé 0.85 sinnum þvermál hennar í þilfarinu. Lengd siglunnar er reiknuð frá kjalbaki að hún. Standi siglan á þilfari (en það er ekki ráðlegt nema fyrir lítil segl, góða undirstöðu og stög, enda myndi þau sem gleiðast horn við sigluna á alla vegu), sé dýpt skipsins miðskipa bætt við lengdina, þegar þvermál hennar er reiknað út. Þar sem sigla stendur á þilfari og hefur góðan stuðning af að minnsta kosti  $1\frac{1}{2}$  metra hárrí yfirbyggingu. Þarf undirstaðan að vísu að vera góð, en þvermál siglunnar er þá reiknað út eftir raunverulegri lengd hennar. Reiðastallur sé úr eik. Þvermál bómu á miðju sé 23 mm fyrir hvern lengdarmetra, en við endana 0.8 sinnum þvermál á miðjunni. Þar sem skautið er fest við ásinn framan við rífskálarnar, verður þvermálið að vera þvermál miðjunnar sinnum 1.15. Ef um stutta seglása er að ræða, svo sem 4 metra, er nauðsynlegt að auka þvermálið um  $\frac{1}{8}$ .

Þvermál gaffals frá siglu að miðju sé 26 mm fyrir hvern lengdarmetra hans alls. Gaffaleyrun séu úr eik.

Allur járnþúnaður sé í samræmi við stærð siglna og seglása.

## 33. gr.

**Stýri og stýrisþúnaðar.**

Þvermál stýrisássins sé samkv. töflu II, og annar stýrisþúnaður í samræmi við það. Stýrisþúnaðinn má gera á margvíslegan hátt, en verður að viðurkennast af eftirlitinu, og er því bezt að hafa samráð við eftirlitið áður en verkið er framkvæmt.

Á öllum stýrum sé augabolti, aftan og ofan til í stýrisfjöðrinni, með stóru auga. Á járnstýri má vera gat í fjöðrinni á þessum stað, svo auðvelt sé að setja þar stýristauma, ef ásinn eða sveifin skyldi bila.

Stöðvari sé settur á stýrið á einhvern hátt svo það lyftist ekki á járnunum í sjógangi. Sömuleiðis séu tveir sveifarstöðvarar á þilfarinu, sem takmarka viðlöguna, um 40 gráður. Stýrislykkja sé efst á kilinum.

Við niðursetning á stýrisvél og stýristaumum, á taumunum að vera þannig fyrir komið, að efri rönd stýrishjólsins (rattsins) þegar því er snúið, hreyfist í sömu átt og stýrið og þannig á sama veg og skipið snýst. Þetta er óhjákvæmleg skylda. 59  
20. apríl

Gert er ráð fyrir, að á stýrinu séu 3 stýrisjárn, eitt á þilfarinu, annað rétt ofan við skrófuopið og hið þriðja á kjalarhælum.

#### 34. gr.

##### Reiði.

Á þeim skipum, sem hér er um að ræða, telst stagur og siglureiði (vantur) fastur reiði. Skal hann vera einfaldur að gerð, en traustur. Í reiðann sé notaður grófþættur járnvír. Hjartþáttur sé aðeins í miðjum vírnum, 6-þættur, og í hverjum þætti hans ekki yfir 12 þræðir.

Á þessum bátum er ætlaður einn vír á hvora hlið. Skal þá ummál stags og siglureiða vera sem næst 1/11 af ummáli siglunnar. Ef siglan stendur á þilfari og hefur ekki stuðning af yfirbyggingu eða öðru 1½ metra fyrir ofan þilfar, þá séu 2 vírar hvorum megin á siglunni.

Með ummáli siglu er átt við stærð, sem samsvarar þvermáli því, sem fyrir-skipað er um siglur hér að framan.

Reiðinn sé vafinn að minnsta kosti 2 metra upp fyrir öldustokk, og festing hans við reiðajárnin á bolnum sem næst jafnstærk og vírinn er sjálfur.

Laus reiði er: Blakkir, falir og aðrir kaðlar á siglum og seglásum, til þess að geta haft stjórn á seglunum.

Reiðinn sé vel traustur og haganlega fyrir komið.

#### 35. gr.

##### Segl.

Á þessum skipum, sem reglur þessar fjalla um, er gert ráð fyrir 3 seglum á þeim stærri og 2 seglum á þeim minni. Þykkt dúksins fer eftir stærð bátanna, og mati skoðunarmanns. Hentugast er að hafa sömu dúkþykkt í öllum seglunum á hverjum bát.

Allt efni og vinna skal vel vandað við seglbúnaðinn í heild.

#### 36. gr.

##### Legufæri.

Legufæri skulu vera að þyngd og gildleika samkvæmt töflu II og mega akkerin vera svokölluð „patentakkeri“, stökkakkeri eða drekar.

#### 37. gr.

##### Festar.

Öll skip hafi kaðalfestar til að festa sig við bryggju eða önnur skip, lengd og gildleika eftir töflu II.

#### 38. gr.

##### Festartæki.

Á öllum skipum séu festartæki (pollar eða annað) framan og aftan á hvorri hlið, sérstaklega ætlaðir til að binda skipið við hafnarbakka eða annars staðar. Auk þess sé framan á skipinu sterkur og vel festur stofn (polli) til að festa við legufærunum. Festarleiðarar (kefar) séu hafðir framan og aftan eftir þörfum. Keðju-

Tafla I.

20. apríl

Vísitala $\frac{L \times B \times D}{5}$	Kjörlur		Innri kjörlur		Framst. og hné		Botnbitar			Svigaþönd			Skjólborðsst.		
	Hæð	Þykkt	Hæð	Breidd	Breidd	Þykkt	Þykkt á kili	Hæð á innri kili	Hæð mæld á borðbrún	Tala sviga í bandi	Breidd	Þykkt	Hæð	Þykkt fram og aftan	Breidd út og inn
	cm	cm	cm	cm	cm	cm	cm	cm	cm		mm	mm	cm	cm	cm
2 og undir 4 ..	17	7.5	3	13	13	7.5	7½	12	9	2	45	22	60	7.5	7.5
4 — — 6 ..	18	8.8	3	14	20	8.8	7½	12	9	3	45	18	60	7.5	7.5
6 — — 8 ..	19	10	3½	16	22	10	9	13	10	3	50	20	62	9	9
8 — — 10 ..	20	11	3½	17	24	11	9	13	10	3	50	22	64	9	9

pípur séu í báðum júdasareyrum. Stærð og styrkleiki festartækjanna, svo og festing þeirra við skipið sé að minnsta kosti jafntraust og festar þær eða legufæri þau, sem tilskilin eru og ætlast er til, að fest séu á sinn tilætlaða stað.

Lausa reiðanum sé ætlaðir nægilega margir og góðir festarstaðir, svo og festarstoðir til að binda akkerið eða drekann.

Legufærastofninn sé líka gerður fyrir dráttartaug. Þar sem ekki eru keðjuhólkar skal vera gat í skjólborðið báðum megin við stefnið fyrir dráttartaugina.

## 39. gr.

## Dælur.

Á hverju skipi sé dæla, sem knúin er með vélinni. Auk þess skal þar vera önnur nægilega stór handdæla á þeim stað, sem aðrennsli er að úr öllu skipinu. Sogpípan sé sem næst hálfu þvermáli sínu frá botni skipsins, og innanmál hennar 50 mm. Bulla og hjarta dæluunar skulu ávallt tiltæk til hreinsunar, þótt farmur sé í skipinu.

## 40. gr.

## Eldvarnir.

Ef gólfíð í vélarúminu er svo stórt að maður geti runnið til á því þegar skipið veltur, skal það gert úr skorujárni.

Þar sem tréreisn er yfir vélarrúmi, ber að klæða þak og veggi með asbesti og jární. Þetta er jafnframt gert til að fyrirbyggja leka og gisnun á viðnum.

Sérstök athygli skal leidd að umbúnaði útblásturspípa í tréþaki.

Eldstæðum sé svo vel fest, að þau haggist ekki, þótt skipið leggist á hliðina. Gólfíð undir og 30 cm út frá eldstæðum framanverðum sé klætt járnþynnnum. Allan við í allt að 30 cm fjarlægð frá þeim skal klæða asbesti og jární, og sérstaklega sé vandað til varnar gegn eldi, þar sem reykþáfurinn gengur upp úr þakinu eða þilfarinu. Síðast en ekki sízt skal vanda allan útbúnað til oliukyndingar. Telji eftirlitsmaður frekari ráðstafanir nauðsynlegar, skal þeim kröfum fullnægt.

Kjalbak		Bjálkastöð	Pílfarsbitar			Pílfarsþykkt	Meginþiljabreidd	Súðin			Húfsýjur		Öldust.		Skjólborðsþykkt
Breidd	Hæð		Bitahil miðju til miðju	Bitahað	Bitabreidd			Stóðarþykkt	Rimarborð		Breidd	Þykkt	Breidd	Þykkt	
									Breidd	Þykkt					
cm	cm	cm	cm	cm	cm	mm	cm	mm	cm	mm	cm	mm	cm	cm	cm
—	—	11x3	60	8	8.8	29	10	18	17	24	—	—	11	3.8	1½
9	5	12x3.8	60	9	8.8	35	11	20	17	31	13	31	11	3.8	1½
10	6	13x3.8	60	9	10	35	12	22	18	38	14	38	12	3.8	2
11	7	14x3.8	60	9	10	35	12	24	18	38	15	38	12	3.8	2

## 41. gr.

## Seyming.

Allur saumur og boltar í skipið skal vera heitzinkað. Stærðir, tala og fyrirkomu-lag skal vera samkvæmt töflu II og nokkrum greinum hér að framan.

Hnoðsaumur tilgreindur í töflu II er mældur á ferkant á miðri lengd á reksum skal vera um 6 föld sýjuþykktin. Rekstur skal vera stífur.


## 42. gr.

## Undirstöður vélarinnar.

Þar sem festiboltar vélar koma út úr súð, sé sett eikarþverstykki, sem ná minnst 5 borð hvorum megin upp í síðuna. Auk þess komi áfellur á böndin er myndi sæti fyrir langstykkinn.

Tafla II.

Visitala $\frac{L \times B \times D}{5}$	Járndrag		Kjalboltar	Svöðujárn	Handrið				Hnoðasaumur			Legufæri			Kaðall				
	Þykkt	Breidd			Hæð	Innanmál		Millipipa	Stóð	Handrið	Sjúðarþykkt hefið	Skararnaglar	Bandanaglar	Stýrisás	Akkeri	Lengd	Þvermál	Lengd	Ummál
						mm	mm												
2 og undir 4 ..	2	7.5	12	50x9	60	32	32	25	18	4	5½	44	30	30	12	30	8		
4 — — 6 ..	2½	8.8	12	50x9	60	32	32	25	20	4½	6	44	40	45	12	40	8		
6 — — 8 ..	3	10	12	50x12	62	38	38	25	22	4½	7	50	50	60	12	40	10		
8 — — 10 ..	3½	11	12	50x12	64	38	38	25	24	5	8	50	70	75	12	40	10		



Langstykki, sem koma ofan á undirfelluna, séu boltuð með jafnmörgum gegnreknum skrufboltum og vélinni er fest með. Gildleiki boltanna sé hinn sami og kjalboltanna, skal þeim komið fyrir í ytri rönd langstykkianna, eða þar sem betur hentar í hverju tilfalli, sem næst hornrétt á súðina. Gildleiki efnisins fer eftir stærð vélarinnar. Þetta allt skal vera í samráði við eftirlitsmanninn.

43. gr.

Varnir gegn fúa.

Þess skal vandlega gætt, að hvergi sé látin í skipið spýta, sem maur er í (rauðgular rákir í skandinaviskri eik bera vott um þetta, en nokkuð brúnleitari í amerískri eik, furu og greni). Þetta er smitandi sýki, sem getur valdið því, að mikill

hluti af skipinu fúni á skömmum tíma, einkanlega ef skipið er smíðað úr nýhöggnu efni, eða í illa loftræstu húsi. 59

20. apríl

Bitar og bandaendar, hné og bjálkasúð að utan sé allrækilega áborin með fúavarnarefni, áður en þrómin og meginþiljan er sett á. Sömuleiðis séu bitarnir vel ábornir að ofan áður en þilfarið er lagt. Þegar búið er að byrða skipið, binda það og hamppétta, skal þrifa það vel upp að innan, bera rækilega fúavarnarefni á byrðing og bönd, og þess gætt að áburðurinn renni vel í allar skorir og spónför við kjöl og stefni. Ef fúavarnarefnið er mjög þunnt verður að tvíbera það á. Að svo búnu skal athuga þá staði, þar sem lekið hefur út, og þétta með baðmull eða á annan hátt.

Þar, sem skip er smíðað í húsi, skal þess vandlega gætt, að loftræsting sé það góð, að ekki myndist mygla, sem líkleg er til að valda fúa.

Með því að eik er mjög hætt við að rifna í smíðum, sérstaklega í þurru veðri úti, verður jafnóðum að bera á hana lýsi, fernis eða málningu til varnar gegn rifum, sem geta orðið þess valdandi, að vatn gangi í viðinn og feygi hann, auk þess sem styrkleiki minkar við rifurnar.

Leyfilegt er að sjálfsögðu að „sponsa“ kvisti og þess háttar skemmdir, sem ekkert standa í sambandi við sýkingu efnisins. Ber skipasmiðnum skylda til að gera greinarmun á þessu og sömuleiðis gæta þess, að verkið sé samvirkusamlega af hendi leyst, og sé þar sérstaklega lögð áherzla á öryggi traustleika og endingu skipsins.

#### 44. gr.

##### **Opnir bátar.**

Í framangreindum reglum eru ekki sérstök fyrirmæli um opna báta, en búast má við að minnstu bátarnir verði opnir og skal þá fara eftir eftirfarandi ákvæðum.

Öll almenn smíða-ákvæði eiga jafnt við um opna báta sem báta með þilfari. En að því er útbúnað snertir og fleira skal fara eftir ákvæðum 144. greinar reglna um eftirlit með skipum og öryggi þeirra.

Að sjálfsögðu koma þóftur, ræði, skýli yfir vél í stað þilfars, reisna, skjólborðs-stoða, öldustokka, fasts reiða o. s. frv.

#### 45. gr.

##### **Heimild.**

Skipaskoðunarstjóra er heimilt í einstökum tilfellum, ef ástæða er til, að breyta til um efni og efnisfyrirkomulag o. fl. í skipum, sem smíðuð eru eftir þessum reglum, enda sé heildarstyrkleiki skipsins ekki rýrður.

#### 46. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 20. apríl 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

60 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Domus Medica, útgefin á venju-  
26. apríl legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. apríl 1960.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Domus Medica.

#### 1. gr.

Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur hafa ákveðið að reisa hús í Reykjavík, íslenzkri læknastétt til eflingar og styrktar. Skal stofnunin vera sjálf-eignarstofnun og nafn hennar vera

Domus Medica.

#### 2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að reisa og reka félagssheimili íslenzkra lækna og stuðla þannig að bættri fræðslu og félagsstarfsemi þeirra. Er ákveðið, að í húsinu verði bókasafn, lesstofur, lækningastofur svo og rannsóknarstofur með sem fullkornustum tækjum og húnaði.

#### 3. gr.

Stofnfé Domus Medica er:

1. Framlag frá Læknafélagi Íslands kr. 100 000.00.
2. Framlag frá Læknafélagi Reykjavíkur kr. 100 000.00.
3. Framlög frá læknum.

#### 4. gr.

Stjórn Domus Medica skipa 5 lækna og skulu þeir vera félagar í L Í. Skulu tveir kosnir af Læknafélagi Íslands, tveir af Læknafélagi Reykjavíkur og einn sam-eiginlega af stjórnnum félaganna. Stjórnin tilnefnir sjálf mann eða menn í stað þeirra, er úr henni ganga, enda samþykki stjórnir Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur stjórnarkjörið. Stjórninni er heimilt að kveðja sér til aðstoðar 3 varmenn.

#### 5. gr.

Stjórnin kýs sér formann, varaformann og ritara og skiptir með sér störfum að öðru leyti eftir því sem henni þykir henta. Stjórnin heldur fundi þegar formanni þykir við þurfa, en auk þess er formanni skylt að boða til fundar þegar þeir stjórnendur eða endurskoðendur stofnunarinnar krefjast þess.

1 maður gengur úr stjórninni ár hvert. Í fyrstu eftir hlutkesti, síðan eftir starfsaldri.

#### 6. gr.

Stjórn Domus Medica ræður framkvæmdastjórn fyrir stofnunina og starfsfólk eftir þörfum. Skal stjórnin hafa eftirlit með öllum rekstri og úrskurðarvald um afnot húss og eigna. Þeir stjórnarmenn skuldbinda stofnunina með undirskrift sinni. Stjórnarmenn bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum, er þeir stofna til vegna stofnunarinnar.

#### 7. gr.

Starfsár Domus Medica og reikningsár er almanaksárið. Skal stjórnin fyrir lok aprílmánaðar ár hvert semja reikning yfir tekjur og gjöld stofnunarinnar svo og efnahagsreikning. Skulu reikningarnir endurskoðaðir af tveim mönnum, öðrum tilnefndum af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, en hinum af borgarstjóranum í Reykjavík og skal reikningurinn í heild eða útdráttur úr honum birtur í Læknablaðinu.



## 8. gr.

60

Fé Domus Medica skal ávaxta í ríkistryggðum bankastofnunum eða með öðrum hætti, sem stjórnin er sammála um að telja jafn tryggilega. 26. apríl

## 9. gr.

Komi til þess, að Domus Medica yrði lögð niður, skulu eignir stofnunarinnar skiptast að jöfnu milli Læknafélags Íslands, Læknafélags Reykjavíkur og Lækna-deildar Háskóla Íslands.

## 10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema því aðeins, að  $\frac{4}{5}$  hlutar stjórnarinnar samþykki breytinguna og að breytingarnar séu síðan samþykktar af stjórnnum Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur.

## 11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari. Skal skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðinda.

## AUGLÝSING

61

## um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

27. apríl

Frá og með deginum í dag að telja ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 27. apríl 1960.*

F. h. r.

**Gústav A. Jónasson.**

*Baldur Möller.*

## AUGLÝSING

62

## um breytingu á reglum nr. 6 15. jan. 1960, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins.

28. apríl

## 1. gr.

Í stað „325,00“ í D-lið 1. gr., komi: 375,00.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt heimild í 55. gr. laga nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 28. apríl 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## SAMÞYKKTIR

### fyrir Sparisjóð vélstjóra.

#### I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

##### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður vélstjóra og skal heimili hans og varnarþing vera í Reykjavík.

##### 2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru ábyrgðarmenn hans, og skuldbinda þeir sig með undirskrift sinni undir samþykktir þessar til þess að ábyrgjast að sjóðurinn standi í skilum. Svarar hver ábyrgðarmaður hlutfallslega fyrir halla eða tjón, sem sjóðurinn kann að verða fyrir, en hann getur eigi sjálfur staðið straum af. Þó ábyrgist enginn einn meira en 5000.00 krónur. Hver ábyrgðarmaður leggur fram þegar í stað 2500.00 kr. af ábyrgðarupphæð sinni sem stofnfé sjóðsins. Skal ákveðið um vexti af því á aðalfundi. Þó mega þeir ekki vera hærri en 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.

##### 3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 30. Skal stjórninni, með aðstoð ábyrgðarmanna, skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur, til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr landinu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Stofnfjárframlag ábyrgðarmanna endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

##### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kjörnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna, en 1 af bæjarstjórn Reykjavíkur á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Aðalfundur ákveður laun stjórnarinnar. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni í 4 ár samfleytt er þeim ekki skylt að taka við kosningu, fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr Reykjavík eða nágreppi eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmatan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af bæjarstjórn, eða verði á lögmatan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess, að bæjarstjórn kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins hefur umsjón með öllum framkvæmdum hans. Hún ræður starfsmenn hans, ákveður kaup þeirra og kjör og segir þeim upp starfi, ef henni þykir ástæða til.

Birta skal í Lögbirtingablaðinu hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á því að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutað-

eigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

63  
29. apríl

#### 5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra, né reka eigin lána-starfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins. Sé stjórnandi eða starfsmaður sparissjóðsins í stjórn einhvers annars fyrirtækis eða framkvæmdastjóri þess, má ekki veita því fyrirtæki lán úr sjóðnum nema sparissjóðsstjórnin samþykki það einróma og sparissjóðseftirlitið leyfi það. Þó þarf ekki slíkt leyfi til að veita lán gegn veði í fasteign, enda fari lánið ásamt því, sem áður kann að hvíla á eigninni, ekki fram úr  $\frac{3}{5}$  af matsverði fasteignarinnar.

#### 6. gr.

Tilkynna skal sparissjóðseftirlitinu tafarlaust hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins og ráðnir starfsmenn hans.

#### 7. gr.

Við sparissjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparissjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendur séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparissjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparissjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnendur sjóðsins hafi þessi störf með höndum.

#### 8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því sem honum er trúað fyrir.

Sparissjóðseftirlitið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparissjóðsstjórnar.

#### 9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í sjóðbók sjóðsins og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánnum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

#### 10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafa geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin gerð þannig, að sjá megi hverju breytt hafi verið. Dagsetningar séu greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

#### 11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti einu sinni í viku og ákveður stjórnin hvornig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins. Sparissjóðsstjórnin skal hafa gerðabók er í séu skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánsynjanir, lán-tökur og annað slíkt.

#### 12. gr.

Í marz mánuði ár hvert skal aðalfundur haldinn og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum með ábyrgðarbréfi, er afhent sé á póststofuna í Reykjavík

63 þrem vikum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næst-  
 29. apríl liðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og fé-  
 hirðis, og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess, Fundur er lög-  
 mætur, þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðar-  
 manna skal boða fundi að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmaður, hversu fáir  
 sem mæta. Á fundum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykkt-  
 um sparisjóðsins nema  $\frac{2}{3}$  hlutar fundarmanna á lögmautum fundi samþykki.

## II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

### 13. gr.

- a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minna en 10 kr. í senn.
- b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn færast inn í innstæðubók, og fær hver innlags-  
maður dálk.
- c. Sem skirteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu  
yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Í viðskiptabókina skal  
prenta ágríp af lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og samþykktir  
sparisjóðsins sjálfs, og gildir hún í öllu sem samningur við sjóðinn. Eigandi  
greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins þegar hann leggur inn í hana í  
fyrsta skipti.
- d. Sparisjóðurinn tekur einnig við innlögum með þeim kjörum, að hægt er að  
taka út peninga af innstæðunni gegn ávísun og án þess að viðskiptabók sé sýnd  
og skal þá greinilega letrað í bókina að hún sýni ekki ávallt rétta innstæðu og  
sé því ekki veðhaf.
- e. Aldrei má sparisjóðurinn taka á móti meira innlánsfé en svo, að það, að frá-  
dregnu því er hann á í sjóði, innistandandi í innlendum bönkum, í tryggum  
verðbréfum eða lánnum gegn veði í fasteign, nemi 25 sinnum eigin fé spari-  
sjóðsins, þar með talið stofnfé og innborgað ábyrgðarfé. Eigi má draga frá  
samkvæmt þessari málsgrein önnur fasteignalán en þau, þar sem lánið, ásamt  
því er áður kann að hvíla á eigninni, nemur ekki meira en  $\frac{3}{5}$  fasteignamat-  
verðs hennar.
- f. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn,  
eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár,  
en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- g. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum  
samkvæmt geta krafizt þess.
- h. Fé það, sem lagt hefur verið í sparisjóðinn, að vöxtum meðtöldum, er undan-  
þegið löghaldi, á meðan það stendur þar.

### 14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi  
við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins  
við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueigenda þá lagðir  
við höfuðstól á dálk hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, þó svo  
að frá teljast móttökudagur og úttökudagur, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum  
en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 1000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða  
vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir 14. jan. ár hvert, skulu vextirnir

færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að með- **63**  
töldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur. 29. apríl

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna á þann hátt, að skrá mismuninn, er jafnframt færast sparisjóðnum til reiknings í innstæðubókina og viðskiptabókina, næst þegar hún verður sýnd.

#### 15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má, að upphæðum frá 500 til 1500 kr. sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með 2 mánaða fresti. Án 2 mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 200 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

#### 16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd, og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana, eða gegn ávisun, ef eigandi hefur samið svo um og það er letrað á viðskiptabók hans. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé rétt gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Innstæðueigandi getur áskilið, að á áberandi stað á viðskiptabók sinni sé letrað að hann einn eða sé er hann gefur skriflegt umboð til þess, geti hafið peninga úr henni.

Nú ber viðskiptabók eigi slíka áletrun, og er það þá eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið á kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið í hlutaðeigandi dálk í innstæðubók, um leið og greiðslan er þar skráð, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

#### 17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum, og tilfærast endurborgað fé í dálk eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds. Ef viðskiptabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæður, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sé þrisvar í röð í Lögbirtingablaði, með 6 mánaða fyrirvara frá því að 1. auglýsing er birt, hvern þann sem í höndum kann að hafa viðskiptabókina, og ef enginn hefur sagt til sín áður en téður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiptabókina hefur fengið upphæðina, án þess að nokkur annar, sem viðskiptabókina kann að hafa verið afsöluð, geti gert kröfur á hendur sparisjóðnum.

#### 18. gr.

Ef eigandi að viðskiptabók hreyfir ekki innstæðu sína í 15 ár samfleytt, skal ekki reikna vexti af innstæðunni frammar. Ber þá að skora á eiganda að segja til sín, og skal það gert með auglýsingu á sama hátt og ef bókin glatast. Ef hann gefur sig ekki fram áður en tilskilinn frestur er liðinn, er viðskiptabók hans ógild og féð

**63** ásamt vöxtum eign sparisjóðsins. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða féð, að 29. apríl meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan 5 ára.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með 3 mánaða fresti. Skal annað hvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er birt sé í Lögbirtingablaðinu.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því sem uppsagt er.

20. gr.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum, minnst  $\frac{1}{10}$  af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu. Komi það fyrir að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegri útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórnin tilkynna sparisjóðseftirlitinu það.

21. gr.

Sparisjóðurinn greiðir árlega 2% af nettó ágóða sínum í tryggingarsjóð sparisjóða, unz eign sparisjóðsins í tryggingarsjóði er orðin 3% af samanlögðu innstæðufé sparisjóðsins.

22. gr.

Árstekjur sparisjóðsins, að frádregnum kostnaði, greiðslu í Tryggingarsjóð sparisjóða, vöxtum af því fé, sem lagt er til hliðar til að mæta fyrirsjáanlegum tópum, skal leggja í varasjóð.

Heimilt er að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á stofnfé og greiddu ábyrgðarfé ef varasjóður nemur meira en 10% af sparisjóðsinnstæðunni.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar hagar varasjóðs leyfir getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningssparfir í héraðinu.

### III. Um lánveitingar o. fl.

23. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- Með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð.
- Með því að lána fé til einstakra manna eða félaga gegn áreiðanlegu fasteignaveði eða gegn sjálfskuldarábyrgð. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.
- Á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins álitur heppilegan. Stjórnin setur sér reglur um lánveitingar úr sjóðnum.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykktur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Til lána gegn sjálfskuldarábyrgð, ábyrgð héraðs eða sveitar og til fasteigna-  
veðslána umfram 60% matsverðs, má sparisjóðurinn aldrei verja meira en sem **63**  
svarar 12½ snum eigin fé sjóðsins. Þar af mega sjálfskuldarábyrgðarlán aldrei **29. apríl**  
nema meira en tvisvar snum eigin fé sjóðsins. Aldrei má sparisjóðurinn lána ein-  
um viðskiptamanni eða fleiri viðskiptamönnum, sem eru fjárhagslega tengdir, meira  
en sem svarar 50% af eigin fé og ábyrgðarfé sínu. Í ofangreindri lánsupphæð skal  
þó ekki telja:

1. Lán veitt gegn veði í fasteign, ef það er ekki hærra en ⅓ fasteignamatsverðs.
2. Lán veitt gegn veði í skipum allt að 50% að matsverði.
3. Lán, sem eru tryggð með inneign í sparisjóðnum sjálfum, tryggðum verðbréf-  
um eða öðru handveði.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust  
láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins  
skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar samþykki.

#### 25. gr.

Sérstaka bók skal jafnan halda um lán úr sjóðnum. Skal hvert lán hafa dálk út  
af fyrir sig, og skal þar tilgreint um lántakanda, tryggingu, upphæð lánsins, af-  
borganir og vaxtagreiðslur. Einnig skal halda skrá um skuldunauta sjóðsins, er sýni  
skuldbindingar hvers og eins gagnvart sjóðnum.

#### 26. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til  
annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum.  
Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveð-  
ið það.

Hafi sparisjóðurinn tekið lán, skal í bókum sjóðsins vera sérstakur dálkur fyrir  
hverja lántöku.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til trygg-  
ingar slíku lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum  
sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur  
sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

#### 27. gr.

Sparisjóðurinn má eigi eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna  
reksturs hans og ekki hlutabréf. Þó má hann yfirtaka fasteign eða hlutabréf, sem  
honum hefur verið veðsett, til þess að innheimta kröfu sína, en selja skal hann  
eignina jafnskjótt og hann á þann hátt getur fengið kröfu sína greidda. Sparisjóður-  
inn má ekki ganga í ábyrgð fyrir aðra. Halda skal skrá um eignir sparisjóðsins, svo  
sem verðbréf o. fl.

#### 28. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

### IV. Um reikninga sparisjóðsins.

#### 29. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans  
ávallt vera saminn og lagður fram í skrifstofu sjóðsins fyrir 1. marz ár hvert.

#### 30. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glögg:

1. Hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því

63

29. apríl

- efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum, og sé þar greint hver sjóðsforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok.
2. Hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir ábata og halla sjóðsins.
  3. Hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn, eins og hagur hans stóð í árslok.

## 31. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggst sjáist, hversu mikið er greitt fyrirfram af vöxtum og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir. Gjaldþagi víxlanna sé tilgreindur í skránni. Skal sjást á skránni hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

## 32. gr.

Skyllt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir sparisjóðseftirlitsins sýna.

## V. Um endurskoðun.

## 33. gr.

Tveir endurskoðendur fyrir sjóðinn skulu kosnir samkvæmt 9. laga nr. 69/1941. Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu, hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

## 34. gr.

Skyllt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi.

Jafnan skulu endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, veðbréfum og öðrum skjölum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig. Einnig eiga þeir rétt á að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins, svo oft sem þeim þykir þörf.

## 35. gr.

Endurskoðendum er skyllt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrir-mæla, er þar um gilda. Ber þeim gaungæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt tilfærðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugasvert, svo að úr verði tafarlaust bætt.



## 36. gr.

63

Ársreikninga sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið því starfi sínu fyrir febrúarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reiknings sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

29. apríl

## 37. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrlausnar.

Eins skal fara að, ef endurskoðendur finna eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sparisjóðsins og stjórn sparisjóðsins tekur þær athugasemdir ekki til greina eða tregðast við að bæta úr ágöllum, sem endurskoðendur telja vera á starfrækslu sparisjóðsins, eða þeir telja að rekstur sparisjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941.

## 38. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir störf þeirra.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 29. apríl 1960.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Yngvi Ólafsson.*

## A U G L Ý S I N G

64

## um breytingu á lyfjaverði samkvæmt lyfsöluskrá I.

30. apríl

Frá og með 1. maí 1960 hækkar verð á lyfjum samkvæmt lyfsöluskrá I, sem tók gildi 15. september 1959, um 20% frá greindu verði. Þó skal verð á umbúðum, öðrum en appúllum og heftuglösum, sem sérstaklega eru reiknaðar með í eining-arverði injectabilia í fyrr greindri lyfsöluskrá, hækka um 25%.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 30. apríl 1960.*

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

*Baldur Möller.*

**65** **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um að**  
 2. maí **Garpsdalssókn, sem nú tilheyrir Staðarhólsþingum, falli til**  
**Reykhólaprestakalls.**

Með vísun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 26. f. m., varðandi framkvæmd ákvæðis 1. gr. XII. 65. tölulið og XIII. 67. tölulið laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla, varðandi breytingar á skiptingu sókna milli prestakalla, þannig að Garpsdalssókn, sem nú tilheyrir Staðarhólsþingum í Dölum, falli til Reykhólaprestakalls í Barðastrandarprófastsdæmi, staðfestir ráðuneytið hér með, að það fellst á, að framangreindar breytingar komi nú þegar til framkvæmda.

**66**  
 2. maí

**AUGLÝSING**  
**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. **Einstefnuakstur um Þingholtsstræti frá Hellusundi að Spítalastíg og frá Bókhlöðustíg að Bankastræti í norðurátt.**
2. **Bifreiðastöður bannaðar:**
  - a. **Í Ingólfsstræti milli Spítalastígs og Amtmannsstígs austan megin götunnar, en leyfðar vestan megin, þó ekki í 20 m fjarlægð frá næstu húsalínum Spítalastígs og Amtmannstígs.**
  - b. **Á Amtmannsstíg (utan bifreiðastæða).**
  - c. **Í Þingholtsstræti frá Bókhlöðustíg að Spítalastíg.**

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 2. maí 1960.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

**67**  
 6. maí

**SAMÞYKKT**  
**um forkaups- og forleigurétt á lóðum og fasteignum á Flateyri.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kaupþúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Flateyrarhrepps samþykkt á fundi sínum 15. apríl 1960 að áskilja Flateyrarhreppi forkaups- og forleigurétt á eftirtöldum lóðum og fasteignum á verzlunarlóð kaupþúnsins:

1. Allar lóðir og fasteignir Kaupfélags Önfirðinga austan Hafnarstrætis og framlengingu þess til sjávar úr Oddatá.
2. Allar lóðir og fasteignir Ísfells h.f., austan Hafnarstrætis.
3. Allar lóðir og fasteignir sildarverksmiðju ríkisins á Sólbakka.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að 67 telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 6. maí

*Félagsmálaráðuneytið, 6. maí 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

### um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

68

6. maí

Með heimild í athugasemdarákvæðum við nr. 11 í 39A kafla tollskrár og með hliðsjón af sams konar heimild í upphafi XV. flokks tollskrárinnar hefur ráðuneytið fært niður aðflutningsgjöld af eftirgreindum vörum þannig, að gjöldin af vörunum verði eins og að neðan greinir og að þær flokkist eins og þar segir:

Tollskrá :		Vöru-		Verð-
Kafli. Nr.		eining	magns-	tollur
		Aurar	tollur	%
39A	11 f Sólar, hælur, húfuskyggni, húfugjarðir úr plasti			8
	g Plastbotnar í málningarrúllur .....	1 kg	7	15
63	97 b Stállóð (sökku), svo og nótastál .....			2

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, sbr. 5. gr. laga nr. 68/1959, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga. Sólar, hælur, húfuskyggni, húfugjarðir og svitagjarðir úr plasti, svo og plastbotnar í málningarrúllur er undanþegið innflutningsgjaldi.

Stállóð (sökku), svo og nótastál, er undanþegið innflutningssöluskatti.

*Fjármálaráðuneytið, 6. maí 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun húsnæðismálastjórnar á íbúðarlánnum.

69

11. maí

#### 1. gr.

Á vegum húsnæðismálastjórnar er til útlána eða framkvæmda það fé, sem hér greinir:

- Fé Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt 3. gr. laga nr. 42/1957.
- Fé það, sem safnast fyrir í frjálsum sparnaði samkvæmt 9. gr. og skyldu-sparnaði samkvæmt 10. gr. sömu laga og ekki er lánað út á vegum Búnaðar-banka Íslands, sbr. lög nr. 42/1957.
- Fé það, sem aflast með sölu bankavaxtabréfa samkvæmt 4. gr. sömu laga.

- 69 d. Fé það, sem bankar, sparisjóðir, tryggingafélög, opinberir tryggingasjóðir og lífeyrissjóðir lána beint til lántakenda samkvæmt útlánareglum þessum í lán-  
11. maí um, sem staðfest eru af húsnæðismálastjórn.
- e. Fé það, sem Byggingarsjóður ríkisins eða veðdeild Landsbanka Íslands kunna að fá lánað erlendis til íbúðabygginga.

### 2. gr.

Lán á vegum húsnæðismálastjórnar veitast aðeins til bygginga nýrra íbúða, meiri háttar viðbygginga, sbr. 11. gr., eða kaupa á nýjum íbúðum. Þau skulu greidd lán-takendum í peningum og vera affallalaus. Lánin koma til útborgunar í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu íbúðar, eftir því sem nánar er ákveðið í 12. gr. þessarar reglugerðar.

Lán til herrarar íbúðar skal vera í tvennu lagi, A- og B-lán. A-lánið skal vera jafngreiðslulán með 9% ársvöxtum til allt að 25 ára. B-lánið skal vera með 5½% ársvöxtum og jöfnum afborgunum til allt að 15 ára, en vísitölubundið, þannig að greiðslur afborgana skulu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar með hliðstæðum kjörum og þau vísitölubundnu bankavaxtabréf, sem veðdeild Landsbanka Íslands gefur út.

B-lán er heimilt að hafa jafnhátt A-láni, en má aldrei vera hærra, þegar lokið er að fullu afgreiðslu lána til umsækjenda.

Auk þeirra vaxta, sem áður greinir, skulu lántakendur greiða ¼% ársvexti af þeim A-lánnum, sem veitt eru af andvirði seldra bankavaxtabréfa, lánnum Byggingarsjóðs ríkisins og B-lánnum, eins og lán þessi eru á hverjum gjalddaga, til greiðslu kostnaðar við starfrækslu veðdeildar Landsbanka Íslands í þágu Byggingarsjóðs ríkisins.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að breyta vaxtakjörum og lánstíma á nýjum lánnum, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

### 3. gr.

A-lán skulu vera tryggð með 1. veðrétti eða 1. samhliða veðrétti, samhliða samsvarandi B-láni, en B-lán skulu tryggð með 1. veðrétti eða 1. samhliða veðrétti, samhliða samsvarandi A-láni á hlutaðeigandi íbúð.

Samanlögð upphæð A- og B-lána má nema allt að ⅔ hlutum verðmætis íbúðar, samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands eða matsmanna, sem dómkvaddir eru samkvæmt ósk hennar. Þó má heildarlánsupphæð ekki vera hærri en 100 þúsund krónur á hverja einstaka íbúð, nema ef um er að ræða umsækjanda, sem veita má allt að 25% hærra lán en almennt gerist á þeim tíma, sem lánið er veitt, vegna þátttöku í skyldusparnaði eða frjálsum sparnaði samkvæmt III. kafla laga nr. 42/1957.

### 4. gr.

Þeir, sem óska að fá lán til nýrrar íbúðar hjá húsnæðismálastjórn eða öðrum aðila, sem hefur rétt til að veita A-lán, sbr. 6. gr., skulu sækja um ákveðna lánsupphæð á þar til gerðu umsóknareyðublaði, er húsnæðismálastjórn lætur í té. Umsóknin er ógild, ef vísitandi rangar upplýsingar eru gefnar á eyðublaðinu, og verður þá umsókn frá þeim umsækjanda ekki tekin til greina næstu 12 mánuði. Ef lán hefur verið veitt á grundvelli vísitandi ósannra upplýsinga, getur húsnæðismálastjórn sagt því upp fyrirvaralaust.

Heimilt er húsnæðismálastjórn og þeim aðilum, sem hafa rétt til veitingu A-lána, að krefjast frekari upplýsinga um einstök atriði varðandi ástæður umsækjenda eða íbúðarsmiði þeirra, og skulu umsækjendur þá leysa úr þeim fyrirspurnum, áður en umsókn er tekin til afgreiðslu.

## 5. gr.

69

11. maí

Lánsúmsókn skulu fylgja eftirtalin skilríki:

- a. Lóðarsamningur eða staðfest afrit af honum, sé um leigulóð að ræða. Hafi lóðarsamningur ekki verið gerður, skal í hans stað koma yfirlýsing landeiganda um leiguréttindi og leigutíma. Sé um eignarlóð að ræða, skulu fylgja full sönnunargögn um eignarrétt.
- b. Teikning í 2 eintökum af fyrirhuguðu húsi eða viðbyggingu, ef um hana er að ræða, en þá skal teikning eða uppdráttur einnig sýna stærð og gerð þess húss, sem byggja á við. Sé sótt um lán út á íbúð í sambyggingu eða fjölbýlishúsi, skal tilgreina í úmsókn, hvar íbúðin er staðsett í húsinu. Teikning skal vera árituð af byggingarnefnd, ef hús er byggt á skipulagsskyldum stað, en þar sem ekkert skipulag er ákveðið, skal hún árituð af hlutaðeigandi sveitarstjórn, sem þar með staðfestir, að fengið sé fullgilt leyfi fyrir staðsetningu hússins.
- c. Yfirlýsing um efnahag og tekjur umsækjanda á þar til gerðu eyðublaði, þar sem m. a. eru upplýsingar um, hvort umsækjandi eigi eða hafi átt íbúð s. l. 2 ár, staðfest af undirskattanefnd eða skattstjóra.
- d. Vottorð héraðslæknis eða borgarlæknis um íbúð umsækjanda, ef hún er heiluspillandi eða mjög gölluð og hann óskar að styðja úmsókn sína með slíku vottorði.
- e. Vottorð heimilislæknis um heilsufar umsækjanda eða fjölskyldumeðlima hans, ef hann óskar að styðja úmsóknina með því að tilgreina erfiðar heilsufarsástæður.
- f. Vottorð sveitarstjórnar um fjölskyldustærð, aldur fjölskyldumeðlima og húsnæðisástæður.
- g. Önnur þau skilríki, sem húsnæðismálastjórn kann að telja nauðsynleg.

## 6. gr.

Heimilt skal bönkum, sparisjóðum, tryggingafélögum, opinberum trygginga-sjóðum og lífeyrissjóðum að veita A-lán, sbr. d-lið 1. greinar, enda séu þau að öllu leyti veitt í samræmi við útlánareglur húsnæðismálastjórnar og staðfest af henni.

Skulu þeir, sem fengið hafa A-lán sjá slíkum aðilum, eiga rétt á B-láni frá húsnæðismálastjórn, ef fé er fyrir hendi, og má það vera allt að því jafnhátt, enda hafi hún áður staðfest veitingu A-lánsins.

## 7. gr.

Fjórir stjórnarmeðlimir húsnæðismálastjórnar taka ákvarðanir um veitingu lána af því fé, sem tilgreint er í a, b, c og e-liðum 1. gr. þessarar reglugerðar, og úrskurða um staðfestingu þeirra A-lána, sem veitt eru samkvæmt 6. gr.

## 8. gr.

Áður en ákvarðanir eru teknar um lánveitingu til einstaklinga, skal húsnæðis-málastjórn skipta heildarlánsfé, sem veitt er samkv. II. og III. kafla laga nr. 42/1957, milli hinna ýmsu kaupstaða, kauptúna og annarra þeirra staða, sem íbúð-arhús eru byggð á útmældum lóðum, að  $\frac{1}{3}$  hlutfalli við íbúatölu hlutaðeigandi staða og að  $\frac{2}{3}$  eftir tölu fullgildra lánsúmsókna. Ef ekki er fyrir hendi fullgild láns-úmsókn frá kaupstað eða kauptúni, skal því lánsfé, sem í þess hlut kemur úthlutað til þess byggðarlags, sem hlutfallslega minnsta úthlutun fær miðað við fullgildar úmsóknir.

Við ákvörðun um lánveitingu til einstaklinga í hverjum kaupstað eða kauptúni, skal meta lánsfjárförf umsækjenda eftir ástæðum þeirra samkvæmt reglum, sem húsnæðismálastjórn samþykkir og félagsmálaráðherra staðfestir.

69

9. gr.

11. maí

Heimilt er byggingarfélagum og einstaklingum að sækja um sameiginlegt lán til byggingar fjölbýlishúsa eða margra íbúða, sem hafðar eru í smíðum í einu. Slíkum umsóknum skulu fylgja, auk lóðarsamnings og allra vinnuteikninga, smíðalýsing, sundurliðuð kostnaðar- og efnisáætlun og áætlun um byggingartíma eins nákvæmar og um útbodslýsingu væri að ræða, enn fremur áætlun um rekstur íbúðanna og greinargerð um skilmála og kjör þau, sem væntanlegum eigendum íbúðanna eru ætluð.

Húsnæðismálastjórn getur veitt loforð fyrir slíku sameiginlegu láni, er skiptist síðar á einstakar íbúðir eftir ákvörðun hennar. Slíkt lán skal þó ekki afgreitt fyrr en fyrir liggur, hverjir verði eigendur hinna einstöku íbúða, enda hafi þeir hver um sig sótt um lán á venjulegan hátt og verið samþykktir af húsnæðismálastjórn.

Húsnæðismálastjórn er þó heimilt að samþykkja slíkt lán, sem að ofan greinir, og greiða þau út eftir því, sem framkvæmdinni miðar áfram, ef þess er óskað og hún telur, að um álitlega framkvæmd sé að ræða, enda hafi hún sjálf ráðstöfunarrétt á þeim íbúðum, sem þannig eru byggðar.

10. gr.

Þegar húsnæðismálastjórn hefur hlutast til um, að íbúðarbyggingar verði framkvæmdar að undangenginni samkeppni um byggingu hagkvæmra og ódýrra íbúða, skulu þær ásamt íbúðum byggingarféлага, er njóta ríkisábyrgðar, sitja fyrir lánnum að öðru jöfnu, enda ráðstafi húsnæðismálastjórn íbúðunum eða sé samþykk úthlutun þeirra til einstaklinga, er áður hafa hver um sig sótt um lán á venjulegan hátt.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita bráðabirgðalán úr Byggingarsjóði ríkisins til bygginga, sem átt er við í þessari grein, meðan þær eru í smíðum, enda sé þess gætt, að örugg trygging sé fyrir láninu. Þegar íbúðirnar eru orðnar veðhafar samkvæmt reglum veðdeildarinnar og Byggingarsjóðs ríkisins, skal bráðabirgðalán-um þessum skipt á þær og breytt í A- og B-lán eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar.

11. gr.

Meiri háttar viðbyggingar, sbr. 2. gr., skulu í fyrsta lagi taldar byggingar, er skapa nýja sjálfstæða íbúð eða íbúðir, enda þótt hluti af þeim myndist af hinni eldri byggingu, og í öðru lagi viðbyggingar, sem auka um að minnsta kosti 20 m<sup>2</sup> gólfhlöt eldri íbúðar, enda hafi íbúðin fyrir stækkun verið talin ófullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar.

12. gr.

Veðdeild Landsbanka Íslands skal sjá um afgreiðslu þeirra lána, sem veitt eru af húsnæðismálastjórn, svo og innheimtu afborgana og vaxta.

Veðdeildinni er heimilt að afgreiða A- og B-lán til nýbyggingar húsnæðis, þegar íbúð er komin það langt áleiðis, að hún samkvæmt mati geti talizt öruggt veð fyrir láninu, þó ekki fyrr en íbúðin er fokheld.

Heimilt er veðdeildinni að halda eftir hluta af lánnum, þar til frágangur byggingar er orðinn eins og húsnæðismálastjórn og veðdeild gera kröfu um. Enn fremur getur húsnæðismálastjórn látið halda eftir hluta af lánnum, þar til umsækjandi hefur skilað kostnaðaryfirliti yfir byggingu íbúðarinnar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðarbygginga, breyting

á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

69  
11. maí

*Í félagsmálaráðuneytinu, 11. maí 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## REGLUGERÐ

70  
10. maí

um breytingu á reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt nr. 147 30. des. 1955 og reglugerð nr. 11 29. jan. 1958 um breyting á þeirri reglugerð.

### 1. gr.

Í stað orðanna í 4. mgr. A-liðs 28. gr.:

„Steinhús (af fasteignamati) .....	1 %
Timburhús (af fasteignamati) .....	2 %
Torfhús (af fasteignamati) .....	4 %“
komi:	
Steinhús (af fasteignamati) .....	4 %
Timburhús (af fasteignamati) .....	6 %
Torfhús (af fasteignamati) .....	8 %

### 2. gr.

Reglugerð þessi skal koma fyrst til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1960 af tekjum ársins 1959.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 46 frá 1954 og öðlast þegar gildi.

Reglugerð nr. 11 29. jan. 1958 er úr gildi numin.

*Fjármálaráðuneytið, 10. maí 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## GJALDSKRÁ

71  
13. maí

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatns-magn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu í allt að 15° C frosti, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

71

13. maí

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 4.50 fyrir hvern rúmmetra vatns. Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitapörf hússins.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæla skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotin og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a. Fyrir mæla allt að ¾" .....	kr. 12.00
b. Fyrir mæla allt að 1—2" .....	— 39.00
c. Fyrir mæla allt að 3" .....	— 195.00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningu um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrenslí heita vatnsins að húsi eða íbúð þess viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er og að loka vatnsrenslí að húsi, sem vangreidd eru af hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, kr. 15.00 hverju sinni.

8. gr.

Húseigendum er skylt að tilkynna hitaveitunni þegar í stað, ef þeir auka tölu hitaðra herbergja í húsum sínum.

9. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

10. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## II. KAFLI

11. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera kr. 195.00 fyrir hverja 10 rúmmetra af uppítuðu rúmmáli húsa skv. utanmáli án frádráttar vegna súðar.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsi og skal þá greiða kr. 500.00 í aukagjald fyrir hvert viðbótarkerfi umfram það fyrsta.



## 12. gr.

Ef fullur fjórðungur og allt að  $\frac{3}{4}$  hlutum hæðar er ekki hitaður, skal reikna heimæðagjaldið af hálfri hæðinni, en sleppa hæðinni ef hún er hituð að minna en  $\frac{1}{4}$  hluta. Þó skal hvergi reikna lægra heimæðagjald fyrir hús, en sem svarar af hálfri hitaðri hæð.

71

13. maí

## 13. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## 14. gr.

Gjalddagi heimæðagjaldsins er hinn 1. næsta mánaðar eftir að húsið fær samband við hitaveitukerfi bæjarins. Með samningi við húseiganda má þó veita gjaldfrest á heimæðagjaldinu, þannig að það verði greitt að fullu með allt að 5 jöfnum árlegum afborgunum, enda sé slíkur samningur gerður fyrir gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af þeim hluta gjaldsins, sem eftir stendur á hverjum tíma.

## III. KAFLI

## 15. gr.

Gjaldskrá þessi tekur gildi frá álestursdegi í maí 1960.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febr. 1940 til að öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur nr. 233 30. des. 1943 og breytingar á þeirri gjaldskrá nr. 92 8. júlí 1958 og gjaldskrá fyrir heimæðar Hitaveitu Reykjavíkur nr. 173 1. sept. 1943 og breyting á þeirri gjaldskrá, nr. 91 8. júlí 1958.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. maí 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

um barnavernd í Neskaupstað.

72

14. maí

## 1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Neskaupstaðar er börnum 12 ára og yngri bannað að vera á almannafæri eftir kl. 20 og unglíngum 13—15 ára eftir kl. 22 á tímabilinu frá 1. okt. til 1. maí, nema í fylgd með fullorðnum. Þó er þeim heimilt að sækja kvöldskemmtanir skóla og æskulýðsfélaga, undir eftirliti foreldra eða fulltrúa þeirra. Þeim er á sama tímabili óheimill aðgangur að kvöldsýningum kvikmyndahúsa og annarra skemmtistaða, nema í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum. Foreldrum og forráðamönnum barnanna ber að sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

72

14. maí

2. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannaðar ferðir út í skip, sem liggja við bryggju eða á höfninni, nema með leyfi foreldra eða forráðamanna.

3. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 21, nema í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum. Eigendum og umsjónarmönnum þessara fyrirtækja ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki óheimilan aðgang.

4. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að opinberum dansleikjum. Undanskildir eru þó dansleikir innanfélags hjá æskulýðsfélögum og skólafélögum, sbr. 1. gr.

5. gr.

Bönnuð er sala á þeim sælgætisvörum, sem að áliti héraðslæknis og barnaverndarnefndar geta talizt hættulegar börnum og unglingum.

6. gr.

Barnaverndarnefnd er heimilt að banna börnum að annast blaðsölu, dreifingu blaða og útburð bréfa, ef henni þykir ástæða til.

7. gr.

Barnaverndarnefnd er skylt að kynna sér kvikmyndasýningar, leiksýningar og aðrar opinberar sýningar, sem unglingum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, áður en almennar sýningar hefjast. Ákveður nefndin síðan, hvort unglingum skuli leyfður aðgangur að þeim.

8. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannað að skemmta á samkomum, þar sem aðgangseyris er krafizt, án sérstaks leyfis barnaverndarnefndar. Foreldrar viðkomandi barna og forráðamenn bera ábyrgð á, ef út af þessu er brugðið.

9. gr.

Barnaverndarnefnd hefur heimild til að ákveða, að unglingar 12—16 ára skuli bera aldursskirteini.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 29/1947.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð frá 13. desember 1934 um sama efni.

*Í menntamálaráðuneytinu, 14. maí 1960.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

---

*Ásgeir Pétursson.*

## REGLUR

73

13. maí

## um úthlutun lána á vegum húsnæðismálastjórnar.

## 1. gr.

Umsækjendur, sem svo er ástatt um, er segir í stafliðum a til h hér á eftir, skulu hafa forgangsrétt til lána:

- a. Búa í heilsuspillandi húsnæði eða eiga við heilsuleysi að stríða, enda fylgi umsókn þar að lútandi vottorð héraðslæknis eða borgarlæknis.
- b. Búa við lakastar húsnæðisástæður eða eru húsnæðislausir.
- c. Flesta ómaga hafa á framfæri sínu eða búa við sérstaklega erfið leigukjör.
- d. Lengst hafa beðið afgreiðslu með fokheldar íbúðir og fullgildar umsóknir.
- e. Geta fært sönnur á, að dómi húsnæðismálastjórnar, að þeir geti ekki komið íbúðinni í nothæft ástand án umbeðins láns eða haldið henni vegna óhagkvæmra bráðabirgðalána.
- f. Hafa fengið ófullnægjandi byrjunarlán, áður en reglur þessar tóku gildi.
- g. Njóta forgangs samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 42/1957.
- h. Byggi íbúðir, sem eigi séu stærri en 360<sup>3</sup>, enda fullnægi íbúðarstærðin þörfum viðkomandi fjölskyldu að dómi húsnæðismálastjórnar.

## 2. gr.

Á meðan eftirspurn eftir lánum hjá húsnæðismálastjórn er ekki fullnægt, skulu umsækjendur sem svo er ástatt um, sem lýst er í stafliðum a til d hér á eftir, eigi fá lán:

- a. Eiga eða hafa átt s. l. 2 ár, nothæfa og fullnægjandi íbúð.
- b. Byggja stærri íbúð en 360<sup>3</sup>, nema fjölskylda umsækjanda sé 6 manns eða fleiri.
- c. Byggja fleira en eina íbúð. Heimilt er þó að taka tillit til skipulagsskvaða.
- d. Hafa góða láns möguleika annars staðar eða næg fjárráð, að dómi húsnæðismálastjórnar, svo að þeir geti komið íbúð sinni í nothæft ástand án frekari lána.

Reglur þessar, sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 69 11. maí 1960 um úthlutun húsnæðismálastjórnar á íbúðarlánum, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Í félagsmálaráðuneytinu, 13. maí 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## REGLUGERÐ

74

14. maí

## um barnavernd í Borgarneskaupúni.

## 1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Borgarness er bannað að selja eða afhenda börnum eða unglíngum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té með öðrum hætti, eða stuðla að því, að þau neyti þessa eða hafi það með höndum.

B 23

Endurprentað blað.

74

14. maí

2. gr.

Leiksfýningar og myndir, sem ætlað er til að börnum og unglingum innan 16 ára aldurs sé seldur aðgangur að, skulu áður sýndar barnaverndarnefndinni, eða þeim, sem hún felur að dæma um þær. Getur nefndin, ef henni þykir ástæða til, bannað að börn og unglingar fái aðgang að þeim. Um aðrar opinberar skemmtanir gildi hið sama, að barnaverndarnefnd skal tilkynnt hvað þar á að fara fram og ræður hún þá, hvort börnum innan 14 ára aldurs skuli leyfður aðgangur eða ekki.

3. gr.

Börn yngri en 12 ára, mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20 á tímabilinu frá 1. okt. til 1. maí og ekki seinna en kl. 22 frá 1. maí til 1. okt., nema í fylgd með fullorðnum. Börn frá 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 23 frá 1. maí til 1. okt., nema í fylgd með fullorðnum. Börn innan 14 ára aldurs mega aldrei dvelja lengur en til miðnættis á dansleikjum eða opinberum skemmtunum, nema með sérstöku leyfi barnaverndarnefndar. Á öllum slíkum samkomum ber börnum að vera í fylgd með fullorðnum, sbr. það sem að ofan greinir. Börn frá 14—16 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 23 á tímabilinu frá 1. okt. til 1. maí, nema í fylgd með fullorðnum. Foreldrum eða húsbændum barnanna ber, að viðlögðum sektum að sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum sem brot gegn barnaverndarlögum nr. 29/1947. Skal farið með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. heimild í lögum nr. 29/1947, öðlast þegar gildi og fellur jafnframt úr gildi reglugerð um barnavernd í Borgarneskaupúni frá 5. nóv. 1940.

*Í menntamálaráðuneytinu, 14. maí 1960.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Ásgeir Pétursson.

75

16. maí

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Björgheiðar Gísladóttur, Skógargerði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. maí 1960.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Björgheiðar Gísladóttur, Skógargerði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Björgheiðar Gísladóttur, Skógargerði.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af systkinum og foreldrum Björgheiðar, Gísla Helgasyni, bónda, og Dagnýju Pálsadóttur, á 50 ára hjúskaparafmæli þeirra 3. nóv. 1958 og aukinn með tillögum sveitunga og vina.

## 3. gr.

75

Stofnfé sjóðsins er um kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónur — og er lagt inn í 16. maí Söfnunarsjóð Íslands.

Upphæðin skal ávaxtast í sjóðnum unz hún er orðin 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —, þá hefst úthlutun úr sjóðnum og skal ávallt úthluta útborguðum vöxtum.

## 4. gr.

Tekjur sjóðsins verða: Vextir af höfuðstól, eins og hann er á hverjum tíma, svo og gjafir eða áheit, sem honum kann að áskotnast.

## 5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja líkningarstarfsemi í héraðshreppum Norður-Múlasýslu, með því að hjálpa fátæku fólki, sem verður fyrir slysum eða heilsuleysi.

## 6. gr.

Hreppsnefnd Fellahrepps annast reikningshald og vörzlu sjóðsins undir yfirumsjón sýslunefndar Norður-Múlasýslu.

Sveitarstjórn kýs 2 menn til að annast úthlutun úr sjóðnum, þegar þar að kemur, en þriðji maður skal vera héraðslæknirinn í Egilsstaðalæknishéraði vestra. Að öðru jöfnu sitja Fellamenn fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

## 7. gr.

Að 50 árum liðnum skal endurskoða skipulagsskrá þessa. Má þá verja vöxtum að einhverju eða öllu leyti til annarrar góðgerðastarfsemi, sem kröfur tímans teldu þá meira aðkallandi.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta í B-deild Stjórnartíðinda.

## REGLUGERÐ

76

um breyting á reglugerð nr. 66 24. apríl 1957, um breyting á reglugerð nr. 87 19. maí 15. júní 1954, um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins.

## 1. gr.

Á eftir b-lið í 1. gr. reglugerðarinnar komi nýr liður svo hljóðandi:

c. Þeir starfsmenn, sem verið hafa í þjónustu ríkisins skemur en eitt ár, skulu fá orlof í 1½ virkan dag fyrir hvern mánuð, sem þeir hafa starfað hjá ríkinu.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lögum nr. 14/1957, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 17. maí 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## REGLUGERÐ

### um skemmtanaskatt í Hveragerðishreppi í Árnassýslu.

#### 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 21. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Hverðagerðishreppi, og aðgangur er seldur að, og eigi eru með lögum undanþegnar skatti.

#### 2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

##### 1. flokkur:

- a. Fyrirlestrar og upplestrar.
- b. Söngur.
- c. Sjónleikir.
- d. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.

##### 2. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Hljómleikir.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Allar aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

#### 3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem undir fyrsta flokk heyra, skal greiða 10% af aðgangseyri, og af þeim, sem taldar eru í 2. flokki 20%. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattlagður.

#### 4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða fræðslu, eða til styrktar menningar- og framfaramálum hreppsins.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur eftirlit með, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefur eftirlit með skemmtunum.

Hún getur ráðið sérstakan mann til að annast þetta starf fyrir sína hönd, og nefnist hann eftirlitsmaður skemmtana.

#### 6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, skal tilkynna það oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða er nota á við skemmtunina.

Eigi síðar en 2 dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt, skv. 3. gr. þessarar reglugerðar, af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

#### 7. gr.

Oddviti eða eftirlitsmaður getur gert eftirtalin atriði að skilyrði fyrir stimplun aðgöngumiða:

1. Að aðgöngumiðar séu þannig gerðir, að þeir verði hæglega rifnir í tvennt, þegar

þeir eru notaðir, þannig að dyravörður haldi öðrum hlutanum, en aðgangskaupandi hinum.

2. Að honum sé afhent sem tryggingarfé fjárupphæð, er svarar til skemmtanaskatts af öllum hinum stimpluðu miðum.
3. Að ekki annist aðrir dyravörzlu á skemmtun en hann samþykkir, enda skuldbindi þessir menn sig gagnvart honum til þess að hleypa engum öðrum inn á skemmtun en þeim, sem afhenda aðgöngumiða, stimplaðan skemmtanaskattsstimplinum.

#### 8. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skatts af henni. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

#### 9. gr.

Eftirlitsmaður skemmtana færir inn í sérstaka bók nafn forstöðumanns, tegund skemmtunar og hvar og hvenær hún skuli haldin. Á eftir því sem skráð er í bókina um hverja skemmtun, skal ætla nægilegt rúm til þess að innfæra þar fjölda miða þeirra, sem afhentir voru forstöðumanni til sölu, gegn kvittun hans, ritaðri í bókina, að innfæra þar miða þá, sem ekki seljast og skilað er aftur og að innfæra útreikning skattsins af seldum miðum. Nú fellur leyfi til skemmtunar niður, og skal þess þá getið í bókuninni. Nú sannar forstöðumaður fyrir eftirlitsmanni á þann hátt, sem hann telur fullnægjandi, að nokkru af miðum hafi verið útbýtt ókeypis, og er þá rétt, að ekki sé greiddur skattur af þeim miðum, ef eftirlitsmaður telur þá miða í skemmtanaskattsbókinni meðal skilaðra miða.

#### 10. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðskildu frá öðrum tekjum hreppsins, og verja til hvers konar menningar- og framfaramála í Hveragerðishreppi, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

#### 11. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00. Mál út af brotum á reglugerð þessari sæta meðferð opinberra mála.

#### 12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 34/1918, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 19. maí 1960.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Knútur Hallsson.*

78  
27. maí

## REGLUGERÐ

### um innflutnings- og gjaldeyrisleifyi.

#### 1. gr.

Innflutningur annarra vara en hér eru taldar á eftir, skal vera frjáls:

#### Tollskrá:

Kafli.	Nr.	Vörutegund:
1	1—12	Lifandi dýr, nema fiskar, krabbar og skeldýr.
2	1—18	Flesk og annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, ót. a.
4	1—8	Mjólkurafurðir og egg.
7	2	Tómatar.
	4	Kartöflur.
9	1—2	Kaffi.
11	2	Rúgmjöl.
	15a	Kartöflumjöl.
	16	Malt.
	22	Klíð.
12	6	Humall.
	10—11	Síkorirætur.
15	1—5, 6—8	Feiti og feitar olíur úr dýraríkinu, ót. a., þó ekki lanolín.
	25	Smjörlíki og önnur tilbúin matarfeiti.
16	1	Pylsur alls konar.
	3—4	Önnur framleiðsla að nokkru eða öllu úr kjöti, ót. a.
	7—8	Framleiðsla úr fiski, kröbbum og skeldýrum, ót. a.
17	1	Strásykur.
	2	Molasykur.
	5	Kandis.
	8	Þrúgusykur (glúkósi), fastur og fljótandi.
12—16, 18		Ýmsar sykurvörur, þó ekki lakkrís, ósykraður.
18	7—10	Suðusúkkulaði, átsúkkulaði, súkkulaðihúð og aðrar vörur úr kakó, ót. a.
19	8—10	Brauðvörur, ót. a.
20	3	Sykraðir ávextir, þó ekki súkkat.
	5	Aldinsulta og aldinhlaup (gelé).
	6	Aldinm auk.
	7	Pulp og safi úr ávöxtum, ósykraður.
	9	Saft úr ávöxtum og jurtahlutum.
	10	Önnur framleiðsla úr ávöxtum, ót. a.
21	1	Kaffibætir og kaffilíki alls konar.
	9b	Litað sykurvatn með kjörnum, þó ekki tilbúið gosdrykkjasaft.
22	1—5	Gosdrykkir og öl.
23	1—2	Fóðurmjöl úr kjöti og fiski, einnig með jurtaefnum.
25	16—16a	Gips, óunnið, brennt, mulið eða þvegið.
	17	Sement.
26	4	Steinull.
27	1	Steinkol og brúnkol.
	2	Sindurkol (koks).
	5	Mór og mótöflur.



## Tollskrá:

Kafli. Nr.

## Vörutegund:

78

27. maí

- 27 6 Mómylsna.  
14 Steinolía, óhreinsuð (hráolía) einnig tilbúin.  
15c Benzín, þó ekki flugvélabenzín.  
17 Aðrar brennsluoliur til véla, ót. a.  
19a Lakkbenzín (white spirit).
- 30 41 Blýantar, nema skrúfblýantar, blý og kít í blýanta, skólakít, klæðskerakít, alls konar litkít og pastelkít.
- 32 15 Kerti.
- 34 7 Eldspýtur.
- 37 2 Fatnaður úr leðri eða skinni, ót. a.  
3 Hanzkar og vettlingar úr skinni og leðri.  
7 Ferðatöskur úr skinni og leðri.  
8 Alls konar töskur, veski, buddur og hylki úr skinni og leðri, ót. a.  
9 Skrifmöppur og bókabindi úr skinni og leðri, ót. a.  
10 Bakpokar og fatapokar úr skinni og leðri.  
15 Skraut- og glysvarningur úr skinni og leðri.
- 38 3 Vörur úr loðskinnum.
- 39A 11c Kvenhandtöskur, úr plasti.
- 39B 4a Plötur, þræðir og stengur úr svampgúmmi, til annars en skógerðar.  
7—8 Hjólbarðar og slöngur á ökutæki.  
12 Gólfdukar úr kátsjúki.  
20b Aðrar vörur, ót. a., úr kátsjúki.
- 40 1 Plankar og bitar úr furu og greni.  
2 Borð, óunnin, úr furu og greni.  
3 Borð, hefluð og plægð, úr furu og greni.  
15 Krossviður og aðrar límdar plötur (gabon).
- 28—30 Tunnur og keröld.  
31 Tilhöggvin hús eða önnur mannvirki og hlutar til þeirra ót. a.  
32 Gluggar, hurðir og glugga- og hurðakarmar.  
34b Tígulgólf úr trjáviði (parketstafir og plötur) einnig úr öðrum efnum, þó ekki úr korki.
- 49—52 Húsgögn og húsgagnahlutar ót. a., úr tré að nokkru eða öllu leyti.  
55 Skiði og skiðastafir.  
59 Skraut og glysvarningur úr trjáviði.
- 42 3 Gólfmottur og ábreiður alls konar, ót. a., úr strái, sefi, reyr, tágum og öðrum fléttiefnum úr jurtaríkinu.  
7—9 Húsgögn og innanstokksmunir úr strái, sefi, reyr, tágum og öðrum fléttiefnum úr jurtaríkinu.  
10 Aðrar vörur úr strái, sefi, reyr, tágum og öðrum fléttiefnum úr jurtaríkinu.
- 44 1 Bylgjupappi og bylgjupappír.  
2 Þakpappi og annar pappi, borinn asfalti, biki, tjöru eða tjöruolíum, einnig í sambandi við önnur efni.  
3 Veggpappi.  
4 Gólfpappi.  
5 Pergamentpappi og pergamentpappír, ót. a.  
6 Pappi, ót. a., yfirdreginn með litum, lakki, bronsi og þvílíkum efnum eða lagður lit- eða skrautpappír.

78 Tollskrá :  
27. maí Kafli. Nr.

Vörutegund:

- |     |       |   |
|-----|-------|---|
|     | 7     | Cellotex, insúlít, trétex, masonít, jonít og aðrar þess konar hljóð- og hitaeinangrunarplötur.  |
|     | 14    | Skrifpappír, prentpappír, ót. a. og kopíupappír.  |
| 26— | 27    | Umslög, ót. a.  |
|     | 31    | Óskjur og möppur með bréfsefnum og umslögum, óáprentuðum.   |
|     | 32    | Pappakassar til umbúða, tilsniðnir eða fullunnir, fóðraðir eða skreyttir.   |
|     | 34    | Aðrir pappakassar til umbúða, tilsniðnir eða fullunnir.   |
|     | 35    | Pappabakkar til umbúða, svo og kökuskífur.  |
|     | 38    | Myndaalbúm, frímerkjaalbúm, albúm fyrir grammófónplötur og önnur þvílík albúm úr pappa eða pappír.  |
|     | 39    | Bréfa- og skjalabindi, bókabindi, alls konar bréfamöppur, einnig þótt í þær sé prentað registur, skrifmöppur, svo og bréfa-klemmur úr pappa eða pappír.   |
|     | 40    | Skrifpappír, teiknipappír og annar þess konar pappír, heftur en óáprentaður.  |
|     | 41    | Skrifbækur alls konar, stílabækur, forskriftabækur, vasabækur og aðrar þess konar bækur, óáprentaðar, heftar eða bundnar.   |
|     | 42    | Ferðakistur, ferðatöskur, fiðlukassar og aðrir hljóðfærakassar, hatta-öskjur, kventöskur, seðlaveski, skjalamöppur og skólatöskur, skotfæratöskur og önnur því lík veski, töskur og hylki ót. a., úr pappa og pappír, einnig í sambandi við önnur efni. |
|     | 43    | Vindla- og vindlingaveski úr pappa og pappír, nálhús, tóbaksdósir, tannburstahylki og gleraugnahylki.   |
|     | 44    | Búsáhöld úr pappa eða pappír.   |
|     | 45    | Skraut- og glysvarningur úr pappa eða pappír.   |
|     | 46    | Aðrar vörur úr pappa og pappír, ót. a.  |
| 45  | 22    | Verzlunarbækur, áprentaðar, ót. a.  |
| 46A | 6     | Gólfábreiður, gólfmottur og gólf-dreglar úr silki.  |
| 46B | 7     | Gólfábreiður, gólfmottur og gólf-dreglar úr gerviefnum.   |
| 47  | 7—9   | Gólfábreiður, gólfmottur og gólf-dreglar, úr ull eða öðru dýrahári.   |
| 48  | 8     | Molskinn úr þaðmull.  |
|     | 8a    | Annað flauel og flos (plyds) úr þaðmull.  |
|     | 9—11  | Gólfábreiður, gólfmottur og gólf-dreglar úr þaðmull.  |
|     | 16—18 | Ofnar vörur, ót. a., úr þaðmull.  |
| 49  | 11    | Flauel og flos úr hör, hampi, jútu eða öðrum jurtaskunaefnum.   |
|     | 12—15 | Gólfábreiður, gólfmottur og dreglar á gólf úr hör, hampi, jútu, kókóstægjum og öðrum jurtaskunaefnum.   |
| 50  | 4—5   | Flóki.  |
|     | 27    | Bókbandsléreft.   |
|     | 32    | Vaxdúkur.   |
|     | 32a   | Leðurlíkisdúkur.  |
|     | 36—38 | Línoleum, línkrusta, congoleum o. þ. h. vörur.  |
| 51  | 8     | Sokkar og leistar, prjónaðir úr gervipráðum.  |
|     | 17    | Vettlingar, prjónaðir úr ull eða öðru dýrahári.   |
|     | 18    | Aðrar vörur, ót. a., prjónaðar úr ull eða öðru dýrahári.  |
|     | 20    | Sokkar og leistar, prjónaðir úr þaðmull.  |
|     | 21    | Ytri fatnaður, prjónaður úr þaðmull.  |
|     | 22    | Nærfatnaður, prjónaður úr þaðmull.  |
|     | 23    | Vettlingar, prjónaðir úr þaðmull.   |

## Tollskrá :

Kafli. Nr.

## Vörutegund:

78

27. maí

- 24 Aðrar þrjónavörur úr baðmull, ót. a.  
 26 Sokkar og leistar úr hör og öðrum jurtaspunaefnum.  
 27 Ytri fatnaður úr hör og öðrum jurtaspunaefnum.  
 28 Nærfatnaður úr hör og öðrum jurtaspunaefnum.  
 29 Vettlingar úr hör og öðrum jurtaspunaefnum.  
 30 Aðrar þrjónavörur úr hör og öðrum jurtaspunaefnum.  
 52 3 Sjóklæði.  
 10 Manchettskyrtur úr baðmull.  
 10a Annar nærfatnaður úr baðmull.  
 14—16 Dúkar, klútar, handklæði, ábreiður og þess konar úr spunaefnum.  
 17—19 Madressur, dýnur, púðar, stungin teppi og bólstruð sængurföt.  
 23—25 Hálsbindi, kvenslifsi og slaufur, hnýttar og óhnýttar.  
 27 Belti, axlabönd og axlabandasprotar, sokkabönd, ermabönd og þvílíkar vörur.  
 31 Gólfklútar og fægiklútar.  
 33 Tjöld.  
 38 Bréfaveski, skrifmöppur, bréfamöppur, bréfabindi, skjalatöskur, kventöskur og önnur þvílík veski, möppur og skrín.  
 39 Bakpokar, fatapokar, vaðsekkir, ferðatöskur, kistur, hattöskjur, hylki um hljóðfæri, skotfæri, skotvopn, fiskistengur o. þ. h. vörur, ót. a.  
 41 Lampa- og ljósaskermar úr vefnaði, einnig í sambandi við önnur efni.  
 42 Útsaumaðir dúkar, koddaver, sessuver og aðrar þvílíkar útsaumsvörur.  
 43 Aðrar unnar vörur úr vefnaði ót. a.  
 54 4, 6b—8 Skófatnaður úr kátsjúk, þó ekki sjóstígvél.  
 11—13 Annar skófatnaður ót. a.  
 58 5 Granít- og marmaraplötur, sléttar eða slípaðar.  
 13 Pappír og vefnaður, yfirdreginn með náttúrl. eða tilbúnum slípiefnum.  
 15 Pípur og pípuhlutar úr asfalti og biki, einnig í sambandi við önnur efni.  
 16 Aðrar vörur úr asfalti og biki.  
 17 Vegg- og gólfflögur, þakhellur og þakplötur úr sementi einnig í sambandi við önnur efni, svo og úr asbeststeinlími.  
 18 Pípur og pípuhlutar úr sementi einnig í sambandi við önnur efni, svo og úr asbeststeinlími.  
 19a Hús og hlutar til þeirra úr sementi, einnig í sambandi við önnur efni, svo og úr asbeststeinlími.  
 20 Aðrar vörur úr steinlími, einnig í sambandi við önnur efni, svo og úr asbeststeinlími.  
 25 Þakhellur og aðrar hellur og flögur ót. a. úr asbesti, einnig í sambandi við önnur efni.  
 27 Aðrar vörur úr asbesti, einnig í sambandi við önnur efni.  
 29 Búsáhöld úr steini, ót. a.  
 30 Skraut- og glysvarningur úr steini og steinkenndum efnum.  
 31 Aðrar vörur úr steini, ót. a.  
 59 4 Pípur og pípuhlutar úr leir.  
 5 Vegg- og gólfflögur úr leir.  
 6 Leirker og leirtrog sem drykkjarker fyrir skepnur.  
 7 Baðker, þvottaskálar, vaskar, salerni og þvagskálar o. þ. h. munir og hlutar til þeirra, úr leir.

**78 Tollskrá :**  
27. maí Kafli. Nr.

Vörutegund:

- 8 Blómsturpottar, óskreyttir, svo og vatnsskálar og vatnsbrúsar á miðstöðvarofna, úr leir.
- 9 Búsáhöld úr leir, ót. a.
- 10 Skraut- og glysvarningur úr leir.
- 11 Vörur úr leir, öðrum en postulíni, ót. a.
- 12 Vörur úr postulíni, ót. a.
- 60 2—4 Gler í plötum, steipt eða valtað ót. a., og einnig þótt í það sé lagður málmþráður.
- 5—6 Venjulegt rúðugler.
- 7 Gler í plötum, ót. a., beygt, slípað, sýruétið, sandblásið, „fryst“, málað, gyllt eða unnið á annan svipaðan hátt.
- 8 Glerpípur og glerstengur, ót. a.
- 9—10 Speglar, ót. a.
- 11 Gler í blý-, tin- eða messingumgerð, ót. a.
- 12 Hurðaskilti og aðrar þvilíkar glerplötur.
- 13 Vegg- og gólfflögur úr gleri.
- 16—19 Flöskur, glös, niðursuðuglös, sultukrukkur, brúsar og önnur þvilík glerilát til umbúða ót. a.
- 21 Búsáhöld úr gleri, ót. a.
- 23 Lampakúplar og ljósaskermar, aðrir en á olíu- og gasljósker.
- 25 Skraut- og glysvarningur úr gleri.
- 26 Aðrar glervörur, ót. a.
- 61 5, 8, 11 Vörur úr gulli, silfri og platinu, þó ekki plötur, stengur, duft, dropar og vír.
- 63 3 Sívalar stengur, 25 mm í þvermál og grennri, úr járn og stáli.
- 3a Annað járn og stál í stöngum, ót. a.
- 4 Prófiljárn alls konar, ót. a.
- 7 Járnplötur, þynnri en 3 mm zinkhúðaðar eða blýhúðaðar, þó ekki möskvaðar eða báraðar.
- 8 Járnplötur, þynnri en 3 mm, aðrar.
- 8a—8b Járnplötur 3 mm á þykkt eða meira.
- 9a Vír úr járn og stáli, ót. a.
- 12 Járn- og stálpípur og pípuhlutar, galvanhúðað.
- 16 Ammoniákpípur og aðrar pípur og pípuhlutar, ót. a.
- 17—18 Þakrennur og þakrennuhlutar úr járn og stáli.
- 19—20 Stólpar og staurar úr járn og stáli, ót. a.
- 22 Hliðgrindur, girðingar og handrið úr járn- og stálgrindum, svo og stigar og tröppur.
- 22a Bryggjur, brýr, hús og önnur mannvirki og hlutar til þeirra, ót. a.
- 23a Oliugeymar, síldaroliugeymar og aðrir slíkir geymar ót. a.
- 24 Tómar tunnur og sponns í þær.
- 28 Girðingarnet, þó ekki ef þau eru með möskvastærð 10×10 cm eða meira.
- 30 Annað net úr vír.
- 31 Gaddavír.
- 37 Galvanhúðaður saumur.
- 40 Aðrir naglar og stifti, ót. a.
- 43—44 Húsgagnafjaðrir og aðrar fjaðrir og gormar, ót. a.
- 57 Miðstöðvarofnar.

## Tollskrá:

78

Kafli. Nr.

## Vörutegund:

27. maí

	58	Miðstöðvarkatlar og gufukatlar.
63b—65 &	66b	Húsgögn og húsgagnahlutar úr járni og stáli, þó ekki skjalaskápar og aðrar skjalahirzlar.
	81	Hjólaskautar.
	82	Aðrir skautar.
	87	Járn- og stálgluggar, hurðir og karmar til þeirra.
	88	Baðker, salerni og tilheyrandi vatnskassar, þvagskálar, þvottaskálar, eldhúsvaskar og hlutar til þeirra, þó ekki emailleraðir eldhúsvaskar.
	90	Loftventlar og ristar í þá, svo og gólfristar og ristar í göturæsi o. þ. h.
	98	Drykkjarker fyrir skepnur.
	102	Brunnkarmar í holræsi og vatnsveitur,
66	1a	Gaddavír úr alúminíum.
	2	Vír, ekki einangraður, úr alúminíum.
68	7a	Baðker, salerni og tilheyrandi vatnskassar, þvagskálar, þvottaskálar, eldhúsvaskar og hlutar til þeirra úr zinki.
71	23	Skraut- og glysvarningur úr ódýrum málmum.
72	23	Ritvélar og hlutar til þeirra.
	48	Sjálfvirk löndunartæki.
49 & 53		Vélar, til tré- og járnsmiða.
73	2	Rafmagnsmótorar.
	6	Spennar.
	11—11a	Rafmagnsgeymar og hlutar til þeirra.
	18	Jarðstrengur (kabel) og sæstrengur.
	63	Ljósaperur.
75	1, 4b, d,	
	5a—c og e	Bifreiðar, þó ekki slökkvi- og sjúkrabifreiðar, snjóbifreiðar, krana-bifreiðar, steypuhræribifreiðar, vörubifreiðar og grindur, að hurðar-magni 3 tonn og þar yfir, og almenningsbifreiðar (langferðabifreiðar og strætisvagnar).
	9	Bifhjól.
76	7	Önnur farartæki, ót. a.
77	3	Sjónaukar alls konar.
79	9	Grammófónar og hlutar til þeirra.
	14	Hljóðritarar (fónografar) og hlutar til þeirra.
80	1—3, 6—7	Vopn, þó ekki hvalveiði- og línubyssur.
81	1—7	Skotfæri.
83	1—6	Burstagerðarvörur, ót. a.
84	2—7	Leikföng, samkvæmisspil, gestaþrautir, töfl, ballskákir, jólatrésskraut, grímur, grímubúningar o. þ. h.
86	1	Vörur, sem ekki falla undir önnur tollskrárnúmer.
87	1	Listaverk.
	2—4	Safnmunir, ót. a.

Ofangreindur vörulisti er samin í samræmi við tollskrána í lögum um tollskrá o. fl., og þar sem tekið er fram í texta listans, að um sé að ræða vörur ótaldar annars staðar (ót. a.), er miðað við tollskrána í heild, en ekki ofangreindan lista eingöngu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar gr. ber innflytjendum að gæta ákvæða laga og

**78** annarra reglugerða um bann við innflutningi eða varúðarráðstafanir í sambandi  
27. maí við hann, svo sem vegna smitunarhættu.

2. gr.

Gjaldeyrisleyfi þarf fyrir greiðslum til útlanda, öðrum en þeim, sem taldar eru hér á eftir:

1. Opinber ríkisútgjöld, svo sem vextir og afborganir lána, kostnaður við utanríkisþjónustu og greiðslur til alþjóðastofnana.
2. Greiðslur vegna þjónustu pósts og síma.
3. Erlendur kostnaður gjaldeyrisbankanna.

3. gr.

Umsóknir um gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi fyrir vörum og greiðslum, sem ekki eru frjálsar skv. 1. og 2. gr. hér að framan, skulu sendar viðskiptabönkum þeim, sem rétt hafa til að verzla með erlendan gjaldeyri.

Þegar um innflutning frilistavöru er að ræða, ber innflytjanda, áður en varan er send af stað frá útlöndum, að gera viðskiptabanka, sem rétt hefur til að verzla með erlendan gjaldeyri, grein fyrir væntanlegum innflutningi og semja um greiðslufyrirkomulag vörunnar. Þegar um greiðslur án innflutnings er að ræða, sem frjálsar eru, ber greiðanda á sama hátt að snúa sér til viðskiptabanka.

4. gr.

Viðskiptabönkunum er heimilt að binda kaup einstakra vörutegunda við opinber vörukaupalán, ef þær eru fánlegar samkvæmt slíkum lánum. Á þetta einnig við um vörur, sem ætlaðar eru til sams konar nota og vörur, sem kaupa má samkvæmt slíkum lánum.

5. gr.

Aðrar vörur en þær, sem taldar eru í 1. gr. þessarar reglugerðar, skal tollafgreiða án innflutningsleyfis, en til tollafgreiðslu annarra vara þarf innflutningsleyfi.

6. gr.

Heimilt skal að flytja inn án innflutningsleyfis eftirtaldar vörur, enda þótt þær falli undir eitthvert tollskrárn., sem talið er í 1. gr.:

1. Fatnað og aðrar ferðamannanauðsýnjar, sem tilheyra farþegum, sem koma til landsins frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tollstarfsmenn telja farangur þennan til eigin afnota á ferðalaginu.

2. Vörur, sem sjómenn eða flugmenn flytja sjálfir með sér í fari sínu til persónulegra nota hlutaðeiganda eða skyldmenna hans og keyptar eru fyrir hinn svonefnda áhafnagjaldeyri, þó ekki yfir 3000 kr. verðmæti í hverri ferð.

3. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum, vegna þess að þær seldust ekki, eða eru endursendar hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.

4. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota fyrir sendiherra erlendra ríkja og aðra, sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.

5. Gjafir og aðrar sendingar, sem sönnur eru færðar á, að sendar séu hingað ókeypis.

7. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Innflutningur eftirtaldrara vara skal háður gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum til 31. desember 1960:

## Tollskrá:

Kafli. Nr.	Vörutegund:	78 27. maí
30 23—25	Málning tilreidd með oliu, ót. a.	
	29 Distemper og aðrir slíkir vatnslitir	
	33 Sprittfernis og sprittlökk.	
	36 Annað fernes og lökk.	
32 3a	Handsápa og raksápa.	
39A 8	Fatnaður úr plasti, ót. a.	
39B 16	Belti úr kátsjúki.	
	18 Annar kátsjúkfatnaður en beltí og hanzkar.	
51 9	Ytri fatnaður þrjónaður úr gervisilki og öðrum gerviþráðum.	
	15 Ytri fatnaður þrjónaður úr ull og öðrum dýrahárum.	
52 1a	Regnkápur úr silki, gervisilki eða öðrum gerviþráðum.	
	1b Annar íborinn fatnaður úr silki, gervisilki eða öðrum gerviþráðum.	
	2 Regnkápur úr öðrum spunaefnum.	
	7a Jakkar og úlpur úr gervisilki og öðrum gerviþráðum.	
	7c Ytri fatnaður fyrir karlmenn, úr gervisilki og öðrum gerviþráðum.	
	8 Nærfatnaður úr ull.	
	9a Jakkar og úlpur úr ull.	
	9c Ytri fatnaður fyrir karlmenn, úr ull.	
	11a Jakkar og úlpur úr þaðmull.	
	11c Ytri fatnaður fyrir karlmenn, úr þaðmull.	
	26 Lífstykki, korselett, brjóstahaldarar og þvílíkar vörur.	
54 1—3	Skófatnaður úr leðri.	

## 8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, öðlast gildi 1. júní 1960. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 15 5. febrúar 1957, um frjálsan innflutning og gjaldeyrissölu.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 27. maí 1960.*

**Gylfi P. Gíslason.**

*Jónas H. Haralz.*

## REGLUGERÐ

um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl.

79

27. maí

## I. KAFLI

Um gjaldeyris- og innflutningsleyfi.

## 1. gr.

Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjálst nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum eða í reglugerð. Sama máli gegnir um gjaldeyrisgreiðslur til útlanda.

## 2. gr.

Úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir vörum og gjaldeyrisgreiðslum annast þeir viðskiptabankar, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri, í samráði við viðskiptamálaráðuneytið. Þessir bankar eru nú Landsbanki Ís-

79 lands, Viðskiptabankinn, og Útvegsbanki Íslands. Þar sem í þessari reglugerð er 27. maí talað um viðskiptabankana, er eingöngu átt við þessa banka.

### 3. gr.

Í upphafi hvers árs og fyrir árið 1960, þegar reglugerð þessi tekur gildi, ákveður ríkisstjórnin, að höfðu samráði við Seðlabankann, heildarupphæð leyfaúthlutunar í frjálsum gjaldeyri fyrir þær vörur, sem samkvæmt reglugerð eru háðar leyfum, og skiptir þeirri upphæð á milli vöruflokka. Upphæð hvers flokks nefnist kvóti hans, og skulu þessir kvótar auglýstir. Úthlutun fer síðan fram eftir því, sem viðskiptabankarnir ákveða í samráði við viðskiptamálaráðuneytið. Leyfi, sem gefin eru út samkvæmt kvótum, skulu gilda fyrir öll lönd, sem viðskipti fara fram við á marghliða grundvelli, eftir því sem nánar verður fram tekið þegar kvótarnir eru auglýstir. Heimilt er ríkisstjórninni, að höfðu samráði við Seðlabankann, að auka kvótana, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Þegar ekki er um kaup frá jafnkeypislöndum að ræða, skulu viðskiptabankarnir halda úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa til vörukaupa innan þessara kvóta. Þó getur ríkisstjórnin, að höfðu samráði við Seðlabankann, heimilað úthlutun umfram kvótana, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Leyfisveitingar fyrir innflutningi frá þeim löndum, sem verzlauð er við á jafnkeypisgrundvelli, fara fram í samræmi við viðskiptasamninga eftir nánari reglum, sem ríkisstjórnin setur, að höfðu samráði við Seðlabankann.

Leyfisveitingar fyrir öðrum gjaldeyrisgreiðslum en til vörukaupa skulu fara eftir árlegri áætlun, sem ríkisstjórnin lætur semja og staðfestir, að höfðu samráði við Seðlabankann. Endurskoða skal áætlunina, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

### 4. gr.

Viðskiptabankarnir skulu senda viðskiptamálaráðuneytinu og Seðlabankanum reglulega sundurliðaðar skýrslur um útgefin gjaldeyris- og innflutningsleyfi, um útgefnar greiðsluheimildir og opnaðar ábyrgðir.

Seðlabankinn skal senda viðskiptamálaráðuneytinu sundurliðaða skýrslu um gjaldeyrisölu og gjaldeyriskaup samkvæmt uppgjöri frá viðskiptabönkunum, ásamt yfirliti um gjaldeyrisstöðu bankanna. Skýrslu þessa skal senda mánaðarlega eða oftar, eftir því sem viðskiptamálaráðuneytið og Seðlabankinn koma sér saman um.

### 5. gr.

Hver sá, sem fær gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi, greiði viðskiptabönkunum  $\frac{1}{2}\%$  af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 10 kr. fyrir hvert einstakt leyfi. Þó skal ekki greiða gjald af leyfum fyrir vörukaupum í jafnkeypislöndum. Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

Framsäl gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfa er háð samþykki viðskiptabankanna. Óheimilt er að bjóða til sölu eða selja gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi.

### 6. gr.

Ríkisstjórnin getur sett nánari starfsreglur um framkvæmd þessara mála, eftir því sem þurfa þykir.

## II. KAFLI

### Um innflutning, tollafgreiðslur og erlendar lántökur.

### 7. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins vörur, sem háðar eru leyfum, nema gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi hafi verið veitt fyrir þeim, áður en þær eru sendar af stað frá útlöndum.



Þegar um innflutning frilistavöru er að ræða, ber innflytjanda, áður en varan er send af stað frá útlöndum, að gera viðskiptabanka grein fyrir væntanlegum innflutningi og semja um greiðslufyrirkomulag vörunnar. 79  
27. maí

#### 8. gr.

Viðskiptamálaráðuneytið ákveður, að höfðu samráði við Seðlabankann og viðskiptabankana, hvaða vörur skuli heimilt að flytja inn með gjaldfresti, er þó sé ekki lengri en eitt ár, og hvað margir mánuðir sá gjaldfrestur megi vera. Þeir, sem hyggjast flytja inn vörur með slíkum gjaldfresti, skulu fyrirfram leita samþykkis viðskiptabanka. Sama gildir um lán eða greiðslufrest vegna annars en vörukaupa, eigi fullnaðargreiðsla að fara fram innan eins árs.

#### 9. gr.

Þeir, sem hyggjast taka lán eða fá gjaldfrest erlendis til kaupa á hvers konar vörum, tækjum eða í öðru skyni til lengri tíma en eins árs, skulu afhenda umsóknir um þetta, ásamt upplýsingum, sem óskað kann að vera eftir, til viðskiptabanka. Þessar umsóknir afgreiðir viðskiptamálaráðuneytið eftir nánari reglum, sem ríkisstjórnin setur.

#### 10. gr.

Engar vörur má tollafgreiða nema framvísað sé innkaupareikningi með áritun banka um, að vörurnar séu greiddar eða greiðsla tryggð í erlendum gjaldeyri. Þegar vörur eru keyptar fyrir erlent lánsfé, skal sá viðskiptabanki, sem tekst á hendur gjaldeyrisyfirfærslu vegna lánsins, votta samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, áður en tollafgreiðsla fer fram, að vörurnar séu eða verði greiddar á þann hátt.

#### 11. gr.

Ákvæði 7. og 10 gr. hér að framan gilda ekki um gjafasendingar allt að 1000 kr. verðmæti, eða sendingar, sem ekki er ætlað til greiðslu fyrir, enda séu færðar sönnur á, að svo sé.

#### 12. gr.

Skipstjórar, farstjórar og afgreiðslumenn skipa og flugvéla mega ekki afhenda viðtakendum aðfluttar vörur, nema með samþykki hlutaðeigandi tollstjóra eða umboðsmanna hans.

Póstafgreiðslumenn mega ekki afhenda vörur, sem koma í pósti frá útlöndum, nema fyrir liggi innflutningsheimild og að uppfylltum skilyrðum 7. og 10. gr. hér að framan, sbr. þó 11. gr.

#### 13. gr.

Innflytjendum ber að afhenda tollstjórum eða umboðsmönnum þeirra innkaupareikning í tvíriti yfir vörur, sem hafa verið keyptar til landsins, með áritun eða vottorði, sbr. 10. gr., og skal innflutningsleyfi fylgja, ef varan er háð leyfisveitingum.

Tollstjórar eða umboðsmenn þeirra skulu gæta þess, að um allan innflutning sé fylgt gildandi reglum.

#### 14. gr.

Þegar vörur hafa verið tollafgreiddar, skal afhenda innflytjendum annað eintak innkaupareikninganna með áritun um, að innflutningur hafi farið fram. Skal þetta eintak vera til afnota fyrir gjaldeyriseftirlitið.

## III. KAFLI

## Um gjaldeyrismeðferð og eftirlit.

## 15. gr.

Seðlabankinn og þeir viðskiptabankar, sem hann heimilar, hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri. Þó er pósthjórnninni heimil gjaldeyrisverzlun innan þeirra takmarka, sem Seðlabankinn setur.

Að selja erlendan gjaldeyri er að láta hann af hendi fyrir íslenzkan gjaldeyri eða aðra greiðslu, í hverju sem fólgin er, en að kaupa erlendan gjaldeyri er að fá hann fyrir íslenzkan gjaldeyri eða aðra greiðslu, í hverju sem fólgin er.

Til erlends gjaldeyris teljast myntaðir peningar, peningaseðlar, tékkar og aðrar ávísanir, víxlar, skuldabréf og önnur verðbréf og skuldbindingar, sem hljóða um um greiðslur í erlendum peningum.

## 16. gr.

Landsbanki Íslands, Seðlabankinn, skal starfrækja gjaldeyriseftirlitsskrifstofu.

Þeim, sem kaupa vilja erlendan gjaldeyri til þess að greiða fyrirfram vörur eða annað, skal skylt að láta afgreiðslubankanum í té skuldbindingu í þrítíu um að leggja fyrir gjaldeyriseftirlitið innan hæfilegs tíma innflutningsskjöl frá erlendum aðila með áritun tollstjóra um, að innflutningur hafi farið fram eða staðfestingu hans um, að varan sé komin til landsins, eða ef um er að ræða greiðslur fyrir annað en vörur, önnur gögn, sem gjaldeyriseftirlitið telur fullnægjandi til sönnunar því, að gjald-eyrinum hafi verið ráðstafað eins og til var ætlað, enn fremur skuldbindingu um að endurgreiða afgreiðslubankanum í sama gjaldeyri þann afgang, sem verða kann, eða alla fjárhæðina, ef svo fer að fyrirhuguð kaup takast ekki eða að ástæðan til yfirfærslunnar fellur niður af öðrum orsökum. Ef frekari dráttur en gert er ráð fyrir í upphafi, verður á fullnægingu þessara skuldbindinga, er gjaldeyriskaupanda skylt að gera gjaldeyrseftirlitinu fulla grein fyrir ástæðum þess.

## 17. gr.

Allur erlendur gjaldeyri, sem hlerlendir aðilar eiga eða eignast fyrir vörur, þjónustu eða á annan hátt, skal seldur gjaldeyrishönkunum, án óeðlilegs dráttar. Þó geta viðskiptabankarnir veitt undanþágu frá þessari reglu.

Gjaldyriseftirlitið hefur umsjón með því, að til skila komi allur gjaldeyri, sem á að greiðast fyrir útfluttar vörur og annað, sem greiðast á með erlendum gjaldeyri og getur krafizt upplýsinga og skýrslna í því sambandi, er það telur nauðsynlegar.

Með samþykki viðskiptabankanna er eigendum íslenzkra skipa og annarra farartækja heimilt að láta af hendi erlendan gjaldeyri, sem þeir fá í flutningsgjöld, far-  
gjöld og önnur slík gjöld, sem innt eru af hendi erlendis, til greiðslu á skyldugreiðslum til skipverja og starfsmanna þeirra erlendis og á öðrum nauðsynlegum kostnaði vegna afgreiðslu og veru skipanna og farartækjanna erlendis, svo og nauðsynjum skipanna og farartækjanna, þar til er þau koma hingað, en skylt er eigendum skipanna og farartækjanna að gera gjaldeyriseftirlitinu fullnægjandi grein fyrir öllum slíkum greiðslum í erlendum gjaldeyri. Enn fremur geta viðskiptabankarnir heimilað inn-  
lendum váttryggingarfélögum, sem endurtryggja erlendis, að ráðstafa þeim erlenda gjaldeyri, sem þau fá greiddan í iðgjöldum og sem tjónabætur, en aðeins til greiðslu á endurtryggingargjöldum, viðgerðum vegna tjóna og öðrum eðlilegum kostnaði við tryggingarstarfsemi í því landi, sem gjaldeyriskennanna er aflað, en skylt er þeim að gera gjaldeyriseftirlitinu ársfjórðungslega fullnægjandi grein fyrir ráðstöfun gjaldeyrinsins.

Viðskiptabankarnir geta sett nánari reglur, ef þeir telja þess þörf, til tryggingar því, að heimildir þessar verði eigi misnotaðar.

## 18. gr.

79

Útflytjendum íslenzkra afurða og annarra vara er skylt að láta koma fyrir þær 27. maí erlendan gjaldeyri og afhenda hann gjaldeyrisbanka.

Skylda þessi nær þó ekki til:

1. Fatnaðar og annarra nauðsynja, sem farþegar á skipum eða öðrum farartækjum hafa með sér til útlanda til eigin afnota á ferðalaginu.
2. Notaðra heimilismuna og annarra nauðsynja manna, sem flytja búferlum til útlanda.
3. Endursendra aðfluttra vara, sem ekki eru seldar til útlanda eða eiga að seljast þar og engin greiðsla kemur fyrir, nema greitt hafi verið fyrir þær við innflutning.
4. Gjafa og sýnishorna, sem engin greiðsla kemur fyrir.

## 19. gr.

Áður en vörur eru fluttar héðan til útlanda, skulu útflytjendur afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslur á þar til gerðum eyðublöðum um hinar útfluttu vörur, tvö afrit af farmskírteini eða fylgibréfi yfir vörurnar, svo og tvö afrit af sölureikningi, ef salan hefur farið fram. Ef sala varanna fer fram síðar, skulu útflytjendur afhenda gjaldeyriseftirlitinu sölureikning, þegar sala hefur átt sér stað. Útflutningsskýrslum skulu fylgja útflutningsleyfi svo og matsvottorð, þegar það er áskilið.

Sölureikningar fyrir útfluttar vörur skulu hljóða um greiðslu í erlendri mynt, en á skýrslum þeim, sem um ræðir í 1. málsgrein skal söluverðið tilgreint í íslenzkri mynt, og skal miðað við dagsgengi.

Skýrslur þær og skjöl, sem ræðir um í 1. málsgr. þessarar greinar, skulu afhentar svo tímanlega, að fram geti farið skoðun á vörunum, ef þörf krefur, áður en ferming þeirra á sér stað, og mega farmflytjendur ekki afhenda útflytjendum frumrit af farmskírteinum nema með leyfi tollstjóra.

Skýrslur þarf þó ekki að gefa um vörur þær, sem um ræðir í tölulíðunum 1—4 í 18. gr. Hins vegar ber að framvísa öllum slíkum vörum fyrir tollaftirlitsmanni, sem er að rannsókni í skipi eða farartæki eða afgreiðir það til útlanda.

Útflytjendur ísfisks, sem seldur er á erlendan markað, skulu senda gjaldeyriseftirlitinu skilgrein (yfirlitsreikning), ásamt fylgiskjöllum yfir hverja einstaka sölu, frá aðilum þeim, sem annast söluna erlendis, strax og þær berast, og enn fremur önnur gögn í þessu sambandi sem gjaldeyriseftirlitið kann að óska eftir. Sama gildir um allar vörur, sem seldar eru í umboðssölu erlendis. Útflutningsskjöl yfir vöru, sem seld hefur verið eða samið um sölu á, skulu útflytjendur afhenda viðskiptabanka sínum hér þegar í stað til innheimtu.

## 20. gr.

Annað samrit af farmskrá þeirri, sem ræðir um í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 68 17. ágúst 1956, skulu tollstjórar eða umboðsmenn þeirra senda gjaldeyriseftirlitinu, ásamt afriti af útflutningsskýrslum, farmskírteinum og sölureikningum.

Aðalfarmskrá þá, sem ræðir um í 2. mgr. 35. gr. frammannefndra laga nr. 68 17. ágúst 1956, skulu tollstjórar eða umboðsmenn þeirra, senda gjaldeyriseftirlitinu.

Auk farmskráa, sem skipstjórar, farstjórar og afgreiðslumenn skipa og annarra farartækja skulu gera yfir útflutningsvörur, sem skipið eða farartækið hefur tekið til flutnings og koma á farmskrá, skulu skipstjórar og farstjórar gera og afhenda tollaftirlitsmanni, áður en skipið eða farartækið leggur úr höfn, skrá yfir vörur þær, sem skipið eða farartækið hefur tekið úr landi og ætlaðar eru útflutningsskipinu eða farartækinu sjálfu, skipverjum eða starfsmönnum og farþegum til neyzlu og notkunar í skipinu eða farartækinu.

79 27. maí Skipstjórar, farstjórar eða afgreiðslumenn erlendra skipa eða farartækja, eru enn fremur skyldir til að gefa tolfteftirlitsmanni skýrslu um það, hvernig vörur þær, sem ræðir um í 3. mgr. þessarar greinar, hafa verið greiddar og til hvers eða hverra greiðslan hefur gengið eða á að ganga.

21. gr.

Tollstjórar, hver fyrir sitt umdæmi, skulu láta Hagstofu Íslands í té nákvæma skýrslu um útfluttar og innfluttar vörur. Um nánari tilhögun þessara skýrslna og um fresti og tíma til sendingu þeirra til hagstofunnar fer eftir ákvörðun hagstofustjóra.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

22. gr.

Bannað er að flytja úr landi eða til Íslands íslenska peningaseðla og skiptimynt og enn fremur íslensk skuldabréf og hvers konar skuldbindingar, sem hljóða um greiðslu í íslenskum gjaldeyri. Landsbanki Íslands, Seðlabankinn, getur ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá banninu.

Þó skal mönnum heimilt að inna af hendi hæfilegar greiðslur í íslenskum seðlum og skiptimynt í millilandaskipum og flugvélum, en afhending slíkra seðla eða skiptimyntar erlendis er óheimil.

23. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessarar reglugerðar, er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt eiga að fara.

24. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur, sem honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, skal sæta 50—500 kr. dagsektum. Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, varða sektum allt að 500 þús. krónum. Ef miklar sakir eru, eða ef brot er ítrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að fjórum árum og svipta hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

25. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari fara að hætti opinberra mála.

26. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, sbr. lög nr. 63 21. júní 1957, um Landsbanka Íslands, öðlast gildi 1. júní 1960. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 212 28. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyris-mála, fjárfestingarmála o. fl.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 27. maí 1960.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Jónas H. Haralz.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jónu Kristínar 80**  
Magnúsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. 23. maí  
maí 1960.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**Minningarsjóðs Jónu Kristínar Magnúsdóttur.**

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jónu Kristínar Magnúsdóttur.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af foreldrum hinnar látnu, og er stofnfé hans kr. 4000 — fjögur þúsund krónur —. Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Ólafsfjarðar.

### 3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að efla æskulýðsstarfsemi við Ólafsfjarðarkirkju.

### 4. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með sölu heillaóskaskeyta, svo og gjöfum og áheitum, enn fremur með útgáfu minningarspjalda, er leggjast skulu við höfuðstólinn.

### 5. gr.

Úr sjóðnum skal veita ár hvert á afmælisdegi hinnar látnu, hinn 28. nóvember. Skulu þá veittir vextir og hluti af innkomnum tekjum, eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Sóknarprestur Ólafsfjarðarkirkju skal vera sjálfkjörinn formaður. Sóknarnefnd Ólafsfjarðarkirkju skipar einn mann og gefendur sjóðsins einn.

### 7. gr.

Stjórnin skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem bókaðar eru allar ákvarðanir sjóðsstjórnar um styrkveitingar og annað varðandi sjóðinn, m. a. reikninga hans, og skal skipulagsskrá sjóðsins færast fremst í hana.

### 8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skulu endurskoðendur kosnir af stjórn sjóðsins.

### 9. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Ólafsfirði, 31. marz 1960.

**Magnús Stefánsson. Helga Eðvaldsdóttir.**

81  
20. maí

## REGLUGERÐ

### um skemmtanaskatt í Raufarhafnarhreppi.

#### 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922, og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Raufarhafnarhreppi og aðgangur er seldur að og eigi eru með lögum undanþegnar skatti.

#### 2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

##### 1. flokkur:

- a. Fyrirlestrar og upplestrar.
- b. Söngskemmtanir og hljómleikir.
- c. Sjónleikir.
- d. Kappleikir og íþróttasýningar, annarra en áhugamanna.
- e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

##### 2. flokkur:

- a. Dansleikir og danssýningar.
- b. Loddara- og fjölleikasýningar.
- c. Allar aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru hér taldar sérstaklega.

#### 3. gr.

Af þeim skemmtunum, sem taldar eru í 1. flokki, skal greiða 10% af aðgönguyri og af þeim, sem taldar eru í 2. flokki, 20%.

Ef skemmtun er margþætt, skal miða við þann þátt hennar, sem hæst er skattlagður.

#### 4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni, eða til styrktar framfara og menningarmálum í hreppnum.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps hefur eftirlit með, að reglugerð þessari sé framfylgt og sér um innheimtu skattsins, og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann eða falið það löggæzlumönnum hreppsins.

#### 6. gr.

Hver sá, sem hyggst halda skemmtun, skal tilkynna það oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina. Aðgöngumiðar séu þannig gerðir, að þeir verði auðveldlega rifnir í tvennt.

Eigi síðar en tveim dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, svo og stofna af seldum aðgöngumiðum, og greiði um leið skatt af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið, sbr. 3. grein þessarar reglugerðar. Hreppsnefnd getur þó ákveðið, að skatturinn skuli greiddur um leið og aðgöngumiðar eru stimplaðir.

## 7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur á sama hátt.

81

20. maí

## 8. gr.

Oddviti eða eftirlitsmaður færir inn í sérstaka skemmtanaskattsbók nafn forstöðumanns skemmtunar, tegund skemmtunar og hvar og hvenær hún skuli haldin, tölu stimplaðra aðgöngumiða, sem afhentir eru forstöðumanni gegn kvittun hans ritaðri í bókina, tölu óseldra miða og seldra og útreikning skattsins. Falli skemmtun niður, skal þess getið í bókun.

## 9. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðskildu frá öðrum tekjum hreppsins, og verja því til hvers konar menningar- og framfaramála í Raufarhafnarhreppi, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

## 10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00. Skulu mál út af brotum á reglugerðinni sæta meðferð opinberra mála.

## 11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. heimild í lögum nr. 34/1918, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 20. maí 1960.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Knútur Hallsson.*

## REGLUGERÐ

### um skemmtanaskatt í Eyrarhreppi, N.-Ísafjarðarsýslu.

82

20. maí

## 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og l. nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Eyrarhreppi, og aðgangur seldur að og eigi eru undanþegnar skatti með lögum.

## 2. gr.

Þessar skemmtanir flokkast þannig:

## 1. flokkur:

- a. Fyrirlestrar og upplestrar.
- b. Söngur.
- c. Hljómleikir.
- d. Sjónleikir.
- e. Kapleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- f. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

- 82** 2. flokkur:  
 20. maí a. Dansleikir.  
 b. Loddara- og fjölleikasýningar.  
 c. Allar aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, og ekki eru taldar hér sérstaklega.

## 3. gr.

Af skemmtunum, sem undir 1. flokk heyra, skal greiða 10% af aðgöngueyri, og af þeim, sem taldar eru í 2. flokki 20%. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem er í hærri skattflokki.

## 4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskygni eða fræðslu, eða til styrktar góðum og þörfum félagsskap, eða menningar- og framfaramála hreppsins.

## 5. gr.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé framfylgt, sér um innhentu skattsins og hefur eftirlit með skemmtunum. Hún getur ráðið sérstakan mann til þess að annast þetta starf fyrir sína hönd og nefnist hann eftirlitsmaður skemmtana.

## 6. gr.

Hver sá, er halda vill skemmtun, skal tilkynna það oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina. Eigi síðar en 2 dögum eftir að samkoma eða skemmtun hefur verið haldin, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt, samkv. 3. gr. þessarar reglugerðar, af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

## 7. gr.

Forstöðumaður skemmtana ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

## 8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóðs, sem halda skal fénu aðgreindu frá öðrum tekjum hreppsins, og verja til trjáræktar og styrktar leikstarfsemi í hreppnum.

## 9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00. Með mál, sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 34/1918, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 20. maí 1960.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Knútur Hallsson.*



## REIKNINGUR

83

yfir tekjur og gjöld Kirkjubýggingasjóðs árið 1959.

## Tekjur :

1. Frá fyrra ári:		
a. Í lánum kirkna .....	kr. 2287460.00	
b. Innst. í Landsbanka Íslands .....	— 19868.35	
		kr. 2307328.35
2. Framlag ríkissjóðs .....	—	825000.00
3. Afborganir lána .....	—	54405.00
4. Vextir .....	—	5458.88
5. Til jafnaðar við gjaldalið 2 .....	—	540000.00
	Samtals	kr. 3732192.23

járniðnaður:	rafvirkjun,
eirsmíði,	rafvélavirkjun,
járnsmíði,	reiða- og seglasaumur,
ketil- og plötusmíði,	reiðtygja- og aktygjasmíði,
málmsteypa,	skriftvélavirkjun,
rennismíði,	skipa- og bátasmíði,
vélvirkjun,	skósmíði,
kjólasaumur,	steinsmíði,
kjötiðnaður,	sútaraiðn,
klæðskurður:	tágariðun,
karla,	úrsmíði,
kvenna,	útværpsvirkjun,
kökugerð,	vagnasmíði,
leirkerasmíði,	veggfóðrun.

## II. KAFLI

### Námstíminn.

#### 3. gr.

Námstími iðnnema skal vera sem hér segir:

a. 5 ár:

Flugvélavirkjun.

b. 4 ár í eftirtöldum iðngreinum:

Bakaraiðn,  
beykisiðn,  
bifreiðasmíði,  
bifvélavirkjun,  
blikksmíði,  
bókbandsíðn,  
feldskeraiðn,  
gaslagningu,  
glerslípun og speglagerð,  
gull- og silfursmíði,  
hárskera- og rakaraiðn,  
hljóðfærasmíði,  
húsasmíði,  
húsgagnabólstrun,  
húsgagnasmíði,  
járniðnaði:  
eirmsíði,  
járnsíði,  
ketil- og plötusmíði,  
málmsteypu,  
rennismíði eða  
vélvirkjun,  
kjötiðnaði,  
klæðskurði karla,  
kökugerð,  
leirkerasmíði,  
leturgrefti,  
matreiðslu,

málaraiðn,  
mjólkuriðnaði,  
mótasmíði,  
múrun,  
myndskurði,  
offsetiðn:  
offsetmynda- og plötugerð,  
eða offsetprentun,  
pípulögn,  
prentiðn:  
setningu eða  
prentun,  
prentmynda ljósmyndun,  
prentmyndasmíði,  
rafmagnsíðn:  
rafvirkjun eða  
rafvélavirkjun,  
reiðtygja- og aktygjasmíði,  
skipa- og bátasmíði,  
skriftvélavirkjun,  
steinsmíði,  
sútaraiðn,  
tágariðun,  
úrsmíði,  
útvarpsvirkjun,  
vagnasmíði,  
veggfóðrun.

c. 3 ár í eftirtöldum iðngreinum:

Framreiðsluiðn,  
hattasaumi,  
hárgreiðsluiðn,  
kjólasaumi,  
klæðskurði kvenna,

ljósmyndun,  
netjagerð,  
reiða- og seglasaumi,  
skósmíði.

#### 4. gr.

Á stöðum, þar sem ekki er unnt að hafa samfellda vinnu allt árið í einhverri iðn og nemandinn getur fengið aðra atvinnu nokkurn hluta ársins, má dreifa náminu á fleiri ár, þó svo, að samanlagður mánaðafjöldi við námið samsvari þeim árafjölda, er að framan greinir. Þetta skal þó aðeins gert, að hlutaðeigendur séu því samþykkir, enda komi samþykki Iðnfræðsluráðs til. Vinna við iðnnámið má þó aldrei vera minni en 6 mánuðir á ári.

## 5. gr.

93

Nú hefur nemandi áður stundað nám í verklegum skóla eða námskeiði og ákveður Iðnfræðsluráð þá, hverju sinni, samkvæmt umsókn, hversu námstíminn skuli styttest af þeim sökum, enda leggi umsækjandi fram skilríki um fyrra nám sitt.

## 6. gr.

Iðnaðarmaður, sem lokið hefur námi og prófi í einhverri iðngrein, og vill gerast nemandi í annarri iðngrein innan sama flokks, skal ekki þurfa nema hálfan náms-tíma til þeirrar iðnar. Geta skal í námssamningnum ástæðunnar til þess, að samið er um styttri tíma en venjulega. Sama gildir þótt viðbótar- eða framhaldsnámið fari fram í skólum og verkstæðum erlendis.

## 7. gr.

Hafi nemandi áður stundað nám hjá öðrum meistara í sömu iðn, en slitið námssamningi við hann á löglegan hátt, skal sá tími, er hann vann hjá honum, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari, nema að telja megi, að nemandinn hafi eigi notið þeirrar kennslu, sem eðlilegt er með tilliti til hversu langt er liðið á námstímamann.

Sé um skylda iðngrein að ræða, ákveður Iðnfræðsluráð, að hve miklu leyti skuli taka fyrri námstímamann til greina.

## 8. gr.

Hafi nemandi ekki staðizt sveinspróf í iðninni, skal hann eiga rétt á að ganga undir það á ný, þegar það er næst haldið, enda sé hann sjálfráður um það, hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram.

Enginn nemandi getur átt rétt til að ganga undir próf í sömu iðngrein oftar en þrisvar sinnum. Þó má ekki líða lengri tími en tvö ár frá því hann þreytti próf fyrst í iðninni, þar til hann þreytir próf í þriðja sinn.

Ráðherra getur þó veitt undanþágu til að lengja tveggja ára frestinn, ef sér-staklega stendur á.

Nemandi, sem ekki hefur staðizt sveinspróf, en óskar að ganga undir próf á ný, skal ávallt ganga undir próf í sama lögsagnarumdæmi og hann gekk undir próf í fyrsta sinn.

Iðnfræðsluráð getur veitt undanþágu frá ákvæðum síðustu málsgreinar.

## 9. gr.

Námstíminn telst hafinn á dagsetningardegi námssamnings, sem staðfestingu hlýtur, enda hafi nemandi þá byrjað nám sitt.

Námssamning skal senda Iðnfræðsluráði eða iðnfulltrúa til staðfestingar innan eins mánaðar frá dagsetningardegi námssamningsins og er við áritun Iðnfræðsluráðs eða iðnfulltrúa heimilt að breyta byrjunartíma námsins, ef samningur berst eigi innan þess tíma.

## 10. gr.

Daglegur vinnutími nemenda skal vera hinn sami sem sveina í hlutaðeigandi iðngrein; þó skal vinnutími nemenda á vinnustað, á meðan skólavist stendur, vera 12 stundum styttri á viku en vinnutími sveina.

Fari iðnskólakennsla fram í dagskóla með fullum kennslustundum, heldur nemandi kaupí sínu, en mætir ekki til vinnu. Ekki er nemenda skylt að inna af höndum eftirvinnu eða helgidagavinnu.

Þar sem iðnskólar starfrækja verkleg námskeið fyrir nemendur sína, skal viðkomandi iðnmeisturum skylt að láta nemendur sína sækja þau eins og aðrar námsgreinar skólans.

93

22. apríl

11. gr.

Nú hefur nemandi verið frá vinnu sökum veikinda í meir en 6 mánuði samtals á námstímanum, og getur þá Iðnfræðsluráð hverju sinni ákveðið, að námstíminn skuli framlengjast um hæfilegan tíma.

Nú stendur vinnudeila svo lengi að telja má, að nemandi missi verulega í verkelegu námi hennar vegna, og getur þá Iðnfræðsluráð ákveðið að framlengja náms-samninginn um hæfilegan tíma.

12. gr.

Sumarleyfi iðnnema skal vera 18 virkir dagar með kaupí.

### III. KAFLI

#### Námssamningar.

13. gr.

Iðnfræðsluráð skal löggilda meistara og iðnfyrirtæki, sem hafa hæfa meistara í þjónustu sinni, sem hæf til að taka nemendur til náms, og ákveða hverju sinni hversu marga nemendur þau megi hafa út frá því sjónarmiði einu, að nemendur fái notið fullkominnar kennslu í iðninni. Við ákvörðun sína skal Iðnfræðsluráð taka tillit til venjulegs fjölda sveina á vinnustöð, húsnæðis, vélakosts, áhalda og verkefna.

14. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki, sem taka vill nemendur til iðnnáms, skal senda um það skriflega tilkynningu til iðnfulltrúa.

Nú vill einhver komast í iðnnám og skal hann þá sækja um það til iðnfulltrúa og geta þess í umsókninni, hvort hann eigi kost á kennslu hjá ákveðnum meistara eða fyrirtæki. Sé svo ekki, skulu iðnfulltrúar aðstoða umsækjenda við að koma sér í nám eða beina umsókninni til Iðnfræðsluráðs.

Iðnfræðsluráð skal eins fljótt og kostur er á koma á fót hæfniprófum fyrir alla umsækjendur um iðnnám, og ber því að neita að ráða umsækjendur til náms, ef árangur prófsins er neikvæður.

15. gr.

Ekki má unglingur hefja iðnnám yngri en 16 ára. Þó er heimilt, með sérstöku samþykki Iðnfræðsluráðs í hvert sinn, að veita nemendum í léttum iðngreinum undanþágu í þessu efni, enda sé umsækjandi orðinn fullra 15 ára og samþykki foreldra eða lögráðamanns komi til.

Óheimilt er að láta ungling hefja iðnnám, nema hann hafi lokið miðskólaprófi. Iðnfræðsluráð getur þó, þegar sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá þessu ákvæði, hafi unglingurinn lokið skyldunámi og sýni við inntökupróf í iðnskóla, að hann hafi nægilega undirstöðupekkingu í íslenzku og reikningi til þess að fylgjast með kennslu í 1. bekk skólans.

16. gr.

Heimilt er Iðnfræðsluráði að ákveða lágmarkskaup nemenda með hliðsjón af gildandi kjarasamningum í hverri iðngrein á hverjum stað.

Kaup nemenda skal vera viku- eða mánaðarkaup, miðað við fulla vinnuviku, og hafa verkefni hjá meistara ekki áhrif á það.

Heimilt er að breyta kaupákvörðunum meðan á námstíma stendur, ef kaupbreytingar verða í iðninni. Leita skal álits hlutaðeigandi iðngreina, áður en slíkar ákvarðanir eru teknar.

Nú liður einhver tími frá því nemandi lýkur námstíma, þar til næst fer fram sveinspróf í iðninni, og á hann þá rétt á lágmarkskaupi sveina frá því er námstími er á enda samkvæmt námssamningi.

## 17. gr.

93

Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur nemanda til náms, skal gera um það skriflegan námssamning í tveimur eintökum, og heldur hvor sínu eintaki. Viðkomandi iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga með áritun sinni, og eru þeir ógildir ella. Synji iðnfulltrúi um staðfestingu námssamnings, má áfrýja því til Iðnfræðsluráðs.

## 18. gr.

Iðnfræðsluráð leggur til ókeypis eyðublöð undir námssamninginn og ræður gerð hans, og eru námssamningar gerðir á önnur eyðublöð ógildir. Skal námssamningurinn gerður í bókarformi.

## 19. gr.

Nú fer meistari sá, sem skráður er í námssamningi sem lærimeistari nemanda, úr þjónustu iðnfyrirtækis, sem löggildingu hefur hlotið (sbr. 13. gr. reglugerðar þessarar), og ber þá iðnfyrirtækinu að sjá nemanda fyrir öðrum hæfum lærimeistara í iðninni.

Iðnfyrirtækið skal tafarlaust tilkynna Iðnfræðsluráði meistaraskipti, enda skal geta þeirra í námssamningnum.

## 20. gr.

Nú hefur meistari eða iðnfyrirtæki rofið námssamning tvisvar eða vanrækt kennslu eða brotið á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um iðnfræðslu í verulegum atriðum, og getur þá Iðnfræðsluráð svipt hlutaðeiganda rétti til þess að hafa nemendur um tiltekinn tíma eða að fullu. Úrskurði Iðnfræðsluráðs samkvæmt þessari grein má þó áfrýja til dómstóla, enda sé það gert innan 30 daga frá því að úrskurðurinn er birtur hlutaðeigandi aðila.

## IV. KAFLI

## Slit námssamninga.

## 21. gr.

Fyrstu þrjú mánuðir námstímans skoðast sem reynslutími. Hvenær sem er á reynslutímanum getur hvor samningsaðila um sig slitið námssamningi, án þess að tilgreina ástæður, sbr. þó 28. gr.

## 22. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki geta krafizt slita námssamnings:

- a. Ef nemandi vanrækir nám sitt, verklegt eða bóklegt, eða gerir sig sekan um brot gegn öðrum samningsskyldum sínum;
- b. hafi nemandi verið sex mánuði samfleytt frá verki sakir sjúkleika síns;
- c. ef nemandi, að áliti embættislæknis, hefur ekki heilsu til að stunda iðnina.

## 23. gr.

Nemandi getur krafizt slita námssamnings:

- a. Ef komið er ósemilega fram við hann á vinnustöð;
- b. ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar;
- c. ef meistari eða iðnfyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir að reka iðn sína af öðrum ástæðum;
- d. ef nemandi sakir sjúkdóms eða annarra orsaka verður óhæfur til þess að geta unnið að iðninni, eða ef það, að áliti embættislæknis, er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að stunda iðnina;
- e. ef námsstúlka giftist.

93

22. apríl

24. gr.  
Iðnfræðsluráð eða iðnfulltrúar geta slitið námssamningi, að undangenginni rannsókn, ef komið er ósæmilega fram við nemanda á vinnustað, eða ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar, en nemandinn slítur ekki samningi af sjálfsdáðum. Skjóta má þá ákvörðun iðnfulltrúa til Iðnfræðsluráðs.

25. gr.

Rísi ágreiningur milli nemanda og meistara eða iðnfyrirtækis út af námssamningi, skal gerðardómur úrskurða og dæma skaðabætur, nema aðilar komi sér saman um annað.

Úrskurðir gerðardóms eru aðfararhæfir.

Áfrýja má úrskurði gerðardóms til dómstóla og er áfrýjunarfrestur til héraðsdóms 30 dagar frá birtingu úrskurðarins.

26. gr.

Í gerðardómi skulu sitja: lögreglustjóri, þar sem námið fer fram, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, sinn tilnefndur af hvorum málsaðila.

Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðila til að sækja þann fund ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja úrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftari en þrisvar sinnum, og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi gerðarmaður tjáð honum lögleg forföll eða oddvita þykir nauðsyn bera til, til þess að réttur úrskurður verði á lagður. Nú sækir annar hvor gerðarmanna ekki fund og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið.

27. gr.

Jafnan er aðilum heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sér saman um það.

28. gr.

Slit námssamninga eru því aðeins lögleg, að Iðnfræðsluráð eða iðnfulltrúar hafi samþykkt þau með áritun sinni.

29. gr.

Svipti Iðnfræðsluráð meistara eða iðnfyrirtæki rétti til þess að hafa nemendur um tiltekinn tíma eða að fullu, falla úr gildi námssamningar þeir, er hlutaðeigandi meistari eða iðnfyrirtæki er aðili að.

Iðnfræðsluráð skal, þegar þannig stendur á, sjá nemendum þeim, er þannig verða samningslausir, fyrir áframhaldandi kennslu í iðninni.

Meta skal Iðnfræðsluráð hverju sinni, að hve miklu leyti fyrri námstími skuli dragast frá hinum síðari.

## V. KAFLI

### Iðnskólanám.

30. gr.

Meistari og iðnfyrirtæki skulu láta nemendur ganga í iðnskóla og greiða fyrir þá skólagjöld, pappír, bækur og áhöld, sem námið útheimtir.

Þó skal meistara eða iðnfyrirtæki eigi skylt að standa straum af kostnaði þessum lengri tíma en venjulegt iðnskólanám stendur (4 ár).

Hafi nemandi áður lokið námi í iðnskóla, eða ljúki því á styttri tíma en fjórum

árum, ber meistara að greiða honum í peningum það, sem meistari hefði að öðrum 93  
kosti þurft að greiða hans vegna í skólakostnað.

22. apríl

Um skólanámið fer svo sem lög og reglur um iðnskóla segja til um.

## 31. gr.

Lágmarkskröfur til burtfararprófs úr iðnskólum, hvar sem er á landinu, skulu vera sem hér segir:

- I. *Íslenzka*. Nemandi skal geta ritað íslenzku sæmilega, að því er varðar framsetningu, stafsetningu og greinarmerkjaasetningu. Hann skal hafa lesið beygingafræði og setninga- og greinarmerkjafræði og kunna nokkur skil á íslenzkum bókmenntum.
- II. *Reikningur*. Nemandi skal kunna: Samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu með heilum tölum, almennum brotum, tugabrotum og nefndum tölum. Enn fremur einföld og samsett hlutföll (þríliðu), prósentu- og rentureikning og allar helztu mælieiningar lengdar, flatar, rúmmáls, þyngdar og tíma, sem eru löggiltar hér á landi. Auk þess skulu nemendur í húsgagnabólstrun, járníðnaði, myndagerð, klæða- og feldskurði, leirkerasmíði, málun, múr- og stein-smíði, netagerð, prentið, rafmagnsiðn, reiðtygja- og aktygjasmíði, reiða- og seglasaum, sútun, trésmíði, úrsmíði, vagnasmíði og skriftvélavirkjum kunna að leysa uppsettar jöfnur með einum og tveimur óþekktum stærðum, og kunna frumatriði flatar- og rúmmálsreiknings.
- III. *Efna- og eðlisfræði*. Nemandi skal kunna undirstöðuatriðin í eðlis- og efnafræði og enn fremur kunna skil á þeim efnum og áhöldum, sem óhjákvæmileg eru til iðnaðarstarfsins.
- IV. *Bókhald*. Nemandi skal kunna að gera kostnaðaráætlanir um efni og vinnu, halda frumbók, vinnubók, efnisbók, dagbók með tvöföldu dálkakerfi og höfuðbók, enn fremur jafnaðar- og efnahagsreikning.
- V. *Erlent tungumál*. Nemandi skal hafa lesið vandlega sem svarar 100 bls. í 8 blaða broti. Ræður skólanefnd á hverjum stað, hvaða erlent tungumál skuli kennt.
- VI. *Teikning*:
  1. Almenn frihendisteikning: Hver nemandi skal hafa teiknað a. m. k. 15 flatarmyndir og 16 klossamyndir. Auk þess skal hann sýna með prófi, að hann geti teiknað einfalda hluti nokkurn veginn rétt. Allir nemendur skulu taka þátt í frihendisteikningu.
  2. Flatarteikning. Nemendur skulu kunna að mynda horn, hringa, sporbauga, þríhyrninga og aðra marghyrninga, skipta línun, bogum og hornum og innrita og umrita hringa. Nemendur í eftirtöldum greinum þurfa ekki að kunna flatarteikningu: Brauðgerð, framreiðslu, hárskurði, hárgreiðslu, kjötvinnslu, kvenhattasaumi, matreiðslu, mjólkurvinnslu og sútun.
  3. Rúmteikning. Nemendur skulu kunna að gera fallmyndir á tvo fleti af punktum, línun, strendingum, strýtum, keilum, keflum og kúlum og sýna skurðarfleti í þeim. Einnig skulu þeir kunna að nota hjálparflöt og finna sanna stærð flatar og rissa frihendis fallmyndir af hlutum. Nemendur í eftirtöldum greinum þurfa ekki að kunna rúmteikningu: Brauðgerð, kökugerð, bókhandi, framreiðslu, hárskurði, hárgreiðslu, hattasaumi, kjötiðnaði, klæðskurði, kjólasaumi, kvennaklæðskurði, feldskurði, leturgrefti, matreiðslu, mjólkuriðnaði, prentun, rakstri, skósmíði, sútun og veggfóðrun.
  4. Iðnteikning:
    - a. Öllum nemendum, sem iðnteikningu læra, skal kennd teikniskrift, og skal hún notuð við alla teiknikennslu.
    - b. Kökugerðarmenn skulu teikna kökur og kransa, tertur og skraut á þær.

- c. Bata- og skipasmiðir skulu gera línuteikningu af bát eða skipi, er sýni lag skipsins og stærð, útfærsluteikningu, er sýni hvernig línuteikningin er færð út á flöt og hvernig smíðað er eftir henni, miðbandsteikningu og vinnuteikningu, er sýni langskurð skips, þilfarsflöt og lestarop, og seglateikningu, er sýni lengd og gildleika siglu og reiða.
- d. Beykjar skulu gera útlits- og vinnuteikningar af helztu hlutum, sem þeim ber að geta smíðað.
- e. Bókbindarar skulu gera teikningar af skreytingum á spjöld bókar og kjöl.
- f. Bifreiðasmiðir, bifvélavirkjar, blikksmiðir, eirsmiðir, flugvélavirkjar, ketil- og plötusmiðir, málmsteypumenn, vélvirkjar, járn- og renni-smiðir, pípu- og gaslagningarmenn og skriftvélavirkjar, skulu gera frihendis frumdrátt að minni háttar hlutum, sem til iðnar þeirra teljast. Eftir þeim frumdráttum skulu þeir gera útlits- og vinnuteikningar með öllum nauðsynlegum málum.
- g. Gull- og silfursmiðir, leirkerasmiðir, leturgrafarar, myndagerðarmenn, glerslíparar og speglagerðarmenn, myndskerar, offsetprentarar, prentarar og veggfóðrarar teikni frihendis stafi og skreytingar og hluti hver úr sinni iðn.
- h. Hárgreiðslukonur geri teikningar af hárgreiðslu, er hæfi mismunandi andlitsfalli og höfuðlagi.
- i. Húsasmiðir skulu gera vinnuteikningar af hurðum, gluggum, stigum, þökum, bitalögum, handriðum og skápum í eldhús og víðar, með öllum nauðsynlegum málum. Enn fremur skulu þeir teikna einföld hús, bæði grunnmyndir, þverskurði og útlitsteikningar.
- j. Húsgagnabólstrarar geri frihendis teikningar af fjaðrahúsgögnum og dýnum, svo og vinnuteikningar af grindum og fjaðrasetningu.
- k. Húsgagnasmiðir geri útlits- og vinnuteikningar af nokkrum algengum húsgögnum.
  - l. Klæðskerar og feldskerar, kjólasaumarar, kvennaklæðskerar, netjarar, seglasaumarar og skósmiðir geri myndir af hlutum þeim, er varða iðn þeirra, og sýni mál og snið á efnispörtum í hlutina.
- m. Hattasaumarar teikni skreytingu á hatta og húfur.
- n. Málarar teikni frihendis stafi, skreytingar og hluti. Einkum skulu þeir æfðir í skuggateikningum.
- o. Múrarar skulu gera útlits- og vinnuteikningar af hlöðnum múrbogum, múrbindingum, dregnum listum, tröppum, handriðum o. fl., er að iðn þeirra lýtur. Þeir skulu og kunna skil á járnteikningum í járnbenta steinsteypu og geta gert grein fyrir, hvernig járn verði lögð í steypu eftir uppdrætti, er prófnefnd leggur fram, enn fremur kunna skil á einföldum húsateikningum.
- p. Steinsmiðir skulu teikna stólpa, legsteina og minnismarki svo og skreytingar á þau.
- q. Rafvirkjar skulu fá skurðar- og grunnmyndir af 3—4 húsum til mismunandi nota, teikna raflagnir í þau og gera verklýsingu. Skulu teikningar valdar þannig, að þær sýni algengar raflagnir í íbúðarhús, verkstæði og iðjuver. Enn fremur skulu rafvirkjar gera tengimyndir af ýmsum tækjum og búnaði, er við kemur iðn þeirra.
- r. Rafvélavirkjar teikni vélar og tækjahluti, er varða iðn þeirra, svo og vinnuteikningar að einfaldri rafstöð eða háspennustöð.
- s. Reiðtygja- og aktygjasmíðir, tágárar (körfugerðarmenn), mótasmiðir



og vagnasmiðir geri útlits- og vinnuteikningar af þeim hlutum, sem þeim ber að kunna að smíða.

t. Úrsmiðir teikni ganga og hjól í úr.

u. Útvarpsvirkjar teikni mismunandi viðtækjahluti ásamt tengingum þeirra.

93  
22. apríl

VII. *Sérgreinar*: Hárgreiðslukonur og hárskerar kunni lifeðlisfræði hársins og hirðingu þess. Rafvirkjar og rafvélavirkjar kunni undirstöðuatriði í rafmagnsfræði. Matsveinar, bakarar, kökugerðarmenn, kjötiðnaðarmenn og mjólkuriðnaðarmenn kunni undirstöðuatriðin í almennri efnafræði og helztu efnasamböndum fæðutegunda. Leirkerasmiðir, málarar og prentarar skulu kunna undirstöðuatriði almennrar litufræði og samsetningu lita.

### 32. gr.

Í almennum námsgreinum er heimilt að leysa nemendur undan prófskyldu, ef þeir sýna skirteini um burtfararpróf frá gagnfræða- eða héraðsskóla, og hafa hlotið I. einkum í þeim greinum.

### 33. gr.

Kennslustundafjöldi í iðnskólum yfir allan námstímann, skal vera sem næst því, sem hér segir:

Hjá nemendum með 3 ára námstíma	.....	984	kennslustundir.
— — — 4 — —	.....	1302	—
— — — 5 — —	.....	1632	—

### 34. gr.

Viðverubækur þær, er iðnskólar láta nemanda í té, með vikulegum athugasemdum um tímasókn, skal nemandi sýna meistara sínum vikulega og fá áletrun hans um sýningu.

### 35. gr.

Iðnfræðsluráð getur veitt undanþágu frá skólanámi:

1. Hafi nemandi þegar lokið iðnskólaprófi eða prófi við annan skóla, sem ekki hefur veitt minni fræðslu í neinni grein en heimtuð er til burtfararprófs úr iðnskóla.
2. Hafi meistari séð nemanda fyrir annarri kennslu, fullgildri að dómi Iðnfræðsluráðs, enda ljúki hann fullnaðarprófi frá iðnskóla.

## VI. KAFLI

### Verklegt nám.

### 36. gr.

Meistari skal veita nemanda sínum kennslu í iðngreininni og sjá svo um, að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega æfingu í öllum þeim störfum, er iðngreinin tekur til venjum samkvæmt og hafi lært meðferð, hirðingu og beitingu allra áhaldra, er tíðkuð eru í iðngreininni.

### 37. gr.

Heimilt er Iðnfræðsluráði, að fengnum tillögum hlutaðeigandi iðngreina, að setja námsreglur fyrir hverja iðngrein, þar sem sagt er fyrir um störf þau, er nemendur skulu hljóta æfingu í á hverju ári námstímans.

Iðnfræðsluráð getur enn fremur ákveðið, að færðar skuli vinnuskýrslur fyrir nemendur, hvaða verk þeir stundi daglega og hve lengi á dag. Vinnuskýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd, er Iðnfræðsluráð samþykkir.

93

22. apríl

38. gr.

Iðnfræðsluráð skal gefa út eyðublöð undir missirislega umsögn meistara um hæfni nemanda, iðni hans og hegðun. Meistari skal missirislega útfylla eyðublöð þessi og senda þau tafarlaust Iðnfræðsluráði.

39. gr.

Nemendur skulu ganga til þeirra starfa, sem þeim er skipað til í vinnutíma þeirra (sbr. 10. gr. reglugerðar þessarar). Þó skal þeim ekki skylt að inna af höndum þá vinnu, sem þeim er um megn eða skaðleg getur talizt heilsu þeirra.

40. gr.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með iðnnámi, hver í sínu umdæmi. Þeir skulu koma á vinnustöðvar, er nemendur eru að verki, skoða vinnuskýrslur að minnsta kosti árlega og árita þær þar um. Hafi nemandi, að dómi iðnfulltrúa og prófnefndar, ekki hlotið fullnægjandi fræðslu og æfingu, miðað við það, sem liðið er á náms-tímamann, geta þeir lagt fyrir meistaran að bæta úr því innan ákveðins tíma.

Hafi iðngrein fengið námsáætlun staðfesta af Iðnfræðsluráði, skulu iðnfulltrúar fylgjast með að námsáætlun sé framfylgt, og geta í því skyni látið fram fara skyndipróf, hvenær sem er á námstímanum. Iðnfulltrúar skulu kveðja prófnefnd, eða þar til skipaða eftirlitsmenn, sér til aðstoðar við eftirlit með verklegu námi.

41. gr.

Nú stendur yfir verkfall eða verkþann á vinnustöð þeirri, er nemandi stundar nám sitt á, og skal hann þá ekki taka þátt í framleiðslustörfum á meðan. Aftur á móti er nemandi skylt að mæta til æfinga og meðferðar véla og verkfæra á vinnustöð, þar sem því verður við komið.

## VII. KAFLI

### Prófnefndir.

42. gr.

Iðnfræðsluráð skipar prófnefndir innan hvernar iðngreinar og á þeim stöðum, sem þörf er á og hæfir prófnefndarmenn eru á staðnum. Iðnfræðsluráð setur prófnefndum starfsreglur.

43. gr.

Í prófnefnd skulu vera þrjú samiðnaðarmenn, að jafnaði bæði meistara og sveinar, starfandi í iðninni, og eru þeir skipaðir af Iðnfræðsluráði til þriggja ára í senn, og jafnmargir til vara, séu þeir til á staðnum. Skulu þeir skipaðir að fengnum tillögum hlutaðeigandi iðnráðs, en iðnaðarmannafélaga, þar sem iðnráð er ekki til, enda hafi það áður ráðfært sig við hlutaðeigandi iðnfélög, séu þau til á staðnum, en annars við samiðnaðarmenn í iðnaðarmannafélaginu.

Nú er hvorki iðnráð né iðnaðarmannafélag á staðnum og getur Iðnfræðsluráð þá ráðfært sig við einhverja samiðnaðarmenn á staðnum um skipun prófnefndarinnar.

Iðnfræðsluráð tilkynnir prófnefndarmönnum skipunina og sendir þeim jafnframt eitt eintak af reglugerð þessari ásamt einu eintaki af lögum um iðnfræðslu.

Nefndin velur sér sjálf formann, en tilkynna skal hún Iðnfræðsluráði formannsvalið þegar að því loknu.

44. gr.

Nú er á einhverjum stað ekki til nægilega margir samiðnaðarmenn í prófnefnd og getur Iðnfræðsluráð þá skipað menn úr skyldum iðngreinum í prófnefndina.

Einn samiðnaðarmaður skal þó vera í prófnefndinni hið fæsta, sé fulllærður iðnaðarmaður í iðninni til hérlendis.

93  
22. apríl

#### 45. gr.

Nú er á einhverjum stað enginn samiðnaðarmaður annar en meistari próftaka, og skal þá prófið fara fram á öðrum stað innan sama lögsagnarumdæmis, þar sem samiðnaðarmenn eru fánlegir í prófnefnd. Nú er enginn slíkur staður til innan lögsagnarumdæmisins og skal þá prófið fara fram utan lögsagnarumdæmis próftaka, þar sem hentast er að fá prófnefnd. Þó má halda próf á þeim stað, þar sem námið fór fram, ef því verður við komið, að prófnefnd komi þangað, enda sé það sameiginleg ósk meistara og próftaka, og greiði meistari kostnað, sem af því leiðir. Hið sama gildir, þurfi nemandi að fara til prófs utan dvalarstaðar síns.

#### 46. gr.

Meistari próftaka greiðir 600 krónur í prófgjald, sem rennur í ríkissjóð og fylgir prófbeiðninni, og annan kostnað við prófið, að svo miklu leyti sem hann greiðist ekki af opinberu fé, enda á hann sveinsstykkið að prófinu loknu. Þó má próftaki kosta prófið og eiga sveinsstykkið, ef hann óskar þess.

Prófnefnd afhendir viðkomandi lögreglustjóra innborguð prófgjöld við undirritun sveinsbréfa, en hann greiðir þóknun til prófnefndar samkvæmt reikningi, er miðast við það, að prófnefndarmenn fái greitt vinnutap sitt.

Miða skal þóknun prófnefnda við kaupgjald iðnaðarmanna í viðkomandi iðngrein, eins og það er hverju sinni.

#### 47. gr.

Prófnefndir skulu vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með verklegri iðnfræðslu eftir því, sem nánar er fyrir mælt í reglugerð þessari.

Þó getur iðnfræðsluráð skipað sérstaka eftirlitsmenn í þessu skyni, enda sé það gert í samráði við viðkomandi iðngrein.

#### 48. gr.

Verksvið prófnefnda er:

- a. Að vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með iðnnámi, eins og nánar segir í reglugerð þessari;
  - b. að sjá um sveinspróf og dæma þau.
- Prófnefnd getur tekið sér eftirlitsmann til yfirsetu á prófstað og greiði meistari próftaka þann kostnað.

#### 49. gr.

Þá er nemandi hefur lokið iðnnámi, skal meistari hans snúa sér til formanns prófnefndar í iðninni á viðkomandi stað, með beiðni um, að nemandinn fái að ganga undir sveinspróf. Beiðninni, sem skal vera skrifleg, skal fylgja:

1. Námssamningur nemandans;
2. fæðingar- og skírnavottorð nemandans;
3. vottorð meistara eða iðnfyrirtækis um, að nemandinn hafi lokið verklegu námi;
4. burtfararprófskirteini frá iðnskóla;
5. prófgjald það, er um ræðir í 46. gr.

Nú eru, þegar sveinspróf hefst í iðninni, tveir mánuðir eða skemmri tími eftir af námstíma nemanda samkvæmt námssamningi, og getur þá Iðnfræðsluráð heimilað nemandanum að þreyta sveinspróf, enda hafi hann lokið burtfararprófi frá iðnskóla. Í slíkum tilfellum skal þó eigi gefa út sveinsbréf til próftaka, þótt hann standi prófið, fyrr en námstíma hans er lokið samkvæmt námssamningi og skal sveinsprófið talið tekið sama dag og námi lýkur.

93

22. apríl

Þegar svo er ástatt, sem segir í 8. gr. reglugerðar þessarar, getur nemandi jafnan sjálfur snúið sér til formanns prófnefndar á viðkomandi stað, með beiðni um að fá að ganga undir sveinspróf á ný.

Beiðni skal vera skrifleg, og skal fylgja henni það, er greinir í 49. gr. reglugerðar þessarar, enda greiði nemandi þá sjálfur prófgjaldið.

51. gr.

Sé prófnefnd ekki til á staðnum, ber meistara eða iðnfyrirtæki að snúa sér til Iðnfræðsluráðs um að fá skipaða prófnefnd.

52. gr.

Prófnefndarmaður vikur sæti í prófnefnd, ef hann er meistari nemanda eða skyldur honum að feðgatali eða niðja, eða öðrum lið til hliðar, maki hans, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn. Enn fremur skal prófnefndarmaður vikja sæti sé hann starfsmaður hjá meistara þeim eða iðnfyrirtæki, er próftaki stundaði nám hjá.

Víki prófnefndarmaður sæti tekur varamaður sæti í prófnefndinni. Sé enginn varamaður til, skal Iðnfræðsluráð skipa prófnefndarmann hverju sinni.

Aldrei mega tveir menn frá sama fyrirtæki vera prófdómendur samtímis.

53. gr.

Iðnfræðsluráð getur vikið prófnefndarmanni úr starfi, ef hann vanrækir starf sitt eða brýtur af sér á annan hátt, að mati Iðnfræðsluráðs.

54. gr.

Prófdómendur ákveða í samráði við meistara hver prófverk skuli vera (sbr. ákvæði prófverkefna).

55. gr.

Kostnaður við prófnefndir greiðist úr ríkissjóði.

## VIII. KAFLI

### Próf.

56. gr.

Prófið er:

- a. Ákveðið smíði eða verk, samkvæmt 59. gr., er sýni kunnáttu nemandans í iðninni;
- b. vinna á verkstæði eða vinnustað, er sýni leikni nemandans, handlagni og vinnuhraða, 2—6 klukkustundir;
- c. teikning (sbr. 58. gr.);
- d. munnlegt próf um handbrögð, efni, verkefni, tæki og vélar, er varða iðn hans.

57. gr.

Heimilt er Iðnfræðsluráði að setja reglur um munnlegt próf í einstökum iðngreinum eða öllum, enda hafi sérfélög í hlutaðeigandi iðnum haft tillögur um það til meðferðar áður.

58. gr.

Skylt er nemanda að gera prófverk eftir teikningu í þessum iðngreinum:

Beykisiðn, bifreiðasmíði, blikksmíði, hárgreiðslu, bókbandi, feldskurði, gler-slípun og speglagerð, gull- og silfursmíði, hattasaumi, húsasmíði, húsgagnabólstrun,

húsgagnasmíði, eirsmíði, járnsmíði, ketil- og plötusmíði, málmsteypu, rennismíði, vélvirkjun, klæðskurði, kjólasaumi, kvennaklæðskurði, kökugerð, leirkerasmíði, 22. apríl  
 leturgrefti, málaraíð, mótasmíði, múrsmíði, myndskurði, netagerð, prentletursetningu, rafvirkjun, rafvélavirkjun, reiðtygja- og aktygjasmíði, seglasaumi, skipasmíði og bátasmíði, skósmíði, skriftvélavirkjun, steinsmíði, tágariðun, úrsmíði, útvarpsvirkjun, vagnasmíði, veggfóðrun.

Í öllum þessum iðngreinum, og enn fremur í pípulögn og gaslögn, skal próftaki sýna, að hann skilji teikningar og geti unnið eftir þeim.

#### 59. gr.

Prófnefnd ákveður prófverkið í samræmi við það, sem segir í reglugerð þessari. Í þeim iðngreinum þar sem um val verkefna er að ræða, skal haft samráð við viðkomandi meistara um val prófverks. Hún ákveður, hve langan tíma nemandi fær til prófsins og hvernig umsjón með því skuli hagað samkvæmt fyrirráðum Iðnfræðsluráðs. Hér fara á eftir verkefni, sem hæf skulu teljast til prófs, eftir vali prófnefndar; þó skulu önnur verkefni, sem valin kunna að verða, ekki auðleystari en þau, er hér greinir. Þótt tvö eða fleiri tölusett verkefni séu tiltekin í sömu iðn, skal aðeins eitt lagt fyrir nemanda, nema annað sé ákveðið í reglugerð þessari.

#### 1. Brauðgerð og kökugerð.

- a. Í bakaraiðni leysi próftaki af hendi undirbúning brauðgerðar og sýni kunnáttu sína í almennri brauðgerð, svo sem með því að afgreiða pöntunarlista, sem prófnefnd hefur samið fyrir ákveðna tölu brauða, með tilliti til fjölbreytni þeirrar, er nauðsynlegt má teljast í brauðgerðarhúsi á hverjum tíma. Enn fremur skal próftaki reyndur munnlega í ýmsu því nauðsynlegasta, er iðn hans varðar, eins og t. d. í því, er lýtur að ofninum, lífrænni og ólífrænni gerjun, orsökum algengustu brauðgalla og vörnum gegn þeim o. fl.
- b. Kökugerðarmenn skulu undirbúa og fullgera „hátiðarhorn“, rjómaköku, tertu, kransaköku, eða einhverja aðra tilsvarendi hlaðna köku (aufsatz), sem prófnefnd dæmir gilda samkvæmt teikningu. Skreyta möndludeigsköku (marcipan-tertu) eða rjómaköku (tertu) eftir gerðri fyrirmynd. Gera blaðdeig (butterdeig) og gera úr því brauðkollu (postej), og sniðtígla. Gera vinarbrauðsdeig í ákveðna tölu vinarbrauða og annars, sem gert er úr slíku degi. Enn fremur skal próftakinn gefa munnlegar skýringar um sykursuðu og ýmislegt annað, er iðn hans varðar.

#### 2. Bifreiðasmíði.

Próftaki skal velja með drætti eitt atriði úr hverjum neðanskráðra flokka og framkvæma þau atriði, sem hann dregur. Auk þess skal hann sýna kunnáttu sína í rafsúðu og logsjóða saman tvær 1 mm þykkar járnplötur, er séu að minnsta kosti 50 cm á hvern veg.

##### 1. flokkur:

- a. Smíða stafi í bogna hurð;
- b. smíða bita í þak;
- c. setja saman eitt hurðarhorn.

##### 2. flokkur:

- a. Smíða járnklofa, er tengi framstykki við undirvagn;
- b. smíða járnbyggju, er tengi framstykki við hlið;
- c. leggja járn á gluggahorn;
- d. kúpa 1 mm járnplötu;
- e. smíða upp og breyta aurhlífum.

93

22. apríl

## 3. flokkur:

- a. Líma gúmmí á sætisramma og klæða sætið með dúk;
- b. leggja raflögn í þak með tilheyrandi rofa;
- c. skera og slípa hreyfanlega rúðu.

## 3. Bifvélavirkjun.

Próftaki skal:

- a. Stilla legur á sveifarás og gera í þær oliurásir;
- b. stilla undirlyftuás og loka;
- c. stilla ganghjól;
- d. stilla rafkveikju;
- e. stilla bullubolta og hringi;
- f. stilla öxultengil;
- g. stilla stýri;
- h. stilla fjögurra hjóla hemla og aðalhemla;
- i. finna gangtruflun í venjulegri bifvél;
- j. finna straumleka í rafmagnskerfi bifreiðar;
- k. rétta, bæta og logsjóða aurlíf og bifreiðarhús;
- l. bora og slípa bullustrokk;
- m. lýsa gangskiptakassa og ganghjólum, vinnu þeirra og tilgangi;
- n. teikna rafmagnskerfi bifreiðar.

Próftaki skal draga þrjú af framantöldum atriðum og leysa úr þeim verkefnum, er hann dregur. Enn fremur skal prófnefnd leggja fyrir hann spurningar um þau atriði, sem hann tekur ekki próf í á annan hátt.

## 4. Blikksmíði.

Próftaki skal gera eitt af eftirfarandi verkefnum:

- a. Kaffikönnu, lítrataeka, úr látúni eða eir;
- b. þakglugga úr zinkjárnri og þakrennu með horni, stút, niðurfalli, botnsstút og rennublöndun;
- c. ljósker á skip;
- d. kökumót eða ísmót;
- e. baðker úr zinki;
- f. skjalaskrín úr eir, látúni eða zinki eða annað, er prófnefnd tekur gilt, til að sýna leikni og kunnáttu próftakans.

## 5. Bókband.

Verkefni sé í eftirfarandi átta liðum:

- a. Ein bók í alskinn, bogahorn og skinnlögg, gljád snið og allituð eða gyllt, gyllt á kjöl, þrykkt eða gyllt á báðar hliðar eftir eigin teikningu. Minnsta stærð 26 cm á hæð og  $2\frac{1}{2}$ —3 cm á þykkt;
- b. ein bók í skinn á kjöl og hornum, upphleypt, gljád snið eða ýrð, gyllt á kjöl, ekki minni en 22 cm á hæð og 3 cm á þykkt;
- c. ein bók í skinn, grunnfals, saumuð á bendla (nótnabókarband), lín á hliðum, gylltur kjölur, ýrð snið, bogahorn, minnst 35 cm hæð;
- d. ein bók allín, grunnfals, ýrð snið, gylltur kjölur, minnst 21 cm hæð;
- e. tvær bækur í upplagaband, önnur í rexín, hin í skinn. Búa skal til bindin og gylla í vél, setja skinnbókina inn í bindið með kjöhlólk, hina eins og venjulega;
- f. ein bók, minnst 15 arkir, sé heft og sett í kápu. Próftaki handbrjóti arkirnar;

g. unnar séu minnst tvær blokkir, límdar og límt á kjöl;

h. unnar séu minnst tvær blokkir, límdar, vírheftar og límt á kjöl.

Jafnframt verklega prófinu sé munnlegt próf, þar sem próftaki lýsi öllum aðferðum við verkefnið í rétttri röð.

93

22. apríl

## 6. Flugvélavirkjun.

Við prófið skal próftaki sýna að hann kunni:

- a. Grundvallaratriði í byggingu, samsetningu, viðhaldi og viðgerðum á skrokkum loftfara, vængjum þeirra, hreyflum, mælitækjum og öðrum þeim hlutum og áhöldum loftfara, sem þörf þykir á að hann viti skil á. Einnig þær loftferðareglur, sem snerta flugvélavirkjun;
- b. skoðun (eftirlit) á loftfari áður en lagt er upp í flugferð;
- c. hvernig prófa á ýmis efni, sem notuð eru til smíða á loftförum, og þekkja þá galla, sem gera þau ónothæf til smíða eða viðgerða á loftförum;
- d. hitunaraðgerðir, svo sem logsuðu, rafsðu, kveiking, líming og vatnsþétting hinna ýmsu hluta loftfara;
- e. aðgerðir til varnar íkviknun í loftfarinu;
- f. jafnvægishlutföll loftfara við mismunandi hleðslu;
- g. mismunandi gerðir hreyfla, svo sem vökvakælda og loftkælda hreyfla, hvernig þeir starfa o. s. frv.;
- h. reglubundið eftirlit, sem framkvæmt er með vissumillibili (svo sem með 10, 50, 100 og 200 klst. millibili o. s. frv.) og grannskoðun;
- i. skil á eldneysis- og olútegundum, eiginleikum þeirra og notagildi;
- j. færslu flugvéladagbóka fyrir hreyfla og skrokk;
- k. grundvallaratriði flugeðlisfræðinnar.

## 7. Gaslögn.

Við prófið skal próftakinn inna þessi verk af hendi:

Bora gat á götuleiðslu, tengja hana við gasmæli, og fullgera tengslin eftir að lögnin hefur staðið í fullar 20 mínútur undir þéttireynslutæki. Einn fremur leggja gasleiðslu frá gasmæli að minnst þremur gaseldavélum eða baðofni, stilla gaseldavélar og bókunarofnabrennara og slípa þollás. Uppdrátt að lögnum skal ávallt afhenda nemanda fyrir prófið.

## 8. Glerslípun og speglagerð.

Próftaki skal:

- a. Skera, kantslípa og bora glerplötu í innbú verzlunar. Skal glerplatan vera  $60 \times 125$  cm hið minnsta og ekki þynnri en 6 mm;
- b. skera og slípa 25 mm snið (facet) á spegli úr 6—8 mm þykku gleri og sé hann ekki minni en hálfur fermetri að stærð;
- c. skera, kantslípa og skáslípa 5 mm breiðan kant á kringlótta glerplötu úr 6—8 mm þykku gleri og sé glerplatan ekki minni en 80 cm í þvermál;
- d. skera, kantslípa og slípa handgróp í glerhurð úr 6—8 mm þykku gleri og sé hún ekki minni en 100 cm á hæð og 60 cm breið;
- e. gera spegil úr 3 mm gleri, og sé hann ekki minni en  $25 \times 40$  cm að stærð.

## 9. Gull- og silfursmíði.

Próftaki skal smíða:

- a. Úr gulli:
  1. Armband;
  2. brjóstnál;
  3. hálsmen.

93  
22. apríl

- b. Úr silfri:  
1. Stokkabelti;  
2. koffur;  
3. könnu;  
4. bikar;  
5. kökuspaða.

#### 10. Hattasaumur.

Próftaki skal gera vetrarhatt og sumarhatt fyrir fullorðna og einn kvenhatt (úr flóka, silki, ull eða bómullarefni), eftir tízku þess tíma, er prófið er tekið á. Einn hattur skal saumaður eftir teikningu, er prófnefnd velur. — Nemandi velur sjálfur allt efni í hattana.

#### 11. Hárskurður og hárgreiðsla.

##### I. Há r s k u r ð u r :

Próftaki skal sýna leikni í eftirfarandi atriðum:

- Að klippa skipt og uppistandandi hár með skærum og vél, og að klippa skegg eftir tízku hvers tíma;
- að liða og greiða hár og skegg;
- að þvo og þurrka hár og að nudda hársvörð með höndum og rafmagni;
- að nudda andlit með höndum og rafmagni;
- að hjóldraga og brýna hnif og skæri, bera sápu á og raka mann. Skal einkum aðgætt, hvernig nemandi beitir hnífnum og hvernig hann stendur að verkinu.

##### II. Há r g r e i ð s l a :

Próftaki á að liða hár með járnum, setja upp hár, leggja hár og klippa, snyrta andlit og snyrta hendur.

#### 12. Hljóðfærasmíði.

Próftaki skal sýna hæfni í:

##### *Píanósmíði:*

- hvers konar strengjavinnu;
- samsetning og stilling á verki;
- hljómstillingu.

##### *Harmóníumsmíði:*

- koma fyrir lokum, lokutappa og hnésþaða;
- smíða lokufjaðrir og koma fyrir nótnaborði og áttundatengslum;
- hljómstilla harmóníum;
- setja saman, setja upp og stilla verk, belg og nótnaborð.

#### 13. Húsgagnabólstrun.

Próftaki skal bólstra stól eða sófa með fjöðrum í sæti og baki. Einnig skulu armar vera bólstraðir, með eða án fjaðra. Léreft skal nota yfir bólstrið, en síðan skal klætt með húsgagnaáklæði. Léreft (shirting) eða önnur efni má og nota sem áklæði.

#### 14. Járniðnaður.

Í járniðnaðargreinum skal prófi háttað sem hér segir:

##### I. E i r s m í ð i :

Próftaki skal logsjóða eirpíputé, eir í eir, logsjóða látúnshné, kveikja saman eirpípu, logsjóða saman bronz, beygja eirpípu, kveikja stétt á eir-



pípu, kveikja gildan látúnsklampa á þunna látúnsplötu, logsjóða saman látúnsplötur eða annað svipað.

93  
22. apríl

## II. Eldsmíði:

Próftaki skal smíða eldverkfæri, eldfæri, mastursspennu með auga, eða eitthvað svipað, og sýna kunnáttu í eldsuðu.

## III. Ketil- og plötusmíði:

Próftaki skal smíða og merkja upp ketilbotn eða kjölpötu eftir gefnu máli og hnoða kúlu- og sléttþnoð og logskera hnoð og plötur, þetta hnoð og plötubrún, logsjóða plötur, sýna að hann kunni að rafsjóða o. s. frv.

## IV. Málmsteypa:

Próftaki skal móta samsett stykki með kjarna, bræða járn og rauðmálm og steypa í tilbúinn mótakassa, og sýna blöndun á kjörnum og móta-sandi.

## V. Rennismiði:

Próftaki skal smíða og renna eftir teikningu laggarskrúfþoll og ró, eða stimpil, hefla samhliða flöt á fleyg, renna skífu á ás o. s. frv.

## VI. Vélvirkjun:

Próftaki skal steypa hvítmálm í leg, fella leg á ás, máta fleyg í fleygspor, logsjóða plötu, kveikja hólk á pípu, geira tónn, vinda gorm eða eitthvað þess háttar, finna gangtrufun í mótör og sýna hæfni í rennismiði.

## 15. Kjötiðnaður.

Próftaki skal:

- a. Skera helming af nauti til vinnslu;
- b. skera alikálfsskrokk í því augnamiði, að búa til kálfsvefju;
- c. hluta sundur hálfvín;
- d. hluta sundur lambsskrokk;
- e. vefja svínslæri;
- f. búa til bæjarabjúgu;
- g. búa til blóðmör eða lifrarpýlsu;
- h. búa til kjötkæfu eða lifrarkæfu;
- i. enn fremur skal nemandinn munnlega skýra reykingu, suðu, söltun og annað, sem iðninni tilheyrir.

## 16. Klæðskurður og feldskurður.

### I. Klæðskurður:

Próftaki skal teikna, sníða og sauma eitt af eftirfarandi verkefnum:

1. Venjuleg jakkaföt á karlmann;
2. kjólföt á karlmann, handstungin;
3. viðhafnar stuttreyjuföt (smoking);
4. vetrarfrakka (ulster);
5. hálfþóðraðan og venjulegan frakka.

### II. Feldskurður:

Próftaki skal sauma eitt af eftirfarandi verkefnum:

1. Vandaða skinnhúfu með fóðri og broti;

2. fódra frakka með feldum úr heilum skinnnum og setja á hann skinnkraga;
3. feldkápu úr 30 heilum skinnnum eða fleirum (nota skal aftursting við samsaum skinnanna);
4. lausan loðkraga og loðstúku úr skunskinnnum eða marðarskinnnum og fódra hvort tveggja með rykkingum og skrautsaum. Í loðstúkunni skulu vera fleiri en eitt skinn, ef því verður við komið.

### III. Kjól saumur :

Próftaki skal teikna, sníða og sauma eitt af eftirfarandi verkefnum:

1. Síðdegiskjól;
2. kvöldkjól;
3. samkvæmiskjól; eða:
  1. upphlut;
  2. peysuföt (treyju og pils).

### IV. Kvænna klæðskurður :

Próftaki skal teikna, sníða og sauma eitt af eftirfarandi verkefnum:

1. Vetrarkápu með skinni;
2. frakka (ulster, svagger);
3. skinnlausa kápu;
4. peysufatafrakka;
5. jakka og pils (dragt).

### 17. Leirkerasíði:

1. Próftaki skal móta og renna eftirtalda þrjá gripi:
  - a. Skrautker (vasa), hæð ca. 35 cm;
  - b. skál, þvermál ca. 30 cm;
  - c. kónnu, hæð 25 cm.

Einn af þessum munum skal nemandi skreyta með upphleyptu myndaskrauti.

2. Próftaki móti í leir kjertastjaka, geri af honum gibbsform og taki svo leirafsteypu af mótinu.
3. Próftaki sjái um þurrkun þessara fjögurra muna, máli þá og brenni. Glerung og liti skal hann blanda sjálfur og skrifa litalýsingu. Að lokum skal hann slípa botnfleti munanna í slípivél og með handverkfærum.

### 18. Leturgröftur.

Próftaki skal handgrafa fjórar mismunandi leturgerðir á ýmsa lund, innsigli (með eiginhandarskrift, skrifletri eða prentlettri), dyraspjöld með lakki í stöfunum og þrjá stálstimpla, einn með lettri, annan með mynd og þriðja með skrauti (ornament).

### 19. Málun.

- a. Próftaki skal grunnmála, slétta (spartla) og mála húsgagn eða tréflöt,  $1 \times 1,5$  m að stærð, með einum eða fleiri litum. Á þennan flöt máli nemandinn þrjár línur í mismunandi litum og breiddum, þannig að fram komi rétthyrndir fletir. Prófflötinn skal gljálakka eða lakka hann með móðublæ;
- b. próftaki skal mála flöt (pappír strengdan á ramma),  $1 \times 1,5$  m að stærð, með ógljáðum oliulit eða oliumáli, lökkuðu með móðublæ, sem hér segir: Efri hluti flatarins málist með lit, eftir sýnishorni, er nemandinn dregur í lokuðu umslagi. Neðri hlutinn málist með lit, er nemandinn velur sjálfur. Milli

Þessara tveggja lita sé málaður 10 cm breiður borði með þriðja litnum. Á 93  
borðann skal mála skreytingu með oliulitum og skal nemandinn samræma 22. apríl  
áður nefnda liti og skreytingu;

- c. tréflöt,  $1 \times 0,6$  m að stærð, skal grunnmála, slétta (spartla) og mála. Á þennan flöt skal nemandinn mála tré eða marmaralíkingu, lakka og fága með móðublæ;
- d. tréflöt,  $1 \times 0,5$  m að stærð, skal grunnmála, slétta (spartla), mála og lakka. Á þennan flöt skal nemandinn mála sýnishorn af spjaldletri, ekki minna en 25 bókstafi og tölustafi. Próftaki velur stafagerð, en prófnefnd ákveður texta;
- e. á pappaspjald,  $0,4 \times 0,4$  m að stærð, skal mála með límlitum sömu liti og í grunnlitinn í verkefni b.

## 20. Matreiðsla og framreiðsla.

### I. Matreiðslumenn:

Próftaki skal:

- a. Taka bein úr kjöti eða fiski (er kjötið og fiskurinn tölusett og próftakinn dregur eina tölu, og tekur bein úr því, er talan vísar til);
- b. útbúa fiskrétt og kjötrétt til morgunverðar (skal um þrjá rétti í hvoru að velja og dregur próftakinn sinn af hvoru);
- c. skreyta kalda framreiðslu, sem próftakinn má búa til eftir vild, enda hafi hann sjálfur búið til réttinn hjálparlaust;
- d. búa til tvær ídýfur, aðra heita en hina kalda, t. d. „mayonnaise“, „bernaise“ eða „hollandaise“;
- e. gefa skriflega lýsingu á rétti (á matseðli), er prófnefnd tiltekur, hvað í honum sé og hvernig hann sé gerður;
- f. skýra munnlega matseðil, súpu, fisk, millirétti, steik og ábæti. Dregur nemandinn einn réttinn og skýrir hvað í honum sé og hvernig hann sé gerður.

### II. Framreiðslumenn:

Próftaki undirbúi og leggi á borð, þar sem framreiða skal kalda rétti (kalt borð) með tilheyrandi glösum, og annist síðan framreiðsluna. Enn fremur skal hann undirbúa og leggja á borð, þar sem framreiða skal heitan samkvæmismat, með tilheyrandi glösum, og annast síðan framreiðsluna.

## 21. Mjólkuriðnaður.

Próftaki skal:

- a. Vega inn mjólk með sæmilegum flýti, og taka sýnishorn fyrir fitu- og „reduktase“-mælingar. Hann skal fitumæla mjólk eftir aðferð dr. Gerbers og kanna gerlamagn mjólkur eftir aðferð dr. Barthels og Jensens (reduktase-prófun);
- b. setja í gang vélknúna skilvindu, gerilsneiða undanrennu til skyr- og ostagerðar, og rjómann til smjörgerðar. Próftakinn skal gera grein fyrir byggingu og meðferð skilvinda, Pasteurs-hitunartækja, gufuvéla, frystivéla og gufukatla;
- c. hleypa skyr og skýra áhrif hitastigs hleypis og þétta;
- d. búa í vélknúinn strokk, segja um hvenær fullstrokkað er, salta, hnoða og vatnsmæla smjörið, sýna handleikni við töku smjörsins úr strokknum og við smjörmótun (pökkun) með borði eða vél. Próftakinn skal og gera grein

93  
22. apríl

fyrir áhrifum mismunandi hitastigs við skaksturslok og áhrif eltingar á smjörið;

- e. sýna kunnáttu við að sýra rjóma;
- f. gera Gautaost eða einhverja tilsvarendi ostategund (úr 1000—2000 lítra ostakeri), sýna handleikni við mótun hans, skýra aðalganginn í þeim efna-breytingum, er eiga sér stað frá því ostamjólkin er hleypt og þar til ostur-inn er fullgerður. Próftaki skal og sjóða mysuost, hræra hann og móta, og sýna leikni í vinnu í vörugeymslu.

## 22. Múr- og steinsmíði.

### I. M ú r s m í ð i :

Próftaki skal:

1. Múra upp  $1\frac{1}{2}$  steins múr með eins steins bindingu, 1,88 m langan og 1,25 m háan, bindinguna og öll 4 horn hennar skal sléttþúða;
2. hlaða um dyr eða gluggaop og loka að ofan með hringboga, sporöskjuboga eða oddboga. Auk þess skal próftaki sýna leikni í að draga loft-lista og skera saman horn, leggja gólf- og veggflisar og loks að blanda, leggja og binda járnþenta steinsteypu eftir uppdrætti.

### II. Steinsmíði :

Próftaki skal:

1. Höggva og fullgera áttstrendan girðingarstöpul með strendan topp;
2. höggva og fullgera millistein í legstein með holboga umhverfis að ofan;
3. gera legstein með slípuðum og gljáðum framfleti og inngreyptum, gylltum krossi.

## 23. Myndagerð.

### I. L j ó s m y n d a g e r ð :

Próftaki skal:

- a. Framkvæma myndatökur í ljósmyndastofu (mannamyndatökur) við dagsljós eða rafljós og endurtöku á gömlum og nýjum myndum;
- b. framkvæma „negativ Retusch“ (plötur eða filmur), „positiv Retusch“ á myndatökum, ásamt sömu vinnu á endurtökumyndum í frumstærð og stækkunum;
- c. fullgera myndatökur sínar og stækkanir eftir nýjum og gömlum myndum í „Kabinet“ að  $\frac{1}{4}$  úr örk eða stærra, eftir vali prófnefndar;
- d. munnlegt próf skal ná yfir alla almenna byggingu á „Objektivum“ (linsum), skal skilgreina mismunandi tækni þeirra hvers fyrir sig í notkun;
- e. notkun á litskifum skal sundurgreinast, verkun þeirra á mismunandi líti og áhrif þeirra, lit og ljósnæmi á ljósmyndaplötu (film);
- f. öll kemisk efni, er nota þarf við ljósmyndagerð, skulu greind sundur, þau er nota þarf til framköllunar á filmur og plötur og pappír, litunar-böðum og alls annars, er nota þarf til daglegrar vinnu;
- g. þekkja nákvæmlega mismunandi gerðir af filmum og plötum, hraða þeirra, ljósnæmi og litnæmi þeirra, bæði utanhúss og innan, einnig þekkja breytilegar pappirstegundir og hæfni þeirra við mismunandi vinnuskilyrði.

### II. P r e n t m y n d a s m í ð i :

Próftaki skal grafa myndir í zink eða eir, punktamyndir fyrir myndapappír og grófarei pappír, og punktalaus mynd (strikmynd), bæði með ein-

um lit og allt að fjórum litum. Skal hann skila sýnishornum af myndunum 93  
og plötunum tilbúnum til prentunar. 22. apríl

### III. Prentmynda ljósmyndun :

Próftaki skal ljósmynda punktamynd og strikmynd (teikningu), bæði með einum lit og allt að fjórum litum. Einnig skal hann framleiða (framkalla) myndirnar og færa (kopiera) þær á zink eða eir. — Próftaki skal vera fær um að undirbúa ljósmyndaplötur og geta gert munnlega grein fyrir meðferð þeirra efna, er starfinu tilheyra.

#### 24. Netagerð.

Próftaki skal gera eftirlíkingu (model) af botnvörpu, og teikna og gera eftirlíkingu af síldarnót. Stærð eftirlíkinganna ákveði prófdómendur.

#### 25. Offsetiðn.

##### I. Offsetmynda- og plötugerð :

*Fræðilegt:*

Próftaki skal:

- a. Skilgreina ljósmynda filmu efnisfræðilega og þau kemisku efni sem notuð eru við ljósmyndavinnu.
- b. gera sem gleggsta grein fyrir eiginleikum hinna ýmsu prentplatna og skýra hlutverk þeirra kemisku efna sem við plötutöku eru notuð, einnig hvernig skuli blanda, algenga ljósnæma himnu fyrir plötur.

*Verklegt:*

Próftaki skal:

- a. Búa til netmynd og strikamynd í þeim stærðarhlutföllum sem prófnefndin ákveður.
- b. lítaðgreina mynd í allt að fjórum litum, með litnæmum („pankromatískum“) filmum eða plötum. Framkalla þær og yfirfæra síðan á filmur eða pappír.
- c. skeyta saman filmur eftir þeim reglum sem prófnefnd ákveður.
- d. búa til vel prenthæfa plötu eftir net- og strikamynd. Próftaki geri sjálfur plötuna ljósnæma.

##### II. Offsetprentun :

*Fræðilegt:*

Próftaki skal:

- a. Skýra grundvallaratriði offsetprentunar;
- b. gera grein fyrir gerðum og eðli offsetpappírs;
- c. lýsa á sem gleggstan hátt, eðli offsetlita og þeirra hjálparefna sem notuð eru;
- d. gera grein fyrir prenthæfni hinna ýmsu prentplatna.
- e. lýsa gerð og meðhöndlun offsetprentdúks, vatns- og litavalsa.

*Verklegt:*

Próftaki skal undirbúa og stilla nákvæmlega prentvél fyrir þann pappír sem nota á, prenta síðan í 200 eint. fjögurra lita og netmynd er prófnefndin samþykkir. Að lokinni prentun skal próftaki ganga fullkomlega frá plötum og prentvél.

#### 26. Pípulögn.

Próftaki skal leggja einfalda hitalögn og einföld hreinlætistæki á stað, sem prófnefnd útvegar til þess. Skulu verkefni valin, með tilheyrandi teikningum,

93  
22. apríl

einu fleiri en próftakar eru hverju sinni, og dregur hver próftaki sitt verkefni í hvorum flokki. Hann skal og sýna kunnáttu sína við að logsjóða og logskera pípur og tinkveikingu, enn fremur gera beygju eða té, eftir því sem prófverkefnið gefur ástæðu til og prófnefnd ákveður.

## 27. Prentiðn.

### I. Setning:

#### *Fræðilegt:*

Próftaki skal gefa munnleg svör við nokkrum spurningum út úr undirstöðuatríðum, áhaldafraði, íefnisfraði, listfraði og vinnufraði setningar og íslenzkri málfraði áhrærandi stafsetningu, og enn fremur leiðrétting á skakkt stafsettu, en læsilega skrifuðu handriti.

#### *Verklegt:*

Próftaki skal:

- Setja samfellt lesmál í eina klukkustund úr meginmálslettri, fyrirlagt með 4 dt. flögum, línulengd 16—20 dt., setja stafrófsmæli neðan við, lausan frá, prófarka sátrið og leiðrétta síðan og prófarka aftur;
- leiðrétta í meðallagi slæma próförk;
- setja titilsíðu; prófnefnd leggur til handrit og segir til um bókarbrotið, en próftaki ákveður letur og hlutföll;
- setja auglýsingu í blað eða tímarit og eyðublað fyrir verzlunarviðskipti, og segir prófnefnd fyrir um stærðir, en próftaki ákveður letur og fyrirkomulag;
- setja töflu eftir greinilega skrifuðu handriti, er prófnefnd leggur til, og segi hún til um stærð, en próftaki ræður letri og strikaskiptingu;
- framkvæma niðurhlutun („umbrot“) á vélsettu letri í tímaritsopnu (endi á grein og upphaf á annarri), tví- eða þridálka, og auglýsingin og taflan felld í; próftakinn ákveður fyrirkomulag blaðsíðutitils og fyrirsgnir.

### II. Prentun:

#### *Fræðilegt:*

Próftaki skal gefa munnleg svör við nokkrum spurningum um undirstöðuatríði prentunar, um mismunandi gerðir véla og áhöld, eðli og gerðir pappírs, prentliti og tegundir þeirra og mismunandi gerðir prentmynda.

#### *Verklegt:*

Próftaki skal prenta hjálparlaust venjulega bókarörk í hraðpressu, ákveða hlutföll jaðra, litarmagn og aðlögun. Auk þess skal hann raða fram fjórum 8 síðna og tveimur 16 síðna örkum í tvennu lagi, prenta með einum lit eða fleirum í fergispressu eða handpressu sjálfstæða auglýsingu, strikasamfellu eða bréfhaus, prenta mynd (autotypi) á myndapappír; myndina skal aðlaga með undanskurði.

## 28. Rafmagnsiðn.

### I. Rafvirkjun:

#### *Húsalagnir:*

Próftaki skal framkvæma:

- Samanskrúfaða pípulögn í steypulofti, ekki færri en 3 dósir, 4—6 stúta;
- samanskrúfaða pípulögn í bitalofti og tréskilrúm;
- ídrátt og tengingu í loftdósum, uppsetningu á rofum og tenglum;
- blýstrengslögn, minnst 5 metra bugðotta lögn, með eigi færri en 4 þétti-stútum.

*Verkstæðisvinna:*

- a. Tengja sjálfvirkan rofa eða annað fjarstýrt áhald;
- b. tengja stjörnuþrihyrningsrofa;
- c. tengja jafnstraumsrafal eða töflu fyrir hann;
- d. setja saman hitatæki með þrískiptum rofa.

*Teikningar o. fl.:*

- a. Gera uppdrætti af prófverkefnum þeim, er um getur hér að framan, eða öðrum hliðstæðum verkefnum;
- b. sýna þekkingu á gildandi reglum um raflagnir og kunnáttu í að fara eftir þeim;
- c. sýna kunnáttu í meðferð og notkun nauðsynlegra mælitækja;
- d. gera efnisáætlun og verklýsingu á raflögn í húsi með ekki færri en 30 lampastæðum.

*Vinnuhraði, frágangur o. fl.:*

Prófnefnd skal taka tillit til:

- a. Vinnuhraða, vinnuafkasta;
- b. frágangs á verki, smekkvísi og vandvirkni;
- c. meðaleinkunnar við undangengin árspróf.

Heimilt er prófnefnd að fá próftaka önnur verkefni til úrlausnar, en að framan greinir, enda sýni þau ekki síður hæfni hans og kunnáttu í iðninni.

**II. Rafvéla virkjun:**

Próftaki skal:

1. Vefja snúð og sátur rafvéla, gera mælingar á vafi straumvendis og gera grein fyrir árangrinum, reikna út og gera ræsi fyrir rafvél;
2. setja upp vélar í 10 hestafla olíuvélarstöð, eða 10 hestafla vatnsafisstöð með lágspennu, tengja spjöld fyrir vélar og útiliggjandi línur, leggja allar lagnir í stöðinni og ganga svo frá öllu, að stöðin verði reynd í góðum gangi;
3. setja háspennutæki í 50 kw. spennistöð með straumrofa og teinrofa, ásamt tengingu við spennu báðum megin, tengja lágspennuspjald fyrir útiliggjandi línur, grunntengja stöðina, þurrka eða hreinsa olíuna, svo að spennirinn geti starfað öruggt;
4. ganga frá straum- og spennumælum á 500 kw. háspennustöð.

**III. Útvarps virkjun:**

Próftaki skal setja upp útvarpsviðtæki með loftneti og grunntengingu, gera við 3 viðtæki (eitt fyrir rafhlöður, eitt fyrir rakstraum og eitt fyrir riðstraum) og teikna í aðaldráttum straumrásarmynd í tækin og gera grein fyrir gerð þeirra og orsökun bilana, framkvæma deifingu útvarpstruflana frá ákeðnum raforkuvirkjum, sýna að þeir hafi nægilega þekkingu í rafmagnsfræði, útvarpsfræði og hljóðfræði til þess að geta framkvæmt hvers konar mælingar og viðgerðir á flóknum útvarpsviðgerðum, sem nauðsynlegar eru til þess að koma þeim í fullkomið lag, enn fremur, að þeir þekki gildandi lög og reglugerðir, er varða útvarps- og loftskæmtatæki.

**29. Reiða- og seglasaumur.**

Próftaki skal:

- a. Taka mál af gaffalsegli á 60 smálesta skipi eða stærra, eða öðru segli jafnvandasömu, gera uppdrátt af því, skipta niður í dúka, sníða það og sauma

93  
22. apríl

- í höndum með öllum rifgötum saumuðum (ekki „patent kósa“), laga það (afsetja) og sauma utan um það kantkaðal (ligtov), eins og við á;
- b. draga upp reiða á 60 smálesta skipi eða stærra, ákveða gildleika víranna í reiða, búa reiðann til og gera grein fyrir, hvernig á að vinna verkið. Setja síðan reiðann upp og alla stagi, eins og við á. Enn fremur skal hann gera öryggisáhöld eftir nánari ákvörðun prófnefndar.

### 30. Reiðtygja- og aktygjasmíði.

Próftaki skal smíða:

1. Járnvirkjahnakk, ísaumaðan rósum;
2. spaðahnakk með lafaþófum;
3. kragaaktygi;
4. kvensöðul.

### 31. Skósmíði.

Próftaki skal:

- a. Botna eina randsaumaða skó að öllu leyti;
- b. botna og sauma vaðstígvél að öllu leyti.

### 32. Skriftvélavirkjar.

Próftaki dragi þrjú af eftirfarandi verkefnum og leysi úr þeim, sem hann dregur:

1. Renna vals og undirrúllur í reiknivél;
2. stilla bandflutning ásamt sjálfvirkri skiptingu í reiknivél;
3. stilla valshæð í reiknivél;
4. stilla aðalhlreyfistykki ritvéla (Skridtmekanisme);
5. kveikja staf í ritvél;
6. renna skrúfu og tilheyrandi ró, með öfugum skrúfugangi;
7. geira tönn;
8. vinda gorm;
9. taka út stillidælu, skipta um olíu í henni og setja hana í aftur;
10. stilla dós í 10 lykla reiknivél;
11. taka geira úr reiknivél og stilla hann inn aftur;
12. gera grein fyrir höfuðatriðum í byggingu reiknivéla.

### 33. Sútun.

Próftaki skal rota, súta, strá eða kasa og fullgera eina húð og tvö kálfs-skinn (slétt, rauðsútuð), hvítsúta fjögur loðskinn, tvö af dilkum og tvö af öðrum dýrum (fínsútun). Í munnlegu prófi skal nemandi gera grein fyrir sýtunaraðferðum.

### 34. Tágarið.

Próftaki skal gera körfu-hægindastól eða kistu úr grönnum tágum.

### 35. Trésmíði.

I. B á t a s m í ð i :

Próftaki skal smíða:

1. Smábát, fjögurra manna far;
2. skipsbát á togara.



II. **Beykisiðn :**

Próftaki skal smíða:

1. Sívala tunnu;
2. sporöskjulagaðan kút;
3. sporöskjulagaðan bala;
4. sívala skipstunnu.

Próftakinn reikni út stærð ílátsins, sem hann smíðar.

III. **Húsasmíði :**

Próftaki smíði að nokkru eða öllu leyti eitt eða tvö af eftirtöldum verkefnum:

1. Úti- eða innihurð;
2. járna hurð í umgerð;
3. stiga, beinan eða snúinn;
4. handrið á stiga eða svalir;
5. eldhús- eða fataskápa;
6. glugga með opnanlegum ramma;
7. bursta- eða valmaþak;
8. steypumót: þakbrún með strikum; margkantað eða sívalt súlumót með gjörðum, úrskorið fyrir krossbita.

Enn fremur sýni próftakinn hæfni sína í að gera við verkfæri.

IV. **Húsgagnasmíði :**

- a. Próftaki skal leysa af hendi smíði á hlut, sem í er hurð, skúffa eða annað það, sem prófnefnd telur að sýni hæfni próftaka í iðninni. Prófverk skal bóna, mattslípa eða gljáfægja. Heimilt er próftaka að fá vélunnið í prófverkið. Prófverk skulu valin þannig, að þeim sé unnt að ljúka á 150 vinnustundum;
- b. auk þess skal próftaki sýna leikni sína í handbrögðum og vinnuhraða, samkvæmt nánari reglum, þegar því verður við komið.

*Teikning:*

Gera skal rissmynd og hlutateikningu af prófverki. Nú hefur próftaki staðizt fullnaðarpróf í húsgagnateikningu við iðnskóla, þarf hann þá ekki að teikna prófverkið, en er heimilt að fá teikningar hjá húsgagnateiknara.

*Munnlegt próf:*

Að aflokinni smíði skal próftaki svara spurningum um efni, verkefni og annað, er varðar iðnina.

V. **Mótasmíði :**

Próftaki smíði mót að einhverjum mislaga (ósýmmetriskum) hlut, er sé samsettur úr þrem eða fleiri stykkjum, og tilheyrandi kjarnakassa.

VI. **Myndsкурður :**

Próftaki skal skera:

1. Hurðarspjald;
2. spegilfald;
3. myndfald;
4. hillufjöl;
5. stól;
6. skáp;
7. setubekk;
8. rafmagnslampa.

93  
22. apríl

## VII. Skipasmíði:

Próftaki skal smíða:

1. Seglás;
2. mastur;
3. ljóra;
4. niðurgönguskýli;
5. lestarop með öllu, er því fylgir;
6. tréstýri á skip, járnað og að öllu fullgert og ásett;
7. háglugga með umgerð (skylight);
8. stefni í skip eða bát og setja það í;
9. þröm, 30—40 fet, ásetta, og festa á meginþiljur (Waterboard);
10. ytri klæðningu, 30—40 fet, og sé nokkur hluti hennar með beygju.

### 36. Úrsmíði.

Próftaki skal:

- a. Gagnskoða úr (aftrækning);
- b. fódra við miðhjól (centrumshjól) í plötu og stag;
- c. renna og setja steinlegur (steinfatningu) í plötu og stag;
- d. renna óróaás;
- e. setja inn tvöfalda gormfjöður;
- f. renna uppdráttarás.

### 37. Vagnasmíði.

Próftaki skal smíða:

- a. Framhjól á fjórhjóra kerru og setja möndulinn í;
- b. tvíhjóra kerru að öllu leyti.

Eitt ár af námstímanum skal nemandi vera við járnsmíði (eldsmíði).

### 38. Veggfóðrun.

Próftaki skal sýna aðferðir við:

- a. Strigalögn á súðarherbergi með pappírslímingu undir málun;
- b. veggfóðrun á herbergi (kantsett);
- c. skreyting á herbergi með veggfóðri;
- d. að dúkleggja beinan eða snúinn stiga (samf.) með línóleum eða gúmmí;
- e. að dúkleggja herbergi með línóleum og skreyta úr sama efni;
- f. að leggja gúmmí á baðherbergi með húlkílum.

60. gr.

Nú vill próftaki vinna annað verk eða gera annan grip, en prófnefnd hefur ákveðið, og er þá prófnefnd heimilt að leyfa það, ef hún telur það sýni eins mikla kunnáttu próftaka í iðn sinni, og lærimeistari hans lýsir yfir því, að próftaki kunnir einnig að gera það verk, er prófnefnd hafði ákveðið.

61. gr.

Sveinspróf skal halda tvisvar á ári, þannig að þau byrji fyrri helming mánaðanna maí, júní, október og nóvember. Skal Iðnfræðsluráð auglýsa prófin með a. m. k. tveggja vikna fyrirvara. Umsóknir um próftöku skulu komnar til formanns prófnefndar fyrir 1. þess mánaðar, er próf skal fara fram í. Iðnfræðsluráð getur, að fengnum tillögum viðkomandi prófnefndar, leyft að próf fari fram á öðrum tíma en ofan greinir.

## 62. gr.

93

22. apríl

Til þess að tryggja samræmi í störfum prófnefnda, skipar ráðherra sá, er fer með iðnaðarmál, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, einn eða fleiri eftirlitsmenn með prófunum, til 4 ára í senn. Skulu þeir hafa ákveðið eftirlitssvæði, ef fleiri eru en einn, og heimsækja hverja prófnefnd í umdæmi sínu ekki sjaldnar en annað hvort ár, og leiðbeina þeim um það, sem þurfa þykir. Eftirlitsmenn þessir skulu gefa Iðnfræðsluráði árlega skýrslu um störf sín, enda eru þeir háðir fyrir mælum Iðnfræðsluráðs. Kostnaður við ferðir og störf eftirlitsmanna greiðist úr ríkissjóði.

## 63. gr.

Þar, sem prófnefnd eða eftirlitsmaður telja ekki ástæðu til að hafa sérstakan prófstað, skal meistari sjá próftaka fyrir verkstæði og verkfærum við prófið, er metið sé gilt af prófnefnd og eftirlitsmanni.

## 64. gr.

Prófnefnd færir gerðabók um störf sín. Skal hún gerð eftir fyrirmynd, er Iðnfræðsluráð samþykkir. Þá er gerðabók er útskrifuð, skal hún afhendast Iðnfræðsluráði til varðveislu. Enn fremur skal prófnefnd halda bók, er í sé fært nafn próftaka, fæðingardagur hans, fæðingarár og staður, nöfn foreldra hans og atvinna, námstími og iðn, nafn og heimili lærimeistara, prófverkefni, svo og einkunnir í einstökum greinum og aðaleinkunn, er nemandi fær við prófið. Nefnist sú bók prófbók, og skal færast í fjórriti. Skal prófnefnd, að loknu sveinsprófi, afhenda viðkomandi lögreglustjóra eitt eintak, Iðnfræðsluráði annað, Landssambandi iðnaðarmanna hið þriðja og Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands fjórða eintakið.

## 65. gr.

Hlutaðeigandi lögreglustjóri heldur skýrslu um öll sveinsbréf, sem gefin eru út í hans lögsagnarumdæmi. Skal þar tilgreint nafn nemanda, fæðingardagur hans, fæðingarár og staður, nöfn foreldra hans og atvinna, námstími og iðn, nafn og heimili lærimeistara, prófverkefni, svo og einkunnir í einstökum greinum og aðaleinkunn, er próftaki fær við prófið.

## 66. gr.

Óheimilt er að taka mann til sveinsprófs, sem ekki hefur skriflegan námsamning, áritaðan samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og vottorð meistara um, að hann hafi lokið námi sínu samkvæmt samningi, skirteini um fullnaðarpróf frá viðurkenndum iðnskóla, svo og önnur tilskilin vottorð. Undantekningar frá þessu má þó gera, þegar svo stendur á, sem segir í 75. gr., ef Iðnfræðsluráð mælir með þeim.

## 67. gr.

Óheimilt er próftaka að byrja á verki við prófið, fyrr en prófdómendur hafa samþykkt verkstæði eða vinnustað prófsins, upprætti, þar sem þeirra er krafizt, og annan undirbúning undir prófið, ákveðið hvenær verkið skuli byrja og því vera lokið, og fullvissað sig um, að próftaki sé við því búinn að inna verkið af hendi. Eftir að próf er byrjað ber prófdómendum að hafa eftirlit með framkvæmd verksins eftir þörfum, og er þeim í því skyni heimill aðgangur að öllu, er lýtur að verkinu.

Verði ágreiningur milli prófnefndar og próftaka eða meistara hans, skal honum vísað til úrskurðar Iðnfræðsluráðs.

## 68. gr.

Við prófið skal gefa einkunnir frá 1—10. Skal sérstök einkunn gefin fyrir hvern lið, sem nefndur er í 56. gr. og verður meðaltal þeirra einkunna aðaleinkunn prófsins.

- 93** Ekki má láta neinn fá sveinsbréf, sem fær minna en 5 í aðaleinkunn, verklegu  
22. apríl prófi né teikningu, eða minna en 3 í nokkurri prófgrein. Einkunnin 9 og þar yfir  
telst ágætiseinkunn, 7.25—8.99 telst I. einkunn, 6.00—7.24 telst II. einkunn og 5.00—  
5.99 telst III. einkunn.

**69. gr.**

Þegar nemandi hefur lokið prófi og staðizt það, skal prófnefndin þegar gefa  
lögreglustjóra skýrslu um prófið. Hann lætur síðan útbúa sveinsbréf handa nem-  
andanum. Lögreglustjóri leggur til eyðublöð undir sveinsbréfið. Skulu sveinsbréfin  
gerð í bókarformi eða samanbrotin í hylki úr léreftsklæddum (shirtingklæddum)  
pappa 12 × 21 cm að stærð, og hljóða sem hér segir:

**SVEINSBRÉF**

.....  
(Nafn.)

fædd. .... í .....

hinn ..... hefur lokið sveinsprófi í  
.....  
(Iðn.)

þann ..... og fengið þessar einkunnir:

Fyrir prófverkið ..... Fyrir munnlegt próf .....

Fyrir teikningu ..... Fyrir vinnuhraða .....

Aðaleinkunn .....

sem er ..... einkunn.

Aðaleinkunn við hurtfararpróf frá iðnskóla .....

var .....

Prófverkið var .....

.....

..... (Staður.) ..... (Dagur.)

..... formaður prófnefndar. .... meistari.

..... prófnefndarmaður. .... skólustjóri.

..... prófnefndarmaður. .... lögreglustjóri.

Hæsta einkunn er 10. Til að standast próf þarf fyrir prófverkefnið og  
teikningu 5, fyrir vinnuhraða og munnlegt próf 3, en í aðaleinkunn 5.

## 70. gr.

Sveinsbréfin skulu vera gefin út á íslenzku, ensku og þýzku. Óski einhver sér-  
iðn að hafa sérstaka umgerð á bréfinu, skal það vera heimilt á kostnað hlutaðeig-  
andi iðngreinar, en þó því aðeins, að Iðnfræðsluráð samþykki útlit umgerðarinnar.

93

22. apríl

## IX. KAFLI

## Veikindaforföll og slys.

## 71. gr.

Skylt er meistara eða iðnfyrirtæki að greiða iðgjöld fyrir nemendur sína sam-  
kvæmt gildandi lögum um almannatryggingar.

## 72. gr.

Meistara eða iðnfyrirtæki er skylt að greiða nemanda í veikindaforföllum fullt  
kaup í allt að 6 mánuði samtals yfir allan námstímann. Ekki er meistara eða iðn-  
fyrirtæki skylt að greiða nemanda veikindadaga, nema fyrir liggja vottorð um veik-  
indi nemandans frá lækni, sem meistari eða iðnfyrirtæki hefur samþykkt.

Þó á nemandi aldrei rétt á greiðslu í veikindaforföllum vegna sjúkdóma, er  
orsakast af áfengisneyzlu eða notkun deyfilyfja.

## 73. gr.

Nemandi skal ekki neins í missa af launum sínum fyrstu 14 dagana eftir að  
hann forfallast frá vinnu sökum slysa eða sjúkdóma, sbr. þó 1. mgr. 72. gr. reglu-  
gerðar þessarar.

Ekki er meistara eða iðnfyrirtæki þó skylt að greiða nemanda kaup, ef slysið  
stafar af áfengisneyzlu, notkun deifilyfja eða öðrum orsökum, er nemandi á sjálfur  
sök á beint eða óbeint, með vítaverðu hirðuleysi eða gáleysi.

## 74. gr.

Nú hefur meistari eða iðnfyrirtæki innt af hendi greiðslu samkvæmt 72. og  
73. gr. reglugerðar þessarar, en þriðji maður hefur valdið sjúkdómnum eða slysinu  
með bótaskyldu atferli sínu samkvæmt almennum skaðabótareglum, á þá meistar-  
inn eða iðnfyrirtækið endurkröfurétt á hendur honum á því fé, sem meistarinn eða  
iðnfyrirtækið hefur þess vegna greitt nemandanum.

## X. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 75. gr.

Nú fatlast iðnnemi andlega eða líkamlega, meðan á námstíma stendur eða hefur  
þegar fatlast þannig, þegar þessi reglugerð öðlast gildi, að hann telst ekki fær um  
að leysa af hendi sveinspróf eða ljúka iðnskólanámi, en telst þó fullgildur verk-  
maður í sumum greinum iðnarinnar, og skal þá Iðnfræðsluráð, að fengnum tillög-  
um viðkomandi iðngreinar og áliti trúnaðarlæknis, gera tillögur til ráðuneytisins  
um það, hvort veita megi hlutaðeiganda réttindi til að stunda iðnina, án réttar til  
meistarabréfs, og tekur ráðuneytið ákvörðun um það, að fengnum þeim tillögum.

## 76. gr.

Það varðar sektum, ef ekki liggur þyngrri refsing við brotinu samkvæmt öðrum  
lögum að:

- 93** 1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga um iðnfræðslu, nr. 46 frá 22. apríl 25. maí 1949, og reglugerðar þessarar;  
 2. brjóta gegn ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar þessarar, um daglegan vinnutíma nemanda;  
 3. vanrækja að láta nemanda stunda skólanám;  
 4. koma ósæmilega fram við nemanda;  
 5. óhlýðnast fyrirmælum iðnfulltrúa eða Iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda. Sektir skulu renna í ríkissjóð. Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögglumál.

77. gr.

Kostnaður við starf Iðnfræðsluráðs, iðnfulltrúa og prófnefnda, þ. á m. eftirlit prófnefnda með iðnnámi, greiðist úr ríkissjóði.

78. gr.

Nú kemur upp starfsgrein, sem ekki er gert ráð fyrir í reglugerð þessari, en telja má að heyri undir iðnað, og skulu þá hlutaðeigendur, sem starfsgreinina stunda, senda Landssambandi iðnaðarmanna erindi um, að starfsgreinin verði viðurkennd sem iðngrein, og leggja fyrir það tillögur um nafn iðngreinarinnar, námstíma, kunnáttukröfur og prófkröfur. Skal síðan Landssambandið undirbúa málið undir næsta iðnþing og leggja málið fyrir það. Samþykki iðnþingið, að rétt þyki að gera starfsgreinina að sérstakri iðngrein, skal Landssambandið leita samþykkis ráðuneytisins til þess. Fallist ráðuneytið á að gera starfsgreinina að iðngrein, breytir það reglugerð þessari eftir þörfum í samræmi við það og gefur lögreglustjórum í kaupstöðum, að fengnum tillögum Landssambands iðnaðarmanna, fyrirmæli um það, hversu haga skuli veitingu starfsréttinda í hinni nýju iðngrein, þangað til fylgt geti orðið almennum ákvæðum þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 30. gr. laga nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður reglugerð um iðnfræðslu, nr. 130 12. júní 1952, ásamt reglugerð um breytingu á henni, nr. 80 22. júlí 1959.

*Iðnaðarmálaráðuneytið, 22. apríl 1960.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Páll Pálmason.*

Fylgiskjal.

93

22. apríl

## Athugasemd við 17. gr. reglugerðar um iðnfræðslu.

Námssamningurinn samkvæmt framanskráðri reglugerð er svo hljóðandi:

## N Á M S S A M N I N G U R

í .....	iðn
Meistari .....	.....
Nemandi .....	.....
Fæðingardagur og ár .....	.....
Lögsagnarumdæmi .....	.....
Nám hefst .....	.....
Námi lýkur .....	.....

Breytingar, sem verða kunna á námstíma, námsefni, meistaraskipti o. fl., skal skrá á bls. 14.

Lög um iðnfræðslu, nr. 46 frá 25. maí 1949, er tóku gildi 1. jan. 1950.

Í samræmi við framanskráð lög gerum við undirritaðir eftirfarandi

## N Á M S S A M N I N G

og skuldbindum okkur til að hegða okkur eftir fyrirmælum greindra laga í viðskiptum okkar út af samningi þessum.

## 1. gr.

Námsgreinin er ..... og hefst námstíminn hinn ..... dag .....mán. 19....., og er kennslutíminn ákveðinn .... ár og er því á enda hinn ..... dag .....mán. 19.....

## 2. gr.

Þrjá fyrstu mánuði námstímans ber að skoða sem reynslutíma og getur hvor aðili sem er slitið samningnum innan þess tíma, án þess að tilgreina ástæður (sbr. 25. gr. laga um iðnfræðslu, 1. mgr.).

## 3. gr.

Lágmarkskaup nemanda er ákveðið:

1. ár .....	.....
2. ár .....	.....
3. ár .....	.....
4. ár .....	.....

Þá greiðir meistari allan kostnað við iðnskólanám nemanda, svo og sjúkrasamlags- og tryggingargjöld (sbr. 17. og 23. gr. laga um iðnfræðslu).

Sumarleyfi fær nemandi 18 virka daga árlega með óskertu kaupi.

93

22. apríl

4. gr.

Lærimeistari skal eftir megni varna því, að nemandi verði fyrir spillandi áhrifum. Hann má ekki setja nemandann til þeirrar vinnu, sem er skaðleg fyrir heilsu hans eða honum um megn, og ekki er nemandi skylt að stunda aðra vinnu en þá, er lýtur að námi hans. Nemandi skal sýna lærimeistara sínum trúmennsku og hlýðni og fylgja honum að störfum, svo sem kraftar hans og kunnátta leyfir.

5. gr.

Lærimeistara ber að sjá um, að nemandinn stundi nám í iðnskólanum .....  
..... og ljúki þaðan burtfararprófi.

6. gr.

Lærimeistar anum ber að sjá um, að nemandinn taki sem skjótustum framförum í iðn sinni og geti, þegar kennslutíminn er á enda, hjálparlaust leyst af hendi sveinspróf í ..... samkvæmt reglugerð.

7. gr.

Geti nemandinn ekki að afloknu námi staðizt próf og ekki fengið sveinsbréf, er votti að hann sé orðinn fær í sinni grein, og orsök in er sú, að lærimeistari hefur ekki látið sér fyllilega annt um kennslu hans, er lærimeistari skyldur að greiða nemandanum skaðabætur eftir mati gerðardóms þess, er fyrirskipaður er í 13. og 27. gr. laga um iðnfræðslu.

*Athugasemdir.*

Hér ber m. a. að geta þess, hver annist kennslu nemandans, þ. e. sé lærimeistari hans, ef í hlut á fyrirtæki, þar sem forstöðumaður eða eigandi hefur ekki meistara- réttindi í iðngrein þeirri, sem numin er, o. s .frv.

.....  
.....  
.....

Skilmála þá, sem settir eru í framanskráðum námssamningi, skuldbindum við okkur til að halda í öllum greinum og styðja að því eftir megni, að ákvæðum hans verði fullnægt meðan á námstímanum stendur.

Samningur þessi er gerður í 2 samhljóða eintökum og fær hvor aðili sitt eintak.

.....dag .....mán. 19.....

.....

(Meistari eða iðnfyrirtæki.)

.....

(Nemandi.)

.....

(Faðir eða fjárhaldsmaður.)

---

*Áritun Iðnfræðsluráðs og iðnfulltrúa:*

Inn í framanskráð eyðublað má bæta ýtarlegri samningsatriðum, en heimilt er Iðnfræðsluráði að breyta slíkum ákvæðum eða strika út, ef það telur, að þau komi í bág við iðnfræðslulögin.



## AUGLÝSING

94  
31. maí

### um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Félagsmálaráðuneytið hefur í dag, samkvæmt lögum nr. 19/1905 og lögum nr. 55/1921, staðfest byggingarsamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykkt, sem birt var með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948, með síðari leiðréttingum, að öðru leyti en því, sem hér segir:

I. kafli 1. gr. 2. liður fellur brott. Í staðinn kemur: Þyki lóðareiganda eða lóðar-leigjanda rétti sínum hallað með ályktun byggingarnefndar, er honum heimilt að skjóta henni til bæjarstjórnar og til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðs.

Nú greinir byggingarnefnd og bæjarstjórn á um afgreiðslu máls, og sker þá stjórnarráðið úr.

I. kafli 2. gr. 1. liður. Fyrsta málsgrein fellur brott. Í staðinn kemur: Byggingarnefnd skipa 6 menn: bæjarstjóri, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóri, tveir menn kosnir hlutfallskosningu innan bæjarstjórnar, en 2 menn utan, einnig kosnir af bæjarstjórn árlega samtímis öðrum fóstum nefndum.

2. málsgr. orðið „slökkviliðsstjóri“, fellur brott.

II. kafli 4. gr. 7. liður. Í 4. línu „...“ skal vera 42.0×59.4 eða 59.4×84.1 cm og sé á ...“ fellur brott. Í staðinn kemur: skal vera 42.0×59.4, 59.4×84.1 cm eða aðrar DIN-A stærðir, og sé á ... Síðasta málsgrein: „Standi alveg ...“ fellur brott.

II. kafli 4. gr. 11. liður. Síðasta málsgreinin „Þessar tilkynningar ...“ fellur brott og í stað kemur: og hafi þeir ritað nöfn sín á uppdrátt þann, er geymist í skjalasafni nefndarinnar.

XV. kafli 36. gr. 1. liður breytist þannig: Fyrir leyfi til að reisa hús eða breyta skal greiða í bæjarsjóð 75 aura fyrir hvern teningsmetra af utanmáli hússins. Gjald þetta skal talið í heilum krónum, og telst hluti úr krónu sem heil króna. Minnsta gjald er 50 krónur.

XV. kafli 36. gr. 2. liður fellur brott.

XV. kafli 36. gr. 3. liður. Í stað „15 krónur“, kemur: 50 krónur.

XV. kafli 36. gr. 4. liður 4 lína. Í stað „10 krónur“, kemur: 50 krónur.

XV. kafli 36. gr. 6. liður breytist þannig: Ofangreindar upphæðir eru miðaðar við verðlagsvísitölu 100. Gjöld samkvæmt grein þessari má innheimta með álagi samkvæmt meðal verðlagsvísitölu næsta árs á undan.

XVI. kafli 37. gr. 1. liður breytist þannig: Samþykkt þessi gildir fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

XVI. kafli 38. gr. Í síðustu málsgrein fellur brott „eða oddvita“.

XVI. kafli 40. gr. breytist samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. maí 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

### um sölu og útflutning á vörum.

#### 1. gr.

Þeir, sem vilja bjóða íslenzkar afurðir til sölu á erlendum markaði, selja þær til útlanda eða flytja úr landi, skulu afla sér leyfis ríkisstjórnarinnar til þess. Slíkt hið sama gildir um allar aðrar vörur en íslenzkar afurðir. Ekki þarf þó leyfi fyrir gjafasendingum og vörusýnishornum að verðmæti allt að 1000 krónum.

#### 2. gr.

Útflutningsleyfi getur ríkisstjórnin bundið skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, þar á meðal um verðjöfnun innbyrðis við sölu vöru sömu tegundar og gæða á aðgreindum mörkuðum, og að hver framleiðandi skuli bera fjárhagslega ábyrgð á vöru sinni vegna galla.

#### 3. gr.

Samráð skal haft við Landsbanka Íslands, Seðlabankann, um veitingu leyfa til útflutnings, er greiðist í jafnkeypisgjalddeyri, ef sá útflutningur er umfram þær upphæðir, sem gildandi viðskiptasamningar við hlutaðeigandi jafnkeypislönd gera ráð fyrir.

#### 4. gr.

Útflytjendur eru skyldir að veita ríkisstjórninni þær upplýsingar, sem hún óskar, um allt er varðar sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda.

#### 5. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessarar reglugerðar, skal sæta 50—500 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessarar reglugerðar, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 500 þúsund krónum. Ef miklar sakir eru, eða brot itrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum, og sviptá má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á reglugerð þessari fara að hætti opinberra mála.

#### 6. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð nr. 109 6. september 1948, um sölu og útflutning á vörum.

#### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 27. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjalddeyrismála o. fl., og öðlast gildi 1. júní 1960.

*Forsætisráðuneytið, 31. maí 1960.*

**Ólafur Thors.**

*Knútur Hallsson.*

## AUGLÝSING

### um sölu og útflutning á vörum.

96

31. maí

Útflutningsnefnd sjávarafurða hættir störfum frá og með 1. júní 1960, sbr. 14. gr. laga nr. 30 27. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Jafnframt hefur verið ákveðið, samkvæmt heimild í 8. gr. sömu laga, (sbr. reglugerð, útgefna í dag, um sölu og útflutning á vörum), að leyfi útflutningsdeildar viðskiptamálaráðuneytisins þurfi til að bjóða íslenzkar afurðir til sölu á erlendum markaði, selja þær til útlanda eða flytja úr landi.

Útflutningsdeild viðskiptamálaráðuneytisins veitir einnig leyfi til útflutnings á erlendum vörum og enn fremur íslenzkum afurðum og sýnishornum, sem ekki eiga að greiðast í erlendum gjaldeyri. Gjafir og sýnishorn að verðmæti allt að 1000 krónum eru þó undanþegin leyfum.

Útflutningsdeild viðskiptamálaráðuneytisins mun fyrst um sinn hafa skrifstofu á Klapparstig 26, 4. hæð, þar sem útflutningsnefnd sjávarafurða hefur haft afgreiðslu.

Athygli skal vakin á því, að leyfisgjald samkvæmt eldri reglugerð (1%) hefur verið fellt niður frá og með 1. júní 1960.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 31. maí 1960.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Jónas H. Haralz.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Ólafs Finns- 97 sonar og Guðrún Tómasdóttur frá Fellsenda í Miðdölum í Dalasýslu, útgefin á 3. júní venjulegan hátt að mandatnum af dómsmálaráðherra 3. júní 1960.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Ólafs Finnssonar og Guðrúnar Tómasdóttur frá Fellsenda í Miðdölum í Dalasýslu.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Ólafs hreppstjóra Finnssonar frá Fellsenda og konu hans Guðrúnar Tómasdóttur.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af eftirlátnum eigum Finns Ólafssonar heildsala í Reykjavík til minningar um látna foreldra hans, Ólaf og Guðrúnu. Meðal annarra eigna d.b. Finns er hlutafé í h.f. Hvalur og jarðirnar Fellsendi og Svarfhóll í Miðdölum. Skal jörðin Fellsendi vera ævinlega eign sjóðsins. Hlutafé í h.f. Hvalur verður óseld eign sjóðsins fyrst um sinn, undir umráðum sjóðstjórnar.

97

3. júní

3. gr.  
Peningaeign sjóðsins skal geymast og ávaxtast í Landsbanka Íslands, eða á vegum hans, þar til sjóðurinn hefur starfsemi sína samkv. 4. gr. og má ekki skerða höfuðstólinn eða vexti til þess tíma.

4. gr.

Sjóðnum skal varið til þess að reisa og reka elli- og hjúkrunarheimili fyrir Dalasýslu. Forgöngu til vistar á heimilinu hafa gamalmenni úr Suðurdölum (Hörðudals-, Miðdala- og Haukadalshreppum) og síðar aðrir íbúar Dalasýslu eftir því, sem rúm leyfir.

Þegar sýnt þykir að sjóðurinn ásamt öðrum framlögum, er honum kunna að berast, er orðinn það efnum búinn að honum er fært að reisa hús yfir vistmenn og starfsfólk heimilisins og getur staðið undir nauðsynlegum rekstrarkostnaði, skal hafizt handa um að reisa þetta dvalarheimili gamalmenna. Skal reisa það í landi jarðarinnar Fellsenda, þar sem hagfeldast þykir.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum: Bankastjóra frá Landsbanka Íslands, kosnum af framkvæmdastjórum Viðskiptabanka Landsbankans, en undirritaður skiptaforstjóri skal þó vera í stjórninni svo lengi sem hans nýtur við, sýslumanni Dalasýslu, héraðslækninum í Dalasýslu, sóknarpresti Suðurdalabyrga og hreppsnefndaroddvita Miðdalahrepps. Endurskoðendur tvo velur sýslunefnd Dalasýslu.

6. gr.

Árlega skal gera reikning yfir hag sjóðsins og leggja hann fram endurskoðaðan fyrir sýslunefnd Dalasýslu og birta síðan í Stjórnartíðindum Íslands.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild stjórnartíðinda.

Reykjavík, 3. júní 1960.

Jón G. Mariásson.

98

8. júní

## AUGLÝSING

### um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

Frá og með 9. júní 1960 ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júní 1960.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

*Ragnar Bjarkan.*

## AUGLÝSING

99

10. júní

um staðfestingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Laxárdalshrepp í Dalasýslu.

### I. Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi gildir fyrir Búðardalskaup­tún í Dalasýslu og Laxárdalshrepp, eftir því sem við getur átt.

#### 2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 3 menn. Lög­reglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina og er lög­reglustjóri formaður hennar. Þriðji nefndarmaðurinn er kosinn af hreppsnefnd.

#### 3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þegar honum þykir þörf á eða einhver nefndar­manna óskar þess. Auk þess sér hann um, að fyrirskipunum nefndarinnar sé hlýtt. Fundir séu ekki haldnir sjaldnar en tvisvar á ári, vor og haust.

### II. Um hreinlæti og þrifnað.

#### 4. gr.

Heilbrigðisnefnd skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er um ræðir í þessari samþykkt eða þýðingu hefur fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign. Heilbrigðisnefnd skal færa inn í sérstaka bók allt það, er hún finnur aðfinnsluvert. Hún skal, fyrst munnlega, og síðan, ef það ber ei árangur, skriflega, skipa þeim, sem hlut eiga að máli, fyrir um það, hvað gera skuli til umbóta.

#### 5. gr.

Telji heilbrigðisnefnd nauðsynlega einhverja þrifnaðar- eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefur í för með sér útgjöld úr hreppssjóði, skal hún leggja málið fyrir hreppsnefnd og fara fram á, að féð sé veitt. Þó getur nefndin látið gera bráðnauðsynlegar þrifnaðarbætur án fengins samþykkis hreppsnefndar, ef brýna nauðsyn ber til, að þær séu gerðar tafarlaust, svo sem ef farsótt kemur upp í kaup­túninu. Neiti hreppsnefnd slí­kri fjárveitingu, er heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar, sem ræður úrslitum.

#### 6. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu, og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni, sem í húsinu býr, að vera húsráðandi. Skal húsráðandi gegna öllum skyldum eftir samþykkt þessari, með tilliti til eignarinnar, sem annars hvila á húseiganda.

Búi enginn í húsinu, skal húseigandi hafa umboðsmann á samþykktarsvæðinu, sem heilbrigðisnefnd geti snúið sér til, ef þörf gerist.

#### 7. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á, að ekki safnist fyrir óhreinindi á opnum svæðum eða óbyggðum lóðum. Í fjöruna eða á almannafæri, má enginn fleygja frá sér slori, hræjum, rusli né öðru því, er valdið getur óhreinindum og óhollustu.

Á húshliðar, gafla eða girðingar, sem vita að götu eða torgi, má ekki hengja fiskföng eða annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur af.

99

10. júní

8. gr.

Skyldir eru menn að halda hreinum portum eða öðrum óbyggðum lóðum kringum hús sín. Skulu þeir hreinsa burt af lóðum sínum öll brot eða leifar af girðingum, heykumlum, húsum eða öðru þess háttar, ef það veldur óþrifnaði að dómi heilbrigðisnefndar.

Lóðaeigendum er skylt að girða lóðir sínar sæmilegum girðingum og halda þeim við, enda skal girðingum svo háttáð, að rottur og mýs geti ekki falizt í þeim.

9. gr.

Enginn má fleygja rusli eða öðrum óþverra inn á annars manns lóð né hella skolpi þar, sem það rennur inn á lóð annarra eða út á almannafæri. Eigi má heldur bera út sorp eða önnur óhreinindi þangað, sem óðaðun leggur af því að húsum annarra. Undanþeginn þessu banni er þó venjulegur húsdýraáburður á þeim tíma árs, þegar borið er á tún eða í garða. Heilbrigðisnefnd úrskurðar um ágreining milli nágranna út af þessum ákvæðum. Þeir sem flytja eftir götum kaupþúsins áburð, for, saur, sorp, slor eða annað þvilíkt, skulu gæta að því að spilla því ekki á göturnar, og getur heilbrigðisnefnd fyrirskipað sérstaka gerð á vögnum þeim, sem til slíks flutnings eru ætlaðir.

10. gr.

Á hverju vori, í maí eða júní, getur heilbrigðisnefnd fyrirskipað að láta fara fram hreinsun á öllum göturæsum, opinberum lóðum og opnum svæðum, sem almenningur hefur not af. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði. Þá skulu og allir húsráðendur láta hreinsa öll óhreinindi af lóðum sínum. Vanræki einhver þessa hreinsun, er heilbrigðisnefnd heimilt að láta framkvæma verkið á kostnað lóðarhafa. Kostnað, sem af því leiðir, má taka lögtaki hjá lóðarhafa.

### III. Um fráræslu.

11. gr.

Þar í kaupþúninu, sem ekki næst til sameiginlegrar skolpveitu fram í sjó, og á meðan það er ekki, er heimilt að veita eldhús- og þvottaskolpi í lokaðar gryfjur, enda séu þær hæfilega langt frá húsi, viðunanlega gerðar að dómi heilbrigðisnefndar og hreinsaðar eftir þörfum.

12. gr.

Ef skolpveita er gerð á opinberan kostnað, skulu þeir, sem hús eiga nærri veitunni, skyldir að gera skolpræsi hver frá sínu húsi, út í þá veitu, og skulu þau ræsi ekki miður gerð en aðalveitan.

### IV. Um vatnsból.

13. gr.

Gengið skal á allan þann hátt frá öllum þeim vatnsbólum, sem neyzluvatn er tekið úr, að ekki geti runnið í þau yfirborðsvatn, enda skal allur útbúnaður vatnsbóla vera háður fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Skylt er að gæta hins ýtrasta þrifnaðar með og við slík vatnsból, og getur heilbrigðisnefnd bannað allar þær aðgerðir í námunda við þau, sem að hennar dómi geta orðið til þess, að óhreinindi berist í þau. Nefndin getur og bannað að taka vatn úr vatnsbólum um stundarsakir, ef hún telur hættu á því, að vatnið geti verið óheilmæmt, eða látið leggja vatnsból niður með öllu, ef mikil brögð eru að.

## V. Um íbúðarhús og lóðir.

99

10. júní

### 14. gr.

Íbúðarhús skulu að jafnaði vera byggð meðfram götum í skipulegum röðum, og lóðirnar umhverfis þau vera girtar og ræktaðar. Bæði hús og girðingar skulu vera í því ástandi, að almennum kröfum um þrifnað, hreinlæti og smekk sé fullnægt, að dómi heilbrigðisnefndar.

### 15. gr.

Ekki má reisa íbúðarhús né láta fara fram höfuðviðgerð á gömlu húsi, nema í samráði við og með samþykki heilbrigðisnefndar, sem sér um, að almennum heilbrigðiskröfum um íbúðir og búnað þeirra sé fullnægt. Niðurröðun bygginga og húsaskipan í kaптúninu skal vera háð eftirliti og fyrirmælum heilbrigðisnefndar, meðan ekki er til sérstök byggingarnefnd eða byggingarsamþykkt fyrir kaптúnið.

### 16. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilsuspillandi sé fyrir íbúana, að dómi heilbrigðisnefndar, eða einstök herbergi þess svo óþrifað eða illa úr garði gerð, þá getur nefndin krafist þess af húseiganda, að úr sé bætt tafarlaust, eða bönnuð að öðrum kosti íbúð í húsinu eða einstökum herbergjum þess. Ekki má gera úr garði íbúð í kjallaraherbergi, nema með sérstöku leyfi heilbrigðisnefndar.

## VI. Um veggjalús og kakkalakka, rottur og önnur meindýr.

### 17. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður veggjalúsar, kakkalakka eða annarra þess háttar óþrifa í húsum þeirra eða híbýlum.

Óheimilt er að leigja íbúð eða íbúðarherbergi í húsi þar sem slíkra óþrifa verður vart, fyrir en óþrifunum hefur verið útrýmt.

Enginn má flytja sig eða búslóð sína úr þess háttar híbýlum og í önnur híbýli, nema ráðstafanir, sem heilbrigðisnefnd metur gildar, séu gerðar, til þess að óþriffin berist ekki með honum.

Skylt er húsráðanda að gera ráðstafanir til að eyða veggjalús og öðrum þess háttar óþrifum úr húsum sínum og hlíta um það fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

Nú vanrækir húsráðandi að gera slíkar ráðstafanir innan þess frests, sem honum er settur af heilbrigðisnefnd, og er þá nefndinni heimilt að láta framkvæma ráðstafanir á kostnað aðila.

Rottu- eða músagang í húsum skal ætíð tilkynna heilbrigðisnefnd, og gerir hún þá — í samráði við hreppsnefnd — ráðstafanir til útrýmingar þeirra, eftir því sem föng eru á. Heilbrigðisnefnd getur heimtað af húseigendum endurbætur á húsum, er miða að því að gera þau rottuheld.

## VII. Um peningshús, hauga og forir.

### 18. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að hafa kvikfénað í íbúðarhúsum manna eða í byggingum, sem áfastar eru þeim.

### 19. gr.

Peningshús, forir, haugstæði eða áburðarhús má reisa á þeim stöðum einum, er heilbrigðisnefnd gefur leyfi til, og má enginn byrja á framkvæmd slíks verks né láta fara fram höfuðviðgerð á eldra mannvirki slíkrar tegundar, nema að fengnu

99 samþykki heilbrigðisnefndar, og skulu umsóknir um það sendar henni skriflega.  
 10. júní Heilbrigðisnefnd úrskurðar um það, hvað kallast skuli höfuðviðgerð í þessu sambandi. Umsækjanda skal skylt að hlýða fyrirmælum nefndarinnar um gerð slíkra mannvirkja, afstöðu þeirra til gatna og annarra húsa og útbúnað þeirra og frágang að öðru leyti.

Nú er fyrirmælum heilbrigðisnefndar um frágang og umgengni um forir og peningshús ekki hlýtt, og getur nefndin þá látið fjarlægja umræddar byggingar, að gefinni aðvörun.

Ef peningshús, haugstæði, forir eða áburðarhús, sem eldri eru en samþykkt þessi, valda miklum óþrifnaði, getur heilbrigðisnefnd krafizt þess, að þau verði lögð niður. Sama máli gegnir um opnar heytóftir, enda má ekki hafa opin heystæði annars staðar en þar, sem heilbrigðisnefnd gefur leyfi til.

### VIII. Um salerni og sorpskrínur.

#### 20. gr.

Hverju íbúðarhúsi og hverri vinnustöð skal fylgja salerni, að jafnaði eitt fyrir hverja íbúð. Þau skulu, nema um vatnssalerni sé að ræða, vera á afskekktum stöðum, sem heilbrigðisnefnd ákveður. Salerni skulu vera þannig gerð, að sem auðveldast sé að þrifa þau og ekki stafi af þeim óþrifnaður, enda getur heilbrigðisnefndin sett nánari reglur um gerð þeirra og frágang. Salernum skal jafnan halda vel hreinum, og saurilátin skulu tæmd jafnóðum, áður en þau fyllast.

#### 21. gr.

Veitingamenn, kaupmenn og vinnuveitendur skulu skyldir að reisa salerni, svo mörg, sem heilbrigðisnefnd telur þurfa, til afnota fyrir viðskiptamenn sína og verkamenn og sjá um hæfilegan þrifnað á þeim. Skylt er bæði íbúum kaupsinsins og aðkomumönnum að nota salerni til þarfinda sinna, og varðar sektum samkvæmt samþykkt þessari, ef út af er brugðið.

#### 22. gr.

Ef salerni, sem eldra er en samþykkt þessi, er svo illa gert, að óþrifnaður stafar af, getur heilbrigðisnefnd krafizt þess af húseiganda, að hann geri nýtt salerni, sem gengið sé frá á viðunandi hátt. Ef salerni, sem eldra er en samþykkt þessi, er þannig sett, að það er til óþrifnaðar eða mikilla lýta, að dómi nefndarinnar, getur hún krafizt þess, að það sé flutt.

#### 23. gr.

Heilbrigðisnefnd getur skipað svo fyrir, að hverju húsi skuli fylgja sérstök sorpskrína undir sorp, rusl og ösku, er til fellur frá húsinu. Setur þá nefndin reglur um gerð skrinunnar.

#### 24. gr.

Heilbrigðisnefnd segir fyrir um, hvert flytja skuli innihald saurkagga og sorpskrína, en þau skulu tæmd svo oft, að ekki hljótist óþrif af. Hreppsnefnd hefur heimild til að ráða sérstakan mann til að annast sorphreinsun og salerna-hreinsun, og má þá jafna kostnaðinum niður á húsráðendur í hlutfalli við mannfjölda.

### IX. Um iðjuból og vinnustaði.

#### 25. gr.

Um iðjuból og vinnustaði fer eftir ákvæðum laga nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og reglugerða samkvæmt þeim lögum.



Í kaupþúninu má enginn þann iðnað reka, sem óþrífnaður eða óhollusta getur stafað af, nema með leyfi heilbrigðisnefndar og á þeim stöðum einum innan kaupþúnsins, er nefndin samþykkir, enda skal allur slíkur iðnaður vera háður eftirliti nefndarinnar og fyrirmælum hennar, um hreinlæti og heilsuvernd, utan húss og innan. Undir óhollustu í þessu sambandi, skal telja mikinn hávaða. 99  
10. júní

## 26. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa sérstakt eftirlit með slátrum búpenings og líta eftir því, að alls þrífnaðar sé gætt á slátursvæðinu og í kringum það, enda skulu allir, sem við slátrun fást eða vinna, skyldir til að hlýða fyrirmælum hennar í þessu efni, hvaðan sem þeir eru.

## 27. gr.

Gæta skal þess sérstaklega í sláturhúsum, að hundar geti ekki náð til sollinna líffæra, og skal öllum sullum safnað saman og þeim komið fyrir eftir ákvörðun heilbrigðisnefndar. Að lokinni sláturtíð skal hreinsa allt slátursvæðið, en meðan á slátrun stendur, skal daglega hreinsa sláturhús og sláturskyggni, eftir því sem föng eru á og heilbrigðisnefnd kann að heimta.

**X. Um samkomuhús og sölubúðir.**

## 28. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með samkomuhúsum og sölubúðum í kaupþúninu og sjá um, að slíkir staðir séu hreinsaðir, svo oft sem hún telur þess þörf, og af þeim, sem hún telur til þess færa. Skulu hús þessi þvegin hátt og lágt að minnsta kosti einu sinni á ári og gólf í þeim hvern þann dag, sem notuð eru.

Þurrka skal iðulega af öllum húsgögnum, áhöldum, gluggakistum, búðarhillum og þess konar, og ryksjúga áklæði, vefnaðarvörustranga og því um líkt. Starfsfólk skal eiga greiðan aðgang að salernum og handlaugum.

## 29. gr.

Hverju samkomuhúsi skulu fylgja salerni, svo mörg og stór, sem heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt, og þannig útbúin og hirt, sem nefndin mælir fyrir um.

**XI. Um geymslu söluvarnings.**

## 30. gr.

Heilbrigðisnefnd segir fyrir um geymslu á vörum, einkum neytluvörum, og húsnæði, þar sem slíkar vörur eru geymdar.

Getur hún ákveðið endurbætur, lagfæringar og hreinsun á geymsluhúsi og kveðið á um meðferð vörunnar, eftir því sem þurfa þykir.

## 31. gr.

Geymslur skulu vera vel loftræstar, rakalausar, rottuheldar og þrífalega umgengnar.

## 32. gr.

Nú verður í slíkum geymslum eða vörum vart einhverra lifandi óþrifa, og skal þá tafarlaust tilkynna það heilbrigðisnefnd, sem gerir ráðstafanir til útrýmingar þeim, enda getur nefndin bannað að nota húsnæðið, þangað til óþrifum hefur verið eytt.

99

## XII. Um gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.

10. júní

33. gr.

Sá, sem vill fá leyfi lögreglustjóra til að setja á stofn eða reka gistihús, matsöluhús eða veitingastofu, skal hafa til þess meðmæli heilbrigðisnefndar. Um hvers konar veitingasölu og gistihúshald skal gætt fyrir mæla laga nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu og gistihúshald o. fl., með áorðnum breytingum samkv. lögum nr. 33 13. júní 1937 o. fl. Að öðru leyti er sú starfsemi háð fyrir mælum 35.—39. gr.

34. gr.

Herbergi, sem leigð eru til gistinga, skulu fullnægja sömu skilyrðum, sem sett eru um venjuleg íbúðarherbergi.

Gólf í gistihúsum og veitingastofum skulu lögð gólfdukk eða öðru jafnhentugu efni. Veggir og loft skulu máluð eða þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Allur sængurbúnaður skal fullnægja almennum kröfum um efni og gerð. Skal rúmfatnaður ætíð vel hirtur og laus við fúkkalykt eða aðra ólykt. Skipta skal um rekkjuvoðir og koddaver að minnsta kosti vikulega og ávallt, er nýjum gesti er fylgt til sængur.

35. gr.

Veitingastofur skulu vera bjartar og loftgóðar, og skal inngangur í þær gerður um anddyri.

36. gr.

Gestir og starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að vatnssalernum og handlaugum, svo og fatageymslum.

37. gr.

Um meðferð matar og annarrar neyzluvöru, sem framleidd er á matsölu- og veitingastöðum, fer eftir almennum lögum og reglum, er á hverjum tíma gilda um það efni.

38. gr.

Starfsfólk sé ekki haldið næmum sjúkdómi, hafi heilt hörund og sé hreinlegt í klæðaburði og umgengni.

## XIII. Um skóla.

39. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða skólahús á nefndarsvæðinu, hvort heldur eru í opinberri eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar á ári.

40. gr.

Ræsting á kennslustofum fari fram daglega utan skólatíma, og skulu gólf, borð og bekkir, gluggakistur o. s. frv. rækilega þvegin, en ekki sópuð.

41. gr.

Skóla- eða kennslustofu má ekki hafa til annars en kennslu, nema með leyfi heilbrigðisnefndar, enda sé þá fylgt fyrir mælum hennar og kröfum um ræstingu eftir á.

## XIV. Um matvæli.

99

10. júní

## 42. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á, að ekki sé höfð á boðstólum matvara, sem sé svikin, skemmd eða skaðleg fyrir heilsu manna, og sjá um, að fram fylgt sé ákvæðum laga nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, svo og reglugerða samkvæmt þeim lögum.

## 43. gr.

Nú er bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn, að einhver matvara sé skemmd eða skaðleg, og skal þá eyðileggja vöruna eða gera hana á einhvern hátt óskaðlega heilsu manna á kostnað þess, sem vöruna hefur á boðstólum.

## 44. gr.

Ekki má selja kjöt af sjálfdauðum eða sjúkum skepnum, nema héraðs-læknir dæmi það ósaknæmt. Er þeim, sem slátrar sjúkum skepnum, skylt að tilkynna það héraðslækni, ef nota á kjötið eða innyflin til manneldis.

## 45. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað sölu á þeim matvælum, sem eru óþrifaleg, skemmd, svikin eða ástæða er til að ætla, að sýkingarhætta stafi af. Hún getur bannað sölu mjólkur og annarra matvæla á þeim stöðum og frá þeim stöðum, þar sem ekki er haft nægilegt hreinlæti við framleiðslu eða meðferð matvællanna, eða þar, sem sýkingarhætta stafar frá mönnum eða skepnum. Slikt bann má auglýsa opinberlega. Nefndin getur fyrirskipað berklarannsókn á öllum kúm innan kaup-túnsins, eða á heimilum innan þess eða utan, sem selja mjólk í kauptúnið.

## XV. Um aðstoð við sóttvarnir.

## 46. gr.

Heilbrigðisnefnd skal aðstoða héraðslækni við almennar sóttvarnir eftir óskum hans og þörfum. Ef hættuleg farsótt kemur upp, er nefndinni heimilt að setja um stundarsakir, með ráði héraðslæknis, sérstök fyrir mæli um aukið hreinlæti utan húss og innan, um meðferð og dreifingu matvæla og annað, er að heilsuvernd lýtur, svo og að ráða fólk til bráðabirgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar.

## XVI. Lokaákvæði.

## 47. gr.

Heilbrigðisnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum samþykktar þessarar, ef sérstaklega stendur á og ríkar ástæður mæla með því.

## 48. gr.

Heilbrigðisnefnd skal fá allan útlagðan kostnað greiddan úr hreppssjóði eftir reikningi. Rísi ágreiningur milli heilbrigðisstjórnar og hreppsnefndar út af reikningum þessum, skal sýslunefnd skera úr málinu, en skyld skal hreppsnefnd að leggja féð fram í bili.

## 49. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá skipun, sem heilbrigðisnefnd gefur samkv. henni, þá varðar það sektum

**99** allt að 5000.00 krónum nema þyngri refsing liggja við að lögum, og rennur sektarféð í 10. júní sveitarsjóð.

Nú vanrækir maður að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefur löglega fyrirskipað eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er þá nefndinni heimilt, að láta vinna það sem þarf, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá aðila, með lögtaki, ef þörf gerist.

Enn fremur er lögreglustjóra heimilt eftir beiðni heilbrigðisnefndar, að stöðva starfsemi, er fellur undir samþykkt þessa, um stundarsakir, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni aðvörun.

50. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skulu fara að hætti opinberra mála.

51. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum. Fellur þá jafnframt úr gildi heilbrigðissamþykkt fyrir Laxárdalshrepp og Búðardalskaupþún í Dalasýslu nr. 139 frá 30. nóv. 1910.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest framanrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Laxárdalshrepp í Dalasýslu, er hreppsnefndin hefur samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. júní 1960.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

**100** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarstjóð Jónatans Guðmundssonar frá Víkum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. júní 1960.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jónatans Guðmundssonar, frá Víkum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jónatans Guðmundssonar, frá Víkum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru eftirlátnar eigur Jónatans Guðmundssonar, Lækjarbakka, gefnar með erfðaskrá, dags. 1. jan. 1931.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til náms í iðnaði eða verklegum listum, frændur Jónatans heitins Guðmundssonar af Víknaætt, karla og konur, afkomendur Árna Guðmundssonar bónda í Víkum í Skagahreppi, bróður gefandans, heimilisfasta í

Skagahreppi. Nú er ekki um neinn umsækjanda eða styrkþega að ræða, er upp- **100**  
 fyllir framangreind skilyrði, og má þá veita styrk úr sjóðnum efnilegum um- 10. júní  
 sækjendum öðrum, sem heima eiga í Skagahreppi.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins er í höndum hreppsnefndar Skagahrepps undir eftirliti sýslu-  
 nefndar Austur-Húnavatnssýslu, og skal hreppsnefndin ávaxta hann í Sparisjóði  
 Húnavatnssýslu, eða á annan jafn tryggan hátt.

Ekki má úthluta úr sjóðnum fyrir en höfuðstóll hans er orðinn kr. 20000.00 —  
 tuttugu þúsund — og má þá verja  $\frac{3}{4}$  af vaxtatekjum hans til úthlutunar. A. m. k.  $\frac{1}{4}$   
 vaxtanna skal leggjast við höfuðstólinn árlega, svo og það fé, sem ekki er út-  
 hlutað árlega.

#### 5. gr.

Leita skal staðfestingar Stjórnarráðs Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar A-Húnavatnssýslu, 3. maí 1960,  
 samkvæmt tillögum hreppsnefndar Skagahrepps í samræmi við ákvæði arfleiðslu-  
 skrár.

Skrifstofu Húnavatnssýslu, 30. maí 1960.

Guðbrandur Ísberg.

## REGLUGERÐ

### um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavík.

**101**

13. júní

#### 1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda á samkomustöðum í Suður-Þingeyjarsýslu  
 (sveitum né kaupst.), nema að fengnu leyfi sýslumanns Þingeyjarsýslna eða bæj-  
 arfógeta Húsavíkur. Skal hann jafnframt ákveða hvort löggæzla skuli vera á  
 skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkvæma skulu sækja um  
 leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda skal.

#### 2. gr.

Dómsmálaráðherra getur að fengnum tillögum sýslumanns löggilt einstaka  
 löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver á sínu löggæzlu-  
 svæði.

En löggæzlusvæðin eru þessi:

1. Húsavík og Tjörneshreppur.
2. Reykja-, Aðaldæla- og Reykdælahreppar.
3. Skútustaðahreppur.
4. Bárðdæla-, Ljósavatns- og Hálshreppar.
5. Grýtubakka- og Svalbarðsstrandarhreppar.
6. Flateyjarhreppur.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni (eða  
 bæjarfógeta) um að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlu-  
 svæði, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtun á að hefjast og dvelja þar, þangað

**101** til henni er lokið og mega þeir eigi fara af staðnum fyrr en húsum þeim er  
 13. júní skemmtun var haldin í, hefur verið lokað og samkomugestir farnir af staðnum. Ef löggæzlumaður hefur forföll svo að hann eigi getur mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan til að annast löggæzlustarfið. Löggæzlumanni til aðstoðar á hverju löggæzlusvæði, skulu tveir menn löggiltir vera, og getur hann kvatt þá til aðstoðar, er hann telur þess þörf. Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur aðalmenn eða aðstoðarmenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins.

### 3. gr.

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja burtu af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda. Auk aðstoðarmanna sinna hinna löggiltu geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að halda uppi reglu, forstöðumenn skemmtunarinnar og þjónustumenn hans og aðra borgara.

Ef löggæzlumanni virðist ölvun á skemmtun ætli að verða lítt þolandi er honum heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í og skal þeim húsum lokað.

Leiki rökstuddur grunur á að áfengi sé selt úr bifreiðum á staðnum eða á annan hátt, eða í námd við staðinn, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að leita áfengis í bifreiðum þeim, og rannsaka svo sem nauðsyn krefur.

Að lokinni skemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig sakir ölaði manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölvæðir á skemmtuninni og sem eigi hafa hlýtt fyrir mælum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreysti og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.

### 4. gr.

Sýslumaður (bæjarfógeti eftir atvikum) gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um hvernig þeir skuli haga störfum sínum. Löggæzlumönnum öllum skal láta ókeypis í té einkennishúninga og einkennishúfur.

Séu gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlumanns eða aðstoðarmanna hans, er þeir sinna lögreglustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, ef hann eigi fæst bættur á annan hátt.

Ríkissjóður annist slysatryggingu allra þessara löggæzlumanna.

### 5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra, 400.00 kr. fyrir skemmtun hverja, er þeir hafa eftirlit með. Aðstoðarmönnum þeirra skal greiða 300.00 kr. fyrir hverja skemmtun. Þeim skal öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmtistað, eftir samkomulagi eða eftir reikningi. Á Húsavík tímakaup samkv. taxa.

### 6. gr.

Sýslumaður skal, þegar hann sér ástæðu til, eða samkv. óskum félagssamtaka í sýslunni, kalla forstöðumenn samkomustaða í sýslunni og í Húsavík, saman á fund. Á þeim fundi skal rætt um á hvern hátt þess verði bezt gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu á því ári fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og löggæzlumenn mæta.

### 7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim er greinir frá í 6. grein verða sammála um að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að sök að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja skemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo úr sínum

hópi með fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, **101**  
er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint að hafi hegðað sér ósæmilega á 13. júní  
skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að skemmtunum innan héraðs, og um hve  
langan tíma.

#### 8. gr.

Skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanns samkvæmt 3. grein, kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 7. grein, á fund og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslu eftirlitsmanns og skýrslur fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur, að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtun, skuli bannaður aðgangur að skemmtunum innan héraðsins og um hve langan tíma bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim, er banninu er beint gegn. Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum um það að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

#### 9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd þessarar reglugerðar greiðist að  $\frac{3}{4}$  úr ríkissjóði en að  $\frac{1}{4}$  úr viðkomandi sveitarsjóði (eftir atvikum úr bæjarsjóði), að því er laun aðallöggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur, að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennibúninga löggæzlumanna, einkennishúfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkv. 5. grein.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag skemmtun á samkomustað innan héraðs, getur sýslumaður (bæjarfógeti) krafizt þess, að sá aðili greiði hluta sveitarsjóðs (bæjarsjóðs) af kostnaði við eftirlit með skemmtuninni, og getur sýslumaður sett það sem skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1940 um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. júní 1960.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

**102**

16. júní

Frá og með 18. júní 1960 ganga í gildi viðaukar og breytingar, útgefnar í dag, á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júní 1960.*

F. h. r.

**Gústav A. Jónasson.**

*Ragnar Bjarkan.*

B 35

## REGLUR

### um félagsheimilið Végarð.

#### 1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Végarður í Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu. Lóðin er á erfðafestu úr prestsetrinu Valþjófsstað.

Lóðarstærð: 6386 fermetrar, afgirt.

Eigendur félagsheimilisins eru Ungmennafélag Fljótsdæla, Fljótsdalshreppur og kvenfélagið Einingin í Fljótsdal.

#### 2. gr.

Fimm manna húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Tilnefni stjórn ungmennafélags Fljótsdæla þrjá menn, hreppsnefnd Fljótsdalshrepps einn mann og kvenfélagið Einingin í Fljótsdal einn mann.

Jafnmargir varamenn skulu kjörnir á sama hátt.

Húsnefnd skipti sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda Þjóðskjalasafni gerðabækur þess til vörzlu.

#### 3. gr.

Húsnefnd heldur fund er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund, ef  $\frac{1}{3}$  nefndarmanna æskja.

Aðalfundur eigenda félagsheimilis skal vera ár hvert. Skulu þangað kvaddir með hæfilegum fyrirvara stjórnendur allra þeirra félaga, sem eru eigendur félagsheimilis. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðanda. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið á yfirstandandi ári.

Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað.

Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna.

Húsnefndarmenn hafa hver um sig eitt atkvæði á aðalfundi og hver félagsstjórn þrjú atkvæði. Félagsstjórnir skýra frá því á aðalfundi, hvern þær hafa valið af sinni hálfu í húsnefnd næsta ár. Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilaskjóði. Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

#### 4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. að ráða húsverð, þar sem þess er þörf að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt;
- b. að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur nauðsynlegt. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn;
- c. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra;
- d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins;
- e. að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda;
- f. að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda;
- g. að sjá um, að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni;



- h. að sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst;  
i. að sjá um, að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

103

20. júní

## 5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins. Skytt er þeim að heimila félögum, er greinir í 1. gr. laga nr. 77 1947, um félagsheimili, innan sama byggðarlags afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á af notum af félagsheimili, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

## 6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fái til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

## 7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega váttryggt.

## 8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn, eða eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loks loka vel gluggum og hurðum.

## 9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess, þ. á m. að gólf séu þvegin úr sápuvatni, salerni hreinsuð vandlega með sótthreinsandi efni og fatageymslur, bað- og búningsherbergi ræst.

Árlega skal fram fara gagnger ræsting alls hússins.

## 10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri, gripheldri girðingu, er haldið sé vel við.

Hestagirðing eða bifreiðastæði skal vera í námunda við félagsheimilið, ef því verður við komið.

## 11. gr.

Fánastöng skal koma fyrir á húsinu eða við það. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúra skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina.

Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum.

## 12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega, með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnað, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistæki, eldavel og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

103

20. júní

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

13. gr.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

Þó má í þessu efni veita undanþágu í veizlum, sé þess sérstaklega óskað, enda komi samþykki húsnefndar til.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1957, um félagsheimili, öðlast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Végarði, 5. ágúst 1959.

F. h. Ungmennafélags Fljótsdæla,  
Bergljót Jörgensdóttir, formaður.

F. h. Fljótsdalshrepps,  
Benedikt Friðriksson, oddviti.

F. h. Kvenfélagsins Einingin,  
Lára Ó. Kjerúlf, form.

Framanskráðar reglur staðfestist hér með.

*Menntamálaráðuneyti, 20. júní 1960.*

F. h. r.

**Ásgeir Pétursson.**

*Knútur Hallsson.*

104

22. júní

## S A M Þ Y K K T

### um lokun sölubúða í Húsavík.

1. gr.

Sölubúðum í Húsavík skal lokað, eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

All virka daga ársins, skulu sölubúðir vera lokaðar frá kl. 18 til kl. 8.30, þó skulu vera frá þessu þær undantekningar er nú skal greina:

Aðfangadag jóla skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13. Gamlaársdag og laugardag fyrir páska kl. 16. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 24 og þriðja virkan dag fyrir aðfangadag til kl. 22. Frá 1. janúar til 30. apríl skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13 á laugardögum.

Á tímabilinu 1. maí til 20. september skal á laugardögum loka sölubúðum eiga síðar en kl. 12 og á föstudögum eigi síðar en kl. 19.

Frá 21. september til 31. desember skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 16 á laugardögum.

3. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst mega engar sölubúðir vera opnar. 1. desember og 1. maí skal sölubúðum lokað kl. 12.

## 4. gr.

104  
22. júní

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skulu enn fremur vera þessar undantekningar: Brauð- og mjólkurbúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst frá kl. 9—12, eingöngu til sölu á brauðvörum, mjólk og mjólkurvörum.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó eigi heimilt að selja eftir lokunartíma sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

## 5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúðir fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

## 6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, á torgum eða götum eða annars staðar utan sölubúða, nokkurn þann varning, er ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja bátum eða skipum eftir lokunartíma, veiðarfæri, kol, olíu, vistir og aðrar nauðsynjar, svo og bifreiðum benzín og olíur. Einnig er heimilt að selja langferðamönnum nesti fyrir lokuðum dyrum.

## 7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga. Einnig er lögreglustjóra heimilt að fyrirskipa lokun sölubúða einn dag í einu, eftir áskorun bæjarstjórnar.

## 8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20 til 500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð Húsavíkur. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Húsavíkur samkv. lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin samþykkt nr. 190 13. nóv. 1953, um lokunartíma sölubúða í Húsavík.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

**105** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Barnaheimilissjóð Hafnarfjarðar, 22. júní útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. júní 1960. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Barnaheimilissjóð Hafnarfjarðar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Barnaheimilissjóður Hafnarfjarðar. Hann er stofnaður með frjálsum framlögum.

### 2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stofna og reka barnaheimili fyrir börn úr Hafnarfirði.

### 3. gr.

Sjóðnum skal afla tekna eftir því, sem með þarf, með frjálsum framlögum, samskotum og öðrum þeim fjáröflunarleiðum, er ákveðnar verða á hverjum tíma.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa alls 9 menn: Barnaverndarnefnd og framfærslunefnd skipa sinn fulltrúann hvor og jafnmarga til vara. Barnaverndarfélag Hafnarfjarðar, Kvenfélagið Hringurinn og Rauði kross Íslands — Hafnarfjarðardeild skipa tvo fulltrúa hvert og jafnmarga til vara. Barnaverndarfulltrúi skal skipa níunda sæti í stjórn sjóðsins.

Stjórnin skiptir með sér verkum og skipar málum sjóðsins um allt, sem ekki er ákveðið hér, en kemur til úrlausnar. Stjórnin ráðstafar eignum sjóðsins í samræmi við tilgang hans, ef starfsemin leggst niður.

### 5. gr.

Stjórnendur sjóðsins bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

### 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild stjórnartíðinda.

Hafnarfirði, 1. apríl 1960.

Sigríður E. Sæland.      Helgi Jónasson.      Jóhann Þorsteinsson.  
Ólafur Einarsson.      Hjörleifur Gunnarsson.      Þórunn Helgadóttir.  
Ingibjörg Jónsdóttir.      Solveig Eyjólfadóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Margrétarsjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. júní 1960. 106  
22. júní

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Margrétarsjóð.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Margrétarsjóður.

#### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 26. maí 1944 af meðlimum kvennaklúbbsins Zonta í Reykjavík með 6500 krónum og ber nafn Margrétar Th. Bjarnadóttur Rasmus, fyrrum forstöðukonu Málleysingjaskólans.

#### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja bágstadda málleysingja að afloknu skólanámi. Heimilt er og að veita styrki úr sjóðnum til hvers þess, er miðar að bættum aðferðum og nýjungum í læknishjálpi handa heyrnar- og mállausu fólki.

#### 4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka eða sparissjóði eða með kaupum á bankavaxta- eða ríkisskuldabréfum.

#### 5. gr.

Vextir og annað, er sjóðnum kann að áskotnast, skal leggjast við höfuðstólinn, unz hann er orðinn að upphæð 10000 kr. Eftir það má verja  $\frac{3}{4}$  af ársvöxtum sjóðsins til styrktar áðurnefndum málleysingjum, en  $\frac{1}{4}$  skal leggja við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn að upphæð 20000 kr. má verja öllum ársvöxtum hans og öðrum tekjum eftir því, sem þurfa þykir, en höfuðstólinn, 20000 kr., má ekki skerða.

#### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 konur, er kvennaklúbburinn Zonta í Reykjavík kys úr sínum hópi á aðalfundi til eins árs í senn. Reikningar sjóðsins skulu árlega endurskoðaðir af 2 konum, er kosnar skulu með sama hætti. Sjóðstjórnin veitir styrki og sér um ávöxtun á eignum sjóðsins.

#### 7. gr.

Sjóðstjórnin skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, fundarsamþykktir, styrkveitingar og annað, er varðar sjóðinn. Enn fremur skal stjórnin halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikningana.

#### 8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir árlega í Lögbirtingablaðinu.

#### 9. gr.

Óski kvennaklúbburinn Zonta þess síðar að láta af stjórn sjóðsins, skal hann afhentur menntamálaráðherra, er þá skipar stjórn hans, og skal þá jafnan a. m. k. ein kona eiga sæti í stjórninni.

**106**

22. júní

10. gr.  
Með skipulagsskrá þessari er felld úr gildi skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Margrétar Th. Bjarnadóttur Rasmus, nr. 128 7. september 1944.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, í maí 1960.

Í stjórn kvennaklúbbsins Zonta í Reykjavík.

Auður Auðuns,  
form.

Hólmfr. Ó. Baldvinsson,  
gjaldkeri.

Kristín Guðmundsdóttir,  
ritari.

**107**

22. apríl

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur verið ákveðinn aðalbrautar-  
réttur á eftirtöldum götum og gatnamótum:

1. Sundlaugavegi.
2. Brúnavegi.
3. Grensásvegi. Aðalbrautarrétturinn gildir þó ekki gagnvart Suðurlandsbraut, Miklubraut og Bústaðavegi.
4. Lönguhlíð. Þó ber umferð um Lönguhlíð að víkja fyrir umferð um Miklubraut og Eskitorg.
5. Nóatún. Þó ber umferð um Nóatún að víkja fyrir umferð um Laugaveg og Borgartún.
6. Suðurgötu. Aðalbrautarrétturinn gildir þó ekki gagnvart Melatorgi og Túngötu.
7. Hofsvallagötu. Aðalbrautarrétturinn gildir þó ekki gagnvart Ægissíðu, Hringbraut og Túngötu.
8. Vegamótum Bústaðavegar, Klifvegjar, Háaleitisvegjar og Mjóumýrarvegjar, þannig að umferð frá framangreindum þvergötum Bústaðavegar hafi biðskyldu gagnvart umferð um hann.
9. Vegamótum Tjarnargötu og Skothúsvegjar, þannig að umferð um Tjarnargötu hafi biðskyldu gagnvart umferð um Skothúsveg.
10. Vegamótum Laugarnesvegjar og Sigtúns, þannig að Sigtún hafi biðskyldu gagnvart Laugarnesvegi.

Athygli skal vakin á því, að vegir, sem að aðalbrautum liggja, eru við vegamótin merktir biðskyldu- eða stöðvunarmerkjum.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 22. apríl 1960.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## R E G L U R

### um félagsheimilið Sævang.

108

10. júní

#### 1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Sævangur í Kirkjubólshreppi, Strandasýslu.

Lóðin er eignarlóð.

Lóðarstærð er 5400 fermetrar.

Eigendur félagsheimilisins eru:

Kvenfélagið Björk, Kirkjubólshreppi,

Ungmennafélagið Hvöt, Kirkjubólshreppi,

Lestrarfélag Kirkjubólshrepps,

Kirkjubólshreppur.

#### 2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Hún er þannig skipuð að hreppsnefnd kýs einn fulltrúa og hvert hinna félaganna kýs einn fulltrúa hvert. Stjórnir félaganna kjósa oddamann á aðalfundi. Varamenn skulu kosnir á sama hátt.

Sé sami maður í stjórn tveggja eða fleiri féлага, hefur hann aðeins atkvæðisrétt fyrir eitt félag, og taki þá varamenn hans í hinu eða hinum félögunum, er hann er í stjórn fyrir, sæti á aðalfundi.

Oddamaður skal boða til fyrsta fundar í húsnefnd ár hvert.

Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda Þjóðskjalasafni gerðabækur þess til vörzlu.

#### 3. gr.

Húsnefnd heldur fund er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund ef  $\frac{1}{3}$  nefndarmanna æskja.

Aðalfundur eigenda félagsheimilis skal vera ár hvert. Skulu þangað kvaddir með hæfilegum fyrirvara stjórnendur allra þeirra féлага, sem eru eigendur félagsheimilis. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðanda. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið á yfirstandandi ári.

Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað.

Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Húsnefndarmenn hafa hver um sig eitt atkvæði á aðalfundi og hver félagsstjórn þrjú atkvæði.

Félagsstjórnir skýra frá því á aðalfundi, hvern þær hafa valið af sinni hálfu í húsnefnd næsta ár.

Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilásjóði.

Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

#### 4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. að ráða húsvörð, þar sem þess er þörf að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur og sjá um, að þeim sé fylgt;
- b. að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur nauðsynlegt. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn;

- 108** c. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra;  
 10. júní d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins;  
 e. að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda;  
 f. að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda;  
 g. að sjá um, að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni;  
 h. að sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst;  
 i. að sjá um, að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

#### 5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu, sem aðrir, greiða leigu fyrir afnot hússins.

Skýlt er þeim að heimila félögum, er greinir í 1. gr. laga nr. 77 1947, svo og breytingu á þeim lögum frá 29. maí 1957, um félagsheimili, innan sama byggðarlags afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimili, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamála-ráðuneytisins.

#### 6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fái til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

#### 7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

#### 8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn eða eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loks loka vel gluggum og hurðum.

#### 9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess, þ. á m. að gólf séu þvegin úr sápuvatni, salerni hreinsuð vandlega með sóttthreinsandi efni og fatageymslur, bað- og búningsherbergi ræst.

Árlega skal fara fram gagnger ræsting alls hússins.

#### 10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri, gripeldri girðingu, er haldið sé vel við.

Hestagirðing og/eða bifreiðastæði skal vera í námunda við félagsheimilið, ef því verður við komið.

#### 11. gr.

Fánastöng skal koma fyrir á húsinu eða við það. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum.



## 12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir, dyraumbúnað, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistöki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

## 13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

## 14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

## 15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, öðlast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Framanritaðar reglur staðfestast hér með.

*Í menntamálaráðuneytinu, 10. júní 1960.*

F. h. r.

Ásgeir Pétursson.

*Knútur Hallsson.*

## REGLUR

### um félagsheimilið Valhöll á Eskifirði.

## 1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Félagsheimilið Valhöll í Eskifjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.

Lóðin er afhent félagsheimilinu endurgjaldslaust af Eskifjarðarhreppi. Lóðarstærð er 2024 m<sup>2</sup>.

Eigendur félagsheimilisins eru samtök eftirgreindra félaga í Eskifjarðarhreppi: Ungmennafélagið Austri, Kvenfélagið Döggín, Verkamannafélagið Árvakur, Slysavarnadeildin Brimrún, Slysavarnadeildin Hafrún, Kvenréttindafélag Eskifjarðar, Sjómannadagsráð Eskifjarðar og Eskifjarðarhreppur.

## 2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Hún er skipuð 5 mönnum kjörnum á aðalfundi eigendafélagsins. 3 varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda þjóðskjalaverði gerðabækur þess til vörzlu.

## 3. gr.

Húsnefnd heldur fundi er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund, ef  $\frac{2}{3}$  nefndarmanna æskja.

**109** Á árlegum aðalfundi eigendafélagsins skal húsnefndin leggja fram rekstrar og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir s. l. ár, endurskoðaða af endurskoðendum sveitarsjóðs. Einnig leggur húsnefndin fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár.

Eigi má húsnefnd efna til verulegra útgjalda nema samþykkt hafi verið á lögætum fundi eigendafélagsins.

Afrit af ársreikningnum skal senda félagsheimilaskjóði. Félagshimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið er reikningsár þess.

#### 4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. að ráða húsvörð, verði þess talin þörf, setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt,
- b. að ráða annað starfsfólk eftir þörfum. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn,
- c. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra,
- d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins,
- e. að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda,
- f. að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda, enn fremur að sjá um frekari byggingarframkvæmdir eftir ákvörðun eigenda félagsins,
- g. að sjá um, að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni,
- h. að sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst,
- i. að sjá um bíórekstur (í félagsheimilinu), ef ákveðinn verður,
- j. að sjá um, að löggæzla sé á samkomum eða á annan hátt sjá um, að ekki sé brotið gegn þeim ákvæðum lögreglusamþykktar Suður-Múlasýslu og sérákvæðum fyrir kaптúnin og Eskifjarðarhrepp, sem fjalla um samkomur og eftirlit með börnum.

#### 5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins. Eigendafélagið skal hafa forgangsrétt að afnotum hússins, meðan húsið er enn ekki fullgert eða byggingarskuldir enn ekki fullgreiddar, enda greiði félagið tilskilda leigu.

Skylt er að heimila félögum, er greinir í 1. grein laga nr. 77 frá 1947 svo og breytingu á þeim lögum frá 29. maí 1957, afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið.

Verkamannafélagið Árvakur á forgangsrétt að húsinu 1. maí, sjómannadagsráð á Sjómannadaginn og Eskifjarðarhreppur 17. júní.

Verði ágreiningur um, hvort önnur félög eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu, sker fræðslumálastjóri úr, en úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

#### 6. gr.

Leiga skal ákveðin með hliðsjón af því, hvaða félagsstarfsemi fer fram í húsinu: samkomur með dagskráratríðum og dansi, dans eingöngu, leiksýningar, kvikmyndasýningar, fyrirlestrar, fundir, leikæfingar, söngæfingar o. fl., svo og hverjir eiga hlut að máli: eigendur félagsheimilisins, önnur félög eða einstaklingar á staðnum eða utan hans. Enn fremur hvort húsið er leigt að degi til eða að kvöldi.

Eigendur félagsheimilisins skulu fá við vægu verði eða ókeypis afnot af húsinu til fundarhalds, leikæfinga eða annars undirbúnings að samkomum, og önnur félög

skv. 5. gr. 3. málsgr. fái sams konar afnot af húsinu gegn svo vægu verði, að þau þurfi ekki að draga saman starfsemi sína eða leita húsnæðis annars staðar. **109**

10. júní

Yfirleitt skal leiga til almenns samkomuhalds nærliggjandi félagsheimila höfð til hliðsjónar.

**7. gr.**

Þess skal gætt, að húseign, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

**8. gr.**

Sé enginn fastráðinn húsvörður, skal húsnefnd hafa gæzlumann af sinni hálfu, sem að lokinni hverri samkomu lítur eftir hvort skemmdir hafi orðið á húsinu eða munum þess og ganga örugglega frá húsinu.

**9. gr.**

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess, þ. á m. að gólf séu hreinsuð á réttan hátt, salerni hreinsuð vandlega með sótthreinsandi efni og fatageymslur, bað og búningsherbergi ræst.

Árlega skal fara fram gagnger ræsting alls hússins.

**10. gr.**

Húsvörður eða húsnefnd skal sjá um, að traustri gripheldri girðingu umhverfis lóð félagsheimilisins sé vel haldið við, svo og að lóðin sé jafnan vel hirt. Bifreiðastæði skal einnig vera í góðu lagi.

**11. gr.**

Húsnefnd eða húsvörður skal sjá um, að fánastöng við húsið sé jafnan í góðu lagi og fáni heill með réttum litum og hlutföllum.

**12. gr.**

Árlega skal athuga húseignina alla með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnaði, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistæki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf o. s. frv.

**13. gr.**

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

**14. gr.**

Í félagsheimilinu ber að hlíta almennum ákvæðum gildandi áfengislaga á hverjum tíma.

**15. gr.**

Á nokkrum stöðum í húsinu skulu vera innrammaðar reglur um umgengi manna og hegðun í húsinu.

**16. gr.**

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77/1947 um félagsheimili, öðlast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Framanritaðar reglur staðfestast hér með.

*Í menntamálaráðuneytinu, 10. júní 1960.*

F. h. r.

Ásgeir Pétursson.

*Knútur Hallsson.*

## REGLUR

## fyrir félagsheimilið Fagrihvammur í Rauðasandshreppi.

## 1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Fagrihvammur í Rauðasandshreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu. Lóðin er lögð til af eigendum jarðanna Efri- og Neðri-Tunga, sem er þingstaður hreppsins, enda er félagsheimilið jafnframt þinghús hreppsins. Húsið er byggt fyrir framlög frá ungmennafélögum í hreppnum, sveitarsjóði Rauðasandshrepps, öðrum félagasamtökum, svo og fyrir önnur fjárframlög og vinnugjafir einstakra manna. Á almennum hreppsfundi 1956 var sú ákvörðun tekin að Rauðasandshreppur ætti húsið, enda hafði það á vígsludegi verið afhent hreppsfundinni fyrir hönd hreppsins.

## 2. gr.

Húsnefnd (framkvæmdanefnd) kjörin til tveggja ára stjórnar húsinu. Skal hún kjörin á almennum hreppsfundi og skipuð fimm manns, konum og körlum. Nefndin má vera skipuð þremur konum og tveimur körlum eða öfugt, en kosning fer fram á seðlum. Að loknu fyrsta starfsári nefndarinnar skal draga út úr henni eina konu og einn karl og kjósa svo í þeirra stað til tveggja ára. Næsta ár ganga svo hin þrjú úr nefndinni og er þá kosið í þeirra stað. Heimilt er að endurkjósa fólk í nefndina. Varamenn skulu kosnir jafnmargir og fer útdráttur þeirra og kjör á sama hátt og aðalmanna. Framkvæmdanefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók yfir verk sín og ákvarðanir. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda þjóðskjalasafni gerðabækur þess til vörzlu.

## 3. gr.

Framkvæmdanefnd heldur fundi þegar þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund, ef tveir nefndarmanna æskja þess.

Á almennum hreppsfundi, sem haldinn mun að jafnaði í marsmánuði, skal framkvæmdanefndin leggja fram reksturs- og efnahagsreikning heimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðanda sveitarsjóðsreikninga. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið á yfirstandandi ári. Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda til fjárfestingar, nema samþykkt hafi verið á almennum hreppsfundi. Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda stjórn Félagsheimilásjóðs og hreppsfund Rauðasandshrepps. Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi, undir yfirumsjón hreppsfundar. Almanaksárið er reikningsár þess.

## 4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar (framkvæmdanefndar) eru:

- a. Að ráða húsvörð, þegar þess er talin þörf að dómi nefndarinnar, setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt.
- b. Að ráða annað starfsfólk, ef hún telur það nauðsynlegt. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn. Heimilt er að húsvörður sé úr hópi húsnefndar (framkv. nefndar).
- c. Að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra.
- d. Að ákveða gjöld fyrir afnot hússins.

- e. Að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda, svo og að annast kaup á **110** öðru er þurfa þykir, svo að samkomur og mannfundur geti farið fram á veg- 15. júní um heimilisins.
- f. Að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda.
- g. Að sjá um að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis í allri umgengni.
- h. Að sjá um að húsið sé hæfilega hitað og lýst.
- i. Að sjá um að löggæzla sé á samkomum.
- j. Að sjá um yfirleitt allt annað, er varðar rekstur félagsheimilisins og ekki hefur verið talið hér að framan.

#### 5. gr.

Eigendur félagsheimilisins (sveitarsjóður Rauðasandshrepps) skulu, eins og aðrir, greiða fyrir afnot hússins. Skytt er að heimila félögum innansveitar, þeim er greinir í 1. gr. laga nr. 77/1947 um félagsheimili, afnot af húsinu, gegn hæfilegu gjaldi, ef það fer eigi í bága við þörf eigendanna. Verði ágreiningur um það, hvort slíkt félag eigi rétt til afnota af félagsheimilinu, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

#### 6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fáiast til að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

#### 7. gr.

Þess skal gætt, að húseign, áhöld og annað lausafé sé jafnan hæfilega váttryggt.

#### 8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn eða ekki við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, opna loftræstingar, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loka loks vel húsum og gluggum.

#### 9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsvörður sjá um ræstingu þess, þ. e. a. s. að gólf séu þvegin úr sápuvatni, salerni hreinsuð vandlega með sótt-hreinsandi efni og fatageymslur og búningsherbergi ræst. Árlega skal fara fram gagnger ræsting hússins.

#### 10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni hreinlegri, og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri girðingu, er haldið sé vel við. Bifreiðastæði skal haldið hreinlega og vel við.

#### 11. gr.

Fánastöng skal vera við húsið, henni skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveimur hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt, að nota eingöngu fána með réttum litum og hlutföllum.

#### 12. gr.

Árlega skal athuga alla húseignina vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga múrhúðun, þak og þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnaði,

**110** glugga (utan og innan), málningu gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistæki, raf-  
15. júní lagnir og ljósataeki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomu-  
sal og víðar, eldavél og hitunartæki o. s. frv.

**13. gr.**

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði, umfram eðlilegt slit, skulu þeir kosta endurbætur á, er spjöllum valda.

**14. gr.**

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, sem gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu um ákveðinn tíma.

**15. gr.**

Húsnefndin getur í samráði við sýslumann Barðastrandarsýslu, ráðið einn eða fleiri löggæzlumenn til þess að annast reglu á samkomum í félagsheimilinu. Kaup til slíkra löggæzlumanna greiða þeir, er fyrir samkomu standa hverju sinni, eða eftir því, sem lög mæla fyrir á hverjum tíma.

**16. gr.**

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, öðlast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Þannig samþykkt á almennum hreppsfundi í félagsheimilinu Fagrihvammur föstudaginn 22. marz 1957.

Framanritaðar reglur staðfestast hér með.

*Menntamálaráðuneytið, 15. júní 1960.*

F. h. r.

Ásgeir Pétursson.

*Knútur Hallsson.*

**111**

24. júní

## AUGLÝSING

### um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

Frá og með 27. júní 1960 ganga í gildi viðaukar og breytingar, útgefnar í dag, á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. júní 1960.*

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

*Ragnar Bjarkan.*

**SAMÞYKKT****112**

28. júní

## fyrir Veiðifélag Víðidalárs.

## 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Víðidalárs. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

## 2. gr.

Félagssvæðið er: Bjargaós, Miðhópsvötn ásamt Gjúfurá fram að fossi í Gestalaut, Víðidalrás fram að Kolufossi og Fitjaá fram að Bjarnafossi. Þar til heyra þessar jarðir: Þingeyrar, Leysingjastaðir, Hagi, Hólabak, Miðhóp, Gröf, Refsteinsstaðir, Laufás, Árnes, Sólbakki, Nýpukot, Þorkelshóll, Lækjamót, Þórukot, Stóra-Ásgeirsá, Litla-Ásgeirsá, Dæli, Hvarf, Ytra-Kolugil, Syðra-Kolugil, Bakki, Víðidalstunga, Víðidalstunga II, Ytri-Valdarás, Syðri-Valdarás, Kambhóll, Efri-Fitjar, Neðri-Fitjar, Fremri-Fitjar, Fremri-Fitjar II, Stóra-Hvarf, Hrisar, Auðunarstaðir, Auðunarstaðir II, Brautarland, Galtanes, Síða, Litla-Borg, Syðri-Stóra-Borg, Ytri-Stóra-Borg, Gottorp og Ásbjarnarnes.

## 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og leigja það til stangarveiði eða nytja veiðina á annan hátt, samkvæmt landslögum. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Heimilt skal þó veiðieigendum við Hóp, að leggja silunganet frá landi á tímabilinu frá 1. apríl til 31. maí og 1. ágúst til 15. september ár hvert. Aldrei skal þó netalengd fara fram úr 30 metrum hjá hverjum landráðanda.

## 4. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn. Skulu þeir kosnir á aðalfundi félagsins til þriggja ára í senn og skipta þeir sjálfir með sér verkum. Enginn félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema hann hafi verið þrjú ár í stjórn. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til sama tíma.

## 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Á stjórnarnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum og er formanni skylt að boða til fundar, ef meiri hluti stjórnarinnar óskar þess.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Á leyfum skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir 15. apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn þá.

## 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

B 37

112

28. júní

Arð af sameiginlegri veiði skal skipta niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

8. gr.

9. gr.

Endurmat á arðskrá félagsins skal fara fram á fimm ára fresti, ef einn eða fleiri félagsmenn krefjast þess.

10. gr.

Brot á samþykktum þessum varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53 1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 28. júní 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

113

28. júní

## ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Víðidalrás.

Þingeyrar .....	300 einingar.
Leysingjastaðir .....	19 —
Hagi .....	33 —
Hólabak .....	21 —
Miðhóp .....	22 —
Gröf .....	5 —
Refsteinsstaðir .....	27 —
Laufás .....	17 —
Árnes .....	17 —
Þorkelshóll, Nýpukot, Sólbakki .....	48 —
Lækjamót .....	19 —
Þórukot .....	8 —
Stóra-Ásgeirsá .....	20 —
Litla-Ásgeirsá .....	5 —
Dæli .....	10 —
Hvarf .....	19 —
Kolugil .....	6 —
Bakki .....	12 —
Víðidalstunga .....	94 —
Valdarás .....	8 —
Kambhóll .....	7 —
Neðri-Fitjar .....	10 —
Stóra-Hvarf .....	3 —
Fremri-Fitjar (Tryggvi) .....	8 —
Fremri-Fitjar (Guðmundur) .....	7 —
Hrísar .....	12 —
Auðunarstaðir .....	36 —
Brautarland, Galtarnes .....	43 —



Síða .....	25 einingar.
Litla-Borg .....	44 —
Stóra-Borg .....	32 —
Gottorp .....	20 —
Ásbjarnarnes .....	43 —

113

28. júní

---

Alls 1000 einingar.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnuáráðuneytið, 28. júní 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

---

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUR

114

28. júní

fyrir félagshemili Hjaltastaðahrepps í Norður-Múlasýslu.

### 1. gr.

Nafn félagshemilisins er Hjaltalundur. Lóðin er leigulóð, leigð af jarðeignadeild ríkisins, samkv. leigusamningi staðfestum af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 31. ágúst 1945. Lóðarstærðin er 21 ha. Lóðamörk samkv. leigusamningi.

Eigendur félagshemilisins eru: Hjaltastaðahreppur að  $\frac{3}{8}$  hlutum, Ungmennafélagið Fram að  $\frac{3}{8}$  hlutum og Kvenfélagið Björk að  $\frac{1}{8}$  hlutum.

### 2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagshemilinu. Hún er þannig skipuð, að stjórn hvers félags, sem er meðeigandi í félagshemilinu, kýs einn mann í nefndina. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagshemilið hættir störfum, skal afhenda gerðabækurnar héraðsbókasafni Austurlands, ef stofnað verður, annars þjóðskjalasafninu til vörzlu.

### 3. gr.

Húsnefnd heldur fundi er þurfa þykir. Skýlt er henni að halda fund ef einn nefndarmanna æskir þess.

Aðalfundur eigenda félagshemilisins skal vera ár hvert. Skulu þangað kvaddir með hæfilegum fyrirvara stjórnendur allra þeirra félaga, sem eru eigendur félagshemilisins. Á fundinum skal húsnefnd leggja fram rekstrar- og efnahagsreikninga félagshemilisins endurskoðaða af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðanda. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagshemilið á yfirstandandi ári.

Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm sem hægt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað. Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa 3 menn frá hverjum eignaraðila félagshemilisins, þó ekki húsnefndarmenn.

Félagsstjórnir skýra frá því á aðalfundi hvern þær hafa valið í húsnefnd af sinni hálfu næsta ár.

- 114 Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilasjóði.  
 28. júní Félagsheimilið skal reka sem sjálfstæða stofnun með sérstöku reikningshaldi.  
 Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

## 4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar er:

- a. Að ráða húsvörð, sé þess þörf að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur og sjá um, að þeim sé fylgt.
- b. Að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur nauðsynlegt. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn.
- c. Að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra.
- d. Að ákveða gjöld fyrir afnot hússins.
- e. Að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda.
- f. Að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda.
- g. Að sjá um að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni.
- h. Að sjá um að húsið sá hæfilega hitað og lýst.
- i. Að sjá um að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

## 5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins.

Skylt er þeim að heimila félögum, sem greinir í 1. gr. laga nr. 77 1947, um félagsheimili, svo og breytingum á þeim lögum frá 25. maí 1957, innan sama byggðarlags afnot af húsinu gegn hæflegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

## 6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fái til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma ekki aðrar tekjur.

## 7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

## 8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn eða ekki við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loks loka vel gluggum og hurðum.

## 9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess, þ. á m. að gólf séu þvegin úr sápuvatni, salerni hreinsuð vandlega með sóttþreinsandi efni, fatageymslur og búningsherbergi ræst.

Árlega skal fram fara gagngerð ræsting alls hússins.

## 10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðin skal vera girt traustri gripheldri girðingu, er haldið sé vel við. Hesthús og bifreiðastæði skal vera í námunda við félagsheimilið.

## 11. gr.

Fánastöng skal komið fyrir á húsinu eða við það. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúra skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt að notaður sé einungis fáni með réttum litum og hlutföllum.

## 12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir, dyraumbúnaði, glugga (utan og innan), málningu, gólfduík, klæðningu á veggjum, hreinlætistöki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljóstæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

## 13. gr.

Skemmdir á húseigninni, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta, sem skemmdum valda.

## 14. gr.

Á opinberum samkomum, sem haldnar eru í félagsheimilinu, má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, sem gegn þessu brjóta aðgangi að félagsheimilinu um tiltekinn tíma.

## 15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, öðlast gildi þegar þær hafa verið samþykktar af stjórn félagsheimilisins og þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Framanritaðar reglur staðfestast hér með.

*Í menntamálaráðuneytinu, 28. júní 1960.*

F. h. r.

**Ásgeir Pétursson.**

*Knútur Hallsson.*

## SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

## 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Vatnsdalsár. Heimili þess og varnarþing er á Sveinstöðum í Sveinsstaðahreppi.

## 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Vatnsdalsá, Álftaskálará, Tunguá með Hólkotskvísl, Kornsa og Giljá og framrennsli þeirra, en jarðirnar eru: Hjaltabakki, Skinnastaðir 1 og 2, Akur, Stóra-Giljá, Litla-Giljá, Beinakelda 1 og 2, Hnausar 1 og 2, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland með Grundarkoti, Hvammur 1 og 2, Eyjófsstaðir, Bakki, Hof, Kötlustaðir, Gilá, Marðarnúpur, Guðrúnarstaðir, Kárdalstunga, Þórormstunga, Sunnuhlíð, Forsæludalur, Grímstunga, Haukagil, Saurbær, Ásbrekka, Ás, Brúsa- staðir, Snæringsstaðir, Undirfell, Nautabú, Kornsa 1 og 2, Gilsstaðir, Flaga, Helga-

**115** vatn, Hnjúkur, Breiðabólstaður 1 og 2, Miðhús, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Stein-  
30. júní nes, Leysingjastaðir, Þingeyrar og Geirastaðir.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Ábúendum skal þó heimil silungsveiði í lagnet í Vatnsdalsá frá sjó og fram á móts við bæinn Forsældal. Þó má ekki veiði í ánni framan við Undirfell eftir 31. ágúst. Legglengd möskva í netum skal vera 4.5—4.7 cm, þá net eru vot.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, ásamt varamönnum. Enginn félagismaður getur skorazt undan kosningu, nema hann hafi setið þrjú undanfarandi ár í stjórninni. Aldrei má nema einn stjórnarnefndarmaður vera búsettur í sama hreppi.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar (sbr. þó 3. gr.). Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt. Þó má leyfið eigi vera nema til eins árs, nema lómætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt leyfi verði til umræðu.

6. gr.

Aðalfund skal halda í janúar- eða febrúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið ár og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur, ásamt varamönnum til þriggja ára.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Aðalfundur getur ákveðið að leggja allt að 2% — tvo af hundraði — af ársarði félagsins í sérstakan sjóð, er ætlaður sé til umbóta á fiskvegi eða á annan hátt til aukningar fiskgengd í ánni.

9. gr.

Heimilt skal að endurskoða arðskrá félagsins á 10 ára fresti, þó getur helmingur félagsmanna krafizt endurskoðunar á fimm ára fresti.

10. gr.

Eftir því sem ekki er fram tekið í samþykkt þessari um starfsemi félagsins, fer eftir IX. kafla laga nr. 53/1957 um lax -og silungsveiði.

## 11. gr.

115

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði. 30. júní

Samþykkt þessi, sem er gerð samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreynti öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð ættmenna Péturs J. Ólafssonar og Þorsteinu Guðmundsdóttur, Bolungavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. júní 1960.** 116 30. júní

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð ættmenna Péturs J. Ólafssonar og Þorsteinu Guðmundsdóttur, Bolungavík.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minning ættmenna Péturs J. Ólafssonar og Þorsteinu Guðmundsdóttur.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um foreldra þeirra hjónanna beggja og bræður tvo, er drukknudu í blóma aldurs.

Foreldrar Péturs voru þau Ólafur Jóhannesson, bóndi á Hanhóli og í Minnihlíð, f. 16. febr. 1855, — d. 22. jan. 1922 og kona hans, Margrét Ólafsdóttir, f. 12. febr. 1851, — d. 27. okt. 1932.

Bróðir Péturs, sem hér um ræðir var Jóhann Benedikt Ólafsson, f. 8. jan. 1891, — d. 20. apríl 1916.

Foreldrar Þorsteinu voru þau Guðmundur Sveinsson frá Felli í Víkursveit, Strand., f. 28. júlí 1844, — d. 20. maí 1894 í Bæ og kona hans, Kristín Loftsdóttir, f. 25. ágúst 1850, — d. 8. marz 1921.

Bróðir Þorsteinu, sem hér um ræðir var Magnús Sveinn Guðmundsson, f. 2. sept. 1883, — d. 1. júlí 1914.

## 3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru þau hjónin Pétur J. Ólafsson og Þorsteina Guðmundsdóttir, Bolungavík og er stofndagur 31. maí 1960, — á 75 ára afmæli Þorsteinu.

## 4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund —. Tekjur hans eru, auk árlegra vaxta það fé sem honum kann að berast sem gjafir, áheit, minningargjafir eða á annan hátt.

## 5. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að fegrun og bættum búnaði Hólskirkju í Bolungavík. Stofnfé sjóðsins, kr. 10000.00, má aldrei skerða og fyrstu 25 árin frá stofnun

**116** hans skulu vextir og annað fé, sem sjóðnum kann að áskotnast, leggjast við höfuð-  
30. júní stól. Eftir þann tíma má verja vaxtatekjum sjóðsins, öðrum tekjum svo og eignum  
öðrum en stofnfé í samræmi við ofangreindan tilgang hans, eftir því sem stjórn hans  
ákvarðar. Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Bolungavíkur eða annarri tryggri  
peningastofnun.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarprestur Bolungavíkurprestakalls, formaður sóknar-  
nefndar Hólssóknar og Péturs J. Ólafssonar, en eftir hans dag komi í stað hans ein-  
hver af niðjum stofnenda eða ættingjum, sem búsettur er í Bolungavík og hinir  
stjórnarmennirnir tilnefna.

Sjóðstjórnin skiptir með sér verkum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins annast reikningshald hans. Hún semur árlega reikning sjóðsins  
og leggur hann fyrir aðalsafnaðarfund endurskoðaðan.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema allir stjórnendur sjóðsins séu  
breytingu sammála og safnaðarfundur samþykki.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Bolungavík, 31. maí 1960.

Pétur J. Ólafsson.

Þorsteina Guðmundsdóttir.

117

4. júlí

## AUGLÝSING

um notkun tolllækkunarheimildar í lögum nr. 30/1960, um skipan  
innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Með heimild í bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 30/1960, um skipan innflutnings-  
og gjaldeyrismála o. fl., hefur ráðuneytið ákveðið að lækka aðflutningsgjöld af eftir-  
greindum vörum þannig, að gjöldin af þeim verði eins og að neðan greinir og að þær  
flokkest eins og þar segir:

Tollskrá:

Kafl. Nr.

Kafl.	Nr.		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
36	1c	Óunnar húðir og skinn, saltaðar eða blásteins- litaðar, ót. a., til skógerðar ... tollfrjálsar.			
	1d	Aðrar óunnar húðir og skinn, ót. a., til skó- gerðar .....			2
	3a	Sólaleður og bindsólaleður til skógerðar ....	1 kg	2	2
	4a	Vatnsleður til skógerðar .....	—	2	8
	5a	Aðrar húðir og skinn, sútuð, lituð eða unnin á svipaðan hátt, ót. a., til skógerðar .....	—	2	8
	13a	Leðurlíki, sem í eru leðurþræðir og er til skó- gerðar .....	—	2	5

Tollskrá:			Vöru-	Verð-	117
Kafli.	Nr.		magns-	tollur	4. júlí
			Aurar	%	
37	1a	Leðurstykki, tilsniðin, en ekki frekar unnin, ót. a., til skógerðar .....	Toll-eining kg	2	5
39B	4	Plötur, þræðir og stengur, ót. a., úr svampgúmmí, til skógerðar .....	—	7	2
	4c	Plötur, þræðir og stengur, ót. a., úr öðru en kátsjúki til skógerðar .....	—	7	2
40	38a	Tréhælar .....	—	7	8
41	7	Korkvörur til skógerðar .....			2
50	33d	Fóðursólar, kantabönd, tákappaefni o. þ. h. úr yfirdregnum eða samanlimdum vefnaði, til skógerðar .....	—	7	8
52	32	Skóreimar úr vefnaði .....	—	7	10
63	39	Járnsaumur til skósmíða (plukkur) .....	—	2	5
64	10	Skósmíðasaumur úr kopar og koparblöndum .	—	2	5
71	17a	Iljastifur, spennur óskreyttar, skókóssar og annar þess konar smávarningur, ót. a., úr ódýrum málmum, til skósmíða .....	—	2	10

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, en framangreindar vörur í nr. 50/33d, 63/39, 64/10 og 71/17a skulu undanþegnar innflutningsgjaldi.

Vörur teljast því aðeins til framangreindra númera með þeim lækkuðu gjöldum, sem þar eru ákveðin, að viðtakandi varanna reki skógerð og staðfesti það í aðflutningskýrslu, að vörurnar verði einungis notaðar til framleiðslunnar.

*Fjármálaráðuneytið, 4. júlí 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Björn Hermannsson.*

## AUGLÝSING

um bráðabirgðaskírteini skattstjóra og skattanefnda.

118  
8. júlí

Ákveðið hefur verið að bráðabirgðaskírteini þau, sem skattstjórar og skattanefndar hafa gefið út samkvæmt 11. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, skuli gilda til 31. desember 1960.

*Fjármálaráðuneytið, 8. júlí 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Kristján Thorlacius.*

119  
15. júní

## G J A L D S K R Á

### fyrir Rafveitu Akraness.

#### I. KAFLI

#### RAFORKUSALA

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### I. ALMENN NOTKUN

1. Um kwst.mæli á 65 aura hverja kwst., auk fastagjalda, er reiknast þannig:
  - A. 1. Til lýsingar:  
86 aurar á mánuði af hverjum m<sup>2</sup> gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. — Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í geymslum og göngum o. þ. h.
  - B. 1. Til heimilisnotkunar:  
7 krónur á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup> skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.
  - C. 1. Til véla:  
16 krónur á mánuði fyrir hvert kw. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla.
2. Um kwst.mæli, án fastagjalds, þannig:
  - A. 2. Til lýsingar og til ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar:  
260 aurar fyrir hverja kwst.
  - B. 2. Til véla og til vinnulagna í byggingum í smíðum:  
145 aurar fyrir hverja kwst.
  - C. 2. Til véla í matvælaíðnaði:  
43 aurar fyrir hverja kwst., enda sé uppsett rafafli fastra véla yfir 40 kw. og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kwst. á hvert uppsett kw. þeirra. — Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. um hádegið, á tíma mesta álags. — Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til rafsúðu málma.
  - D. 2. Til götu- og hafnarlýsingar:  
86 aurar fyrir hverja kwst., og kosti rafveitan þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.
  - A. 3. Um mesta álagsmæli, þannig:
  - A. 3. Til atvinnufyrirtækja með uppsettu rafvélafla yfir 40 kw.:  
965 krónur fyrir hvert kw. mesta álags á árinu, og 11.5 aurar fyrir hverja kwst.

#### II. HITANOTKUN:

Um kwst.-mæli á:

E	1.	50	aura/kwst.,	án	rofs.				
	— 2.	27	— —	með	allt	að	1½	klst.	rofi á sólarhring.
	— 3.	25	— —	— —	— —	— —	2½	— —	— —
	— 4.	20	— —	— —	— —	— —	4½	— —	— —
	— 5.	14	— —	— —	— —	— —	14½	— —	— —



Gjaldið breytist með útsöluverði á kolum og dieselolíu í Reykjavík á hverjum tíma, en miðast hér við grunnverðin 880 kr. á kolatonn og 135 auro á olíulíttra, þó þannig, að gjaldið miðast við það eldneysisverð, sem er lægra hlutfallslega miðað við grunnverðin. — Gjaldið standi jafnan á heilum eða hálfum eyri. 15. júní

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar) að dómi rafveitustjóra.
  - b. Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
  - c. Að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum rofa, og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum samkvæmt 2. kafla.
  - d. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
  - e. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kwst. á ári.
- Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.

## II. KAFLI

### MÆLA- OG ROFALEIGA

Rafveitustjóra ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi:

1. af einfasa kwst.mælum, allt að 30 amp. ....	kr. 2.50 á mánuði.
2. — þrífasa — 50 amp. og minni .....	— 5.00 — —
3. — — — yfir 50 amp. til 200 amp. ....	— 12.00 — —
4. — — — yfir 200 amp. ....	— 18.00 — —

Af klukkurofum skal notandi greiða leigu sem hér segir:

1. af ein- eða tvíþóla klukkurofa 40 amp. og minni .....	kr. 16.00 á mánuði.
2. — þríþóla klukkurofa 60 amp. og minni .....	— 20.00 — —
3. — — — yfir 60 amp. til 200 amp. ....	— 25.00 — —
4. — — — — 200 amp. ....	— 32.00 — —
5. — fjarstýrandi klukkurofa .....	— 5.00 — —

Af öðrum mælitækjum og rofum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal árleiga vera sem næst 20% af verði tækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforkuna.

## III. KAFLI

### HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við rúmmál húss, utanmál, á þann hátt sem hér segir:

Rúmmál húss í ten. metrum:	Heimtaugargjald jarðstrengs, kr.	Rúmmál húss í ten. metrum:	Heimtaugargjald jarðstrengs, kr.
Frá 0 allt að 100	900	Frá 600 allt að 650	2340
— 100 — — 150	1040	— 650 — — 700	2470
— 150 — — 200	1170	— 700 — — 750	2600

119 15. júní	Rúmmál húss í ten. metrum:	Heimtaugargjald jarðstrengs, kr.	Rúmmál húss í ten. metrum:	Heimtaugargjald jarðstrengs, kr.
	Frá 200 allt að 250	1300	Frá 750 allt að 800	2730
	— 250 — — 300	1430	— 800 — — 850	2860
	— 300 — — 350	1560	— 850 — — 900	3000
	— 350 — — 400	1700	— 900 — — 1000	3180
	— 400 — — 450	1820	— 1000 — — 1200	3500
	— 450 — — 500	1950	— 1200 — — 1500	3900
	— 500 — — 550	2080	— 1500 — — 2000	4300
	— 550 — — 600	2200	— 2000 og þar yfir	4800

Fyrir loftlínu skal greiða heimtaugargjald, er nemur 70% af gjaldinu fyrir jarðstreng.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað er af því leiðir. Ef sérstök heimtaug er lögð í útihús á byggingarlóð íbúðarhúss, telst hún aukaheimtaug í húsið.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu taugar er lokið.

#### IV. KAFLI

##### OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 40 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 40 króna gjald í skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felld gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness nr. 60 4. maí 1951, ásamt breytingu á þeirri gjaldskrá nr. 148 30. des. 1955.

*Atvinnumálaráðuneytið, 15. júní 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**AUGLÝSING**  
**um skipulag í Mosfellshreppi.**

**120**  
13. júlí

Eftir tillögu skipulagsstjóra ríkisins og með samþykki hreppsnefndar Mosfells-  
hrepps í Kjósarsýslu, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 55 1921  
ákveðið, að lög nr. 55 27. júní 1921 skuli taka til byggingarlóða í Mosfellshreppi.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. júlí 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

**AUGLÝSING**  
**um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.**

**121**  
11. júlí

Frá og með 12. júlí 1960 ganga í gildi viðaukar og breytingar, útgefnar í dag,  
á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. júlí 1960.*

F. h. r.

**Gústav A. Jónasson.**

*Ragnar Bjarkan.*

**SAMÞYKKT**  
**um forkaupsrétt Neskaupstaðar að húseignum Pöntunarfélags alþýðu,**  
**Neskaupstað.**

**122**  
13. júlí

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og  
kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefur bæjarstjórn Neskaupstaðar samþykkt á  
fund sínum 9. júní 1960 að áskilja Neskaupstað forkaupsrétt að eftirtöldum hús-  
eignum Pöntunarfélags alþýðu í Neskaupstað:

1. Egilsbraut 5,
2. Hafnarbraut 1,
3. Hafnarbraut 13.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja.  
Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. júlí 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

123

15. júlí

## AUGLÝSING

um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Seltjarnarneshrepp í Kjósarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905 um byggingarsamþykktir, og lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, hefur félagsmálaráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykkt fyrir Seltjarnarneshrepp, Kjósarsýslu.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948 (Stj.tíð. 1948, B., 167—185).

*Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

124

15. júlí

## AUGLÝSING

um aðalbrautir og hámarkshraða á þjóðvegum í nágrenni Reykjavíkur, Gullbringu-, Kjósar- og Árnessýslu.

Eftirtaldir vegarkaflar teljast aðalbrautir og er hámarkshraði á þeim 70 km á klst. með þeim takmörkunum, sem að neðan greinir:

## I. Reykjanesbraut:

A. *Aðalbraut* telst frá Miklatorgi í Reykjavík um Kópavogskaupstað og veg ofan við Hafnarfjörð um Hafnargötu í Keflavík, Faxabraut og Hringbraut að vegamótum Hringbrautar og Reykjanesbrautar vestan við Keflavík. Á vegamótum Reykjanesbrautar og Hafnarfjarðarvegur hjá Engidal hefur sá síðarnefndi aðalbrautarrétt, en á vegamótum vegar frá Hafnarfirði og Reykjanesbrautar á Hvaleyrarholti hefur sá síðarnefndi aðalbrautarrétt.

B. *Hámarkshraði:*

Miklatorg—Kópavogslækur .....	45 km/klst.
Kópavogslækur—Silfurtún .....	60 —
Silfurtún—vegamót hjá Engidal .....	45 —
Landshafnarhús í Njarðvík að bæjarmörkum Keflavíkur ..	45 —
Bæjarmörk í Keflavík um Hafnargötu, Faxabraut og Hringbraut að vegamótum Hringbrautar og Reykjanesbrautar	35 —

## II. Suðurlandsvegur:

A. *Aðalbraut* frá vegamótum við Vesturlandsveg á Ártúnshöfða um Hveragerði og Selfoss að vegamótum Suðurlandsvegur og Gaulverjabæjarvegur. Á vegamótum Suðurlandsvegur og Vesturlandsvegur hefur sá síðarnefndi aðalbrautarrétt og á vegamótum Suðurlandsvegur og Eyrarbaklavegar hefur sá fyrrnefndi aðalbrautarrétt.

B. *Hámarkshraði:*

Vegamót við Vesturlandsveg—Selás .....	60 km/klst.
Ristarhlið vestan við Selfoss að vegamótum við Gaulverjabæjarveg .....	35 —

**III. Eyrarbakkavegur:****124**

- A. *Aðalbraut* frá vegamótum við Suðurlandsveg að vegamótum við ræktunarveg sunnan við Selfoss. 15. júlí
- B. *Hámarkshraði* á þeim hluta vegarins, sem telst aðalbraut, er 35 km/klst.

**IV. Vesturlandsvegur:**

- A. *Aðalbraut* frá vegamótum við Suðurlandsveg á Ártúnshöfða að vegamótum við Þingvallaveg að þeim meðtöldum.
- B. *Hámarkshraði* frá vegamótum við Suðurlandsveg að Grafarholti ..... 60 km/klst.

**V. Vegir um Þjóðgarðinn á Þingvöllum:**

*Hámarkshraði* á Þingvalla-, Sogs- og Uxahryggjavegi innan girðinga um Þjóðgarðinn á Þingvöllum er ..... 50 km/klst.

Auglýsing þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 50. og 65 gr. umferðarlaga, nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin öll eldri ákvæði, sem í bága fara við auglýsingu þessa.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. júlí 1960.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

**AUGLÝSING****125**

**um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Mosfellshrepp í Kjósarsýslu.**

15. júlí

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905 um byggingarsamþykktir og lögum nr. 55 27. júní 1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, sbr. auglýsingu nr. 120 13. júlí 1960, um skipulag í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu, hefur félagsmálaráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykkt fyrir Mosfellshrepp í Kjósarsýslu.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948 (Stj.tíð. 1948, B., bls. 167—185), nema 4. gr., en þar kemur ný málsgrein, sem verður 4. gr. 1.a., svo hljóðandi:

Ekki má reisa hús eða önnur mannvirki innan hreppsins, nema samþykki byggingarnefndar og sveitarstjórnar komi til. Öll mannvirki skulu staðsett og mörkuð í samræmi við heildarskipulag hverrar byggðar og skulu landeigendur bundnir slíku skipulagi um skiptingu landssvæðis undir íbúðarhús eða önnur mannvirki. Byggingarnefnd er þó heimilt að veita undanþágu frá slíku skipulagi með byggingar á lögbýlum sem eingöngu eru miðaðar við þarfir búrekstursins og skal þá hafa samráð við Teiknistofu landbúnaðarins.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

126  
14. júlí

## SAMÞYKKTIR

### Sparisjóðs Sauðárkróks, Sauðárkróki.

#### I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

##### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Sauðárkróks. Heimili hans og varnarþing er á Sauðárkróki.

##### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1. ágúst 1886 og er tilgangur hans að ávaxta fé manna með því að lána það út aftur gegn fullnægjandi tryggingu.

##### 3. gr.

Sem trygging fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, er allur varasjóður hans, eins og hann er á hverjum tíma og auk þess ábyrgð 30 manna fyrir minnst 5000 krónum. Fundarbók sjóðsins skal jafnan sýna, hverjir eru í ábyrgð þessari, og er stjórninni skylt að gera það sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri.

##### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, skulu 2 þeirra kjörnir af ábyrgðarmönnum á aðalfundi til fjögurra ára í senn og aðrir 2 til vara.

Hlutfallskosningu skal við hafa ef óskað er. Á sama hátt kýs sýslunefnd Skagafjarðarsýslu einn stjórnarmann og einn til vara og gildir kosning þeirra til sama tíma.

Stjórnin skiptir með sér störfum. Aðalfundur ákveður laun stjórnarmanna. Stjórn sjóðsins hefur yfirumsjón með öllum framkvæmdum hans. Hún ræður sparisjóðsstjóra og aðra starfsmenn, ákveður kjör þeirra og segir þeim upp starfi, ef henni þykir ástæða til.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn, gagnvart viðkomandi viðskiptamönnum hans, en það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum séu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sjóðsins, hvor um sig. Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni stjórnar eða starfsmanna skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

##### 5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum, né heldur ábyrgjast það fyrir aðra. Sama gildir um fyrirtæki þau, sem þeir eru í stjórn fyrir, nema einróma samþykki sjóðsstjórnar sé fyrir hendi og sparisjóðseftirlitið leyfi það. Þó þarf ekki slíkt leyfi til að veita lán gegn veði í fasteign, enda fari lánið ásamt því, sem áður kann að hvíla á eigninni, ekki fram úr  $\frac{3}{5}$  af matsverði fasteignarinnar.

##### 6. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu tafarlaust hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins og ráðnir starfsmenn hans.

## 7. gr.

126

14. júl

Stjórnarfundir skulu haldnir einu sinni í viku. Aukafundi skal halda, ef þörf þykir Ákveður stjórnin í samráði við sparisjóðsstjóra, hvernig skulu haga daglegri starfrækslu sjóðsins. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé samkvæmt ákvæðum laga um sparisjóði frá 27. júní 1941 og reglugerðar frá 15. febr. 1942.

## 8. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum skriflega með minnst sex daga fyrirvara. Á fundinum hafa ábyrgðarmenn einir atkvæðisrétt og ræður afl atkvæða, þó má ekki breyta samþykktum sjóðsins nema  $\frac{2}{3}$  hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki. Fundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað, þótt eigi sé mættur nema þriðjungur ábyrgðarmanna. Aukafundi boðar formaður á sama hátt og aðalfundi, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess.

## 9. gr.

Á aðalfundi skal stjórnin leggja fram reikninga hans fyrir síðastliðið almanaksár, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum sínum. Aðalfundur úrskurðar reikningana og liggur í því kvittun fyrir reikningsskilum að fullnægðum úrskurðum. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á, að reikningur hans fyrir hvert umliðið almanaksár sé fullger fyrir lok marzmanaðar og að hann sé gerður eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur.

## II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti o. fl.

## 10. gr.

- Hver sá, er kemur fé á vöxtu í sjóðinn, fær sem skirteini fyrir innstæðu sinni viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók sjóðsins stendur. Í öllum viðskiptabókum skal vera prentað ágríp af lögum um sparisjóði frá 27. júní 1941, svo og samþykktir sparisjóðsins. Eigandi greiði andvirði bókarinnar, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti, en þegar innstæða hennar er öll tekin út, skal afhenda sjóðnum hana til ónýtingar án endurgjalds. Glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.
- Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur meiri hluti sparisjóðsstjórnar neitað viðtöku á fé í sjóðinn, eða gert að skilyrði að það standi óhreyft að minnsta kosti í eitt ár.
- Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.
- Fé það, sem lagt hefur verið í sparisjóðinn, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið löghaldi á meðan það stendur þar.

## 11. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga. Vextirnir reiknast í mánuðum þritugnættum og skulu þeir reiknaðir út og færðir í bækur sjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári við lok hvers árs. Sjóðnum er eigi skylt að greiða vexti af upphæðum, er standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

## 12. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má, að upphæðum frá 500 til 1500 kr. sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 2000 kr. á mánuði úr sömu viðskiptabók.

## 126

14. júlí

## 13. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd, og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana, og er það full sönnun fyrir greiðslunni gagnvart eiganda hennar. Heimilt er að taka við innlögum, þó viðskiptabók sé ekki sýnd og skal þá gefa kvittun, ef óskað er, en gæta skal þess, að fylgja um þetta ákvæðum þar að lútandi laga. Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni ekki ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

## 14. gr.

Ef eigandi að innstæðufé, eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum, eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 6 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sjóðsins.

## 15. gr.

Ársarð allan af rekstri sjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins, að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu.

Þegar svo er komið hag varasjóðs, má með samþykki stjórnarráðsins verja fé úr sjóðnum til nýtsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu. Að öðru leyti en hér er greint skal með varasjóðinn farið samkvæmt ákvæðum laga um sparisjóði frá 27. júní 1941.

## III. Um útlán.

## 16. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. Með því að kaupa ríkisskuldabréf, eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngöð. Skal, ef bréfin hljóða á handhafa, tafarlaust láta nafnskrá þau sem eign sparisjóðsins.
- b. Með því að lána fé gegn áreiðanlegu fasteignaveði, sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Um lán út á fasteignir skal höfð hliðsjón af gildandi fasteignamat. Skulu þau vera afborganalán og eigi veitt til lengri tíma en 40 ára ef jörð eða steinhús er að veði, en eigi lengri tíma en 25 ára, ef timburhús er að veði. Húseignir, sem veðsettur eru sjóðnum skulu jafnan váttryggðar í félagi er stjórnin tekur gilt. Sjálfskuldarábyrgðarlán má eigi veita til lengri tíma en 10 ára og skal þess gætt, að þau séu jafnan vel tryggð.
- c. Með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórnin álitur full trygga, þó má ekki kaupa víxla, sem falla í gjalddaga eftir meira en 6 mánuði.
- d. Á hvern annan fulltryggilegan hátt, sem stjórn sjóðsins telur heppilegan.

## 17. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar. Aðalfundur ákveður vexti og forvexti af útlánum svo og vaxtagjalddaga og dráttarvexti, en heimilt er sparisjóðsstjórninni að taka um þetta ákvarðanir milli aðalfunda, ef þörf krefur.



## 18. gr.

126

Aldrei má sparisjóðurinn taka lán nema meiri hluti sparisjóðstjórnar hafi ákveðið það, enda sé það til þess gert að fullnægja skuldbindingum sjóðsins gagnvart innstæðueigendum. Óheimilt er sjóðnum að gefa út handhafaávisanir á sjálfan sig. Um tryggingar fyrir því, að sjóðurinn geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé fer eftir þar að lútandi ákvæðum laga um sparisjóði.

## IV. Um reikninga sjóðsins og endurskoðun.

## 19. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið, og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn fyrir lok marzmanaðar.

## 20. gr.

Gera skal reikning yfir inn- og útborganir sjóðsins á árinu, reikning yfir tekjur hans og gjöld á árinu og nákvæman efnahagsreikning yfir hag hans í árslok. Skal frá þessum reikningum og fylgiskjölum þeirra gengið eins og fyrir er mælt í lögum um sparisjóði.

## 21. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla velur bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar 2 endurskoðunarmenn og tvo menn til vara, er komi í stað aðalmanna í forföllum þeirra. Skulu þeir kosnir til eins árs í senn með hlutfallskosningu. Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

## 22. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir 15. apríl. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn með athugasemdum endurskoðenda og svörum reikningshaldara leggst síðan fyrir aðalfund til úrskurðar. Endurskoðendur hafa frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins hvenær sem þeir óska. Skylt er þeim að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en ársfjórðungslega, einnig að hafa nákvæmt eftirlit með bókfærslu sjóðsins og haga starfi sínu að öllu leyti í samræmi við þar að lútandi ákvæði laga um sparisjóði.

## 23. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður laun endurskoðenda.

## 24. gr.

Auk samþykktá þessara gilda einnig fyrir sjóðinn lög um sparisjóði frá 27. júní 1941 og reglugerð um sparisjóði frá 15. febr. 1942, svo og síðar meir ný lagaákvæði er sett verða um sparisjóði.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

*Viðkiptamálaráðuneytið, 14. júlí 1960.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Yngvi Ólafsson.*

127  
25. júl

## REGLUR

um leigu á skráningarskyldum ökutækjum til mannflutninga án ökumanns.

### 1. gr.

Enginn má selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyldt ökutæki til mannflutninga án ökumanns, nema fengið hafi verið til þess leyfi hjá lögreglustjóra, þar sem leigusali ætlar að hafa starfsstofu, svo og viðurkenningu lögreglustjóra á þeim ökutækjum, sem nota á við starfræksluna.

Skilyrði til þess að fá leyfi eru, að umsækjandi fullnægi þessum skilyrðum:

1. Sé lögráða.
2. Hafi forræði á húsi sínu.
3. Sé heimilisfastur á Íslandi.
4. Hafi óflekkað mannorð.

Heimilt er að veita félagi leyfi samkvæmt þessari grein, enda fullnægi framkvæmdastjóri þess skilyrðum 1.—4. töluliðs.

Fyrir leyfi samkvæmt 1. mgr. skal greiða kr. 500.00 í ríkissjóð. Nú ætlar leyfissali að endurnýja eða bæta við bifreiðakost sinn og ber þá að fá leyfi lögreglustjóra til notkunar þeirra bifreiða, enda liggja fyrir upplýsingar samkvæmt 1.—3. tölulið 2. gr.

### 2. gr.

Umsókn um leyfi samkvæmt 1. gr. skal fylgja:

1. Upplýsingar um tölu þeirra ökutækja, sem ætlunin er að leigja, skráningarnúmer þeirra, tegund og stærð.
2. Vottorð bifreiðaeftirlits ríkisins um að ökutæki þau, sem ætluð eru til leigu, séu hæf til þeirrar notkunar.
3. Vottorð váttryggingarfélagis um, að ökutækið verði tryggt samkvæmt 70. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 til leigu án ökumanns.
4. Upplýsingar um hvar starfsstofa verður.

### 3. gr.

Ökutæki, sem leyft hefur verið til leigu án ökumanns, skal fært til skoðunar hjá bifreiðaeftirliti ríkisins ársfjórðungslega. Fella skal niður leyfi, ef ökutæki er ekki lengur hæft til leigu, að dómi bifreiðaeftirlitsmanns.

### 4. gr.

Eigi má leigja ökutæki án ökumanns öðrum en þeim, sem eru 21 árs að aldri og hafa réttindi til að stjórna þess konar ökutæki, sem leigja á. Heimilt er þó að gera leigusamning við mann, sem ekki hefur ökuréttindi, enda tilnefni hann ökumann skriflega fyrir leigusala og má þá ekki annar stjórna ökutækinu. Skal ökumaður uppfylla framangreind skilyrði.

Leigutaka er óheimilt að nota ökutækið til flutnings farþega gegn greiðslu, lána það eða framleigja.

Leigusala ber að ganga úr skugga um, að sá, sem á að stjórna hinu leigða ökutæki, hafi heimild til þess, með því að skoða ökuskráir hans.

### 5. gr.

Leigusali skal skrá alla gerða leigusamninga í sérstaka bók, löggilta af lögreglustjóra. Í bókun skal greina nafn leigutaka, stöðu, heimilisfang og aldur. Enn fremur

skráningarnúmer ökutækis, á hvaða stundu og degi leigutími hefjist og endi, farna 127 vegalengd, svo og númer ökuskirteinis stjórnanda. Lögreglustjóri getur krafizt 25. júlí þess, að frekari upplýsingar séu skráðar.

#### 6. gr.

Leigusala ber að gera skriflegan samning í tveimur eintökum um hverja leigu og fær leigutaki annað þeirra. Lágmarksleigutími er þrjár klukkustundir og skal innheimta gjald fyrir þann tíma fyrirfram.

Við undirskrift samnings skal leigutaki leggja fram geymslufé í peningum, er nema a. m. k. kr. 500.00. Leggja ber fram geymslufé, þótt leigusali sé skuldugur leigutaka. Eigi ber að endurgreiða geymslufé að svo stöddu, nema leigutaki gefi um það skriflega yfirlýsingu, þegar leigutíma er lokið, að hann hafi ekki valdið þriðja manni líkamstjóni eða eigna með notkun ökutækisins.

Hafi leigutaki valdið tjóni, sem fellur undir ábyrgðartryggingu eða húftryggingu, ef ökutækið er þannig tryggt, ber að nota geymslufé, skv. 2. mgr., til greiðslu tjónsins eða hluta þess, að svo miklu leyti sem leigusali ber sjálfur áhættu af því, sbr. 7. gr.

#### 7. gr.

Vátryggingartaki (leigusali) ber ábyrgð gagnvart vátryggingarfélagi á fyrstu eitt þúsund krónum af hverju tjóni, sem fellur á vátryggingarfélag vegna ábyrgðartryggingarinnar meðan á leigutíma stendur, enda hafi vátryggingartaki, heimilismaður hans eða starfsmaður ekki stjórnað ökutæki, þegar tjón varð. Ef ökutæki er húftryggt, ber vátryggingartaki sams konar ábyrgð á fyrstu eitt þúsund krónum af hverju tjóni, er falla undir þá tryggingu, að undanskildum tjónum, sem stafa af þjófnaði, eldsvoða eða sprengingu. Húftryggingarsala er óheimilt að greiða þá upphæð fyrirfram upp í tjónagreiðslu.

Ef skaðabótaskylda skiptist á aðilja, lækkar upphæð sú, sem vátryggingartaki ber ábyrgð á, að tiltölu, miðað við hlut hans í heildartjóninu.

#### 8. gr.

Fari leigusali ekki eftir fyrirmælum reglugerðar þessarar, ber hann fulla ábyrgð gagnvart vátryggingarfélagi á þeim tjónum, sem kunna að verða á leigutímanum og falla undir ábyrgðar- eða húftryggingu.

#### 9. gr.

Leyfi, sem veitt eru samkvæmt 1. gr., skal lögreglustjóri afturkalla, ef veruleg brögð verða að brotum á reglugerð þessari, eða leyfishafi misnotar leyfið á annan hátt.

#### 10. gr.

Brot á reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt VII. kafla umferðarlaga nr. 26 1958.

#### 11. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 85. gr. umferðarlaga nr. 26 1958 og öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. júlí 1960.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1960 til jafnlengdar 1961.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	4000	00	4000	00	3333
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	600	00	3600	00	3000
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	400	00	3200	00	2667
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	200	00	2000	00	1667
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	3000	00	3000	00	2500
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri ..... hver á	3000	00	4000	00	3333
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvíttri ullu, vel þveginni .. pd. á	5	00	1200	00	1000
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni .... pd. á	5	00	1200	00	1000
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	21	00	2520	00	2100
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	5	00	600	00	500
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispesur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpesur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	320	00	1920	00	1600
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

	Í peningum		Hundrað á		Alin
	kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<b>E. Lýsi.</b>					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis	8 pottar	á	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis	8 pottar	á	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis	8 pottar	á	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis	8 pottar	á	»	»
<b>F. Skinnavara.</b>					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns	10 pund	á	»	»
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns	10 pund	á	25 00	150 00 125
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns	10 pund	á	20 00	120 00 100
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10 pund	á	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10 pund	á	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns	10 pund	á	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit	hvert	á	»	»
<b>G. Ýmislegt.</b>					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum	.. pundið	á	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum	.... pundið	á	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri	10 pund	á	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösnum	10 pund	á	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	..... á	180 00	»	3600
43.	— 1 lambsfóður	..... á	180 00	»	3600
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í friðu	.....	3300 00	2750	
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg	.....	1380 00	1150	
	Eftir C. eða í ullartóvöru	.....	»	»	»
	Eftir D. eða í fiski	.....	1920 00	1600	
	Eftir E. eða í lýsi	.....	»	»	»
	Eftir F. eða í skinnavöru	.....	135 00	113	
En meðalverð allra landaura samantalið					
	og skipt með 4 sýnir:		6735 50	5613	
Meðalverð allra meðalverða					
			1683 75	1403	

Skrifstofu N.-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar, 3. maí 1960.

F. h. yfirskattanefndar.

*Erlendur Björnsson, Sig. Vilhjálmsson, Erl. Sigmundsson.*

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

*Fjármálaráðuneytið, 13. maí 1960.*

F. h. r.

Sigtr. Klemenzone.

*Kristján Thorlacius.*

## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Suður-Múlasýslu og Neskaupstað

frá 16. maímánaðar 1960 til jafnlengdar 1961.

	Í peningum		Hundrað á		Alia	
	kr.	aur.	kr.	aur.	aur.	
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	3600	00	3600	00	3000
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	400	00	2400	00	2000
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti .... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti .... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti .... hver á	»	»	»	»	»
6.	— 8 ær geldar á hausti .... hver á	290	00	2320	00	1933
7.	— 10 ær mylkar á hausti .... hver á	210	00	2100	00	1750
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	2000	00	2000	00	1667
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri .... hver á	1400	00	1866	67	1556
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	10	00	1200	00	1000
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	9	00	1080	00	900
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	20	00	2400	00	2000
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	5	50	660	00	550
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundid á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	144	00	864	00	270
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	480	00	2880	00	2400

	Í peningum		Hundrað á		Alin
	kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<b>E. Lýsi.</b>					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis	8 pottar	á	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis	8 pottar	á	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis	8 pottar	á	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis	8 pottar	á	»	»
<b>F. Skinnavara.</b>					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns	10 pund	á	»	»
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns	10 pund	á	»	»
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns	10 pund	á	»	»
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10 pund	á	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10 pund	á	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns	10 pund	á	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit	hvert	á	»	»
<b>G. Ýmislegt.</b>					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum	.. pundið	á	450 00	2700 00 2250
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum	..... pundið	á	60 00	2400 00 2000
40.	— 120 pd. af fuglafiðri	..... 10 pund	á	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum	..... 10 pund	á	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	..... á		155 00	» 3100
43.	— 1 lambsfóður	..... á		180 00	» 3600
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í friðu	.....		2381	11 1984
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg	.....		1335	00 1112
	Eftir C. eða í ullartóvöru	.....		»	»
	Eftir D. eða í fiski	.....		1872	00 1560
	Eftir E. eða í lýsi	.....		»	»
	Eftir F. eða í skinnavöru	.....		»	»
En meðalverð allra landaura samantalið				5588	11 4657
og skipt með 3 sýnir:					
Meðalverð allra meðalverða				1862	70 1552

Skrifstofu Suður-Múlasýslu, 29. febrúar 1960.

F. h. yfirskattanefndar.

*Lúðvik Ingvarsson.*

Framanrituð verðlagskrá staðfestist hér með.

*Fjármálaráðuneytið, 13. maí 1960.*

F. h. r.

Sigr. Klemenzson.

*Kristján Thorlacius.*

# VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Skaftafellssýslu

frá 16. maímánaðar 1960 til jafnlengdar 1961.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	3000	00	3000	00	2500
34.	— 8 fjórð. sauðskinnns, af tvæv. og eldri	»	»	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinnns, af veturg. og ám	»	»	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns .....	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit .....	4	00	960	00	800
<b>G. Ýmislegt.</b>						
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..	500	00	3000	00	2500
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum .....	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri .....	400	00	4800	00	4000
41.	— 480 pd. af fjallagrösuum .....	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir .....	190	00	»	»	3800
43.	— 1 lambsfóður .....	180	00	»	»	3600
<b>Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:</b>						
Eftir A. eða í fríðu .....				2521	43	2101
Eftir B. eða í ulla, smjóri og tólg .....				1330	50	1109
Eftir C. eða í ullartóvöru .....				»	»	»
Eftir D. eða í fiski .....				2970	00	2475
Eftir E. eða í lýsi .....				»	»	»
Eftir F. eða í skinnavöru .....				315	00	263
<b>En meðalverð allra landaura samantalið .....</b>				7136	93	5948
og skipt með 4 sýnir:						
<b>Meðalverð allra meðalverða .....</b>				1784	23	1487

Skrifstofu Skagafjarðarsýslu og Sauðárkróks, 3. maí 1960.

F. h. yfirskattanefndar.

Jóh. Salberg Guðmundsson.

Framanrituð verðlagskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 17. maí 1960.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Kristján Thorlacius.

## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Eyjafjarðarsýslu, Akureyrar-, Siglufjarðar- og Ólafsfjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1960 til jafnlengdar 1961.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Fríður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	5000	00	5000	00	4167
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	625	00	3750	00	3125
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti .... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti .... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti .... hver á	408	00	4896	00	4080
6.	— 8 ær geldar á hausti .... hver á	470	00	3760	00	3133
7.	— 10 ær mylkar á hausti .... hver á	270	00	2700	00	2250
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	2300	00	2300	00	1917
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri .... hver á	1700	00	2267	00	1889
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	11	25	1350	00	1125
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni .... pd. á	9	00	1080	00	900
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu .... pd. á	23	00	2760	00	2300
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri .... pd. á	5	50	660	00	550
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði .... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka .... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka .... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga .... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur .... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur .... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	406	00	2436	00	2030
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	733	00	4398	00	3665
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri .... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum .... vættin á	»	»	»	»	»

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>E. Lýsi.</i>						
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis . . . . .	8	pottar	á	22 00	330 00 275
<i>F. Skinnavara.</i>						
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns . . . . .	10	pund	á	»	»
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns . . . . .	10	pund	á	30 40	182 40 152
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns . . . . .	10	pund	á	16 30	97 80 82
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10	pund	á	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10	pund	á	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns . . . . .	10	pund	á	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit . . . . .		hvert	á	»	»
<i>G. Ýmislegt.</i>						
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..		pundið	á	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum . . . .		pundið	á	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri . . . . .	10	pund	á	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösnum . . . . .	10	pund	á	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir . . . . .	175	00	á	»	3500
43.	— 1 lambsfóður . . . . .	200	00	á	»	4000
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:						
Eftir A. eða í friðu . . . . .		3525	00			2938
Eftir B. eða í ulla, smjöri og tólg . . . . .		1463	00			1219
Eftir C. eða í ullartóvöru . . . . .		»	»			»
Eftir D. eða í fiski . . . . .		3417	00			2848
Eftir E. eða í lýsi . . . . .		330	00			275
Eftir F. eða í skinnavöru . . . . .		140	00			117
En meðalverð allra landaura samantalið . . . . .		8875	00			7396
og skipt með 5 sýnir:						
Meðalverð allra meðalverða . . . . .		1775	00			1479

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, hinn 13. dag júníarmánaðar 1960.

F. h. yfirskattanefndar.

*Friðjón Skarphéðinsson.*

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

*Fjármálaráðuneytið, 9. maí 1960.*

F. h. r.

**Sigtr. Klemenzone.**

*Kristján Thorlacius.*

## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Þingeyjarsýslu og Húsavíkurkaupstað

frá 16. maímánaðar 1960 til jafnlengdar 1961.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	3200	00	3200	00	2667
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	510	00	3060	00	2550
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	520	00	3120	00	2600
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	510	00	4080	00	3400
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	360	00	4320	00	3600
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	400	00	3200	00	2666
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	230	00	2300	00	1917
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	3000	00	3000	00	2500
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri ..... hver á	2400	00	3200	00	2666
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	11	00	1320	00	1100
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	10	00	1200	00	1000
12.	— 120 pd. af smjóri, vel verkuðu ..... pd. á	26	00	3120	00	2600
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	6	00	720	00	600
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	300	00	1800	00	1500
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	500	00	3000	00	2500
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum ... vættin á	230	00	1380	00	1150
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	500	00	3000	00	2500
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

		í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>E. Lýsi.</i>						
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis . . . . .	8	pottar	á	30	00 450 00 375
<i>F. Skinnavara.</i>						
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns . . . . .	10	pund	á	»	»
32.	— 6 fjórðungar kýrskinnns . . . . .	10	pund	á	»	»
33.	— 6 fjórðungar hrossskinnns . . . . .	10	pund	á	»	»
34.	— 8 fjórð. sauðskinnns, af tvæv. og eldri	10	pund	á	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinnns, af veturg. og ám	10	pund	á	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns . . . . .	10	pund	á	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit . . . . .		hvert	á	»	»
<i>G. Ýmislegt.</i>						
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..	pundið	á	550	00	3300 00 2750
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum . . . . .	pundið	á	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri . . . . .	10	pund	á	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum . . . . .	10	pund	á	200	00 9600 00 8000
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir . . . . .	á	180	00	»	» 3600
43.	— 1 lambsfóður . . . . .	á	240	00	»	» 4800
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaurum verður:						
Eftir A. eða í friðu . . . . .				3275	55	2730
Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg . . . . .				1590	00	1325
Eftir C. eða í ullartóvöru . . . . .				»	»	»
Eftir D. eða í fiski . . . . .				2295	00	1912
Eftir E. eða í lýsi . . . . .				450	00	375
Eftir F. eða í skinnavöru . . . . .				»	»	»
En meðalverð allra landaura samantalið . . . . .				7610	55	6342
og skipt með 4 sýnir:						
Meðalverð allra meðalverða . . . . .				1902	64	1586

Skrifstofu Þingeyjarsýslu og Húsavíkurkaupstaðar, 7. janúar 1960.

F. h. yfirskattanefndar.

*Jóhann Skaptason.*

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

*Fjármálaráðuneytið, 3. maí 1960.*

F. h. r.

*Sigtr. Klemenzson.*

*Kristján Thorlacius.*

## S A M Þ Y K K T

### fyrir Veiðifélag Eyjafjarðarár.

#### 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Eyjafjarðarár. Heimili þess og varnarþing er sama og formanns.

#### 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Eyjafjarðará og fiskgengum þverám þeim og lækjum, er í hana renna, svo og lögsagnarumd. Akureyrar. Jarðirnar eru þessar: Veigastaðir, Austurhlíð, Ytri-Varðgjá, Syðri-Varðgjá, Eyrarland, Leifsstaðir, Arnarhóll, Knararberg, Kaupangsbakki, Kaupangur, Þórustaðir, Gröf, Skálpagerði, Ytri-Hóll I, Ytri-Hóll II, Syðri-Hóll, Hjarðarhagi, Garðsá, Þróm, Þverá, Jódísarstaðir, Höskuldsstaðir, Staðarhóll, Syðri Tjarnir, Öngulsstaðir I, Öngulsstaðir II, Björk, Ytri Tjarnir, Háagerði, Hóll, Ytra Laugaland, Syðra Laugaland, Klauf, Uppsalir I, Uppsalir II, Grýta, Borgarhóll, Múnkaþverá, Rifkelsstaðir I, Rifkelsstaðir II, Litli-Hamar I, Litli Hamar II, Stóri-Hamar I, Stóri-Hamar II, Bringa, Rútsstaðir, Öxnafell, Fellshlíð, Guðrúnarstaðir, Helgastaðir, Möðruvellir, Stekkjarflatir, Björk, Finnastaðir, Seljahlíð, Gnúpufell, Hríysar, Æsustaðir, Grænahlíð, Arnarstaðir, Arnarfell, Hólar, Hólakot, Vatnsendi, Jökull, Halldórsstaðir, Tjarnir, Hólsgerði, Torfufell. Ytri-Villingadalur, Leyningur, Jórunnarstaðir, Ártún, Skáldastaðir, Kolgrímsstaðir, Gullbrekka, Gilsá I, Gilsá II, Nes, Hleiðargarður I, Hleiðargarður II, Krónustaðir, Sandhólar, Saurbær, Vellir, Rauðhús, Melgerði, Mikligarður, Litligarður, Yztagerði, Ölvesgerði, Miðgerði, Samkomugerði I, Samkomugerði II, Torfur, Árbakki, Gilsbakki, Möðrufell, Hraungerði, Árbær, Grund I, Grund II, Hólshús, Dvergsstaðir, Litlihóll, Espihóll, Stokkahlaðir I, Stokkahlaðir II, Botn, Hrafnagil, Grísará, Kroppur, Kristnes, Reykhús, Klúkur, Teigur, Syðragil, Ytragil, Vaglar, Hvammur, Litlihvammur, Akureyrarkaupstaður.

#### 3. gr.

Verkefni félagsins er að auka fiskgengd á félagssvæðinu og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

#### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður og fjórir meðstjórnendur og jafnmargir til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum. Skulu stjórnarmenn kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Skal einn þeirra að minnsta kosti vera búsettur í Öngulstaðahreppi, einn í Saurbæjarhreppi, einn í Hrafnagilshreppi og einn í Akureyrarkaupstað og jafnmargir varamenn úr sömu félagssvæðinu. Ganga menn úr stjórn til skiptis þannig:

Formaður gengur úr eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár með hlutkesti og tveir eftir þrjú ár. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu í stjórn eitt kjörtímabil í senn nema lögmæt forföll séu. Þó er honum ekki skylt að taka endurkosningu jafnlengi og hann hefur setið í stjórn.

Heimilt er stjórninni að velja sér trúnaðarmenn til eftirlits friðuninni. Kjósa skal tvo endurskoðendur og tvo til vara til tveggja ára í senn og ræður hlutkesti hverjir ganga úr eftir fyrsta árið. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála.

#### 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir, en aðalfundur kveður á um laun stjórnar.

Formaður er fulltrúi félagsins útávið og hefur umsjón með öllum störfum 145  
félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með 24. júní  
sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal taka fram um veiðitíma  
og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en í júlímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir  
stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi  
þess á næsta ári.

Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikninga félagsins skal færa inn í  
sérstaka bók. En í gerðabók skal færa samþykktir félagsins, gjaldskrá og fundar-  
gerðir.

8. gr.

Arði, sem aðalfundur ákveður að úthluta, skal skipt niður á félagsmenn  
samkv. arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir  
taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt 17. kafla laga nr. 53 frá  
1957, um lax og silungsveiði.

Samþykkt þessi, sem er gerð samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og  
silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni  
öllum þeim, er hlut eiga að máli Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 173/1952.

*Landbúnaðarráðuneytið, 24. júní 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

146  
21. júlí

um breyting á reglugerð nr. 58 15. apríl 1960 um fyrirframgreiðslu skatta o. fl.

1. gr.

Á eftir 1. málsg. 6. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hafa skattar þessa árs ekki verið ákveðnir hinn 1. ágúst 1960, og er þá  
heimilt að innheimta hjá hverjum gjaldanda hinn 1. ágúst sömu upphæð og hon-  
um bar að greiða hinn 1. maí s. l.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 46 1954, um tekjuskatt og  
eignarskatt, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 21. júlí 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Kristján Thorlacius.*

147  
29. júlí

## AUGLÝSING

### um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

Frá og með 1. ágúst 1960 ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. júlí 1960.*

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

*Ragnar Bjarkan.*

148  
30. júlí

## FJALLSKILAREGLUGERÐ

### fyrir Vestur-Húnavatnssýslu.

#### I. KAFLI

##### Um stjórn fjallskilamála.

###### 1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927 hefur sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

###### 2. gr.

Hreppsnefndir geta hver í sínum hreppi gert nákvæmari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum, þó má eigi þar með raska reglugerð þessari og skulu hreppsnefndir gæta þess að farið sé í öllu eftir ákvæðum hennar.

#### II. KAFLI

##### Um smölun og fjárgæzlu á vorum.

###### 3. gr.

Allir þeir, sem hafa jörð til ábúðar eða umráða, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Þar sem heimalönd eru víðáttumikil hálsa- og fjallalönd, er búast má við að margir úr upprekstrarfélaginu eigi fjárvon, mega hlutaðeigandi hreppsnefndir skipa fyrir um að nágrannar og aðrir, sem þar eiga fjárvon, hjálpi til við smölunina, eftir því sem hreppsnefndum þykir sanngjarnt vera.

###### 4. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa fyrir um almennar smalanir sauðfjár til rún-ingar á vorum, þegar hentugt þykir. Ef þörf gerist, má hún láta leitir fara fram á afréttum og greiðist kostnaður við þær úr fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins. Sama gildir þar sem tveir hreppar eru í upprekstrarfélagi, að því viðbættu, að þar hefur hvor hreppsnefndin sem er, rétt til að ákveða leit, náist samkomulag ekki milli hlutaðeigenda. Komi fyrir fé úr öðrum sveitum við vorsmalanir, er viðkomandi hreppsnefnd heimilt að greiða úr fjallskilasjóði kostnað við rún-ingu á því þar sem það kemur að rétt.



## III. KAFLI

## Um rekstur til afrétta.

148

30. júlí

## 5. gr.

Sauðfé og hross skal reka á afrétt svo tímanlega að vorinu sem árferði og önnur atvik leyfa. Rekstri til afrétta skal haga þannig, að sem minnstur bagi verði að í heimalöndum manna og gæta þess, að skepnur verði ekki fyrir ónáði eða óþarfri styggð. Ekki má reka sauðfé á afrétt fyrr á vorin en rúningu sé almennt lokið, nema leyfi hreppsnefndar komi til

## 6. gr.

Hver, sem heimildarlaust rekur fénað sinn, sem á afrétt á að fara, í annars land til beitar um sumar, hvort heldur það er heimaland, fjallaland eða afréttarland, greiði skaðabætur til landráðanda eftir mati hreppsnefndar í þeim hreppi, er landráðandi á heima í. Mati þessu má skjóta til hlutaðeigandi sýslunefndar.

## 7. gr.

Verði einhver fyrir ágangi búfjár að sumrinu, sem er í óskilum í heima- högum eða af afrétt gengur, er honum heimilt að gera umkvörtun um það til viðkomandi oddvita, sem þá skipar fyrir um það að fénaður þessi sé rekinn til afréttar á kostnað upprekstrarfélagsins. Hafi oddviti eigi annast reksturinn á umræddum peningi innan sólarhrings frá því honum var tilkynnt um áganginn, hefur sá, er fyrir ágangi verður, heimild til að reka fénaðinn til afréttar og greiðist sá kostnaður einnig úr fjallskilasjóði eftir reikning, en verði ágreiningur milli aðila um rekstrargjald þetta, sker sýslunefnd úr ágreiningi. Ef hreppsnefnd er kunnugt um að fénaður þessi hefur ekki verið rekinn til afréttar eða svo illa, að áteljandi sé, getur hún krafizt endurgreiðslu af eigendum fénaðarins í réttu hlutfalli við kostnað hvers rekstrar.

## 8. gr.

Eigi má ónáða fé í afréttum og eigi heldur, nema með leyfi hreppsnefndar, taka þaðan fé eða hross, nema málnytupeningur sé, eða tamin hross.

## IV. KAFLI

## Um fjallskil.

## 9. gr.

Hreppstjóri skal, áður en 16 vikur eru af sumri, senda hreppsnefnd sundurliðaða skrá um tölu sauðfjár og fjallskilaskyldra hrossa í hreppnum. Skýrsla þessi skal sýna hvað hver einstakur eigandi sauðfjár og hrossa á af ám og öðrum kindum og hryssum og öðrum hrossum. Skýrsla þessi skal samin eftir síðasta skattframtali, verði breyting á búfjártölu framteljanda frá síðasta skattframtali, skal hann tilkynna hana hreppstjóra áður en 14 vikur eru af sumri og tekst hún þá til greina á skýrslu hreppstjóra. Sama gildir um tamin hross. Eins ber að tilkynna öll kaup og sölu búpenings, sem fram hefur farið á þessu tímabili, enda sé kaupandi fjallskilaskyldur af keyptum búpeningi.

## 10. gr.

Fjallskilaskyلت er allt sauðfé og öll hross veturgömul og eldri önnur en brúkarhross, en þó ekki fleira en 5 hjá hverjum eiganda. Hver fjallskilaskyldur

**148** maður skal leggja til fjallskila á þann hátt, sem hreppsnefnd ákveður. Hreppsnefnd 30. júl skal meta allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins til peningaverðs og jafna honum niður á alla þá, sem fjallskil eiga að greiða samkvæmt eftirfarandi gjaldskyldum ákvæðum. Fjallskilakostnað skal meta til peningaverðs þannig að jafnt auratal komi á tvær ær og þrjár kindur aðrar og eina hryssu og sex kindur og eitt tryppi og fjórar kindur. Þó er hreppsnefndum Hvammstangahrepps, Kirkjuhvammshrepps og Þverárhrepps heimilt að leggja lægra gjald á hross. Hreppsnefndum er heimilt að taka allt að 50.00 krónu afréttartoll af hrossum í upprekstrarfélaginu, sem eru eign manna búsettra utan þess og ekki hafa þar landsnytjar.

#### 11. gr.

Skyldur er hver fjáreigandi að gera fjallskil á þeirri afrétt og á þau lönd, sem liggja til leitar að lögrétt eða aukaréttum þeim, sem liggja í því upprekstrarfélagi, sem hann á heimili í. Nú á fénaðareigandi fénað á afrétt í öðru upprekstrarfélagi en hann á heimili í, og skal hann þá gera þar fjallskil, er fé hans gengur. Ef eitthvert upprekstrarfélag eða einstakur maður á og notar afréttarland, sem öðru upprekstrarfélagi ber að leita samkvæmt þessari grein, skal það eða hann gera þar full fjallskil eftir fénaðarfjölda þeim, sem rekinn er á afréttarlandið, samkvæmt sömu reglum og fénaðareigendur upprekstrarfélags þess, er leita ber. Þó hafa hlutaðeigandi hreppsnefndir heimild til þess að gera um þetta sérstaka samninga.

#### 12. gr.

Þar, sem tveir eða fleiri hreppar nota sömu afrétt, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eiga fund með sér í seytjándu viku sumars, til þess að semja um hvernig fjallgöngum skuli hagað. Oddviti í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur, kveður til þess fundar. Skal þá hver hreppsnefnd leggja fram skýrslu um fjallskilaskyldan fénað manna í hreppnum skv. 9. gr. Skal skípta fjallskilum á milli hreppanna í réttu hlutfalli við fjallskilaskyldan fénað hvors um sig. Verði ágreiningur um þetta milli nefndanna sker sýslunefnd úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða.

#### 13. gr.

Nú eiga nokkrir fjáreigendur að gera fjallskil af fénaði sínum eða einhvers hluta fénaðarins í öðrum hreppi, en þar sem þeir eru búsettir og skal þá hreppstjóri heimilishreppsins senda hreppstjóra, er hlut á að máli, skýrslu um þann fénað, er þeim ber að greiða fjallskil fyrir og tilkynnir þá hreppstjóri viðkomandi hreppsnefnd tölu fénaðarins og nöfn og heimilisföng eigenda. Skýrslur þessar séu sendar svo snemma að þær komist í hendur hreppsnefndar áður en fjallskilaniðurfjöfnun fer fram. Takist það ekki, leiðréttir hlutaðeigandi hreppsnefnd fjallskilaniðurfjöfnunina síðar eftir því sem skýrslurnar gefa tilefni til.

#### 14. gr.

Fjallgöngur á afréttum og viðlendum heimalöndum, þar sem afréttarpeningur gengur að jafnaði, skulu vera þrennar hvert haust, en þó aðeins einar eða tvennar í Vatnsnesfjalli. Þó skal hreppsnefndum heimilt að fella niður þriðju leitina, sé látin fara fram á stærri leitarsvæðum sameiginleg leit úr lofti. Gangnadagana er hannaður allur heimrekstur og sundurdráttur á afréttarfénaði á einstökum bæjum.

#### 15. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal hreppsnefnd jafna niður í tæka tíð. Aðfinningar við niðurfjöfnunina skal bera upp bréflaga fyrir odd-

vita hreppsnefndarinnar fyrir 20. október. Náist ekki samkomulag getur aðili skotið máli sínu til sýslunefndar til úrskurðar. 148  
30. júlí

#### 16. gr.

Hreppsnefnd, eða kjörinn maður af henni er nefnist fjallskilastjóri, kveður hreppsbúa með gangnaboði til fjallskila nægum tíma áður en fjallgöngur byrja. Í gangnaboðinu skal nákvæmlega taka fram hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gera þau fjallskil, sem hann er kvaddur til, skal hann borga þau því verði er hreppsnefnd ákveður, án tillits til mats á þeim. Ekkert má fyrirskipa í gangnaboðinu, er getur komið í bága við fulltryggjandi fjallskil eða ákveðin réttarhöld innan sýslu.

#### 17. gr.

Hreppsnefnd, eða hreppsnefndir hlutaðeigandi upprekstrarfélags, skipa einn duglegan aðalgangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Gangnastjórinn skal skipa fyrir um tilhögun gangna og hafa alla stjórn á þeim, þar til komið er á réttarstað. Hann skal sjá um að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar og kveðja menn til að gæta safnsins unz vöktunarmenn hafa tekið við því. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum. Öll óhlýðni við skipanir hans varða sektum. Gangnastjóri skal annast um að farið sé svo vel sem unnt er með fé og hross í göngum. Ef kindur koma fyrir, sem ekki verður komið lifandi til réttar, skal slátra þeim og flytja til réttar, ef unnt er. Ef hross, af einhverjum ástæðum geta ekki gengið til réttar, skal gangnastjóri tilkynna það hreppsnefnd, sem þá lætur sækja það og flytja til réttar. Kostnaður greiðist að hálfu úr fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins og að hálfu af eiganda. Sé eigandi utan upprekstrarfélagsins, má selja hrossið sem óskilafénað og borga kostnaðinn af söluverðinu.

#### 18. gr.

Nú hafa fjáreigendur ráð á fleiri mönnum en einum, hefur þá hreppsnefnd eða fjallskilastjóri vald til að kveðja til gangna þann sem hæfastur er, svo og til hvers annars starfa, er útheimtis til góðra fjallskila. Ef einhver sendir mann í göngur, sem gangnastjóri sannar með vottorði tveggja gangnamanna að hafi reynzt óhæfur eða ófullnægjandi gangnamaður, er hann skyldur að borga gangnaskilin að öllu leyti. Borgun fyrir vanrækslu á fjallskilum má verja til að kaupa mann til fjallskilanna, ella falli hún í fjallskilasjóð upprekstrarfélagsins. Launa má gangnastjóra sanngjarnlega af fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins, en vanræki hann skyldur sínar, varðar það sektum.

#### 19. gr.

Ef fjallskilaskyldur maður hefur engan hæfan mann til gangna og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna það skriflega hreppsnefnd eða fjallskilastjóra sex dögum áður en fjallgöngur byrja og borgar hann þá göngurnar sektarlaust, en án tillits til mats á þeim, en hreppsnefnd eða fjallskilastjóri annast um að útvega mann í göngurnar fyrir sanngjarna borgun. Á sama hátt skal útvega hesta, fæði og annað, sem vantar. Skylt er hverjum fjallskilaskyldum manni, ef krafizt er, að borga sanngjarnlega ómök og fyrirhöfn hreppsnefndar eða fjallskilastjóra.

#### 20. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um að til séu hentug og vel viðhaldin skýli fyrir gangnamenn á afréttum, þar sem þess er þörf. Skal kostnaður sá, er af þessu leiðir, greiðast af fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins.

148  
30. júlí

## V. KAFLI

### Um hreinsun heimalanda og fjárgæzlu á haustum.

#### 21. gr.

Hver búandi eða landráðandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á haustum svo oft sem hreppsnefnd fyrirskipar, þótt hann eigi þar eigi fjárvon sjálfur og gilda um það fyrirmæli 3. greinar.

#### 22. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa fyrir um reglulega heimalanda-göngur jafnframt hverjum fjallgöngum. Skulu göngur þessar fara fram undir umsjón manns, er hreppsnefnd skipar með samlögum búenda eftir því, sem best hagar á hverjum stað og með samtökum við næstu sveitir þar sem það á við. Allan fénað, sem kemur fyrir, skal reka skilvíslega til þeirrar réttar, er hann á að ganga til. Verði ágreiningur um hvert fénaður skuli ganga, sker sýslunefnd úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða.

#### 23. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um að eftir réttir á haustum séu heimalönd rækilega smöluð sama dag viku og rekstrar gangi þá bæ frá bæ, nema hreppsnefnd álíti annað haganlegra.

## VI. KAFLI

### Um fjárrekstur milli bæja vor og haust.

#### 24. gr.

Skyldur er hver búandi að hirða fé það, er finnst í heimalandi hans, eftir að fjallgöngum er lokið og reka það til næsta bæjar þá leið, sem það á að ganga. Hreppsnefndir hafa vald til að ákveða rekstrarleiðir innan hrepps og út úr hreppnum. Sleppi nokkur fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum.

#### 25. gr.

Ef enginn rekstrarfær maður er heima, er rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fé það, er eftir á að verða, en reka svo reksturinn áfram til næsta rekstrarfærs manns, en skylt er þeim, er við rekstri skyldi taka, að greiða rekstrarmanni þóknun eftir álíti hreppsnefndar.

## VII. KAFLI

### Um réttir og réttarhöld.

#### 26. gr.

Eftir tillögum hreppsnefndar eða hreppsnefnda ákveður sýslunefnd hvar aðalrétt skuli vera. Séu hreppsnefndir eigi sammála sker sýslunefnd úr. Sömuleiðis ákveður sýslunefnd undir hvaða aðalrétt hver aukarétt heyrir og ennfremur hverja afrétt og heimalönd ganga skal til hvernar réttar og ráða sýslumörk, nema öðruvísi sé ákveðið.

#### 27. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um að réttir, aðalrétt og aukaréttir, séu vandlega byggðar og vel við haldið. Við hverja aðalrétt skulu allar jarðir í upprekstrarfélaginu eiga nægilegt dilksrúm, annað hvort hver fyrir sig eða fleiri í sama dilk. Ennfremur skulu vera sérstakir dilkar fyrir ómerkinga og fénað úr öðrum sveitum. Þar sem hreppsnefnd þykir þurfa, skal hafa sérstaka hrossarétt. Kostnað við réttarbyggingu og viðhald hennar skal greiða úr fjallskilasjóði og teljast sem

annar fjallskilakostnaður. Upprekstrarfélög bera kostnað hvert fyrir sig við dilks-  
rúm, sem því er nauðsynlegt í nágrennaréttum.

148  
30. júlí

#### 28. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa duglega réttarstjóra við hverja aðalrétt og auka-  
rétt og skal greiða honum fyrir starfa sinn úr fjallskilasjóði. Réttarstjóri skal vera  
kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Skipar hann fyrir um hvernig fjár-  
drætti skal haga og heldur mönnum til starfa. Hann bannar og óreglu, er veldur  
hindrun við réttarstörfin. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipunum hans,  
varðar það sektum.

#### 29. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa glögga menn til þess að skoða fé utansveitarmanna  
áður en það er rekið frá rétt. Enginn má hleypa úr dilk fyrir en réttarstjóri leyfir og  
fénaðareigendur ekki fara úr rétt fyrir en fjárdrætti er lokið.

#### 30. gr.

Réttarstjóri skal annast um að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin  
sér í dilk svo að eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau. Að  
afloknum réttum tekur oddviti alla þá ómerkinga, er ekki hafa fundið mæður,  
í sína vörzlu. Getur hann falið hreppstjóra sölu þeirra á staðnum, sé hún leyfð að  
lögum, ella skulu þeir fluttir í sláturhús og lagðir inn sem eign sveitarsjóðs. Ekki  
má torvelða mönnum að láta ær helga sér ómerkinga, þó réttum sé lokið, meðan  
þeir eru enn í vörslum oddvita. Ómerkingar í aukarétt skulu ganga til aðalréttar  
sem annar úrtíningur. Hreppsnefndir skulu kveðja menn til að draga eftir marka-  
skrá, þegar drætti er langt komið og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa fyrir  
en lokið er.

#### 31. gr.

Frá hverri aukarétt skulu tilkvaddir menn reka fénað, sem þar er ekki hirtur,  
tafarlaust til aðalréttar, svo hann sé þangað kominn áður en drætti er þar lokið.

#### 32. gr.

Í fjárréttindi má enginn afmarka fé án þess hann jafn framt skýri fyrir  
hreppstjóra eða réttarstjóra hverja heimild hann hafi til afmörkunarinnar. Hrepp-  
stjóri eða réttarstjóri skal samstundis rita hjá sér nafn hins fyrra eiganda kind-  
arinnar, ef hann er ekki nærstaddur, og mark hennar áður en því var breytt,  
og undir hvers mark hún er mörkuð.

### IX. KAFLI

#### Um smölun, réttun og hirðingu hrossa.

#### 33. gr.

Hreppsnefnd skal skipa hæfan mann til að fara í réttir annarra sveita, þar  
sem helzt eru fjársamgöngur, til að hirða þar fé og hross hreppsbúa sinna. Sá  
maður, sem sendur er til þess að hirða fé í réttum annarra sveita má eigi fara  
þaðan fyrir en búið er að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrá, og selja þar  
sem sala fer fram.

#### 34. gr.

Á haustum skal ásamt fé smala hrossum af afréttum og viðlendum heima-  
löndum og reka til réttar. Skal haga með sundurdrátt og hirðingu á þeim í réttum  
á sama hátt og sauðfé, að svo miklu leyti, sem við getur átt. Á meðan á réttum  
stendur, skal réttarstjóri gæta þess að hryssum gefist kostur á að helga sér  
ómörkuð folöld og skal kappkosta að öðru leyti að haga allri meðferð á hrossun-

**148** um þannig, að ekki hljótist slys af. Ómörkuð folöld, sem engin hryssa helgar sér, 30. júlí skulu boðin upp og seld, að aflokinni rétt. Skulu þau seld með tveggja sólarhringa innlausnarfresti.

#### 35. gr.

Hross, sem ekki þekkjast, eða enginn hirðir í réttum, skal hreppstjóri taka í sína vörzlu. Skal hann skrifa upp mörk og einkenni svo glöggst sem verða má, síðan skal hann auglýsa hrossin og selja að minnst 10 dögum liðnum, ef eigandi hefur ekki sannað eignarrétt sinn og hirt hrossið. Eigandi skal greiða allan áfallinn kostnað og má taka vöktunargjald allt að kr. 5.00 á sólarhring. Ennfremur ber að greiða að fullu annan kostnað svo sem fóður og sölulaun. Hrossið skal selja með sex vikna innlausnarfresti og jafnlöngum gjaldfresti. Hrossið er ekki í ábyrgð kaupanda fyrr en að innlausnarfresti liðnum.

#### 36. gr.

Almenn smölun á hrossum skal fara fram í heimalöndum fyrsta þriðjudag eftir 15. október ár hvert. Ennfremur fyrsta þriðjudag í mánuðunum desember og febrúar. Skulu hross þá réttuð á þeim stað eða stöðum í hverjum hreppi, sem hreppsnefnd ákveður. Við smalanir þessar skulu hreppsnefndir hver fyrir sig annast um hirðingu hrossa úr sínu upprekstrarfélagi í nærliggjandi hreppum.

### X. KAFLI

#### Um meðferð óskilafénaðar.

#### 37. gr.

Eftir að töfludrætti er lokið, skal afhenda úrtíning hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur. Skal hann þá ásamt tveim marklýsingamönnum, sem hreppsnefnd tilnefnir, skoða og skrifa upp mark og einkenni á hverri kind, svo rétt sem framast má verða. Hreppstjóri skal síðan annast um að gera verð úr óskilafé, sem ekki þekkest eða ekki er hirt, annað hvort með sölu á staðnum eða að leggja inn í næsta sláturhús. Marklýsingamenn skulu hafa hæfilega þóknun fyrir starfa sinn úr fjallskilasjóði.

#### 38. gr.

Við sölu óskilafjár er enginn innlausnarfrestur. Þó skulu hrútar, sem eftir álit hreppstjóra og söluvotta, eru hæfir til kynbóta, svo og forustufé, selt með fjögurra vikna innlausnarfresti. Um greiðslufrest og ábyrgð gilda sömu ákvæði og í 35. grein.

#### 39. gr.

Ef óskilafé og hross koma fyrir í fjallöndum eða heimahögum eftir réttir, skal tafarlaust afhenda það hreppstjóra. Finnist eigendur að slíku fé í næstu hreppum skal hreppstjóri hlutast til um að þeim gefist kostur á að vitja þess. Sá fénaður, sem eigi þekkest og enginn getur helgað sér, skal seldur við uppboð, er auglýst sé með nægum fyrirvara.

#### 40. gr.

Finnist óskilakind í fé manna eftir að fé er almennt tekið til hýsingar, skal eiganda kindarinnar gert aðvart um að vitja hennar, sé hann í næstu hreppum, ella skal hún afhent hreppstjóra sem óskilafé.

#### 41. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppstjóri senda greinilega lýsingu á öllu óskilafé, er hefur verið selt eða fargað í hreppnum á árinu til birtingar í Lögbirtingablaði.

Skal hann síðan annast um greiðslu að frádregnum kostnaði á andvirði þess óskilafjár, sem eigendur sanna eignarrétt sinn á. Af andvirði óskilafjár borgist prent-kostnaður á auglýsingu, sölulaun og annar kostnaður svo sem flutningur í slátur-hús og fundar- og björgunarlaun, ef um slíkt er að ræða. Andvirði óskilafjár, sem enginn sannar eignarrétt sinn á, fellur í sveitarsjóð eða sveitarsjóði viðkomandi upprekstrarfélags.

#### 42. gr.

Þegar hinum fyrirskipuðu fjárleitum er lokið skal einstökum mönnum heim-ilt að gera eftirleit í afréttarlöndum upprekstrarfélagsins. Þó getur hreppsnefnd frestað leyfi til eftirleitar, ef hún hefur ákveðið að gera fleiri leitir á sinn kostnað. Fé það, sem finnst í eftirleitum, skal meta til verðs og skal hreppsnefnd tilnefna annan matsmann en eftirleitarmenn hinn. Ber eftirleitarmönnum helm-ingur andvirðis sauðfjár en  $\frac{1}{4}$  til  $\frac{1}{3}$  af andvirði hrossa eftir ástæðum um hversu til þurfi að kosta hverju sinni. Borgun til eftirleitarmanna greiðist úr fjallskila-sjóði viðkomandi upprekstrarfélags. Endurkröfurétt á þó fjallskilasjóður fyrir heimansloppið fé, þar sem afréttargirðingar eru engar.

#### 43. gr.

Fjallskilasjóður greiðir að hálfu kostnað, sem af því leiðir að sækja afréttar-pening, sem kemur fyrir í öðrum sveitum eftir réttir. Björgunarlaun fyrir fé, sem næst úr ógönguklettum, á hvaða tíma árs sem er, greiðist úr fjallskilasjóði.

#### 44. gr.

Nú sækir stóðeigandi um leyfi hreppsnefndar til þess að sleppa hrossum fram fyrir heiðargirðingar eftir réttir og er þá óheimilt að veita það leyfi fyrr en að afloknum haustleitum. Sé slíkt leyfi veitt skulu eigendur merkja hrossin glögg-lega varanlegu merki eftir nánari ákvæðum hreppsnefndar. Eigendur hrossanna sjái um smölun á þeim á eigin kostnað og gæta þess að hafa glögg eftirlit með því að hrossin ekki líði fóðurskort. Þótt farið sé á heiðar í eftirleitarskyni eftir að hrossum þessum er sleppt, ber aðilum ekki eftirleitargjald fyrir þau nema svo sé að álitast megi að um björgun sé að ræða úr fjarlægum heiðarsvæðum eða frá hersýnilegum bjargarskortí.

## XII. KAFLI

### Um fjármörk og hrossamörk.

#### 45. gr.

Fé og hross skal draga eftir mörkum. Það er skylda hvers fénaðareiganda, að hafa glögg mark á öllum sínum fénaði og sýslu- og hrepps-brennimark á öllu hyrndu fé. Sýslunefnd skal svo oft sem þurfa þykir og minnsta kosti fimmta hvert ár, láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna. Skal sérhver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það í prentunarkostnað, það sem sýslu-nefnd ákveður. Hvert heimili skal fá ókeypis eintak af markaskránni. Markið helgar markeiganda kind, sem markið ber, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi. Kind, sem ekki ber rétt mark manns, er heimildarlaust að draga sér, þótt lítið eitt vanti á rétt mark. Ef kind hefur eyrnamark eins manns, en horna-mark eða brennimark annars manns, þá skal sá talinn eigandi, sem á horna-markið eða brennimarkið og skal hann þó, ef eigandi marksins krefst þess, gera grein fyrir hvernig hann er að henni kominn. Kind, sem hefur eyrnamark eins manns, hornamark annars og brennimark hins þriðja, skal talin eign þess, er brennimarkið á. Þó skal hann gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kind-ina, ef þess er krafizt. Nú er kind með óglöggu marki, en maður vill helga sér

**148** hana af líkum, skal hann þá skýra hreppstjóra frá. Hreppstjóri skal þá kveðja til þrjá óvilhalla menn að skoða kindina, er ásamt honum sjálfum meta líkur þær og ástæður, er liggja til þess að maðurinn eigi kindina. Ef þeir eru allir á einu máli, að það sé miklu líklegra að hann eigi kindina, er honum heimilt að hirða hana sem sína eign, ella telst hún sem óskilafé. Komi fyrir hross með óglöggu marki eða skemmdum eyrum, þá gilda um það sömu reglur og um sauðfé með óglöggu marki.

#### 46. gr.

Oddviti sýslunefndar skal ráða mann til að annast undirbúning að prentun á markaskrá fyrir sýsluna og kallast hann markavörður. Skal hann sjá um prentun á nýrri markaskrá fimmta hvert ár, og gæta þess að ekki séu tekin upp ný mörk, sem sammerkt eru við önnur héruð, sem búast má við fjársamgöngum við. Nú vill maður taka upp nýtt mark milli þess, sem markaskrá er prentuð og skal hann þá snúa sér til markavarðar og fá leyfi hans til að taka upp markið. Markavörður tilkynnir markið síðan hreppstjórum nærliggjandi sveita, eða auglýsir í Lögbirtingablaði. Enginn má nota mark, nema það sé prentað í markaskrá eða tilkynnt af markaverði. Markavörður skal hafa þóknun fyrir starf sitt af tekjum þeim, er falla við prentun markaskrár. Þeir, sem taka upp ný mörk milli þess, sem markaskrá er prentuð, skulu greiða kostnað við tilkynningu þess og aldrei minna en prentun á marki kostaði í síðustu markaskrá.

### XIII. KAFLI

#### Um eftirlit og rekstur á fé til slátrunar.

#### 47. gr.

Á hverju slátruhúsi skal láta samvizkusaman mann skoða mark á öllu sauðfé og hrossum, sem slátrað er. Skal hann gæta þess að réttir hlutaðeigendur séu við slátrun fjárins og skrifa hjá sér mark og einkenni, ef vafi þykir um eiganda. Komi fram við slátrun kind með slæmu eða vafasömu marki, skal kveðja til auk markskoðunarmanns tvo menn valda af eigendum slátruhúsa á staðnum og skulu þeir úrskurða um mark á kindinni ef unnt er, áður en henni er lógað. Sömu ákvæði gilda um hross. Hreppsnefnd skal sjá um að markskoðun fari fram á hrossum, sem seld eru á markað og greiðist kostnaður af þeim er markið heldur.

#### 48. gr.

Allur fénaður, sem rekinn er til slátrunar í kaupþún, skal vera merktur skýru rekstrarmerki, er sé svo glögg, að það sjáist tilskýndar í björtu og svo traust, að það máist ekki af, þótt votviðri gangi. Svo skal rekstrinum hagað, að sem minnstur bagi verði að, þeim er lönd eiga, sem um er rekið, eða í er áð. Varast skal að rekstur lendi saman við annað fé. Eigi má halda áfram með rekstur úr því farið er að skyggja, nema brún nauðsyn beri til. Svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyrr en markljóst er orðið.

#### 49. gr.

Nú ber svo til að öðru fé lendir saman við rekstur. Skal þá strax, er rekstrarmenn hafa orðið þess varir, draga það fé úr rekstrinum og gæta vandlega að engin kind verði eftir, er eigi á í honum að vera. Skulu rekstrarmenn sjá um að það fé, er saman við hefur komið, komizt í áttthaga sína eigendum að kostnaðarlausu.



**XIV. KAFLI**  
**Almenn ákvæði.**

**148**  
30. júlí

**50. gr.**

Heimilt er hreppsnefndum að gera samþykktir um varnargirðingar fyrir afreittarlöndum til varnar gegn því að afréttarpeningur gangi ofan af afrétt, eða sleppi á afrétt, þegar heima skal ganga. Ennfremur til varnar því að afréttarpeningur gangi á víxl af einni afrétt á aðra. Greiðslu kostnaðar við slíkar girðingar skal haga þannig, að leggja að hálfu kostnað á landverð jarða í ábúð og að hálfu á fjallskilaskyldan afréttarpening. Nánari ákvæði skal setja með samþykktum og skal haga um þær svo sem fyrir er mælt í girðingarlögum nr. 24 1. febr. 1952. Séu fjallskilamál eða samþykktir fyrir afréttargirðingar til umræðu á almennum sveitarfundi, hafa þar atkvæðisrétt allir búendur, sem þar hafa jörð eða jarðarhluta til afnota.

**51. gr.**

Skýlt er hreppsnefndum að hafa sérstakan fjallskilasjóð og færa árlega reikning yfir allar tekjur hans og útgjöld. Skal hreppsnefndin gera reikninginn svo fljótt sem auðið er eftir hver áramót og senda síðan ásamt fylgiskjölum og undirritaðan af hreppsnefnd, til endurskoðanda sveitarsjóðsreikninga. Að endurskoðun lokinni skal hann úrskurðaður af sýslunefnd.

**52. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varðar 100,00 til 5.000.00 króna sekt, sem rennur í fjallskilasjóð viðkomandi upprekstrarfélags.

**53. gr.**

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála. Þó má, ef hlutaðeigendur koma sér saman um það, skjóta einstökum ágreiningsatriðum til endanlegra úrlita sýslunefnda. Með reglugerð þessari er úr gildi numin fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu frá 24. júlí 1940, ásamt breytingum á henni, er síðan hafa verið gerðar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12 21. maí 1927, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. júlí 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**S A M Þ Y K K T**

**Veiðifélagsins Leirvogsá**

**149**  
3. ágúst

**1. gr.**

Félagið heitir Veiðifélagið Leirvogsá. Heimili þess og varnarþing er Kjósarsýsla.

**2. gr.**

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Leirvogsá og ósum hennar upp að Tröllafossi, en þær eru Viðines ásamt Vogu, Fitjakot, Varmidalur, Norður-Gröf, Þverárkot, Hrafnhólar, Skeggjastaðir, Minna-Mosfell, Mosfell, Hrisbrú, Leirvogstunga, Mosfellshreppur og Blikastaðir.

149

3. ágúst

**3. gr.**

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

**4. gr.**

Stjórn félagsins skipa þrír menn. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Ganga þeir úr stjórninni á víxl. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

**5. gr.**

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

**6. gr.**

Aðalfund skal halda í aprilmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

**7. gr.**

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

**8. gr.**

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

**9. gr.**

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53 frá 1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957 um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 3. ágúst 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**S A M Þ Y K K T**

150

3. ágúst

**fyrir veiðifélag Selár.****1. gr.**

Félagið heitir Veiðifélagið Selá. Heimili þess og varnarþing er Gilsstaðir í Hrófbergshreppi, Strandasýslu.

**2. gr.**

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Selá, en þær eru Bassastaðir I, Bassastaðir II, Bólstaður, Gilsstaðir, Geirmundarstaðir, Grænanes I, Grænanes II.

**3. gr.**

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

**4. gr.**

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagssmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi úr annað árið, og hinir hitt árið.

**5. gr.**

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

**6. gr.**

Aðalfund skal halda í desembermánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

**7. gr.**

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

**8. gr.**

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

**9. gr.**

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53 frá 1957 um lax- og silungsveiði.

- 150** Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957 um  
 3. ágúst lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni  
 öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 222/1943.

*Landbúnaðarráðuneytið, 3. ágúst 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**151**

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1959.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1959 B., bls. 359):	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 65538.71
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 3670.17
	<hr/>
	Samtals kr. 69208.88

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 69208.88
	<hr/>
	Samtals kr. 69208.88

*Í samgöngumálaráðuneytinu, 28. marz 1960.*

**Páll Pálmason.**

**152**

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Páls Jónssonar árið 1959.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1959 B., bls. 358):	
Innstæða í Landsbankanum .....	kr. 1172.50
2. Vextir af bankainnstæðu .....	— 58.60
	<hr/>
	Samtals kr. 1231.10

Gjöld:

Sjóður til næsta árs í Landsbankanum .....	kr. 1231.10
	<hr/>
	Samtals kr. 1231.10

*Í samgöngumálaráðuneytinu, 28. marz 1960.*

**Páll Pálmason.**

**REIKNINGUR**

153

**Styrktar- og sjúkrasjóðs vitavarða Íslands 1959.****Tekjur:**

Í sjóði frá fyrra ári .....		kr.	261601.06
Tillög vitavarða .....	kr.	12893.14	
Gestafé .....	—	8015.50	
Vextir .....	—	14347.55	
Ríkissjóðsstyrkur .....	—	3000.00	
			— 38256.19
Útdregin vaxtabréf Stofnlánad. Sjávarútvegsins	kr.	2000.00	
Útdregið veðdeildarbréf Landsbankans .....	—	500.00	
Afborgun af láni starfsm.fél. ríkisstofnana ....	—	1000.00	
Greiddur víxill .....	—	8000.00	
			— 11500.00
			Kr. 311357.25

**Gjöld:**

Veittur styrkur .....	kr.	2798.00
Inneign í sparissj. Landsbanka Íslands .....	—	308559.25
		Kr. 311357.25

**Eignir:**

10. fl. bankavaxtabréf .....	kr.	2500.00
4% Sogsvirkjunarlán 1943 .....	—	1000.00
4% verðbréf Stofnlánadeildar Sjávarútvegsins .....	—	8000.00
Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h.f. ....	—	25.00
5% skuldabréf Byggingarsamv.fél. Stykkishólms .....	—	2000.00
6% skuldabréf Byggingarsamv.fél. ríkisstofnana .....	—	7000.00
Inneign í sparissjóði Landsbanka Íslands .....	—	308559.25
		Kr. 329084.25

Vitamálastjórinn

Aðalsteinn Júlíusson.

**REIKNINGUR**

154

**hafnsögusjóðs Reykjavíkur árið 1959.****Tekjur:**

1. Sjóður frá fyrra ári:		
a. Bankavaxtabréf .....	kr.	7000.00
b. Byggingarsamvinnufél. Rvíkur .....	—	10000.00
c. Veðskuldabréf .....	—	58000.00
d. Vixill .....	—	10000.00
e. Sparissjóðsinnistæða .....	—	8329.70
		kr. 93329.70

<b>154</b>	<b>2. Tekjur á árinu:</b>			
	a. Hafnsögugjald .....	kr.	1794.00	
	b. Vextir .....	—	5411.79	
				kr. 7205.79
			<b>Samtals</b>	<b>kr. 100535.49</b>
			<b>Gjöld:</b>	
	<b>1. Sjóður til næsta árs:</b>			
	a. Bankavaxtabréf .....	kr.	4000.00	
	b. Byggingasamvinnufél. Rvíkur .....	—	10000.00	
	c. Veðskuldabréf .....	—	55000.00	
	d. Vixill .....	—	10000.00	
	e. Sparisjóðsinnistæða .....	—	21535.49	
				kr. 100535.49
			<b>Samtals</b>	<b>kr. 100535.49</b>

Hafnarstjórinn í Reykjavík 8. jan. 1960.

Valgeir Björnsson.

155

## REIKNINGUR

Minningarsjóðs Guðbjartar Kristjánssonar, hreppst. Hjarðarfelli árið 1958.

	<b>Tekjur:</b>		
Í sjóði 1. jan. ....		kr.	22178.28
Minningargjafir .....	kr.	2930.00	
Vextir .....	—	1301.94	
			— 4231.94
Lokauppgjör af dánarbúi Guðbröndu Þ. Guðbrandsdóttur ....			— 12848.97
			<b>Kr. 39259.19</b>
	<b>Gjöld:</b>		
Mismunur 31. des. ....		kr.	39259.19
			<b>Kr. 39259.19</b>

Hjarðarfelli 10. febr. 1959.

Gunnar Guðbjartsson.

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1960.

*Lög um lánasjóð íslenskra námsmanna erlendis*, undirskrifuð af forsetanum 9. apríl 1960, nr. 17.

*Lög um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 36 1958 og lögum nr. 40 1959, um breyting á þeim lögum*, undirskrifuð af forsetanum 12. apríl 1960, nr. 18.

*Lög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga*, undirskrifuð af forsetanum 13. apríl 1960, nr. 19.

*Lög um breyting á lögum nr. 18 21. febr. 1956, um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla*, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1960, nr. 20.

*Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Sovétríkjanna um gagnkvæma niðurfellingu gjalda fyrir ræðismannsstörf*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 25. apríl 1960, nr. 21.

*Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmanneyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum*, undirskrifuð af forsetanum 10. maí 1960, nr. 22.

*Lög um breyting á lögum nr. 29 frá 9. maí 1955, um breyting á jarðræktarlögum nr. 45 17. maí 1950*, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1960, nr. 23.

*Lög um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör*, undirskrifuð af forsetanum 14. maí 1960, nr. 24.

*Lög um breyting á lögum nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 25.

*Lög um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 26.

*Lög um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum 21. maí 1960, nr. 27.

*Lög um veitingu ríkisborgararéttar*, undirskrifuð af forsetanum 23. maí 1960, nr. 28.

*Lög um eignarnámsheimild fyrir Húsavíkurkaupstað á svokölluðu Preststúni í Húsavíkurlandi*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 29.

*Lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum 25. maí 1960, nr. 30.

*Lög um breyting á sjúkráhusalögum, nr. 93 31. des. 1953*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 31.

*Bráðabirgðalög um heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstraraleyfi á Íslandi*, undirskrifuð af forsetanum 14. júní 1960, nr. 32.

*Lög um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir*, undirskrifuð af forsetanum 27. maí 1960, nr. 33.

*Lög um breyting á lögum nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómannanna*, undirskrifuð af forsetanum 30. maí 1960, nr. 34.

*Lög um lögheimili*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 35.

*Auglýsing um samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um reglur varðandi viðurkenningu á iðgjalda- og starfstíma fyrir þá menn, sem tryggðir eru gegn atvinnuleysi og flytjast milli ríkja þessara*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 3. maí 1960, nr. 36.

*Lög um löggildingingu á verzlunarstað við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu*, undirskrifuð af forsetanum 7. júní 1960, nr. 37.

*Lög um breyting á lögum nr. 7 1959, um breyting á lögum nr. 19 1955, um*

B 46

*breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um djáralækna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 38.*

*Lög um heimild til að selja ábúendum tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 39.*

*Lög um takmarkað leyfi til dragnotaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir visindalegu eftirliti, undirskrifuð af forsetanum 9. júní 1960, nr. 40.*

*Lög um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðisjóð Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 41.*

*Lög um ferskfiskeftirlit, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 42.*

*Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 43.*

*Lög um skattfrelsi vinninga í simahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1960 og happdrætti Styrktarfélags vangefinna 1960, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 44.*

*Lög um orlof húsmæðra, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 45.*

*Lög um verzlunarbanka Íslands h.f., undirskrifuð af forsetanum 10. júní 1960, nr. 46.*

*Lög um tollvörugeymslur o. fl., undirskrifuð af forsetanum 11. júní 1960, nr. 47.*

*Lög um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 48.*

*Lög um breyting á lögum nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 49.*

*Lög um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórnráðgjafi og um vitabyggingar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 50.*

*Lög um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 51.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO), undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 52.*

*Lög um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál, undirskrifuð af forsetanum 14. júní 1960, nr. 53.*

*Lög um verðlagismál, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 54.*

*Fjárráðgjafi fyrir árið 1957, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 55.*

*Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1957, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 56.*

*Bráðabirgðalög um bann gegn vinnustöðvum islenzkra atvinnuflugmanna, undirskrifuð af forsetanum 5. júlí 1960, nr. 57.*

*Lög um bann við okri, dráttarvexti o. fl., undirskrifuð af forsetanum 28. júní 1960, nr. 58.*

*Lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., undirskrifuð af forsetanum 19. júlí 1960, nr. 59.*

*Auglýsing um aðild Íslands að bókun um viðskipti og greiðslur milli Finnlands og nokkurra Evrópuríkja, dags. 29. desember 1959, undirskrifuð af utanríkisráðherra 23. júní 1960, nr. 60.*

*Auglýsing um fullgildingu nýs alþjóðafarskiptasamnings, undirskrifuð af utanríkisráðherra 22. júlí 1960, nr. 61.*

*Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 13. ágúst 1960, nr. 62.*

*Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 16. ágúst 1960, nr. 63.*



*Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Ísrael, undirskrifuð af utanríkisráðherra 29. ágúst 1960, nr. 64.*

*Auglýsing um framlengingu greiðslusamnings milli Íslands og Tékkóslóvakíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 5. september 1960, nr. 65.*

*Auglýsing um samning um norrænt póstsamband, undirskrifuð af samgöngumálaráðherra 20. september 1960, nr. 66.*

*Bréf handhafa valds forseta Íslands um að reglulegt Alþingi 1960 skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1960, undirskrifað af forsetanum 27. september 1960, nr. 67.*

*Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43 13. nóvember 1903, skuli einnig ná til Ísrael, undirskrifuð af forsetanum 6. október 1960, nr. 68.*

*Auglýsing um greiðslusamning milli Íslands og Póllands, undirskrifuð af forsetanum 7. október 1960, nr. 69.*

*Auglýsing um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 70.*

## **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um stofnun sérstakrar kirkjusóknar með kirkju að Egilsstöðum.** 156 19. sept.

Með skírskotun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 11. nóv. f. á., varðandi filmæli íbúa Egilsstaðahrepps um stofnun sérstakrar kirkjusóknar með kirkju að Egilsstöðum, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggur samþykki safnaðarfundar Vallanessóknar og héraðsfundar Suður-Múlaprófastsdæmis fyrir þessari ráðstöfun, samþykkir ráðuneytið, með tilvísun til tillagna yðar og 8. gr. laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla, að Vallanessókn verði skipt í tvær sóknir, Vallanessókn og Egilsstaðasókn, þannig að Egilsstaðahreppur verði sérstök sókn, enda haldi Vallanessókn eignum sínum og sjóði óskertum og samkomulag verði um afnot hinnar nýju Egilsstaðasóknar af Vallaneskirkju, meðan þeirra gerist þörf.

## **REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð um ráðningu sjúkrahúslækna, nr. 242 10. ágúst 1945.** 157  
21. sept.

1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Lausar sjúkrahúslæknisstöður (yfirlæknisstöður) við önnur sjúkrahús eða stærri en getur í 1. gr., skal jafnan auglýsa með minnst 4 vikna fyrirvara.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt sjúkrahúsalögum nr. 93 1953 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. september 1960.*

**Bjarni Benediktsson.**

Gústav A. Jónasson.

- 158** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Stefáns Halldórssonar, 5. ágúst útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. ágúst 1960. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Stefáns Halldórssonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Stefáns Halldórssonar.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 krónur, sem hjónin Björg Halldórsdóttir og Halldór Stefánsson í Hamborg í Fljótsdal gefa til minningar um son sinn, Stefán, f. á Seyðisfirði 10. okt. 1905, d. á heilsuhælinu á Vífilsstöðum 18. febr. 1917.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja sjúklinga á héraðssjúkrahúsinu á Egilsstöðum með gjöfum á afmælisdögum þeirra og á hátíðadögum eða öðrum minningadögum.

### 4. gr.

Sjóðurinn tekur við minningagjöfum, áheitum og dánargjöfum manna, sem kjósa að efla hann og tilgang hans.

### 5. gr.

Umsjón, umráð og bókhald sjóðsins hefur stjórnarnefnd sjúkrahússins á Egilsstöðum. Hún heldur gerðabók fyrir sjóðinn og bókfærir þar innkomnar og útlátnar gjafir, reikninga sjóðsins og annað, sem honum kemur við.

### 6. gr.

Fé sjóðsins ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands og í bönkum eða öðrum stofnunum, sem taka fé til ávöxtunar og stjórn sjóðsins metur tryggar.

### 7. gr.

Helmingur vaxtatekna og gjafafé allt leggst árlega við höfuðstólinn, hinum hlut vaxta skal verja til gjafa skv. 3. gr. Af honum tekst einnig útlagður kostnaður sjóðstjórnar fyrir gerðabækur, ritföng og burðargjöld. Eftirstöðvar þessa hluta vaxtatekna færast til næsta árs.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi felld skipulagsskrá sjóðsins útgefin 28. febr. 1921 (Stj.tíð. B. nr. 116/1921).

Reykjavík, 26. júlí 1960.

Halldór Stefánsson.

## REGLUGERÐ

### um holræsagerð í Mosfellshreppi.

159  
10. ágúst

#### 1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið ásamt rigningarvatni, ef hægt er að koma því við. Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

#### 2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem aðalholræsi hreppsins varða, svo sem viðhald, endurbætur og umsjón alla annast hreppsnefnd eða maður, sem hún felur það. Þóknun fyrir þau störf og einnig fyrir reikningshald eða annað vegna holræsagerðarinnar ákveður hreppsnefnd.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi ofangreindra aðila, og er mönnum skylt að hlíta fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

#### 3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til þess að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús að eða í námunda við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi við aðalræsi, er nemur 2% af fasteignamati hússins en þó ekki lægra en kr. 750.00 miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 375.00 fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina.

Nú eru hús sambyggð, en aðskilin með brunagöflum, og telst þá sérstakt hús sá hluti, sem er milli brunagafla. Ef fleiri íbúðir en ein eru í húsi og íbúðir séreign, skal heildarupphæð tengigjaldsins skiptast milli eigenda íbúðanna hlutfallslega eftir tölu íbúðanna, er þeir eiga.

Auk tengigjalds greiði hver húseigandi árlega í holræsagjald til hreppsins 15 af þúsundi af fasteignamati húsanna, en þó ekki lægra en kr. 300.00 miðað við hús með einni íbúð, og hækkar gjaldið um kr. 150.00 fyrir hverja íbúð umfram eina.

#### 4. gr.

Hið árlega holræsagjald, sem og tengigjaldið, getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

#### 5. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu tengigjalds og holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefnd kann að öðlast samkv. 1. og 3. gr., má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. jan. ár hvert.

#### 6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

**159** Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra  
10. ágúst mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Mosfellshrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1960.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Helgi Helgason.*

**160**  
11. ágúst

## REGLUGERÐ

um útbúnað þorska- og ýsuneta úr gerviefnum.

1. gr.

Við veiðar með þorska- eða ýsunetum úr gerviefnum, er óheimilt að nota kúluhanka eða önnur flottensl úr öðru efni en óbikaðri eða ólitaðri sisallínu, sem ekki sé gildari en 5 mm að þvermáli.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast gildi 1. janúar 1961 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 11. ágúst 1960.*

Bjarni Benediktsson.

*Jón Sigurðsson.*

**161**  
15. ágúst

## REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Garðahrepps.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Garðahrepps, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Hreppsnefnd Garðahrepps fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign Garðahrepps.

Hreppsnefnd skipar vatnsveitustjóra, sem annast daglegan rekstur vatnsveitunnar, svo og aðra starfsmenn eftir því, sem þörf krefur.

3. gr.

Hreppsnefnd hefur einkasölu á vatni á því svæði, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

## 4. gr.

161  
15. ágúst

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar, aðalæðar og götuæðar, um hreppinn.

## 5. gr.

Hver sá er húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð er í, á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirætlunum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús- eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseignenda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsnotkun, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaðurinn við lögnina fái endurgreiddur, annað hvort með beinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkunina verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina.

Vatnsveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiaðum, enda þótt húseignendur hafi í upphafi, að einhverju eða öllu leyti, borið þann kostnað, er af lögninni leiddi, nema öðru vísi verði um samið.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir nægilega mörgum brunahönum.

## 6. gr.

Sá er óskar eftir að leggja vatnsveituæð að húsi sínu, leggja nýlagnir, gera breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal með nægum fyrirvara fá til þess leyfi hjá vatnsveitunni.

Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem fást í skrifstofu sveitarstjóra og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast.

Með umsókninni fylgi uppdráttur af vatnslögninni í tvíriti og eigi minni mælikvarða en 1:100.

Uppdrátturinn skal gerður af verkfræðingi eða iðnfræðingi, er hlotið hefur til þess löggildingu vatnsveitunnar.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utanhúss og innan. Á afstöðumynd skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað við vatnsveituæð. Gert skal ráð fyrir vatnsmæli á óskiptri húsæð, og skal honum afmarkaður staður á uppdrætti. Álíti vatnsveitan nauðsyn á, að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir, skulu þeir látnir í té.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafizt þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Ef vatnsveitan samþykkir uppdrátt, skal á hann færð áritun um það.

Pípulagningameistari sá, er verkið á að vinna, ritar nafn sitt á eintak vatnsveitunnar, áður en verkið hefst. Sé skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt vatnsveitunni.

**161** Uppdráttur, áritaður af vatnsveitunni og viðkomandi pípulagningameistara, skal  
 15. ágúst ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því, að hægt sé  
 að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars, sem kann að vera því til fyrir-  
 stöðu.

7. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af hreppsnefnd, hafa einir rétt til þess að annast  
 vatnslagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri  
 vatnslögnum. Þeir bera og ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt  
 þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningameistari brýtur í bág við fyrirmæli samþykktar þessarar eða  
 reglna, settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber  
 ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Enn fremur má hún svipta  
 hann löggildingunni, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

8. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan  
 uppdrátt og samþykkt þessa.

Engar vatnsæðar má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað hús-  
 eigenda, og sé það gert, skal pípulagningameistari sá, er ábyrgð ber á verkinu, vera  
 viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina.

Áliti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt  
 ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur  
 hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

9. gr.

Allar vatnsæðar frá vatnsveituæðum að húsi og í því, eru eign húseiganda, og  
 ber hann kostnað af lögnum þeirra og viðhaldi.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra, skuli lagðar af starfs-  
 mönnum hennar, en á kostnað húseiganda.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri  
 heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt  
 er að tengja sama húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar.

Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur  
 þá fyrirmæli um vidd og legu æðarinnar.

Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar  
 verða ekki ásáttir um slíkt.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal fá til þess leyfi bæði hjá  
 eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upp-  
 hituð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta  
 gera við leka, þegar hans verður vart. Þótt leka hafi ekki orðið vart, getur vatns-  
 veitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir  
 sínar að nokkru eða öllu leyti.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að  
 annast viðgerð á kostnað hans.

10. gr.

Eftirlitsmenn vatnsveitunnar skulu hafa frjálstan aðgang að öllum vatnslögnum  
 innanhúss, og skulu húseigendur gefa upplýsingar um vatnsnotkun, sem óskað er  
 eftir.

## 11. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar í eigu einstaklinga, sé eigi gert sennilegt, að þær verði teknar í notkun innan skamms tíma. Kostnað, er af þessu leiðir, greiðir eigandi.

161

15. ágúst

## 12. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eign vatnsveitunnar.

## 13. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af húseignum, er um ræðir í 2. mgr., og skal skatturinn miðaður við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamatsverði húseignar eftir ákvörðun hreppsnefndar hverju sinni, enda sé vatn ekki selt samkvæmt mæli.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi hreppsins, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja. Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt skal leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og ákveður hreppsnefnd gjald fyrir hvern m<sup>3</sup>.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 3. mgr. segir, og skal þá vatnsveitan ákveða aukavatnsskatt samkvæmt áætlaðri notkun.

Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að vatn til heimilisþarfa verði selt eftir mæli, og sett um það sérákvæði.

## 14. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 2. jan. ár hvert og ber að greiða skattinn til sveitarstjóra.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mæli, er heimilt að greiða skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunnar.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 15. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli (sjá 13. gr.), greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins.

Vatnsveitan sér um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum, ber húseiganda að bæta.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælisins varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald, er hreppsnefnd ákveður. Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttáð, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhúskerfi (sjá 6. og 9. gr.).

**161** Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er húseiganda skylt  
15. ágúst að láta breyta lögninni á eigin kostnað.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

16. gr.

Verði vatnsnotandi uppvís að óhóflegri notkun vatns eða hliti ekki fyrirmælum vatnsveitunnar, um viðhald eða breytingu vatnsæða, hefur vatnsveitan rétt til þess að loka heimæð hans að undangenginni aðvörun.

Vatnsveitunni er heimilt að skammta vatn til annars en heimilisnotkunar. Enn fremur getur hún krafizt þess, að fyrirtæki, er mikið vatn nota, afli sér sparneytnari véla eða setji upp geyma til söfnunar vatns að næturlagi. Ef fyrirmælum vatnsveitunnar er eigi sinnt innan hæfilegs frests, er heimilt að loka fyrir heimæð fyrirtækisins.

Vatnsveitunni er heimilt að taka gjald fyrir opnun heimæðar, sem lokað hefur verið af ofangreindum ástæðum.

17. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum.

Vatnsveitan getur krafizt þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar á hávaða frá dælu.

18. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengdar, að eigi sé hætt á, að vatnið í æðunum óhreinist.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

Blöndunartæki skulu hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút.

Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

19. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæðum til slíks.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða við lög. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Garðahrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1960.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Helgi Helgason.*



## AUGLÝSING

162

16. ágúst

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldir úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsing ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

25. Nefnd Hins íslenska prentarafélags. Staðfest 17. nóv. 1958.
26. Nefnd Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungavíkur. Staðfest 10. febr. 1959.
27. Nefnd Verkalýðsfélagsins Brynju, Þingeyri. Staðfest 16. febr. 1959.
28. Nefnd Verkalýðsfélags Þórshafnar. Staðfest 10. júlí 1959.
29. Nefnd Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps, Sandgerði. Staðfest 3. febr. 1960.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. ágúst 1960.*

F. h. r.

**Gunnlaugur Þórðarson.**

*Helgi Helgason.*

## AUGLÝSING

163

26. ágúst

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð skv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 2. maí 1958.

### 1 Aðalbrautir.

Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á eftirtöldum götum:  
**Sniðgötu — Strandgötu — Reykjavíkurvegi** að Bessastaðavegamótum.  
**Suðurgata** frá Lækjargötu að vegamótum Reykjanesbrautar.

Við vegamót Sniðgötu og vegamót Reykjanesbrautar hafa þær götur forgangsrétt fyrir umferð um Suðurgötu.

Athygli skal vakin á því, að vegir, sem liggja að aðalbrautum, eru við vegamótin merktir biðskyldu eða stöðvunarkerki.

### 2. Einstefnuakstur.

Ákveðinn hefur verið einstefnuakstur á eftirtöldum götum:  
**Merkurgötu** frá Vesturbraut að Vesturgötu,  
**Kirkjuvegi** frá Reykjavíkurvegi að Hellisgötu,  
**Nönnustíg** frá Reykjavíkurvegi að Norðurbraut,  
**Vitastíg** frá Linnetsstíg að Álfaskeiði,  
**Sunnuvegi** frá Hverfisgötu að Mánastíg,  
**Brekkugötu** frá Lækjargötu að Selvogsgötu.

### 3. Takmörkun á bifreiðastöðum.

- a. Bifreiðastöður eru bannaðar á Strandgötu að vestanverðu við götuna frá Vesturgötu að Lækjargötu.

163  
26. ágúst

b. Að austanverðu við Strandgötu frá Reykjavíkurvegi að Lækjargötu eru bifreiðastöður takmarkaðar við 15 mínútur í einu á virkum dögum frá kl. 9.00—19.00 nema á laugardögum kl. 9.00—13.00.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 26. ágúst 1960.*

**Björn Sveinbjörnsson**  
settur.

164  
3. sept.

## AUGLÝSING

um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

Frá og með 5. september 1960 ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. september 1960.*

F. h. r.

E. u.

**Ragnar Bjarkan.**

165  
7. sept.

## REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Drangnesþorps.

1. gr.

Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á kaupstaðarlóð Drangnesþorps, svo og einnig til Drangneshafnar og frystihúss.

2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, svo sem viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, en fjárreiður og þar með innheimtustörf skulu vera í höndum oddvita, þó skal vatnsveitunefnd skyld á hverjum tíma, að aðstoða oddvita við þessi störf, sé farið fram á það.

Vatnsveitunefnd skal skipuð þremur aðalmönnum og þremur varamönnum. Hreppsnefnd tilnefni formann nefndarinnar.

3. gr.

Vatnsveitan láti leggja aðalvatnsæð um kaптúnið, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim, í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, þar sem það er hægt, eða sem næst lóðarmörkum.

Frá aðalæð skulu húseigendur sjálfir leggja vatnsæðar í hús sín, á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá er vill komast í samband við aðalæð vatnsveitunnar, skal sækja um það skriflega til vatnsveitunefndar.

## 5. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær ef leki eða aðrar bilanir koma að þeim. Enginn má setja aflvélur í sambandi við vatnsveituna nema með leyfi vatnsveitunefndar.

165

7. sept.

## 6. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka fyrir vatn hjá þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á vatnskerfi sínu, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

## 7. gr.

Hverjum manni skal skylt að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef samkomulag ekki næst.

## 8. gr.

Enginn má taka vatn úr vatnsæð án heimildar, ella skal sá, er það gerir, sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við, samkvæmt hegningarlögum, einnig skal sá skyldur til að greiða vatnið samkvæmt mati vatnsveitunefndar.

## 9. gr.

Hver sá, er saugar eða skemmir vatnsæð, brunn eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ella sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við.

## 10. gr.

Vatnsveitunefnd skal heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæð er, til athugunar. Ef útbúnaði er ábótavant, að dómi vatnsveitunefndar, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella sé vatnsveitunefnd heimilt að láta gera við gallann á hans kostnað.

## 11. gr.

Stofngjald skal vera kr. 20.00 á m<sup>2</sup> fyrir hverja íbúð, og skal greitt um leið og íbúð er tengd við aðalæð.

Árlegur vatnsskattur fyrir hverja íbúð sé kr. 4.00 á fermetra.

## 12. gr.

Heimilt er hreppsnefnd, fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

## 13. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

- |   |           |
|---|-----------|
| a. Fyrir hverja smálest til skipa .....   | kr. 15.00 |
| b. Fyrir hverja smálest af innvegnum fiski .....  | — 5.00    |
| c. Fyrir hvern nautgrip sem inni stendur .....  | — 10.00   |
| d. Fyrir hverja sauðkind vetrarfóðraða .....  | — 1.00    |
| e. Fyrir hverja skrásetta bifreið .....   | — 50.00   |
| f. Fyrir kælivatn vegna véla, samkvæmt mæli, kr. 0.90 á tonn af fyrstu 1000 tonn-<br>um, en kr. 0.50 á tonn eftir það, eða eftir samkomulagi við vatnsveitunefnd. |           |
| g. Fyrir önnur vatnsnot en hér segir, greiðist eftir samkomulagi við vatnsveitu-<br>nefnd á hverjum tíma.   |           |
| h. Fyrir hús, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnureksturs greiðist kr. 5.00<br>fyrir hverja 100 lítra vatns.  |           |

**165**

7. sept.

14. gr.

Gjalddagi á föstum vatnsskatti skal vera 1. júlí ár hvert. Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið.

Vatnsskatturinn skal greiddur í einu lagi fyrir liðandi ár.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 1500.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Kaldrananeshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. september 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**


---

*Hallgrímur Dalberg.*
**166**

7. sept.

**AUGLÝSING**

**um hámarkshraða ökutækja um Hafnarkauptún í Austur-Skaftafellssýslu.**

Hámarkshraði bifreiða og annarra vélknúinna ökutækja er 35 km á klst. um Suðurlandsveg innan Hafnarkauptúns í Hornafirði, frá vegi í Ósland að sunnan, og að vatnsgeymi að norðan og einnig á öllum götum í kaupúninu innan þessara marka.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 50 gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. september 1960.*

F. h. r.

E. u.

**Ragnar Bjarkan.**

**AUGLÝSING**

167

14. sept.

**um vinnumiðlun í Súðavíkurbreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.**

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956 um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið að vinnumiðlun skuli starfrækt í Súðavíkurbreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956 um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. september 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**AUGLÝSING**

168

14. sept.

**um að lög nr. 29 7. apríl 1956 um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Súðavíkurbrepps í Norður-Ísfjarðarsýslu.**

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 29/1956 um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Súðavíkurbrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. september 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**REGLUGERÐ**

169

16. sept.

**um holræsi í Reykjavík.****I. KAFLI****Almenn ákvæði.****1. gr.**

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

**2. gr.**

Bæjarstjórn ákveður lagningar holræsa, aðalæða og götuæða.  
Bæjarverkfræðingur sér um daglegan rekstur holræsakerfis bæjarins.

169

16. sept.

Hverjum þeim, sem á húseign, sem hægt er að tengja við holræsakerfi bæjarins, er skylt að tengja þá húseign við holræsakerfið eftir því, sem nánar er tekið fram í reglugerð þessari.

Ef eigi er unnt eða ekki talið ráðlegt að dómi bæjarverkfræðings að tengja hús við holræsakerfið, ber að haga frágangi frárennslislagna svo sem fyrir er mælt í 32. gr.

## 4. gr.

Hyggist húseigandi tengja ræsi frá húsi sínu við holræsakerfi bæjarins eða gera breytingar eða viðbætur við eldra ræsi, ber honum með nægum fyrirvara að fá til þess skriflegt leyfi hjá bæjarverkfræðingi.

Umsóknir um leyfi ber að skrifa á eyðublöð, sem fást á skrifstofu bæjarverkfræðings, og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða umboðsmanni hans.

## 5. gr.

Með umsókninni fylgi uppdráttur af fyrirhuguðum holræsum og/eða breytingum á þeim eldri. Uppdráttur þessi skal gerður af þar til hæfum manni, er hlotið hefur til þess löggildingu bæjarverkfræðings.

Sá, sem uppdrátt gerir, skal undirrita hann með eigin hendi, og ber hann ábyrgð á, að hann sé í samræmi við reglugerð þessa og brjóti eigi í bága við byggingarsamþykkt, brunamálasamþykkt, heilbrigðissamþykkt, né aðrar þær reglur um þessi mál, sem í gildi eru í Reykjavík. Samþykkt bæjarverkfræðings á uppdrætti, sbr. 7. gr., rýrir á engan hátt þá ábyrgð.

## 6. gr.

Uppdráttum þeim, sem um getur í 5. gr., skal skila í tvíriti, og skulu bæði eintökin undirrituð. Uppdrættirnir skulu gerðir á haldgóðan, óstökkan pappír og þannig frá þeim gengið, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera  $42.0 \times 59.4$  eða  $59.4 \times 84.1$  cm. Standi sérstaklega á, getur bæjarverkfræðingur leyft að gera uppdrættina á stærri blöð í DIN-broti. Nota skal mælikvarða 1:100 og 1:50, og ef sýna þarf smáatriði minnst 1:20.

Uppdrættir skulu sýna allar lagnir, utan húss og innan, er tengjast eiga við holræsið. Öll tæki, vatnslásar, niðurföll, hreinsilok og brunnar, er kerfinu tilheyra, skulu og sýnd. Taka skal fram um vidd, efni og halla allra lagna.

Auk þess skal fylgja málsett afstöðumynd í mælikvarða 1:500, er sýni tengingu frárennsliskerfis hússins við götuholræsi.

Sérteikning skal fylgja af brunnum, fitu-, sand-, olíu- og benzínildrum.

Nota skal tákn þau, sem sýnd eru í 38. gr.

Á ofangreinda uppdrætti skal rita allar hæðartölur, sem nauðsynlegar eru, miðaðar við hæðamerkjakerfi Reykjavíkur.

Ef bæjarverkfræðingur telur ástæðu til, getur hann krafizt ýtarlegri upplýsinga en um getur hér að framan.

## 7. gr.

Þegar bæjarverkfræðingur hefur samþykkt uppdrátt, stimplar hann og áritar bæði eintökin. Annað eintakið skal varðveitt í skjalasafni bæjarverkfræðings.

## 8. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af bæjarstjórn, hafa einir rétt til þess að annast holræsalagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri holræsalögnum. Þeir bera og ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningameistari brýtur í bág við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða 169 reglna, settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber 16. sept. ábyrgð á, getur bæjarverkfræðingur veitt honum áminningu. Enn fremur getur bæjarstjórn svipt hann löggilding, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

#### 9. gr.

Pípulagningameistari sá, er verkið á að vinna, ritar nafn sitt á bæði eintök samþykkt uppdráttar, áður en verkið hefst.

Pípulagningameistarinn ber fulla ábyrgð á, að verkið sé framkvæmt í samræmi við samþykktan uppdrátt. Sé skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, ber að tilkynna það bæjarverkfræðingi. Skal pípulagningameistari sá, er við tekur, gefa skriflegar upplýsingar um, hversu miklum hluta verksins sé þegar lokið. Er honum eigi heimilt að halda verkinu áfram, fyrr en hann hefur áritað áður nefnda uppdrætti.

Ávallt skal hafa áritaðan uppdrátt á vinnustað.

Uppdráttur fellur úr gildi eftir eitt ár, sé þá ekki farið að vinna eftir honum.

#### 10. gr.

Með samþykkt uppdráttar er engin ábyrgð á því tekin, að unnt sé að leggja holræsi samkvæmt honum vegna lagna eða annarra mannvirkja, er kunna að vera fyrir.

#### 11. gr.

Bæjarverkfræðingur skal hafa eftirlit með því, að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa.

Engar frárennislagnir má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af bæjarverkfræðingi.

Áliti bæjarverkfræðingur, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

Bæjarverkfræðingur hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa frárennislagnir á kostnað húseiganda, og sé það gert skal pípulagningameistari sá, er ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn bæjarverkfræðings við prófunina.

#### 12. gr.

Þegar bæjarverkfræðingur hefur samþykkt uppdrátt, getur hann veitt heimild til tengingar við holræsakerfi bæjarins gegn sérstöku gjaldi, sem bæjarstjórn ákveður.

Heimild þessa og götuleyfi vegna frárennslis, getur hann bundið þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg.

Bæjarverkfræðingur getur ákveðið, að frárennislögn utanhúss eða hluti hennar skuli lögð af starfsmönnum bæjarins á kostnað húseiganda. Ef fleiri húseigendur eiga í hlut, ákveður bæjarverkfræðingur skiptingu kostnaðar.

Að jafnaði skal ein lögn vera frá hverri húseign út í holræsakerfi bæjarins. Bæjarverkfræðingur getur þó ákveðið, að fleiri en eitt hús noti sama frárennslis á nokkru eða öllu leyti, og kveður þá nánar á um vidd og legu lagnarinnar.

Ef ágreiningur verður um skiptingu kostnaðar sker bæjarverkfræðingur úr.

Allar viðgerðir á götum eða öðrum svæðum, er gera þarf vegna lagningar frárennslis, strax að verki loknu eða síðar, skulu gerðar á kostnað eiganda.

#### 13. gr.

Skýlt er mönnum að hlíta því, að holræsi sé lagt um eignarland þeirra eða umráðasvæði, og fram fari á því nauðsynlegt viðhald.

Um bætur fyrir slíkt fer skv. ákvæðum vatnalaga.

169

16. sept.

Eigi er heimilt að veita frárennsli, er valdið getur skemmdum á holræsakerfinu eða truflað rekstur þess, út í göturæsi. Þannig má ekki veita út í göturæsi vökvum, sem innihalda mikið magn af fitu, t. d. frá veitinga- og matgerðarhúsum, súrum vökvum, vökvum, sem eru heitari en  $35^{\circ}$  C, mælt í götubrunni, olíu, benzíni eða öðrum efnum, sem hætta eða óþægindi geta stafað af.

Þar sem hætta er á, að skolp innihaldi ofangreind efni, ber húseiganda að gera ráðstafanir til að fjarlægja þau eða gera óskaðleg, áður en því er veitt út í holræsakerfið.

Ráðstöfunum þessum ber að haga samkvæmt fyrirmælum bæjarverkfræðings.

14. gr.

Húseigendum ber að sjá um hreinsun á frárennislögnum frá húsum sínum og gæta þess, að þær stíflist ekki.

Rotþær ber að hreinsa að minnsta kosti einu sinni á ári.

Fitu- og oliugildirur, benzín- og sandgildirur o. þ. h. ber að hreinsa reglulega, þannig að tryggt sé, að útbúnaðurinn gegni sínu hlutverki.

16. gr.

Frárennislögnum, sem teknar hafa verið úr notkun, skal lokað tryggilega.

## II. KAFLI

### Lagnir innanhúss.

17. gr.

- a. Allar skolplagnir ber að leggja (einangra), svo að ekki nái frost til þeirra. Þar sem leiðslur eru í veggraufum, skulu raufarnar vera svo víðar, að pípurnar snerti ekki vegginn, og nægri einangrun verði við komið, bæði hvað snertir hljóð og hita
- b. Lagnir milli hæða, fallpípur, skulu vera lóðréttar, þar sem því verður við komið.
- c. Stefnumbreytingar skulu gerðar með beygjum, og skulu þær vera gleiðari en  $90^{\circ}$ .  
Lagnir, sem tengdar eru við fallpípur, hliðarlagnir, skulu tengdar í greinipípu með skástút. Ef tvær hliðarlagnir eru tengdar við fallpípur í sömu hæð, má ekki nota greinar með krappara horni en  $135^{\circ}$ . Við tengingar á misvíðum pípum skal nota minnkanir.
- d. Aldrei má mjókka lögn í stefnu rennslis
- e. Lagnir skulu að jafnaði hafa að minnsta kosti 50% halla. Bæjarverkfræðingur getur þó leyft, ef sérstaklega stendur á, að halli sé minni, en þó ekki minni en 20%.
- f. Hreinsilok skulu sett neðst á fallpípur og annars staðar, þar sem þörf er á, þannig að auðveldlega mega hreinsa allt kerfið.
- g. Séu fleiri en eitt tæki tengd við sömu fallpípu, skulu lagnir og vatnslásar svo gerð, að skolp geti ekki runnið milli tækja, né vatnslásar tæmzt við venjulega notkun.
- h. Loftrás skal vera á öllum fallpípum, er salerni og eldhúsvaskar eru tengd við. Loftrásin skal ná upp fyrir þak eða út fyrir vegg undir þakbrún, og þannig frá gengið, að ekki valdi óþægindum.

Í eins og tveggja hæða húsum má loftræsa 2 fallpípur með 70 mm lögn og fleiri en 2 fallpípur með 100 mm lögn. Í 3—6 hæða húsum má loftræsa 2 fallpípur með einni 100 mm lögn.



Í húsum, sem eru meira en 6 hæðir, má loftræsa 2 fallpípur sameiganlega 169 sé loftrásin víðari en sú fallpípan, sem víðari er.

i. Þar sem tæki eru tengd beint í holræsi undir húsi, er loftræsingar ekki krafizt.

16. sept.

## 18. gr.

a. Magn skolps skal talið í rennliseiningum og telst hver eining vera 0.3 l/sek.

b. Reikna skal með eftirfarandi einingafjölda frá hverju tæki:

Baðker með vatnslás .....	5 einingar
Niðurfall í gólfi 50/70 mm .....	3 —
— - — 70/70 — .....	4 —
— - — 100/100 — .....	5 —
Handlaug .....	1 eining
Eldhúsvaskur .....	3 einingar
Uppþvottavél með vatnslás .....	4 —
Skolvaskur með 50/70 mm vatnslás ..	3 —
— — 40/50 — — ..	2 —
Regnvatn frá 3 m <sup>2</sup> fleti svala, þaks eða samsvarandi fleti á lóð .....	1 eining
Vatnssalerni .....	5 einingar

e. Rennliseiningar annarra tækja en nefnd eru hér að ofan, skal ákveða með tilliti til stærðar vatnslása þeirra og skolpmagns.

## 19. gr.

a. Tæki tengd frárennsliskerfi skulu hafa vatnslás. Við val lása skal höfð hliðsjón af eftirfarandi töflu:

Tæki	Þvermál vatnsláss að/frá mm	Athugasemdir
Baðker .....	50/70 40/50	Hreinsiskrúfa skal vera á vatnslásnum. Hreinsiskrúfa skal vera á vatnslásnum.
Niðurföll:		
a. í neðsta gólfi .....	100/100	50/70 vatnslás má aðeins nota fyrir
b. í öðrum gólfum ....	70/70–50/70	lítil gólf, 8 m <sup>2</sup> eða minni.
Handlaug .....	32/40 25/32	Hreinsiskrúfa skal vera á vatnslásnum; nota má poka-vatnslás.
Eldhúsvaskur .....	50/70 40/50	Hreinsiskrúfa skal vera á vatnslásnum; 40/50 vatnslás má einvörðungu nota við stálvaska og glerjaða vaska.
Uppþvottavél .....	50/70	Hreinsiskrúfa skal vera á vatnslásnum. Stærð þessi á aðeins við vélar til venju- legra heimilisnota.
Skolvaskar .....	50/70 40/50 40/50	Hreinsiskrúfa skal vera á vatnslásnum. Hreinsiskrúfa skal vera á vatnslásnum. Nota má poka-vatnslás.
Vatnssalerni .....	90/90 og 100/100	Vatnslásar áfastir salernisskálinni.

- 169 b. Vatnslásar skulu vera S-lásar eða P-lásar, sbr. a-lið. Fyrir vaska má þó nota poka-vatnslás.  
 c. Dýpt vatnslása skal vera sem hér segir:

120 mm í 32/40 blývatnslás,  
 50 — - vatnslás fyrir salerni,  
 70 — - öðrum vatnslásum.

- d. Vatnslásum skal þannig fyrir komið, að ekki nái til þeirra frost.

20. gr.

- a. Vídd fallpípna skal ákveða skv. eftirfarandi töflu:

**Mesti fjöldi eininga, sem fallpípa getur flutt:**

Þvermál í mm	Lóðrétt fallpípa og hliðarlagnir með meiri halla, en 400 ‰		Hliðarlagnir með minni halla en 400 ‰		Beygjur neðst á fallpípum	Athugasemdir
	Án loftrásar	Með loftrás	Án loftrásar	Með loftrás		
70	20		15			Um stærðir einstakra hluta fallpípna, sjá b- og c- lið þessarar greinar.
100	130	200	100	130	100	
125	300	450	200	300	200	
150	700	1000	500	700	500	

Beygjur frá 150 mm fallpípum, er flytja meira en 500 rennsliseiningar, skulu vera 200 mm. Við 70 mm lögn má ekki tengja salerni eða tæki með 100/100 mm vatnslás.

- b. Stærð fallpípna, sem flytja eiga allt að 50 rennsliseiningar, skal vera eins og sýnt er í eftirfarandi töflu. Eigi má nota stærri vatnslása en 50/70 mm.

**Hámarksfjöldi eininga, sem fallpípa getur flutt án loftræsingar.**

Fjöldi eininga, er einstakir hlutar fallpípunnar geta flutt	Allt að 10 einingar	Án eldhúsvasks og án baðkers	Með eldhúsvaski eða baðkeri	Án eldhúsvasks og án baðkers	Með eldhúsvaski og með baðkeri
0 – 10	70 mm	70 mm	70 mm	70 mm	Sjá töflu í c- lið
11 – 20		70 mm	100 mm	100 mm	
21 – 50				100 mm	

Séu fallpípur hins vegar loftræstar, má reikna með 50% aukningu rennslis í 100 mm lögn.

Við ákvörðun hliðarlagna skal miða við stærðar-ákvarðanir í töflu í c-lið þessarar greinar.

- c. Vidd fallpípna, sem vatnssalarni eru tengd við eða tæki með vatnslásnum 70/70 169  
mm eða stærri, skal vera eins og hér segir: 16. sept.

**Hámarksfjöldi eininga, sem fallpípa getur flutt, án sérstakrar lofsræsingar.**

Fjöldi eininga, er einstakir hlutar fallpípunnar geta flutt	0—130	131—180	181—235	236—300	301—360	361—700
	mm	mm	mm	mm	mm	mm
0—130	100	100	125	125	125	150
131—180		125	125	125	125	150
181—235			125	125	150	150
236—300				125	150	150
301—360					150	150
361—700						150

**Hámarksfjöldi eininga, sem fallpípa getur flutt með loftræsingu.**

Fjöldi eininga, er einstakir hlutar fallpípunnar geta flutt	0—200	201—270	271—350	351—450	451—500	501—1000
	mm	mm	mm	mm	mm	mm
0—200	100	100	125	125	125	150
201—270		125	125	125	125	150
271—350			125	125	150	150
351—450				125	150	150
451—500					150	150
501—1000						150

Er hliðarlagnir og beygjur eru ákveðnar skal miða við pípuviddir í töflu í a-lið þessarar greinar.

- d. Eftirfarandi reglur gilda um regnvatnslagnir:

**Lagnir, sem flytja regnvatn, má tengja við fallpípu samkvæmt eftirfarandi töflu:**

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og skal kjörtími hans sami og kjörtímabil hreppsnefndar.

## 2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. En atkvæðisrétt hefur hann eigi, nema hann sé hreppsnefndarmaður.

## 3. gr.

Sveitarstjóri skal hafa á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann annast innheimtu á tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur skýrslur hennar og reikninga og annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur hreppsnefndar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl, sem í vörzlu hreppsins eru og hreppsnefnd skal hafa ábyrgð á. Þá skal hann og sjá um, að öll þau störf sem hreppsnefnd ber að annast, séu sem bezt af hendi leyst.

Meðan eigi er ráðinn sveitarstjóri, svo og í forföllum hans, skal oddviti annast störf hans.

## 4. gr.

Ef hreppsnefnd krefst þess, skal sveitarstjóri setja þá tryggingu, sem hún ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi samkv. 3. grein.

## 5. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi, sem um getur í 6. gr. hér á eftir og greiðast þau úr sveitarsjóði.

## 6. gr.

Eftir að ráðning sveitarstjóra hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, skal oddviti, fyrir hönd hreppsnefndar gera við hann ráðningarsamning. Skal þar nánar ákveðið um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, er rétt þykir að taka þar fram. Samningur þessi skal samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila á samningi þessum skulu vera 6 mánuðir.

## 7. gr.

Nú verður sveitarstjóri sekur um ítrekaða vanrækslu í starfi og skeytir eigi áminningum hreppsnefndar, og getur hreppsnefnd þá, með fundarsamþykkt, vikið honum frá störfum. En frávikninguna skal tilkynna félagsmálaráðuneytinu.

Oddviti gegnir þá starfi sveitarstjóra, unz nýr sveitarstjóri hefur verið ráðinn.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 19 14. febrúar 1951 um sveitarstjóra, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

188

31. okt.

## REGLUGERÐ

### um verðlagsmál.

#### 1. gr.

Ráðherra sá, sem fer með verðlagsmál, skipar verðlagsstjóra. Verðlagsstjóri ræður starfsmenn verðlagsskrifstofunnar og trúnaðarmenn utan Reykjavíkur, að fengnu samþykki ráðherra. Skrifstofustjórar skulu skipaðar af ráðherra.

#### 2. gr.

Skrifstofa verðlagsstjóra skal starfa í tveim deildum, verðlagningardeild og eftirlitsdeild. Skrifstofustjóri skal hafa forstöðu hvorrar deildar undir yfirumsjón verðlagsstjóra. Skal skrifstofustjóri annast dagleg störf viðkomandi deildar.

#### 3. gr.

A. Skrifstofustjóri verðlagningardeildar skal:

1. Undirbúa tillögur til verðlagsnefndar um verðlagsmál og annast birtingu ákvarðana hennar.
2. Sjá um athugun og staðfestingu á verðútreikningum.

B. Skrifstofustjóri eftirlitsdeildar skal:

1. Hafa á hendi stjórn dagslegs eftirlits í Reykjavík og umdæmi hennar.
2. Undirbúa kærur um verðlagsbrot og afla nauðsynlegra gagna í því sambandi.
3. Hafa umsjón með öflun skýrslna um verðlag og annast birtingu þeirra.

Skrifstofustjórar skulu og hafa umsjón með störfum eftirlitsmanna utan Reykjavíkur og gefa þeim fyrirmæli hvor á sínu sviði.

#### 4. gr.

Verðlagsstjóri ákveður í samráði við ráðherra fjölda trúnaðarmanna utan Reykjavíkur og starfsumdæmi þeirra, eftir því sem bezt hentar á hverjum tíma.

#### 5. gr.

Seljendum vöru og þjónustu ber að snúa sér til skrifstofu verðlagsstjóra eða viðkomandi trúnaðarmanna hans með staðfestingu á söluverði.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 54 14. júní 1960, um verðlagsmál, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 31. október 1960.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

Yngvi Ólafsson.

## AUGLÝSING

189

I. nív.

### um umferð á Seltjarnarnesi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupþúninu skv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 2. maí 1958.

#### 1. Aðalbrautir.

Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á Nesvegi innan Seltjarnarneshrepps frá Vegamótum að Lindarbraut.

#### 2. Einstefnuakstur.

Ákveðinn hefur verið einstefnuakstur vestur Lambastaðabraut frá vegamótum Tjarnarstígs og síðan norður ónefnda götu að Nesvegi.

Athygli skal vakin á því, að vegir, sem liggja að aðalbraut, eru við vegamótin merktir biðskyldu ellegar stöðvunarmerki.

*Sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, 1. nóvember 1960.*

**Björn Sveinbjörnsson,**  
settur.

## AUGLÝSING

190

8. nív.

### um notkun heimildar í h-lið 3. gr. tollskrárlaga.

Ráðuneytið hefur með heimild í ákvæðum h-lið 3. gr. tollskrárlaga ákveðið að undanþiggja hvers konar aðflutningsgjöldum — þar með talinn innflutningssöluskattur — garn til veiðarfæragerðar, þar með taldir óspunnir þræðir og eingirni, en skilyrði undanþágunnar er, að viðtakandi vörunnar reki veiðarfæragerð, að hann lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu, að vörunnar verði aðeins notaðar í veiðarfæragerð hans til netagerðar og að ráðuneytið geti hvenær sem er látið rannsaka bókhald hans til að athuga um notkun varanna og afhendingu.

Með auglýsingu þessari er úr gildi númerin auglýsing nr. 90/1946, um undanþágu frá aðflutningsgjöldum.

*Fjármálaráðuneytið, 8. nóvember 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

191  
8. nóv.

## AUGLÝSING

### um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

Með heimild í athugasemdarákvæðum við nr. 11 í 39A kafla tollskrár hefur ráðuneytið fært niður aðflutningsgjöld af eftirgreindum vörum þannig, að gjöldin af vörnum verði eins og að neðan greinir og að þær flokkist eins og hér segir:

Tollskrá:			Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
Kafl.	Nr.				
39A	7a	Pípueinangrun úr plasti .....	1 kg	7	15
	9a	Mjólkurbrúsar úr plasti og aðrir brúsar úr plasti og lok á þá, stærri en 10 l. ....	—	7	2

Þá leggur ráðuneytið svo fyrir, að við tollmeðferð skuli eftirgreindar vörur tollflokkaðar eins og hér segir:

Tollskrá:			Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
Kafl.	Nr.				
15	23a	Lanotex og önnur íburðarefni til veiðarfæra-gerðar .....			5
39A	1a	Bindilögur úr plasti til netagerðar .....			2
46B	5b	Spyrðubönd úr gerviefnum .....			5

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum. Pípueinangrun í 39A/7a og mjólkurbrúsarnir í 39A/9a skal undanþegið innflutningsgjaldi og íburðarefnin í 15/33a, bindilögurinn í 39A1/a og spyrðuböndin í 46B/5b skulu undanþegin innflutningssöluskatti.

*Fjármálaráðuneytið, 8. nóvember 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

192  
16. sept.

## AUGLÝSING

### um gildistöku námsskrár fyrir nemendur á fræðsluskylduatri.

Námsskrá, sem ráðuneytið hefur sett samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, og 30. gr. laga nr. 48/1946, um gagnfræðanám, öðlast hér með gildi og kemur til framkvæmda á þessu skólaári, að því leyti sem við verður komið, en að fullu í upphafi skólaárs 1961—1962.

*Menntamálaráðuneytið, 16. september 1960.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius*



## S A M Þ Y K K T

193

10. nív.

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð í Vestur-Ísafjarðarsýslu,  
nr. 13 25. febr. 1960.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

*Í Auðkúluhreppi:*

1. Mosdalsvegur, af Vestfjarðavegi við Svíná um Mosdal að Hokinsdal.
2. Stapadalsvegur, af Álftamýrarvegi hjá Álftamýri að Stapadal.

*Í Þingeyrarhreppi:*

3. Hofsvegur, af Haukadalsvegi utan Sandár að Hofi.
4. Bakkavegur, af Hofsvégi hjá Múla um Bakka á Þingeyrarveg í Brekkudal.
5. Þingeyrarkauptúnsvegur, milli Dýrafjarðar- og Haukadalsvega.
6. Sandavegur, af Haukadalsvegi að Söndum.
7. Flugvallarvegur, af Haukadalsvegi að flugvelli á Sandasandi.

*Í Mýrahreppi:*

8. Hjarðardalsvegur, af Dýrafjarðarvegi að Fremri-Hjarðardal.
9. Klukkulandsvegur, af Núpsvegi að Klukkulandi.
10. Lækjarvegur, af Núpsvegi að Læk.
11. Arnarnesvegur, af Ingjaldssandsvegi að Arnarnesi.
12. Brekkuvegur, af Ingjaldssandsvegi að Brekku.
13. Hraunsvegur, af Ingjaldssandsvegi að Hrauni.
14. Ingjaldssandsvegur, frá Sæbóli á Ingjaldssandi fyrir Hrafnaskálanúp að Dals-  
sjó í Valþjófsdal.
15. Hálsvegur, af Ingjaldssandsvegi að Hálsi.

*Í Mosvallahreppi:*

16. Hólsvegur, af Ísafjarðarvegi að Hóli.
17. Vaðlavegur, af Hjarðardalsvegi að Vöðlum.
18. Bryggjuvegur, af Hjarðardalsvegi að hafskipabryggju.
19. Þórustaðavegur, af Hjarðardalsvegi að Þórustöðum.
20. Ytri-Hjarðardalsvegur, af Hjarðardalsvegi að Ytri-Hjarðardal.
21. Tunguvegur frá Dalssjó að Tungu í Valþjófsdal.
22. Dalshúsvegur, af Tunguvegi um Kirkjuból að Dalshúsum.

*Í Flateyrarhreppi:*

23. Eyrarhjallavegur frá Flateyri að Klofningshrygg.
24. Breiðadalsvegur, af Flateyrarvegi að Fremri-Breiðadal.

*Í Suðureyrarhreppi:*

25. Vatnadalsvegur, af Suðureyrarvegi að Vatnadal.
26. Suðureyrarkauptúnsvegur, í gegnum kauptúnið milli Þjóðvega.

Sýsluvegur nær ekki nema að heimatúni býlis. Þetta gildir þó ekki, þar sem sýsluvegur liggur gegnum tún jarðar eða býlis.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

10. nóv. **193** Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvega-sjóði, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 37 23. maí 1959, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 10. nóvember 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynj. Ingólfsson.*

16. nóv. **194**

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Sandgerði í Miðneshreppi,  
nr. 64 21. apríl 1948, sbr. reglugerð nr. 121 27. sept. 1954.

### 1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum kýs hreppsnefnd Miðneshrepps 3 menn í hafnarnefnd og jafn marga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar, hafi hreppsnefnd ekki ákveðið styttri tíma.

Hafnarnefnd sér um viðhald, endurbætur og byggingu hafnarmannvirkja og stýrir öllum framkvæmdum við þau verk.

### 2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Til þess að standast kostnað við hafnarmannvirki og árlegan reksturskostnað, skal stofna hafnarsjóð. Í hafnarsjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar eru með reglugerð þessari. Sveitarstjóri Miðneshrepps annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs, f. h. hreppsnefndar, enda ber sveitarsjóður ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

Við lok hvers reikningsárs skal sveitarstjóri semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber honum að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári.

Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

### 3. gr.

24. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

- a. Fiskiskip, 12 brúttó-smálestir og stærri, sem eru eign manna búsettra við hafnarsvæðið, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 3 krónur fyrir hverja brúttó-smálest, með gjalddaga í október.
- b. Önnur innlend fiskiskip greiði 60 aura af hverri brúttósmálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, og hafa samband við land, þó ekki yfir 150 aura af smálest á ári.
- c. Innlend strandferðaskip og millilandaskip greiða í fyrsta skipti á ári hverju, er þau koma á Sandgerðishöfn, 150 aura af hverri brúttó-smálest í lestagjald, en ekkert þótt þau komi oftan á því ári.

- d. Önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema þau, sem undanþegin eru hafnar- **194**  
gjöldum, greiða, ef þau hafa samband við land, 180 aura af hverri brúttó- **16. nív.**  
smálest í hvert skipti. Hálf smálest telst sem heil, minna broti skal sleppt.

## 4. gr.

26. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Fyrir vélbáta að 12 smálestum brúttó, sem heima eiga við hafnarsvæðið, eru gerðir út þaðan, eða sem liggja þar við festar, í fjöru eða á floti að staðaldri, greiðist 50 króna árlegt gjald með gjalddaga í október. Fyrir alla aðra vélbáta að 12 smálestum brúttó greiðist 50 kr. hafnargjald í fyrsta sinn, er þeir koma að bryggju ár hvert.

Af uppskipunarbátum og öðrum bátum, sem notaðir eru til flutnings að og frá skipum eða annarra flutninga, greiðist 50 krónur af hverjum árlega, með gjalddaga í október.

## 5. gr.

27. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, sem leggst að bólvirki eða bryggju, hvar sem er í höfninni, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum brúttó-smálestum, en broti skal sleppt:

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- a. Bátar og skip 12 brúttó-smálestir og stærri, sem eru eign búsettra manna við hafnarsvæðið, greiði 6 krónur af hverri brúttó-smálest á ári.
- b. Öll aðkomuskip greiða 35 aura af brúttó-smálest fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af hálfum sólarhring, sem þau liggja við bryggju. Minnsta gjald skal þó vera kr. 10.00 í hvert sinn. Liggja þau skip utan á öðru skipi, greiðist aðeins hálf gjald. Sama máli gegnir um þau aðkomuskip, er fiskveiðar stunda frá Sandgerði, eða eru gerð út þaðan. Þó getur hafnarnefnd, ef hún telur ástæðu til, gert samning um bryggjugjald slíkra skipa. Undanþegin bryggjugjaldi eru sömu skip og um getur í 25. gr., nema er þau flytja vörur eða farþega, er þau taka gjald fyrir. Þó eru herskip og skemmtiferðaskip alltaf undanþegin bryggjugjaldi og öðrum hafnargjöldum.

## 6. gr.

29. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Öll skip eða bátar, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí og lestagjald greiða, skulu greiða ljósagjald þannig:

- a. Skip, sem getur um í 27. gr. a., greiði kr. 200.00 á ári.
- b. Skip, sem um getur í 27. gr. b., greiði kr. 10.00 í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.
- c. Öll önnur skip greiði 5 aura fyrir hverja brúttó-smálest, þó aldrei meira en 10 krónur í hvert skipti.

## 7. gr.

Á eftir 29. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, sem verður 30. gr. og greinatala breytist í samræmi við það, svo hljóðandi:

4. Vatnsgjald.

Allir bátar eða skip, sem fá vatn hjá höfninni, greiði fyrir það kr. 10.00 fyrir hverja smálest. Minnsta gjald skal þó vera kr. 20.00 í hvert sinn.

## 8. gr.

35. gr. reglugerðarinnar, sem verður 36. gr., orðist svo:

## Vörugjaldskrá.

## A. Aðfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald 50 aurar hver 100 kg:  
Brýni, blý, sement, eldfastur leir, gaddavír, stálvír, gærur saltaðar í pökkum, hverfisteinar, ís, járn, stál, koparvír, járnkeðjur og járnþípúr, kaðlar, kitti, kol, kritt, litarvörur þungar, prentsverta, salt, sódi, togleður.
2. flokkur. Gjald 80 aurar hver 100 kg:  
Áburðarolía, baðlyf, benzín, feiti, fernisolía, fiskilínur, hey, kálmeti, kartöflur, kornvörur, alls konar kjöt, leður, leirvörur, linoleum, mör, pappír og bækur, pokar, pokastrigi, vaxdúkur, rúðugler, saumur, sápa, segldúkur, seglgarn, steinolía, tó, tjara, tvistur.
3. flokkur. Gjald 135 aurar hver 100 kg:  
Ávextir, nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, brauðvörur, harðfiskur, kaffi, kókó, lyf og lyfjavörur, mjólk, niðursuðuvörur alls konar, jurtafeiti, smjör, smjörlíki, súkkulaði, sykur, te.
4. flokkur. Gjald 200 aurar hver 100 kg:  
Eldspítur, glervörur, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, rjól, rulla, reyktóbak, skófatnaður, vefnaðarvörur, vindlar, vindlingar.
5. flokkur. Gjald 170 aurar hver 100 kg:  
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
6. flokkur. Gjald 50 aurar hver 100 kg:  
Timbur, tunnuefni og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
7. flokkur. Gjald 100 aurar hver teningsmetri.  
Bifreiðar, húsgögn, orgel, píanó, saumavélar, stundaklukkan og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
8. flokkur. Gjald 10 krónur fyrir hvern grip:  
Lifandi hestar, nautgripir.
9. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hverja kind:  
Lifandi sauðfé.

## B. Brotfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg:  
Fiskur ísvarinn, hraðfrystur, nýr, slægður og óslægður, saltur, óverkaður og verkaður, þurrkaður, harðfiskur, fiskimjöl, lýsi, gærur, gærur saltaðar, í búntum eða pökkum, ís, síld.
2. flokkur. Gjald 120 aurar hver 100 kg:  
Garnir, hrogn, kjöt (alls konar), mör, tólg.
3. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hver 100 kg:  
Dúnn, fiður, hert skinn, fuglar, sundmagi, ull, ullarvörur.
4. flokkur. Gjald 10 krónur fyrir hvern grip:  
Hestar og nautgripir.
5. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hverja kind:  
Lifandi sauðfé.

Þótt vörur flokkaðar undir brotfluttar vörur, flytjist til staðarins, eða vörur flokkaðar undir aðfluttar vörur, flytjist frá staðnum, breytir það engu um vörugjaldið. Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, sem vafasamt þykir hvernig flokka skuli, ákveður hafnarnefnd.

Allir bátar eða skip, sem landa afla sínum í Sandgerði, greiði 1.5% af verðmæti þess afla, sem þeir leggja á land þar. Til grundvallar við útreikning á þessu gjaldi skal leggja það verð, sem gildir hverju sinni við útreikning á hlutum skipverja.

Gjöldin eru kræf þegar eftir löndun afla.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, til 194 að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 16. nóv. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 272 30. desember 1950, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Sandgerði í Miðneshreppi, nr. 64 21. apríl 1948.

*Samgöngumálaráðuneytið, 16. nóvember 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Brynj. Ingólfsson.*

## S A M Þ Y K K T

195

10. nóv.

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð í Norður-Ísafjarðarsýslu,  
nr. 12 25. febr. 1960.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

*Í Sléttuhreppi:*

1. Sæbólsvegur frá Sæbóli um Þverdal á Aðalvíkurveg í Hesteyrarskarði.

*Í Grunnavíkurhreppi:*

2. Nesvegur frá Jökulfjarðavegi hjá Sætúni að Nesi.

*Í Snæfjallahreppi:*

3. Snæfjallavegur frá Sandeyri að Snæfjöllum.
4. Bryggjuvegur frá Bæjabryggju á Snæfjallastrandarveg.

*Í Nauteyrarhreppi:*

5. Skjaldfannarvegur frá Ármúla að Skjaldfönn.
6. Laugalandsvetur frá Melgraseyri um Laugaland að Selá gegnt Skjaldfönn.
7. Bakkavegur frá Langadalsárbrú neðri að Fremri-Bakka.
8. Tunguvegur frá Hvannadalsárbrú að Tungu í Dalsmynni.

*Í Reykjarfjarðarhreppi:*

9. Miðhúsavegur frá Þúfnavegi að Miðhúsum.
10. Heydalsvegur frá Ögurvegi að Galtahrygg og Heydal.

*Í Ögurhreppi:*

11. Laugadalsvegur frá Ögurvegi að Birnustöðum og Laugabóli.
12. Blámýravegur frá Ögurvegi að Blámýrum.

*Í Súðavíkurhreppi:*

13. Hattardalsvegir frá Fjarðavegi að Minni- og Meiri-Hattardal.
14. Súðavíkuraupþúnsvegur í gegnum kaupþúnið milli Þjóðvega.

*Í Eyrrarhreppi:*

15. Hnífsdalsvegur frá Hnífsdalsbökkum að Fremri-Hnífsdal.
16. Hnífsdalskaupþúnsvegur í gegnum kaupþúnið milli Þjóðvega.
17. Bakkavegur frá Hnífsdalsbökkum að Bakka.
18. Hraunsvegur frá Heimabæ að Hrauni.

**195** *Í Hólshreppi:*

10. nóv. 19. Skálavíkurvegur frá Bolungavík að Holtabru í Skálavík.  
 20. Syðridalsvegur frá Bolungavíkurvegi að Gili.  
 21. Bolungavíkirkauptúnsvegur milli Skálavíkurvegar og Þjóðvegarins.

Sýsluvegur nær ekki nema að heimatúni býlis. Þetta gildir þó ekki, þar sem sýsluvegur liggur gegnum tún jarðar eða býlis.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 37 23. maí 1959, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 10. nóvember 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynj. Ingólfsson.*

**196**

16. nóv.

**REGLUGERÐ**

**um breyting á hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarkaupstað,  
 nr. 18 30. jan. 1948, sbr. reglugerð nr. 40 11. febr. 1952.**

1. gr.

1. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju á höfninni, skal greiða bryggjulgjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 40 aura af hverri smálest, þó ekki minna í hvert skipti en 40 krónur fyrir skip minni en 70 smálesta og 80 krónur fyrir stærri skip.

2. gr.

Á eftir 11. flokki A-liðs vörugjaldskrár, í 25. gr. reglugerðarinnar, komi nýr liður, svo hljóðandi:

12. flokkur. Gjald 50 aurar af hverju máli eða tunnu landaðrar sildar.

3. gr.

Á eftir 2. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Kaupandi sildar, sem landað er á hafnarsvæðinu, skal innheimta vörugjald samkv. 12. fl. A-liðs 25. gr., gefa skipstjóra kvittun fyrir vörugjaldinu f. h. hafnarsjóðs og standa skil á því til hafnarsjóðs.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 16. nóvember 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Brynj. Ingólfsson.*

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1960.

*Auglýsing um greiðslusamning milli Íslands og Póllands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 7. október 1960, nr. 71.

*Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Ísraels*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 24. október 1960, nr. 72.

*Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Tékkóslóvakíu*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 24. nóvember 1960, nr. 73.

*Lög um breyting á lögum nr. 26 24. apríl 1957, um breyting á lögum nr. 14 4. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland*, undirskrifuð af forsetanum 3. desember 1960, nr. 74.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1961*, undirskrifuð af forsetanum 13. desember 1960, nr. 75.

*Fjáráukalög fyrir árið 1958*, undirskrifuð af forsetanum 22. desember 1960, nr. 76.

*Fjáráukalög fyrir árið 1959*, undirskrifuð af forsetanum sama dag nr. 77.

*Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1958*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 78.

*Lög um bráðabirgðabreyting á framlenging nokkurra laga*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 79.

*Fjárlög fyrir árið 1961*, undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1960, nr. 80.

*Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis*, undirskrifuð af forsetanum 20. desember 1960, nr. 81.

*Lög um heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi á Íslandi*, undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1960, nr. 82.

*Lög um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 83.

*Lög um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál*, undirskrifuð af forsetanum 20. desember 1960, nr. 84.

*Lög um veitingu ríkisborgararéttar*, undirskrifuð af forsetanum 28. desember 1960, nr. 85.

*Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 86.

*Lög um viðauka við lög nr. 18 4. nóv. 1887, um veð*, undirskrifuð af forsetanum sama daga, nr. 87.

*Auglýsing um viðskiptasamning Íslands og Spánar*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 88.

197  
23. nóv.

## AUGLÝSING

um breyting á kærufresti til ríkisskattanevndar.

Samkvæmt heimild í 62. gr. laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanevndar út af tekju- og eignarskatti, álöggðum í Reykjavík, vera 14 dagar frá dagsetningu úrskurðar yfirskattanevndar Reykjavíkur.

*Fjármálaráðuneytið, 23. nóvember 1960.*

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

*Björn Hermannsson.*

198  
23. nóv.

## AUGLÝSING

um breytingu á lyfjaverði samkvæmt lyfsöluskrá I.

Frá og með 28. nóvember 1960 hækkar verð á lyfjum samkvæmt lyfsöluskrá I, sem tók gildi 15. september 1959, þannig að 20% álag á lyfsöluskrárverðið, sem ákveðið var frá og með 1. maí 1960, verður nú 32%. Enn fremur er heimilt að taka sérstakt gjald, kr. 2.00, fyrir hverja afgreiðslu lyfja í lausasölu samkvæmt lyfsöluskrá I frá og með 28. nóvember 1960.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. nóvember 1960.*

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

*Ragnar Bjarkan.*

199  
23. nóv.

## SAMÞYKKT

um takmörk verzlunarlóðar við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Garðahrepps hefur með samþykki sýslunefndar ákveðið takmörk verzlunarlóðar við Arnarnesvog, sem hér segir:

Frá mörkum Kópavogskaupstaðar og Garðahrepps við sjóinn, meðfram strandlengjunni að Gálgahrauni og meðfram austur- og norðurbrúnunum Gálgahrauns og Garðahrauns í Engidal að vörðu á hraunbrúninni við Hafnarfjarðarveg. Þaðan bein lína í Hádegishól. Þaðan bein lína í markalínu Hofstaða og Silfurtúns þar sem hún kemur að Vífilsstaðavegi. Síðan eftir þeim mörkum að Arnarneslæk. Þá meðfram Arnarneslæk að Hafnarfjarðarvegi og meðfram honum að mörkum Kópavogskaupstaðar og Garðahrepps. Þá meðfram þeim mörkum til sjávar.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.



Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905, um 199 ákvörðun verzlunarlóða, sbr. lög nr. 37/1960, og birtist til eftirbreytni öllum, sem 23. nóv. hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 23. nóvember 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Porv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

200

varðandi gin- og klaufaveiki.

30. nóv.

Vegna þess að gin- og klaufaveikifaraldur gengur nú á Bretlandseyjum, vill landbúnaðarráðuneytið vekja athygli yfirvalda og almennings á því, að stranglega ber að fylgja reglum laga nr. 11/1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

Tekið skal fram, að samkvæmt téðum lögum og auglýsingu þessari er:

Bannaður með öllu innflutningur á heyi, hálm, alidýraáburði, sláturafurðum hvers konar, húðum, mjólk og mjólkurafurðum sem og eggjum.

Stórgripahúðir, sem nota þarf við togveiðar hér við land, má þó flytja inn, enda séu þær sóttgreinsaðar erlendis og einnig þegar þær koma hingað til lands.

Frá Bretlandseyjum er enn fremur bannaður innflutningur á lifandi jurtum, trjám, trjágreinum og kónglum, grænmeti og hvers konar garðávöxtum.

Farþegar og áhafnir farartækja skulu gefa yfirlýsingu samkvæmt 4. gr. laganna um dvöl sína erlendis, strax og þau koma til Íslands.

Með auglýsingu þessari er felld úr gildi auglýsing, dags. 24. júlí 1953 (Lögbirtingablað nr. 57 1. ágúst 1953).

Brot á lögum nr. 11/1928 og auglýsingum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

## GJALDSKRÁ

201

um vatnsskatt í Suðureyrarkauptúni, Súgandafirði.

25. nóv.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir.

1. gr.

Lágmarksgjald skal vera 200 — tvö hundruð — krónur á ári af hverju húsi, sem vatn er leitt í.

2. gr.

Af hverju íbúðarhúsi skal greiða árlega í vatnsskatt 50 krónur af hverju heilu þúsundi eða broti úr þúsundi fasteignamats upp að 8 þúsund krónur, en 20 krónur af hverju þúsundi þar fram yfir, upp í 18 þúsund krónur. Af hverju þúsundi fasteignamats fram yfir 18 þúsund, skal greiða 10 krónur.

201

25. nív.

3. gr.

Sé um fjölbýlishús að ræða, skal greiða aukalega 200 krónur fyrir hverja íbúð umfram eina. Reiknast vatnsskattur þá í einu lagi fyrir allt húsið, en deilist síðan í jafnmarga staði og íbúðareigendur eru í húsinu.

4. gr.

Fiskvinnslustöðvar skulu greiða vatnsskatt, sem hér segir: Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski, greiðist 15 aurar. Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskflökum, greiðist 60 aurar og 110 aurar af hverri tunnu frystrar síldar. Af hverri tunnu saltsíldar greiðist 45 aurar. Lágmarksgreiðsla fiskvinnslustöðva skal þó aldrei vera minni en um getur í 5. gr. þessarar reglugerðar.

Fyrir vatn til skipa greiðast 8 krónur fyrir hverja smálest. Þó er lágmarksgjald hverju sinni 40 krónur fyrir fiskiskip og 100 krónur fyrir önnur.

Ákvæði þessarar greinar koma þó ekki til framkvæmda fyrr en séð hefur verið fyrir nægjanlegu vatnsmagni, og aðstaða til afhendingar vatns til skipa og báta er fyrir hendi.

5. gr.

Þar til unnt verður að fullnægja vatnsþörf fiskvinnslustöðva og meðan það ástand ríkir, sem nú er, skulu þær greiða í vatnsskatt 0.5% af fasteignamati húseigna sinna. Skal reikna vatnsskatt samkomuhúsa og skóla á sama hátt.

6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða: Vatn í steypu: af hverri notaðri sements-tunnu 1 krónu. Fyrir hverja sauðkind, sem slátrað er í sláturhúsi 1 krónu og hvern stórgrip 10 krónur. Fyrir öll önnur vatnsnot, sem ekki eru talin í þessari gjaldskrá, skal greiða eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

7. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fyrirtækjum sé selt vatn um mæli og kostar þá hver smálest 1 krónu. Skulu þá fyrirtækin sjálf útvega sér mæli og sjá um uppsetningu þeirra og viðhald.

8. gr.

Gjaldskrá þessari getur hreppsnefnd Suðureyrarhrepps breytt til hækkunar eða lækkunar um 50%, án staðfestingar ráðuneytisins, ef henni þykir ástæða til.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. janúar 1961 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um vatnsskatt í Suðureyrarkauptúni í Súg-andafirði nr. 119 26. okt. 1937.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. nóvember 1960.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

---

*Hallgrímur Dalberg.*

**REGLUGERÐ****202**

25. nóv.

**um breyting á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Suðureyrarkaupúni, nr. 156 20. nóv. 1946.**

3. gr. orðist svo:

Til þess að standast kostnað við holræsagerð hreppsins, skal árlega greiða holræsagjald af öllum húsum, er standa við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, og fer gjaldið eftir gjaldskrá sem hér segir:

- a. 1% af fasteignamati, lágmarksgjald skal þó vera 50 krónur á hverja íbúð.
- b. Fast gjald á hverja íbúð fram yfir eina 15 krónur. Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50%.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. nóvember 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Elísabetarsjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 29. nóvember 1960.**

**203**

29. nóv.

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir Elísabetarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Elísabetarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Elísabetu Ingvarsdóttur, sem fæddist 20. júlí 1955. Stofnendur sjóðsins eru hjónin Sigríður Guðmundsdóttir og Ingvar Helgason. Stofnframlag sjóðsins er kr. 3000.00.

3. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum.

4. gr.

Ekki má veita fé úr sjóðnum fyrr en höfuðstóll hans nemur kr. 10 000.00. Eftir það má verja 10% hluta ársvaxta og öllu því fé, er honum kann að áskotnast á annan hátt til styrkveitinga í samræmi við 5. gr.

203

29. nóv.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ungbörn í Vöggustofu Barnauppeldissjóðs Thorvaldsensfélagsins að Hlíðarenda, eftir því sem stjórn sjóðsins telur nauðsynlegt á hverjum tíma, með gjöfum til barnanna eða á annan hátt.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm konur. Stofnandi sjóðsins, Sigríður Guðmundsdóttir, skal vera formaður hans, en eftir hennar dag elzti afkomandi hennar í kvenlegg eða ættmenni valið af stjórn sjóðsins. Aðrar í stjórn skulu vera formaður Thorvaldsensfélagsins og þrjár stjórnarkonur Barnauppeldissjóðs Thorvaldsensfélagsins. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Fundir í sjóðstjórn eru lögmatir, ef formaður og tvær aðrar úr stjórn hans mæta.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal miðast við 1. marz ár hvert og skulu ársreikningar hans fylgja ársreikningi Barnauppeldissjóðs Thorvaldsensfélagsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók um störf sín og úthlutun úr sjóðnum, sem jafnan skal fara fram 20. júlí, verði því við komið. Í gerðabókina skal færa skipulagsskrá þessa. Stjórn sjóðsins skal annast fjársöfnun til sjóðsins og sjá um eflingu hans, m. a. með sölu minningarkorta.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 25. október 1960.

Sigríður Guðmundsdóttir.

Ingvar Helgason.

Samþykkjum skipulagsskrána.

F. h. Thorvaldsensfélagsins

F. h. Barnauppeldissjóðs Thorvaldsensfélagsins

Svanfríður Hjartardóttir,  
formaður.

Bjarnþóra Benediktisdóttir,  
formaður.

204

27. des.

## AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts 1961.

Ákveðið hefur verið að nota heimild í 1. gr. laga nr. 75 5. desember 1960 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1961. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

Í menntamálaráðuneytinu, 27. desember 1960.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

*Knútur Hallsson.*

## AUGLÝSING

205  
27. des.

### um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 79/1960 um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, hefur ríkisstjórnin ákveðið, að á árinu 1961 skuli fella niður verðtoll af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## AUGLÝSING

206  
27. des.

### um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 79/1960 og innheimta á árinu 1961 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum, og leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

207

29. des.

## REGLUGERÐ

um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga.

Árið 1961 skulu iðgjöld samkvæmt 27. og 29. gr. almannatryggingalaga nr. 24/1956, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkv. 27. gr. laga nr. 24/1956:
  - a. Hjón:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 1650.00
- 2. — .....	— 1284.00
  - b. Ókvæntir karlar:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 1500.00
- 2. — .....	— 1167.00
  - c. Ógiftar konur:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 1125.00
- 2. — .....	— 875.00
2. Félagsmenn sérsjóða samkv. 85. gr. laga nr. 24/1956 skulu árið 1961 greiða iðgjald sem hér segir:
  - a. Hjón:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 495.00
- 2. — .....	— 385.00
  - b. Ókvæntir karlar:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 450.00
- 2. — .....	— 350.00
  - c. Ógiftar konur:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 338.00
- 2. — .....	— 263.00
3. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 29. gr. laga nr. 24/1956 skulu árið 1961 vera þessi:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 14.40
- 2. — .....	— 11.20
4. Í janúar 1961 skal greiða upp í iðgjöld samkv. 27. gr. sem hér segir:
  - a. Hjón og ókvæntir karlar:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 800.00
- 2. — .....	— 600.00
  - b. Ógiftar konur:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 500.00
- 2. — .....	— 400.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956 um almannatryggingar, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. desember 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

**REGLUGERÐ****208**

30. nóv.

**fyrir vatnsveitu Hellu í Rangárvallasýslu.**

## 1. gr.

Vatnsveitufélag Hellu hefur einkaleyfi til sölu vatns á því svæði, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

## 2. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, annast stjórn félagsins. Skal hún skipuð þrem mönnum og jafnmörgum til vara.

## 3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir. Enn fremur lætur vatnsveitan leggja vatnsæðar frá aðalæðum að húsvegg.

## 4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveituna, skal senda skriflega umsókn þar um.

## 5. gr.

Skylt er húseiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki félagsstjórnar og með þeim útbúnaði, sem hún telur tryggan.

## 6. gr.

Félagsstjórnin getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni, þá getur hún lokað fyrir vatnið, ef með þarf, vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerðar á vatnsæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrirfram, ef nokkur tök eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík notkun fari fram.

## 7. gr.

Félagsstjórn er heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsæðum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

## 8. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir, samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

## 9. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar, eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi, að losna við að greiða gjald fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hegningarlögum, auk þess er honum skylt að greiða fyrir vatnið samkvæmt mati félagsstjórnar.

## 10. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir, samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við.

B 54

Félagsstjórn eða trúnaðarmönnum hennar, er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og viðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er stjórninni heimilt að gera við það á hans kostnað.

## 11. gr.

## 12. gr.

Vatnsskatt greiði notendur veitunnar árlega, samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Fyrirtæki, svo sem sláturhús og þvottastöðvar bifreiða, greiði vatnsskatt, sem stjórn vatnsveitunnar ákveður fyrir eitt ár í senn.
- b. Aðrir, sem vatn fá frá veitunni, greiði skattinn af öllum þeim húsum, sem vatn er lagt í, samkvæmt gildandi fasteignamati og sé skatturinn 3% af þeim húsum, sem metin eru allt að 100 000.00 krónum, en af þeim húsum, sem metin eru hærra, sé skatturinn 2%.

Auk þess skal greiða fastagjald, 200.00 krónur, fyrir öll hús, sem fá vatn frá veitunni. Þó skal gjald fyrir gripahús eigi vera hærra en 100 00 krónur.

Bilskúrar og önnur þau smáhús innan lóðartakmarka, sem vatn er lagt í til venjulegra heimilisnota, eru undanþegin vatnsskatti.

Vatnsskattur skal þó aldrei vera lægri en kr. 300.00 fyrir venjuleg íbúðarhús. Séu tvær eða fleiri fjölskyldur (íbúðir) í sama húsi, skal vatnsskattur fyrir hverja eigi vera lægri en kr. 300.00.

Ofanefnd gjöld getur stjórn vatnsveitufélagsins, sem leggur á skattinn, hækkað eða lækkað árlega um allt að 50%.

## 13. gr.

Gjalddagi vatnsskattsins skal vera 1. marz ár hvert, nema árið 1960 skal hann vera 1. desember.

## 14. gr.

Af húsum, sem tengd eru við vatnsveitukerfið eftir gildistöku reglugerðar þessarar, skal greiða tengigjald eða stofngjald 1000.00 krónur. Gjald þetta skal greiddast áður en húsið er tengt við vatnsæð.

## 15. gr.

Húseigandi ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu, sem skatti eða skattaaukningu svarar, þótt húsaleigan hafi áður verið ákveðin.

## 16. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi húseignum, næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem vatnsveitufélag Hellu, Rangárvallasýslu, hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*



## S A M Þ Y K K T

### fyrir vatnsveitufélag Hellu.

209  
30. nóv.

#### 1. gr.

Félagið heitir vatnsveitufélag Hellu. Heimili þess og varnarþing er í Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu.

#### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá þorpinu fyrir vatni.

#### 3. gr.

Skylt er öllum þeim, sem hús eiga á félagssvæðinu, þ. e. á því svæði, sem skipulagsuppdráttur nær yfir, að vera meðlimir vatnsveitufélagsins. Félagsskylda er því skilyrði háð, að húseiganda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur umráð yfir á hverjum tíma.

#### 4. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverri íbúð eða innlögn. Skal félagsstjórn tiltaka upphæð skattsins þannig, að hann nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar við leiðslur vatnsveitunnar, rekstrarkostnaðar vatnsveitunnar og viðhald hennar.

Geri tekjur félagsins betur en að hrökkva fyrir gjöldum þess, skal tekjuafgangi ráðstafað samkvæmt ákvörðun aðalfundar. Gjöld samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, ásamt öllum innheimtukostnaði, má taka lögtaki, og skulu þau njóta sama forgangsréttar í þrotabúum, sem skattar og gjöld til ríkisins.

Á hverri innlögn skal vera lokunarkrani, sem loka má og innsigla, ef ekki er staðið í skilum með greiðslur gjalda til félagsins.

Eignir félagsins standa til fullnustu skuldbindingum þess. Enginn félagsmanna ber ábyrgð á þeim umfram þau gjöld, sem þeim er gert að greiða til félagsins, samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar. Til þess að skuldbinda félagsmenn vegna félagsins umfram það, sem nú er sagt, þarf samþykki  $\frac{3}{4}$  allra félagsmanna á lög-  
mætum fundi.

#### 5. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef 5 félagar eða 2 stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda tiltaki þeir hvert sé tilefni kröfunnar.

#### 6. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til fundarins boðað. Hafi tvisvar verið boðaður félagsfundur vegna ónógrar fundarsóknar, skal síðari fundurinn talinn lögmætur, hver svo sem fundarsókn verður og svo framarlega, sem fundurinn hefur verið löglega boðaður.

Fundur er löglega boðaður, sé fundarboð auglýst á opinberum stað, að minnsta kosti 2 sólarhringum áður en fundurinn á að hefjast. Þó er fundur löglega boðaður, þótt fyrirvari sé skemmri, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið persónulega, en þá verður félagsstjórnin að geta sannað, að hún hafi náð til  $\frac{3}{4}$  félagsmanna, að minnsta kosti.

#### 7. gr.

Á félagsfundi hafa allir félagsmenn jafnan atkvæðisrétt og ræður afl atkvæða úrslitum. Félagismaður getur ekki falið öðrum að fara með atkvæði sitt.

209

30. nív.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Skal til hans boðað með auglýsingu á opinberum stað með a. m. k. tveggja sólarhringa fyrirvara. Aðalfundur er lögmatgur ef  $\frac{3}{4}$  félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundur lögmatgur, hver svo sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn og þrír til vara, og tveir endurskoðendur og einn til vara, allir til eins árs í senn.

Liggi fyrir aðalfundi önnur mál en venjuleg aðalfundarstörf, skal þeirra getið í fundarboði.

9. gr.

Færa skal gerðabók um aðalfund félagsins og almenna félagsfundi. Skal fundarritari lesa fundargerðina í lok fundar og undirrita hana síðan samþykkt á samt formanni félagsstjórnar eða fundarstjóra.

10. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Starf stjórnar og endurskoðenda skal vera ólaunað.

Formaður stjórnarinnar kveður stjórnina saman til funda og boðar til félagsfunda og aðalfundar. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmatgur, að allir stjórnarmenn séu mættir. Í forföllum aðalmanna taka varamenn sæti í stjórninni í þeirri röð, sem atkvæðamagn þeirra segir til um. Séu atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Færa skal gerðabók stjórnarfundar og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita á samt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

11. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að ráða vatnsveitunni umsjónarmann, til þess að annast viðgerðir og viðhald vatnsveitunnar.

12. gr.

Félaginu skal slíta, ef ályktun um það er samþykkt á tveim lögmatgum félagsfundum í röð, enda sé ályktuninni fylgjandi eigi færri en  $\frac{2}{3}$  allra félagsmanna.

Um skipti og meðferð á eignum félagsins fer eftir ákvæðum XI. kafla vatnalaga nr. 15 20. júní 1923, og fyrir mælum skiptalaganna eftir því, sem við á. Verði eignir umfram skuldir, skal þeim skipt milli félagsmanna, að rétttri tiltölu við þá fjárhæð, sem hver hefur samtals greitt til félagsins.

13. gr.

Verði félaginu slitið, skal Rangárvallahreppur eiga rétt til að kaupa eignir félagsins fyrir matsverð, ef ekki nást samningar um verðið. Til matsins skal hvor aðila nefna tvo menn, en sýslumaður Rangárvallasýslu skipar oddamann.

14. gr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi, enda hafi breytinga-tillagnanna verið getið í fundarboði og a. m. k.  $\frac{2}{3}$  atkvæðisbærra fundarmanna séu samþykktir þeim.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, 209  
til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut 30. nów.  
eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

210

30. nów.

### I. RAFORKA

Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

Þar sem raforkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 338 aura hver kwst.
2. Um hemil eða hemil-mæli á 426 kr. hvert árshektó Watt, og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hw. og bil milli tveggja stillinga eigi vera minna en 10% hinnar hærri. Umframnotkun skal seld samkv. gjaldskrárlið A 1.  
Samkvæmt þessum lið má selja útiljós, enda þótt mælitækjum verði ekki við komið. Þenna gjaldskrárlið má nota fyrir götulýsingu, enda greiði notandi þá viðhald að auki.

3. Um kwst.mæli á 85 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi 426 kr. á ári fyrir allt að 25 m<sup>2</sup> gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og 13 kr. fyrir hvern m<sup>2</sup> umfram 25<sup>2</sup>. Fullt flatarmál skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal deila fermetragjaldinu með 3.5.
4. Á 334 kr. fyrir hvert kw. og öll notkun á 85 aura kwst., ef um meira en 2.5 kw afl er að ræða, og notkunartíminn er meiri en 600 klst. á ári. Verði ekki aflmælingu við komið undir þessum gjaldskrárlið, skal reikna 15 wött á hvern fermetra gólfplatarmáls.  
Sé notuð lýsing með flúrlömpum, er heimilt að miða gjald samkv. 1.—4. tölul. við voltampere í stað watta.

#### B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvönnu kwst.mæla, annan til ljósa, en hinn til heimilisvéla. Um ljósamælinn reiknast ljósagjald samkv. A 1, á hinn mælinn 85 aurar á kwst. Þenna gjaldskrárlið má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlánir og verkstæði, en þó ekki fyrir 3-fasa hreyfla.
2. Um einn kwst.mæli á 75 aura hver kwst., og auk þess fastagjald kr. 72.00 á ári af hverju íbúðarherbergi heimilisins.

Eftir þessum gjaldskrárlið má selja rafmagn til suðu til veitingahúsa, gisti- húsa og annarra slíkra staða, sem ekki verða talin heimili, enda sé þá rafmagnið selt um sérmæli og leiga goldin af sérmælinum, en herbergjagjald ekki reiknað.

Selja má og til súgþurrkunar á heyi samkvæmt þessum gjaldskrárlið.

- 210** 3. Um hemilmæla 2575 kr. hvert árskw., og auk þess /1 eyri á kwst. fyrir umframnotkun. Hemilstillingin skal vera minnst 500 wött, að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi fram yfir tvö.

Þenna gjaldskrárlið, B 3, má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlanager og verkstæði, þó eigi fyrir 3-fasa hreyfla, og skal þá miða stillingu hemilsins við 500 wött fyrir fyrstu 25 m<sup>2</sup> gólfflatar eða minna, og síðan 100 wött fyrir hverja 12 m<sup>2</sup> eða minna, og skal reiknaður út eftir sömu reglum og settar eru fyrir gjaldskrárlið A 3.

#### *Reglur um útreikning herbergja.*

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m<sup>2</sup> skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup> má reikna með þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð út samkvæmt þessu, skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

#### **C. Vélar.**

Þar sem raforka er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

- Um kwst.mæli á kr. 1.51 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá 300 til 350 kr. á hvert uppsett kw. vélanna. Sé um meira en 5 kw.afl að ræða og notkunartíminn er meiri en 500 klst. á ári, má veita afslátt á þeirri notkun, og reikna gjaldið þannig:  
50.000 kwst. á 100 aura hver kwst. og notkunin umfram það á 73 aura hver kwst.
- Um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, ef um meira en 5 kw. afl er að ræða og notkunin er meir en 500 klst. á árinu, þannig:  
460 kr. á árskw. fyrir fyrstu 50 kw.  
380 kr. á árskw. fyrir næstu 50 kw.  
305 kr. á árskw. fyrir umfram 100 kw.  
og auk þess skal greiða kwst.gjald, er reiknast þannig:  
Fyrstu 200.000 kwst. ársnotkun á 24 aura hver kwst.  
Umfram 200.000 kwst. ársnotkun á 18 aura hver kwst.
- Um hemilmæla á 1660 kr. árskw. og 85 aura á kwst. öll umframnotkun. Rafmagnsstjóri ákveður stillingu hemilmælisins í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið.  
Þenna gjaldskrárlið má einnig nota til hitunar í iðnaði.

#### **D. Hitun.**

- Um kwst.mæli á 36 aura kwst., enda sé þá minnsta notkun 10.000 kwst. á ári.
- Um kwst.mæli á 30 aura á kwst., ef straumur er rofinn með klukkurofa frá kl. 10.45 til 12.00 og frá kl. 18.30 til 19.45. Sameina má þenna gjaldskrárlið B 2, enda skal þá talið á B 2-lið 1500 kwst. notkun fyrir eins herbergis íbúðir og 600 kwst. að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að 3900 kwst. á ári. Selja má rafmagn samkvæmt þessum gjaldskrárlið og þá án klukkurofa, þar sem umframnotkunin fer til neyzluvatnshitunar, stærri kæliklefa og á vatnsdælur til heimilisþarfa.
- Um kwst.mæli á 21 eyri á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa, frá kl. 10 til 12 og 2 klst. á tímanum frá kl. 17 til 21.
- Um kwst.mæli á 13 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa frá kl. 9 til 21, enda séu nægilega stórir hitageymar settir upp fyrir dagnotkun.

ina. Þegar um er að ræða hitun á húsrúmi, sem er yfir 2000 m<sup>3</sup> að stærð eða aðra hliðstæða notkun á afl, er heimilt að láta í té straum á tímanum 12.30 til 15.30, ef þörf gerist. 210 30. n.óv.

5. Um tvígjaldsmæla á 18 aura kwst. frá kl. 22 til 9, og 76 aura hver kwst. frá kl. 9 til kl. 22.

Selja má raforkuna samkvæmt þessum lið til véla, ef um meira en 5 kw. afl er að ræða og notkunartíminn meiri en 500 klst. á ári, enda straumur rofinn af lögninni með klukkurofa frá kl. 10.45 til kl. 12.

#### *Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- Að vélaafl, götulinur og spennur þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa og greiði leigu fyrir hann samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum Rafmagnsveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

#### E

Þegar sérstaklega stendur á, má rafmagnsstjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki bæjarráðs.

#### F

Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögum bæjarráðs.

#### G

Fyrir hver full 5%, sem kaupgjald hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á kaupgjaldsvisistölu eftir 1. marz 1959 eða grunnkaupi, er heimilt að hækka eða lækka raforkureikninga Rafmagnsveitunnar um 4%. Telji bæjarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að rástafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni m. a. heimilt að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun í hverjum gjaldskrárlíð allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

## II. MÆLALEIGA

Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

Tegund mælitækis	Upp að 30 amp. kr.	35—50 amp. kr.	50—100 amp. kr.	Yfir 100 amp. kr.
Einfasa kwst.mælar, hemilmælar, hemlar og lausar skiptiklukkur einar sér .....	32			
Þrífasa kwst.mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir .....	72	120	144	240
Tvígjaldsmælar, mestumælar .....	120	144	216	360

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafmagnsstjóri nánari skrá um leiguna.

Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

210

## III. OPNUNARGJALD OG TENGIGJÖLD

30. nív.

- a. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun 25 krónur.
- b. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 25 króna gjald í skrifstofu Rafmagnsveitunnar.
- c. Fyrir skoðun á raflögn við úttekt skal greiða tengingargjald, er reiknast þannig:

1. Nýjar veitur:	Fast gjald .....	kr. 12.00
	og auk þess á hverja grein .....	— 4.00
2. Breyttar veitur:	Fast gjald .....	— 8.00
	og auk þess á breytta grein .....	— 2.00
	og auk þess á nýja grein .....	— 4.00

Fyrir endurskoðun skal greiða tvöfalt gjald.

Fyrir smávægilegar breytingar, þegar ekki er um að ræða aukningar, má sleppa fastagjaldi.

## IV. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugagjöld skal miða við flutningsgetu heimtauganna samkvæmt töflunni, sem hér fer á eftir.

Fari jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m, skal húseigandi greiða yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Liður nr.	Málstraumur málraun	Jarðstrengur	Jarðstrengur		Loftlína	
			Lágmark kr.	Yfirlengd kr/m.	Lágmark kr.	Yfirlengd kr/stólpa
1	25 A	1-fasa			2400	2800
2	60 A	—	3700	240	2800	3200
3	100 A	—	4900	290	3600	4000
4	25 A	3-fasa			2800	3200
5	60 A	—	4900	290	3600	4000
6	100 A	—	6600	330	4800	5000
7	200 A	—	13200	500	9600	6000
8	350 A	—	23100	750		
9	150 kVA	—	26500			
10	300 kVA	—	53000			
11	500 kVA	—	88500			

Málstraumur, A, merkir amper. Málraun, kVA, merkir kilóvoltamper (sérspennistöð).

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæru leið að varkassa.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu stytztu greiðfæru leið að varkassa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, í Kópavogi, Seltjarnarneshreppi og Garðahreppi.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda.

Heimtaugagjald skal greitt við umsókn.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í þágu hans, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöð-

ina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum **210**  
Rafmagnsveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. 30. nóv.

## V. ÝMIS ÁKVÆÐI

### A. Söluskattur.

Söluskattur samkv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

### B. Gildistaka.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi gjaldskrár nr. 94/1958 og nr. 21/1959.

### C. Bráðabirgðaákvæði um framkvæmd gjaldskrárbreytingarinnar.

Verðhækkun sú, sem fólgin er í gjaldskrá þessari á raforku og mælaeigu, skal framkvæmd samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Notkun samkvæmt álestri mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 6% álagi.
2. Notkun samkvæmt álestri í öðrum mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar skal greidd samkvæmt eldri gjaldskrá með 12% álagi.
3. Notkun samkvæmt álestri í þriðja mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar skal reiknuð á einingarverði gjaldskrár þessarar og síðan öll notkun úr því.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946.

*Atvinnumálaráðuneytið, 30. nóvember 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir barnaheimili Templara, Skálatúni, **211**  
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. desember 1960. 16. des.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir barnaheimili Templara, Skálatúni.

### 1. gr.

Barnaheimilið er stofnað af Umdæmisstúkunni nr. 1 í Góðtemplarareglunni á Íslandi, samkvæmt fundarsamþykkt á haustþingi hennar 16. nóvember 1941.

### 2. gr.

Barnaheimilið er sjálfseignarstofnun.

### 3. gr.

Eignir stofnunarinnar eru samkvæmt ársreikningi 31. des. 1959:

A. Jörðin Skálatún ásamt mannvirkjum, bókfært verð kr. 1 040 000.00.

- 211 B. Búpeningur og vélar í Skálatúni, bókfært verð kr. 210 000.00.  
 16. des. C. Áhöld og innanstokksmunir, bókfært verð kr. 130 000.00.  
 D. Peningar og ýmsir viðskiptamenn, bókfært verð kr. 106 928.62.  
 Skuldir 31. des. 1959 eru þessar:  
 A. Veðskuldir kr. 407 683.75.  
 B. Víxlar, kr. 165 000.00.  
 C. Bæjarsjóður Reykjavíkur, kr. 150 000.00.  
 D. Opinber gjöld, kr. 26 526.75.

## 4. gr.

Gert er ráð fyrir, að stofnuninni muni áskotnast árlega fé frá styrktarfélagum og eftir sérstaklega ákveðnum fjáröflunarleiðum, sem stjórn stofnunarinnar, umdæmisstúkan og Styrktarfélag vangefinna annast.

## 5. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að reka barnaheimili, sérstaklega fyrir vangefin börn, á þeim grundvelli og í framhaldi af því starfi, sem þegar hefur verið unnið í Skálatúni.

Ef ástæða þykir til og ástæður leyfa, er stjórninni heimilt að ákveða, að starfsemi heimilisins miðist ekki eingöngu við börn heldur einnig vangefið fólk á öðrum aldri.

Stjórn stofnunarinnar ákveður töku barna á heimilið í samráði við lækni, sem hún kveður sér til aðstoðar.

## 6. gr.

Í stjórn stofnunarinnar eiga sæti 5 menn, og skulu þeir þannig skipaðir, að framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 og stjórn Styrktarfélags vangefinna kjósa hvor um sig tvo menn, en landlæknir skipar þann fimmta, og er hann formaður. Jafn margir varamenn skulu valdir með sama hætti. Kjörtímabil stjórnarinnar er 4 ár, og telst í fyrsta skipti samkvæmt skipulagsskrá þessari frá 15. júlí 1960.

## 7. gr.

Óheimilt er að hafa vín um hönd á vegum stofnunarinnar.

## 8. gr.

Stjórnin annast allan rekstur stofnunarinnar með þeirri verkaskiptingu, sem í 9. gr. segir. Hún heldur aðalfund sinn í febrúarmánuði ár hvert. Þegar eftir aðalfund sendir stjórnin framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1, stjórn Styrktarfélags vangefinna og landlækni starfsskýrslu ásamt reikningum stofnunarinnar fyrir síðasta starfsár.

## 9. gr.

Þegar stjórnarformanni hefur borizt tilkynning um skipun sína, boðar hann hina nýju stjórn á fund og gengst þar fyrir kosningu ritara og gjaldkera.

Formaður boðar til fundar í samráði við ritara, stjórnar þeim og sér um að ályktanir stjórnarfunda séu framkvæmdar. Hann getur þegar þörf krefur, kvatt aðra stjórnarnefndarmenn sér til aðstoðar, eða ráðið sérstaka menn til þess að annast ákveðið verk, með samþykki stjórnarinnar. Formaður leggur fram á aðalfundi ritaða skýrslu um starfsemi stofnunarinnar á liðnu starfsári.

Í forföllum formanns gegnir varaformaður störfum hans.

Ritari heldur nákvæma bók yfir allt það, sem gerist á stjórnarfundum, svo og um annað það utan fundar, sem máli getur skipt. Hann annast allar bréfaskriftir,



heldur öllum bréfum, skjölum og skilríkjum saman og varðveitir, og skilar því **211**  
síðan að starfstíma loknum í hendur eftirmanni sínum. **16. des.**

Gjaldkeri hefur með höndum fjárreiður stofnunarinnar. Hann má ekki greiða fé úr sjóði hennar, nema því aðeins að formaður hafi samþykkt greiðsluna, og geyma skal hann sjóðinn í banka með ríkisábyrgð. Gjaldkeri heldur nákvæma bók yfir tekjur og gjöld stofnunarinnar og fyrir janúarmánaðarlok skilar hann endurskoðendum í hendur reikningum fyrir liðið starfsár.

Á aðalfundi leggur gjaldkeri reikningana fyrir stjórnina til úrskurðar, ásamt athugasemdum endurskoðenda.

Gjaldkeri fær sér tvo ábyrgðarmenn og skal framkvæmdanefnd umdæmisstúkunnar samþykkja annan ábyrgðarmanninn, en stjórn Styrktarfélags vangefinna hinn.

#### 10. gr.

Heimilt er stjórninni að ráða sérstakan framkvæmdastjóra og fela honum nánar tiltekið verksvið.

#### 11. gr.

Endurskoðun reikninga stofnunarinnar fer fram í febrúarmánuði ár hvert. Endurskoðendur séu tveir og skal annar kosinn af framkvæmdanefnd umdæmisstúkunnar í októbermánuði ár hvert, en hinn af stjórn Styrktarfélags vangefinna á sama tíma. Framangreindar félagsstjórnir geta þó ákveðið, að endurskoðun skuli falin löggiltum endurskoðanda. Slík samþykkt gildir þó aðeins fyrir eitt ár í senn.

#### 12. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

#### 13. gr.

Reikningar stofnunarinnar skulu sendir framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1, skrifstofu stórstúkunnar, stjórn Styrktarsjóðs vangefinna og landlækni.

#### 14. gr.

Stjórnin setur reglur um starfstilhögun stofnunarinnar, svo og um nytjun jarðar. Þyki stjórninni ástæður þannig, að rétt sé um tíma að fela opinberri stofnun allan rekstur barnaheimilisins, eftir þar um gerðum samningi, er stjórninni það heimilt, enda samþykki framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 og stjórn Styrktarfélags vangefinna slíka ráðstöfun.

#### 15. gr.

Nú verður ekki lengur þörf á að reka heimilið, sbr. 5. gr., eða rekstur stofnunarinnar leggst niður af einhverjum ástæðum öðrum, svo sem ef góðtemplara-reglan eða Styrktarfélag vangefinna telja sér ekki fært að reka stofnunina eða samtök þessi hætta að starfa, og skal þá ríkisstjórnin ráðstafa eigninni, og sjá um, að hún eða andvirði hennar umfram skuldir, verði notað til mannúðarstarfsemi, einkum til styrktar vangefnu fólki, eftir því sem bezt hentar á hverjum tíma.

#### 16. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, þarf samþykki framkvæmdanefndar umdæmisstúkunnar og stjórnar Styrktarfélags vangefinna og séu  $\frac{2}{3}$  hvors aðila fyrir sig með breytingunni. Enn fremur þarf samþykki stórtemplars. Þá þarf og staðfestingu ríkisvaldsins til þess að breytingin öðlist gildi.

211

16. des.

17. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi numin skipulagsskrá fyrir barnaheimili templara nr. 86 25. maí 1946 (Stj.tíð. 1946, B., bls. 160—162), að því er Skálatúnsheimilið snertir. En hin gamla tilvitnaða skipulagsskrá frá 1946 heldur áfram að gilda fyrir Kumbaravogseignina þar til önnur skipan verður á því ger, enda skilst Kumbaravogur nú alveg frá Skálatúnsheimilinu og verður leystur úr þeim veðböndum, sem hann komst í við lántöku frá Tryggingastofnun ríkisins, samkvæmt veðbréfum, dags. 26. jan. 1953 og 26. júlí 1956, hið fyrra bréfið upprunalega að fjárhæð 100 000.00 kr. nú að eftirstöðvum kr. 65 000.00, og hið síðara upprunalega að fjárhæð 165 000.00 kr., nú að eftirstöðvum kr. 115 500.00, og tekin voru bæði handa Skálatúnsheimilinu.

Verður því Kumbaravogseignin að öllu leyti skuldlaus, svo sem hún áður var fyrir lántökurnar hjá Tryggingastofnun ríkisins.

18. gr.

Að fengnu samþykki þeirra aðila, sem tilgreindir eru í 16. gr. hér að framan, skal leita staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.

F. h. Umdæmisstúkunnar nr. 1,  
Hreiðar Jónsson.

F. h. Styrktarfélags vangefinna,  
Hjálmar Vilhjálmsson.

Veiti hér með samþykki mitt.

Reykjavík, 16. desember 1960.

B. S. Bjarklind,  
stórtemplar.

212

19. des.

## H A F N A R R E G L U G E R ð

fyrir Súðavík.

### I. KAFLI

#### Takmörk hafnarinnar.

##### 1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru bein lína, sem hugsast dregin úr Þormóðarnesi yfir Álftafjörð í Rauðanef á Kambsnesi, bein lína úr Þórðarsteinum yfir Álftafjörð í Hamar á Sjötúnahlið og ströndin innan þeirrar línu.

### II. KAFLI

#### Stjórn hafnarinnar.

##### 2. gr.

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirmumsjón samgöngumálaráðuneytisins. Hún kýs úr sínum hópi, eftir hverjar hreppsnefndarkosningar, þriggja manna hafnarnefnd og er kjörtími hennar sami og hreppsnefndarinnar.

##### 3. gr.

Hafnarnefnd hefur á hendi framkvæmdir hafnarmálanna og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og annað þar að lútandi. Hún

ræður hafnarstjóra og ákveður laun hans og setur honum erindisbréf, undir yfir- **212**  
stjórn hreppsnefndarinnar. **19. des.**

#### 4. gr.

Hafnarstjóri annast allar daglegar framkvæmdir í samráði við hafnarnefnd. Hann hefur á hendi fjárhald og reikningsskil hafnarinnar í umboði hreppsnefndar og skulu ársreikningar hafnarinnar fylgja hreppsreikningi Súðavíkurrhepps og endurskoðast með honum.

### III. KAFLI

#### Um almenna reglu.

#### 5. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu í höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er settir kunna að verða til þess að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmanna ber að hlýða þegar í stað.

#### 6. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa við höfnina og á henni. Einnig skal gæta fyllsta öryggis og varúðar við alla meðferð eldfimra og annarra hættulegra vara. Tóbaksreykingar eru bannaðar þar sem unnið er við slíkar vörur.

Telji hafnarstjóri, að hætta geti stafað af eða að nægilegs öryggis sé ekki gætt við fermingu eldfimra og hættulegra vara, getur hann stöðvað verkið unz úr hefur verið bætt.

#### 7. gr.

Öll skot á höfninni og við hana eru stranglega bönnuð. Þó getur hafnarnefnd veitt undanþágu til þess að skjóta seli eða hvali eða ef lóga þarf grip fljótlega.

#### 8. gr.

Ekki má kasta kjölfestu, ösku, fiskúrgangi né neinu öðru, er valdið geti skemmdum á höfninni, innan hafnarbyggjunnar, hvorki frá skipinu eða úr landi. Hafnarstjóri segir til um, hvort kasta megi kjölfestu og öðru slíku innan takmarka hafnarinnar.

#### 9. gr.

Óheimilt er að láta fiskúrgang og annað, er óþrifum veldur, liggja á hafnarbyggjunni. Ekki má heldur safna neinu slíku í ílát eða á annan hátt til geymslu þar. Sé þessa ekki gætt, skal hafnarstjóri sjá um, að allt þess konar sé tafarlaust flutt burt á kostnað eiganda, og er það ásamt ílátum jafnframt upptækt og eign hafnarinnar. Kostnaðinn má taka lögtaki.

#### 10. gr.

Ekki má gera bryggjur eða önnur mannvirki við höfnina, nema með leyfi hafnarnefndar.

### IV. KAFLI

#### Um afnot af höfninni og hafnarbyggjunni.

#### 11. gr.

Skip, sem ekki er verið að afgreiða, mega ekki leggjast svo á höfninni að tálmi afgreiðslu annarra skipa og aldrei mega skip liggja svo nærri hafnarbyggjunni, að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip til að komast að henni og frá.

**212** Skylt er formanni eða skipstjóra eða umboðsmanni hans að flytja skip sitt 19. des. og strengi þess þegar í stað til á höfninni eða við hafnarbryggjuna, ef hafnarstjóri eða umboðsmaður hans skipar svo fyrir. Sé þessu ekki sinnt, getur hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð umráðamanns skipsins. Kostnaðinn má taka lögtaki.

**12. gr.**

Venjulega skal skipum heimilt að leggja að hafnarbryggjunni í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri áætlun ganga fyrir öðrum skipum. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að dómi hafnarstjóra, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Rísi ágreiningur um, í hverri röð skip skuli leggjast að hafnarbryggjunni, sker hafnarstjóri úr.

**13. gr.**

Beri nauðsyn til, að skipum, sem ferma eða afferma við hafnarbryggjuna, sé lagt hverju við annars hlið, er heimilt að flytja farm þeirra, sem utar liggja, yfir þilför hinna. Sama gildir um fólk og farangur þess.

**14. gr.**

Vörur sem flytja á brott eða affermdar eru, mega ekki liggja á hafnarbryggjunni, svo að tálmi umferð eða afgreiðslu við hana. Engar vörur eða muni má geyma á hafnarbryggjunni um langan né skamman tíma, nema með leyfi hafnarstjóra.

**15. gr.**

Þegar fermingu eða affermingu er lokið, skal skipstjóri eða afgreiðslumaður láta ræsta bryggjuna, ef þörf gerist. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert á kostnað afgreiðslumanns eða skipstjóra.

**16. gr.**

Heimilt er heimabátum í Súðavík, og öðrum er stunda sjóróðra þaðan, að slægja afla sinn á hafnarbryggjunni eftir því sem við verður komið, án endurgjalds, þó svo að ekki hamli umferð við hana, eða fermingu eða affermingu annarra skipa. Að lokinni aðgerð ber formanni að sjá um, að aflinn sé þegar fluttur á burt af bryggjunni og láta ræsta þann hluta hennar, sem notaður var. Farist það fyrir, ber hafnarstjóra að sjá um, að það sé gert á kostnað formanns.

**V. KAFLI**

**Hafnarmannvirki einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar.**

**17. gr.**

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til samgöngumálaráðuneytisins.

Sé slíkt leyfi ekki notað innan tveggja ára, fellur það úr gildi. Sá sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn því varðar sektum, allt að kr. 10 000.00, og getur hafnarnefnd látið nema burtu mannvirkið á kostnað eigenda.

Til meiri háttar framkvæmda og ráðstafana skal leita samþykkis samgöngumálaráðuneytisins.

## VI. KAFLI

## Um gjöld til hafnarsjóðs.

212

19. des.

## 18. gr.

Hvert fljótandi far, sem leggst við festar innan takmarkalínu Súðavíkurhafnar skal greiða lestagjald. Lestagjald greiðist í hvert skipti, sem skip kemur í höfnina, með þeim undantekningum, er um getur síðar í þessum kafla. Þó skulu eftirtalin skip undanþegin lestagjaldi: Herskip, varðskip, vitaskip, skip, sem leita hafnar vegna illviðris, sjóskaða eða skemmda á skipi og hafa ekki samband við land, skip, sem leita þurfa læknishjálpar eða koma til þess að taka eða skila á land heimilisföstum Súðvíkingum, enda stundi skipin ekki strandferðir og fá ekki aðra afgreiðslu í höfninni. Lestagjöld sem og önnur gjöld til hafnarinnar renna í hafnarsjóð.

Alls staðar þar, sem miðað er við lestatölu skipa í neðanskráðum gjaldskrá, er átt við brúttó rúmlestir.

## 19. gr.

## Lestagjald.

Lestagjald skal greiða samkvæmt neðanskráðri gjaldskrá:

1. Skip skrásett eða heimilisföst í Súðavík:
  - a. Arabátar kr. 25.00.
  - b. Vélbátar undir 5 rúml., kr. 100.00.
  - c. Vélbátar 5—30 rúml., kr. 200.00.
  - d. Vélbátar 30 rúml. og yfir, kr. 200.00 af 30 rúml. og kr. 4.00 af hverri rúmlest þar yfir.
2. Önnur skip (fiskiskip):
  - a. Vélbátar undir 5 rúml., kr. 10.00 í hvert skipti, þó eigi yfir kr. 200.00 á ári.
  - b. Vélbátar 5—30 rúml., kr. 25.00 í hvert skipti, þó eigi yfir kr. 400.00 á ári.
  - c. Vélbátar 30 rúml. og stærri, kr. 1.00 af hverri rúmlest hverju sinni. Gjaldið reiknast þó eigi oftár en 5 sinnum á mánuði.
3. Önnur skip:
  - a. Skip undir 1000 rúmlestum, kr. 0.40 af rúml. í hvert skipti.
  - b. Skip yfir 1000 rúmlestir, kr. 400.00 af 1000 rúml. og kr. 0.20 í hvert skipti af hverri rúmlest, umfram 1000.
  - c. Innlend strandferðaskip undir 200 rúml., kr. 0.20 af hverri rúml. í hvert skipti.

## 20. gr.

## Ljósagjald.

Öll skip, sem greiða lestagjald, greiði samtímis ljósagjald eftir neðanskráðri gjaldskrá:

- a. Skip, yfir 12 rúmlestir, skrásett eða heimilisföst í Súðavík, greiði kr. 1.00 á rúml., þó ekki undir kr. 100.00 á ári.
- b. Fiskveiðiskip, skrásett eða heimilisföst utan Súðavíkur, 12 rúmlestir og stærri greiði kr. 10.00 fyrir 30 rúmlestir og kr. 0.20 fyrir hverja rúmlest þar yfir, þó ekki oftár en tvisvar í mánuði.
- c. Öll önnur skip greiði kr. 0.20 fyrir hverja rúmlest hverju sinni, þó aldrei meira en kr. 90.00 hverju sinni.
- d. Strandferðaskip undir 200 rúml. greiði kr. 200.00 á ári.

## 21. gr.

## Bryggjugjald.

Bryggjugjald skulu öll skip, sem leggjast að hafnargörðum eða hafnarbryggjum í Súðavíkurböfn, greiða eftir neðanskráðri gjaldskrá:

1. Skip skrásett eða heimilisföst í Súðavík: Allir vélbátar skrásettir eða heimilisfastir í Súðavík greiði kr. 5.00 af hverri rúmlest á ári. Lágmarksgjald skal vera kr. 100.00 á ári á bát.
2. Önnur fiskiskip greiði kr. 0.50 af hverri rúmlest í hvert skipti, þó ekki yfir kr. 200.00 á mánuði.
3. Innlend strandferðaskip undir 200 rúmlestum greiði kr. 0.20 á hverja rúmlest, þó ekki yfir kr. 500.00 á ári.
4. Önnur skip, þar með talin vöruflutningaskip, þótt þau séu í strandferðum, greiði kr. 0.35 fyrir hverja lest í hvert skipti.

Fyrir sérstaka notkun á hafnargörðum eða hafnarbryggjum, svo sem til síldarsóltunar, vörugeymslu o. fl., skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald eða semja við viðkomandi aðila. Óheimil eru afnot af hafnargörðum eða hafnarbryggjum til þess háttar starfsemi, nema leyfi hafnarnefndar komi til.

## 22. gr.

Bryggjugjald greiðist einu sinni fyrir hvern sólarhring, sem skip liggur við bryggju, þegar greitt er fyrir hvert skipti.

## 23. gr.

## Vatnsgjald.

Fyrir töku neyzluvatns eða vatns til véla, skipa o. fl., úr vatnsleiðslum hafnarinnar, skal greiða vatnsgjald samkvæmt neðanskráðri gjaldskrá:

1. Skip skrásett eða heimilisföst í Súðavík, greiði kr. 10.00 fyrir hverja smálest, þó ekki undir kr. 20.00 í hvert skipti.
2. Önnur skip greiði kr. 12.00 fyrir hverja smálest, þó ekki undir kr. 40.00 í hvert skipti.

## 24. gr.

Skipstjóri aðkomuskipa ber ábyrgð á öllum gjöldum af skipi sínu til hafnarinnar. Skip má ekki leggja úr höfn, nema gjöld þess séu greidd. Er heimilt eftir kröfu hafnarvarðar eða hafnarstjóra að stöðva för skips með fógetavaldi, ef gjöld þess hafa ekki verið greidd, áður en það fer úr höfninni, og hefur hafnarsjóður haldsrétt í því.

Afgreiðslumaður aðkomuskipa ber ábyrgð á gjöldum skips, sem hann annast afgreiðslu fyrir. Eigandi skips og útgerðarmaður ber einnig ábyrgð á gjöldum skipa sinna, hvort sem um aðkomuskip er að ræða eða ekki.

Gjalddagi árgjalda samkvæmt framanskráðum gjaldskrá er 15. janúar fyrir hvert liðandi ár eða í fyrsta skipti, sem skip kemur á höfnina á árinu.

## 25. gr.

## Vörugjald.

Af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru úr skipi eða í skip innan hafnarinnar, svo og af afla þeirra báta eða skipa, sem gerðir eru út frá Súðavík eða leggja afla sinn þar á land, skal greiða vörugjald til hafnarsjóðs Súðavíkur samkvæmt gjaldskrá þeirri, sem hér fer á eftir:

1. flokkur: Aflagjald. 212  
 a. 1.25 kr. fyrir hver 100 kg: Allur fiskafli, slægður með haus, þar á 19. des  
 meðal síld og rækjur.  
 b. 0.90 kr. fyrir hver 100 kg: Allur fiskafli óslægður og úrgangsfiskur.  
 c. 0.60 kr. hvert mál: Skelfiskur.
2. flokkur: kr. 0.95 fyrir hver 100 kg:  
 Hraðfrystur fiskur, saltfiskur, síld útskipuð úr Súðavíkurhöfn.
3. flokkur: kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:  
 Harðfiskur, beitusíld, fiskmjöl, fiskur, nýr eða ísvarinn, slægður eða  
 óslægður, hráolía, síldarmjöl, smokkfiskur, tilbúinn áburður.
4. flokkur: kr. 4.50 fyrir hver 100 kg:  
 Kol, salt, sement, kalk, steypur vörur úr steini, hvers konar járn,  
 fiskbein (hörd), fiskilínur, hey, vikur, vikursteinn, kornvörur alls  
 konar, lyf, lyfjavörur, mjólk, asbestpípur, ávextir, blý, brauðvörur,  
 dráttarvélar og aðrar skyldar vélar, alls konar umbúðir fyrir fisk,  
 nýlenduvörur, landbúnaðarafurðir, vefnaðarvörur, niðursuðuvörur,  
 pokar, pokastrigi, byggingarvörur aðrar en timbur.
5. flokkur: kr. 8.00 fyrir hver 100 kg:  
 Fólksflutningabifreiðir, húsgögn, hljóðfæri, vörubifreiðir.
6. flokkur: kr. 2.50 fyrir hvert stykki eða grip:  
 Endursendar umbúðir, tóm föt og tunnur, sauðfé, loðdýr.
7. flokkur: kr. 4.00 fyrir hvert stykki:  
 Gosdrykkir, svaladrykkir, öl, benzín á tunnum, fernisolía, lýsi, lýsis-  
 kvoða, kjöt í tunnum, síld í tunnum svo og smurningsoliur, steinolía  
 og aðrar vörur fastar eða fljótandi, sem fluttar eru í þess konar ílátum,  
 ótaldar annars staðar. Súr- og gashylki, full og tóm, stykkjavara að  
 100 kg, ótalin annars staðar.
8. flokkur: kr. 10.00 fyrir hvern grip:  
 Hestar, nautgripir, svín.
9. flokkur: kr. 0.40 fyrir hvert rúmfet:  
 Timbur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli, ótaldar annars  
 staðar.

Vörur skal flokka til gjaldskrár eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur, og greiðist gjaldið eins og þar segir, þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en kr. 4.00 og brot úr gjaldeiningu reiknast sem heil.

## 26. gr.

Vörugjald af öllum aðfluttum vörum greiðir móttakandi, en sendandi af útfluttum vörum, og er það gjaldkræft, er skipið, sem vöruna flytur, er komið á höfnina eða áður en það flytur vöruna brott.

Afgreiðslumaður skips skal ávallt standa innheimtumanni skil á vörugjaldinu. Leiki vafi á því, í hvaða gjaldflokki skuli telja einhverja vöru, sker hafnarstjóri úr.

Skipstjóri skips, sem hefur farm sinn skráðan, skal láta hafnarstjóra eða hafnarverði í té eftirrit af farmskránni. Skipstjóri skips, sem ekki hefur farm sinn skráðan, skal gefa hafnarstjóra eða hafnarverði skýrslu um farminn, þegar er skipið kemur í höfnina og áður en það lætur úr höfn. Sama skylda hvílir á afgreiðslumanni skips. Verði ekki sannreynt, hvert vörumagn skip flytur, er hafnarstjóra heimilt að meta magnið til vörugjalds. Sá, sem lætur fyrir farast að gefa nefnda skýrslu eða gefur ranga eða villandi skýrslu um farm skips, hefur með því gerzt brotlegur við reglugerð þessa. Skipstjóri og útgerðarmaður þess skips, sem flytur óskráðar vörur, ber ábyrgð á greiðslu vörugjalds af þeim vörum, og einnig sá, sem

**212** annast afgreiðslu slíkra skipa. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörum, unz vöru-  
19. des. gjald er greitt.

**27. gr.**

Undanþeginn vörugjaldi er póstflutningur, farþegaflutningur, vistir og aðrar nauðsynjar til skipa til eigin þarfa, svo og vörur, sem lagðar eru á land til umskipunar til annarra hafna.

**28. gr.**

Öll gjöld og sektir samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

**VII. KAFLI**

**Ýmis ákvæði.**

**29. gr.**

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhóllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það, áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm dómkvöddum mönnum. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, er þess krafðist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil, svo nema 10% af hinni ákveðnu skaðabótupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnað við yfirmatið.

**30. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Súðavíkur.

**31. gr.**

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreitni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri hafnarreglugerð fyrir Súðavíkurkaupún, nr. 28 21. febr. 1951.

*Samgöngumálaráðuneytið, 19. desember 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Brynj. Ingólfsson.*

**213**

19. des.

**HAFNARREGLUGERÐ**

fyrir Reyðarfjarðarkaupún.

**I. KAFLI**

**Takmörk hafnarinnar.**

**1. gr.**

Reyðarfjarðarhöfn tekur yfir Reyðarfjörð vestan línu, sem hugsast dregin úr Hagahorni norðan fjarðarins í Hlein sunnan fjarðarins.



## II. KAFLI

### Stjórn hafnarinnar.

213  
19. des.

#### 2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Reyðarfjarðar, og skal honum varið til þess að gera umbætur á höfninni, til byggingar mannvirkja, er höfninni tilheyrja, og til leiðarmerkja við höfnina og innsiglingu. Hafnarnefnd Reyðarfjarðar skipa þrjú menn. Er hreppstjóri Reyðarfjarðarhrepps formaður nefndarinnar, og hefur hann á hendi innheimtu hafnargjaldanna og reikningsskil fyrir hafnarsjóð. Hina tvo nefndarmenn kýs hreppsnefnd til fjögurra ára í senn og skal annar þeirra ávallt vera í hreppsnefndinni. Kosning í hafnarnefnd skal jafnan fylgja hreppsnefndarkosningum.

Hafnarnefnd skal sjá um að reglugerð þessari sé hlýtt og stjórnna hafnarsjóðnum með eftirliti hreppsnefndar.

Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda eftir tillögum hafnarnefndar, og ber ábyrgð á sjóðnum, sem öðrum eignum hreppsins.

Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja sveitarsjóðsreikningum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim. Handbært fé sjóðsins skal ávallt ávaxta í Landsbanka Íslands eða annarri jafn tryggri lánsstofnun.

#### 3. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má innheimta með lögtaki.

## III. KAFLI

### Um almenna reglu.

#### 4. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana.

Er öllum skylt að hlýða boði og banni tafarlaust og enn fremur þeirra starfsmanna, sem hún setur til þess að gæta reglu.

#### 5. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu.

#### 6. gr.

Seglfestu eða öðru, sem valdið getur skemmdum, má hvergi kasta úti á höfninni, og seglfestu má hvergi taka innan takmarka hafnarinnar, nema með leyfi hafnarnefndar.

Við höfnina má ekki gera nein hafnarmannvirki, né breyta eða auka við þau, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar komi til, og gildir leyfið aðeins til eins árs, sé það látið ónotað.

## IV. KAFLI

### Um legu skipa og umferð þeirra í höfninni.

#### 7. gr.

Fiskiskip, önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa og skulu þau í hvert

**213** skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar  
 19. des. þau skuli leggjast. Aldrei megi slík skip liggja svo nærri bryggjum, að ekki sé nægilegt rými fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Skip eða bátar mega aldrei leggja svo frá sér strengi eða aðrar festar, að það tálmi umferð. Festar skipa má aldrei leggja yfir alfaraleið.

## V. KAFLI

### Um lestagjald.

#### 8. gr.

Öll skip, er leggjast við festar eða bryggju innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur, skulu greiða lestagjald sem hér segir:

- a. Skip 8—30 brúttólestir, sem eru skrásett á Reyðarfirði, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári kr. 2.00 fyrir brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 40.00. Stærri fiskiskip skrásett á Reyðarfirði, sem ekki eru í millilandasiglingu, greiða kr. 4.00 á brúttórúmllest árlega, þó aldrei minna en kr. 400.00 á ári.
- b. Innlend veiðiskip greiða 25 aura á brúttórúmllest, er þau koma til hafnar, þó aldrei minna en kr. 15.00. Þegar þessi gjöld hafa verið greidd sex sinnum af sama skipi, fellur gjaldið niður það ár.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, skulu greiða 10 aura fyrir hverja brúttórúmllest, nema farþegaskip Skipaútgerðar ríkisins, sem greiða þessi gjöld í tíu fyrstu skiptin á ári hverju.
- d. Liggi skip lengur en 15 daga á höfninni í einu, skal það greiða lestagjald að nýju, fyrir hverja 15 daga eða brot úr þeim.

Undanþegin lestagjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda.

## VI. KAFLI

### Bryggju- og bólvirkisgjald.

#### 9. gr.

Hvert skip, sem leggst að bólvirki eða bryggju, eða að skipi, sem liggur við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald, eftir stærð skipsins, talið í heilum rúmllestum, en brotum sleppt:

- a. Skip, sem um getur í a-lið 8. gr., greiði kr. 2.00 af hverri rúmllest á ári. Bátar undir 12 rúmllestum greiði kr. 30.00 á ári.
- b. Skip, sem um getur í b-lið 8. gr., greiði kr. 0.25 af hverri brúttórúmllest í hvert skipti, sem þeim ber að greiða lestagjald. Bátar undir 12 rúmllestum brúttó greiði kr. 10.00 hvert skipti.
- c. Önnur skip greiði kr. 0.25 af hverri brúttó rúmllest. Innlend vöru- og farþegaskip, greiði þó aðeins kr. 0.10 af hverri rúmllest. Bryggjugjald miðast við sólarhring eða hluta úr sólarhring.

#### 10. gr.

Varðskip og björgunarskip eru undanþegin bryggjugjaldi, nema þegar þau flytja vörur eða farþega og taka gjald fyrir.

## VII. KAFLI

### Um vörugjald.

213  
19. des.

#### 11. gr.

Vörugjald skal greiða til hafnarsjóðs af öllum vörum, svo og af skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu grein.

#### 12. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast í land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé það ákveðið samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert gjald.

#### 13. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
- d. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.
- e. Vörur og tæki til hafnarinnar.

#### 14. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalda. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

#### 15. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjaldið greiðast eins og þar segir.

## VIII. KAFLI

### Vörugjaldskrá.

#### 16. gr.

1. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 100 kg:  
Fiskur, nýr, slægður eða óslægður, ísvarinn, saltaður, óverkaður, fiskbein blaut, kjöt, gærur, húðir, og aðrar kjötvörur, mjólk og mjólkurvörur, smjörliki, garðávextir, fóðurvörur, áburður, salt, kol, koks, sement.
2. flokkur. Gjald kr. 2.25 fyrir hver 100 kg:  
Kex, brauð, brauðvörur, blý, eldavélar, eldfastur steinn, akkeri, bárujárn, gólfllisar, veggflisar, girðingarefni, vír, og vírnet hvers konar, hey, járn, járnþípur, kornvörur, kálmeti, kaðall, kalk, lýsi, landbúnaðarvélar, jarðstrengir, sykur, þakpappi, þvottavélar, kaffi og kaffibætur.

- 213** 3. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:  
19. des. Benzín, bifreiðar, bátar, oliur, feiti, harðfiskur, skreið, tól, veiðarfæri, sem ekki eru talin annars staðar.
4. flokkur. Gjald kr. 0.75 fyrir hver 100 kg:  
Bækur, blek, garn, gúmmívörur, hessian, kitti, korn og kornvörur, einangrunarefni, línoleum, lím, litur, lakk, menja, málning, olíufatnaður, pappír, pappakassar, pappírsvörur, stál, stálbik, snurpunætur og snurpunótaefni, tjara, kritt, gips, strigapokar, tvistur.
5. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 10 kg:  
Ávextir, ávaxtdrykkir, barnavagnar, blikkvörur, burstar, bökunarvörur, borðbúnaður, búsaðhöld, blóm og plöntur, eldspýtur, eldhúsaðhöld, gerviefni, gerviefni, gler, glervörur, gólfáburður, gosdrykkir, hreinlætisvörur, hjólhestar, húsgagnaáburður, ferðatöskur, krydd, leður og leðurvörur, lyf, lykklar, lamir, laukur, niðursuðuvörur, pakkavörur, þrjónavörur, saumavélar, skilvindur, iðnaðarvörur, skrár, sápur, sódi, skóáburður, saft, sykurvatt, sýrur, smá járnvörur, leirvörur, kerti, te, tin, öl, ölgerðarefni, vefnaðarvörur, plastvörur, verkfæri, þvottaefni.
6. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 10 kg:  
Húsgögn og hljóðfæri, sem ekki eru reiknuð eftir rúmmáli, fatnaður, jólatré, leikföng, ljósmyndavélar, klukkur, mælar, peningaskápar, peningakassar, rafmagnsvörur og raflagnarefni, rammar og rammalistar, listmunir, skrifstofuáðhöld, skófatnaður, skot, skotfæri, sprengiefni, vopn, tóvara, símar, súkkulaði, sælgæti, sportvörur, sýnishorn, sýningarfilmur, viðtæki.
7. flokkur. Gjald kr. 4.50 fyrir hver 10 kg:  
Ilmvörur, snyrtivörur, spritt, spiritus og áfengir drykkir, tóbak og tóbaksvörur.
8. flokkur. Gjald 0.45 fyrir hvert stykki eða búnt:  
Tómar tunnur og föt, uppsett í stöfum, búntað í hverja tunnu.
9. flokkur. Gjald kr. 0.55 fyrir hvert rúmfet:  
Timbur og aðrar vörur taldar í rúmmáli.
10. flokkur. Gjald kr. 2.25 fyrir hverja tunnu:  
Fiskur, hrogn, garnir, kjöt, síld hvers konar, verkuð í tunnum og tilsvarendi fyrir minni ílát.
11. flokkur. Gjald kr. 2.25 fyrir hver 100 kg:  
Fréðsild og fréðfiskur, hvers konar.
12. flokkur. Gjald kr. 0.90 fyrir hvert mál:  
Öll síld og annar fiskur í bræðslu, sem flutt er á land, innan hafnar-svæðis eða í skip á höfninni.
13. flokkur. Gjald kr. 9.00 fyrir hvern grip:  
Geitur, hestar, loðdýr, nautgripir og sauðkindur.
14. flokkur. Gjald kr. 0.60 fyrir hverja uppsaltaða tunnu:  
Síld og annar fiskur, þannig mældur.
15. flokkur. Gjald kr. 0.45 fyrir hver 100 kg eða melda tunnu:  
Síld, mæld eða vegin til frystingar eða söltunar.
16. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hver 100 kg:  
Brennsluolía (fuelolía).
17. flokkur. Gjald 1.50 fyrir hver 100 kg:  
Allar aðrar vörur, sem ekki eru áður taldar.

## 17. gr.

213

Viðtakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Vörugjöld falla í gjalddaga, áður en viðkomandi skip fer úr höfninni, nema um annað hafi verið samið við hafnarstjórni. Gjalddaga fyrir ársgjöld ákveður hafnarstjóri.

Hafnargjöld eru tryggð með lögveði í skipunum og gengur það veð fyrir samningsveðskuldum í tvö ár.

## 18. gr.

Gjald fyrir vörur þær, sem um getur í 16. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Reyðarfirði, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum þar til gjaldið er greitt.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð renna í hafnarsjóð Reyðarfjarðar.

## IX. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 19. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 3 dómkvöddum, óvilhöllum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, að matsgerð fer fram.

Yfirmat skal framkvæmt af 5 dómkvöddum, óvilhöllum mönnum. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæð verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af hinnu ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 20. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarstjóri tekur gilda.

## 21. gr.

Enginn skipstjóri getur vænt að fá afgreiðslu hjá lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, ef um slíkt er að ræða, er hann á að greiða.

## 22. gr.

Hverja þá skipun, er samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og ekki heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður eða stýrimenn eru einnig fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt og skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

## 23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggir fyrir samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í Hafnarsjóð Reyðarfjarðar

213

24. gr.

19. des. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjarðarkauptún, nr. 67 19. febr. 1945.

*Samgöngumálaráðuneytið, 19. desember 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

214

20. des. Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ragnars H. Blöndal kaupmanns, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 20. desember 1960.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnars H. Blöndal kaupmanns.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ragnars H. Blöndal kaupmanns. Er hann stofnaður af nokkrum skólafélögum Ragnars árið 1944, og verið eflður af bekkjastkinum hans úr Verzlunarskóla Íslands útskrifuðum árið 1920. Sjóðurinn er eign Verzlunarskóla Íslands, og er nú að upphæð kr. 19 521.45.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu skólanefndar Verzlunarskóla Íslands, er ávaxtar hann á hagkvæman og öruggan hátt. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en auka má hann með gjöfum. Gerð skal árlega grein fyrir fjárreiðum sjóðsins, og reikningar hans endurskoðaðir með reikningum skólans. Skulu þeir birtir með reikningum Verzlunarskóla Íslands.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun þeim nemanda verzlunardeildar Verzlunarskóla Íslands, sem á vorprófi sýnir bezta hæfni í móðurmálinu. Skólastjóri og íslenzkukennarar verzlunardeildar ákveða, hverjir nemendur hljóti verðlaun. Verðlaun má veita árlega, þegar sjóðurinn hefur náð kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónum. Í þessum tilgangi má verja allt að  $\frac{3}{4}$  af ársvöxtum sjóðsins, en  $\frac{1}{4}$  af ársvöxtum hans ásamt öðrum væntanlegum tekjum skal leggjast við höfuðstólinn.

4. gr.

Verði þær breytingar á Verzlunarskóla Íslands, að breytingar á skipulagsskrá þessari verði nauðsynlegar, er skólanefnd Verzlunarskóla Íslands heimilt að breyta skipulagsskránni, enda samþykki stjórn Verzlunarráðs Íslands breytingarnar.

5. gr.

Skólanefnd Verzlunarskóla Íslands hlutist til um, að skipulagsskrá þessi öðlist staðfestingu forseta Íslands og verði síðan birt í stjórnartíðindum.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Sivertsen, út- 215**  
 gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. desember 1960. 20. des.  
 Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð Jóns Sivertsen.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Sivertsen. Er hann stofnaður árið 1948 af nemendum Verzlunarskóla Íslands útskrifuðum 1928. Sjóðurinn er eign Verzlunarskóla Íslands og er nú að upphæð kr. 26 364.99.

#### 2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu skólanefndar Verzlunarskóla Íslands, er ávaxtar hann á hagkvæman og öruggan hátt. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en auka má hann með gjöfum. Gerð skal árlega grein fyrir fjárreiðum sjóðsins, og reikningar hans endurskoðaðir með reikningum skólans. Skulu þeir birtir með reikningum Verzlunarskóla Íslands.

#### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun þeim nemanda verzlunardeildar Verzlunarskóla Íslands, sem á vorprófi sýnir bezta hæfni í stærðfræði. Skólastjóri og stærðfræðikennarar verzlunardeildar ákveða, hverjir nemendur hljóti verðlaun. Verðlaun má veita árlega. Í þessum tilgangi má verja allt að  $\frac{3}{4}$  af ársvöxtum sjóðsins, en  $\frac{1}{4}$  af ársvöxtum hans ásamt öðrum væntanlegum tekjum skal leggjast við höfuðstólinn.

#### 4. gr.

Verði þær breytingar á Verzlunarskóla Íslands, að breytingar á skipulagsskrá þessari verði nauðsynlegar, er skólanefnd Verzlunarskóla Íslands heimilt að breyta skipulagsskránni, enda samþykki stjórn Verzlunarráðs Íslands breytingarnar.

#### 5. gr.

Skólanefnd Verzlunarskóla Íslands hlutist til um, að skipulagsskrá þessi öðlist staðfestingu forseta Íslands og verði síðan birt í stjórnartíðindum.

## G J A L D S K R Á

**um heimtaugagjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum,  
 kaптúnum og þorpum.**

### I. ORKUVEITUSVÆÐI

Gjaldskrá þessi gildir á orkuveitusvæðum eftirtaldrá kaupstaða, kaптúna og þorpa:

Neskaupstaður, Ólafsfjörður, Seyðisfjörður, Hellissandur með Rifshöfn, Ólafsvík, Grafarnes, Stykkishólmur, Búðardalur, Tungu- og Sveinseyrarþorp, Bildudalur, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungavík, Súðavík, Dranganes, Hólmavík, Hvammsangi, Blönduós, Skagaströnd, Varmahlíð í Skagafirði, Hofsó, Dalvík, Hrisey, Ár-

